Landsbókasafn Íslands
Háskólabókasafn

Eftirfarandi tölublað var sótt af Tímarit.is þann 4. júlí 2023 klukkan 11:40

Tímarit
Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands
2. árgangur 1870
Annað bindi

Vefslóð
https://timarit.is/issue/394340

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn á og rekur Tímarit.is. Safnið áskilur sér engan rétt á því myndefni sem birtist á vefnum. Öll endurnot á stafrænum myndum af efni sem fallið er úr höfundarrétti eru heimil án endurgjalds eða leyfis frá safninu.

Birting á Tímarit.is á efni í höfundarrétti er skv. samningi við rétthafa. Safnið á því ekki höfundarrétt að efni sem birt er á vefnum. Öll endurnot, bæði á texta og stafrænum myndum, á efni sem enn er í höfundarrétti eru því óheimil án leyfis viðkomandi rétthafa.

TÍÐINDI

UM

STJÓRNARMÁLEFNI ÍSLANDS,

GEFIN ÚT

AF

HINU ÍSLENZKA BÓKMENTAFÉLAGI.

ANNAÐ BINDI.

I.

KAUPMANNAHÖFN.

Í PRENTSMIÐJU S. L. MÖLLERS.

TÍÐINDI

UM

STJÓRNARMÁLEFNI ÍSLANDS,

GEFIN ÚT

AF

HINU ÍSLENZKA BÓKMENTAFÉLAGI.

ANNAÐ BINDI.

1864—1869.

KAUPMANNAHÖFN.

PRENTAÐ HJÁ *S. L. MÖLLER.*

1870.

FORMÁLI.

Fyrir sex árum síðan kom út á prent frá hinu íslenzka Bókmentafèlagi hið fyrsta bindi af Tíðindum um stjórnarmálefni Íslands, og hefir því hvervetna verið vel tekið, sem vænta mátti, því það bætir úr brýnni þörf bæði embættismanna og alþýðu hjá oss. Varla er nokkur sá, sem kominn er til vits og ára, í hverri stètt sem hann er, að honum sè ekki nauðsyn að þekkja þau lög, sem út koma, sem snerta hann einsog aðra, eða þá úrskurði og brèf stjórnarinnar, sem snerta alla alþýðu, alla löggjöf og stjórnarathöfn á landinu. Skýrslur um þetta, sem er hverjum manni svo áríðandi, eru hvergi auglýstar fyrir alþýðu á Íslandi, nema í þessu ritsafni Bókmentafèlagsins, og þareð hèr er jafnaðarlega skýrt frá málum og úrslitum þeirra, sem snerta svo að kalla hvers manns rèttindi og lagaskyldur, þá ætti hver maður að álíta slíkt safn nauðsynjabók á heimili sínu, og sýna það með því að gjörast styrktarmaður Bókmentafèlagsins, því án styrks og framkvæmdar Bókmentafèlagsins hefði safn þetta tæplega verið komið út enn, allt til þessa dags. Með þeim tveim ritsöfnum, sem koma út frá fèlaginu árlega nú um nokkurt bil, Stjórnartíðindum þessum og Skýrslunum um Landshagi, gefst hverjum einum af löndum vorum færi á, að gjöra sèr svo kunnuga alla hagi og ásigkomulag lands vors, og alla löggjöf þess og stjórnarathöfn, að hann getur talað og ritað um þau efni, sem þartil heyra, með svo góðum rökum, sem til eru og fengin verða, en það er hverjum skynsömum manni í augum uppi, að þesskonar þekking er hið fyrsta sem á ríður fyrir sèrhvern þann, sem á alþjóðlegar skyldur að rækja.

Þetta hið annað bindi Stjórnartíðindanna nær einúngis yfir sex ár, þar sem hið fyrsta bindi tók yfir tíu; kemur það af því, að í fyrra komu út nokkur lagaboð svo umfángsmikil, að heptið fyrir það ár hefir orðið hérumbil þrefalt við það, sem vant er að vera. Þeir sem hafa búið bindi þetta undir prentun eru þeir Varaforsetar Deildarinnar hér, fyrst Cand. juris Bergur Thorberg, núverandi amtmaður, og síðan Cand. juris Magnús Stephensen, assistent í hinni íslenzku Stjórnardeild. Hinn fyrnefndi hefir samið og starfað að fyrsta heptinu, fyrir árið 1864, en hinn síðarnefndi hefir tekið við 1865 og starfað að safninu fyrir það ár og öll hin eptirfylgjandi, einnig búið til registrin við þetta bindi. Að öðru leyti hefir tilhögunin í öllu eða flestu tilliti verið hin sama öll árin, einsog að undanförnu, nema að því leyti, að hér er aukið í fyrra og nú yfirliti yfir embætta veitíngar og nafnbætur, og nær þetta yfirlit yfir sama tímabil og safn þetta sjálft, eða byrjar með nýjári 1854.

Í viðurkenníngu þess, hversu ritsafn þetta er nauðsynlegt og þarflegt allri alþýðu á Íslandi, hefir stjórnin veitt félaginu styrk til hvers heptis í þessu bindi, svosem bréf til félagsins votta, sem hér eru prentuð, og minnumst vér þessa styrks með miklu þakklæti. Að öðru leyti má finna ítarlegari greinir um Tíðindi þessi á hverju ári í skýrslum þeim, sem segja frá athöfnum og ástandi félagsins á ársfundi hverjum, og prentaðar eru í hinum árlegu „Skýrslum og reikníngum" félagsins.

Kaupmannahöfn 11. Juli 1870.

Jón Sigurðsson,

p. t. forseti í Khafnar deildinni.

1864.

1. Brèf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um gufuskipsferðir kringum Ísland.

1864. 12. janúar.

Í þegnlegri bænarskrá, er hingað hefir komið frá alþingi Íslendinga, því er haldið var árið 1863[1], fer þingið þess á leit, að stjórnin hlutist til um, að reglulegar gufuskipsferðir komist á kringum Ísland þegar að vori komanda, og flytji brèf, menn og varning millum hafna þeirra, sem ákveðið yrði að skipið ætti að koma við á, og skuli greidd fyrir flutninginn fastákveðin sanngjörn borgun; hefir þingið hugsað sèr, að gufuskipsferðir þessar ættu að byrja á ári hverju síðast í febrúarmánuði, að annar yrðu 12 ferðir kringum landið frá þeim tíma og til þess í októbermánuði, og skyldi farið á stað úr Reykjavík, en annars skyldi skipið fara aðra hvora ferð norður og vestur um landið, og aðra hvora suður og austur um það, og að á ferðinni kringum landið ætti það einkum að koma við auk Reykjavíkur á þessum höfnum: Stykkishólmi, Ísafirði, Skagaströnd eður Hofsós, Akureyri, Húsavík, Seyðisfirði, Berufirði og Vestmannaeyjum. Nefnd sú, er þingið skipaði í málið, sneri sèr í þessu efni til tveggja kaupmanna í Reykjavík, og stýrir annar þeirra, S. Jacobsen, verzlun, er verzlunarhúsið P. L. Henderson í Glasgow á þar. Eptir áskorun eins af nefndarmönnum hefir Jacobsen kaupmaður skýrt skriflega frá áliti sínu um málið; fylgir hèrmeð eptirrit af brèfi hans, og sèst af því, að verzlunarhús þetta hefir í hyggju að senda á næstkomanda sumri gufuskip með vörur til verzlunarstaða þeirra, er það á á Íslandi; og þareð vera má, að gjörlegt væri að koma sèr saman við

[1]) Sjá Alþ. tíð. 1863. I, 441—447. bls.

1864. 12. janúar. verzlunarhús þetta svo að minnsta kosti yrði gjörð tilraun í þá átt, sem farið er fram á í bænarskránni, þá biður dómsmálastjórnin utanríkisstjórnina að hlutast til um, að hinn konunglegi sendiherra við hirðina á Bretlandi hinu mikla fái skýrslu frá verzlunarhúsinu P. L. Henderson bæði um það, hvort það ætli á næsta sumri eður síðar að láta gufuskip ganga milli Reykjavíkur og verzlunarstaða sinna á norðurlandi og austurlandi, og einnig um hitt: hvort það, ef það hafi slíka fyrirætlun, sjái sèr fært og vilji taka að sèr að flytja á gufuskipi þessu menn og varning milli allra eður að minnsta kosti nokkurra af þeim höfnum, sem nefndar eru í bænarskrá alþingis, og að ofan er getið, með þeim skilmálum, sem það gæti orðið ásátt um við dómsmálastjórnina, og óskar stjórnarráðið þá að fá um leið nákvæmari uppástungur þar að lútandi.

---

13. janúar. **2. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til fjárstjórnarinnar, um styrk til forngripasafns á Íslandi.**

Í meðfylgjandi bænarskrá, er hingað hefir komið með álitsskjali stiptsyfirvaldanna á Íslandi, er einnig fylgir með brèfi þessu, hafa tveir menn í Reykjavík, Jón stúdent Árnason og Sigurður málari Guðmundsson, er hafa áformað að stofna íslenzkt forngripasafn, sótt um, að þeim verði veittur 300 ríkisdala styrkur á ári til að koma fram þessari fyrirætlun sinni.

Af bænarskrá þessari og af skýrslum þeim um þetta efni, er hlutaðeigendur hafa látið prenta í íslenzka blaðinu Þjóðólfi, má ráða, að þegar er komin nokkur byrjun, þó lítil sè, til slíks safns, sem um er rætt í bænarskránni, og að búið er að leggja drög fyrir að fá ýmsa hluti, sem til eru hingað og þangað á landinu og hæfir þykja til að vera í safninu; það sèst og, að svo er til ætlazt, að styrkur sá, er veittur kynni verða til safnsins, væri hafður til að kaupa fyrir þessa hluti og aðra slíka, er hefðu þýðing fyrir sögu landsins eður fornfræði, og til þess að borga með kostnað þann, er geymsla þeirra og niðurskipun hefði í för með sèr, en að á hinn bóginn verður eigi við því

búizt, að áformi þessu verði framgengt, nema hið opinbera styðji það og láti því styrk í tè. Það er eigi með berum orðum tekið fram í bænarskránni, en eigi að síður vafalaust svo til ætlazt, að safnið ekki verði eign beiðendanna, heldur landsins. 1864. 13. janúar.

Það má nú vissulega telja æskilegt, ef fornmenjar þær, sem enn eru til á Íslandi og snerta sögu landsins og fornfræði, yrðu varðveittar svo þær eigi glötuðust, og mundi það mjög stuðla til þessa, ef komið yrði á skipulegu safni, þar sem slíkum fornmenjum yrði haldið saman, og væri því eptir stjórnarráðsins áliti ástæða til að styrkja viðleitni beiðendanna í þessu efni með því, að veita nokkurn árlegan styrk til þessa úr ríkissjóðnum, og það því fremur sem þeir, eptir því sem stiptsyfirvöldin segja frá, bera svo gott skynbragð á málið og hafa svo mikinn áhuga á, að því geti orðið framgengt, að þetta er næg trygging fyrir því, að því fè, sem þeim yrði veitt í þessu skyni, yrði varið á bezta og hagfelldasta hátt; mætti og bjóða stiptsyfirvöldunum að hafa vakandi auga á, hvernig fènu væri varið.

Með því þessu er þannig varið, biður kirkju- og kennslustjórnin um álit fjárstjórnarinnar um það, hvort nokkuð sè því til fyrirstöðu af hálfu hins heiðraða stjórnarráðs, að kirkju- og kennslustjórnin fari þess á leit við ríkisdaginn, með því að gjöra breytingaratkvæði við frumvarpið til fjárlaganna fyrir árið 1864—65, að veittir verði 300 rdl. í þessum tilgangi.

---

3. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um einkunnir í latínu og grísku í hinum lærða skóla og um ofdrykkju lærisveina. 13. janúar.

Í skjali, er þèr herra stiptamtmaður, og þèr háæruverðugi herra, senduð stjórnarráðinu til úrskurðar með brèfi yðar 12. októberm. f. á., hefir Bjarni Johnsen, skólameistari hins lærða skóla í Reykjavík, beðið um samþykki stjórnarráðsins til þess, að hann, eptir að hafa ráðgazt um það efni við kennarana við skólann, hefir ákveðið að tölugildi þeirra einkunna, sem gefnar

1864. 13. janúar. eru í skólanum í grísku og latínu og fyrir ritgjörðir og stýla í móðurmálinu sè tvöfaldað; svo hefir hann og stungið upp á, að ákvörðun sú, sem er í 18. grein skólalaganna um ofdrykkju í skólanum, verði breytt á þann hátt, sem nákvæmar er tiltekið í skjali hans[1].

Um þetta efni skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þèr kunngjörið það Johnsen skólameistara, að stjórnarráðið nú sem stendur ekki finnur hvöt til að gjöra neinar ráðstafanir útaf brèfi hans, og það því síður, sem bæði þau atriði, sem þar er um rætt, munu verða athuguð við hinar fyrirhuguðu almennari breytingar, er skólann snerta.

Stjórnarráðið notar tækifærið til að biðja yður að skýra sèr frá, á hvaða konungsúrskurði eður stjórnarráðsákvörðun regla sú í skólalögunum er byggð, sem nú er stungið upp á að breytt verði.

---

14. janúar. **4. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um kalknám í Esjufjalli.**

Útaf bænarskrá, er hingað kom frá Sverri steinhöggvara Runólfssyni í Reykjavík, um 650 ríkisdala styrk úr ríkissjóðnum til að gjöra tilraun með að brenna kalk úr hinum krystalliseraða kalksteini, sem fundizt hefir í Esjufjalli, skoraði stjórnarráðið á yður, herra stiptamtmaður, í brèfi 3. marzm. f. á. að útvega nákvæmari skýrslur um þykkt og lengd kalknámans og um, hversu stórt horn hann myndar við hafflötinn. Hefir stjórn-

---

[1]) Ákvörðun sú, sem hèr er til vitnað, er þannig: „einkum skulu þeir (lærisveinarnir) forðast alla ofnautn áfengra drykkja, og er það bein útrekstrarsök ef að því kveður til muna". En nú hefir skólameistarinn stungið upp á, að svohljóðandi ákvörðun verði sett í staðinn: „Ofdrykkja straffast með Nul fyrir siðferði í 1. sinn; missi helmings ölmusu þeirrar, sem pilturinn hefir, í 2. sinn; missi allrar hans ölmusu í 3. sinn og útrekstri úr skóla í 4. sinn. Þeir sem ekki hafa ölmusu, straffast upp á sama hátt í 1. og 4. sinn, en dæmist til að borga kennslupeninga að upphæð eins og í dönskum skólum í 2. sinn, sem tvöfaldast í 3. sinn."

arráðið síðan með brèfi yðar 10. októberm. f. á. meðtekið 1864.
skýrslu um rannsóknir þær, er Hjaltalín jústizráð og Gunnlögsen 14. janúar.
yfirkennari hafa gjört í þessu efni, og um mælingar og reikninga hins síðarnefnda með tilheyrandi uppdráttum, og hafið þèr uppá væntanlegt samþykki stjórnarráðsins látið borga honum 21 rd. í þóknun fyrir starfa sinn af því fè, sem í fjárlögunum er veitt til óvissra gjalda handa Íslandi.

Eptir að dómsmálastjórnin nú á ný hefir skrifazt á um málið við forstöðumenn fjöllistaskólans hèr, skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þèr kunngjörið það Sverri Runólfssyni, að dómsmálastjórninni ekki þykir sá árangur hafa orðið af rannsóknum þeim, er gjörðar hafa verið um þetta efni, að hún geti veitt það, sem um er sótt, en því skal viðbætt, að stjórnarráðið fellst á, að þèr hafið látið borga Gunnlögsen yfirkennara þóknun þá, sem að ofan er getið.

---

5. Auglýsing dómsmálastjórnarinnar, um að senda skuli til konunglegrar staðfestingar einkaleyfisbrèf og önnur skjöl, stýluð í nafni konungs, sem útgengið hafa frá dómsmálastjórninni. 14. janúar.

Samkvæmt allrahæstri skipun hans hátignar konungsins er hèrmeð

1. Sèrhver sá, sem hinn hásæli konungur, Friðrik hinn Sjöundi, hefir veitt nokkurt einkaleyfi eður nokkurt annað náðarleyfi, er heimilar honum, að því leyti er snertir verkahring dómsmálastjórnarinnar, stöðuga nautn sèrstaklegra rèttinda, er ekki eiga sèr stað eptir hinni almennu löggjöf, og einnig sèrhver, sem hinn hásæli konungur hefir veitt allrahæsta staðfesting nokkurs náðarleyfis, þess eðlis, er nú hefir sagt verið; og enn fremur
2. Sèrhver sá, sem eptir allrahæstu umboði í nafni hins hásæla konungs og undir hinu konunglega innsigli hefir veitt verið leyfisbrèf til að hafa lyfjasölubúð, eður til að vera umboðsmaður við skipbrot,

1864. 14. janúar. kvaddur til, ef hann eptirleiðis ætlar að færa sèr í nyt einkaleyfi sitt eður leyfisbrèf, að senda til dómsmálastjórnarinnar þegnlega bænarskrá um allrahæsta staðfesting brèfs síns innan 1. aprílm. þ. á., ef hann býr eður á dvöl í konungsríkinu Danmörku, hertogadæminu Slèsvík, eður í hertogadæmunum Holtsetalandi og Láenborg, og innan 1. septembermán. þ. á. ef hann býr eður á dvöl annarstaðar. Með bænarskránni á að senda bæði frumrit skjalsins og eptirrit af því, eður, ef frumritið er týnt, nákvæma skýrslu um dagsetning þess og efni. Einnig ber að senda til dómsmálastjórnarinnar innan þess tíma, er nú var sagt, til þess þau verði lögð fyrir hans hátign konunginn til allrahæstrar staðfestingar, öll embættisveitingarbrèf, sem hinn hásæli konungur Friðrik hinn Sjöundi hefir út gefið eður staðfest, og sem heyra undir verkahring dómsmálastjórnarinnar, að því leyti ekki þegar er búið að senda þau eptir auglýsing stjórnarráðsins 19. nóvemberm. f. á.

Þetta er hèrmeð kunngjört öllum, sem hlut eiga að máli, til eptirbreytni og athugunar.[1]

---

30. janúar.

6. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um stofnun búnaðarskóla.

Með skýrslu yðar, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúa, dagsettri 15. septembermán. f. á., hefir dómsmálastjórnin meðtekið þegnlegt álitsskjal hins síðasta alþingis[2] um frumvarp, er fyrir það var lagt, til tilskipunar um stofnun búnaðarskóla á Íslandi, og hefir þingið, að því leyti er snertir það atriði, hverja jörð velja ætti fyrir búnaðarskóla þann, er stofnaður yrði í suðurumdæminu, fallizt á álit það, sem þèr höfðuð látið í ljósi í brèfi yðar 1. maí 1861, að jörðin Lágafell í Kjósarsýslu öðrum jörðum fremur væri vel fallin til þessa.

---

[1]) Nokkur prentuð exemplör af auglýsing þessari voru með brèfi dómsmálastj. 20. febrúarm. 1864 send öllum amtmönnunum á Íslandi „til leiðbeiningar og til frekari ráðstöfunar."

[2]) Sjá alþ.-tíð. 1863. I, 371–382. bls.

En áður en lengra sé haldið út í þetta mál skorar stjórnarráðið á yður að útvega og senda síðan dómsmálastjórninni skýrslu um, með hverjum kjörum jörð þessi, sem er eign einstakra manna, geti fengizt til þessa, og um leið óskar það að fá frá yður þær athugasemdir um breytingaruppástungur þingsins við áður greint frumvarp stjórnarinnar, er þér, sem amtmaður yfir suðurumdæminu, kynnuð finna ástæðu til að gjöra um málið, þegar þér nú athugið það á ný.[1] 1864. 30. janúar.

---

7. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um framfærsluhrepp Sæunnar Ívarsdóttur. 11. febrúar.

Með brèfi amtsins, dagsettu 9. dag ágústmán. 1862, barst stjórnarráðinu umkvörtunarskjal frá Hafliða Eyjólfssyni, hreppstjóra í Flateyjar hrepp, yfir því, að þèr með úrskurði 12. júním. 1861 höfðuð ákveðið, að Sæunn nokkur Ívarsdóttir væri sveitlæg í greindum hreppi, en hann hèlt hana eiga framfærsluhrepp í Helgafellssveit, og hafði sýslumaðurinn í Barðastrandar-

[1]) Sama dag voru hinum amtmönnunum á Íslandi rituð áþekk brèf, og skorað á þá að segja álit sitt um breytingaruppástungur þingsins við frumvarp stjórnarinnar, en niðurlag þeirra brèfa var þannig:

Í brèfinu til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu: . . . . en um það, hverja jörð velja skyldi fyrir búnaðarskóla þann, er stofnaður yrði í norður- og austurumdæminu, óskar stjórnarráðið að heyra álit yðar um þá skoðun, er þingið hefir látið í ljósi, að jarðirnar Munkaþverá í Eyjafirði eður Möðruvellir í Hörgárdal sèu, þegar á allt er litið, betur fallnar til þessa en jörðin Breiðamýri í þingeyjarsýslu og Kornsá í Húnavatnssýslu, er þèr höfðuð stungið upp á í brèfum yðar 16. septemberm. 1861 og 7. júnímán. 1862.

Í brèfinu til amtmannsins yfir vesturumdæminu: . . . . en um það hverja jörð velja skyldi fyrir búnaðarskóla í vesturumdæminu, þá óskar stjórnarráðið að heyra álit yðar um þá skoðun þingsins, að Rauðimelur hinu ytri í Hnappadalssýslu sé betur fallinn til þessa en jörðin Reykhólar í Barðastrandar sýslu eður Bjarnarhöfn í Snæfellsnessýslu, sem þèr höfðuð stungið uppá í brèfi yðar 12. janúarmán. f. á.

1864. 11. febrúar. sýslu fallizt á það álit hans. En þareð mál þetta eigi var nægilega upplýst skoraði stjórnarráðið á yður, herra amtmaður, í brèfi 28. febrúarm. f. á., að útvega áreiðanlegar skýrslur, annaðhvort útskript úr kirkjubókinni eður þingsvitni, um það, hvaða ár greind Sæunn Ívarsdóttir kom til Flateyjar hrepps frá Deildará í Múla hrepp m. m.

Eptir að stjórnarráðið nú hefir fengið skýrslur þessar með brèfi yðar 26. októberm. síðastl., skal yður hèrmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar, og til þess þèr gjörið ráðstafanir um þetta mál, að þareð útskript sú af dómsmála- og lögreglurèttarbók Barðastrandarsýslu, er þèr senduð hingað með brèfi yðar, því er nú var getið, sýnir, að Sæunn ekki kom til Flateyjar hrepps fyrri en árið 1851, og að hún því eigi hefir átt stöðuga dvöl í 10 ár í þeim hreppi, er hún fór þaðan aptur vorið 1860, þá verður eigi álitið, að hún hafi áunnið sèr þar framfærslurètt, en að hún þar á móti verður að álítast sveitlæg í Helgafells hreppi, með því hún átti þar stöðuga dvöl í 7 eður 8 ár áður en opið brèf 6. júlím. 1848 kom út, og eigi síðan hefir áunnið sèr framfærslurètt í neinni annari sveit.

10 fylgiskjöl eru yður aptur send með brèfi þessu.

---

15. febrúar. **8. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um breyting á kirkjubæninni.**

Hans hátign konunginum hefir þóknazt allramildilegast að ákveða, að vegna konungaskiptanna skuli sú breyting gjörð á hinni fyrirskipuðu kirkjubæn fyrir konunginum og konungsættinni, er nú skal greina:

að eptir að búið er að biðja fyrir hans hátign Kristjáni konungi hinum Níunda og hennar hátign Louisu drottningu, þá skuli beðið fyrir hennar hátign Karólínu Amalíu ekkjudrottningu, hans konunglegu tign Friðriki krónprins, hinum öðrum börnum konungsins, hennar konunglegu tign Karólínu erfðaprinsessu og hinum öðrum konunglegu prinsessum.

Þetta er yður hèrmeð kunngjört yður, til leiðbeiningar og til þess þèr auglýsið það.

---

9. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi um styrk til forngripasafns. 1864. 15. febrúar.

Með brèfi yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háærverðugi herra, barst stjórnarráðinu bænarskrá frá Jóni Árnasyni, bókaverði við stiptsbókasafn Íslands, og Sigurði málara Guðmundssyni um 300 ríkisdala styrk á ári til að koma á fót forngripasafni á Íslandi. Eptir að búið er að skrifast á um málið við fjárstjórnina[1] skal yður nú til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þèr kunngjörið það, að stjórnarráðið því miður nú sem stendur ekki getur útvegað beiðendunum neinn styrk í þeim tilgangi, sem hèr er um rætt.

---

10. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um að embættismenn skuli vinna konungi eið. 20. febrúar.

Eptir allrahæstum úrskurði hans hátignar konungsins ber sèrhverjum embættismanni, er heyrir undir dómsmálastjórnina og hefir konunglegt veitingarbrèf, í því umdæmi, er þèr, herra (tit.) eruð yfirskipaðir, að senda yður aptur meðfylgjandi eiðsform, undirskrifuð af þeim sjálfum, með fyrstu ferð, sem fellur eptir að þeir hafa fengið þau, og skorar stjórnarráðið á yður að senda síðan hingað, svo fljótt sem verða má, eiðsskrá yðar, og þær eiðsskrár, er þèr meðtakið frá hlutaðeigandi embættismönnum[2]. Um leið á að senda til endurnýjunar öll konungleg veitingarbrèf.

---

[1]) Smbr. brèfið nr. 2 hèr að framan.

[2]) Eiðsform þetta er þannig hljóðandi:

Eg undirskrifaður, sem er allramildilegast . . . . . lofa því hèrmeð og sver, að vera Hans Hátign Kristjáni konungi hinum Níunda trúr og hlýðinn, halda stjórnarskipunarlög ríkisins og gegna með trúmennsku og árvekni þeim skyldum, sem mèr á hendum liggja eptir ofangreindri stöðu minni og veitingarbrèfi því, sem mèr hefir fengið verið.

Svo sannarlega hjálpi mèr Guð og hans heilaga orð.

1864. 20. febrúar. **11. Brèf dómsmálastjórnarinnar til allra amtmannanna á Íslandi, um fangamark konungs.**

Dómsmálastjórnin sendir yður hèrmeð, herra (tit.), nokkur prentuð exemplör af auglýsing, sem út kom 17. nóvemberm. f. á. frá ráðherraforsetanum um fangamark konungs.

Auglýsing

um fangamark konungs.

Hans hátign konungurinn hefir með allrahæstum úrskurði 16. þ. m. skipað svo fyrir, að hið konunglega fangamark, ávallt þegar það þarf við að hafa, skuli lagað eptir uppdrætti þeim, er hèr stendur:



Þetta er hèrmeð gjört heyrum kunnugt.

Ráðherraforsetastjórnin, 17. dag nóvemberm. 1863.

C. Hall.

---

20. febrúar. **12. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um viðbót eptir kornverði af borgun fyrir þýðing á dómsgjörningum.**

Með brèfi yðar, herra stiptamtmaður, 26. nóvemberm. f. á., barst stjórnarráðinu skjal nokkurt frá Jóni Pèturssyni, fyrsta meðdómanda í hinum íslenzka landsyfirrètti; í því biður hann um, að sèr fyrir yfirstandandi fjárhagsár og svo eptirleiðis verði veitt viðbót eptir kornverði af þeim 250 ríkisdölum, sem hann fær úr hinum íslenzka dómsmálasjóði fyrir það, að hann þýðir á danska tungu rèttargjörninga í opinberum málum og gjafsóknarmálum, sem skotið er til hæstarèttar. Útaf þessu skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það Jóni yfirdómara Pèturssyni, að þareð ekki ber að álíta fè það, sem hèr er um rætt, sem part af launum hans, heldur þóknun

fyrir störf, sem ekki fylgja með embættinu, en það eru útleggingar á rèttargjörningum, eins og tekið er fram bæði í ástæðunum fyrir frumvarpi því, er lagt var fyrir alþingi, til laga um laun handa ýmsum embættismönnum á Íslandi, og í brèfi stjórnarráðsins til yðar, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúa á alþingi, dags. 9. júním. f. á., smbr. konungsúrskurð 12. aprílm. 1834, þá verður eptir þeim ákvörðunum, sem um það efni gilda, ekki reiknuð viðbót eptir kornverði af fè þessu, og skal stjórnarráðið geta þess, að ef ekki ætti að skoða borgun þessa eins og þóknun, heldur sem part af embættislaunum hlutaðeiganda, þá væri hún burt fallin eptir að fengizt hefir með lögum 19. janúar 1863 launaviðbót sú, sem embættismönnum á Íslandi var ætluð eptir ofangreindu frumvarpi. 1864. 20. febrúar.

---

13. Opið brèf, er kunngjörir á Íslandi, að Kristján konungur hinn Níundi sè kominn til ríkis. 23. febrúar.

Vèr Kristján hinn Níundi, o. s. frv., gjörum kunnugt: Hin mikla sorg, sem föðurlandið hefir orðið fyrir og svo snögglega bar að höndum, þarsem hinn Almáttugi hefir kallað Friðrik konung hinn Sjöunda til feðra sinna, hefir ekki getað orðið neinum sárari en Oss, því enginn af þegnum hans átti honum meira að þakka en Vèr, er hann hafði kvatt til ríkisstjórnar eptir sinn dag.

Nú er Vèr göngum að þeirri hinni alvarlegu köllun, sem forsjónin hefir Oss á herðar lagt, er það fastur ásetningur Vor að halda órjúfanlega stjórnarskipunarlög ríkisins og að sýna öllum þegnum Vorum sama rèttlæti og sömu velvild. Ef þjóðin, með trausti á Vorum einlægum vilja, styrkir viðleitni Vora, mun Guð einnig veita henni blessun sína.

Það er vilji Vor, að öllum stjórnarstörfum sè viðstöðulaust áfram haldið, og að embættismenn þeir, er hinn framliðni konungur, fyrirrennari Vor, hafði skipað í embætti eður staðfest embættaveitingar þeirra, gegni fyrst um sinn embættisverkum sínum eptir embættiseiði þeim, er þeir hafa unnið.

1864. 2. marz. **14. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um endurgjald jarðamatskostnaðar af kirkjujörðum og stöðum.**

Í brèfi 22. septembermán. f. á. hafið þèr, herra amtmaður, skýrt frá, að prestarnir í Eyjafjarðar sýslu, eptir skýrslu hlutaðeigandi sýslumanns, hafi neitað að greiða af prestsetrunum tillag það til endurgjalds fyrir kostnaðinn við hið nýja jarðamat á Íslandi, sem heimta átti á manntalsþingunum árið 1863, samkvæmt opnu brèfi 1. aprílm. 1861, og einnig hafi ábúendurnir á kirkjujörðunum í greindri sýslu færzt undan að greiða gjald þetta fyrir þá sök, að þeir eigi geti átt von á að fá það aptur endurgoldið hjá prestunum. Um leið og þèr hafið látið það álit í ljósi, að eptir orðunum í lagaboði þessu geti verið vafi á því, hvort prestarnir, sem ekki eru eigendur kirkjujarðanna, heldur að eins hafa þær að lèni (usufructuarii), séu skyldir að greiða gjald það, sem hèr er um rætt, hafið þèr spurt, hvort þegar beri að gjöra fjárnám fyrir gjaldinu, eður hvort fresta eigi fyrst um sinn málefni þessu, er hafi verið borið upp á síðasta alþingi.

Um þetta efni kunngjörir stjórnarráðið yður, yður til leiðbeiningar og til þess þèr auglýsið það og gjörið þær ráðstafanir, sem þörf er á, að eptir þeirri ákvörðun, sem er í opnu brèfi 1. aprílm. 1861 2. gr., eiga prestarnir að greiða af prestsetrunum og leiguliðarnir af kirkjujörðunum, sem ábúendur jarða þessara, tillag það til endurgjalds jarðamatskostnaðarins, sem á þær fellur; en það atriði, hjá hverjum þeir geti fengið endurgoldið það fè, er þeir hafa borgað, heyrir undir úrlausn dómstólanna ef ágreiningur verður um það.

---

4. marz. **15. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um borgun fyrir fátækralyf þau, er ætluð eru norður- og austurumdæminu.**

Í bænarskrá nokkurri, er hingað hefir borizt, hefir Jóhann

lyfsali Thorarensen á Akureyri sótt um, að honum verði leyft að láta af hendi úr sinni lyfjabúð öll þau fátækralyf, sem ætluð eru læknishéruðunum í norður og austurumdæminu, og sem veittir eru til 90 rdl. á ári, en af því fé hefir beiðandinn hingaðtil aðeins fengið 36 rd. 64 sk., en lyfsalinn í Reykjavík hefir fengið hina 53 rd. 32 sk., og hefir hann fyrir þá upphæð látið af hendi fátækralyf bæði handa austurhéraðinu í norður- og austurumdæminu og handa læknishéraðinu í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslu: hafið þér herra amtmaður látið í ljósi álit yðar um þetta mál í bréfi 4. febrúarm. f. á. og um leið sent hingað álitsskjal um það frá Jóni héraðslækni Finsen. 1864. 4. marz.

Eptir að stjórnarráðið hefir skrifazt á við stiptamtmanninn yfir Íslandi um þetta mál og fengið frá honum álit Hjaltalíns, justizráðs og landlæknis, og Randrups lyfsala, skal yður hérmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjörið það beiðandanum og hlutaðeigandi héraðslæknum, að eptir þeim skýrslum, sem fram eru komnar í málinu, þykir dómsmálastjórninni réttast, að lyfsalinn á Akureyri hafi útsölu allra þeirra fátækralyfja, sem ætluð eru norður- og austurumdæminu, og að honum séu borgaðir þeir 90 rd., sem þessu amti eru ætlaðir af því fé, sem veitt er fyrir fátækralyf, en hann gjöri rétta skilagrein fyrir því fé, er hann þannig fær; svo verður hann og að taka þeirri breyting, sem í þessu efni kynni gjörð verða, ef stofnuð yrði ný lyfjabúð í amtinu, einkum í austurhéraðinu.

Ef lyfsölumaðurinn í Reykjavík ekki eptir þeim reglum, sem nú er fylgt í þessu efni, þegar er búinn að gjöra neinar ráðstafanir viðvíkjandi lyfjasölu þessari, sem sé því til tálmunar, að breyting sú, sem hér er um rætt, geti komizt á þegar frá 1. degi næsta mánaðar, þá á úrskurður þessi að fá gildi greindan dag, en að öðrum kosti fær hann eigi gildi fyrri en 1. dag aprílmán. 1865.

Um leið og stjórnarráðið getur þess, að stiptamtmanninum yfir Íslandi og landfógetanum hefir í dag verið ritað það, er með þarf um þetta efni, skal því að endingu við bætt, að þarsem Finsen héraðslæknir í álitsskjali sínu, því er að ofan er

1864. 4. marz. getið, hefir stungið upp á, að lyfsalinn á Akureyri einnig fái að tiltölu nokkurn hluta af þeim 50 rdl., sem veittir eru fyrir úthlutun fátækralyfja, og sem lyfsalinn í Reykjavík nú fær, þá þykir stjórnarráðinu rèttast, að ekkert sè ákveðið um þetta atriði að svo komnu.

---

7. marz. **16. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um nokkur atriði í opnu brèfi 26. september 1860, um skatt af tómthúsum og óbyggðum lóðum í Reykjavík.**

Með brèfi 27. októberm. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað aptur álitsskjal það, er stjórnarráðið áður hafði beðið um frá bæjarstjórninni og bæjarfógetanum í Reykjavík um þær spurningar, er nú skal greina, viðvíkjandi því, hvernig skilja eigi 1. grein í opnu brèfi 26. septembermánaðar 1860, um skatt af tómthúsum og óbyggðum lóðum í Reykjavík:

1. Hvort það gjald, sem í einstöku tilfellum, áður en opið brèf 26. sept. 1860 kom út, var greitt af nokkrum lóðarhluta einstakra tómthúsa samkvæmt samningi við bæjarstjórnina, eigi ekki að dragast frá í gjaldi því, sem eptir lagaboði þessu verður lagt á tómthúslóðina, þannig, að bæði lóðargjöldin samanlögð aldrei yfirstigi hið hæsta lóðargjald, sem eptir lagaboðinu verður lagt á tómthúslóð?
2. Hvort bæjarstjórnin, ef hún veitir tómthúsmanni viðbót við lóð þá, er hann hafði þá er greint lagaboð kom út, og sem hann eptir lagaboði þessu svarar hinu hæsta lóðargjaldi af, eður 16 álnum á ári, eigi rètt á að hækka enn lóðargjaldið, án tillits til þess, að gjaldið af tómthúslóðinni á þann hátt fer fram úr því hæsta lóðargjaldi, sem ákveðið er í lagaboðinu?

Um þetta efni skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þèr kunngjörið það:

Um 1. spurn.: Þessari spurningu virðist eiga að svara með jáyrði; og þarsem þèr, herra stiptamtmaður, hafið talið vafasamt,

hvort þau tómthús, sem greitt var lóðargjald af til bæjarins, þá er lagaboðið kom út, eigi ekki yfir höfuð að vera undan þegin frá að gjalda annan lóðarskatt, vegna þess að í 1. grein í lagaboðinu standa þessi orð: „tómthús ..... sem eigi hefir hingaðtil verið goldið lóðargjald af til lóðareiganda", þá skal þess getið, að eptir því, er fram fór í málinu áður en lagaboðið kom út, virðist enginn efi vera á því, að með orðinu „lóðareiganda" hefir aðeins verið átt við einstaka menn, er eiga lóðir, með því gjört var ráð fyrir, að af tómthúsunum á lóð bæjarins hafi ekki verið svarað neinu lóðargjaldi til bæjarsjóðsins. Annars er vitaskuld, að leita má úrlausnar dómstólanna um, hvernig skilja eigi lagaboð þetta. 1864. 7. marz.

Um 2. spurn. Hærra lóðargjald en það, sem hæst er ákveðið í 1. grein lagaboðsins, en það eru 16 álnir, verður aldrei lagt á neina lóð, nema svo sé, að hlutaðeigandi sjálfur undirgangist að greiða viðbót við gjald þetta, sem skilyrði fyrir því, að hann fái viðauka við lóð þá, er hann hefir.

---

17. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk til að gefa út rit um skattana á Íslandi. 7. marz.

Með brèfi 23. nóvembermán. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent stjórnarráðinu bænarskrá frá Jóni landsyfirrèttardómara Pèturssyni um 200 til 300 ríkisdala styrk úr almennum sjóði til að gefa út rit á íslenzku um skattana á Íslandi. Um þetta efni skal yður hèrmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það Jóni landsyfirrèttardómara Pèturssyni, að þegar búið er að senda hingað handritið til bókarinnar, með áliti yðar um ritið, þá mun verða gjör yfirvegað, hvort nokkur styrkur verði veittur til að gefa það út.

1864. 8. marz.

18. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um aukaútsvar af ýmsum opinberum húsum í Reykjavík m. m.

Í brèfi 4. nóvemberm. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, eptir tilhlutun stjórnarráðsins sagt álit yðar um skjal nokkurt, er hafði verið sent beina leið hingað. Með tilliti til þess, að því er lýst yfir í brèfi dómsmálastjórnarinnar 28. febrúar f. á., að ekki sè heimild fyrir því í lögum að jafna aukaútsvari á ýms opinber hús í Reykjavík, auk lóðarskatts; hafði bæjarstjórnin í greindum kaupstað í skjali þessu bæði kvartað yfir því, að þèr ekki hefðuð gefið sèr færi á að segja álit sitt um málið áður en það var lagt undir úrskurð stjórnarráðsins, sem hún hyggur hefði átt að vera gjört samkvæmt reglugjörð 27. nóvemberm. 1846 21. gr., og einnig um sjálft efni málsins leitazt við að færa ástæður fyrir skoðun, er fer í gagnstæða átt við það, sem stjórnarráðið hafði álitið; þessi skoðun bæjarstjórnarinnar styðst við ýms brèf frá rentukammeri og kanselíi, og einkum eitt brèf frá kirkju- og kennslustjórninni frá 23. desemberm. 1856, en í því brèfi á að hafa verið játað, að lögmætt væri að jafna á latínuskólann slíku aukaútsvari, sem hèr er um rætt.

Um leið og dómsmálastjórnin fyrst og fremst getur þess, að í 21. grein í reglugj. 27. nóvemberm. 1846 er rætt um tilfelli, sem allt öðruvísi er varið, en því, sem hèr er umtalsmál, og að sú lagagrein þessvegna ekki getur átt hèr við, skal yður hèrmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þèr kunngjörið það, að úrslit þau, sem málefni þetta hefir fengið við brèf stjórnarráðsins 28. febrúarm. f. á., eiga óbreytt að standa, og skal nú farið nokkrum orðum um þetta efni. Í reglugjörðinni frá 27. nóvemberm. 1846, 19. grein, er svo að orði kveðið: „og er sú skipan þar á gjörð, að þriðjungi þess fjár, sem þarf til útgjalda bæjarstjórnarinnar, verður jafnað niður á byggingar bæjarmanna, fyrst um sinn eptir þeim jöfnuði, er í slíku hefir áður verið við hafður, en hinum tveim þriðjungum, ásamt því fè, er þarf til þeirra málefna, sem stjórn hafa sèr, verður skipt niður eptir efnum og ástandi á alla, er búa í

landeign kaupstaðarins", og er það ljóst af því, sem berlega er sagt í ákvörðun þessari, að engu öðru tillagi til bæjargjalda verður jafnað á hús, hvort sem þau eru eign hins opinbera eður einstakra manna, en því, sem fellur á hvert hús af þeim þriðjungi, sem hèr er um rætt, af því, sem ætlazt er til að fari til hinna eiginlegu bæjarþarfa. Eigi verður heldur haft neitt tillit til rentukammerbrèfa og kansellíbrèfa þeirra, sem bæjarstjórnin hefir vitnað til, til styrkingar hinni gagnstæðu skoðun á málinu, þó ekki væri af öðru, þá samt þess vegna, að þau eru eldri en reglugjörðin frá 1846. En hvað þvínæst snertir áðurgreint brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar, þá sèst það bæði af brèfinu sjálfu og einkum af því, sem fram fór í málinu áður en það kom út, að stjórnarráðið þá ekki átti að leysa úr annari spurning en þeirri, hvort hús latínuskólans sem eign ríkissjóðsins bæri að telja með „kaupstaðarhúsum" í 19. grein reglugjörðarinnar, og hvort skylt væri yfir höfuð að greiða af því nokkurt tillag til bæjargjalda eður ekki. 1864. 8. marz.

Þarsem sjá má af brèfi yðar, herra stiptamtmaður, að bæjarstjórnin, þá er heimtuð voru bæjargjöldin árið sem leið, ekki hefir tekið til greina úrskurð stjórnarráðsins um þetta efni í optnefndu brèfi þess 28. febrúarm. f. á., skal því að endingu við bætt, að stjórnarráðið efast ekki um, að þèr sjáið svo um, að ekki verði hèreptir jafnað neinum bæjargjöldum, sem eigi er heimild fyrir, á opinber hús í Reykjavík.

---

19. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um kaupstaðarlóð á Borðeyri og leigu eptir hana. 12. marz.

Í brèfi 22. októberm. 1861 hafið þèr, herra amtmaður, skýrt frá, að hlutaðeigandi sýslumaður hafi árið 1861 með þrem útmælingargjörðum mælt út lóð til að byggja á sölubúðir fyrir þá Guðmund Einarsson, Þorlák O. Johnsen, og Hans A. Clausen, agent, á jörðinni Borðeyri, sem heyrir til Strandasýslu

1864. 12. marz. umboði, en þar var löggiltur verzlunarstaður með konungsúrskurði 23. desembermán. 1846, að leiga sú, er menn þessir eiga að greiða eptir lóðir þær, er þeim voru út mældar, hafi við gjörðir þessar verið þannig ákveðin, að hinir tveir fyrsttöldu skuli greiða 12 rd. á ári hvor, og hinn síðast taldi 8 rd. En þareð ábúandinn, sem nú er á Borðeyri, P. Eggertz, er þegar árið 1857 sjálfur fekk þar útmælda lóð til að byggja á sölubúð, hefir krafizt þess, að hann sem leiguliði á allri jörðinni fái leiguna eptir lóðir þessar, en þèr þarámóti haldið, að ekki beri að taka þessa kröfu hans til greina, þá hafið þèr í brèfi yðar farið fram á, að dómsmálastjórnin með úrskurði sínum ákveði, að leigan eptir lóðir þær, sem útmældar hafa verið á Borðeyri, renni inní ríkissjóðinn, en þó sè sú lóðin, sem Eggertz hlaut, undanskilin meðan hann er ábúandi jarðarinnar, og að umboðsmanninum yfir Strandasýslu umboði verði boðið að heimta gjald þetta og telja það með tekjum í umboðsreikningi sínum.

Eptir að stjórnarráðið nú með brèfum amtsins 18. septemberm. 1862 og 5. septemberm. f. á. er búið að fá ýtarlegri skýrslur í málinu, semurðu að þykja nauðsynlegar áður en úr því væri skorið, skal yður hèrmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þèr gjörið ráðstafanir í því efni, að leiga sú, sem ákveðin var við áðurgreindar þrjár útmælingargjörðir, samtals 32 rdl. á ári, á að renna inní ríkissjóðinn og ber að heimta hana og gjöra skil fyrir á þann hátt, er þèr, herra amtmaður, hafið uppá stungið, en þar á móti ber að gjöra út um það með mati óvilhallra manna, er út nefndir sèu fyrir rètti, hvort svo verði álitið, að P. Eggertz, sem nú er ábúandi á Borðeyri, hafi liðið nokkurn skaða eður nokkra rýrnun á þeim afnotum jarðarinnar, er honum voru heimiluð með byggingarbrèfi sínu frá 10. marzm. 1857, og ef svo er, hversu mikils virði sá skaði verði metinn, því þá ber að veita honum jafnmikla linun í árlegu afgjaldi af jörðinni frá því, er hann í þessu tilliti hefir liðið rýrnun á fullum afnotum hennar.

Í brèfi amtsins frá 18. septemberm. 1862 er rætt um

nokkrar spurningar, er hlutaðeigandi umboðsmaður hafði upp borið, en þær eru þessar: 1864. 12. marz.

1. hvort menn þeir, sem fengu útmældar áður greindar lóðir á Borðeyrartanga, eigi ekki að gjalda hina ákveðnu leigu eptir þær frá þeim degi, er útmælingargjörðirnar fóru fram, jafnvel þó þeir ekki byggi þar hús;
2. hvort þeir eigi missi rètt sinn til lóðanna ef þeir eigi hafi notað hann innan 2—3 ára;
3. hver eigi að taka við leigunni eptir lóðirnar;
4. hvort nokkur hafnartollur verði heimtaður af skipum, er liggja á höfn, þarsem engu hefir verið til kostað til hafnarinnar, og skipin ekki hafa not af neinum bletti á landi; og
5. hvort ekki beri að greiða ábúandanum á Borðeyri borgun fyrir hagagöngu handa hestum þeirra, er koma til að verzla, og hvort upphæð borgunarinnar eigi sè komin undir samningi milli hlutaðeigenda, eður hvort umboðsmaðurinn eður sýslumaðurinn eigi að ákveða hana.

Þessum spurningum svarar stjórnarráðið þannig:

1. spurn.: að þessari spurning ber að svara með jáyrði;

2. spurn.: að rèttur hlutaðeigenda til að nota lóðirnar burtfellur, ef þeir ekki hafa notað þær innan 2 ára frá dagsetning þessa úrskurðar;

3. spurn.: að þessari spurning er þegar svarað hèr að framan;

4. spurn.: að kveða verður nei við þessari spurning; og

5. spurn.: að gjöra verður út um það, sem hèr er um spurt, með samkomulagi milli þeirra, er hlut eiga að máli.

---

20. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk til að semja nýja jarðabók fyrir Ísland. 12. marz.

Þèr hafið, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúi á alþingi því, er haldið var árið 1863, sent dómsmálastjórninni

1864. 12. marz. með brèfi dagsettu 18. septemberm. f. á. bænarskrá nokkra, er komið hafði til þingsins og það hafði vísað forsetaveginn til stjórnarinnar með meðmælum sínum[1], en í bænarskrá þessari fara þeir þess á leit, Jón Guðmundsson og Halldór Friðriksson, alþingismenn, að þeim verði veittur 400 ríkisdala styrkur á ári í tvö ár, til að búa undir prentun nýja jarðabók fyrir Ísland, og að jarðamatsbækurnar frá 1849—50, ásamt öllum þeim skjölum, er þeim fylgja, verði sendar til Íslands, svo þeir geti notað þær í því augnamiði, er nú var á vikið, og verði þær síðan framvegis geymdar við skjalasafn alþingis.

Stjórnarráðið skal nú fara nokkrum orðum um þetta efni:

Þarsem það hefir verið tilfært í bænarskránni sem ástæða fyrir því, að nauðsyn væri á nýrri útgáfu af jarðabókinni frá 1861, þannig úr garði gjörðri, sem hèr er um rætt, að menn vanti ýmsar merkilegar skýrslur um jarðirnar, sem voru í eldri jarðabókum, þá eru allflestar af skýrslum þessum þess eðlis, að þó þær kunni vera merkilegar þegar um hagfræði landsins er að gjöra, eiga þær samt sem áður ekki heima í jarðabók, t. a. m. hvers eign jörðin sè, kúgildatala, afgjald að upphæð og áskildum gjaldaurum m. m.; því allt þetta er sífelldum breytingum undirorpið, og ef menn ávallt ættu að hafa fullkomnar skýrslur um þetta, yrði að leiðrètta jarðabókina á ári hverju. Við umræður málsins á alþingi voru enn fremur teknir fram ýmsir gallar, sem mönnum þykja vera á greindri jarðabók; en að sumu leyti yrðu gallar þessir ekki bættir þó jarðabókin væri gefin út að nýju, heldur aðeins með nýrri jarðavirðing, og að sumu leyti yrðu þeir ekki bættir fyrir þá sök, að ekki eru til skýrslur þær, er til þess þurfa. Yfirhöfuð verður ekki sèð, að jarðabókin, sem gefin var út í þeim tilgangi að hún væri regla fyrir skattheimtu, ætti að vera öðruvísi löguð en hún er, og þarvið bætist það, sem mestu varðar, að hún var út gefin öldungis í hinu sama formi og hún var samþykkt á alþingi.

Af þeim ástæðum, er nú hefir sagt verið, kunngjörir stjórnarráðið yður hèrmeð, yður til leiðbeiningar og til þess þèr aug-

[1]) Sjá alþ. tíð. 1863, I. 143.—145. bls.

lýsið það, að styrkur sá, sem um var sótt til að gefa út nýja jarðabók, ekki getur orðið veittur, og að óskin um, að jarðamatsbækurnar og önnur skjöl, er jarðamatið snerta, verði sent til Íslands til að geymast við skjalasafn alþingis, ekki verður til greina tekin fyrst og fremst fyrir þá sök, að optlega þarf á þeim að halda við þau mál, er borin eru undir úrlausn dómsmálastjórnarinnar. 1864. 12. marz.

---

21. Lög, um eptirlaunaviðbót handa Gísla kansellíráði Hjálmarssyni, fyrrum héraðslækni í austurhéraðinu í norður- og austurumdæminu á Íslandi. 12. marz.

(Frumvarp til laga þessara var lagt fyrir ríkisþingið og samþykkt af þinginu óbreytt, en ástæðurnar fyrir því eru þannig hljóðandi:

Gísli kansellíráð Hjálmarsson, fyrrum héraðslæknir í austurhéraðinu í norður- og austurumdæminu á Íslandi, hefir sent dómsmálastjórninni bænarskrá um, að eptirlaun þau, er hann fær úr ríkissjóði, og sem eru að upphæð 388 rd. 38 sk. á ári, verði hækkuð svo, að þau verði jafnhá embættislaunum þeim, er hann hafði þá er hann var héraðslæknir, en það voru 600 rd.

Gísli Hjálmarsson kansellíráð hefir nú sex um fimmtugt, og var honum veitt fyrgreint embætti árið 1815, eptir að hann hafði aflokið embættisprófi við háskólann með beztu einkunn. Læknishérað þetta, er nær yfir allan austurfjórðung landsins eður Norðurmúlasýslu og Suðurmúlasýslu í norður- og austurumdæminu og Austurskaptafellssýslu í suðurumdæminu, er hið örðugasta læknisembætti á Íslandi, bæði sökum þess, hve víðátta þess er mikil, og vegna þess, hve vegir þar eru torfærir, og hversu fjöllin í þeim landsfjórðungi, sem eru bæði mörg og brött, eru afarill yfirferðar, jafnvel eptir því, sem gjöra er á Íslandi. Þareð hann smátt og smátt varð yfirkominn af svo miklum heilsulasleik, að hann um síðir varð ófær til að gegna embættisverkum sínum, neyddist hann til að sækja um lausn frá embættinu, og var honum veitt hún með konungsúrskurði 22. marzm. 1860. Tekjur hans, sem komu til greina þá er ákveðin voru eptirlaunin, voru aðeins 776 rd. 77 sk., en það voru þau hin föstu embættislaun, er embættinu fylgdu, 600 rd., og óvissar tekjur að upphæð 176 rd 77 sk., og voru því eptirlaun hans samkvæmt reglunum í eptirlaunalögum 5 janúarm. 1851 (smbr.

1864. 12. marz.

tilsk. 31. d. maím. 1855) ákveðin til 388 rd. 38 sk., svo sem áður er sagt.

Bænarskrá sína um eptirlaunahækkunina hefir Hjálmarsson einkum byggt á því, að eptirlaun þau, er hann hefir, og sem hann verður að láta 65 rd. af á ári í nafnbótarskatt og í tillag til ekkjusjóðs, séu öldungis ónóg til framfærslu sér og sínum, að hann sökum hinna sífelldu erfiðleika, er hann átti við að stríða í embættisþjónustu sinni, hafi gjörsamlega mist heilsuna og geti eigi á sínum aldri við því búizt að ná henni aptur, og að hann þess vegna ekki geti unnið sér neitt inn með lækningum. Stiptamtmaðurinn á Íslandi og landlæknirinn þar hafa innilega mælt fram með bænarskránni; hafa þeir sagt satt vera það, sem beiðandinn hafði tekið fram um það, hve mikil þörf hans sé til að fá bót á kjörum sínum, hafi hann og sýnt svo framúrskarandi dugnað í embættisstöðu sinni, að hann megi álítast einn af hinum duglegustu læknum, sem Ísland nokkurntíma hafi átt; landlæknirinn hefir og lýst því yfir, að það sé öldungis vafalaust, að hann einmitt með því að gegna embættisverkum sínum hafi bakað sér sjúkdóm þann, er neyddi hann til að sækja um lausn frá embætti sínu, með því hin sífelldu og erfiðu ferðalög og áreynsla sú, er þeim hafi verið samfara, hafi með öllu þreytt krapta hans og gjört útaf við heilsu hans.

Eptir öllum þeim skýrslum, sem fyrir hendi eru, hefir virzt vera ástæða til að reyna að útvega honum slíka viðbót við eptirlaun sín, að honum gæti orðið borgið svo að hann eigi liði neyð. Fjárstjórnarráðið, sem skrifazt hefir verið á við um þetta efni, hefir og verið á sama máli, og hefir það getið þess, að vegna annara áþekkra tilfella, er kynnu fyrir að koma, væri ísjárvert að fara fram á svo háa eptirlaunaviðbót, sem um er sótt, og mundi því réttast að leitast við að fá viðbótina ákveðna með jöfnum tölum til 150 rd. Dómsmálastjórnin hefir að sínu leyti fallizt á þetta og stungið upp á, að hlutaðeiganda væri frá 1. aprílm 1864 veitt eptirlaunaviðbót svo há, sem nú var sagt; yrðu þá öll eptirlaunin 538 rd. 38 sk., eður ríflega tveir þriðjungar af embættistekjum þeim, sem til greina koma við eptirlaunareikninginn, en eptir embættisþjónustu Gísla kansellíráðs Hjálmarssonar bar honum aðeins helmingur af tekjum þessum í eptirlaun).

Vèr Kristján hinn Níundi, o. s. frv., gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi, og Vèr staðfest þau með samþykki Voru:

Eptirlaun þau, sem Gísli kansellíráð Hjálmarsson, fyrrum hèraðslæknir í austurhèraðinu í norður- og austurumdæminu á

Íslandi, fær úr ríkissjóðnum, og sem eru 388 rd. 38 sk. ríkismyntar á ári, skulu hækkuð um 150 rd. ríkismyntar frá 1. degi aprílmánaðar 1864. 1864. 12. marz.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn, 12. dag marzmán. 1864.

---

22. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um laun handa lögregluþjóni á Akureyri. 21. marz.

Útaf því, er þèr, herra amtmaður, í brèfi 6. októberm. f. á. stingið upp á, að útvegað verði úr ríkissjóðnum fè, 150 rd. á ári, til þess að launa með því lögregluþjóni í kaupstaðnum Akureyri, þá skal yður til vitundar gefið, eptir að búið er að skrifazt á um málið við fjárstjórnina, yður til leiðbeiningar, að dómsmálastjórnin ekki sèr sèr fært að útvega úr ríkissjóðnum nokkurt fjártillag í þeim tilgangi, sem hèr er um rætt.

---

23. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um breyting á verzlunarvoginni.[1] 21. marz.

Í lögum 19. febrúarm. 1861 um breyting á verzlunarvoginni í konungsríkinu Danmörku, var fyrirskipuð tugaskipting á vogarlóðunum, og skyldi pundið vera eining, en í 4. grein laganna var leyft, að til bráðabirgða mætti löggilda lóð, sem væru að þyngd 1/4, 1/8, 1/16 og 1/32 úr pundi. En nú er leyfi þetta numið úr gildi með konungsúrskurði 3. júnímán. f. á.[2]

[1]) Sama dag voru hinum amtmönnunum á Íslandi skrifuð brèf sama efnis.

[2]) Lögin frá 19. febrúar 1861 eru prentuð í alþingistíðindunum fyrir 1863, I. 151 bls., og skulu hèr til frekari skýringar þessu máli settar 4 fyrstu greinir laganna: 1. grein. Frumeining hinnar almennu verzlunarvogar er eitt pund, sem er eins og hingaðtil 500 frönsk grömm. 2. grein. 100 pund gjöra eitt centner. 3. grein. Pundið skiptist í 100 kvint, hvert kvint í 10 ort, minni

1864. 21. marz

Eptir tilhlutun bæjarstjórnarinnar í Kaupmannahöfn hefir nú innanríkisstjórnin, sem gaf út lögin frá 19. febrúarm. 1861, leitt athygli dómsmálastjórnarinnar að því, að lög þessi séu enn eigi lögleidd á Íslandi, og sé því í þeim ríkishluta pundinu enn skipt í lóð, kvintín og svo frv., og að menn þar geti ekki fengið annarstaðar að vogarlóð til verzlunar en frá jústeringastofunni í Kaupmannahöfn, en síðan 1. júlím. 1861 hefir þar eigi mátt löggilda vogarlóð til að viðhafa í verzlun, er væru að þyngd brot úr einu lóði. Eptir því, sem bæjarstjórnin skýrir frá, hefir þetta ennþá ekki orðið til neins baga, með því jústeringastofan í Kaupmannahöfn hafði til nokkuð af vogarlóðum að þyngd $^1/_2$, $^1/_4$, $^1/_8$ og $^1/_{16}$ úr lóði þegar lögin frá 19. febrúarm. 1861 fengu gildi, og hefir því getað í tè látið það, sem beðið hefir verið um frá Íslandi, en smátt og smátt, eptir því sem þessi eldri vogarlóð ganga upp (vogarlóðin, sem voru $^1/_2$ lóð, voru þegar upp gengin) og einkum þegar hætt verður að löggilda vogarlóð til 1, 2, 4 og 8 lóða, svo sem nú er boðið í ofangreindum konungsúrskurði 3. júnímán. f. á., þá sé við því búið, að þetta muni gefa tilefni til umkvartana, og hefir því innanríkisstjórnin vakið máls á því við dómsmálastjórnina, hvort henni þyki ekki ástæða til að hlutast til um það, svo skjótt sem unnt er, að lög þessi verði löggilt á Íslandi.

Um þetta efni getur dómsmálastjórnin þess, að þarsem hið síðasta alþingi, þegar rætt var um að löggilda á Íslandi lögin frá 19. febrúarm. 1861, hefir ráðið frá löggilding þeirra í þegnlegu álitsskjali sínu því, er þèr herra stiptamtmaður senduð hingað með þegnlegri skýrslu yðar 15. septemberm. f. á.[1], þá verðnr að ætla, að þingið hafi ekki haft sèr hugföst vankvæði þau,

þungar ákveðast í tugabrotum úr orti. 4. grein. Undireins og þessi lög hafa fengið lagagildi, þá löggildast einungis þesskonar lóð til verzlunarviktar, er tugabrotum verður komið að, það er að skilja þesskonar lóð, sem vega 100, 50, 20, 10, 5, 2 og 1 pund, 50, 20, 10, 5, 2, 1 kvint, 5, 2, 1 ort og tugabrot úr orti, svo og pundarar, sem eru markaðir eptir sama vogarlagi (System); þó má eptirleiðis, og þangað til konungur gjörir aðra ráðstöfun, jafnframt löggilda þau vogarlóð, sem vega $^1/_4$, $^1/_8$, $^1/_{16}$ og $^1/_{32}$ úr pundi.

[1]) Sjá alþ.-tíð. 1863. I, 432—434. bls. sambr. II, 20. bls.

sem að ofan er á vikið að af því mundi leiða í viðskiptum manna á milli, ef þær ákvarðanir um vogarlóðin, sem nú eru í gildi í konungsríkinu, ekki bráðlega yrðu lögleiddar á Íslandi, og biður stjórnarráðið yður því, herra stiptamtmaður, að skýra frá áliti yðar um málið í heild sinni og sérstaklega um það, hverjar breytingar kynni þurfa að gjöra við lög þessi, ef þau yrðu lögleidd á Íslandi. 1861. 21. marz.

Eitt exemplar af lögunum frá 19. febrúar 1861 og af auglýsingum innanríkisstjórnarinnar frá 21. júním. 1861 og 30. júním. 1863 fylgir hèrmeð yður til eptirsjónar.

---

24. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um laun hreppstjóra. 21. marz.

Með þegnlegri skýrslu, dags. 15. septemberm. f. á., hafið þèr, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúi á alþingi því, er haldið var árið 1863, sent hingað þegnlega bænarskrá þingsins um, að hreppstjórum, sem lögregluþjónum, verði fyrst um sinn veitt frá 20 til 60 ríkisdala þóknun úr ríkissjóði, eptir örðugleika hreppanna og öðrum þesskonar málavöxtum.

Eptir að dómsmálastjórnin hefir íhugað mál þetta, verður hún að álíta það víst, að ekki geti fengizt veitt úr ríkissjóðnum nein laun handa hreppstjórunum; en þareð því á hinn bóginn eigi verður neitað, að borgun sú, sem embættisþjónar þessir fá fyrir störf þau, er þeir hafa á hendi sem rèttarþjónar og lögregluþjónar (en hún er í því fólgin, að þeir eru undanþegnir gjöldum til ríkissjóðsins, fá nokkrar aukatekjur m. m.), er næsta lítil og samsvarar á engan hátt störfum þeirra, og að það þessvegna væri æskilegt, að bætt yrðu kjör þeirra, þá skorar stjórnarráðið á yður, herra stiptamtmaður, ef þèr eruð á sama máli um þetta, að láta í ljósi álit yðar um, með hverju móti launabót sú, sem hèr er um rætt, muni geta fengizt. Eptir áliti stjórnarráðsins gæti í því efni helzt orðið umtalsmál að fá fèð úr jafnaðarsjóðum amtanna, og í því tilliti skal stjórnarráðið

1864. 21. marz. leiða athygli yðar að lögum, sem út komu fyrir Danmörku 4. marzm. 1857, og eru þar ákveðin árleg laun, að upphæð frá 20 til 100 rd., úr jafnaðarsjóðum amtanna handa sóknarfógetunum, en störf þeirra eru öldungis samkynja þeim, er hreppstjórarnir hafa á hendi sem rèttarþjónar og lögregluþjónar. Til að hlífa jafnaðarsjóðunum sem mest, væri ef til vill ráðlegast að skipa málinu á þann hátt, að hreppstjórarnir fengju ekki endurgjald þetta fyrri en eptir nokkurra ára þjónustu, t. a. m. eptir 3 ár, og að upphæðin, sem ákveða ætti á hverju ári innan vissra takmarka, skyldi fara vaxandi í hlutfalli við það, hversu lengi hver og einn hefði haft hreppstjórn á hendi.

---

30. marz. **25. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um fjárhagslögin fyrir fjárhagsárið 1864—65.**

Með brèfi þessu sendir stjórnarráðið yður, herra stiptamtmaður, eptirrit af þeim kafla, er Ísland snertir, í fylgiskjali, er heyrir til fjárlögunum fyrir fjárhagsárið 1864—65, er staðfest voru af konungi 21. þ. m., og skal yfirhöfuð um þetta málefni skýrskotað til þess, sem þegar eins stóð á var tekið fram í brèfi hinnar íslenzku stjórnardeildar 15. aprílm. 1851, einkum um þau atriði, er nú skal greina:

að öll laun og hlunnindi embættismanna og embættisþjóna, sem tilgreind eru í fjárlögum hvers árs, skal borga hlutaðeigendum afdráttarlaust, eptir þeirri upphæð, sem til er tekin fyrir hvern þeirra, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í opnu brèfi 31. maím. 1855 1. gr., án þess nokkra sèrstaklega skipun þurfi að gjöra um borgunina, og án þess tekið sè til greina, hvort launin í fjárlögunum eru sett hærri eður lægri en áður hefir verið;

að þegar embættismenn á Íslandi vilja fá laun sín borguð úr aðalfèhirzlu ríkisins, þá verður ekki annað ávísað en það, sem eptir áður sögðu er komið í gjalddaga, þá er embættismaðurinn æskir borgunarinnar. Landfógeti verður og ávallt

að hafa ritað á launaávísanir þessar, að þær hafi verið honum sýndar og að hann hafi bókað þær. 1864. 30. marz.

Um leið og þér, herra stiptamtmaður, eruð beðnir að kunngjöra hlutaðeigendum það, er með þarf, samkvæmt því, sem að ofan er sagt, skal þess getið, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið ritað um þetta málefni og eins hinum amtmönnunum á Íslandi, að því leyti snertir þá sjálfa og embættismenn þá, er búa í umdæmum þeirra.

Að síðustu skal þess getið, að með því eigi er lokið prentun fjárlaganna verða þau eigi send yður í þetta skipti. En síðar mun yður verða sent eitt exemplar af þeim, og mun yður þá einnig verða skýrt nákvæmar frá þeim atriðum í þeim, sem ný eru.

---

26. Lög, um eptirlaunaviðbót handa Elínu Thorstensen, ekkju eptir Jón justizráð Thorstensen, landlækni á Íslandi. 31. marz.

(Frumvarp til laga þessara, er lagt var fyrir ríkisdaginn, og ástæðurnar fyrir því, var þannig hljóðandi:

Frumvarp til laga
um eptirlaunaviðbót handa Elínu Thorstensen, ekkju eptir Jón justizráð Thorstensen, landlækni á Íslandi.

Eptirlaun þau, 164 rd. 56 sk. ríkismyntar á ári, sem ekkjan Elín Thorstensen fær úr ríkissjóðnum eptir mann sinn, Jón heitinn Thorstensen, justizráð og landlækni á Íslandi, skulu hækkuð um 135 rd. 40 sk. á ári frá 1. degi aprílm. 1864.

Ástæður fyrir lagafrumvarpi þessu.

Í þegnlegri bænarskrá, er send var dómsmálastjórninni, hefir alþingi Íslendinga, það er haldið var árið 1863, beðið um, að Elínu Thorstensen, ekkju eptir Jón heitinn Thorstensen, justizráð og landlækni á Íslandi, verði veitt að minnsta kosti 200 ríkisdala viðbót við eptirlaun þau, sem hún fær úr ríkissjóðnum eptir mann sinn, en það eru 164 rd. 56 sk. á ári.

Alþingi hefir getið þess, að Thorstensen justizráð, sem var land-

1864. 31. marz. læknir Íslands frá því árið 1819 og til dauðadags árið 1855, hafi gegnt þessu erfiða embætti með frábærum dugnaði, og hafi aðeins fengið laun, er voru töluvert minni en þau laun, er seinna voru lögð til embættisins, þar sem hann 13 fyrstu árin ekki hafði nema 600 rd. í laun auk 150 rdl. til húsaleigustyrks, og fékk síðar þar að auki 300 rd. launaviðbót fyrir sína embættistíð; en eptirmaður hans í embættinu fær 900 rd. í laun, auk hins sama húsaleigustyrks, og þar á ofan 300 ríkisdala viðbót eptir lögum 19. janúarm. 1863, eður tilsamans 1350 rd. á ári. Þarsem þessu nú er þannig varið áleit þingið, að það væri á mikilli sanngirni byggt, að eptirlaun þau, er ekkja Thorstensens fær, væru hækkuð, og þótti þinginu því maklegra að mæla kröptuglega með, að hún fengi viðbótina við eptirlaun sín, sem sannarlega megi segja um mann hennar, að hann hafi slitið sèr út í þjónustu landsins. Til að eyða þeim mótbárum, sem fram kynnu að koma móti uppástungu þessari vegna afleiðinganna, tók þingið fram, að ekkja sú, sem hèr er um rætt, sè sú einasta ekkja af þeim, sem nú eru uppi á Íslandi, sem umtalsmál geti orðið um að hjálpa á þenna hátt.

Konungsfulltrúi á alþingi hefir mælt fram með bænarskrá þessari. Svo hefir hann og útaf bænarskrá, er ekkja Thorstensens jústizráðs sendi dómsmálastjórninni í haust eð var, og bað í henni um tilstyrk stjórnarráðsins til að fá aðra eins eptirlaunaviðbót og hèr er um rætt, sem amtmaður yfir suðurumdæminu vitnað, að hún sè 63 ára að aldri, sè mjög fátæk, og neyðist til á ári hverju að hleypa sèr í skuldir til að geta forsorgað sig og sína, og jafnframt því að hann gat um, hversu lengi og með hversu miklum dugnaði maður hennar hefði þjónað embætti sínu, tók hann fram sèrstaklega, að jafnvel mætti svo segja, að hann hefði dáið í embættisþjónustunni, með því dauði hans hafi verið afleiðing af byltu, er hann hlaut eitt sinn, þá er hann vitjaði sjúklings.

Fjárstjórnarráðið, sem dómsmálastjórnin hefir skrifazt á við um málefni þetta, hefir getið þess, að því virðist bænarskrá alþingis vera kröptugur vitnisburður fyrir Thorstensen heitinn jústizráð um sjaldgæfa árvekni og dugnað um hinn langa tíma, er hann þjónaði áríðandi embætti, og að stjórnarráðið því, bæði af þessum ástæðum og svo vegna hins, hversu bágur sè efnahagur ekkju hans, ekki sè því mótfallið, að reynt sè að útvega henni eptirlaunaviðbót. En um upphæð viðbótar þessarar, þá var það álit fjárstjórnarráðsins, að nauðsynlegt væri að hafa ekki aðeins tillit til bænarskrár alþingis, heldur einnig, og það ef til vill ekki hvað sízt, til innbyrðis jafnaðar milli áþekkra eptirlaunaviðbóta, sem þegar svo ber undir er stungið upp á við ríkisþingið að veita, og verður þá sèrstaklega að taka til greina upphæð þeirra eptirlauna, sem

í hvert skipti eru lögákveðin. Eptirlaunaviðbót sú, sem hèr hefir verið um beðið, er að tiltölu býsna mikið hærri en hin lögákveðnu eptirlaun, og þótti fjárstjórnarráðinu hún því of há í samanburði við eptirlaunin sjálf, og kvaðst mundi hika sèr við að stinga upp á viðbót, er væri öllu meiri, en helmingur þess, sem um var beðið; en eptir öllum atvikum máls þessa og einkum af því, að hèr er að gjöra um lítið fè, virtist fjárstjórnarráðinu rèttast að skjóta undir álit dómsmálastjórnarinnar, hversu mikla þýðing bænarskrá alþingis ætti að hafa einnig að því leyti, er snertir upphæð viðbótarinnar. 1864. 31. marz.

Af atvikum málsins, sem að ofan hefir verið frá skýrt, virtist dómsmálastjórninni vera næg ástæða til þess, að ekkja sú, sem hèr er um rætt, fengi eptirlaunaviðbót; en af þeim athugasemdum, sem fjárstjórnin hefir tekið fram, hlaut dómsmálastjórninni að finnast isjárvert að stinga uppá, að ekkjunni væri veitt svo há viðbót, sem alþingi fór fram á, heldur þótti við hæfi, að hún fengi slíka viðbót, að eptirlaun hennar framvegis yrðu samtals 300 rd., og yrði eptir því viðbótin 135 rd. 40 sk. á ári)[1].

Vèr Kristján hinn Níundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi, og Vèr staðfest þau með samþykki Voru:

Eptirlaun þau, 164 rd. 56 sk. ríkismyntar á ári, sem ekkjan Elín Thorstensen fær úr ríkissjóðnum eptir mann sinn, Jón heitinn Thorstensen, jústizráð og landlækni á Íslandi, skulu hækkuð um 35 rd. 40 sk. á ári frá 1. degi aprílmánaðar 1864.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn, 31. dag marzmán. 1864.

---

27. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um húsabyggingar í Reykjavíkur umdæmi. 6. apríl.

Með því ábúandinn á jörðinni Seli á síðastliðnu ári hafði byggt þar timburhús, án þess að skýra fyrst frá því byggingarnefndinni í Reykjavíkur kaupstað, þá hefir nefnd þessi í brèfi, er þèr, herra stiptamtmaður, senduð hingað með álitsskjali yðar, dags. 9. nóvembermán. f. á., spurt um, hvort eigi sè rètt að

[1]) Smbr. brèf dómsmálast. til stiptamtm. yfir Ísl. 19. d. aprílm. 1861.

1864. 6. apríl. skilja opið brèf 29. maímán. 1839 um byggingarnefnd í Reykjavík á þann hátt, að fá skuli samþykki byggingarnefndarinnar og amtsins áður en nokkurt hús sè byggt innan takmarkanna á lögsagnarum dæmi bæjarins.

Um þetta efni skal yður hèrmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þèr kunngjörið það, að eptir því, sem ákveðið er í 4. grein í lagaboði því, sem að ofan er getið, smbr. 3. gr. stafl. D., álítur dómsmálastjórnin að kveða eigi já við spurning þeirri, sem hèr er um rætt.

---

9. apríl. **28. Brèf dómsmálastjórnarinnar til Gunnlaugs Tryggva Gunnarssonar, um styrk til að kynna sèr landbúnað í Noregi.**

Eptir beiðni yðar í brèfi dagsettu 3. febrúarm. þ. á. hefir dómsmálastjórnin veitt yður 400 ríkisdala styrk til að ferðast til Noregs og dveljast þar 3 eður 4 mánuði til þess að kynna yður betur norskan landbúnað, einkum að því leyti, er hann gæti verið fyrirmynd fyrir umbótum á landbúnaðinum á Íslandi.

Þetta er yður hèrmeð kunngjört, og skal því við bætt, að hlutazt hefir verið til um, að fè þetta verði greitt yður úr aðalfèhirzlu ríkisins.

---

13. apríl. **29. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um fjölgun á ölmusum við hinn lærða skóla.**

Samkvæmt því, er alþingi það, er haldið var árið 1861, stakk uppá og nefnd sú fèllst á, er síðar var skipuð í Reykjavík til að íhuga uppástungur þingsins um umbætur á hinum lærða skóla á Íslandi, hlutaðist stjórnarráðið til um, að í frumvarpinu til fjárlaganna fyrir fjárhagsárið 1864—65 var gjörð uppástunga um, að ölmusunum við Reykjavíkur lærða skóla, sem nú eru 24 að tölu, hver 100 rdl. að upphæð, verði fjölgað svo, að þær verði 40, og hefir ríkisþingið veitt fè það, alls 4000 rd., er stungið var upp á að veitt yrði til þessa, eins og betur

má sjá af fylgiskjali til fjárlaganna fyrir yfirstandandi fjár- 1864.
hagsár, að því er snertir gjöld til Íslands lútandi að kirkju- og 13. apríl.
kennslustjórninni, en það fylgiskjal var sent yður með brèfi hinnar íslenzku stjórnardeildar, dags. 30. f. m.

Um leið og þetta er kunngjört yður, yður til leiðbeiningar og athugunar, skorar stjórnarráðið á yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, að annast um á hagfelldasta hátt, að það verði heyrum kunnugt á Íslandi, að ölmusunum við skólann hafi verið fjölgað, svo sem að ofan er greint.

---

30. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um ávísanir og víxlbrèf. 13. apríl.

Embættismaður nokkur á Íslandi hafði afsalað dómsmálastjórninni ávísun, sem hafði verið rituð á Íslandi og stýluð til hans, eður þess, er hann afsalaði hana, og hljóðaði ávísunin upp á verzlunarhús hèr í borginni, og var svo til ætlazt, að stjórnarráðið lèti borga fèð inní aðalfèhirzlu ríkisins, og skyldi það koma uppí tekjur nokkrar til ríkissjóðsins, er embættismaður þessi átti að standa skil á. En nú var hreyft þeirri spurning, hvort áðurgreind afsölun, sem rituð var á ávísunina á Íslandi, ætti ekki að stimplast eptir lögum fyrir konungsríkið frá 19. febrúarm. 1861 um stimplaðan pappír, og hefir innanríkisstjórnin, sem eptir lögum þessum á með úrskurði sínum að gjöra út um allar spurningar, sem rísa útaf því, hvort skjöl eigi að stimpla, komizt að þeirri niðurstöðu, að svo eigi að vera.

Eptir þeirri þýðing, sem innanríkisstjórnin hefir lagt í lögin um hinn stimplaða pappír, verður að álíta, að útgjört sè um, að ekki aðeins beri að stimpla hverja þá afsölun, sem á Íslandi er rituð á ávísun, sem þar er út gefin, en á að borgast hèr, og sá, sem ávísunina á að borga, eigi hefir ritað á skuldbinding sína til þess, heldur og að hið sama eigi sèr stað um ávísanir, sem eru útgefnar á Íslandi, og eiga að borgast hèr og búið er að rita á borgunarskuldbinding (*Accept*), en þar á móti eru einungis undanþegnar þessari skyldu þær ávís-

1864. 13. apríl. anir, sem ekki er rituð á borgunarskuldbinding, án tillits til þess, hvar þær eru útgefnar.

Eins og kunnugt er, hefir það tíðkazt mjög lengi, að embættismenn og sýslunarmenn á Íslandi gjöra skil fyrir tekjum þeim, er þeir hafa undir höndum fyrir ríkissjóðinn, með ávísunum uppá verzlunarhús hèr, og á sú venja rót sína í því, hvernig varið er landshögum á Íslandi. En með því það er sèrstaklegum vandkvæðum bundið að fá slíkar ávísanir og afsalanir stimplaðar, þá hefir dómsmálastjórnin íhugað það mál, hvernig komizt verði hjá að stimpla slík skjöl, og hefir stjórnarráðið, eptir að hafa skrifazt á við innanríkisstjórnina, komizt að þeirri niðurstöðu, að þetta geti orðið á þann hátt, að embættismenn og sýslunarmenn á Íslandi gæti þess, að ávísanirnar í fyrsta lagi sèu stýlaðar til dómsmálastjórnarinnar sjálfrar, svo eigi þurfi að afsala henni þær, og í öðru lagi að þær sèu stýlaðar þannig, að þær eigi að borgast undir eins og þær eru sýndar, svo eigi þurfi að rita á þær skuldbinding um borgun. Ávísunum uppá verzlunarhús hèr verður því ekki framvegis viðtaka veitt upp í tekjur, er heimtar hafa verið fyrir ríkissjóðinn, nema því aðeins að þess hafi gætt verið sem hèr er fyrir mælt, og þareð víxlbrèf, sem eiga að borgast hèr, æfinlega eiga að stimplast, má framvegis öldungis ekki við hafa þau til að gjöra skil fyrir tekjum ríkissjóðsins.

Þetta er yður hèrmeð kunngjört, herra (tit.), yður til leiðbeiningar og til þess þèr auglýsið það öllum embættismönnum og sýslunarmönnum í umdæmi því, sem þèr eruð yfir skipaðir, þeim er hafa á hendi að heimta tekjur fyrir ríkissjóðinn.

---

13. apríl. **31. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um viðbót við laun Jóns Þorkelssonar, kennara við hinn lærða skóla.**

Í þegnlegri bænarskrá, er þèr, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúi á hinu síðasta alþingi senduð stjórnarráðinu með álitsskjali yðar dagsettu 15. dag septembermán. f. á., hefir þingið

beiðzt þess, að Jóni Þorkelssyni, kennara við lærða skólann í Reykjavík, verði veitt launabót úr ríkissjóði, er nemi svo miklu, að laun hans verði 1000 rdl. að upphæð á ári[1]. 1864. 13. apríl.

Þó nú stjórnarráðið ekki gæti fallizt á að fara þess á leit við ríkisþingið, að embættismanni þessum yrði veitt svo mikil launaviðbót, sem alþingi hafði stungið upp á, þá virtist eigi að síður æskilegt að fara svo nálægt tillögum þingsins í þessu máli, sem unnt væri, og þótti í því tilliti rèttast að fara þannig að, að reikna launaviðbót þá, er hann ætti að fá fyrir embættisþjónustu eptir því, sem til var ætlazt í frumvarpi til laga um launaviðbót ýmsra embættismanna á Íslandi 19. janúarm. f. á., því er stjórnin lagði fyrir ríkisþingið, á þann hátt, að embættisþjónusta hans sem kennara við skólann væri talin frá þeim tíma, er hann var settur í kennaraembætti það, er til bráðabirgða var stofnað við skólann eptir heimild þeirri, er til þess var veitt í fjárlögunum fyrir fjárhagsárið 1859—60, og þareð hann eptir því ætti að fá á yfirstandandi fjárhagsári 100 ríkisdala viðbót við þá 500 rdl., er hann áður hefir haft í laun, eður alls 600 rdl., var þessi upphæð tilfærð í frumvarpinu til fjárlaganna, og hefir ríkisþingið veitt launaviðbót þá, er þannig var stungið upp á, eins og betur má sjá af fylgiskjalinu við fjárlögin fyrir fjárhagsárið 1864—65, að því leyti snertir gjöld Íslands til kirkju- og kennslumálanna, en það fylgiskjal var sent yður með brèfi hinnar íslenzku stjórnardeildar, dags. 30. f. m.

Þetta er yður hèrmeð kunngjört, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það Jóni skólakennara Þorkelssyni.

---

32. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um styrk handa uppgjafaprestum og prestsekkjum á Íslandi. 16. apríl.

Í brèfi 11. júlím. f. á. var yður, háæruverðugi herra, kunn-

[1]) Sjá alþ. tíð. 1863. I, 449—452.

1864. 16. apríl. gjört, að stjórnarráðið hefði í hyggju að fá styrktarsjóð sinn aukinn svo, að styrkur sá, sem fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur á Íslandi hafa úr honum fengið á síðari árum, verði framvegis hækkaður frá 200 rd. til 500 rd.

Eptir að stjórnarráðið var búið að fá skýrslur þær, er það fyrrum hafði um beðið og hingað bárust með brèfi yðar 24. ágústm. f. á., viðvíkjandi öllum uppgjafaprestum og prestsekkjum á Íslandi, var hlutazt til um, að uppástunga um þetta efni yrði tekin inní fjárlagafrumvarp það, er lagt var fyrir hið síðasta ríkisþing; en þegar frumvarp þetta var samið þótti rèttast að fá fjártillagið með því móti, að ofan greind upphæð væri tilfærð með þeim gjöldum til Íslands, er snerta kirkju og kennslustjórnina, og hefir ríkisþingið í fjárlögunum fyrir yfirstandandi fjárhagsár, er út komu 21. f. m., 9. gr. VI. B. 3. veitt 500 rd. í þessu skyni, og er fè þetta tilfært í fylgiskjali fjárlaganna, því er sent var stiptsyfirvöldunum á Íslandi með brèfi hinnar íslenzku stjórnardeildar, dags. 30. f. m.

Um leið og yður er kunngjört þetta skal skorað á yður, þegar þèr sendið bænarskrár þær, er til yðar eru komnar frá uppgjafaprestum og prestsekkjum á Íslandi um styrktarfè, að stinga uppá, hvernig úthluta skuli þeim 500 ríkisdölum, er þannig hafa veittir verið; svo eruð þèr einnig beðnir að gjöra slíka uppástungu framvegis í byrjuninni á hverju fjárhagsári, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í brèfi stjórnarráðsins, dags. 14. októberm. 1859.

---

19. apríl. **33. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um eptirlaunaviðbót Elínar Thorstensen, landlæknisekkju.**

Útaf bænarskrá frá hinu síðasta alþingi[1], er hingað barst með álitsskjali yðar, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúa á þinginu, dags. 15. septembermán. f. á., var samið í dómsmála-

[1]) Sjá alþ.-tíð. 1863. I, 447—449.

stjórninni og lagt fyrir ríkisþingið eptir að búið var að skrifast á um málið við fjárstjórnina, frumvarp til laga um eptirlaunaviðbót handa Elínu Thorstensen, ekkju eptir Jón justizráð Thorstensen, landlækni á Íslandi; frumvarp þetta laut að því, að eptirlaun þau, 164 rd. 56 sk. ríkismyntar á ári, er ekkja þessi fær úr ríkissjóðnum, yrðu hækkuð um 135 rd. 40 sk. ríkism. á ári. En ríkisþingið, sem ekki þóttist geta fallizt á svo mikla eptirlaunaviðbót, sem stjórnarráðið hafði stungið uppá, samþykkti frumvarpið með þeirri breyting, að ekkjunni aðeins skyldi veitt 35 rd. 40 sk. ríkism. á ári í eptirlaunaviðbót, og skyldi það talið frá 1. degi þessa mánaðar, og með þessari breyting öðluðust lögin staðfesting konungs 31. dag f. m. 1864. 19. apríl.

Um leið og þetta er kunngjört yður, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það ekkju Thorstensens justizráðs, sendir stjórnarráðið yður prentuð exemplör af lögum þessum, og biður yður um að láta birta þau á vanalegan hátt í suðurumdæminu.

---

34. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um skýrslur embættismanna til lífsfjár- og framfærslustofnunarinnar. 19. apríl.

Eptir tilhlutun fjárstjórnarinnar skorar stjórnarráðið hèrmeð á yður, herra (tit.), að þèr framvegis áður en þèr sendið hingað útfyllt skýrsluform um ekkjuforsorgun í lífsfjár- og framfærslustofnuninni hèr í bænum frá embættismönnum í umdæmi því, sem þèr eruð yfir skipaðir, gætið þess, að dálkarnir í skýrsluforminu sèu rètt útfylltir og svo, sem vera ber, og ritið síðan á skýrsluformið vottorð yðar um, að þèr hafið ekkert út á það að setja, hvernig þeir sèu út fylltir.

1864. 23. apríl. **35. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um laun handa bæjarfógetanum á Akureyri.**

Eptir að stjórnarráðið hafði meðtekið bænarskrá þá, er þèr, herra amtmaður, senduð hingað með brèfi yðar 6. októberm. f. á., hefi eg við umræðurnar um fjárlögin á hinu síðasta ríkisþingi gjört uppástungu um, að bæjarfógetanum í kaupstaðnum Akureyri sèu veitt árleg laun úr ríkissjóðnum, og hefir ríkisþingið síðan í fjárlögunum fyrir fjárhagsárið 1864—65, er öðluðust staðfesting konungs og komu út 21. f. m., í 9. gr. VI. A. 1., veitt í þessu skyni 200 rd.

Þetta birtist yður hèrmeð, herra amtmaður, í sambandi við brèf stjórnarráðsins 30. f. m., yður til leiðbeiningar og til þess þèr kunngjörið það Stefáni sýslumanni og bæjarfógeta Thorarensen.

---

23. apríl. **36. Brèf dómsmálastjórnarinnar til Deildar hins íslenzka bókmenntafèlags í Kaupmannahöfn, um styrk til að gefa út „Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands".**

Eptir bænarskrá dags. 23. f. m., er dómsmálastjórnin hefir meðtekið frá Deild hins íslenzka bókmentafèlags hèr í bænum, hefir stjórnarráðið veitt fèlaginu 300 rd. í einu lagi fyrir útgáfu 1. bindis af „Tíðindum um stjórnarmálefni Íslands", og hefir í dag verið hlutazt til um, að fè þetta verði greitt fèhirði fèlagsins, Stephensen etazráði, úr aðalfèhirzlu ríkisins.

Þetta er hèrmeð kunngjört fèlagsdeildinni, en um leið skal þess getið, að þarsem þess enn fremur er farið á leit í ofangreindri bænarskrá, að fèlaginu framvegis verði veittur 150 ríkisdala styrkur á ári til að halda áfram útgáfu safns þessa, þá mun stjórnarráðið síðar gjöra nákvæmari ákvörðun um það efni.

---

37. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um manntalsþingagjöld í Gullbringusýslu og í Reykjavíkur kaupstað. 1864. 25. apríl.

Í sambandi við brèf dómsmálastjórnarinnar 23. februarm. f. á. kunngjörir stjórnarráðið yður hèrmeð, yður til leiðbeiningar, og til þess þèr birtið það, svo sem þörf er á, að hið síðasta ríkisþing ekki fèllst á uppástungu þá, sem dómsmálastjórnin hlutaðist til að sett væri í frumvarpið til fjárlaganna fyrir fjárhagsárið 1864—65, um að manntalsþingagjöldin í Gullbringu sýslu og í Reykjavíkur kaupstað, sem að undanförnu hafa greidd verið eptir verði verðlagsskrárinnar á hörðum fiski, framvegis skuli greidd eptir meðalverði allra meðalverða, og ber því að heimta gjöld þessi á sama hátt og hingaðtil hefir átt sèr stað.

---

38. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um endurgjald styrks, er Guðrúnu Gunnlaugsdóttur hafði veittur verið úr fátækrasjóði Kaupmannahafnar. 29. apríl.

Í brèfi 23. nóvemberm. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, beiðzt úrskurðar dómsmálastjórnarinnar útaf því, að fátækrastjórnin í Reykjavík hefir færzt undan að endurgjalda fátækrasjóð Kaupmannahafnar fátækrastyrk þann, er ekkjan Guðrún Gunnlaugsdóttir fekk meðan hún dvaldist hèr í borginni.

Eptir að búið er að skrifast á um þetta mál við innanríkisstjórnina, skal yður hèrmeð kunngjört, að eins og hið fyrrverandi danska kansellí útaf fyrirspurn frá fátækrastjórninni í Kaupmannahöfn um það, hvar leita skyldi borgunar fyrir Íslendinga, þá er þeir yrðu þurfandi fátækrastyrks og þeir eigi væru búnir að ávinna sèr framfærslurètt í greindum stað, úrskurðaði í brèfi 17. júním. 1817, að í því efni ætti að snúa sèr til hlutaðeigandi amtmanns á Íslandi í því umdæmi, þarsem sannað yrði með rèttarprófum, að þurfamaðurinn ætti framfærslurètt, þannig virðist dómsmálastjórninni vafalaust, að sú skylda eptir

1864. 29. apríl. eðli hlutarins hvíli á fátækrasjóðnum í Reykjavík að endurgjalda fèstyrk þann, er ofangreindri ekkju var í tè látinn, og ber því að borga fátækrasjóðnum í Kaupmannahöfn gjöld þau, sem um er rætt í máli þessu, og sem voru greidd til bráðabirgða úr sjóði þessum, en gjöld þessi eru alls 156 rd. 94 sk. eptir meðfylgjandi reikningum, sem allir eru óborgaðir. 3 fylgiskjöl eru með brèfi þessu.

---

30. apríl. **39. Leyfisbrèf fyrir cand. pharmaciæ P. H. J. Hansen til að hafa lyfjabúð í Stykkishólmi í vesturumdæminu á Íslandi.**

Vèr Kristján hinn Níundi, og s. frv., Gjörum kunnugt: Að Vèr eptir þegnlegri bænarskrá og ósk Pèturs Hinriks Jóhanns Hansens, cand. pharmaciæ, höfum allramildilegast heimilað honum og leyft, eins og Vèr hèrmeð heimilum honum og leyfum, að hann, sem hefir yfirheyrður verið af nefnd þeirri, er hefir á hendi próf lyfsölumanna, og verið hæfur fundinn til að veita forstöðu lyfjabúð, megi hafa lyfjabúð í Stykkishólmi í vesturumdæminu á Voru landi Íslandi og leita sèr þar atvinnu á löglegan hátt sem lyfsölumaður; og ber honum í öllum greinum að hegða sèr eptir þeim tilskipunum, sem allramildilegast hafa útgefnar verið um lyfsölumenn, hinni lögskipuðu lyfja-verðlagsskrá, og þeim eiði, sem hann þegnlega unnið hefir, en aptur á móti höfum vèr allramildilegast heimilað honum og leyft, að hann megi njóta þeirra einkarèttinda, sem um er rætt í greindum tilskipunum, og sem þær leyfa lyfsölumönnum að njóta, og eiga hlutaðeigandi embættismenn í öllum greinum að styrkja hann og vernda rètt hans í því efni; þó skal þetta Vort allramildilegasta einkaleyfi einungis hafa gildi fyrir hann sjálfan, svo að þegar hann annaðhvort í lifanda lífi hættir þessari atvinnu sinni eður fellur frá, þá ber að gefa öllum þeim, sem þartil hafa lögboðna hæfilegleika, aðgang til að hafa lyfjabúð á fyrgreindum stað, án þess að sá, sem þar eptir öðlast einkaleyfið, verði skyldur til að kaupa af honum eður búi hans lyfjabúðina, áhöldin eður vörurnar.

Loksins skal hann í öllum tilfellum, þá er vafi verður á um, hvernig skilja beri þetta allramildilegasta leyfisbréf Vort, vera skyldur að fara eptir úrskurði dómsmálastjórnar Vorrar. 1864. 30. apríl.

Bönnum Vèr öllum og sèrhverjum að tálma því, sem að ofan er greint.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn, 30. dag aprílm. 1864.

Undir Voru konunglega innsigli.

(L. S.)

Eptir allramildilegustu boði hans konunglegu hátignar.

Casse.

---

40. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um fjárverði við Skoradalsvatn til að varna útbreiðslu fjárkláðans. 25. maí.

Amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu hefir með brèfi 6. febrúarm. þ. á. sent stjórnarráðinu bænarskrá frá Kristjáni kammerráði Kristjánssyni og þrem öðrum sýslunefndarmönnum í Húnavatnssýslu, um að skipaðir verði nú í sumar tryggilegir verðir við Skoradalsvatn, að öllu leyti á sama hátt og í fyrra sumar, til að varna frekari útbreiðslu fjárkláðans; hefir amtmaðurinn getið þess, að eptir áreiðanlegum frèttum hafi kláðasýkin í vetur á ískyggilegan hátt gjört vart við sig á ýmsum stöðum í suðurumdæminu, og lagt það til, að slíkur vörður, sem nú var um rætt, verði skipaður á þann hátt, að öll þrjú umdæmin taki jöfnum höndum þátt í kostnaðinum.

Eptir þeim kringumstæðum málsins, sem dómsmálastjórninni nú eru kunnugar, og einkum eptir því, sem þèr, herra stiptamtmaður, hafið skýrt frá um, að Borgarfjarðarsýsla hafi meir en í eitt ár verið laus við kláðasýkina, og að sýkin hafi á afliðnum vetri aðeins gjört vart við sig á einstöku stað í Gullbringu- og Kjósarsýslu, og þó mjög lítið, þá virðist stjórnarráðinu ekki vera næg ástæða til að gjöra fyrirskipun um þá ráðstöfun, sem hèr er um rætt; mundi hún og, einkum þegar

1864. 25. maí. svo er ástatt, sem nú er, verða mjög þungbær jafnaðarsjóðum amtanna. En ef ástandið hefir breytzt síðan þér, herra stiptamtmaður, senduð hingað hina síðustu skýrslu yðar, svo að nú sé ástæða til að óttast fyrir, að sýkin geti útbreiðzt til hinna amtanna, þá skorar stjórnarráðið á yður að hlutast til um, eptir samkomulagi við hina tvo amtmennina, að tryggilegir verðir verði skipaðir samkvæmt ofangreindri bænarskrá.

---

25. maí. **41. Brèf dómsmálastjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um reikninga fyrir Möðrufells spítalasjóð.**

Um leið og þér senduð hingað nokkur prentuð exemplör af yfirliti yfir tekjur og gjöld hins íslenzka læknasjóðs (spítalasjóðanna) árið 1862, að undanskildum reikningi Möðrufells spítala, hafið þér, háæruverðugi herra, í brèfi 17. dag nóvemberm. f. á. bent dómsmálastjórninni á, hvort ekki muni vera hagfelldast, að reikningarnir yfir eignir allra fjögra spítalanna, sem tilsamans teknar eru hinn svo kallaði læknasjóður, séu á ári hverju prentaðir í einu lagi; hafið þér og farið þess á leit, að stjórnarráðið, ef svo skuli vera, hlutist til um, að amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu sendi yður í tækan tíma ársreikninginn yfir eignir Möðrufells spítala, til þess þér einnig getið undirskrifað hann og látið prenta hann með hinum spítalareikningunum.

Um þetta efni skal yður hèrmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið fellst á bendingu yðar, þá er að ofan er getið, og að amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu hefir í dag verið ritað um, að senda yður í tækan tíma ársreikning fyrir spítala þann, sem hann hefir stjórn yfir.

---

42. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um kostnaðinn við fjárverði við Skoradalsvatn.

1864. 26. maí.

Með því ágreiningur hafði orðið milli stiptamtmannsins yfir Íslandi og yðar, herra amtmaður, útaf því, eptir hvaða innbyrðis hlutfalli öll þrjú ömtin á Íslandi ættu að bera kostnað þann, alls 1818 rd. 80 sk., er fjárverðir þeir höfðu í för með sèr, er skipaðir voru við Skoradalsvatn árið 1861, skoraði stjórnarráðið á yður í brèfi 8. septemberm. f. á. að skýra frá, á hvaða ástæðum þèr byggðuð það álit yðar, er þèr höfðuð í ljósi látið, að jafna ætti kostnaði þessum niður á umdæmin eptir tölu lausafjárhundraðanna; hafið þèr síðan í brèfi 15. d. febrúarm. þ. á. skýrt frá, að þèr þegar hafið borgað uppí gjald þetta 358 rdl. 4 sk., en það fè hafi fengizt með frjálsum tillögum amtsbúa, og farið þess jafnframt á leit, að vesturumdæmið verði undanþegið að borga meira en komið sè uppí fjárvarðakostnaðinn, en að öðru leyti hafið þèr eigi svarað því, er stjórnarráðið spurði yður um.

Um leið og dómsmálastjórnin getur þess, að þarsem þèr því til sönnunar, að þèr hafið borgað 358 rdl. 4 sk. uppí gjöld þau, sem hèr er um rætt, skýrskotið til eptirrits af brèfi til stiptamtmannsins yfir Íslandi, dags. 25. septemberm. 1862, er fylgði með brèfi yðar til stjórnarráðsins, þá sýnir eptirrit þetta, að þèr í þessu skyni einungis hafið borgað 295 rdl. 56 sk., skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þèr gjörið þær ráðstafanir, sem þörf er á í því efni, að þarað svo hefir áður verið um samið, eptir því sem bæði stiptamtmaðurinn og amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu hafa frá skýrt og þèr eigi borið móti í brèfi yðar, að hvert amt fyrir sig beri þriðjung af kostnaði þeim, sem hèr er um rætt, en þetta er samkvæmt því, sem hingaðtil hefir tíðkazt um borgun kostnaðarins við fjárverði, þá eiga málalokin hèr að verða samkvæm því, sem menn þannig hafa orðið ásáttir um, og ber því vesturumdæminu að greiða af kostnaði þessum alls 606 rd. 26⅔ sk.,

1864. 26. maí. og þareð aðeins er búið að borga af þessu fé 295 rd. 66 sk., ber að gjöra skil fyrir því, sem eptir er, svo fljótt, sem unnt er.

---

4. júní. **43. Opið brèf, um breyting á tilskipun 18. febrúarmánaðar 1847 um fjárforráð ómyndugra á Íslandi.**

(Árið 1861 var borið undir álit alþingis frumvarp til opins brèfs um breytingu á tilskipun 18. febrúarm. 1847 um fjárforráð ómyndugra á Íslandi[1]. Þetta frumvarp laut að því, að þegar fé ómyndugra og opinberra stofnana, er nemur frá 25 rd. til 100 rd., hefir ekki orðið komið á leigu hjá einstökum mönnum fyrir rentu þá, sem ákveðin er í greindri tilskipun, jafnvel þó það á löglegan hátt hafi verið haft á boðstólum, þá skuli leyft að slíkt fé sè ávaxtað á þann hátt, að annaðhvort sèu fyrir það keypt arðberandi ríkisskuldabrèf, eða að það sè lánað einstökum mönnum mót lögmætu veði, fyrir leigu, er sè að minnsta kosti 3 af hundraði. Þingið stakk nú uppá verulegri breyting við frumvarpið, rèði það frá að kaupa ríkisskuldabrèf fyrir fé ómyndugra og opinberra stofnana, en lagði það til, að fjárhaldsmönnunum yrði leyft, þegar svo er ástatt, sem ráð er fyrir gjört í frumvarpinu, að lána fé ómyndugra, er eigi nemur 100 rd., móti nægu veði í fasteign eður lausu fé og þeirri leigu, er þeir á löglegan hátt hæsta geta fengið; þar að auki stakk þingið upp á, að hafa skyldi í sèrstakri grein áþekka ákvörðun um fé opinberra stofnana. En með því ísjárvert þótti að fallast á þessar uppástungur alþingis, var í dómsmálastjórninni samið nýtt frumvarp og lagt fyrir alþingi árið 1863[2] eptir allrahæstu boði konungs, en það frumvarp er þannig hljóðandi: „Þegar fé ómyndugra hefir ekki orðið komið á leigu hjá einstökum mönnum fyrir þá leigu og móti því veði, sem ákveðið er í tilskipun 18. febrúarm. 1847, jafnvel þó það á löglegan hátt hafi verið haft á boðstólum, þá skal mega ávaxta það á þann hátt, að annaðhvort sèu fyrir það keypt arðberandi ríkisskuldabrèf, eða að það sè lánað einstökum mönnum mót lögmætu veði, fyrir leigu, er sè að minnsta kosti 3 af hundraði"

Í ástæðunum fyrir þessu síðastnefnda frumvarpi er talið óráðlegt að fallast á uppástungu alþingis um, að lána megi opinbert fé mót veði í lausafè, og er einkum tekið fram því til styrkingar: að lausafè ekki

---

[1]) Sjá alþ. tíð. 1861, 500—503 og viðb. A. 140—141.

[2]) Sjá alþ. tíð. 1863. I, 57—61, og 475—481.

geti álitizt að veita nægilega trygging fyrir láninu, og er þess getið, að tilsk. 28. júlím. 1841 ekki gildi á Íslandi; að fé sé aðeins örsjaldan lánað út á Islandi mót veði í lausum aurum, og komi það fyrir, þá aðeins litilræði eitt; að það sé eigi hagfellt að gefa það á vald fjárhaldsmanni og yfirfjárráðanda, eins og alþingi stakk uppá, að lána fé ómyndugra móti veði, hvort sem þeir vilji í fasteign eður lausum aurum, er svo kynni fara, að hlutaðeigandi tæki þann kostinn, sem honum sjálfum væri hagkvæmastur, ef hann hefði enga ábyrgð af, þó hann væri ekki eins óyggjandi fyrir hinn ómyndugu; að þarsem alþingi hafi bent á, að taka mætti hærri leigu en 4 af hundraði ef fèð væri lánað mót veði í lausafè, þá sé þetta reyndar ekki lengur saknæmt að lögum, en það virðist þó ekki eiga vel við að hvetja til þess við lán á opinberu fé, og á hinn bóginn gæti það leitt til misbrúkunar, ef fjárhaldsmönnum væri leyft, eins og alþingi hefir stungið uppá, að lána fèð fyrir hvað litla leigu sem væri. Nú var enn fremur orðið öðruvísi ástatt með það, hvernig komið verður á leigu opinberu fé, en þegar málefni þetta var lagt fyrir alþingi árið 1861, með því fé, sem meiru nemur en 100 rd., og sem áður varð komið á leigu í ríkissjóðnum, nú ekki verður ávaxtað á þenna hátt, eptir þeim ákvörðunum, sem síðan hafa settar verið um hinar lausu ríkisskuldir, en á hinn bóginn hafði það opt borið við, að slíku fé hefir ekki orðið komið fyrir til leigu fyrir 3½ af hundraði mót veði í fasteign. Þess vegna virtist vera ástæða til að láta lagaboðið verða yfirgripsmeira en fyr var til ætlazt, þannig að koma megi fyrir á leigu á þann hátt, er segir í hinu fyrra frumvarpi stjórnarinnar, öllu fé ómyndugra, án þess haft sé tillit til upphæðarinnar. En hvað þar á móti snertir fé opinberra stofnana, þá hafði stjórnarráðið þegar veitt leyfi til, að það fyrst um sinn sé ávaxtað á þann hátt, að fyrir það séu keypt arðberandi óuppsegjanleg ríkisskuldabréf, þegar því ekki verður komið fyrir til leigu hjá einstökum mönnum móti lögmætu veði, og þótti því ekki nauðsyn til bera að hafa í frumvarpinu ákvörðun um, hvernig ávaxta skuli slíkt fé.

1864. 4. júní.

Eptir að hið síðarnefnda frumvarpið hafði verið rætt á alþingi á lögboðinn hátt, samdi þingið um það þegnlegt álitsskjal og fór í því fram á, að frumvarpinu yrði þannig breytt, að lagaboðið yrði svohljóðandi: „1. grein: Þegar fé ómyndugra hefir ekki orðið komið á leigu móti því veði, og samkvæmt öðrum þeim skilyrðum, sem akveðin eru í tilskipun 18. febrúarm. 1847, þá skal mega ávaxta það á þann hátt, að það sé lánað móti lögmætu veði fyrir leigu, er sé að minnsta kosti 3 af hundraði. 2. grein: Þegar fé ómyndugra hefir ekki orðið komið á vöxtu með þeim hætti, sem segir í 1. grein, þá skal fjárhaldsmönnum

1864. 4. júni.

þeirra leyft að lána fèð út með samþykki yfirsjárráðanda móti nægu veði í lausafè og þeirri leigu, er þeir hæsta geta fengið, þó þannig, að engum einum sè lánað meira fè á þenna hátt en 100 rd."

Þessum úppástungum sínum til styrkingar tók þingið einkum fram, að eptir þeirri skoðun, sem allur þorri þingmanna, sem þó þekki nákvæmlega til hvervetna út um landið, hafi látið í ljósi, mundi ákvörðun sú, er það hefir stungið uppá um útlán á fè ómyndugra, eigi verða þýðingarlítil, og megi álíta, að þó tilsk. 28. júlím. 1841 ekki sè lögleidd á Íslandi, þá veiti lausafjárveð nægа trygging fyrir fè, er ekki nemi mikilli upphæð, þegar varúð og samvizkusemi sè viðhöfð og fjárhaldsmenn og yfirfjárráðendur vandlega gefi gætur að hinu lögskipaða formi, en ella mundi á þeim hvíla ábyrgðin á láninu. Ekki álítur þingið það heldur eiga illa við, að hærri vextir en 4 af hundraði sè áskilið af fè ómyndugra, sem lánað er móti veði í lausafè, þarsem óhætt megi fullyrða, að þau lög, er slíkt leyfa, ekki komi í neinn bága við réttarmeðvitund manna á Íslandi, enda virðist þau og í sjálfu sèr miklu eðlilegri en hin, sem leggi bönd á frjálsa samninga manna á milli. Loksins hefir og þingið tekið fram, að þeir, sem ekki eru jarðeigandi, en annars geti verið svo efnaðir að þeir eigi nægilegt lausafè til fullrar veðábyrgðar fyrir litlu láni, þurfi einna helzt á fèláni að halda til að kaupa fyrir skepnur og auka þannig bústofn sinn m. m., svo að þessi meðferð á fè ómyndugra mundi, samkvæmt tilgangi löggjafans með ákvörðunina í tilsk. 18 febrúarm. 1847, 7. gr. stafl. C., verða til að bæta úr hinni almennu peningaeklu á Íslandi, er svo lengi sè búin að standa landinu fyrir blómgun og eðlilegum framförum.

Þingið áleit því, að hagfelldast væri að ráða úr vandkvæðum þeim, sem eru á að koma fyrir fè ómyndugra, á þann hátt, sem það hefir stungið upp á, en þar á móti áleit það óráðlegt að fallast á þá aðferðina, sem í þessu efni ætti við að hafa eptir frumvarpi stjórnarinnar, að kaupa fyrir fè þetta óuppsegjanleg ríkisskuldabrèf, og hefir þingið einkum tekið fram í þessu efni, að menn á Íslandi þekki lítið til óuppsegjanlegra ríkisskuldabrèfa og að það víðsvegar um landið yrði ókljúfandi erfiðleikum bundið að ná leigunni af þeim, og eins yrði bæði kostnaður, umsvif og torveldni á því að fá ógildingardóm á þeim, ef þau glötuðust, svo mundi og verðlag á þeim á Íslandi verða bæði lágt og hvikult. Eins og þingið því hèlt, að það mundi valda óánægju á Íslandi, ef farið væri með ómyndugra fè á þenna hátt, þannig taldi það og vafalaust, að þó lög kæmu út, er heimiluðu slíkt, mundu fjárhaldsmenn og yfirfjárráðendur kynoka sèr við, að verja fè ómyndugra í þann gjaldeyri, er þeir hæglega gætu átt von á, að hinn ómyndugi ekki vildi

taka á móti, þegar hann tæki sjálfur við fjárforráðum, og það því síður sem ríkisskuldabréf, eptir því, sem þingið að orði kemst, ekki eru neinn lögeyrir á Íslandi. Af þessum ástæðum áleit þingið, að ótiltækilegt væri að gjöra það að lögum að verja fé ómyndugra í ríkisskuldabréf, þó eigi næmi meiru en 100 rd., en því ótiltækilegra virtist því samt sem áður vera, að láta slíkt fyrirkomulag ná til ómyndugra fjár yfirhöfuð; því auk alls þess, sem mælir móti téðum ríkisskuldabréfum, þá mundu þau hin stærri hafa þau vandkvæði í för með sér, að menn sökum peningaeklunnar á Íslandi ekki mundu geta orðið af með þau nema með skaða og afföllum. Þingið áleit eigi heldur eins hægt að fá keypt ríkisskuldabréf, eins og ráð er fyrir gjört í ástæðunum fyrir frumvarpi stjórnarinnar, þarsem menn yrðu að láta hina íslenzku kaupmenn útvega sér þau, en hagur þeirra sé eigi ávallt á svo föstum fæti, að þeim án veðs sé trúandi ef til vill um lengri tíma fyrir peningum ómyndugra, þangaðtil þeir væru búnir að kaupa ríkisskuldabréfin fyrir þá, og ættu þeir sjálfir að leggja peninga út fyrirfram fyrir ríkisskuldabréfin, þá megi á hinn bóginn gjöra ráð fyrir, að þeir vildu hafa hæfilega vexti af fé sínu. Þó nú svo sé til ætlazt í frumvarpi stjórnarinnar, að ekki skuli verja fé ómyndugra til að kaupa fyrir það ríkisskuldabréf fyrri en búið sé að bjóða það fram á leigu eptir fyrirmælum laganna, þá hélt þingið, að sú mundi verða niðurstaðan, að til þess yrði varið öllum þorra af minni upphæðum ómyndugrafjárins, því varla mundi neinn jarðeigandi vilja vinna til þess, að veðsetja jörð sína, þegar aðeins væri að ræða um upphæð, sem væri 100 rd. eður minna. Loksins áleit þingið, að það fyrirkomulag, sem hér er um rætt, hlyti að hafa skaðleg áhrif á verzlunarástand Íslands, einkum við útlendar þjóðir, sem ef til vill eigi mundu ætíð taka dönsk ríkisskuldabréf fyrir fullan kaupeyri, og svo yrði það einnig að skerða grundvallarregluna í tilsk. 18. febrúar 1847, 7. gr. stafl. C., þarsem því er lýst yfir, að ómyndugra fé skuli umfram allt gjöra ávaxtarsamt í landinu sjálfu, en það megi segja, að þetta hafi gjört verið meðan fénu var komið á vöxtu í jarðabókarsjóðinn, því það hafi orðið dregið út úr sjóðnum með stuttum fyrirvara og megi þessvegna álíta að það hafi verið í veltu í landinu. 1864. 4. juní.

Jafnhliða leyfinu til að kaupa ríkisskuldabréf fyrir fé ómyndugra var í frumvarpi stjórnarinnar ákvörðun um, að ávaxta mætti þetta fé, þegar eins stæði á, með því að lána það móti lögmætu veði, en minni leigu en þeirri, sem ákveðin er í tilsk. 18. febr. 1847, en þó svo, að leigan að minnsta kosti væri 3 af hundraði; hélt þingið, að þetta úrræðið optastnær mundi hlíta, einkum ef fjeð, sem á boðstólum væri, næmi svo talsverðri upphæð, að menn vildu vinna til að festa jarðir sínar

1864. 4. júní.

fyrir hana, en yrði fèð í einstöku tilfelli samt sem áður eigi leigt út á þenna hátt, þa væri hagfelldasta úrræðið að lána það móti veði í lausum aurum, og væri þá fjárhaldsmönnum innanhandar að skipta fènu, ef það næmi 100 rd. eður meiru, í smærri skamta eptir því, sem í hvert skipti þætti bezt henta.

Enn fremur þótti þinginu betur við eiga, að hið íslenzka orð „lagaboð" væri við haft í fyrirsögninni í staðinn fyrir „opið brèf".

Í skýrslu þeirri, er dómsmálastjórnin lagði fyrir konung um málefni þetta segir, að þareð alþingi svo fastlega og í einu hljóði hafi verið á móti því, að leyft sè að fe ómyndugra sè varið til að kaupa fyrir það ríkisskuldabrèf, þá virtist stjórnarráðinu varla vera næg ástæða til að halda fram ákvörðuninni um þetta í frumvarpinu, og þareð álíta megi að menn sèu henni mjög mótfallnir, mundi hún og verða allþýðingarlítil; eins verði því eigi heldur neitað, að eptir því, sem ástatt er, gæti það stundum verið örðugt fyrir fjárhaldsmennina og samfara nokkurri ábyrgð fyrir þá, að útvega skuldabrèfin. Á hinn bóginn mátti sjá fyrir, að þarsem ekki er leyft, svo sem áður var, að koma fè ómyndugra á vöxtu í ríkissjóðinn, þá muni menn stundum komast í vandræði með að ávaxta slíkt fè, einkum þegar það aðeins nemur lítilli upphæð, með því ekki eru til á Íslandi sparisjóðir eður aðrar áþekkar stofnanir; þessvegna virtist eigi ástæða til að hafna ítrekaðri uppástungu alþingis, er það hefir samþykkt í einu hljóði, um að leyft verði að fè ómyndugra í vissum tilfellum verði lánað móti veði í lausum aurum, eptir að þingið nú hafði takmarkað uppástungu þessa á þann hátt, að slíkt lán aðeins gæti átt sèr stað þegar fènu, eptir að búið er árangurslaust að hafa það á boðstólum fyrir þá leigu og móti því veði, sem ákveðið er í tilsk. 18. febrúarm. 1817, eigi heldur hefir orðið komið á leigu mót veði í jörð og fyrir hina lækkuðu leigu, 3 af hundraði, og þegar enn fremur er bætt hèr við þeirri ákvörðun, sem þingið hafði stungið uppá, að engum einum sè lánað meira fè á þenna hátt en 100 rd.

Þar á móti virtist dómsmálastjórninni ekki vera nein ástæða til að breyta fyrirsögn lagaboðsins eptir uppástungu alþingis.

Eptir að frumvarp hafði verið samið samkvæmt þeim athugasemdum, sem nú hafa gjörðar verið, og samhljóða uppástungum alþingis, að nokkrum orðabreytingum undan skildum, og það hafði náð allrahæstri staðfesting konungs 4. dag júnímán. 1864, kom út lagaboð það, sem hèr stendur):

Vèr Kristján hinn Níundi, og s. frv., Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa

alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til opins brèfs um breyting á tilskipun 18. febrúarmánaðar 1847 um fjárforráð ómyndugra á Íslandi, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið: 1864. 4. júní.

1. gr.

Þegar fé ómyndugra, jafnvel þó það hafi verið haft á boðstólum á löglegan hátt, hefir ekki orðið komið á vöxtu fyrir þá leigu, sem ákveðin er í tilskipun 18. febrúarmánaðar 1847, þá skal mega ávaxta það á þann hátt, að það sè lánað móti veði, samkvæmt áðurgreindri tilskipun, fyrir leigu, er sè að minnsta kosti 3 af hundraði á ári.

2. gr.

Nú hefir fé ómyndugra eigi orðið komið á vöxtu með þeim hætti, sem segir í 1. gr., og skal þá fjárhaldsmanni leyft að lána fèð út með samþykki yfirfjárráðanda móti nægu veði í lausafè og þeirri leigu, er fengizt getur; þó má eigi lána einum manni meira fé á þenna hátt en 100 rdl.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn, 4. dag júnímánaðar 1864.

---

44. Brèf dómsmálastjórnarinnar til reikningastjórnardeildar konungsríkisins, um borgun til forseta á alþingi fyrir störf hans eptir þinglok. 13. júní.

Í brèfi 22. maím. 1862 var reikningastjórnardeildinni skýrt frá, að dómsmálastjórnin 11. dag aprílm. þar á undan hafi skorað á stiptamtmanninn yfir Íslandi — áður en skorið væri úr spurning þeirri, er reikningastjórnardeildin hafði hreyft, viðvíkjandi fæðispeningum þeim, er forseti á alþingi 1859 reiknaði sèr fyrir störf sín í þarfir alþingis eptir þinglok það ár, — að skýra sèr frá, hvernig að hefði verið farið í þessu efni eptir að þingi var slitið árið 1861.

Stjórnarráðið fèkk síðan þær skýringar um málið, sem eru í brèfi stiptamtmannsins d. 23. júlí 1862, sem hèrmeð fylgir ásamt einu fylgiskjali; í brèfi þessu fer embættismaður þessi

1864. 13. júní.

þar að auki þeim orðum um það atriði, sem hèr er um rætt yfirhöfuð, að ef ekki yrði álitið, að það væri skylda forseta eptir stöðu hans, að afgreiða borgunarlaust málefni þau, sem eptir eru óafgreidd við þinglok, virtist rèttast, að upphæð borgunar þessarar væri fast ákveðin, og ætti hún að hans áliti eigi að vera meiri en 50 rd. fyrir hvert þing. Í sambandi við þetta stakk stiptamtmaður upp á, að stiptamtmanni yrði á hendur falið að ávísa alla þá reikninga viðvíkjandi alþingiskostnaði, sem koma eptir þinglok; þó skyldi forseti þingsins fyrst rita á þá vottorð sitt um, að þeir væru rèttir.

Útaf þessu kunngjörði stjórnarráðið stiptamtmanni í brèfi 10. dag marzm. f. á., að það fèllist á hina síðast nefndu uppástungu hans, svo að öll þau gjöld, er alþingi snerta og eigi eru greidd fyrri en eptir þinglok, framvegis skuli ávísuð af stiptamtmanni, í stað þess að forseti alþingis hefir að undanförnu ávísað þau. En hvað það snerti, hvort forseti eigi heimting á nokkurri og þá hverri borgun fyrir störf sín fyrir þingið eptir þinglok, þá varð stjórnarráðið að álíta rèttast, að þetta atriði væri borið undir álit alþingis þess, er þá var fyrir hendi, og um leið var því skorað á stiptamtmann að hlutast til við konungsfulltrúa um þær ráðstafanir, er þyrfti í því efni, og sjá um, að lögð væri fyrir þingið skýrsla um, hvernig forseti á alþingi síðustu árin hefði reiknað sèr borgun fyrir störf sín.

Eptir að málið samkvæmt þessu hafði verið borið undir álit alþingis þess, er haldið var árið 1863 og forseti þingsins, eptir að málið hafði verið rætt, hafði látið greiða atkvæði um, hvort nokkuð skyldi skipta sèr af því eður láta vera við það, sem verið hefir, þá samþykkti þingið með 20 atkvæðum mót 4 að ekki skyldi skipta sèr af málinu[1].

Um leið og þetta er kunngjört reikningastjórnardeildinni, skal því við bætt, að dómsmálastjórnin ekki finnur ástæðu til að gjöra frekari ráðstafanir í þessu efni.

---

[1]) Sjá alþ. tíð. 1863. II, 1146—1154.

45. Brèf dómsmálastjórnarinnar til P. L. Hendersons stórkaupmanns í Glasgow, um gufuskipsferðir kringum Ísland.

1864. 16. júní.

Dómsmálastjórnin hefir meðtekið frá utanríkisstjórninni álitsskjal yðar, er þèr eptir tilmælum hèðan höfðuð sent hinum konunglega danska aðalkaupmæðismanni í Leith, viðvíkjandi þegnlegri bænarskrá frá alþingi Íslendinga árið 1863 um, að stjórnin hlutist til um, að reglulegar gufuskipsferðir komist á kringum Ísland, til að flytja brèf, ferðamenn og varning millum hafna þeirra, sem ákveðið yrði að það ætti að koma við á, allt móti sanngjarnri fast ákveðinni borgun. Þingið hafði hugsað sèr, að gufuskipsferðir þessar ættu að byrja á ári hverju síðast í febrúarmánuði, að farnar yrðu 12 ferðir kringum landið frá þeim tíma og til þess í októbermánuði, og skyldi farið á stað úr Reykjavík, en að öðrn leyti skyldi farin önnur hvor ferð norður fyrir land og önnur hvor suður fyrir það, og á ferðunum kringum landið skyldi auk Reykjavíkur komið við á þessum höfnum: Stykkishólmi, Ísafirði, Skagaströnd eður Hofsós, Akureyri, Húsavík, Seyðisfirði, Berufirði og Vestmannaeyjum.

Í tèðu álitsskjali yðar hafið þèr getið þess, að þèr að vísu vegna kringumstæðanna fyrst um sinn hafið frestað áformi því, er þèr hafið áður haft, að láta gufuskip ganga milli verzlunarstaða yðar á Íslandi, og þvínæst hafið þèr meðal annars tekið fram um gufuskipsferðir þær kringum Ísland, sem alþingi fer fram á, að komið verði á fót: að hafa yrði til þeirra ferða skrúfuskip rammgjört og að öllu leyti vel útbúið, á stærð við „Arcturus", með tveim káetum (1. og 2. káeta) og öðru hagkvæmu fyrirkomulagi að því skapi; að skipið, til þess að geta gegnt þessu ætlunarverki svo sem vera bæri, aðeins ætti að fara kringum landið en ekki einnig til annara landa, og fyrst um sinn koma við á Stykkishólmi, Ísafirði, Skagaströnd, Grafarósi, Akureyri, Húsavík, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum (Húsavík og Skagaströnd þó aðeins þegar veður leyfði) og að það í hvert skipti skyldi vera ferðbúið frá Reykjavík þegar gufuskipið kæmi

1864. 16. júní. þangað frá Kaupmannahöfn, og fara þaðan kringum land aðra hvora ferð suður fyrir land en aðra hvora norður fyrir.

Stjórnarráðið fellst nú að vísu á álit yðar um stærð skipsins og fyrirkomulag, um það hvar það ætti að koma við, hve margar ferðir það ætti að fara og hvenær það ætti að fara á stað. En um leið og stjórnarráðið ítrekar það, að hér er aðeins rætt um að gjöra tilraun í þá átt, sem farið er fram á í bænarskrá alþingis, leiðir það athygli yðar að því, að það er nauðsynlegt, áður en skorað er á ríkisþingið um að veita fé það, er þarf til framkvæmdar þessu áformi, að hafa ákveðna uppástungu til að byggja á í því efni, og eruð þér því, herra stórkaupmaður, beðnir um að senda stjórnarráðinu uppástungu með ástæðum fyrir, um það hversu mikið tillag úr almennum sjóði þér munduð þurfa til að halda uppi gufuskipsferðum þeim kringum Ísland, sem hér er um rætt.

---

16. júní. **46. Opið brèf, um löggilding verzlunarstaðar við Lambhússund á Skipaskaga í Borgarfjarðarsýslu í suðurumdæminu á Íslandi.**

(Til alþingis þess, er haldið var árið 1863, kom bænarskrá frá Borgarfjarðarsýslu og Mýrasýslu um kauptún á Skipaskaga við Lambhússund á Akranesi í suðurumdæminu[1]. Eptir að alþingi hafði farið með málið á lögskipaðan hátt, sendi það konungi þegnlega bænarskrá um málið og bað í henni um:

1. að löggilt yrði kauptún við Lambhússund á Skipaskaga í Borgarfjarðarsýslu; og til vara
2. að kauptún þetta yrði löggilt þannig, að einungis öllum búsettum fastakaupmönnum á Íslandi sè leyft að reisa þar sölubúð og hafa þar verzlun með þeim rètti og skilmálum, er segir í opnu brèfi 28. desemberm. 1836.

Bænarskrá þessi er prentuð í alþingistíðindunum 1863. I, 301—308. bls.

Konungsfulltrúi hefir í álitsskjali sínu um málið getið þess, að alþingi að hans áliti gjöri of mikið úr vankvæðum þeim, sem á því sèu fyrir íbúa Borgarfjarðarsýslu að sækja kaupstað í Reykjavík, og eins muni vera gjört ofmikið úr hagsmunum þeim, sem þeir geti af því haft, þó verzlunarstaður komist á fót við Lambhússund; því hvort sem

[1]) Sjá alþ. tíð. 1863. I, 110—112.

einhver kaupmaður úr Reykjavík eður einhver annar fastakaupmaður byrjaði þar verzlun, gæti þar aldrei orðið annað en útkaupstaður, er aðeins hefði vörubirgðir á sumrum, en á veturna mundi eigi verða til aðrar vörur en þær, sem útgengilegastar væru: kaffi, sykur, brennivín, tóbak og s. frv., en ekki hinar eiginlegu nauðsynjavörur, sem hlutaðeigendur því eins og áður yrðu neyddir til að sækja til Reykjavíkur, þaraðauki mundi fastakaupmönnum varla þykja tilvinnandi að hafa fasta verzlun við Lambhússund, með því þeir geti komið þar út vörum sínum með hægra móti og fengið aptur vörur innbúanna, með því að nota sèr leyfi það, sem veitt er í opnu brèfi 19. maí 1854, eins og þeir hafi gjört síðastliðið ár. Konungsfulltrúi getur þess þar að auki, að það sè aðgæzluvert, þegar rætt er um löggilding nýrra verzlunarstaða, að allt of mikil sundrung á verzluninni hljóti að tálma því, að eiginlegir verzlunarstaðir geti blómgazt. En þareð þingið með miklum atkvæðamun hafi farið þess á leit, að verzlunarstaður þessi væri löggiltur, þá skýtur konungsfulltrúi því undir álit stjórnarinnar, hvort næg ástæða virðist vera til að fallast á bænarskrá þingsins. 1864. 16. júni.

Um sama leytið og stjórnin fèkk bænarskrá alþingis, sendi stiptamtmaðurinn á Íslandi henni skjal nokkurt frá bæjarfulltrúunum í Reykjavík, er bæjarfógetinn hafði fallizt á; er í því skjali beðið um, að bænarskráin ekki verði tekin til greina, og einkum tilfært því til styrkingar, að verzlunarstaðurinn við Lambhússund, ef hann móti von fengi nokkra þýðingu, mundi vegna nálægðarinnar spilla fyrir verzluninni í Reykjavík, og framförum þess kaupstaðar í öllum greinum.

Í skýrslu dómsmálastjórnarinnar um málið, þá er það var lagt fyrir konung, segir, að stjórnarráðið sè á sama máli og konungsfulltrúi um, að ótakmarkað leyfi til að stofna verzlunarstaði á Íslandi sè til skaða fyrir verzlunina þar og standi henni fyrir þrifum, og svo virðist einnig mjög vafasamt, hvort nokkur muni vilja ráðast í að byggja sölubúð við Lambhússund, einkum vegna þess hvað það er nálægt Reykjavík. Þar á móti gat stjórnarráðið ekki álitið þá mótbáruna mikilsverða, að verzlun Reykjavíkur mundi bíða skaða af því, þó slíkur verzlunarstaður væri löggiltur, því það líklegasta væri, að þeir, sem þangað kæmu, mundu annaðhvort eingöngu eða mestmegnis verða kaupmenn úr Reykjavík, sem þegar hafa verzlunarviðskipti við menn þar, og þessi verzlunarviðskipti mundu aukast ef þar yrði löggiltur verzlunarstaður, því kaupmenn úr Reykjavík gætu þá flutt þangað allskonar vörur til að verzla með, þarsem þeir nú eru bundnir við að senda þangað aðeins vissar vörutegundir samkvæmt opnu brèfi 19. maím. 1851. Sú hafði og orðið raun á, meðan leyft var að sigla upp Krossvík

1864. 16. júní. á Akranesi, að þangað var töluverð aðsókn af fastakaupmönnum úr Reykjavík. En jafnvel þó ekki verði við því búizt, eptir áliti stjórnarráðsins, að staður þessi nokkurntíma verði þýðingarmikill sem verzlunarstaður, virtist því samt sem áður ekki vera næg ástæða til að hafna uppástungu alþingis, er það hafði fallizt á með miklum atkvæðamun, um að verzlunarstaður þessi verði löggiltur, með því ekki verði heldur móti því borið, að slíkt geti verið nokkurs vert fyrir sveitir þær, er hlut eiga að máli, þar sem það, einsog áður er sagt, ekki virðist geta orðið hættulegt fyrir Reykjavíkur kaupstað, sem þar er í grennd.

Að endingu gat stjórnarráðið þess, að ef þessi skoðun næði allrahæstu samþykki konungs, fèlli burt varauppástunga þingsins um, að öllum búsettum fastakaupmönnum á Íslandi yrði leyft að reisa sölubúð og hafa verzlun við Lambhússund, með því slík ákvörðun, hvort sem var, eigi væri tiltækileg, þarsem hún kæmi beinlínis í bága við hin almennu verzlunarlög Íslands, sem eigi virtist vera ástæða til að gjöra neina breyting á nú sem stendur, enda yrði það eigi heldur gjört nema ríkisþingið ætti þátt í því.)

Vèr Kristján hinn Níundi, og s. frv., Gjörum kunnugt: Samkvæmt þegnlegum tillögum alþingis hefir Oss allramildilegast þóknazt að löggilda verzlunarstað við Lambhússund á Skipaskaga í Borgarfjarðar sýslu í suðurumdæminu á Íslandi.

Fyrir því skal það frá 1. degi janúarmánaðar 1865 leyft að byggja sölubúðir og hafa fasta verzlun á þessum stað með þeim skilmálum, er segir í opnu brèfi 28. desembermánaðar 1836, og mega einnig frá sama tíma innlendir og útlendir lausakaupmenn koma þangað til verzlunar, þegar þess er gætt, sem um það efni er ákveðið í nefndu lagaboði og í lögum 15. aprílmánaðar 1854 3. grein.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn, 16. dag júnímánaðar 1864.

---

27. júní. **47. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um eignarrètt til vogreka.**

Í brèfi 8. febrúarm. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður,

skýrt frá, að eptir að búið hafi verið að tilkynna yður, að í 1864.
októbermánuði 1862 hafi rekið á land í Staðarsveit í Snæfells- 27. júní.
nessýslu og um sama leyti í Hnappadalssýslu fjölda af vogreka-stubbum af útlendu skipi, sem menn hèldu að hefði heitið „Theophilo", eptir því, sem ráðið varð af merki, sem var á fjöl einni, er var með vogrekum þeim, er bar á land í Staðarsveit, þá hafið þèr boðið hlutaðeiganda sýslumanni að selja vogrek þessi, og gefið út auglýsing um þau, en presturinn að Hítardal, Þorsteinn prófastur Hjálmarsen, og eigandi kirkjunnar í Hjörtsey, Guðmundur fyrrum hreppstjóri Sigurðsson, hafi neitað, hinn fyrrnefndi að greiða andvirðið fyrir kvartil með fernísolíu, er við þetta tækifæri hafi borið á land á reka Hítardals kirkju á Gömlueyri við Litlahraun í Kolbeinsstaða hrepp, og hinn síðar nefndi að selja fram skipsmastur, er borið hafði upp á reka Hjörtseyjar kirkju, 21 alin á lengd og 2½ alin ummáls í neðri endann og hafi verið virt á 7 rd.; hafa menn þessir álitið, að þeir sem landeigendur ættu að eignast þessa hluti eptir opnu brèfi 2. aprílm. 1853 og kansellíbr. 26. ágústm. 1809, ef rèttur eigandi eigi leiddi sig að þeim og sannaði eignarrètt sinn áður en hinn lögboðni frestur væri út runninn.

Þèr hafið nú, herra amtmaður, getið þess, að opið brèf 2. aprílm. 1853, saman borið við opið brèf 4. maí 1778 2. gr. og kansellíbr. 26. ágústm. 1809, eigi virðist veita tèðum landeigendum rètt þann, er þeir telja að sèr beri, heldur eigi andvirði þeirra hluta, sem hèr er um rætt, og sem vafalaust muni vera af spánsku skipi, „Theophilo" að nafni, er hafi brotnað við Reykjanes haustið 1862, að renna inn í ríkissjóðinn ef eigandi eigi leiði sig að þeim, eptir ákvörðuninni í opnu br. 4. maí 1778 1. gr. Fyrir þessa sök, og af því að landeigendur á Íslandi jafnaðarlega vitni til opins brèfs 2. aprílm. 1853 sem heimildar fyrir því, að þeir sèu eigendur að öllu, sem rekur af sjó uppá fjörur þeirra, en ríkissjóðurinn með því móti geti misst töluverðar tekjur, einkum eptir þeim mælikvarða, sem vant sè við að hafa við virðing á vogrekum á Íslandi, þá hafið þèr, herra amtmaður, beiðzt leiðbeiningar stjórnarráðsins um, hvernig að skuli farið í slíkum tilfellum, og sèrstaklega beiðzt

1864. 27. júní. úrskurðar um: 1. hvort þorsteinn prófastur Hjálmarsen í Hítardal og Guðmundur kirkjueigandi Sigurðsson eigi að eignast andvirði áðurgreindra hluta, og ef svo skuli vera, 2. hvort það þá framvegis eigi að vera regla, að lóðareigendurnir, eður þeir er hafa afnot af rekafjörum, framvegis þegar svo er ástatt, sem hèr er um rætt, eigi að eignast þau vogrek, sem nefnd eru í opnu brèfi 4. maí 1778 1. gr., ef virðingarverð þeirra ekki fer fram yfir þá upphæð, 15 rd., sem um er rætt í kansellíbr. 26. ágústm. 1809.

Um þetta efni kunngjörir nú stjórnarráðið yður, yður til leiðbeiningar og athugunar, að bæði er það, að opið br. 2. aprílm. 1853, er aðeins ræðir um vogrek á bændaeignum, ekki getur átt við það tilfelli, sem hèr er fyrir hendi, eins og þèr, herra amtmaður, einnig hafið álitið, enda verða eigi heldur þeir hlutir, sem hèr er um rætt, heimfærðir undir orðin í opnu brèfi 4. maím. 1778 2. gr.: „smá einstök brot af strönduðum skipum og bátum, sem eru lítils virði" og samkvæmt þessum orðum verður að skilja kansellíbrèfið frá 26. ágúst 1809, með því það brèf einungis nákvæmar ákveður, að 15 rd. skuli vera takmark fyrir verði þeirra vogreka, sem orð þau eiga við, er nú voru tilfærð úr 2. grein hins opna brèfs. Það virðist því vera vafalaust, að hvorki þorsteinn prófastur Hjálmarsen nè Guðmundur kirkjueigandi Sigurðsson hafi rètt til umráða yfir vogrekum þeim, sem bar upp á fjörur þeirra og hèr er um rætt, heldur eigi þau að verða eign ríkissjóðsins, eptir að hinn lögboðni frestur er út runninn án þess að eigandinn hafi leitt sig að þeim og sannað eignarrètt sinn. Þau frumrituð fylgiskjöl, er voru með brèfi amtsins, eru hèrmeð aptur send.

---

28. júní. **48. Brèf dómsmálastjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um borgun fyrir læknakennslu af fè spítalasjóðanna.**

Í brèfi 29. októberm. f. á. hafið þèr, háæruverðugi herra, skýrt frá, að amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu hafi

neitað, þangað til nákvæmari ákvörðun yrði gjörð um það efni, 1864.
að borga af fé Möðrufells spítala eptir tilmælum yðar ¼ af 28. juní.
þeim 600 rd., sem samkvæmt konungsúrskurði 29. ágústmán. 1862 áttu að borgast árið 1863 af hinum íslenzka læknasjóði til kennslu í læknisfræði hjá landlækninum á Íslandi; hafið þèr, háæruverðugi herra, getið þess, að þarað ekkert annað hlutfall hafi verið ákveðið, hafið þèr álitið, að greiða ætti einn fjórða part af greindri upphæð úr sjóði hvers eins af spítölunum öllum fjórum, og að þèr, eptir að samkvæmt þessu hafi verið búið að borga 150 rd. af fé hvers af þessum þrem spítölunum: Hörgslands-, Kaldaðarnes- og Hallbjarnareyrar spítala, hafið borgað þá 150 rd., sem eptir stóðu fyrir Möðrufells spítala, af fé þeirra tveggja spítalanna, er standa beinlínis undir umsjón yðar. Með tilliti til þessa hafið þèr beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins um, á hvern hátt beri að greiða þá 600 rd., sem að ofan er um rætt, af fé spítalanna.

Eptir að stjórnarráðið nú hefir fengið ítarlegri skýringar um málefni þetta í brèfi yðar, háæruverðugi herra, dagsettu 25. aprílm. þ. á., skal yður hèrmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar, að dómsmálastjórnin fellst á, að þeim 600 rd., sem eptir allrahæstum úrskurði 29. ágústm. 1862 fyrst um sinn árlega er varið af fé læknasjóðsins til kennslu í læknisfræði hjá landlækninum á Íslandi, sè skipt niður á sjóði allra fjögra spítalanna, eins og þèr hafið álitið vera ætti, þannig að einn fjórði hluti upphæðarinnar sè greiddur af fé hvers spítala, og að þessvegna þeir 150 rd., sem árið 1863 voru greiddir fyrir Möðrufells spítala af fé Hörgslands- og Kaldaðarnes spítala, verði endurgoldnir sjóðum þessara spítala af fé hins fyrstnefnda spítala.

Því skal við bætt, að stjórnarráðið hefir í dag kunngjört Havstein amtmanni þenna úrskurð sinn.

1864. 28. júní.

49. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um guðsþjónustugjörðir katólskra í Reykjavík.

Með brèfi 23. aprílm. þ. á. hafið þèr, háæruverðugi herra, sent kirkju- og kennslustjórninni skýrslu frá sóknarprestinum við Reykjavíkur dómkirkju, Ólafi prófasti Pálssyni, um það, að annar hinna katólsku klerka, sem eru í greindum bæ, hafi sunnudaginn 3. dag sama mánaðar haldið opinbera guðsþjónustugjörð eptir katólskum sið í húsi nokkru, þar sem sè umbúið sem í bænahúsi, og hafi mikill hluti bæjarmanna verið þar við; hafi klerkurinn þá flutt ræðu á íslenzka tungu um yfirburði þá, er katólsk trúarbrögð ættu að hafa framyfir hina evangelisku trú; hafið þèr meðal annars skýrt frá, að slík katólsk guðsþjónustugjörð hafi einnig fram farið tvo næstu sunnudagana á eptir, og farið þess á leit, að með öllu löglegu móti verði reistar skorður við athæfi því, sem hèr er um rætt, er það virðist miða til þess að fá menn á Íslandi til að taka upp katólskan sið.

Þess skal hèr getið, að skömmu eptir að brèf yðar var hingað komið, barst stjórnarráðinu brèf frá dómsmálastjórninni; er þar skýrt frá, að stiptamtmaðurinn yfir Íslandi hafi leitað til hennar um hið sama málefni, og er þar einnig tekið fram, hvað henni sýndist eiga að gjöra í þessu efni og jafnframt beiðzt álits þessa stjórnarráðs um það. Um leið og yður er sent eptirrit af brèfi dómsmálastjórnarinnar, skal yður nú til vitundar gefið, að henni hefir í dag verið svarað á þá leið, að kirkju- og kennslustjórnin að sínu leyti fallist með öllu á álit það, sem dómsmálastjórnin hafi yfir lýst um málefni þetta[1], en þó verði að álíta, að hið fyrirhugaða forboð ekki geti verið því til tálmunar, að katólsku klerkarnir í Reykjavík haldi guðsþjónustugjörð eptir katólskum sið fyrir skipshafnirnar á frakkneskum herskipum og fiskiskipum, eður fyrir aðra katólska menn, er þangað kynnu að koma, og að kirkju- og kennslustjórnin ekki

[1]) Álit dómsmálastjórnarinnar sèst af brèfinu nr. 51 hèr á eptir.

fyrir sitt leyti finni ástæðu til að gjöra meira í málefni þessu, en afsali dómsmálastjórninni frekari afskipti af því. 1864. 28. júní.

---

50. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um rán útlendra fiskimanna í Vigur. 29. júní.

Með brèfi 29. janúarm. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr háæruverðugi herra, sent hingað útskript af rèttarprófi, sem sýslumaðurinn í Skaptafellssýslu hafði haldið, til að fá ýmsar skýrslur útaf kæru nokkurri frá Bjarna Sveinssyni, presti til Stafafells í Skaptafellssýslu, en kæra hans var inn færð í útskriptina, og hafði hið síðasta alþingi vísað henni til stiptsyfirvaldanna með meðmælum sínum; en kæru þessari er þannig varið, að presturinn ber fram umkvörtun yfir því, og biður um endurgjald úr almennum sjóði fyrir það, að skipshöfnin á útlendu fiskiskipi, líklega frakknesku, hafi vorið 1863 framið rán í eynni Vigur, er liggur undir tèð prestakall; hafi skipverjar eptir því, sem skýrslur þær, sem um er rætt í bænarskránni og prófinu, sýni, farið á land í ey þessari, sem er óbyggð, og liggur nokkuð langt undan landi, tekið egg og dún úr æðarfuglahreiðrum þar í eynni og fælt burt þaðan fuglinn, svo að arðurinn af varpinu þar hafi sumarið 1863 aðeins verið 15 pund af hreinsuðum dún, en árið á undan hafi hann verið 30 pund.

Um leið og þèr hafið lagt málefni þetta undir úrskurð kirkju- og kennslustjórnarinnar, hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, getið þess, að ekki verði höfðað mál til skaðabóta útaf athæfi þessu, þareð mönnum eigi hafi heppnazt að fá neinar ítarlegri skýrslur um þá, er verkið hafi unnið, eður um nafn skipsins eður heimkynni, og að það reyndar sè mjög illa farið, að hlutaðeigandi hafi orðið fyrir tjóni því, sem hèr er um rætt, en varla verði álitið, að hann hafi neina rèttarkröfu til að fá endurgjald fyrir það úr almennum sjóði; á hinn bóginn hafið þèr tekið fram, að eptir atvikum, sem hèr

1864. 29. júní. eiga sèr stað, og vegna þess, að beiðandinn er efnalítill og má ekki við að missa neins í af embættistekjum sínum, sem eru rýrar, þá væri það mjög æskilegt, ef honum af sèrstaklegri náð yrði veitt hæfileg þokkabót fyrir skaða þann, er hann hefir beðið.

Um þetta efni skal yður hèrmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það Bjarna presti Sveinssyni, að stjórnarráðið ekki sèr sèr fært að útvega honum neinar bætur fyrir skaða sinn, en því skal við bætt, að vegna þess að málefni þetta hefir verið sett í samband við málefnið um fiskiveiðar útlendra manna við Ísland, þá hefir það verið fengið dómsmálastjórninni til frekari meðferðar.

---

29. júní. **51. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um guðsþjónustugjörðir katólskra í Reykjavík.**

Tveir katólskir klerkar, er búa í Reykjavík og haldið er að sèu áhangendur trúarútbreiðslufèlags katólskra á norðurlöndum, höfðu haldið opinbera guðsþjónustugjörð eptir katólskum sið sunnudaginn 3. dag aprílm. síðastl. í bænhúsi, er þeir hafa byggt við hliðina á íbúðarhúsi sínu, en þeirri guðsþjónustugjörð hafði hlýtt mikill hluti af bæjarmönnum, og hafði þá annar af klerkum þessum flutt ræðu á íslenzka tungu, er einkum kvað hafa lotið að því, að taka fram kosti þá, er katólsk trúarbrögð ættu að hafa fram yfir önnur trúarbrögð. Fyrir þessa sök hefir bæjarfógetinn í Reykjavík í brèfi, er hingað barst með álitsskjali yðar, herra stiptamtmaður, dags. 13. aprílm. þ. á., spurt um:

1. hvort ekki megi beina leið banna að halda slíka opinbera guðsþjónustugjörð, meðan enginn rómversk-katólskur söfnuður sè til að halda hana fyrir, og
2. hvort menn, ef þessu verði neitað, eigi að láta sèr nægja að hafa vakandi auga á, að hinir rómversk-katólsku klerkar

ekki fái menn til að taka trú sína, eða gjöri tilraun til þess. 1864. 29. júní.

Eptir að búið er að skrifast á um þetta efni við kirkju- og kennslustjórnina, skal yður nú kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér gjörið þær ráðstafanir, er gjöra þarf:

Lagaboð það, sem því verður að ráða, hvernig leysa skal úr þeirri spurning, hvort hinum katólsku klerkum, sem hèr er um rætt, sè heimilt að fara að á þann hátt, sem þeir hafa gjört, er tilskipun 17. nóvemberm. 1786 1. grein, en þar er öllum „ermeðkenna kristilega trú" í hinumíslenzku kaupstöðum veitt „fullkomið umburðarlyndi" og leyfð „frjáls og óhindruð guðsþjónustugjörð." Eptir áliti dómsmálastjórnarinnar getur leyfi það, sem kristilegum trúarbragðaflokkum þannig er veitt til: frjálst og óhindrað að halda guðsþjónustugjörð, ekki náð lengra en svo, að þeim sè heimilt að dýrka guð á þann hátt, sem samkvæmur er sannfæringu þeirra; en þar á móti geta klerkar þessara trúarbragðaflokka engan rètt haft til að halda guðsþjónustugjörð fyrir þá, sem ekki eru í þeirra flokki. Bæði er það, að þau orð, sem til var vitnað, í 1. grein tilskipunarinnar virðast beinlínis eptir efni sínu votta, að skilja beri lagastaðinn á þenna hátt, enda styrkist og sú ætlun, að þetta sè rètt, við þann kafla greinarinnar, sem kemur rètt á eptir þeim orðum, sem að ofan eru tilgreind: „til hverrar jafnvel þeir reformeruðu, eptir ásigkomulagi, vænta megu leyfis til kirkjubyggingar". Því eptir hinum íslenzka texta tilskipunarinnar, sem undirskrifaður er af konungi þeim, er þá ríkti, verður að skilja viðbæti þenna á þann veg, að hinir reformertu eptir atvikum geti búizt við að fá leyfi til að byggja kirkju, og sèst af því, að það ekki hefir verið tilgangurinn að veita hinum ýmsu trúarbragðaflokkum, sem mismunar í kenningum sínum frá lærdómum landskirkjunnar, leyfi til að halda opinbera guðsþjónustugjörð.

Eptir því, sem nú hefir sagt verið, getur ekki stjórnarráðið annað en álitið athæfi það, sem hèr er um kvartað, ólöglegt, og skal því hèrmeð skorað á yður, herra stiptamtmaður, að bjóða bæjarfógetanum í Reykjavík að banna hinum katólsku

1864. 29. júní. klerkum, sem þar eru, að halda framvegis nokkra slíka opinbera guðsþjónustugjörð, sem hèr er um rætt.

---

29. júní. **52. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um álnatal í hundruðum eptir hinni nýju jarðabók.**

Með brèfi 29. marzm. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, sent hingað skjal nokkurt frá hèraðsprófastinum í Dalasýslu; í því ber hann sig upp yfir úrskurði amtmannsins í vesturumdæminu, er lýtur að því, að í jarðarhundruðunum í jarðabókinni frá 1861 sèu ekki, eins og áður hefir verið, 120 álnir, heldur aðeins 100 álnir í hverju hundraði; hafið þèr skýrt frá, að þèr hafið svarað prófastinum, að það megi álítast öldungis vafalaust, að hið nýja jarðamat ekki hafi gjört neina breyting á hinni gömlu reglu um, að 120 álnir sèu í hundraði, og að þèr hafið boðið honum að gæta þess, að kirkjutíundin af jörðunum sè heimtuð samkvæmt þessu, en beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins um, hvað rètt beri að álíta í þessu efni.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þèr kunngjörið það, að stjórnarráðið fellst á álit yðar og ráðstafanir í þessu efni.

---

30. júní. **53. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir flutning sakamanns.**

Í brèfi dagsettu 12. d. marzm. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, borið undir úrskurð dómsmálastjórnarinnar ágreining, sem orðið hefir millum yðar og amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu á Íslandi, um borgun 30 ríkisdala fyrir flutning á fanganum Guðlaugi Þórðarsyni í októbermánuði f. á. úr Eyjafjarðarsýslu til Reykjavíkur, þaðan er átti að senda hann til Kaupmannahafnar til að þola hèr í einhverju hegningarhúsi

hegningarvinnu þá, er hann hefir verið dæmdur til. Þèr hafið, herra stiptamtmaður, í þessu efni látið í ljósi það álit yðar, að eptir kansellíbrèfi 22. d. septemberm. 1840 beri að greiða fè þetta úr jafnaðarsjóði hlutaðeiganda umdæmis (hèr norður- og austurumdæmisins), en Havstein amtmaður heldur þar á móti, að kostnað þenna beri að greiða úr ríkissjóðnum án endurgjalds, og styður hann það álit sitt við konungsúrskurði dagsetta 17. aprílm. 1789 og 25. septemberm. 1816, kansellíbref 10. marzm. 1821 og rentukammerbrèf til norður- og austuramtsins, dags. 8. janúarm. 1842, og við venju þá, sem á síðari tímum hafi tíðkazt, þegar sakamenn hafa verið sendir úr greindu amti til að þola hegningarvinnu. 1864. 30. júní.

Um leið og dómsmálastjórnin getur þess, að konungsúrskurðir þeir og stjórnarráðabrèf, sem Havstein amtmaður hefir til vitnað, snerta einungis flutning sakamanna frá Íslandi til hegningarvinnuhúsa í Danmörku, og eiga því ekki við það tilfelli, sem hèr er fyrir hendi, þarsem ágreiningur er um kostnað við flutning sakamanns á Íslandi, skal yður um þetta efni kunngjört, að samkvæmt því, sem ákveðið var um áþekkt málefni í brèfi frá hinu fyrrveranda konunglega danska kansellíi til norður- og austuramtsins, dagsettu 2. dag októberm. 1841, ber að greiða áðurgreindan kostnað við flutning sakamannsins Guðlaugs Þórðarsonar á sama hátt og hinn kostnaðinn við sakamál hans, og þessvegna borga hann úr jafnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins að því leyti, sem hann ekki getur fengizt hjá sakamanninum.

Stjórnarráðið hefir í dag kunngjört amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu þenna úrskurð sinn, honum til athugunar.

---

54. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um gjaldfrest á láni til Álptanes hrepps. 30. júní.

Þèr hafið, herra stiptamtmaðnr, í brèfi dags. 2. d. aprílm.

1864. 30. júní.

þ. á. skýrt frá, að þèr hafið boðið sýslumanninum í Gullbringu sýslu að hlutast til um, að sveitarstjórnin í Álptanes hrepp borgaði inní jarðabókarsjóðinn það, sem áskilið hafði verið að borga ætti uppí kornlán það, hèr um bil 1000 rd. að upphæð, er sveit þessari hafði verið veitt, og einnig vöxtu af skuldinni, en embættismaður þessi hafi farið þess á leit, að fresta mætti borgun lánsins, ef ekki gæti fengizt full uppgjöf á því, þareð sveitin, að minnsta kosti nú sem stendur, sè öldungis ófær til að greiða neitt upp í skuldina; hafið þèr sagt rètt vera það, er Clausen sýslumaður hefir tekið fram um fátækt hreppsins, og lagt það til, að sveitinni verði veittur hæfilegur frestur með borgun skuldarinnar, en þar á móti er, að yðar áliti, ekki næg ástæða til að veita henni frest með borgunina á vöxtunum.

Um leið og dómsmálastjórnin getur þess, að hún gjörir ráð fyrir, að skuld sú, hèr um bil 1000 rd. að upphæð, sem hèr er um rætt, sè andvirðið fyrir þann hlutann, er Álptanes hreppur hlaut af korni því, er keypt var fyrir fè það, er samkvæmt brèfi dómsmálastjórnarinnar, dags. 12. d. septembermán. 1861, var greitt úr jarðabókarsjóði Íslands og seinna endurgoldið ríkissjóðnum úr hinum íslenzka styrktarsjóði[1], en ekki sè átt við annað lán jafnmikið, er veitt hafði verið úr ríkissjóðnum, skal yður hèrmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þèr auglýsið það, að vegna þess, hvernig ástatt er, veitist leyfi til, að greindur hreppur fái frest til loka yfirstandanda árs með að borga það, sem áskilið var að greiða skyldi uppí skuld þessa, með því skilyrði, að greiddir sèu vextir þeir, sem áfallnir eru af skuldinni, en með fyrstu póstferð næsta ár vonast stjórnarráðið eptir að fá skýrslu um ástandið.

Einnig skal skorað á yður, herra stiptamtmaður, að senda stjórnarráðinu reikning með skilríkjum yfir þann hlutann, er eptir brèfi yðar, dags. 18. dag marzm. 1862, var veittur ýmsum öðrum sveitum í suðurumdæminu af láni því, sem hèr er um rætt.

---

[1]) Fè þetta var alls 4055 rd. 95 sk. að upphæð.

55. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um bústað sýslumannsins í Norðurmúlasýslu. 1864. 30. júní.

Útaf þeim tillögum yðar, herra amtmaður, í brèfi 18. febrúarm. þ. á., að O. Smith, sýslumanni í Norðurmúlasýslu, verði leyft að hafa bústað sinn á Vestdalseyri, sem svo er nefnd, í grennd við verzlunarstaðinn á Seyðisfirði, er sá staður sè haganlega settur fyrir allan þorra sýslubúanna, skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þèr kunngjörið það, að frá stjórnarráðsins hálfu er ekkert þessu til fyrirstöðu.

---

56. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um borgun á kaupverði fyrir hús. 30. júní.

Með brèfi 18. febrúarm. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, sent dómsmálastjórninni brèf frá þorsteini kansellíráði Jónssyni, sýslumanni í þingeyjar sýslu; skýrir hann þar frá, að hann hafi gjört kaupsamning við Schulesen heitinn kammerráð, um íbúðarhús nokkurt í Húsavík, er hinn síðar nefndi átti; hafi hann í samningi þessum skuldbundið sig til að borga til ýmsra ómyndugra í sýslunni, er áttu í höndum Schulesens hèrumbil 500 rd., helminginn af þeim 1000 rd. af kaupverðinu, er eptir stæðu 31. dag desemberm. 1863, og leitar hann nú úrskurðar stjórnarráðsins um, hvort hann megi borga það, sem þannig er eptir af kaupverðinu, á þann hátt, sem áskilið er í samningnum, án tillits til skulda þeirra, er ef til vill kunni að hvíla á dánarbúi Schulesens kammerráðs; hafið þèr, herra amtmaður, lýst því yfir, að þèr eptir atvikum málsins getið ekki betur sèð, en að eptirstöðvarnar af kaupverði því, sem hèr er um rætt, eigi að borgast inn í búið og teljast með tekjum þess, en aptur á móti beri að lýsa eptir kröfum hinna ómyndugu í búinu á sama hátt og öðrum skuldum, og muni þá hinir ómyndugu ekki bíða neitt

1864. 30. júní. tjón, er þeir eptir tilsk. 18. febrúarm. 1847 18. grein hafi veðrètt í dánarbúi yfirfjárráðanda.

Með því stjórnarráðið fellst á skoðun þá, er þèr þannig hafið í ljósi látið, skorar það hèrmeð á yður, að svara þorsteini kansellíráði Jónssyni þessu samkvæmt.

---

1. júlí. **57. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um nýbýlingsrèttindi Jóns Bjarnasonar í Vilborgarkoti.**

Í brèfi 2. dag aprílm. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að bóndi nokkur, Jón Bjarnason að nafni, hafi vorið 1863 farið þess á leit, að sèr væri útvísuð til byggingar eyðijörðin Vilborgarkot í Seltjarnarnes hreppi innan Gullbringusýslu, og að það hafi verið ályktað við skoðunargjörð þá, er fyrir þessa sök hafi haldin verið, að nábýlisjarðirnar Hólmur og Helliskot, sem eyðijörðin um mikinn fjölda ára hefir legið undir, og verið partur úr sjálfri landeign þeirra, missi svo mikils í ef hún er aðskilin frá þeim og byggð, að sá, er hana byggði, ætti að bæta upp eigendum hvorrar fyrir sig af jörðum þessum skaða þenna með 20 álna árgjaldi, en að hlutaðeigandi hafi álitið, að hann sem nýbýlingur hefði átt að fá jörðina Vilborgarkot útvísaða til óðals og eignar samkvæmt tilskipun 15. aprílm. 1776, og að hann því hafi heimtað, að stiptamtið gæfi sèr nýbyggjarabrèf fyrir greindri eyðijörð, er hann hefir byggt. Þèr hafið nú herra stiptamtmaður haldið, að ekki yrði fallizt á þetta, og hafið þèr í því efni tekið fram, að tilgangurinn með ákvörðunina í tilsk. 15. aprílm. 1776 verði að vera sá, að hvetja menn með hlunnindum þeim, sem þar er heitið, til að byggja og rækta jarðir, sem annaðhvort eru í eyði, eður eptir landslaginu ekki geta orðið ábúendum þeirra jarða, sem þær liggja undir, til neinna verulegra nota; að tilskipunin virðist gjöra ráð fyrir, að heimajörðin, eptir að nýbýlið er frá henni skilið, gefi ábúandanum hèrumbil sama arð og geti risið undir sömu álögum

og áður, og svo eigi einnig, þegar sá tími er liðinn, sem nýbyggjarinn er laus við afgjöldin, að meta nýbýlið til dýrleika útaf fyrir sig og afgjalda til hins opinbera, án þess haft sè tillit til heimajarðarinnar, og sæti nýbýlið þannig sömu kjörum og aðrar jarðir um borgun afgjaldsins, og að þegar ákvörðun tilskipunarinnar sè skilin á þenna hátt, þá sè glöggur greinarmunurinn milli nýbýlis og afbýlis, því afbýli myndist annaðhvort við það, að skipt sè landi jarðar, eður að flutt sè út nokkuð af húsum jarðarinnar, án þess umtalsmál geti verið að veita slíku býli nýbyggjara rèttindi. Þegar nýbýlatilskipunin er skilin á þenna hátt og haft tillit til þess, sem ályktað var við skoðunargjörð þá, sem að ofan er nefnd, getur hèr aðeins verið að ræða um afbýli í ströngum skilningi, og getur þá, að yðar áliti, ekki orðið umtalsmál að veita hlutaðeiganda nýbyggjarabrèf; en þareð hann, eptir að þèr hafið kunngjört honum þetta, álítur að rètti sínum sè hallað með þessu móti, þá hafið þèr beðið stjórnarráðið um að skýra yður frá, hvort ekki sè heimild fyrir skoðun yðar á málinu í tilsk. 15 aprílm. 1776, og hvort ekki hafi verið rètt að neita honum um nýbyggjarabrèf það, er hann heimtaði, en jafnframt þessu hafið þèr bent á, hvort ekki muni vera ástæða að veita honum, þó hann sè afbýlismaður, lausn frá að greiða þinggjöld, þ. e. skatt, gjaftoll og tíund, eptir því, sem ákveðið er í 9. og 10. grein í optnefndri tilskipun, og virðist yður slíkt gjaldfrelsi byggt á sanngirni. 1864. 1. júlí.

Um þetta efni skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þèr auglýsið það, að krafa tèðs Jóns Bjarnasonar um að fá nýbyggjarabrèf og rèttindi þau og gjaldfrelsi, sem því eru samfara, virðist eigi hafa heimild í tilsk. 15. aprílm. 1776, og þykir stjórnarráðinu vert að geta þess, að eptir þeirri skoðun á máli þessu, sem þèr, herra stiptamtmaður, hafið haldið fram og sem stjórnarráðið fellst á, virðist ekki hafa verið ástæða til að halda skoðunargjörð þá, sem að ofan er um rætt.

1864. 6. júlí. **58. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lækkun á landskuld af Undirhrauni.**

Í brèfi 18. dag marzm. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að Sveinn Sveinsson, ábúandi á fjórða partinum af jörðinni Undirhrauni, er heyrir undir Kirkjubæjar klausturs umboð, hafi árið sem leið rifið öll húsin á jarðarparti þessum, og síðan flutt þau og byggt upp aptur á öðrum stað óhultari; hafði stjórnarráðið þegar í brèfi sínu 24. desemberm. 1858 heitið honum í þessu skyni eptirgjöf á eins árs landskuld; en með því flutningur húsanna hefir kostað ábúandann töluvert, bæði fè og vinnu, þá hafið þèr lagt það til, að eptirgjöf þessi verði veitt honum í tvö ár, svo sem hann hafði beðið um og hlutaðeigandi umboðsmaður mælt með; hafið þèr og getið þess, að landskuld þessi fyrir árin 1863—64 og 1864—65 sè aðeins að upphæð 3 rd. 12 sk. hvort árið, er hún sè 20 álnir, og 10 álnir þaraf borgaðar eptir meðalverði allra meðalverða, en 10 álnir með 8 sk. hver alin.

Í þessu efni skal yður til vitundur gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þèr kunngjörið það, að dómsmálastjórnin veitir það, sem hèr er um beðið, þó með því skilyrði, sem tiltekið er í brèfi stjórnarráðsins, dags. 24. desemberm. 1858, að það sè sannað með lögmætri skoðunargjörð, að hin nýju hús sèu óaðfinnanlega byggð, og ber að senda stjórnarráðinu eptirrit af þeirri skoðunargjörð.

---

8. júlí. **59. Konungsbrèf til stiptamtmannsins yfir Íslandi, til svars ávarpi frá embættismönnum og borgurum í Reykjavík útaf konungaskiptunum[1].**

Kristján hinn Níundi o. s. frv. Vora einstaklega hylli! Dómsmálastjórnarráðgjafi Vor hefir fyrir Oss lagt þegnlegt ávarp,

---

[1]) Sjá Þjóðólf 16. ár, 37.—38. blað.

er þú hefir sent frá nokkrum borgurum og embættismönnum í Reykjavík útaf konungaskiptunum. 1864. 8. júli.

Hollusta sú og traust, sem er yfir lýst í ávarpi þessu, hefir verið oss kær vottur þess, að enn helzt ást sú og hollusta við konungsættina, sem ávallt hefir að erfðum gengið á Íslandi, og með gleði höfum Vèr sèð yfirlýsing þeirra tilfinninga, sem hin þungu forlög, er föðurlandið á við að búa, hafa vakið hjá mönnum.

Vèr bjóðum þèr því að flytja þeim mönnum þakkir Vorar, er hafa til Vor talað í ávarpi þessu, og seg þeim enn framar þau orð Vor, að heill Íslands liggi Oss ríkt á hjarta, og að Vèr skulum leitazt við að sjá og framfylgja hag landsins, einkum með því: svo fljótt, sem auðið er, að koma því skipulagi á stjórnarmálefni Íslands, sem hinn hásæli fyrirrennari Vor í konungstigninni hafði haft þann undirbúning að, sem um er rætt í allrahæstri auglýsing til alþingis 8. dag júním. f. á. Þannig framkvæmist Vor vilji. Felandi þig guði!

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn, 8. dag júlímán. 1864.

Christian R.

Casse.

---

60. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um styrk handa uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi. 9. júli.

Samkvæmt uppástungum yðar, háæruverðugi herra, er stjórnarráðinu bárust með brèfi yðar 8. f. m., um það, hvernig úthluta skyldi þeim 500 rd., sem veittir voru í fjárlögum þessa fjárhagsárs til styrks handa fátækum uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi, hefir stjórnarráðið veitt þeim, er nú skal greina, styrk þann, sem tilfærður er við hvern prest og prestsekkju sèrílagi:

1864. 9. júli.	Uppgjafapresti Pètri Jónssyni á Kálfatjörn	10 rd.
	— Sveinbirni Sveinbjarnarsyni á Staðarhrauni	60 —
	— Guðlaugi Sveinbjarnarsyni í Hvammi . .	15 —
	— Jóni Sigurðssyni á Söndum	60 —
	— Jóni Guðmundssyni á Hjaltastöðum . . .	35 —
	— Stefáni Hanssyni í Fljótshlíðarþingum . .	20 —
	Prestsekkju Helgu Jónsdóttur á Bjarnastöðum . . .	35 —
	— Ingibjörgu Pálsdóttur í Hjarðarholti . . .	20 —
	— Salbjörgu Jónsdóttur Reykdal á Hörðuþóli	15 —
	— Elínu Einarsdóttur á Hofi	35 —
	— Steinunni Ólafsdóttur á Auðkúlu	25 —
	— Þóru Auðunardóttur á Auðkúlu	20 —
	— Margrètu Narfadóttur á Glæsibæ	40 —
	— Guðrúnu Þorvaldsdóttur Stephensen á Glæsibæ	15 —
	— Þorbjörgu Jónsdóttur á Kirkjuþóli . . .	35 —
	— Kristínu Eiríksdóttur á Krossi	20 —
	— Guðrúnu Ingvarsdóttur á Gularási . . .	20 —
	— Oddnýju Ingvarsdóttur í Laugardalshólum.	20 —
	alls . .	500 rd.

Þetta er yður hèrmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þèr kunngjörið það hlutaðeigendum, og hefir landfógetanum á Íslandi í dag verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

Um leið skal þess getið, að þó rèttast hafi þótt, eptir því sem ástatt er, að fara eptir uppástungum yðar um úthlutun styrktarfjár þessa, án þess að breyta frá þeim í nokkru, þá hefir það eigi getað dulizt fyrir stjórnarráðinu, þegar þessar uppástungur hafa verið bornar saman við skýrslu yðar um uppgjafapresta og prestsekkjur á Íslandi, dagsetta 24. d. ágústm. f. á., að með þeirri aðferð, sem nú hefir verið við höfð, verður ekki tekið svo sem vera ætti tillit til þess, hversu þurfandi hlutaðeigendur eru; því ekki sèst, að nein auglýsing um veiting fjár þessa hafi verið kunngjörð mönnum á Íslandi, og þaraf verður skiljanlegt, að ekki hefir komið nein bænarskrá um styrk frá ýmsum fátækum uppgjafaprestum og prestaekkjum.

Með því nú stjórnarráðið hefir í hyggju að fara þess á leit við ríkisþingið, að framvegis verði veitt jafnmikið fè í þessu skyni, og veitt hefir verið þetta árið, þá skal hèrmeð skorað á yður, háæruverðugi herra, að hlutast til um, að þetta verði heyrum kunnugt á Íslandi í tækan tíma, og hvetja hlutaðeigendur, er óska, að tekið verði tillit til þeirra, þá er úthlutað verður styrktarfè þessu, ef það fæst, til að senda bænarskrár um það, með nákvæmum skýrslum um tekjur þeirra og annan efnahag, og eruð þèr jafnframt beðnir að bæta við skýrslu yðar um uppgjafapresta og prestsekkjur á Íslandi, dags. 24. dag ágústm. f. á., ýtarlegri embættisskýrslum um upphæð á tekjum þeim, er hlutaðeigendur hafa af brauðunum, og senda stjórnarráðinu skýrslur þessar um leið og þèr sendið bænarskrár þær, sem hèr er um rætt, og uppástungur yðar um úthlutun styrktarfjár þessa næstkomanda fjárhagsár. 1864. 9. júlí.

---

61. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um nýja póstferð millum Eskifjarðar og Akureyrar. 14. júlí.

Í brèfi 4. d. nóvemberm. f. á. hafið þèr, herra amtmaður, leitað samþykkis dómsmálastjórnarinnar uppá það, að þèr hafið skipað nýja póstferð frá Eskifirði til Akureyrar 15. dag maímánaðar, er komist í samband við póstferðina frá Akureyri til Reykjavíkur 6. dag júním. og þriðju póstskipsferðina frá Reykjavík til Kaupmannahafnar; hafið þèr tekið fram, að þèr hafið gjört þetta af því, hve áríðandi slík ráðstöfun sè fyrir embættisstjórnina yfirhöfuð, og til þess, að ársreikningarnir frá sýslumönnum og umboðsmönnum í amti því, sem þèr eruð yfir skipaðir, geti komizt með þeirri ferð póstskipsins, sem nú var nefnd. Útaf þessu skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið hèrmeð leggur samþykki sitt á þessa ráðstöfun yðar, sem eptir því, er þèr skýrið frá, mun hafa í för með sèr hèrumbil 26 rd. kostnað.

1864. 18. júlí. **62. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Islandi, um eptir hverri jarðabók reikna skuli offur til prests af fasteignum.**

Eptir að stjórnarráðið í brèfi 12. dag marzm. þ. á. hafði beðið um álit yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, útaf fyrirspurn frá prófastinum í Árnessýslu, Símoni Bech, um það, eptir hverri jarðabók skuli gjalda prestsoffur af fasteignum, sem lögboðið er á Íslandi, hefir dómsmálastjórninni borizt brèf yðar, 19. d. maímán. síðastliðna, og hafið þèr í því látið í ljósi þá skoðun, að þareð svo sè fyrir mælt í tilskipun 1. d. aprílm. 1861 2. gr., að greiddir skuli eptir hinni nýju jarðabók þeir skattar, tollar og gjöld, er eptir þetta kunni að verða lögð á jarðir á Íslandi, og að allar tíundir af jörðum á Íslandi frá 6. degi júnímán. 1862 skuli heimtar og greiddar eptir þeim dýrleika, sem á hverja jörð er settur í hinni nýju jarðabók, en tilskipunin á hinn bóginn ekki hafi neina ákvörðun um, að aðrar álögur þær, er hvíldu á jörðunum þegar lagaboðið kom út, skuli heimtar eptir jarðabók þessari, þá beri að álíta, að fara skuli eptir hinum eldri jarðadýrleika um offur til presta á Íslandi, að svo miklu leyti sem það eptir tilskipun 27. d. janúarm. 1847 á að gjaldast af jörðum, og eigi því hækkun eður lækkun jarðadýrleikans í hinni nýju jarðabók engin áhrif að hafa á skylduna til að greiða offur.

Stjórnarráðið kunngjörir yður nú, yður til leiðbeiningar og til þess þèr kunngjörið það, að það fellst á skoðun þá, sem þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, hafið í ljósi látið um þetta efni, og má, auk þeirra ástæðna, sem að ofan er getið, telja henni það til styrkingar, að hinn eldri jarðadýrleikinn enn ræður, þegar lagt er saman fasteign og lausafè til að reikna út skattinn.

63. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um gjaldfrest á láni til Snæfellsnessýslu.

1864. 20. júlí.

Þèr hafið, herra amtmaður, með brèfi 23. d. janúarm. þ. á. sent hingað bænarskrá frá fátækrastjórninni í Nes hrepp utan Ennis, um að íbúum hrepps þessa verði, sökum hinnar miklu fátæktar, sem þar er manna á milli, veittur frestur með að borga þær 50 tunnur af rúgi, sem þeir fengu til láns af korni því, er keypt var fyrir fè hins íslenzka styrktarsjóðs og sent til Snæfellsnessýslu haustið 1860, þangaðtil efnahagur sveitarinnar batni svo, að henni verði fært að borga skuld þessa; hafið þèr sagt rètt vera það, sem í bænarskránni er tilfært um báginda ástand hreppsbúa, og lagt það til, að hlutaðeigendum verði veittur 15 ára frestur til að lúka skuldinni að fullu; álítið þèr, að þeir muni þá verða færir um að borga skuldina, nema svo fari, að óvæntir atburðir enn meira en að undanförnu hnekki afli þeirra og efnahag.

Enn fremur hafið þèr, herra amtmaður, með brèfi 6. d. maímán. þ. á. sent stjórnarráðinu reikning um kornlán það, sem þurfandi sveitir í Snæfellsnessýslu fengu árin 1861 og 1862, og snertir reikningurinn bæði innstæðuna og vöxtu af láninu; einnig senduð þèr brèf frá hreppstjórunum í Nes hrepp innan Ennis og í Breiðavíkur hrepp um, að hreppar þessir eigi geti borgað það, sem þeir eiga að greiða uppí skuld sína; lètuð þèr í ljósi, að ákjósanlegt væri ef nokkrum hreppum, einkum Neshreppunum báðum, Breiðavíkur hrepp og Eyrarsveit, yrði veittur svo langur frestur með borgun skuldar þessarar, sem stjórnarráðið ákvæði.

Um þetta efni skal yður hèrmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar, og til þess þèr auglýsið það, að stjórnarráðið vegna þess, hvernig ástatt er, leyfir að ekkert verði borgað uppí skuldir þær, sem hèr er um rætt, til loka yfirstandandi árs; en í byrjun næsta árs vonast það eptir að fá ýtarlegri skýrslu amtsins um ástandið.

1864. 20. júlí. **64. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um flutning þingstaðar frá Skálanesi að Neðra-Gufudal.**

Í bænarskrá, er þèr, herra amtmaður, senduð stjórnarráðinu með brèfi yðar 2. d. janúarm. þ. á., og sem hlutaðeigandi sýslumaður hafði mælt fram með, hefir Jakob prestur Bjarnarson og 16 aðrir búandi menn í Gufudals hrepp í Barðastrandar sýslu farið þess á leit, at flytja megi þínghús þeirra frá Skálanesi að Neðra-Gufudal, sem menn álíta að liggi betur við fyrir þingstað.

Um þetta efni kunngjörir dómsmálastjórnin yður, yður til leiðbeiningar og til þess þèr auglýsið það, að frá stjórnarráðsins hálfu er ekkert því til fyrirstöðu, að gjörð verði hin eptiræskta breyting á þingstaðnum, svo framarlega sem ekki koma fram nein mótmæli á rökum byggð móti því af hálfu annara, er hlut eiga að máli.

---

21. júlí. **65. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um tíundargjald af „Thomsens túni" við Reykjavík.**

Þèr hafið, herra stiptamtmaður, með brèfi 2. marzm. þ. á. sent dómsmálastjórninni til úrskurðar skjal nokkurt frá H. Th. A. Thomsen kaupmanni í Reykjavík, ásamt með áliti Árna Thorsteinsons bæjarfógeta um það, en í skjali þessu beiðist Thomsen úrskurðar stiptamtsins um, hvort hann eptir kröfu bæjarstjórnarinnar í kaupstað þessum sè skyldur til að greiða fátækratíund af túnbletti nokkrum, sem er á lóð bæjarins og kallaður „Thomsens tún", og í hinni nýju jarðabók er metinn 10,39 hundr. að dýrleika; hefir hann nú túnblett þenna til umráða, en árið 1847 hafði bletturinn verið fenginn Augúst Thomsen veitingamanni til ræktunar og leigulausra afnota í 25 ár, en að þeim tíma liðnum skyldi bærinn fá túnið án nokkurs endurgjalds fyrir ræktunina.

Um þetta efni skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það Thomsen kaupmanni, að dómsmálastjórninni ekki þykir ástæða til að skýra á nokkurn hátt frá áliti sínu um málefni þetta, með því það, ef til þess kemur, heyrir undir úrlausn dómstólanna. 1864. 21. júlí.

---

66. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um borgun til meðdómsmanna. 21. júlí.

Eptir að þèr, herra amtmaður, höfðuð beðið um samþykki dómsmálastjórnarinnar til að láta borga úr hlutaðeiganda umboðssjóði til meðdómsmannanna í málinu um hið svo kallaða Víðidalsfjall upphæð nokkurra reikninga frá þeim, 95 rd., fyrir ferðir þeirra og ómak þegar málið var dæmt í hèraði, skýrði stjórnarráðið yður frá í brèfi 5. dag júlím. 1861, að þareð meðdómsmenn ekki eigi heimting á neinni borgun fyrir ómak sitt í opinberum málum, og þeim eptir kansellíbrèfi 9. d. júním. 1838, smbr. aukatekjureglugjörð 10. d. septemberm. 1830 63. og 75. gr., aðeins verði veitt endurgjald fyrir ferðakostnað þegar þeir hafa orðið að fara nokkuð langan veg, yrði að útvega skýrslu um, hversu langan veg hlutaðeigendur hafi þurft að fara vegna dómsins í máli þessu, og svo yrði einnig að senda hingað greinilega reikninga yfir ferðakostnað þeirra.

Síðan hafið þèr, herra amtmaður, 8. d. febrúarm. þ. á. sent stjórnarráðinu brèf frá meðdómsmönnunum, ásamt með álitsskjali hlutaðeiganda sýslumanns; skýra þeir þar frá, að í máli þessu hafi verið nauðsyn á að taka meðdómsmenn úr ýmsum fjarlægum hreppum, og sè fyrir þá sök ferðakostnaður þeirra hærri en vandi sè til; en um vegalengdina skýrskota þeir til athugasemda þeirra, er sýslumaðurinn hafði ritað á reikningana, og lýsa því yfir, að þeir hafi ekki tilfært í reikningum sínum önnur gjöld en þau, er þeir í raun og veru hafi orðið að greiða, og treysti þeir sèr því ekki til að semja aðra reikninga en hina fyrri, og senda þá því aptur. Þèr hafið,

1864. 21. júlí. herra amtmaður, vottað, að það sé satt, að kjósa hafi orðið meðdómsmenn utan þeirrar sóknar, þarsem Ólsen umboðsmaður átti heima, og getið þess, að þér séuð sannfærðir um, að reikningarnir séu mjög sanngjarnir, og aðeins fari fram á lítilfjörlegt endurgjald fyrir það, er meðdómsmennirnir hafi orðið til að kosta.

Um leið og dómsmálastjórnin nú sendir yður aptur reikningana, kunngjörir hún yður, yður til leiðbeiningar og til þess þér gjörið frekari ráðstafanir í þessu efni, að stjórnarráðið samkvæmt því, sem tekið er fram í brèfi þess 5. dag júlím. 1861, verður að ítreka það, að mennirnir eigi geta átt heimting á borgun fyrir ómak það, er þeir hafa haft við að dæma í máli þessu, heldur aðeins á endurgjaldi fyrir það, er þeir í raun og veru hafa kostað til ferða sinna, en felur yður, herra amtmaður, að leggja úrskurð á hvern einstakan lið í reikningunum þessu samkvæmt og að hlutast síðan til um, að þeir verði borgaðir.

---

21. júlí. **67. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um hvernig greiða skuli tillag til amtsjafnaðarsjóðsins af Reykjavíkur bæ.**

Eptir að dómsmálastjórninni hafði borizt bænarskrá frá bæjarfulltrúunum í Reykjavíkur kaupstað um, að tillag bæjarins til amtsjafnaðarsjóðins verði framvegis goldið og heimtað í Reykjavík á sama hátt og í öðrum lögsagnarumdæmum í amtinu, það er af tíundarbæru lausafè eingöngu, en nú sè það greitt úr bæjarsjóðnum með upphæð, er amtmaður ákveði eptir hlutfalli við hin lögsagnarumdæmin, beiddist stjórnarráðið skýrslu um, eptir hverjum reglum það sè nú reiknað út, hversu hátt tillag Reykjavík á ári hverju á að greiða til amtsjafnaðarsjóðsins, og svöruðuð þér þeirri spurning á þann veg, að regla sú, sem tillag þetta sè ákveðið eptir, sè aðeins byggð á áliti amtsins og fari eptir þeirri upphæð, sem ætlazt er á, að alls muni þurfa til gjalda jafnaðarsjóðsins allt árið, en ekki sè fylgt neinni fastri

grundvallarreglu þegar tillagið sè ákveðið, og víst sè um það, að ekki sè farið eptir fólksfjöldanum í bænum, heldur sè, þegar það er ákveðið, mest haft tillit til efnahags bæjarins í samanburði við hin lögsagnarumdæmin í amtinu og til þeirra gjalda, sem árlega eru greidd úr jafnaðarsjóðnum í þarfir Reykjavíkur. Þèr hafið, herra stiptamtmaður, enn fremur getið þess, að reyndar verði ekki móti því borið, að aðferð þessi sè nokkuð gjörræðisleg, en að ekki hafi samt sem áður verið hallað á bæinn megi ráða af því, að um fimm árin síðustu teljist svo til, að tillagið hafi verið 46 rd. á ári, eður samtals 230 rd., en það nemi 11 skildingum fyrir hvern gjaldþegn, en aptur á móti hafi kostnaður sá, er jafnaðarsjóðurinn hafi haft af bænum um þetta fimm ára bil, verið 283 rd. En ef nú þar á móti tillagið til jafnaðarsjóðsins hefði verið reiknað af lausafjárhundruðunum einum, á sama hátt og í hinum lögsagnarumdæmunum í amtinu, þá hefði það ekki orðið nema 92 rd. 84 sk., og Reykjavík hefði þannig einungis greitt hèr um bil þriðjung af því fè, sem jafnaðarsjóðurinn hefði orðið að greiða fyrir bæinn á greindu tímabili. Að yðar áliti, herra stiptamtmaður, mundi það því leiða til ósanngirni við hin lögsagnarumdæmin í amtinu, ef tillag Reykjavíkur bæjar til jafnaðarsjóðsins væri einungis byggt á lausafjártíundinni, en þarámóti haldið þèr hagfelldast, að tillagið sè fast ákveðið, þannig að hin mesta upphæð þess ætti að vera 60 rd. og hin minnsta 40 rd. 1864. 21. júlí.

Með því nú dómsmálastjórnin eigi gat sèð, að það, sem gjörræðislegt þótti í ákvörðun tillagsins, mundi með þessu móti hverfa og það á hinn bóginn varð að þykja ákjósanlegt, ef fundizt gæti fastari regla fyrir jafnaðarsjóðsgjaldinu af Reykjavíkur bæ, í líking við það, sem tíðkast í hinum lögsagnarumdæmunum í amtinu, þó ekki væri með sama hætti, þá spurði stjórnarráðið yður um í brèfi 14. dag janúarm. þ. á., hvort þèr ekki treystust að gjöra uppástungu lútandi að þessu.

Þessu svöruðuð þèr, herra stiptamtmaður, í brèfi 19. maím. síðastl., á þá leið, að þèr ekki treystuð yður til að koma fram með hæfilega uppástungu í þessu efni, þareð engin slík undirstaða til að byggja á niðurjöfnun gjaldsins til jafnaðarsjóðsins sè nú

1864. 21. júlí. sem stendur til í Reykjavík, sem menn hafi í sýslunum, þarsem lausafjárhundruðin eru; en verði Reykjavík tekin í brunabótafèlag hinna dönsku kaupstaða, þá geti slík undirstaða fengizt að því, er sjálfan bæinn snerti, í ábyrgðarverði húsanna, og að því, er snerti tómthús á lóð bæjarins, í virðingarverði þeirra, og að einnig mætti fara eptir sömu reglunni, sem er við höfð í hinum lögsagnarumdæmunum, um þá tómthúsmenn, er eiga tíundarbært lausafè, að jafna gjaldinu á lausafjárhundruðin. Að ÿðar áliti væri því rèttast að láta bíða að skipa fyrir um málefni þetta þangað til útkljáð er um það, hvort Reykjavík verði tekin í brunabótafèlag hinna dönsku kaupstaða.

Um leið og stjórnarráðið getur þess, að uppástunga sú, sem það óskaði að fá, ekki átti að vera um það, að finna nÿja undirstöðu fyrir niðurjöfnun jafnaðarsjóðsgjaldsins á íbúa Reykjavíkur, heldur um hitt, að fá betri grundvöll, en þann, sem nú er byggt á, til að finna, hversu hátt tillag Reykjavík beri að greiða til sjóðsins í hlutfalli við hina aðra parta amtsins, skal ÿður hèrmeð kunngjört, ÿður til leiðbeiningar og til þess þèr auglýsið það, að dómsmálastjórninni, eptir öllum þeim skÿrslum, sem fram eru komnar, ekki þykir ástæða til, að minnsta kosti ekki nú sem stendur, að hlutast til um, að breytt verði reglum þeim, sem að undanförnu hefir verið farið eptir um borgun gjalds þessa samkvæmt konungsbrèfi 28. d. maím. 1831.

---

21. júlí. **68. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir kennslu aðstoðarlækna.**

Í skjali, er sent var beina leið til stjórnarráðsins, hefir landlæknirinn á Íslandi, Jón justizráð Hjaltalín, dr. med., kvartað yfir, að hinn setti amtmaður í vesturumdæminu hafi neitað að borga sèr úr jafnaðarsjóði amts þessa fè það, sem um er rætt í konungsúrskurði 12. d. ágústm. 1848, og sem ætlað var fyrir kennslu í læknisfræði.

Um þetta efni skorar stjórnarráðið á yður, herra stiptamtmaður, að kunngjöra Hjaltalín jústizráði, að greindur konungsúrskurður eigi veiti heimild fyrir útborgun þeirri, er hann krefst, með því úrskurðurinn aðeins leyfir, að þeir 200 rd., sem þar er um rætt, séu árlega greiddir úr jafnaðarsjóði hvers amts til kennslu handa aðstoðarlæknum, og ber þess um leið að geta, að þarsem alþingi árið 1863 fór þess á leit, að verja megi eptirleiðis þessum 200 rd. til eflingar læknakennslunni hjá landlækni, þá sýnir þetta atvik nógsamlega, að alþingi álítur, að ekki sé nú þegar heimild til að verja fénu á þenna hátt. 1864. 21. júlí.

---

69. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um launaviðbót handa yfirsetukonu í Vestmannaeyjum. 27. júlí.

Með brèfi 31. maím. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað skjal nokkurt frá sýslumanninum í Vestmannaeyjum, um að Solveigu Markússen, yfirsetukonu þar í eyjunum, verði veitt slík launaviðbót, að laun hennar verði 50—60 rd. á ári, en hún hafi lýst því yfir, að hún segi af sèr sýslan sinni nema laun hennar verði hækkuð. Eptir að þèr hafið fengið álit landlæknisins, Hjaltalíns jústizráðs, um málið, hafið þèr lagt það til, að yfirsetukonu þessari verði veittir hèrumbil 40 rd. á ári í viðbót við laun þau, er hún nú hefir, en það eru 30 rd.; ætti viðbót þessi að yðar áliti að borgast á sama hátt og launin, það er af spítalahlutum þeim, er til falla á eyjunum af fugla veiði og fiska, samkvæmt opnu brèfi 24. marzm. 1863.

Um þetta efni skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þèr auglýsið það, að eins og launaviðbót þessi ekki verður útveguð úr ríkissjóðnum, þannig þykir stjórnarráðinu, þegar það lítur á umræður þær, er fram fóru á alþingi árið 1861 um laun yfirsetukonu þeirrar, sem hèr er um rætt, eigi heldur

1864. 27. júli. hlýða að fallast á tillögur yðar, herra stiptamtmaður, um að fé þetta verði greitt úr læknasjóðnum.

---

4. ágúst. **70. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um lyfjasölu á Akureyri.**

Þèr hafið, herra amtmaður, í brèfi 28. d. aprílm. þ. á. skýrt frá, að Jóhann Thórarensen lyfsali á Akureyri ætli, frá 14. d. septembermán. í haust, að hætta við lyfjasöluna þar í kaupstaðnum, og lýst yfir áliti yðar um, hverjar ráðstafanir tiltækilegast muni að gjöra í þessu efni. Eptir að stjórnarráðið hafði meðtekið þetta brèf yðar og var farið að skrifast á um málið við hið konunglega heilbrigðisráð, skýrði ofangreindur Thórarensen lyfsali dómsmálastjórninni frá, að hann væri búinn að semja um það við Emil Möller, cand. pharm., er að undanförnu hefir veitt forstöðu lyfjabúðinni í Stykkishólmi, að hann taki við lyfjabúðinni á Akureyri af sèr og haldi þar áfram lyfjasölunni, svo framarlega sem erindsreki sinn hèr í borginni ekki þegar verði búinn að selja lyfjabúðina öðrum fullgildum lyfsölumanni, áður en hann geti tálmað því.

Um þetta efni skal skorað á yður, herra amtmaður, að kunngjöra Thórarensen lyfsala, að dómsmálastjórnin ekkert hefir á móti því, að hann ráðstafi lyfjabúðinni á Akureyri á þann hátt, sem að ofan er um rætt, en þó verður sá, er tekur að sèr lyfjabúðina, að vera sèr úti um að fá konunglegt leyfisbrèf til að hafa lyfjasölu, og skal því í þessu tilliti við bætt, að einkaleyfi það, sem Thórarensen fèkk 23. desemberm. 1857 til að hafa lyfjabúð þá, sem hèr er um rætt, verður eptir atvikum málsins aðeins að álítast sem veitt honum einum fyrir sig (*personligt Privilegium*).

---

71. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um borgunarfrest á skuld jafnaðarsjóðsins.

1864. 4. ágúst.

Fyrir þá sök, að hinn lengdi frestur með borgun á láni því, er jafnaðarsjóði vesturumdæmisins hafði veitt verið samkvæmt lögum 29. desemberm. 1857, er út runninn við lok þessa árs, en eptir eru ógoldnir 1200 rd. af skuld þessari, hafið þèr, herra amtmaður, í brèfi 10. d. marzm. þ. á. farið þess á leit, að jafnaðarsjóðnum enn verði veittur frestur með borgun eptirstöðvanna til loka ársins 1865 eður 1866, og að vextir af láninu verði eptir gefnir eins og áður, og hafið þèr getið þess, að fátækt gjaldþegnanna sè svo mikil, að ekki verði lagt á þá svo hátt tillag til jafnaðarsjóðsins, að hann auk annara óumflýjanlegra gjalda, sem á honum hvíla, verði fær um að borga skuld þá, sem hèr er um rætt, áður en hinn tiltekni frestur sè liðinn.

Eptir að skrifazt hefir verið á við fjárstjórnina um málefni þetta, skal yður hèrmeð kunngjört, að dómsmálastjórninni þykir að vísu illa farið, að þèr ekki hafið sèð yður fært að uppfylla öðruvísi, en þèr hafið gjört, þá skilmála, sem settir voru í brèfi stjórnarráðsins 11. d. júlímán. 1862 um hinn lengda borgunarfrest, er þá var veittur, þarsem árin 1862 og 1863 aðeins hafa verið borgaðir 400 rd. uppí það, sem þá var eptir af skuld jafnaðarsjóðsins, en það voru 1600 rd., í stað þess að á þessu tímabili hefði átt að borga 1066 rd. 64 sk.; en vegna þess, sem þèr hafið frá skýrt um ástandið í vesturumdæminu, leyfir stjórnarráðið samt sem áður, svo framarlega sem ríkisþingið veitir til þess samþykki sitt, að fresturinn með borgun þess, sem enn er eptir ógoldið af skuldinni, sè lengdur til ársloka 1866, og að jafnaðarsjóðurinn sè undanþeginn að greiða vöxtu af eptirstöðvum þessum þann tíma, sem fresturinn þannig er lengdur.

Um leið og stjórnarráðið tekur fram, að það er sjálfsagt, að allri skuldinni verður að vera lokið, áður sá frestur sè liðinn, sem þannig er veittur, og má eigi útaf því bregða, biður það yður að segja álit yðar um, hvort ekki sè rèttast, að borgaður

1864. 4. ágúst. sè þriðjungur skuldarinnar, eður 400 rd., hvert af þessum þrem árum: 1864, 1865 og 1866.

---

10. ágúst. **72. Brèf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um fiskiveiðar útlendra manna við Ísland.**

Svosem sjá má af fylgiskjölum brèfs þessa hefir hið síðasta alþingi Íslendinga í þegnlegri bænarskrá, er stjórninni hefir verið send, meðal annars beðið um:

1. að hlutazt verði til um, að hin íslenzku veiðilög, ef það hafi eigi áður verið gjört, verði kunngjörð þeim þjóðum, er liggja til fiskjar við Ísland, á því máli, sem þeim er skiljanlegt, svo þær geti ekki afsakað rán og gripdeildir, er fyrir kunna að koma á landi af þeirra hálfu, með vankunnáttu sinni um þetta efni, og
2. að leitazt verði við að fá hina frakknesku og ensku stjórn til að viðurkenna, að einstaklegar kringumstæður Íslands gjöri það nauðsynlegt, að undantekningar verði gjörðar frá hinum almenna þjóðarètti hvað fiskihelgina og fiskimið landsmanna á opnum skipum áhrærir undir Íslandi, svo framarlega sem ekki þjóðbúið allt og landsfólkið eigi að bíða óbætanlegt tjón.

Einsog bænarskráin sjálf ber með sèr er hið fyrra af niðurlagsatriðum þessum einkum sprottið af kæru þeirri, er kom frá prestinum á Lóni í Skaptafellssýslu um rán, er menn hèldu að útlendir fiskiveiðamenn hefðu framið í eynni Vigur; var útaf kæru þessari síðar haldið rèttarpróf við aukahèraðsrètt þar í sýslu, til að fá skýrslu um tilverknað þann, sem um er rætt í kærunni, og fylgir hèr með dönsk þýðing af útskript af prófinu. Dómsmálastjórnin verður að vera á sama máli og alþingi um það, að ákjósanlegt sè að annazt verði um, að ákvarðanir hinna íslenzku veiðilaga verði kunnar skipstjórum og skipshöfnum, er stunda fiskiveiðar við Ísland, og sendir því hèr með exemplör af tilskipun um veiðina á Íslandi, dags. 20. d. júním. 1849 og af opnu brèfi um bann gegn byssuskotum á sel á Breiðafirði á

Íslandi, dags. 22. d. marzm. 1855; leyfir stjórnarráðið sèr að fara fram á það við utanríkisstjórnina, hvort hún vilji ekki hlutast til um, að lagaboðum þessum verði snúið á frakkneska og enska tungu og þau síðan send hinum konunglegu sendiherrum, til þess að þeim verði útbýtt til hlutaðeigandi skipstjóra, svo framarlega sem þetta eigi áður hefir gjört verið. 1864. 10. ágúst.

Hvað 2. niðurlagsatriði bænarskrárinnar snertir, þá hefir konungsfulltrúi á alþingi í þegnlegu álitsskjali sínu um málið, dagsettu 9. d. nóvemberm. f. á., látið þá skoðun í ljósi, að það væri í sjálfu sèr mjög æskilegt og mundi einnig að nokkru leyti friða hugi manna á Íslandi, ef samningar yrðu um það gjörðir við útlend ríki, þau er hlut eiga að máli, að innri hlutinn að minnsta kosti af hinum mikla Faxaflóa, þarsem sè svo mikið af fiski, yrði friðaður fyrir útlendum fiskimönnum. Hann hefir í þessu tilliti stungið uppá, að lína sè dregin yfir flóann þveran frá Garðskaga til Skipaskaga á Akranesi, og vikið á, að hann hafi talað um þetta efni við hinn frakkneska herskipsforingja, Toyon, er hafði stöðvar við Ísland í sumar er leið, og orðið þess áskynja, að hann hafi haldið, að frakkneska stjórnin mundi eigi verða ófús á að gjöra samning, er færi í þessa stefnu (smbr. og meðfylgjandi brèf hans, dags. 21. maím. f. á.). Foringinn fyrir briggskipinu St. Thomas, sem í fyrra sumar hafði stöðvar við Ísland, hefir farið líkum orðum um málið og konungsfulltrúi í skýrslu sinni til sjóliðsstjórnarinnar, dags. 23. d. maím. f. á., og fylgir hèr með útdráttur úr þeirri skýrslu; en þó hugsar hann sèr línuna dregna nokkru innar í flóanum, og sèst af skýrslu hans, að hinn frakkneski herskipsforingi, eptir að þeir höfðu átt viðræður um málefni þetta, hefir skýrt sinni stjórn frá málinu.

Dómsmálastjórnin byggir að vísu á því, að takmörk þau, sem sett eru um fiskiveiðar útlendinga í konungsúrskurði dags. 22. d. febrúarm. 1812, einnig eigi við um fiskiveiðarnar við Ísland, og að jafnhliða þessu beri að álíta, að enn sè í gildi bannið í tilskipun 13. d. júním. 1787 2. gr. gegn því, að skipin fari inn á firði, flóa og hafnir til fiskiveiða; en vegna þess vafa, sem á það hefir verið dreginn, hvort hin síðast nefnda

1864. 10. ágúst. ákvörðunin einnig verði heimfærð uppá tvo stærstu flóana á Íslandi, Breiðafjörð og Faxaflóa, þá verður stjórnarráðið, eins og konungsfulltrúi hefir í ljósi látið, að álíta það æskilegt, að fastar reglur verði ákveðnar í þessu efni, helzt á þann hátt, að dregin sèu takmörk eður takmarkalína, sem útlendingar eigi mættu fara inn fyrir til fiskiveiða á þessum tveim flóum, og að lína þessi á Faxaflóanum verði ákveðin á þann hátt, sem konungsfulltrúi hefir stungið uppá.

Eptir því, sem nú hefir sagt verið, þykir dómsmálastjórninni hlýða að bera það mál upp við utanríkisstjórnina, hvort henni ekki þyki ástæða til að fara að semja við keisarastjórnina á Frakklandi, og ef til vill einnig við konungsstjórnina á Bretlandi hinu mikla, um fyrirkomulag á málefni þessu, samkvæmt því, sem hèr að ofan hefir verið tekið fram.

Dómsmálastjórnin vonast eptir að fá vísbending um, hvað hið heiðraða stjórnarráð ræður af í þessu efni, og biður um að fylgiskjölin verði aptur send.

---

17. ágúst. **73. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um rit eptir Krabbe, doktor, um sullaveikina á Íslandi.**

Um leið og yður, herra (tit.), hèrmeð eru send 1000 exemplör af „Athugasemdum handa Íslendingum um sullaveikina og varnir móti henni", er Krabbe, dr. med. & chir., hefir samið, en dómsmálastjórnin látið íslenzka og út gefa, skal skorað á yður að láta útbýta riti þessu ókeypis meðal íbúanna í suðurumdæminu (vesturumdæminu, — norður- og austurumdæminu.)

---

74 **Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um nokkrar spurningar, er ber að leggja fyrir skipbrotsmenn.** 1864. 17. ágúst.

Dómsmálastjórnin hefir meðtekið álitsskjöl amtmannanna á Íslandi um uppástungu þá, sem getið er í brèfi stjórnarráðsins 14. dag septemberm. f. á., og lýtur sú uppástunga að því, að hreppstjórunum í þeim hreppum á Íslandi, er liggja við sjó, verði fengin prentuð eyðublöð á ensku og frakknesku með slíkum spurningum til að leggja fyrir skipstjóra af strönduðum skipum, sem almennt er mest um varðandi að fá svar uppá, og skyldi senda sýslumanni eyðublöð þessi þegar skipstjórinn væri búinn að fylla út í eyðurnar og undirskrifa þau. Síðan hefir stjórnarráðið látið prenta eyðublöð þau, sem hèr er um rætt, og eru á þeim 11 spurningar á íslenzku, frakknesku og ensku, og á eptir hverri spurningu eyða fyrir svarinu.

Um leið og yður, herra (tit.), eru send 100 exemplör af eyðublöðum þessum, skal skorað á yður, að útbýta þeim til hreppstjóranna í þeim hreppum í suðurumdæminu (vesturumdæminu, — norður- og austurumdæminu), þar sem gjört verður ráð fyrir að útlend skip kunni að brotna, og að gefa hlutaðeigendum nákvæmari reglur fyrir því, hvernig þau skuli notuð á hagkvæmasta hátt.

(Fylgiskjal.)

Nokkrar spurningar til að leggja fyrir skipbrotsmenn.

1) Hvað heitir skipið og hvar á það heima?

Quelques questions pour être faites aux naufragés.

1) Quel est le nom du navire, et à quel endroit appartient-il?
réponse:

Some questions to be put to shipwrecked people.

1) What is the ship's name, and to where does it belong?
answer:

1864.

2) Hversu stórt er skipið?
3) Hvað heitir útgjörðarmaður eður útgjörðarmenn skipsins og hvar á hann eður þeir heima?
4) Hvað heitir skipstjóri og hvar á hann heima?
5) Hversu margir menn voru á skipinu?
6) Hefir öllum, sem á skipinu voru, orðið bjargað?
7) Var ábyrgð (assurance) fyrir skipinu?
8) Hverjar orsakir voru til þess, að skipið fórst?

---

2) De quelle grandeur est le navire?
réponse:
3) Quel est le nom de l'armateur (des armateurs), et à quel endroit appartient-il (appartiennent-ils)?
réponse:
4) Quel est le nom du capitaine (du patron), et á quel endroit appartient-il?
réponse:
5) Combien d'hommes était à bord du navire?
réponse:
6) Tous les hommes ont-ils été sauvés?
réponse:
7) Le vaisseau était-il assuré?
réponse:
8) Quelles furent les causes du naufrage?
réponse:

---

2) How great is the ship?
answer:
3) What is the ship-owner's (ship-owners') name, and where does he (do they) belong to?
answer:
4) What is the captain's name, and where does he belong to?
answer:
5) How many people were onboard the ship?
answer:
6) Have all the men been saved?
answer:
7) Was the ship insured?
answer:
8) Which were the causes of the shipwreck?
answer:

9) Hafa landsmenn eptir megni látið skipbrotsmönnum hjálp í tè, eður hafa þeir gefið ástæðu til umkvartana á nokkurn hátt? 1864.

10) Óskar skipstjórinn að fá liðveizlu yfirvaldsins við björgunina, eður til að koma skipverjum heim?

11) Óskar skipstjórinn, að skipið, skipsáhöldin og skipsfarmurinn sè selt við opinbert uppboð, eður óskar hann að fá geymslustað fyrir það, sem bjargað hefir verið?

Ofanskrifuð svör hefi eg, er rita nafn mitt hèr undir, gefið samkvæmt sannleikanum.

---

9) Les habitants du pays ont-ils porté secours, selon leurs moyens, ou ont-ils donné cause à complainte, en quoi que ce soit?
réponse:

10) Le patron (capitaine) désire-t-il l'assistance de l'autorité pour le sauvetage et pour le renvoi chez eux des hommes de l'équipage?
réponse:

11) Est-ce que le capitaine désire que le navir, ses dépendances et sa cargaison soient vendus en vente publique, ou bien demande-t-il une place pour y mettre les biens sauvés?
réponse:

Réponse aux questions ci-dessus a été faite conformément à la vérité par le soussigné.

---

9) Have the inhabitants of the country been rendering their assistance as well as they have been able, or have they, in any way, given cause for complaint?
answer:

10) Does the captain wish for the assistance of the authority in the salvage, and for sending home the crew?
answer:

11) Does the captain wish the ship, her appartenances and cargo to be sold by public auction, or does he wish a place, where to lodge the saved goods?
answer:

The above questions have been answered in conformity with truth by the undersigned.

1864. 18. ágúst. **75. Opið brèf, um að Bæjar hreppur í Austur-Skaptafellssýslu í suðurumdæminu á Íslandi skuli vera þinghá útaf fyrir sig með þingstað að jörðunni Bæ[1].**

Vèr Kristján hinn Níundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt: Útaf þegnlegri bænarskrá alþingis bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

Bæjar hreppur í Austur-Skaptafellssýslu í suðurumdæminu á Íslandi skal hèr eptir vera þinghá útaf fyrir sig með þingstað að jörðunni Bæ. Hreppsbúar skulu skyldir til, eptir því sem sýslumaðurinn gjör segir fyrir, að byggja á tèðum stað nýtt þinghús, er sè rúmgott og í öllu tilliti óaðfinnanlegt.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn, 18. dag ágústmánaðar 1864.

---

18. ágúst. **76. Opið brèf, um breyting á þeim tíma, þá er halda skal hreppskilaþing á Íslandi á vorin[2].**

Vèr Kristján hinn Níundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt: Samkvæmt þegnlegri bænarskrá alþingis bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

Hreppskilaþing á vorin, sem fyrirskipuð eru á Íslandi í opnu brèfi 21. dag aprílmánaðar 1847, skulu hèreptir haldin á tímabilinu frá 6. til 24. júnímánaðar; þó skal óbreytt standa það, sem ákveðið er í greindu lagaboði um hreppskilaþing í Skaptafellssýslunum.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn, 18. dag ágústmánaðar 1864.

---

[1]) Lagaboð þetta var út gefið samkvæmt bænarskrá frá alþingi árið 1863; sjá alþ. tíð. fyrir það ár I. 213.—215. bls.

[2]) Lagaboð þetta var út gefið samkvæmt bænarskrá frá alþingi árið 1863; sjá alþ. tíð. fyrir það ár I. 172—174.

77. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um verzlunarskýrslur. 1864. 27. ágúst.

Böving sýslumaður í Snæfellsnessýslu hefir spurt um, hvort brèf dómsmálastjórnarinnar 30. d. septemberm. f. á. um breyting á forminu á hinum fyrirskipuðu árlegu skýrslum um aðfluttar vörur til Íslands og útfluttar vörur þaðan, eigi að skiljast á þann hátt, að hèreptir beri ekki að senda stjórninni lista um verðlag á vörunum og um vörueptirstöðvar á verzlunarstöðunum.

Útaf þessu skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þèr auglýsið það Böving sýslumanni, að með fyrgreindu brèfi dómsmálastjórnarinnar er engin breyting gjörð á hinum eldri reglum um að senda verðlagslista og eptirstöðvaskrár.

Þarsem Böving sýslumaður þaraðauki hefir beðið um, að sèr yrðu send nokkur exemplör af útdrætti þeim, er innanríkisstjórnin fyrrum lèt prenta, af hinum helztu lagaboðum um verzlunina á Íslandi, þá skal því við bætt, að embættismanni þessum hafa beina leið hèðan verið send 15 exemplör af útdrætti þessum.

---

78. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um reka á Brekku í Strandasýslu. 22. sept.

Indriði alþingismaður Gíslason á Hvoli í Dalasýslu hafði farið fram á, að hann eptir staðfestum máldögum ætti, sem eigandi kirkjunnar á Hvoli, tilkall til sjöttungs úr hvalreka á fjörum jarðarinnar Brekku í Stranda sýslu millum Hundsvörðu og Stiga og þriðjungs viðarreka millum Hundsvörðu og Kirkjulækjar; en helming jarðar þessarar á Skarðs kirkja, en hinn helminginn ríkissjóðurinn; hafið þèr, herra amtmaður, fyrir þessa sök beðið um úrskurð stjórnarráðsins um það, hvort eptirláta skuli greindum Indriða Gíslasyni rekaítök þau, er hann þannig gjörir tilkall til, eður ekki.

1864. 22. sept. Eptir að stjórnarráðið nú er búið að fá ítarlegri skýrslur um málið með brèfi yðar, dags. 1. dag febrúarm. þ. á., þá skal yður nú kunngjört yður til leiðbeiningar, að eptir því, sem enn er fram komið í málinu, virðist dómsmálastjórninni ekki vera næg ástæða til að sleppa ríkissjóðsins vegna rekaítökum þeim, sem hèr er um rætt. 7 fylgiskjöl eru með brèfi þessu.

---

22. sept. **79. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um skil sýslumanna fyrir tekjum.**

Með því þess hefir vart orðið, þegar saminn hefir verið sá kaflinn, er Ísland snertir, af ríkisreikningunum fyrir hin síðari fjárhagsárin, að sýslumennirnir á Íslandi stundum hafa brotið á móti því, sem fyrir er mælt í brèfi innanríkisstjórnarinnar 13. d. janúarm. 1854 og brèfi dómsmálastjórnarinnar 5. d. júlím. 1861, þegar þeir hafa borgað tekjur þær, sem þeir hafa undir höndum, þarsem þeir ekki hafa tilgreint, svo sem vera ber, fyrir hvaða tekjum sèu gjörð skil með fè því, er þeir í hvert skipti borga, þá skorar dómsmálastjórnin hèrmeð á yður, herra (tit.), eptir undirlagi rannsóknarmanna ríkisreikninganna, að skýra stjórnarráðinu frá, hvenær fjársektir að undanförnu hafa verið við hafðar í suðurumdæminu (vesturumdæminu, — norður- og austurumdæminu) samkvæmt fyrgreindu brèfi dómsmálastjórnarinnar, til að neyða hlutaðeigendur til að hlýðnast boði því, sem hèr er um rætt, svo og láta stjórnarráðið framvegis undireins vita af, þegar slíkum fjársektum verður beitt.

---

30. sept. **80. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi og amtmannsins yfir vesturumdæminu, um reikninga sýslumanna og umboðsmanna[1].**

Þareð ýmsir íslenzkir reikningar fyrir fjárhagsárið 1863—

[1]) Amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu var s. d. ritað á sama hátt í brèfi, er þaraðauki var um annað efni.

1864 ekki eru enn komnir til stjórnarinnar, finnur stjórnarráðið ástæðu til að skora á yður, herra (tit.), að brýna fyrir embættismönnum þeim í yðar umdæmi, sem tekjur eiga að heimta fyrir ríkissjóðinn, ákvörðun þá, sem er í brèfi dómsmálastjórnarinnar, dags. 4. dag septemberm. 1861, um að senda reikninga í tækan tíma. Þaraðauki þykir stjórnarráðinu rèttast, að embættismönnum þessum, til þess að girða fyrir, að þeir geti notað tekjur þess ársins, sem er að líða, til að borga með tekjur þær, sem til eru færðar í reikningi næsta árs á undan, sè bent á, að þeim sè ekki leyfilegt að halda hjá sèr tekjum þeim, er þeir heimta, þangaðtil þeir senda reikningana til amtsins, heldur sè það skylda þeirra að borga þær inn í ríkissjóðinn svo skömmum tíma eptir gjalddaga þeirra, sem unnt er eptir ásigkomulagi landsins. 1864. 30. sept.

---

81. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um að amtmenn megi gefa ýmisleg leyfisbrèf. 30. sept.

Samkvæmt þegnlegum uppástungum dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konunginum 12. þ. m. þóknazt meðal annars allramildilegast að fallast á:

1. að amtmönnunum á Íslandi sè á hendur falið að framselja;
   a. Leyfisbrèf til að leiða ný vitni og leggja fram ný skjöl í málum, sem skotið er til hins íslenzka landsyfirrèttar; þaraðauki má einnig framvegis fá leyfisbrèf þessi hjá stiptamtmanninum yfir Íslandi.
   b. Leyfisbrèf til að vera executor testamenti í dánarbúum, þegar ekkert þykir athugavert við málið.
   c. Leyfisbrèf til að fá ógildingardóm á veðskuldabrèfum og eignardóm fyrir fasteignum, og
   d. Leyfisbrèf til að ganga að eiga ekkju bróður, föðurbróður eður móðurbróður síns, eður föðursystur eður móðursystur konu sinnar látinnar, svo framarlega sem hvorugt hjónaefnanna er gyðingatrúar, og
2. að greindum amtmönnum sè veitt vald til að leyfa því hjóna,

1864. 30. sept.

er hitt lifir, að sitja í óskiptu búi, þegar önnur þau skilyrði eru fyrir hendi, er til þess útheimtast, en einhver erfingjanna er fjærverandi, á þann hátt, að leyfið sé veitt þangaðtil fengin verði yfirlýsing þess erfingjans, sem fjærverandi er, og svo úr því, ef hann veiti til þess samþykki sitt.

Um leið og yður er kunngjörður konungsúrskurður þessi, skal bætt hér við nokkrum athugagreinum yður til leiðbeiningar þegar þér gefið út ofangreind leyfisbréf og veitið leyfi það, sem hér er um rætt.

Um 1. a. Leyfisbréf þessi, sem eptir tilsk. 21. desemberm. 1831 I. 17. gr. geta fengizt hjá stiptamtmanninum yfir Íslandi sem forseta í hinum íslenzka landsyfirrétti, í þeim málum, sem skotið er til yfirdóms þessa, skulu veitt fyrir borgun, að upphæð 16 rd. 5 mk., en þegar hlutaðeigandi hefir fengið gjafsókn í málinu, skulu þau veitt ókeypis.

Um 1. b. Eigi ber að synja um leyfisbréf þessi þegar ekki er ástæða til að efast um, að menn þeir, er eiga að taka að sér búið, séu áreiðanlegir og skilríkir menn. Borgunin er 16 rd. 5 mk., og fæst eigi uppgjöf á henni. Amtmennirnir mega veita leyfisbréfið hvort sem mennirnir hafa verið til nefndir í löglegri erfðaskrá, eður sótt er um, að þeir séu skipaðir án þess nokkur erfðaskrá hafi verið gjörð, þar sem þeir hafi til nefndir verið; svo og þegar maður deyr, sem tilnefndur hefir verið í erfðaskrá, eður hann verður ófær til að gegna starfa sínum og beðið er um annann, sem ekki er nefndur í erfðaskránni, í stað hins, sem fallinn er frá eður genginn úr leik.

Um 1. c. Til þess að veitt verði leyfisbréf til að fá ógildingardóm á horfnu veðskuldabréfi útheimtist, að sýnt sé fram á, að líkindi séu til að skuldabréfið sé horfið, og að enginn sviksamlegur tilgangur sé samfara beiðninni um að fá það dæmt ógilt; þessvegna ber og, að svo miklu leyti sem unnt er, að láta þá, sem hlut eiga að máli um skuldabréfið, fá tækifæri til að segja álit sitt áður en leyfisbréfið er veitt. Þess skal og hér getið, að þareð ofangreindur konungsúrskurður aðeins snertir leyfisbréf til að fá ógildingardóm á veðskuldabréfum er það vitaskuld, að dómsmálastjórninni framvegis er áskilið að

gefa út leyfisbrèf til að fá ógilt ríkisskuldabrèf og skuldabrèf bankans og önnur áþekk peningaskjöl. 1864. 30. sept.

Sá, sem vill fá eignardóm fyrir fasteign sinni, verður að geta sannað löglega heimild sína til hennar.

Þess ber að gæta um hvorutveggi þessi leyfisbrèf, að fasteign þeirri, sem fá á eignardóm fyrir, eður veðskuldabrèfi því, sem á að dæmast ógilt, sè lýst svo nákvæmlega, sem kostur er á.

Borgunin fyrir leyfisbrèf þau, sem hèr er um rætt, er 16 rd. 5 mk.; þó ber að veita ókeypis leyfisbrèf til að fá ógildingardóm, þegar veðskuldabrèf það, sem ógildast á, hljóðar uppá minni upphæð en 500 rd. ríkismyntar.

Um 1. d. Um leyfisbrèf þessi skal venjulega ekki synja mönnum, nema mikill munur sè á aldri hlutaðeiganda, og má einnig veita þau þó mægðirnar hafi verið ólöglegar, sem svo er kallað, eður með öðrum orðum, þó svo hafi á þeim staðið, að maður hafi átt barn með kvennmanni án þess þau væru hjón. Áður en leyfisbrèfið geti fengizt verða hlutaðeigendur því að koma fram með skírnarattesti sín, og einnig færa gildar sannanir fyrir því, að mægðum þeirra sè svo varið, sem þau skýra frá. Borgunin er 34 rd. 32 sk., en þó má færa hana niður til 16 rd. 5 mk. þegar þau skilyrði eiga sèr stað, sem ákveðin eru í konungsúrskurði 19. ágústm. 1829, en sá konungsúrskurður er birtur í kansellí-umburðarbrèfi 5. dag septemberm. s. á.

Um 2. Leyfi það, sem hèr er um rætt, má veita þegar þau skilyrði að öðru leyti eiga sèr stað, sem þurfa til þess, að hlutaðeigandi geti fengið að sitja í óskiptu búi. Við leyfi þetta, sem veitt er með brèfi[1] og engin borgun greidd fyrir, skal ávallt hnýtt þeirri ákvörðun, að það gildi þangaðtil fengizt geti yfirlýsing erfingja þess, sem eigi er viðstaddur, og svo úr því ef hann veiti samþykki sitt.

Til leyfisbrèfa þeirra, sem um er rætt að ofan við staflíðina 1 a, b, c, d, eru yður hèrmeð send eyðubrèf, 6 til hvers leyfisbrèfs, samtals 24, og eruð þèr beðnir að senda hingað

[1]) Þ. e. vanalegu amtsbrèfi, en ekki leyfisbrèfi í nafni konungs og með konunglegu innsigli undir. Útg.

1864. 30. sept. viðurkenning yðar um, að þèr hafið fengið þau. Þegar leyfisbrèf þessi eru af hendi látin ber að gjöra reikning fyrir þeim og senda hann stjórninni til endurskoðunar, en sá reikningur skal sameinaður þeim reikningi, sem háyfirvöldin nú á ári hverju eptir þeim reglum, sem um það efni gilda, senda stjórninni um konungleg brèf, er þeir fram selja. Bænarskrár þær, sem leyfisbrèfin eru út gefin eptir, eiga að fylgja með reikningnum, ásamt þeim fylgiskjölum og skilríkjum, er sanna, að leyfisbrèfin hafi veitt verið samkvæmt þeim ákvörðunum, sem um það efni hafa gjörðar verið. Borgunina ber að greiða inn í ríkissjóðinn á sama hátt og borgunina fyrir þau leyfisbrèf, sem háyfirvöldin nú mega af hendi láta, og eiga skilríki um það að fylgja með reikningnum.

Yður til leiðbeiningar um það, hvernig rita skuli í eyðubrèfin, hefir stjórnarráðið látið taka eptirrit af eldri leyfisbrèfum, einu af hverri tegund, og sendir yður hèrmeð eptirrit þessi.

---

3. okt. **82. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um skipti á dánarbúi Melsteðs amtmanns.**

Í brèfi dags. 20. f. m., er sent var beina leið til stjórnarráðsins, hefir P. Böving, sýslumaður í Snæfellsnessýslu, lýst því yfir, að hann álíti sig sem skiptaráðanda í sýslunni hafa rètt til að skipta búi Melsteðs heitins amtmanns, eður að minnsta kosti beri hinum setta skiptaráðanda, Jóhannesi Guðmundssyni, sýslumanni í Mýra- og Hnappadalssýslu, að leggja sèr út skiptalaunin; en þèr höfðuð skipað embættismann þenna til að skipta greindu dánarbúi, eptir að sá maður, sem þá gegndi sýslumannsstörfum í sýslunni, hafði álitið sig óhæfan til þess fyrir þá sök, að hann ætti skuld að heimta í búinu.

Um þetta efni skal yður hèrmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það Böving sýslumanni, að þarеð ekki hefir verið farið í þessu máli eptir konungsbrèfi 26.

ágústm. 1812, er ákveður, að stiptamtmaðurinn geti kvatt annan sýslumann en hinn reglulega skiptaráðanda í lögsagnarumdæminu til að skipta dánarbúi amtmanns, og þareð sú ástæða ekki á sèr stað um Böving sýslumann, sem eptir hans sögn gjörði það að verkum, að Jóhannes sýslumaður Guðmundsson var settur skiptaráðandi, þá álítur dómsmálastjórnin, að Böving eigi að fá greint dánarbú til skipta-umráða. Um leið eruð þèr beðnir að láta Böving sýslumann vita, að brèf hans til dómsmálastjórnarinnar, dagsett 16. júlím. þ. á., ekki hefir komið til skila, og að honum ber framvegis að senda amtinu fyrst brèf sín, þau er hann ritar stjórnarráðinu. 1864. 3. okt.

---

83. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um ábyrgð fyrir peningum, sem sendir eru með pósti. 5. okt.

Í brèfi 18. dag febrúarm. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, spurt um:

1. hvort embættismaður, er hefir undir höndum opinberar tekjur, sè laus allrar ábyrgðar á því opinberu fè, er hann sendir til jarðabókarsjóðsins með póstinum, undireins og hann er búinn að skila því af sèr til hlutaðeiganda póstafgreiðslumanns, og
2. hvort póstmálefnastjórnin, ef slys bera að höndum, bæti hlutaðeigendum það fè, sem sannað verður, að þeir hafi sent með póstinum.

Um þetta efni kunngjörir dómsmálastjórnin yður:

Um 1. spurn.: að við þessari spurning, svona almennri, virðist eiga að kveða já; þó verður hlutaðeigandi að sýna kvittun póstafgreiðslumannsins fyrir því, að hann hafi tekið við fènu.

Um 2. spurn.: að ekki verður álitið, að póstmálefnastjórninni sè skylt að gefa skaðabætur fyrir fè, sem sent er með pósti, þegar það týnist eður fer forgörðum af slysum, sem eigi verður kennt skeytingarleysi póstþjóna.

1864. 12. nóv. **84. Konungsbrèf til stiptamtmannsins yfir Íslandi til svars ávarpi frá fundi Íslendinga á þingvöllum útaf konungaskiptunum.**

Vèr Kristján hinn Níundi, og s. frv. Vora einstaklega hylli! Dómsmálastjórnarráðgjafi Vor hefir fyrir Oss lagt þegnlegt ávarp, er samið var vegna konungaskiptanna á fundi embættismanna og bænda á þingvöllum í Árnessýslu á Íslandi 15. dag ágústm. þ. á.

Eins og það hefir verið Oss kært að taka móti þessari yfirlýsing um traust og hollustu frá fjölsóttum fundi manna úr hinum ýmsu hèruðum landsins, þannig viðurkennum Vèr og þá þýðing, er það hefir fyrir þá, er ávarpið hafa ritað, að þeir senda Oss þegnlegt heit um hollustu sína frá þeim stað, sem svo margar fornaldar-endurminningar eru við bundnar. Þèr ber því að láta hlutaðeigendum í ljósi viðurkenning Vora og þakklæti.

Þarsem þvínæst málinu um stjórnarskipun Íslands hefir hreyft verið í ávarpi þessu, þá bendum Vèr þeim mönnum, er það hafa sent, til þess, sem sagt er í brèfi Voru 8. dag júlím. þ. á., en í því er svarað áþekku ávarpi frá nokkrum embættismönnum og borgurum í Reykjavíkur kaupstað.

Þannig framkvæmist Vor vilji. Felandi þig guði!

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn 12. dag nóvemberm. 1864.

Christian R.

Heltzen.

---

16. nóv. **85. Konungleg Auglýsing viðvíkjandi friðarsamningi þeim, er gjörður var í Vínarborg 30. dag októbermánaðar 1864, ásamt með skrá um að rýma Jótland.**

Vèr Kristján hinn Níundi, og s. frv., Gjörum kunnugt: Eptir að ríkisráðið hefir veitt samþykki sitt, höfum Vèr staðfest friðarsamning þann, er gjörður var í Vínarborg 30. dag

1864. 16. nóv.

októbermánaðar þ. á. millum Vor og þeirra, hans hátignar keisarans í Austurríki og hans hátignar konungsins í Prússlandi, en friðarsamningur þessi er þannig hljóðandi í útlegging:

Í nafni hinnar einu allrahelgustu þrenningar!

Hans hátign konungurinn í Danmörk, hans hátign keisarinn í Austurríki og hans hátign konungurinn í Prússlandi hafa orðið samhuga um að gjöra undirbúningssamning þann, er undirskrifaður var 1. dag ágústmánaðar þ. á., að fullum friðarsamningi.

Fyrir því hafa þeirra hátignir kvatt til fulltrúa sinna þessa menn:

Hans hátign konungurinn í Danmörk: Herra George Joachim Quaade, kommandör Dannebrogsorðunnar og Dannebrogsmann, riddara af 1. flokki orðu hins rauða arnar og af öðrum flokki járnkrúnuorðunnar og s. frv., kammerherra og aukaráðgjafa, og s. frv. og s. frv., og herra Henrik August Theodor Kauffmann, kommandör Dannebrogsorðunnar og Dannebrogsmann, og s. frv. og s. frv., kammerherra og ofursta í aðalherstjórninni og s. frv. og s. frv.

Hans hátign keisarinn í Austurríki: Herra Johann Bernhard greifa af Rechberg Rothenlöwen, riddara af gullgærunni, stórkross hinnar ungversku St. Stefans orðu, riddara af 1. flokki járnkrúnuorðunnar, riddara af orðu hins svarta arnar með demöntum og s. frv., kammerherra og virkilegt leyndarráð og s. frv. og s. frv., og herra Adolph Maria barún af Brenner-Felsach, kommandör hinnar keisaralegu Leópoldsorðu og Dannebrogsorðunnar og s. frv., virkilegan kammerherra, aukasendiherra og fulltrúa með keisaralegu umboði og s. frv. og s. frv.

Hans hátign konungurinn í Prússlandi: Herra Carl barún af Werther, riddara af fyrsta flokki orðu hins rauða arnar, stórkross hinnar keisaralegu Leópoldsorðu og Dannebrogsorðunnar og s. frv. og s. frv., kammerherra og virkilegt leyndarráð, aukasendiherra og ráðherra með konunglegu umboði við hirðina í Austurríki, og herra Hermann Ludvig v. Balan, riddara af öðrum flokki orðu hins rauða arnar með stjörnu og

1864. 16. nóv. eikilaufum, kommandör húsorðunnar frá Hohenzollern, hinnar keisaralegu Leópoldsorðu og Dannebrogsorðunnar og s. frv., virkilegt leyndarráð, meðlim ríkisráðsins, aukasendiherra og fulltrúa með konunglegu umboði og s. frv., og s. frv., og s. frv.; hafa þessir menn átt fund með sèr í Vínarborg, og eptir að þeir hafa lagt fram umboðsskrár sínar, sem voru í góðu og rèttu formi, komu þeir sèr saman um þessar greinir:

I. grein.

Hèreptir skal ávallt vera friður og vinátta milli hans hátignar konungsins í Danmörk og þeirra: hans hátignar keisarans í Austurríki og konungsins í Prússlandi, millum erfingja þeirra og eptirkomenda, ríkja þeirra og þegna.

II. grein.

Allir samningar og samþykktir, er gjörðar hafa verið á undan stríðinu millum hinna háu málsparta, er samning þenna gjöra, fá gildi á ný, nema teknar sèu úr gildi eður breyting á þeim gjörð í þessum samningi.

III. grein.

Hans hátign konungurinn í Danmörk afsalar sèr öllum rèttindum sínum til hertogadæmanna Slèsvíkur, Holtsetalands og Láenborgar þeim til handa: hans hátign keisaranum í Austurríki og hans hátign konunginum í Prússlandi, og skuldbindur sig til að viðurkenna þær ráðstafanir, er þeir gjöra viðvíkjandi hertogadæmum þessum.

IV. grein.

Afsölun hertogadæmisins Slèsvíkur innibindur í sèr allar þær eyjar, er heyra til hertogadæmis þessa, eigi síður en þann hluta þess, sem á meginlandinu liggur.

Til þess að gjöra hægra fyrir með ákvörðun landamæranna, og til þess að gjöra enda á vankvæðum þeim, er af því leiða, að józk hèruð liggja sem ílendur í Slèsvíkur landi, þá afsalar hans hátign konungurinn í Danmörk sèr þeim til handa: hans hátign keisaranum í Austurríki og hans hátign konunginum í Prússlandi, hina józku landsparta, er liggja fyrir sunnan syðri takmarkalínu Rípa hèraðs, t. a. m. hinn józka landspart Mögel-

tönder, eyna Amrom, józku partana af eyjunum Föhr, Sild og Romö og s. frv. 1864. 16. nóv.

Þar á móti veita þeir, hans hátign keisarinn í Austurríki og hans hátign konungurinn í Prússlandi, samþykki sitt til þess, að aðskilið sè frá hertogadæminu Slèsvík og innlimað í konungsríkið Danmörk svo mikið land af hertogadæminu, sem þessu svarar, og skal það vera, auk eynnar Æreyjar, þeir landskikar, sem þurfa til að sameina Rípa hèrað, sem fyr er getið, við hina partana Jótlands, og til að laga takmarkalínuna milli Jótlands og Slèsvíkur í þá áttina, sem Kolding er.

V. grein.

Hin nýja takmarkalína millum konungsríkisins Danmerkur og hertogadæmisins Slèsvíkur á að byrja í miðju mynni fjarðarins Heilsminde við Meðalfararsund (Litlabelti), liggur hún svo eptir firðinum, og fer síðan eptir núverandi suðurtakmörkum þessara sókna: Heils, Veistrup og Taps, allt að síki því, sem er fyrir sunnan Geilbjerg og Brænöre; þá fer hún eptir síki þessu, fra því er það rennur út í Fovs-á, meðfram suðurtakmörkum sóknanna Ödis og Vandrup, og vesturtakmörkum hinnar síðarnefndu sóknarinnar allt að Konungsá fyrir norðan Holte. Þaðan eru takmörkin farvegur þeirrar ár, til austurtakmarka Hjortlunds sóknar. Þaðan á línan að fara eptir sömu takmörkum og framlenging þeirra allt að því horni á þorpinu Obekjær, er skagar til norðurs, og síðan eptir austurtakmörkum þorps þessa að Gjels-á. Þaðan á hin nýja takmarkalína að fara eptir austurtakmörkum Seemsóknar, og suðurtakmörkum sóknanna: Seem, Ribe og Vester-Vedsted, og á hún að liggja út í Norðursjóinn miðja vegu milli eyjanna Manö og Romö.

Vegna þessarar nýju skipunar á landamærunum er því af beggja hálfu yfir lýst, að allar heimildir og öll rèttindi blandaðs eðlis, bæði í veraldlegum og andlegum efnum, sem hingað til hafa átt sèr stað í ílendunum, á eyjunum og í blönduðu sóknunum, sèu afmáð. Fyrir því skulu þau hin nýju landsyfirráð í báðum þeim löndum, er hin nýja takmarkalína aðgreinir, í þessu tilliti fá öll rèttindi sín óskert.

1864. 16. nóv.

VI. grein.

Undir eins og búið er að út gefa staðfestingarbrèfin um samning þenna, skal nefnd, er skipuð sè fulltrúum hinna háu málsparta, er samninginn gjöra, fara til og afmarka hina nýju takmarkalínu á landinu sjálfu, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í næstu grein á undan.

Nefnd þessi á og að skipta niður á konungsríkið Danmörk og hertogadæmið Slèsvík kostnaðinum við að leggja hinn nýja þjóðveg frá Rípum til Tönder, og skal það gjört að tiltölu rèttri eptir stærð lands þess, er hann liggur í gegnum báðum megin.

Loksins skal og hin sama nefnd sjá um skipti á fasteignum og öðru fè, sem hingaðtil sameiginlega hefir heyrt til hèruðum eður sveitarfèlögum, sem aðskilin eru við hina nýju takmarkalínu.

VII. grein.

Ákvarðanirnar í XX. XXI. og XXII. grein í samningi þeim, er gjörður var millum Austurríkis og Rússlands 3. dag maímánaðar 1815[1], en þær ákvarðanir eru partur úr sjálfri aðal-

---

[1]) Greinir þessar eru þannig hljóðandi:

XX. grein.

Nú falla takmörkin yfir eignir manna, og skal þá farið að við eigendurna eptir hinum frjálslegustu grundvallarreglum, að því er snertir eignir þessar.

Þessir blönduðu eigendur, hjú þeirra og aðrir, er þar búa, skulu hafa rètt til að fara fram og aptur með jarðyrkjutól sín, skepnur, áhöld og s. frv. frá einum parti til annars á eign þeirri, sem takmörkin þannig skerast yfir, án tillits til þess, að landsyfirráðin eru ekki hin sömu yfir báðum pörtunum; einnig til að flytja frá einum stað til annars uppskeru sína, allskonar ávexti, sem jörðin af sèr gefur, skepnur sínar og alla þá hluti, er þeir hafa til búið, án þess að þeir þurfi leiðarbrèf, án þess þeim sè tálmun gjörð, án þess að þeir sæti neinum álögum og án þess þeir greiði nokkurn toll.

Þessi hlunnindi eru þó einskorðuð við hluti, sem náttúran eður iðnaðurinn framleiðir á þeirri lóð, sem takmarkalínan þannig hefir skorizt gegnum. Svo gilda þau og einungis um þær fasteignir, er sami eig-

gjörð Vínarfundarins og snerta hina blönduðu eigendur, rèttindi þau, er þeir geti hagnýtt sèr, og hvernig að skuli farið um þær eignir manna, sem takmörkin falla yfir, — skulu heimfærðar upp á þá eigendur og þær eignir, sem á sama hátt er ástatt með í Slèsvík og á Jótlandi, sem ráð er fyrir gjört í ofangreindum ákvörðunum í gjörðum Vínarfundarins. 1864. 16. nóv.

VIII. grein.

Til þess að ríkisskuldum hins danska alríkis verði sanngjarnlega skipt eptir fólkstölu í konungsríkinu og hertogadæmunum, og til þess að koma í veg fyrir þá hina óyfirvinnanlegu erfiðleika, sem nákvæmir reikningar um rèttindi og kröfur á báðar síður mundu hafa í för með sèr, hafa hinir háu málspartar, er samning þenna gjöra, ákveðið þann hluta af ríkisskuldum hins danska alríkis, sem hertogadæmin eiga að bera, til upphæðar í heilu lagi, er sè tuttugu og níu milljónir ríkisdala (danskrar ríkismyntar).

IX. grein.

Sá hluti af ríkisskuldum hins danska alríkis, sem eptir næstu grein hèr á undan á að hvíla á hertogadæmunum, á sem skuld, er ofangreind þrjú hertogadæmi eiga að lúka til konungsríkisins Danmerkur undir ábyrgð þeirra, hans hátignar keisarans

---

andi á innan mílu (15 mílur jafnar einu jarðarmælistigi) hvorumegin, og sem takmarkalínan hefir skorizt gegnum.

XXI. grein.

Þegnar beggja ríkjanna, einkum fjármenn og hirðar, skulu framvegis vera aðnjótandi þeirra rèttinda, hlunninda og einkaleyfa, er þeir að undanförnu hafa haft.

Eigi skal heldur leggja neinar tálmanir í veginn fyrir dagleg viðskipti nábúanna, þeirra er við takmörkin búa, á þjóðverzku: Gränz-Verkehr.

XXII. grein.

Varnarþing manns þarsem hann á heima skal einnig ráða í málum manna, þeim er rísa utaf landeignum þessum. En varnarþing fasteignarinnar, þarsem þrætulandið liggur, á að láta dóminum fullnustu veita. Þessi ákvörðun á að gilda í sex ár, en þar á eptir áskilja báðir hinir háu stjórnendur sèr, ef þörf gjörist, að koma sèr saman um aðra reglu.

1864. 16. nóv. í Austurríki og hans hátignar konungsins í Prússlandi, að greiðast innan eins árs, eður fyrri ef unnt er, frá því að búið er að koma skipulagi á stjórn hertogadæmanna fyrir fullt og allt.

Skuld þessa eður nokkurn hluta hennar má borga með einhverjum þeim hætti, er nú segir, eptir því sem hertogadæmin helzt kjósa:

1°. Með peningum (75 prússneskir dalir = 100 dalir danskrar ríkismyntar);

2°. Með því að fá hinum danska ríkissjóði óuppsegjanleg skuldabréf, með 4 af hundraði í vöxtu, er heyra til innlendum skuldum hins danska alríkis;

3°. Með því að fá hinum danska ríkissjóði ný ríkisskuldabréf, sem hertogadæmin gefa út, og ber að ákveða verð þeirra í prússneskum dölum (30 í pundinu) eður í Hamborgarbankamörkum. Skuldabréf þessi eiga að borgast á þann hátt, að greitt sé árgjald, er sé fyrir hvert missiri að upphæð 3 af hundraði af hinni upphaflegu upphæð skuldarinnar, á þann hátt að 2 af hundraði séu vextir þeir, er á hverjum gjalddaga ber að greiða af skuldinni, en afgangurinn kemur uppí skuldina sjálfa.

Áðurgreint gjald, 3 af hundraði á hverju missiri, verður greitt bæði úr hinum opinberu fèhirzlum hertogadæmanna og svo hjá peningakaupmönnum í Berlin og Hamborg.

Skuldabréfum þeim, sem nefnd eru í 2. og 3. tölulið, verður viðtaka veitt í hinn danska ríkissjóð eptir upphæð þeirri, er þau hljóða uppá.

X. grein.

Þangaðtil hertogadæmin fyrir fullt og allt hafa tekið að sèr þá upphæð, sem þau eiga að greiða samkvæmt VIII. grein þessa samnings í staðinn fyrir þeirra hluta eptir tiltölu af sameiginlegum skuldum hins danska alríkis, eiga þau á hverju missiri að greiða 2 af hundraði af greindri upphæð, en það eru 580,000 dalir (danskrar ríkismyntar). Þessi borgun fer fram á þann hátt, að þeir vextir af hinum dönsku ríkisskuldum, sem að undanförnu hafa ávísaðir verið úr hinum opinberu fèhirzlum hertogadæmanna, og það, sem þar hefir verið ávísað af því, sem borgað

hefir verið uppí skuldirnar sjálfar, sè einnig framvegis borgað úr hinum sömu sjóðum. Um það, sem þannig verður útborgað, skal reikningur gjörður á hverju missiri, og ef þá verður sú raun á, að það ekki nær ofangreindri upphæð, þá skulu hertogadæmin greiða hinum danska ríkissjóði í peningum það, sem á brestur; en ef hið gagnstæða hefir átt sèr stað, ber á sama hátt að endurgjalda hertogadæmunum í peningum það, sem umfram er. 1864. 16. nóv.

Reikningsgjörðir þessar skulu eiga sèr stað millum Danmerkur og þeirra yfirvalda, er hafa á hendi æðstu stjórn hertogadæmanna, og fara fram á þann hátt, sem fyrirskipað er í þessari grein, eður á hverju hálfu missiri ef það af beggja hálfu yrði álitið nauðsynlegt. Hin fyrsta reikningsgjörð á sèrstaklega að snerta alla þá vöxtu af hinum sameiginlegu skuldum danska alríkisins og sèrhverja þá borgun upp í þær, sem greidd hefir verið eptir 23. dag desembermánaðar 1863.

XI. grein.

Hið svo nefnda Holstein-Plönska jafnvirðisfè og eptirstöðvarnar af endurgjaldinu fyrir hinar fyrrverandi eignir hertogans af Augustenborg, að meðtöldum veðskuldum þeim, er á þeim hvíla, og þjóðjarðaskuldabrèf í Slèsvík og Holtsetalandi — skulu eingöngu falla á hertogadæmin.

XII. grein.

Stjórnin í Austurríki og stjórnin í Prússlandi ætla að láta hertogadæmin borga sèr stríðskostnaðinn.

XIII. grein.

Hans hátign konungurinn í Danmörk skuldbindur sig til, undir eins og búið er að út gefa staðfestingarbrèf þessa samnings, að framselja öll kaupför frá Austurríki, Prússlandi og þjóðverjalandi, sem tekin hafa verið meðan á stríðinu stóð, svo og farma skipa þessara, og einnig farma þá, sem eru eign þegnanna í Austurríki, Prússlandi og þjóðverjalandi, en sem teknir kunna hafa verið í skipum þeirra þjóða, er afskiptalausar hafa verið af stríðinu, og loks öll þau skip, sem Danmörk hefir tekið vegna stríðsins í hertogadæmum þeim, er nú hafa afsöluð verið.

1864. 16. nóv.

Þessum hlutum skal skilað í því ástandi, sem þeir bona fide eru í á þeim tíma, þegar þeir eru fram seldir.

Ef þeir hlutir, sem ber að skila aptur, ekki lengur eru til, á að endurgjalda andvirði þeirra, og ef þeir, eptir að þeir voru teknir, hafa rýrnað í verði svo töluverðu muni, ber að greiða eigendum þeirra skaðabætur, er því svari. Enn fremur er viðurkennd sú skylda, að borga þeim, er skip hafa til leigu, og skipverjum, og einnig þeim, er farmana eiga, allan beinlínis kostnað og skaða, sem sannað verður að hafi orsakazt af því, að skipin hafi verið tekin, t. a. m. hafnartolla [droits de port ou de rade (Liegegelder)], rèttargjöld og þau gjöld, sem risið hafa af viðurhaldi og heimflutningi skipa og skipverja.

Hvað þau skip snertir, er eigi verður sjálfum aptur skilað, þá skal endurgjaldið fyrir þau ákveðið eptir verði því, er þau skip voru í, þá er þau voru tekin. Með tilliti til þeirra farma, sem skemmzt hafa, eður ekki eru lengur til, þá skal endurgjaldið ákveðið eptir verði því, sem þeir hefðu verið í á þeim stað, er átti að flytja þá til, á þeim tíma, er skipið eptir líkindum hefði þangað komið.

Hans hátign keisarinn í Austurríki og hans hátign konungurinn í Prússlandi skila á sama hátt aptur þeim kaupförum, er herlið þeirra eður herskip hafa tekið, og sömuleiðis skipsförmunum, að því leyti þeir voru eign einstakra manna.

Ef hlutunum sjálfum eigi verður aptur skilað, ber að ákveða endurgjaldið fyrir þá eptir þeim grundvallarreglum, sem að ofan er getið.

Þeirra hátignir skuldbinda sig einnig til að reikna með herskatta þá, er lið þeirra hefir fengið í peningum á Jótlandi. Sú upphæð skal dregin frá því endurgjaldi, sem Danmörk á að greiða, samkvæmt þeim grundvallarreglum, sem ákveðnar eru í þessari grein.

Hans hátign konungurinn í Danmörk, hans hátign keisarinn í Austurríki og hans hátign konungurinn í Prússlandi skipa sèrstaklega nefnd, sem á að ákveða upphæð skaðabótanna á báðar hliðar, og skal hún koma saman í Kaupmannahöfn í seinasta

lagi 6 vikum eptir að búið er að framselja staðfestingarbréf þessa samnings. 1864. 16. nóv.

Nefnd þessi skal leitast við að ljúka starfa sínum á þrem mánuðum. Ef hún þegar sá tími er liðinn eigi hefir getað orðið á eitt sátt um allar þær kröfur, er upp hafa verið bornar fyrir henni, ber að leggja í gjörð þær kröfurnar, sem enn eru óútkljáðar. Í þessu augnamiði ætla þeir, hans hátign konungurinn í Danmörk, hans hátign keisarinn í Austurríki og hans hátign konungurinn í Prússlandi að koma sèr saman um að kjósa gjörðarmann.

Endurgjaldið á að greiðast í seinasta lagi 4 vikum eptir að búið er að ákveða það fyrir fullt og fast.

XIV. grein.

Danska stjórnin er framvegis skuldbundin til að borga aptur allt það fè, sem þegnarnir í hertogadæmunum, sveitarfèlög, opinberar stofnanir og fèlög hafa borgað inn í danskar fèhirzlur sem ábyrgðarfè, geymslufè eður ráðstöfunarfè:

Þar að auki skal þetta fè fengið hertogadæmunum:

1. Sjóðurinn til að borga hinar holsteinsku fèhirzlu-ávísanir (Kassenscheine);
2. Fangelsisbyggingasjóðurinn;
3. Brunabótasjóðirnir;
4. Geymslufjár-sjóðurinn;
5. Það fè, er menn eptir sinn dag hafa gefið sveitarfèlögum eður opinberum stofnunum í hertogadæmunum;
6. Eptirstöðvar (Kassenbehalte) af sèrstaklegum tekjum hertogadæmanna, sem bona fide voru í hinum opinberu fèhirzlum þeirra á þeim tíma, er aðfarir þjóðverska sambandsins voru gjörðar og liði skipað í landshluta þessa.

Það verður á hendur falið þjóðfulltrúa nefnd að ákveða upphæð ofangreinds fjár, eptir að búið er að draga frá kostnaðinn við hina sèrstaklegu stjórn hertogadæmanna.

Með tilstyrk hinnar dönsku stjórnar ber að reisa við aptur fornmenjasafnið í Flensborg, sem á skylt við sögu Slèsvíkur, en hefir að miklu leyti tvístrazt við hina síðustu atburði.

Einnig skal hin nýja stjórn nákvæmlega borga aptur dönskum

1864. 16. nóv. þegnum, sveitarfèlögum, opinberum stofnunum og fèlögum, þeim er hlut eiga að máli, fè það, er borgað hefir verið inn í hinar opinberu fèhirzlur hertogadæmanna sem ábyrgðarfè, geymslufè, eður ráðstöfunarfè.

XV. grein.

Eptirlaun þau, sem tilfærð eru í hinum sèrstaklegu gjaldaáætlunum konungsríkisins eður hertogadæmanna, skulu eins og verið hefir borgast af hvoru landinu fyrir sig. Þeim, er eptirlaunin hafa, er frjálst að taka sèr bólfestu hvort heldur í konungsríkinu eður hertogadæmunum.

Öll önnur eptirlaun, bæði borgaralegra embættismanna og hermanna, að meðtöldum eptirlaunum embættismanna við ársfè hans hátignar, hins hásæla konungs Friðriks hins 7., og embættismannanna hjá hans konunglegu tign, hinum hásæla Ferdinand prins og hjá hennar konunglegu tign hinni hásælu landgreifainnu Charlotte af Hessen, er var borin prinsessa af Danmörk, svo og þeim eptirlaunum, sem hingaðtil hafa greidd verið úr náðargjafa-sjóðnum (Naades-Sekretariatet) — skal skipt millum konungsríkisins og hertogadæmanna eptir fólkstölu beggja.

Fyrir þessa sök hafa menn orðið ásáttir um að láta semja lista yfir öll þessi eptirlaun, reikna upphæð þeirra til innstæðu sem árlegt lífsfè, og skora á alla þá, er eptirlaunin hafa, að lýsa yfir, hvort þeir framvegis óski að fá eptirlaun sín borguð í konungsríkinu eður í hertogadæmunum.

Ef sú verður raun á, þegar menn eru búnir að kjósa um þetta, að hlutfallið milli partanna, það er að segja milli þess hluta, er fellur á hertogadæmin, og þess hlutans, er framvegis hvílir á konungsríkinu, ekki verður samkvæmt grundvallarreglunni um niðurjöfnunina að tiltölu eptir fólks fjölda, þá skal það landið borga mismuninn, sem á að bera hann eptir þessu.

Þau eptirlaun, sem ávísuð eru úr hinum almenna ekkjusjóði og úr eptirlaunasjóði óæðri hermanna, skulu framvegis borguð eins og að undanförnu, að því leyti sjóðir þessir til hrökkva. En hvað snertir tillag það, sem ríkið verður að borga

til sjóða þessara, þá taka hertogadæmin að sèr nokkurn hluta þess að tiltölu eptir fólksfjölda. 1864. 16. nóv.

Mönnum, sem fæddir eru í hertogadæmunum, er beinlínis áskilin sú hlutdeild í lífsfjár og framfærslustofnuninni frá 1842 í Kaupmannahöfn, sem þeir hafa áunnið sèr rètt til.

Þjóðfulltrúanefnd, er sè skipuð fulltrúum af beggja hendi, skal eiga fund með sèr í Kaupmannahöfn jafnskjótt og búið er að staðfesta samning þenna, til þess að ráðstafa hinum einstöku atriðum í ákvörðununum í þessari grein.

XVI. grein.

Hin konunglega danska stjórn tekur að sèr útborgun á ársfè handa:

Hennar hátign Karólínu Amalíu, ekkjudrottning,

Hennar konunglegu tign Karólínu, erfðaprinsessu,

Hennar konunglegu tign Vilhelmínu Maríu af Glücksborg, hertogainnu,

Hennar tign Karólínu Charlotte Mariane af Mecklenborg-Strelitz, hertogainnu,

Hennar tign Lóvísu Karólínu af Glücksborg, ekkjuhertogainnu,

Hans tign Friðriki, prins af Hessen,

þeirra tign prinsessunum Charlotte, Victoriu og Amalíu af Slesvig-Holstein-Sönderborg-Augustenborg.

Þann hluta af þessu fè, sem að tiltölu eptir fólksfjöldanum fellur á hertogadæmin, skal stjórn hertogadæmanna endurgjalda hinni dönsku stjórn.

Nefnd sú, sem um er getið í næstu grein hèr á undan, á einnig að gjöra þær ráðstafanir, sem þörf er á til framkvæmdar því, sem um er rætt í þessari grein.

XVII. grein.

Hin nýja stjórn í hertogadæmunum gengur að þeim rèttindum og skyldum, sem byggjast á samningum þeim, sem hin konunglega danska landstjórn á vanalegan hátt hefir gjört með tilliti til almennings málefna, sem sèrstaklega varða þá landshluta, sem nú eru afsalaðir.

Menn hafa orðið ásáttir um, að ofangreind ákvörðun ekki

1864. 16. nóv. nái til þeirra skyldna, er styðjast við samninga, sem hin danska stjórn hefir gjört með tilliti til stríðsins og aðfara bandaríkjanna.

Hin nýja stjórn hertogadæmanna viðurkennir sèrhver rèttindi, sem menn eður stofnanir hafa löglega áunnið sèr í hertogadæmunum.

Ef ágreiningur verður um þessi efni, eiga dómstólarnir að skera úr málunum.

XVIII. grein.

Þeir menn, sem fæddir eru í landshlutum þeim, sem nú eru afsalaðir, en sem þjóna í hinum danska landher eður sjóliði, eiga rètt á að verða þegar í stað undanþegnir herþjónustu og fara til heimkynna sinna.

Menn hafa orðið ásáttir um, að þeir af þessum mönnum, sem verða kyrrir í þjónustu hans hátignar konungsins í Danmörk, ekki fyrir þá sök megi verða fyrir neinum halla, hvorki sjálfir nè á eignum sínum.

Hin sömu rèttindi og vernd er af beggja hálfu veitt borgaralegum embættismönnum, fæddum í Danmörk eður hertogadæmunum, sem lýsa yfir þeirri fyrirætlun sinni, að yfirgefa stöðu þá, sem þeir eru í, annaðhvort í þjónustu Danmerkur eður hertogadæmanna, eður sem heldur kjósa að vera kyrrir í stöðu þessari.

XIX. grein.

Þeir þegnar, er eiga heima í löndum þeim, sem afsöluð eru með samningi þessum, hafa í 6 ár frá þeim degi, er staðfestingarbrèfin eru fram seld, fullt frelsi til, eptir að það hefir kunngjört verið hlutaðeiganda yfirvaldi, að flytja lausafè sitt, án þess að borga toll af, og fara sjálfir með hyski sitt til landa hans hátignar Danmerkur konungs, og halda þeir, þegar svo er, rèttindum sínum sem danskir þegnar. Frjálst er þeim að halda framvegis fasteignum sínum, þeim er þeir eiga í hinum afsöluðu löndum.

Hinn sami rèttur veitist á hinn bóginn dönskum þegnum og mönnum, sem fæddir eru í hinum afsöluðu löndum, en eiga heima í ríkjum hans hátignar konungsins í Danmörk.

þeir menn, sem færa sèr í nyt ákvarðanir þessar, mega ekki fyrir þá sök, að þeir taka þenna eður hinn kostinn, verða fyrir neinni áreitni frá hvorugri hálfunni, hvorki sjálfir þeir nè eignir þeirra, í hvoru landinu sem þær liggja. 1864. 16. nóv.

Ofangreindur sex ára frestur kemur og þeim mönnum að notum, sem fæddir eru annaðhvort í konungsríkinu Danmörk eður í hinum afsöluðu löndum, en sem á þeim tíma, þá er samningur þessi verður staðfestur, dveljast fyrir utan takmörk konungsríkisins Danmerkur eður hertogadæmanna. Yfirlýsingu þeirra getur orðið viðtaka veitt hjá hinum næsta danska sendiherra, eður hjá enum æðri embættismönnum, hvar sem er í konungsríkinu eður hertogadæmunum.

Allir þeir, er hafa rètt innborinna manna á þeim tíma, er samningur þessi verður staðfestur, halda þeim rètti bæði í konungsríkinu og í hertogadæmunum.

XX. grein.

Eignarheimildir, stjórnarskjöl og dómsskjöl um borgaraleg mál, sem snerta hin afsöluðu lönd, en sem eru í skjalasöfnum konungsríkisins Danmerkur, skulu svo skjótt, sem unnt er, fengin í hendur hinum nýju stjórnarumboðsmönnum hertogadæmanna.

Sömuleiðis ber að fá hertogadæmunum allar þær deildir af skjalasöfnunum í Kaupmannahöfn, ásamt með listum og registrum, sem verið hafa eign þeirra, en hafa verið teknar út úr skjalasöfnum þeirra.

Hin danska stjórn og hin nýja stjórn hertogadæmanna skuldbinda sig til, eptir áskorun hinnar æðri umboðsstjórnar, að láta hvor aðra fá öll þau skjöl og allar þær skýrslur, sem snerta málefni, er varða hvor um sig Danmörk og hertogadæmin.

XXI. grein.

Kaupverzlun og siglingar í Danmörk og hinum afsöluðu hertogadæmum njóta í hvorutveggja landinu hinna sömu rèttinda og hlunninda, sem veitt eru þeirri þjóð, er beztum kostum á að sæta, þangaðtil búið er að skipa fyrir um það málefni með sèrstaklegum samningum.

Það tollfrelsi og sá lèttir í tollgjaldi, sem eptir samningi dagsettum 14. marzm. 1857, II. grein, er veitt fyrir þær vörur,

1864. 16. nóv.

sem fluttar eru á vegum þeim og síkjum (Kanal), som nú sameina eður síðar kunna að sameina Norðursjóinn og Eystrasalt, skal einnig gilda um þær vörur, sem fluttar eru gegnum konungsríkið eður hertogadæmin, hvaða vegur sem farinn er.

XXII. grein.

Lið bandamanna skal svo fljótt, sem unnt er, fara út úr Jótlandi og í seinasta lagi innan þriggja vikna eptir að búið er að staðfesta samning þenna.

Hinar sèrstaklegu ákvarðanir um burtför liðsins eru settar í skrá nokkurri, sem er fest við samning þenna.

XXIII. grein.

Til þess að stuðla af fremsta megni til að friða hugi manna er því yfir lýst og heitið af hálfu hinna háu málsparta, er samning þenna gjöra, að enginn, sem hefir yfir sèzt við hina síðustu atburði, í hverri stètt og stöðu sem hann er, skuli ofsóttur eður áreittur, eður sjálfum honum eður eignum hans neinn óskundi gjörður sökum breytni hans eður skoðunar á þjóðmálefnum.

XXIV. grein.

Samningur þessi skal staðfestur og staðfestingarskjölin framseld í Vínarborg, áður en liðnar eru 3 vikur, eður fyrri ef unnt er.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúarnir undirskrifað hann og sett á hann merkis-innsigli sín.

Þannig samið í Vínarborg 30. dag októbermánaðar ár eptir Krists fæðing átján hundruð sextíu og fjögur.

(L. S.) undirskr.: *Quaade.*

(L. S.) undirskr.: *Kauffmann.*

(L. S.) undirskr.: *Rechberg.*

(L. S.) undirskr.: *Brenner.*

(L. S.) undirskr.: *Werther.*

(L. S.) undirskr.: *Balan.*

1864.
16. nóv.

Fylgiskjal.

Skrá um burtför bandamannaliðsins úr Jótlandi.

Samkvæmt XXII. grein í friðarsamningi þeim, er í dag hefir gjörður verið millum hans hátignar konungsins í Danmörk öðrumegin og hinsvegar þeirra, hans hátignar keisarans í Austurríki og hans hátignar konungsins í Prússlandi, hafa hinir háu málspartar, en samninginn gjörðu, orðið ásáttir um þær ákvarðanir, er nú skal frá skýrt:

I.

Bandamannaliðið skal fara burt úr Jótlandi í seinasta lagi á þriggja vikna fresti, þannig að það við lok fyrstu vikunnar skal vera komið burt úr Hjörrings-, Thisteds-, Vebjarga-, Álaborgar- og Randarós ömtum; auk greindra amta skal það við lok annarar vikunnar einnig vera komið burt úr Árós-, Skanderborgar- og Hringkaupangurs ömtum og við lok þriðju vikunnar úr gjörvöllu Jótlandi.

II.

Þann dag, er staðfestingarbrèf þessa samnings verða framseld, er lokið aðgjörðum hermanna-landstjórnar þeirrar, sem nú er á Jótlandi. Erindsreki, er hin konunglega danska stjórn til þess kveður, tekur þá við allri umboðsstjórn landsins; og heldur hann til á sama stað á Jótlandi og yfirstjórn bandamannaliðsins hefir aðsetur sitt meðan liðið er að fara út úr landinu.

III.

Hin dönsku yfirvöld skulu tregðulaust láta í tè allt, er bandamannaliðið þarf, með tilliti til húsnæðis, vista og flutnings (Vorspann) meðan liðið er á józkri lóð. Hin konunglega danska stjórn skal láta umboðsmann sinn hafa ábyrgð af framkvæmd þessarar ákvörðunar. Það sem í þessari grein er rætt um, að látið skuli í tè, skal takmarkað svo, að það einungis sè hið allranauðsynlegasta.

IV.

Alla spítala, herpósta og hraðfrèttalínur, er bandamannaliðið nú sem stendur hefir til sinna afnota, skal framvegis mega

1864. 16. nóv. nota þangaðtil liðið fullkomlega er farið út úr hverju amti, þó án skaða fyrir samsvarandi hluti, sem eru undir yfirráðum hinnar dönsku umboðsstjórnar. Hin konunglega danska stjórn ábyrgist beinlínis, að ekki verði með neinu tálmað framkvæmd þess, sem ákveðið er í þessari grein.

V.

Ef bandamannaliðið, þegar það fer úr Jótlandi, neyðist til að skilja eptir sjúka eður særða, skuldbindur hin konunglega danska stjórn sig til að annast um, að þeir fái tilhlýðilega meðferð og hjúkrun og til að láta flytja þá, þegar þeir eru heilir orðnir, með „Vorspann" til hinna næstu herstöðva bandamannaliðsins.

VI.

Frá þeim degi, er staðfestingarbréf samnings þessa verða fram seld, borgar bandamannaliðið, eptir þeim ákvörðunum, sem eru í reglugjörðinni um viðurgjörning á herliði þjóðversku sambandsríkjanna innan takmarka þeirra ríkja, kostnaðinn við allt það, sem því eptir áður sögðu verður í té látið með tilliti til húsnæðis, vista, hjúkrunar sjúkra og flutnings (Vorspann).

(undirskr.) *Quaade.*
(undirskr.) *Kauffmann.*
(undirskr.) *Rechberg.*
(undirskr.) *Brenner.*
(undirskr.) *Werther.*
(undirskr.) *Balan.*

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gefið í höfuðstað og aðsetursstað Vorum Kaupmannahöfn, 16. dag nóvembermán. 1864.[1]

---

16. nóv. **86. Opið bréf til Vorra kæru og trúu þegna í konungsríkinu Danmörk, á Íslandi og Færeyjum og í nýlendum Vorum á Vesturindlandi og Grænlandi.**

Vèr Kristján hinn Níundi, og s. frv., Gjörum kunnugt: Ár það, sem nú er liðið síðan Vèr komum til ríkis í Danmörk,

[1]) Auglýsing þessi er út komin frá ráðherraforsetastjórninni.

hefir verið fullt af hinu þyngsta mótlæti fyrir Oss og yður. 1864.
Þegar frá upphafi stríðsins hlutu menn að vera vonlausir um 16. nóv.
heppileg afdrif þess, nema liðveizla annara ríkja vægi upp á móti ofurefli því, er mótstöðumenn Vorir höfðu bæði að mannfjölda og herbúnaði. Slíka liðveizlu hlutum Vèr eigi, og þegar svo var ástatt hefði framhald stríðsins einungis orðið til þess að spilla högum landsins um ókominn tíma, ef það eigi hefði gjört útaf við það með öllu. Það var eigi skortur á fúsum vilja til að leggja enn meira í sölurnar fyrir föðurlandið, sem knúði til friðarins; en þèr funduð með Oss til ábyrgðar þeirrar, er kynslóð sú, sem nú er uppi, hefir gagnvart eptirkomendunum.

Þannig varð það Vort þunga hlutskipti að semja frið, er gjörir að engu hinar gleðiríku vonir, er Vèr höfðum, þá er Vèr tókum við kórónunni til þess að varðveita hana heila og óskerta, einsog hin danska konungsætt hafði borið hana um margar aldir. Það urðu Vor sorglegu forlög að sjá ríkinu skipt og það land aðskilið frá Oss, sem frá fornöld hafði verið einn hluti hins gamla danska ríkis og sem þúsund ára stríð eigi hafði megnað að hrífa frá því. En sárast af öllu hefir Oss tekið það, að partar af konungsríkinu sjálfu, og mesti hlutinn af þeim íbúum Slèsvíkur, sem með hjarta og tungu heyra til Danmerkur, hefir orðið að skilja við móðurland sitt og þjóðstofn.

Þèr, sem Oss framvegis er trúað fyrir að sjá um hagi yðar, yður ávörpum Vèr Voru konunglega orði um von ókomins tíma og örugga starfsemi fyrir föðurlandið. Minnist þess, að samheldi veitir lítilmagnanum krapt, og að mótlætið sjálft hefir í sèr fólgið mikið afl til að sameina og tengja fastar saman. Þèr viljið með eindrægni leggjast á eitt með Oss til að vinna að því verki, sem friðurinn gjörir nauðsynlegra en nokkurntíma áður. Með Oss viljið þèr starfa að því, að efla framfarir landsins með viturlegum lögum, og með því að nota og auka hin ríkuglegu hjálparmeðöl, er náttúran hefir gefið föðurlandi voru. Mikið höfum Vèr misst, en þó ekki vonina, og hinn ókomni tími er fyrir þá, er einarðan vilja hafa. Eins og Vèr treystum yðar fasta vilja til að efla velferð Danmerkur, þannig verið þèr og

1864. 16. nóv. þess fullvissir, að þetta skal vera það mark og mið, er öll viðleitni Vor stefnir að.

Guð blessi föðurland Vort!

Gefið í höfuðstað og aðsetursstað Vorum Kaupmannahöfn, 16. dag nóvembermánaðar 1864.[1]

---

21. nóv. **87. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um fyrirrætlun hvalaveiðamanna frá Vesturheimi að setjast að á Íslandi.**

Tveir borgarar í Nýju-Jórvík í bandafylkjunum í norðurhluta Vesturheims, Thomas W. Roys og G. A. Lilliendahl, hafa sent dómsmálastjórninni bænarskrá nokkra; en báðir þessir menn eru hluttakandi í hvalveiðum þeim, sem þèr, herra amtmaður, hafið frá skýrt í brèfum yðar, dags. 18. d. febrúarm. og 14. d. ágústm. þ. á. að barkskipið „Reindeer" hafi stundað sumarið 1863 og í sumar er leið við strendur Íslands, einkum á Reyðarfirði í Suðurmúlasýslu; hefir stjórnarráðið í dag svarað bænarskrá þeirra á þessa leið:

„Með því þèr óskið að öðlast borgararètt á Íslandi, annað-„hvort báðir í sameining eður hvor útaf fyrir sig, til að stunda „hvalaveiðar við strendur landsins, hafið þèr í brèfi til dóms-„málastjórnarinnar, dags. 8. d. þ. m., farið þess á leit, að yður „í þessu tilliti verði veittur sami rèttur og Íslendingar hafa, „móti því að þèr kaupið land með húsum eður látið sjálfir „byggja hús, til þess að búa þar og hafa aðsetur með fólki yðar „og aðstoðarmönnum, og hegðið yður í öllu eptir lögum þeim „og tilskipunum, er á Íslandi gilda.

„Um þetta efni kunngjörir dómsmálastjórnin yður, að eptir „hinni íslenzku löggjöf er ekkert því til tálmunar, að þèr takið „yður bólfestu á Íslandi og stundið þaðan hvalaveiðar, en að „áður verður að fá einkunn innlendra skipa fyrir skip þau, er „þèr ætlið að nota til veiða þessara. En þareð það heyrir undir „úrskurð aðaltollstjórnarinnar, hvað útheimtist í síðastgreindu

[1]) Þetta opna brèf er út komið frá ráðherraforsetastjórninni.

„tilliti, þá hefir dómsmálastjórnin ritað aðaltollstjórninni um þetta „atriði, og megið þèr vænta að fá síðar svar um það. 1864. 21. nóv.

„Þarsem þèr þar að auki hafið beðið um, að mega verða „lausir allrar ábyrgðar fyrir það, að þèr þegar heimildarlaust „hafið stundað hvalaveiðar á dönsku sjávarsviði, þá skal yður „kunngjört, að dómsmálastjórnin eigi mun láta yður sæta neinni „ábyrgð fyrir þetta, en þareð hlutaðeigandi yfirvöld á Íslandi „hafa skýrt frá, að Íslendingum hafi selt verið af veiðinni á „barkskipinu „Reindeer", þá ber yður eptir fyrirmælum hinna „íslenzku verzlunarlaga að greiða í lestagjald 4 rd. ríkismyntar „af hverju dönsku lestarrúmi af hinni fullu stærð skips þessa, „en eptir yðar eigin frásögn er stærð þess 250 tons (en „2,74 tons jafngilda einni danskri verzlunarlest), og verður því „gjaldið allt 365 rd. r. m., og vonast stjórnarráðið eptir, að „þèr sendið gjald þetta hingað hið bráðasta."

Þetta er yður hèrmeð kunngjört, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það sýslumanninum í Suðurmúlasýslu og einnig sýslumanninum í Norðurmúlasýslu, sem nýlega hefir sent beina leið hingað skýrslu um málið, og skal því við bætt, að þegar dómsmálastjórnin lagði úrskurð á málefni þetta byggði hún á því, að þarsem rètturinn til að setjast að á Íslandi til að verzla að vísu sè einskorðaður við hina löggiltu verzlunarstaði eptir ákvörðuninni í tilsk. 17. nóvemberm. 1786 7. gr., samanborinni við opið brèf 28. desemberm. 1836 1. gr., þá verði á hinn bóginn, einkum eptir ákvörðununum í tilsk. 13. d. júním. 1787 II. 6. gr. III. 11. gr., að álíta, að útlendingum, sem ætla að setjast að á Íslandi til að stunda einhvern annan atvinnuveg en verzlun, sè heimilt að fá sèr bústað hvar sem þeim sjálfum bezt líkar, og það jafnvel án þess að þeir þurfi að uppfylla þá hina formlegu skilmála, sem ákveðnir eru í 7. grein í hinni fyrstnefndu tilskipun um þá, sem setjast að á verzlunarstöðunum.

1864. 8. des. **88. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um póstferð frá Höfða til Seyðisfjarðar.**

Þèr hafið, herra amtmaður, í brèfi 3. maím. þ. á. skýrt frá, að yður eptir því, sem ástatt er, hafi þótt nauðsyn til bera að skipa póststöðvar og brèfasöfnunarstað á bænum Höfða, og að þèr hafið kvatt bóndann þar, Pál Ólafsson, til að vera póstafgreiðslumann og falið honum á hendur fyrir tilhlýðilega borgun að senda til Seyðisfjarðar brèf og böggla, er koma með póstinum í hvert skipti, er hann kemur frá norðurlandi, en þar á móti hafi Smith sýslumaður tekizt á hendur að senda á sinn kostnað til póststöðva þessara þau brèf, sem senda á frá Seyðisfirði til norðurlands; hafið þèr beðið um samþykki dómsmálastjórnarinnar til þess, að þèr hafið látið borga Páli Ólafssyni af póstekjunum 4 rd. fyrir hverja af þeim þrem ferðum, sem þegar hafa farnar verið samkvæmt ráðstöfun þessari, og stungið uppá að honum framvegis verði veittir 6 rd. á ári sem þóknun fyrir afgreiðslu póstsins og 4 rd. fyrir hverja aukaferð, er hann sendir til Seyðisfjarðar, og hafið þèr getið þess, að hann hafi verið ófáanlegur til að takast þetta á hendur fyrir minni borgun.

Um þetta efni kunngjörir stjórnarráðið yður, að það, eptir því sem ástatt er, fellst í öllum greinum á uppástungur þær, er þèr þannig hafið gjört.

---

8. des. **89. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um launaviðbót handa forstöðumanni prentsmiðjunnar m. m.**

Þegar rannsakaður var reikningur prentsmiðju Íslands fyrir árið 1861 höfðu verið gjörðar útásetningar um: að ekki hafi verið útvegað samþykki dómsmálastjórnarinnar til þess, að Einari Þórðarsyni, forstöðumanni prentsmiðjunnar, hafði verið veitt föst launaviðbót, 100 rd. á ári, í stað þeirra 80 rd. á ári, sem hann

hefir fengið sem launaviðbót til bráðabirgða síðan árið 1856, og um það, að honum árið 1861 höfðu verið veittir 30 rd. fyrir aukavinnu. Fyrir þessa sök hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, í bréfi 5. marzm. þ. á. lagt það til, að það, sem eptir því, sem nú var frá skýrt, hefir gjört verið í þessu efni, megi við svo búið standa, og að leyft sé, að einnig megi framvegis veita Einari Þórðarsyni hæfilega metna og sanngjarna borgun fyrir aukavinnu, þegar hennar sé æskt hjá stiptsprentsmiðjunni og hún sé nauðsynleg eptir því, sem ástatt sé, svo hafið þér einnig beðið um, að því verði lýst yfir, hver þau gjöld stiptsprentsmiðjunnar séu, sem fá þurfi til samþykki stjórnarráðsins. 1864. 8. des.

Eptir að skrifazt hefir verið á um málefni þetta við reikningastjórnardeild konungsríkisins, skal yður hèrmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar, og til þess þér auglýsið það, að stjórnarráðið eptir málavöxtum leggur samþykki sitt á þá 100 ríkisdala launaviðbót á ári, sem veitt hefir verið Einari Þórðarsyni, forstöðumanni prentsmiðjunuar, og að í þetta skipti má við svo búið standa um þá 30 ríkisdala borgun, sem honum hefir veitt verið fyrir aukavinnu, en að eptirleiðis má enga þóknun veita úr sjóði prentsmiðjunnar, sem ekki er heimild fyrir í samningi þeim, er gjörður var við forstöðumanninn 6. d. ágústm. 1855 og stjórnarráðið hefir samþykkt, nema áður sé til þess fengið leyfi stjórnarráðsins.

---

90. Brèf dómsmálastjórnarinnar til hins setta amtmanns yfir vesturumdæminu, um fjárnám fyrir málskostnaði. 8. des.

Við rannsókn reiknings þess, er þèr sem settur amtmaður höfðuð samið yfir gjöld og tekjur jafnaðarsjóðs vesturumdæmisins á Íslandi árið 1861, hafði verið gjörð útásetning um 57 rd. 24 sk., sem taldir höfðu verið fyrir fullt og allt með gjöldum í reikningnum, en upphæð þessi er kostnaður við sakamál höfðað gegn Gísla Jónssyni á Saurum; hafði ekki þótt nægilega sannað

1861. 8. des. með fjárnámsgjörð þeirri, er þèr sem sýslumaður í Dalasýslu hèlduð 18. dag maímánaðar 1861, að fé þetta hefði eigi getað fengizt hjá Gísla, en hann hafði með dómi landsyfirrèttarins 28. dag desemberm. 1857 verið skyldaður til að borga málskostnaðinn; hafið þèr í brèfi 2. d. marzm. skotið máli þessu undir úrskurð dómsmálastjórnarinnar.

Um þetta efni skal yður hèrmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þèr gjörið þær ráðstafanir, sem þörf er á, að þareð útskript af áðurgreindri fjárnámsgjörð, er stjórnarráðið hefir fengið frá reikningastjórnardeild konungsríkisins, ber með sèr, að hinn dæmdi átti fjármuni, sem leggja hefði mátt út í málskostnað þann, er hann var dæmdur í, þá hefir kostnaður þessi ranglega verið látinn lenda á jafnaðarsjóðnum, en að dómsmálastjórnin samt sem áður ekki mun skerast frekar í málið, ef ofangreind upphæð verður endurgoldin sjóðnum aptur með því að tilfæra hana með tekjum hans í næsta reikningi, og hefir reikningastjórnardeildinni í dag verið skýrt frá þessu.

---

9. des. **91. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Islandi, um það, hvernig reikna skuli til peninga landskuldargjald í fríðu af þjóðjörðum í Gullbringu- og Kjósarsýslu.**

Með brèfi, dagsettu 5. dag ágústm. þ. á., hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent stjórnarráðinu skjal frá Clausen sýslumanni í Gullbringu- og Kjósarsýslu og umboðsmanni yfir konungsjörðunum þar; biður hann um ákvörðun dómsmálastjórnarinnar um þessar spurningar:

1. hvort þær landskuldir af greindum jörðum, sem áskilið er í byggingarbrèfunum að gjaldast skuli í fríðu, eigi að borgast eptir verði því, sem í verðlagsskránni er á fríðu, en þeim gjaldmáta hefir hann fram fylgt reikningsárið 1863—64, eður eptir meðalverði allra meðalverða, einsog tíðkazt hefir um mörg ár á undan;
2. ef hið síðara eigi að vera reglan, hvort þá ekki beri að

borga leiguliðunum aptur mismun þess, er þeir hafa goldið það reikningsár, sem hèr er um rætt, og hinnar minni upphæðarinnar, er gjöldin hefðu numið, ef þau hefðu verið reiknuð til peninga eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskránni, og 1864. 9. des.

3. ef það eigi að vera reglan, sem hèr er ráð fyrir gjört, hvort ekki bera að setja í byggingarbrèfin framvegis beina ákvörðun um, að landskuld sú, sem áskilin er í fríðu, skuli reiknuð til peninga eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskránni, þegar hún ekki sè goldin í skileyri.

Eptir að skrifazt hefir verið á um málefni þetta við reikningastjórnardeild konungsríkisins, skal yður hèrmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það Clausen sýslumanni, að þareð gjöld þau, sem hèr er um rætt, eptir því, sem skýrslur eru fram komnar um, hafa með samþykki hins fyrrveranda konunglega rentukammers um langan tíma verið reiknuð og goldin eptir hinni almennu meðalalin í verðlagsskránni, þá þykir stjórnarráðinu ekki hlýða að banna, að þau einnig framvegis sèu reiknuð og goldin á sama hátt, jafnvel þó álíta verði þenna reikningsmáta fremur rangan í sjálfu sèr, eins og þèr, herra stiptamtmaður, einnig hafið sýnt fram á, og að það leiðir af þessu, að kveða ber já við 2. og 3. spurningunni.

---

92. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um borgun til prófdómenda við burtfararpróf í hinum lærða skóla í Reykjavík. 13. des.

Þèr hafið, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, sent stjórnarráðinu brèf nokkurt frá Jóni landsyfirrèttardómara Pèturssyni og Ólafi prófasti Pálssyni; hafa embættismenn þessir uudanfarin ár gegnt þeim starfa að vera prófdómendur við burtfararpróf í hinum lærða skóla í Reykjavík og biðja þeir nú um, að sú 10 ríkisdala þóknun, sem þèr í 4 síðustu árin hafið veitt hvorum þeirra fyrir greindan starfa, verði hækkuð til 15

1864. 13. des. ríkisdala fyrir hvorn um sig, en þèr hafið í brèfi 17. d. septemberm. þ. á. lagt málefni þetta undir úrskurð stjórnarráðsins.

Útaf þessu skal yður hèrmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið ekki getur dulizt þess, að því þykir það furðu gegna, að embættismönnum þessum hefir þótt sæma að heimta borgun fyrir starfa þenna, sem álíta ber að mönnum sè á hendur falinn í góðu trausti og í virðingar skyni, enda er engin borgun greidd fyrir þessi störf við neinn skóla í konungsríkinu; en að stjórnarráðið á hinn bóginn ekki efast um, að til sèu aðrir hæfir menn í Reykjavík, er muni fúsir á að takast greindan starfa á hendur af velvild við skólann, án nokkurs kostnaðar fyrir hann; að minnsta kosti má ætla, að þetta eigi sèr stað um kennarana við prestaskólann.

1865.

1. **Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir afgreiðslu pósts í Austur-Skaptafells sýslu.** 1865. 4. janúar.

Í bænarskrá, er hingað kom með brèfi yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu 26. októbermán. f. á., hefir Bergur Jónsson, prófastur í Bjarnanesi, sókt um, að fá framvegis árlega þóknun fyrir það, að honum hefir verið á hendur falið að afgreiða póst þann, sem þrisvar sinnum á ári er sendur úr Skaptafells sýslu austur í Suður-Múla sýslu, í líking við það, sem veitt er öðrum, sem afgreiða pósta á Íslandi, án þess þeir hafi neina embættisskyldu til þess að hafa þann starfa á hendi.

Um þetta efni skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr auglýsið það hlutaðeiganda, að dómsmálastjórnin, eptir því sem ástatt er, ekki hefir neitt á móti því, að beiðandanum fyrst um sinn sè veitt 4 ríkisdala þóknun á ári í því skyni, sem að ofan er getið, þannig, að þetta sè talið frá 1. janúarmán. 1865, og hefir landfógetanum á Íslandi verið skrifað um að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

---

2. **Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir gæzlu og aðhjúkrun á betrunarhúsfanga.** 4. janúar.

Í brèfi dagsettu 7. októbermán. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, beiðzt úrskurðar dómsmálastjórnarinnar útaf ágreiningi milli yðar og amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um það, úr hvaða sjóði skuli greiða kostnað við gæzlu og aðhjúkrun á Guðlögi Þórðarsyni, betrunarhúsfanga, meðan hann í vetur, er leið, lá veikur í Reykjavík; er kostnaður þessi alls

1865. 4. janúar. 334 rd. 41 sk., og hefir hann verið greiddur fyrirfram úr dómsmálasjóði Íslands; álítið þèr, herra stiptamtmaður, að endurgjalda eigi fè þetta úr jafnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins, en Havstein amtmaður álítur, að það eigi að borgast úr ríkissjóðnum.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að engin heimild er til að láta greiða kostnað þenna úr ríkissjóðnum, heldur verður að borga hann á sama hátt og annan sakamannakostnað.

Amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu hefir í dag verið kunngjörður úrskurður þessi honum til leiðbeiningar.

---

4. janúar. **3. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um það, hvort greiða beri konungstíund af jörðinni Vöglum í Þingeyjar sýslu.**

Með úrskurði þeim, er reikningastjórnardeild konungsríkisins hefir lagt á 9. lið útásetninganna við reikninga þingeyjar sýslu fyrir árin 1858—60, hefir því verið skotið til atkvæða dómsmálastjórnarinnar, hvort heimta skuli konungstíund af jörðinni Vöglum í Háls hreppi í þingeyjar sýslu; hefir jörð þessi fyrrum verið opinber eign, en síðan 1815 verið eign einstakra manna. Eptir að beiðzt hafði verið álits yðar, herra amtmaður, um þetta málefni, hafið þèr í brèfi dagsettu 19. febrúarmán. f. á. getið þess, að, þó að þèr ekki fáið betur séð, en að tíundarfrelsi það sem jörð þessari bar, meðan hún var opinber eign, hafi hún misst, þegar hún varð eign einstaks manns, þar sem það ekki var tekið fram í skilmálunum, þegar jörðin var seld, að hún eptirleiðis skuli undanþegin tíund, muni það að yðar hyggju ekki vera til neins að halda því fram að heimta konungstíund af jörð þessari, með því að það með hæstaréttardómi frá 16. febrúarmán. 1859 er ákvarðað, að jörðum þeim, sem áður voru eign Hólastóls, beri sama tíundarfrelsi, eptir að þær voru orðnar eign einstakra manna, eins og fyr, og koma má

fram með sömu ástæður í tilfelli því, sem hèr er um rædt, og þær, sem hæstarèttardómurinn er byggður á. 1865. 4. janúar.

Eptir að stjórnarráðinu nú hafa borizt skjöl þau, er snerta málefni þetta, með brèfi yðar dagsettu 3. septembermán. þ. á., skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það sýslumanni þeim, sem hlut á að máli, að dómsmálastjórnin fellst á álit það, sem þèr hafið látið í ljósi um málefni þetta.

---

4. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til fjárstjórnarinnar, um styrk til forngripasafns á Íslandi. 4. janúar.

Útaf bænarskrá, sem hingað hafði borizt, frá tveim mönnum í Reykjavík, Jóni stúdent Árnasyni, skrifara hjá biskupinum á Íslandi, og Sigurði málara Guðmundssyni, um að þeim væri veittur 300 ríkisdala styrkur á ári til þess að stofna forngripasafn á Íslandi, bað kirkju- og kennslustjórnin í brèfi dagsettu 13. janúarmán. f. á.[1] um álit fjárstjórnarinnar um það, hvort nokkuð væri því til fyrirstöðu frá hálfu hins heiðraða stjórnarráðs, að kirkju- og kennslustjórnin færi þess á leit við ríkisdaginn, að veittur væri styrkur sá, sem um var sókt, og, með því að fjárstjórnin í brèfi dags. 20. s. m. mælti ámóti því, að veittur væri neinn styrkur úr opinberum sjóði til áforms þess, er um er rædt, var beiðendunum gjört kunnugt, að þeim yrði ekki að svo stöddu útvegaður neinn slíkur styrkur.

Nú hefir kirkju- og kennslustjórninni samt sem áður að nýju borizt meðfylgjandi bænarskrá frá hinum sömu mönnum, og hefir forstjóri hins konunglega forngripasafns, konferenzráð Thomsen, ritað skýrslu sína á bænarskrána. Sækja þeir enn á ný um, að þeim verði veittur styrkur til áforms þess, sem um er rædt, og taka þeir einkum fram, að það sè mjög hætt við, að Ísland missi að öllu fornmenjar þær, sem enn eru eptir í landinu, með því að ferðamenn frá útlöndum, sem alltaf eru að fjölga síðan að gufuskipa ferðir komust á milli Íslands og útlanda, á seinni árum hafa keypt og flutt burt með sèr fjölda

[1]) Sjá 2. bls. að framan.

1865. 4. janúar. af forngripum, og mætti að þeirra hyggju sporna við þessu, ef til væri í landinu sjálfu opinbert safn, sem hefði nóg fé til þess að kaupa og safna saman fornmenjum þeim, sem enn eru til.

Með því þessu er þannig varið og af ástæðum þeim, sem teknar eru fram í brèfi kirkju- og kennslustjórnarinnar dags. 13. janúarmán. f. á., er getið er hèr að framan, verð eg að álíta það mjög æskilegt, ef beiðendunum yrði útvegaður styrkur sá, sem þeir sækja um, þar sem þeir hafa sýnt áhuga sinn á málefni þessu með því að stofna dálítið safn í Reykjavík, sem einstakir menn eru búnir að gefa meir en 150 hluti. Eg álít það því skyldu mína enn á ný að beiðast álits fjárstjórnarinnar um það, hvort hið heiðraða stjórnarráð er því mótmælt, að eg fari þess á leit við ríkisþingið, með því að gjöra breytingaratkvæði við frumvarpið til fjárlaganna fyrir árið 1865—66, að veittir verðir 300 rdl. í þessum tilgangi.

---

9. janúar. **5. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun úr bæjarsjóði Reykjavíkur fyrir ýms störf í bæjarins þarfir.**

Í brèfi dagsettu 4. júlímán. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, beiðzt úrskurðar dómsmálastjórnarinnar um:

1. hvort oddviti bæjarfulltrúanna hafi nokkra heimild í tilskipuninni um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík til þess að reikna sèr borgun úr bæjarsjóðnum fyrir að bóka gjörðir bæjarstjórnarinnar og fyrir að semja og hreinskrifa brèf og ályktanir, nema fyrir ritföng, og
2. hvort bæjarfógetinn megi reikna sèr borgun samkvæmt aukatekjureglugjörðinni fyrir uppboð þau, sem hann heldur í þarfir bæjarins, t. a. m. á snjómokstri, vegabótum og öðrum þesskonar störfum.

Eptir að dómsmálastjórninni nú með brèfi yðar dagsettu 26. októbermán. s. á. hafa borizt eptirrit af athugasemdum stiptamtsins um bæjarreikning Reykjavíkur fyrir árið 1861 og af

skýrslu bæjarstjórnarinnar um þær, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, 1865. 9. janúar.

um 1. spurningu, að oddviti bæjarfulltrúanna ekki virðist hafa neina heimild til þess að reikna sèr neina þóknun fyrir að rita í fundabókina, nè fyrir að semja brèf þau og ályktanir, sem þurfa þykir, enda verður ekki sèð á skjölum þeim, sem hingað hafa verið send, að krafizt hafi verið neinnar borgunar fyrir þessi störf, en að menn á hinn bóginn ekki geti ætlazt til, að hann borgunarlaust láti hreinskrifa brèf bæjarstjórnarinnar og rita þau í brèfabókina.

um 2. spurningu, að kveða ber já við þessari spurningu, og það því fremur, sem opið brèf frá 3. júnímán. 1842, sem lögleidt er á Íslandi með konungsúrskurði frá 14. júlímán. 1847, veitir valdsmönnum heimild til þess að taka lögákveðna borgun fyrir uppboð í þarfir stjórnarinnar.

---

6. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir útleggingu á dómsgjörðum. 9. janúar.

Með brèfi dagsettu 26. októbermán. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað dómsgjörðir, sem rituð var á stefna til hæstarèttar, í sakamáli, er höfðað hefir verið á móti Guðmundi Jónssyni og Ingveldi Jónsdóttur frá Vorsabæ fyrir óhlýðni við yfirvaldsúrskurð um, að þau skyldu flytja hvort frá öðru, og er málið móti Guðmundi Jónssyni þar að auki höfðað fyrir hórbrot í annað skipti. Um sama leiti barst dómsmálastjórninni bænarskrá frá Jóni Pèturssyni, dómara í yfirdómi Íslands, um að dómsmálastjórnin láti greiða honum borgun þá, sem, einsog hann að orði kemst, er vant að greiða þegar svo er ástatt, fyrir útleggingu þá á dómsgjörðunum, er hann eptir boði yðar hefir samið, en það er 48 skildingar fyrir hverja örk.

Um leið og þess skal getið, að dómsmálastjórnin í dag hefir látið boð út ganga um að máli þessu verði skotið til hæstarèttar, eruð þèr, herra stiptamtmaður, beðnir um að tilkynna Jóni yfirdómara Pèturssyni, að með því að búið er að

1865. 9. janúar. skjóta máli því, sem hèr er um rædt, til hæstarèttar, getur það, hvaða úrslit sem málið fær, samkvæmt konungsúrskurði frá 27. aprílmán. 1822 og 12. aprílmán. 1834 ekki verið umtalsmál að veita honum nokkra sèrstaka borgun fyrir að útleggja dómsgjörðirnar.

---

12. janúar. **7. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um verðlaun fyrir að bjarga mönnum af skipbroti.**

Með brèfi dagsettu 26. októbermán. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað eptirrit og útleggingu á dönsku af vottorði, sem borið hefir verið fyrir aukarètti Skaptafells sýslu 21. júnímán. f. á., um hina ágæta framgöngu Ingvars bónda Runólfssonar í Hvammi og Magnúsar bónda Runólfssonar á Skagnesi til þess að bjarga skipshöfninni á báti, sem fórst í lendingu í Reynishöfn, og hafið þèr beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins um þetta mál.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess þèr gjörið þær ráðstafanir, sem þörf er á, að dómsmálastjórnin eptir atvikum þeim, sem sannazt hafa, hefir veitt bændum þessum 16 ríkisdala verðlaun, og bera Ingvari Runólfssyni 10 rd. af þeim, en Magnúsi Runólfssyni 6 rd. Landfógetanum hefir í dag verið skrifað um að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóðnum, þegar þèr krefist þess.

---

12. janúar. **8. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um rekapart á Grjótnesi.**

Með brèfi dagsettu 6. ágústmán. f. á. hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað bænarskrá frá Birni Árnasyni og Kristjáni Árnasyni, er eiga jörðina Grjótnes í Þingeyjar sýslu; sækja þeir enn á ný[1] um að fá keyptan hálfan reka fyrir Grjótnes

[1]) Sbr. Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands 1. bindi 517. bls.

landi, sem norðurhluti Múnkaþverárklausturs jarða á eptir Sig- 1865.
urðarregistri og eldri máldögum, fyrir 16 ríkisdali. Hafið þèr 12. janúar.
mælt fram með því, að stjórnin af ástæðum þeim, sem til eru færðar í brèfi yðar, veiti það sem um er sótt, en þó með því skilyrði, að beiðendurnir auk söluverðs þess, sem þeir hafa boðið, greiði leigu þá fyrir trjárekann, sem stendur eptir óborguð fyrir mörg ár, og eru eptirstöðvar þessar eptir reikningi umboðsmanns fyrir fjárhagsárið 1863—64 alls 7 rd. 76 sk.

Dómsmálastjórninni finnst samt sem áður, að ekki sè næg ástæða til þess að breyta í þessu tilfelli útaf reglu þeirri, sem stjórnin hefir fylgt fram á seinni árum, og um er getið í konunglegri auglýsingu til alþingis frá 27. maímán. 1859 II. 11, að hlutast ekki til um að seldar sèu þjóðeignir á Íslandi, og eruð þèr því, herra amtmaður, beðnir um að auglýsa þeim, sem hlut eiga að máli, að það verði að standa við það, sem sagt er í úrskurði dómsmálastjórnarinnar dagsettum 30. maímán. 1862, að þeim að svo stöddu ekki verði veitt bæn þeirra. Dómsmálastjórnin býst þaraðauki við, að þèr sætið lagi til að byggja rekann, eins og á er vikið í úrskurði þessum, og að þèr bjóðið hlutaðeiganda umboðsmanni að heimta eptirstöðvar þær, sem getið er um hèr að framan.

---

9. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um einkaleyfi til að búa til lýsi úr þorska-lifur til lækninga. 13. janúar.

Í bænarskrá, sem hefir borizt stjórnarráðinu beina leið, og fylgir í eptirriti með brèfi þessu, hafa þeir Hjaltalín, landlæknir á Íslandi og jústitsráð, og Arthur Leared, yfirlæknir við hinn mikla norðurspítala og hinn konunglega brjóstveikraspítala í Lundúnum, sókt um 10 ára einkaleyfi til að búa til lýsi úr þorskalifur, og hafa þeir í bænarskránni skýrt nákvæmar frá aðferð þeirri, sem þeir ætla við að hafa.

Í álitsskjali, sem dómsmálastjórnin hefir fengið frá hinu

1865. 13. janúar. konunglega heilbrigðisráði um þetta mál, segir meðal annars á þessa leið: þar sem beiðendurnir bera það fyrir, að þorskalýsi það, sem vanalega er verzlað með, vanti mikið á að vera eins hreint, og það ætti að vera, því það sè opt væmið og ramt og þráabragð að því, svo að menn, sem hafa veika meltingu, þoli það ekki, þá er þetta ranghermt um það lýsi, sem búið er til í Noregi, aðflutt hingað frá Kristjaníu og Björgvin og selt hèr, því það lýsi er ágætt og hefir engan af þeim göllum, sem getið er um í bænarskránni. Sama er að segja um þá athugasemd beiðendanna, að það þangaðtil fyrir skemmstu hafi verið almennt álit manna, að mest væri af jóð-, klór- og brómefnum í dökkva þorskalýsinu, og því sè lyfsölumönnum í flestöllum læknislyfjaskrám *(Pharmacopoe)*, og eins hinum dönsku, boðið að hafa þá lýsistegund; en í læknislyfjaskránni dönsku frá 1840 segir gagnstætt þessu, að lýsið eigi að vera: *colore aureo vel flavescente* (með gullslit eða gulleitt) og í læknislyfjaskránni frá 1850 eru ekki tekin fram nein einkenni á því. Í Noregi eru menn öldungis hættir að hafa aðferð þá, sem skýrt er frá í bænarskránni, en það er að bræða lifrina yfir opnum eldi. Í Noregi nota menn vatnsgufu eða vatnsbað í kötlum með tvöföldum botni, enda væri öldungis tilgangslaust og rangt að bræða lýsið í tinpönnum, glerkerum eða tinuðum koparkötlum, þar sem járnílát eru langtum betri.

Með því þessu er þannig varið, finnst dómsmálastjórninni ekki vera ástæða til að veita það, sem um er sókt, og eruð þèr, herra stiptamtmaður, beðnir um að kunngjöra þetta Hjaltalín jústitsráði.

---

18. janúar. **10. Brèf dómsmálastjórnarinnar til fjárstjórnarinnar, um fjárhagsaðskilnað Íslands og Danmerkur.**

Í brèfi dagsettu 10. júlímán. f. á. hefir fjárstjórnin látið í ljósi álit sitt um aðskilnað á fjárhag Íslands og konungsríkisins og um fyrirkomulag á fjárhag Íslands, sem um er rædt í brèfi

dómsmálastjórnarinnar dagsettu 27. aprílmán. 1863 [1], og sem byggt er á uppástungum þeim, sem gjörðar hafa verið af nefnd þeirri, sem sett var með konunglegri umboðsskrá frá 20. septembermán. 1861, einkum uppástungum hins fyrsta minni hluta. 1865. 18. janúar.

[1]) Þetta brèf er svolátandi:

Eins og fjárstjórninni er kunnugt kom út frá dómsmálastjórninni 20. septembermán. 1861 konungleg umboðsskrá til Tschernings ofursta, Stephensens etazráðs og stjórnardeildar foringja, Bjerrings prófessors, Nutzhorns etazráðs, sem þá var skrifstofuforingi en nú stjórnardeildarforingi og Jóns Sigurðssonar skjalavarðar, um að ganga í nefnd, til þess að segja álit sitt og gjöra uppástungur um fyrirkomulag á fjárhagssambandinu milli Islands og konungsríkisins.

Eins og sjá má á álitsskjali nefndarinnar, er fylgir með brèfi þessu ásamt fylgiskjölum, voru allir nefndarmenn ásáttir um, að það væri mjög gagnlegt, að fjárhagur Islands væri aðskilinn frá fjárhag konungsríkisins, og voru 4 af nefndarmönnum (Tscherning, Stephensen, Bjerring og Nutzhorn) á því máli, að Ísland hvorki nú geti lagt fram svo mikið fè, sem þarf til að framkvæma stjórn landsins m. m., nè heldur muni bráðlega verða fært um það og þess vegna beri, þegar fjárhagsaðskilnaðurinn á sèr stað, að veita því hæfilegt fè til þessa. En aptur á móti álítur hinn 5. nefndarmaður, Jón Sigurðsson, að Ísland eigi nægileg efni, ef því ekki sè synjað um sanngjarnlega metnar bætur fyrir hinar sèrstaklegu þjóðeignir þess, er það hafi misst, og fyrir of miklar álögur, sem á það hafa verið lagðar með verzlunareinokuninni; eptir reikningi hans á endurgjald þetta að vera fólgið í fèbótum, er svari til árgjalds að upphæð 119,724 rdl. 92 sk., og sem greiða ætti úr sjóði konungsríkisins, en að Island fyrst um sinn eigi að leggja 20,000 rdl. árlega til almennra ríkisþarfa af árgjaldi þessu.

Dómsmálastjórnin hlýtur að vera nefndinni samdóma um það, að það væri æskilegt, að fjárhagur Íslands væri aðskilinn frá fjárhag konungsríkisins, og það er hvorttveggja, að þetta hefir verið viðurkennt bæði af hálfu ríkisþingsins og alþingis, enda liggur það svo í augum uppi, þegar litið er á málið sjálft og á hin heillariku áhrif, sem aðskilnaðurinn efalaust mun hafa á framfarir Íslands í líkamlegu tilliti, að vèr verðum að álíta það óþarft, að sýna nákvæmar fram á, hversu gagnlegur aðskilnaðurinn hlýtur að vera. Dómsmálastjórnin verður enn fremur að vera samdóma meiri hluta nefndarinnar um það, að það sè öldungis nauðsynlegt, að Íslandi sè veitt tillag til að standast gjöld sín, og skal viðvíkjandi því,

1865. 18. janúar. Leyfum vèr oss nú að fara nokkrum orðum um það, sem fjárhagsstjórnin hefir sagt um þetta mál.

Um hinn íslenzka styrktarsjóð (kollektufèð) leyfum vèr oss að

---

sem Jón Sigurðsson hefir sagt um, að Ísland eptir því sem hann hefir ráð fyrir gjört, þurfi engan styrk, skýrskotað til þess, sem hèr á eptir mun verða sagt þaraðlútandi. Um stærð tillagsins hafa nefndarmenn ekki getað komið sèr saman um neina sameiginlega uppástungu, heldur hafa tvær ólíkar skoðanir komið fram. Tveir nefndarmenn (Tscherning og Stephensen), sem vèr hèr á eptir til málastyttingar munum kalla hinn fyrsta minni hluta, hafa sumsè stungið uppá, að Íslandi sè greidt úr sjóði konungsríkisins 29,500 rdl., sem ævarandi árgjald, og 12,500 rdl. sem bráðabirgðartillag, er að 10 árum liðnum eigi að fara minkandi um 500 rdl. á ári, þannig að það að 35 árum liðnum hætti að fullu og öllu. Aðrir tveir nefndarmenn (Bjerring og Nutzhorn) — hinn annar minni hluti — hafa stungið uppá, að konungsríkið greiði Íslandi fast árgjald 12000 rdl. að upphæð og 30,000 rdl. sem bráðabirgðartillag, er að 6 árum liðnum fari minkandi um 2000 rdl. á ári, og hætti þá alveg að 21 ári liðnu.

Viðvíkjandi ástæðum þeim, sem hafa verið tilfærðar fyrir uppástungunum, skal vísað í hin sèrstaklegu álitsskjöl, sem eru meðal fylgiskjalanna, og eru auðkennd „nr. 1", „nr. 2 a og b" og „nr. 3 a og b", og skal þess getið, að uppástunga sú, sem Jón Sigurðsson — hinn þriði minni hluti — hefir komið fram með, er byggð á svo einstrengingslegum og röngum skilningi á öllu því, sem snertir stöðu Íslands, og yfir höfuð að tala svo löguð, að það getur ekki verið umtalsmál að leggja hana til grundvallar, þegar málefni þetta er leidt til lykta. Vèr skulum því einasta skýrskota til þess, sem hinir nefndarmennirnir, einkum hinn annar minni hluti, hafa komið fram með þar að lútandi, og má þarvið bæta, að uppástunga þessi að mestu leyti er byggð á ímynduðum grundvelli, það er að segja á því, hvað Ísland hefði átt, ef vissar stjórnarráðstafanir (jarðasalan) ekki hefðu verið gjörðar, þar sem heimtað er, að bæturnar fyrir hinar seldu kóngsjarðir og stólsjarðir skuli ákveðnar eptir afgjaldinu af jörðunum, meðan þær voru enn óseldar, þó svo, að afgjöldin sèu metin eptir því verðlagi, sem nú er. Þaraðauki er farið fram á, að bæturnar fyrir kóngsjarðirnar sèu reiknaðar ekki eptir þeim tekjum, sem fengust af jörðunum, þegar þær voru seldar, heldur þegar þær voru teknar undir krónuna eptir íslenzkri jarðabók frá 1579 (sjá reikning þann, sem fylgir með athugasemdum Jóns Sigurðssonar, dags. 23. oktbrmán. 1861), en fyrir stólsjarðirnar er aptur á móti

vísa til þegnlegrar uppástungu, sem í eptirriti fylgir brèfi þessu, dags. 5. maímán. 1857., og er þar ítarlega skýrt frá því málefni. Krafa sú, að sjóð þessum sè skilað aptur, er einkum 1865. 18. janúar.

---

ekki heimtað meira en tekjur þær, sem af þeim fengust, þegar þær voru seldar.

Þessar kröfur eru svo lagaðar, að dómsmálastjórnin álítur óþarft að sýna nákvæmar fram á það, að ekki verður fallizt á þær. Þó álítum vèr rèttast að geta þess um sölu jarðagózins yfir höfuð að tala, að hún hefir ávallt farið fram eptir uppástungu yfirvalda þeirra á Íslandi, sem hlut áttu að máli, og að, auk þess að sèð hefir verið um, að ríkissjóðurinn ekki biði neitt tjón við söluna, hafa menn og haft það fyrir augum sèr, sem hefir þótt miklu varða, að styðja að því, að sjálfseignarbændur fjölguðu á landinu, og hvað sèrstaklega snertir söluna á stólsgózunum, sem einkanlega hefir verið haft á móti, þá má eigi gleyma því, að hún fór fram eptir uppástungu nefnda, er skipaðar voru til að íhuga og segja álit sitt um, hvað hagfelldast væri í því efni, og sèst það einkum af ástæðunum fyrir konungsbrèfi 29. aprílmán. 1785, að nefndarmenn hafa allir verið á eitt sáttir um að ráða til, að Skálholtsstólsgózin væru seld. Hið sama var og um söluna á Hólastóls jörðum, sjá kansellibrèf 13. októbermán. 1801; en á hinn bóginn fóru skoðanir manna í ýmsar áttir um það, hvort rèttara mundi að leggja niður skólann á Hólum og steypa honum saman við skólann í Reykjavík, eður að halda honum áfram og flytja hann á Akureyri. Þannig viðurkenndu allir á þeim tímum, að salan á jörðunum væri skólanum í hag, og þarvið bættist sèrstaklega sú ástæða um Skálholtsstóls jarðirnar, að biskupssetrið sjálft og að nokkru leyti einnig hinar stólsjarðirnar höfðu skemmzt svo mikið af eldgosi, að ísjárvert þótti að láta skólann og biskupsstólinn vera framvegis í Skálholti.

Hvað uppástungu hins annars minni hluta snertir, sem gjörir minnstar kröfur gegn ríkissjóðnum, er það álit dómsmálastjórnarinnar, að tillag það, sem þar er stungið uppá, og að mestu leyti er bráðabirgðartillag, muni ekki verða nægilegt. Vèr skulum um það efni sèrílagi taka fram, að jarðir þær, sem skólarnir á Íslandi áttu, og sem voru álitnar nægilegar til þarfa þeirra, hafa seinna verið teknar frá þeim og seldar, og hefir andvirðið runnið inn í ríkissjóðinn. Af þessu leiðir, að útgjöldin handa skólunum hafa síðan verið greidd úr ríkissjóðnum. Að vísu voru gjörðir upp reikningarnir milli skólans og ríkissjóðsins árið 1834, og var síðan ákveðið með konungsúrskurði 12. aprílmán. 1844, að skólanum

1865. 18. janúar. byggð á því, að fé þetta sè í raun og veru geymslufé, sem ekki hafi mátt eyða af, en konungsúrskurður dags. 29. marzmán. 1786 ber með sèr, að fé þetta enganveginn var sett í ríkis-

skyldu veittir 5,380 rdl. á ári sem jafnvirði hinna seldu jarða, en þareð fé þetta ekki hrökk til eptir því sem þarfir skólans uxu, hefir það, sem þurft hefir fram yfir bæði handa skólanum og handa prestaskóla þeim, sem seinna hefir verið stofnaður í Reykjavík, verið veitt úr ríkissjóðnum, svo að gjöldin handa skólunum nú eru um 18000 rdl. auk launaviðbótar eptir kornverði. Ef að Íslandi nú væri fengið í hendur að annast skólana framvegis, og um leið einungis veitt fé það, sem fyr var um getið, 5,380 rdl. á ári, liggur það að vorri hyggju í augum uppi, að Íslandi með því yrði lögð byrði á herðar, sem það ekki gæti risið undir. Hvað bæturnar fyrir hinar seldu kóngsjarðir snertir, þá gæti það haft óskyggilegar afleiðingar í för með sèr, ef þær væru veittar. Að vísu eru afgjöldin af kóngsjörðum þeim, sem enn eru óseldar, taldar meðal tekja Íslands, og menn hafa ráðið af því, að leigurnar af andvirði þess hlutans, sem seldur hefir verið, ætti þá einnig að renna inn í hinn sèrstaklega sjóð Íslands, þegar búið væri að aðskilja fjárhag þess frá fjárhag konungsríkisins, en þessi ástæða er enganveginn einhlít og það því síður, sem það sjálfsagt er vafasamt, hvort að það í raun og veru er rètt, að skoða afgjöldin af hinum óseldu kóngsjörðum sem sèrstaklegar íslenzkar tekjur.

Það sem mestu varðar er samt það, að Ísland án alls efa yrði að álíta sèr ófært að ganga að þeim kostum, sem sá minni hluti nefndarinnar, er hèr er um rædt, hefir stungið uppá. Þegar launaviðbætur þær, sem nýlega hafa verið veittar, og eptirlaunin eru tekin til greina, er mismunurinn á gjöldum og tekjum Íslands nú sem stendur um 40,000 rdl. Með því að ekki eru tilfærð á ríkisreikningi Íslands önnur gjöld en þau, sem álíta má að ekki verði hjá komizt, mun ekki verða auðið að færa þau niður; en aptur á móti mun sjálfsagt bráðlega verða þörf á að hækka þau, svo að ýmsar ráðstafanir verði framkvæmdar, sem álíta má mjög nauðsynlegar. Hinn fyrsti minni hluti nefndarinnar hefir á hinn bóginn sýnt fram á, að engar líkur sèu til, að tekjurnar muni aukast í bráð, svo nokkru muni, og það er því mjög líklegt, að svo mundi fara, að alþingi mundi heldur kjósa, að það fyrirkomulag, sem nú er, haldist óbreytt, en að ráðast í að taka að sèr fjárhag Íslands með ónógum efnum. Skipulag það, sem nú er, mun samt innan skamms reynast mjög svo óhentugt. Ef ekkert samkomulag kemst á, mun framvegis, eins og nú, komið með umkvartanir frá Íslands hálfu yfir því, að ástandi því, sem nú er, sè mjög ábótavant,

skuldasjóðinn í þeim tilgangi, að það ætti að geyma það um aldur og æfi, heldur til þess að það væri geymt og ávaxtað fyrst um sinn, þangað til því yrði varið á þann hátt, sem til var ætlazt, 1865. 18. janúar.

og krafizt verða, að veitt sè fè til nýrra ráðstafana, sem álíta megi nauðsynlegar landinu til framfara, og það jafnvel fastlegar en hingað til, þar sem bæði Íslendingar hafa farið sèr hægar á seinni árum vegna þess, að búizt hefir verið við breytingu á fjárhagssambandinu, og stjórnarráðið hinsvegar hingað til hefir haft þar gilda ástæðu til þess að fara ekki fram á, að veitt sè meira fè handa Íslandi en ekki verður hjá komizt. En framvegis mun veita erfitt að neita kröfum um, að veitt sè meira fè, og hinsvegar er það náttúrlegt, að ríkisþingið sè ófúst á að veita mikið fè, meðan tekjurnar ekki geta aukizt.

Það er einkum af þessum ástæðum og vegna þess, hvernig fara mundi, ef tillag það, sem veitt væri, reyndist ónógt, að hinn fyrsti minni hluti nefndarinnar ekki hefir getað fallizt á uppástungu hins annars minni hluta, þar á móti heldur hann, að ef að málefni þessu er ráðið til lykta á þann hátt, sem hann hefir stungið uppá og getið er um hèr að framan, muni báðir málspartar hafa hag af úrslitunum.

Ef málefnið fyrst og fremst er skoðað frá hálfu konungsríkisins, þá er svo komið, að ríkisþingið á ekki hægt með að skorast undan að leggja til það sem á vantar til nauðsynlegra þarfa Íslands. Þarfirnar munu, eins og vikið er á hèr að framan, alltaf verða meiri og meiri, svo að ekki verður hægt að hafna kröfum þeim, sem af þeim leiða, en á hinn bóginn munu tilraunir til að koma á nýjum tekjugreinum mæta mótspyrnu af Íslendinga hálfu, sem erfitt mun veita að yfirbuga. Ef að málinu er ráðið til lykta á þann hátt, sem hèr er stungið uppá, kemst ríkissjóðurinn hjá að greiða meira tillag, en hann greiðir nú, og en hann hlýtur að greiða fyrst um sinn, og ef að bráðabirgðartillagið smátt og smátt er fært niður og hættir alveg að 35 árum liðnum, má fullyrða, að það sem konungsríkið leggur í sölurnar með því að veita Íslandi hið fasta árlega tillag, sem stungið er uppá, er miklu minna, en það, sem það ekki gæti komizt hjá að leggja í sölurnar, ef það fyrirkomulag á fjárhagssambandinu, sem nú er, hèldist. Í öðru lagi mun Island hafa þann hag á aðskilnaði með þessum kjörum, að það fær efni í hendur til þess að skipa fjármálefnum sínum á þann hátt, sem alþingi áliti haganlegastan. Það er líka mjög svo æskilegt, að Ísland sè gjört svo úr garði við aðskilnaðinn, að það ekki einungis sè ekki hætt við, að Ísland neyðist til að hverfa aptur til þess að leita hjálpar hjá konungsríkinu, heldur að líkindi

1865. 18. janúar. þegar það var gefið, það er að segja til þess að hjálpa þeim, sem urðu fyrir tjóni í jarðeldinum, og að það því mátti taka á því smátt og smátt, þegar þurfa þótti. Það virðist því að

---

séu til, að það framvegis með skynsamlegri sparsemi og með því smátt og smátt að auka tekjur sínar verði fært um að koma á endurbótum þeim, sem þörf er á, og stjórnin ekki getur framkvæmt, eins og nú er ástatt.

Vèr verðum öldungis að fallast á uppástungu þessa minni hluta nefndarinnar um, að veitt sè talsvert fast tillag, því ef að Ísland ætti ekki slíkan fastan sjóð, sem það ætti vísan, hvernig sem færi, gæti það, ef eitthvað óvænt bæri að höndum, sem mjög er hætt við eptir landsháttum á Íslandi, komizt í kröggur, sem það ekki gæti komizt úr aptur, eptir að það hefði misst athvarf það, sem það hefir alltaf haft, þar sem konungsríkið er, þegar það hefir ratað í miklar og óvæntar raunir; og ef að svo færi, að efnahagur Íslands kæmist í svo gott horf, að það gæti látið í tè tillag til almennra ríkisþarfa, þá er það eðlilegt og rètt, að Ísland upp frá því, eins og þessi minni hluti nefndarinnar hefir vikið á, greiði sanngjarnlegt tillag til þeirra, og verði þá um leið hluttakandi í fulltrúaþingi því, sem hefir umráðin yfir þeim.

Einnig virðist að vorri hyggju vera ástæða til að hafa tillit til hinnar langvinnu verzlunareinokunar, þegar ákveðið er tillag það, sem veita á Íslandi, þar sem álíta má, að einokunin hafi tálmað fyrir framförum landsins og sè orsök í, að velmegun þess nú er á lægra stigi, en hún að líkindum hefði verið, ef verzlunin hefði verið frjálsari. Því þó að það geti ekki verið umtalsmál að fara að einsog hinn 3. minni hluti nefndarinnar hefir stungið uppá, það er að segja að tiltaka vissa upphæð sem bætur fyrir það óbeinlínis tjón, sem verzlunareinokunin hefir ollað Íslandi, þá er víst um það, að full orsök er til að sanngjarnlegt tillit sè haft til þessa atriðis.

Dómsmálastjórnin fær því ekki betur sèð, en að uppástunga hins fyrsta minni hluta nefndarinnar sè að öllu leyti bezt til þess fallin að vera lögð til grundvallar, þegar málið verður rædt framvegis, og á þá að vorri hyggju að fara svo að, að það sè fyrst lagt fyrir alþingi einsog álitsmál því til íhugunar, og síðan fyrir ríkisþingið eins og frumvarp til laga um að samband það, sem hingað til verið hefir milli fjárhags konungsríkisins og Íslands, skuli vera á enda.

Þess skal enn getið, að dómsmálastjórnin hlýtur að fallast á álit það, sem meiri hluti nefndarinnar hefir látið í ljósi um hinn íslenzka kollektusjóð í hinu öðru niðurlagsatriði aðalálitsskjalsins, og

vera vitaskuld, að endurgjalda átti úr kollektusjóðnum fè það, sem borgað hafði verið fyrirfram úr ríkissjóðnum til þessa áforms, og þó að það væri ekki endurgoldið hvað eptir, virðist engin ástæða vera til fyrir það að synja um endurgjaldið, þegar útkljáð var um skuldaskipti ríkissjóðsins og ríkisskuldasjóðsins. 1865. 18. janúar.

Þarsem fjárstjórnin mælir fram með því, að allar þær tekjur skuli renna inn í sjóð Íslands sem sèrstaklegar tekjur, er hingað til hafa verið taldar Íslandi í fjárhagslögunum, þá er dómsmálastjórnin því öldungis samdóma, og það því fremur sem það er samkvæmt því, sem allir nefndarmenn hafa stungið uppá í 5. tölulið. Aptur á móti voru nefndarmenn ekki á eitt sáttir um það, hvernig fara ætti með nýjar tekjur, sem seinna kunna að verða fyrir skipaðar. Eins og sjá má á 6. uppástungugrein, voru fjórir nefndarmanna á því máli, að allar tekjur af þjóðjörðunum og allir óbeinlínis skattar og afgjöld (einkum af verzluninni), sem seinna meir kunna að verða fyrir skipuð, eigi að renna inn í sjóð Íslands, aptur áleit hinn 5. nefndarmaður (sjá upphaf 6. uppástungugreinar), að ekki eigi að tilfæra hinar nýju óbeinlínis tekjur sem sèrstaklegar tekjur Íslands; en þegar þetta er borið saman við það, sem hinn sami nefndarmaður hefir stungið uppá í 5. tölulið, er það ekki öldungis ljóst, hvort hann ætlast til að sama sè um tekjurnar af þjóðjörðunum. Fjár-

---

að vèr viljum sèrstaklega vekja athygli fjárstjórnarinnar á hinu áttunda niðurlagsatriði um það, í hvaða formi ákvörðunin um fjártillagið sè gjörð, en að vèr ekki álítum vera ástæðu til að svo stöddu að tala frekar um hin önnur atriði, sem drepið er á í álitsskjalinu, með því að það, hvernig rèttast sè að haga þeim, að mestu leyti er komið undir því, hvernig aðskilnaðinum á fjárhag konungsríkisins og Íslands verður hagað. Að endingu skal því við bætt, að þó að fjárhagsmálið sè mjög nátengt hinu íslenzka stjórnarskipunarmáli, þá hefir dómsmálastjórnin álitið rèttast, áður en samið sè frumvarp til stjórnarskipunarlaga handa Íslandi, að heyra álit alþingis um fjárhagsmálið, með því það mál einungis getur komið til umræðu á ríkisþinginu.

Að svo mæltu leyfum vèr oss að biðja hina heiðruðu fjárstjórn um, að skýra oss frá áliti sínu um þetta mál og senda um leið aptur skjöl þau, er fylgja með brèfi þessu.

1865. 18. janúar. stjórnin hefir ekki sagt neitt sèrstaklega um þetta atriði, en einasta nefnt þær tekjur, sem hingað til hafa verið taldar Íslandi í fjárhagslögunum. Það má samt ætla, að hin heiðraða fjárstjórn sè á sama máli um þetta atriði og meiri hluti nefndarinnar, einkum af því hvernig fjárstjórnin hefir farið orðum um, að engin ástæða sè til, hvað Ísland snertir, að gjöra mun á sameiginlegum og sèrstaklegum tekjum, enda er það einnig þessu samkvæmt, að fjárstjórnin hefir gjört ráð fyrir, að tollur sá, sem hún hefir stungið uppá, renni inn í sjóð Íslands.

Þarsem fjárstjórnin er mótmælt uppástungu tveggja minni hluta nefndarinnar um, að veita skuli Íslandi sumpart fast árlegt tillag, er ákveðið sè einu sinni fyrir öll, og sumpart bráðabirgðartillag, er fari minkandi smátt og smátt, en í stað þess heldur því fram, að fast tillag sè veitt einungis í 6 eða 8 ár, og að síðan sè á ný ákveðið, hversu mikið tillagið úr því eigi að vera, þá fær dómsmálastjórnin ekki betur sèð, en að þetta fyrirkomulag sè miður haganlegt, enda má gjöra ráð fyrir, að alþingi með engu móti muni láta sèr það lynda. Allir nefndarmenn voru á eitt sáttir um það, að það fyrirkomulag, sem nú verður komið á, sè gjört fyrir fullt og allt, og það er efalaust, að Íslendingum mun þykja það atriði í málinu mestu varða, enda virðist full ástæða vera til þess. Ef að veitt er fast ákveðið ævarandi árgjald, fær Ísland fastan sjóð, sem það á alltaf vísan, en að öðrum kosti er það mjög ísjárvert fyrir Ísland að taka að sèr umráðin yfir fjárhag sínum og með því afsala sèr tillagi því, sem það nú fær úr ríkissjóðnum. Hinn fyrsti minni hluti í nefndinni hefir sèrílagi sýnt fram á það, hversu erfitt alþingi muni veita að koma á nýjum tekjugreinum eða að auka þær tekjur, sem nú eru, og á hinn bóginn er hætt við, eptir því hvernig ástatt er á Íslandi (hallæri, jarðeldar og fleira), að það kunni að rata í raunir, sem menn ekki geta búizt við, og sem það ekki getur komizt úr af eigin ramleik, þar sem landsmenn eru svo fáir og fátækir. Til dæmis um þetta má tilfæra fjárkláðann, þar sem veita varð aukahjálp, um 30,000 rdl., úr ríkissjóðnum. En að því slepptu mundi óvissan um, hversu mikið tillag menn gætu búizt við að fá, mjög tálma fyrir framkvæmdum

alþingis. Alþingi væri ófært að gjöra ráðstafanir fyrir ókominn tíma, það gæti ekki komið á þeim endurbótum eða ráðizt í þess konar mikilsvarðandi fyrirtæki, sem þyrfti að leggja fé til um langan tíma, t. a. m. að koma á gufuskipaferðum kringum landið, vegabótum, betri póstgöngum og fleiru. Þar að auki mundi þessi uppástunga fjárstjórnarinnar hafa mjög svo slæm áhrif á viðleitni alþingis til að koma á nýjum tekjum; því það er enginn efi á, að allt mundi þá haldast í sama horfinu og nú er, það er að segja, að landsmenn mundu ekki vera fúsir á að leggja á sig nýja skatta, en gjöra sér von um að fá það sem á vantaði frá Danmörku; þeir mundu að líkindum halda, að því meiri tekjur sem fengjust úr landinu sjálfu, þeim mun minna mundi tillagið héðan verða. Að síðustu er það athugavert, að Íslendingar með þessu móti yrðu undir nokkurs konar umsjón héðan, sem þeim ekki mundi líka. Það mundi því reka að því, að Íslendingar að svo miklu leyti, sem auðið er, létu allt standa í stað, og leituðust við að sýna fram á, að þeir með engu móti gætu verið án sama tillags og að undanförnu. 1865. 18. janúar.

Að vísu er það eigi alllítið fé, sem Danmörk yrði að leggja í sölurnar, ef veitt væri hið fasta tillag, sem stungið er uppá, hérumbil 30,000 rdl., en tilkostnaðurinn verður að vorri hyggju ekki minni, ef menn láta það ástand haldast, sem nú er; því að reynslan hefir sýnt fram á, að hversu mjög sem menn leitast við að láta útgjöld Íslands ekki fara vaxandi, hefir ekki orðið hjá því komizt, ef stjórn landsins á ekki að fara hnignandi. Og þó að menn um langan tíma hafi leidt hjá sér mýmörg mikil gjöld, sem alþingi hefir beðið um, hafa samt nú á síðustu árunum bætzt við nokkur ný gjöld, svo að útgjöld Íslands hafa vaxið ekki alllítið, og jafnvel svo mjög, að sú raunin er orðin á, að áætlanir þær, sem hinn fyrsti hluti nefndarinnar hefir gjört, eru oflágar. Til dæmis um það má tilfæra, að hérumbil 8000 rdl. voru veittir með lögunum frá 19. janúarmán. 1863 til launaviðbótar handa embættismönnunum á Íslandi, þar sem nefndarmenn þeir, sem nú voru nefndir, ekki höfðu ætlazt á meira en 5000 rdl.; þar að auki hefir í þessa árs fjárlögum verið veitt ný viðbót, 1600 rdl., við ölmusurnar handa latínuskólanum.

1865. 18. janúar. Á hinn bóginn verður ekki hjá því komizt, að óánægjan verður æ meiri og meiri útaf því, að endurbótum þeim, sem alþingi álítur nauðsynlegar, er sleppt, og það mundi veita mjög erfitt að fá liðsinni alþingis til að leggja á nýja skatta, meðan ekki er búið að aðskilja fjárhag Íslands frá fjárhag konungsríkisins.

Að síðustu skulum vèr um þetta efni geta þess, að þó að vèr hljótum að vera fjárstjórninni samdóma um það, að ekki hafi verið brotið á móti rèttindum Íslands með því að selja þjóðjarðirnar og stólsgózin, og að engin gild ástæða sè til að kvarta yfir því, að andvirðið fyrir jarðirnar hafi runnið inn í ríkissjóðinn, án þess að leigurnar hafi verið taldar sem tekjur fyrir Ísland, meðan það fær tillag úr ríkissjóðnum, sem er miklu meira en leigurnar af andvirði hinna seldu jarða, þá verður þó ekki hjá því komizt, þegar aðskilja á fjárhag Íslands frá fjárhag konungsríkisins, að hafa tillit til sölunnar, um leið og Íslandi eru fengnar hinar ennþá óseldu þjóðjarðir í hendur til umráða framvegis, eins og sèrstök eign þess.

Eptir því, sem nú hefir sagt verið, hlýtur dómsmálastjórnin að vera á sama máli um þetta aðalatriði málsins, og fyr.

Dómsmálastjórnin er samdóma fjárstjórninni um það, að það eigi vel við að hugleiða, hvort og hvernig fá megi meiri tekjur af Íslandi, um leið og rædt er um sjálfan fjárhagsaðskilnaðinn, og það er án efa á góðum rökum byggt, að hin heiðraða fjárstjórn hefir leidt athygli að hinni íslenzku verzlun.

Eptir að búið var að leysa verzlun þessa úr böndum þeim, sem hún fyrrum var hneppt í, virðist ekki lengur vera næg ástæða til þess að láta hana vera lausa við þær álögur, sem goldnar eru hvervetna annarstaðar, einkum toll af vörum þeim, sem annaðhvort eru hreinar óþarfavörur, t. a. m. áfengir drykkir og tóbak, eða því sem næst, t. a. m. kaffi og sykur, sem jafnvel verða beinlínis óþarfavörur þegar þeirra er neytt í óhófi, einsog eigi óvíða mun gjört vera, og virðist því síður vera ástæða til þessa, sem verzlunin einkum á síðari árum hefir verið mjög ábatasöm fyrir landsmenn. Það er þó einkum komið undir tvennu, hvort tilætlun sú, sem fjárstjórnin hefir drepið á, verður framkvæmd. Í fyrsta lagi hversu miklum tekjum menn geta

búizt við af tolli þeim, sem fjárstjórnin hefir stungið uppá, og í öðru lagi hversu mikinn kostnað þyrfti til tollumsjónar þeirrar, sem hafa verður. 1865. 18. janúar.

Fjárstjórnin hefir vísað til brèfs frá generaltollkammerinu dags. 29. febrúarmán. 1848, og er í því gjört ráð fyrir, að tekjurnar af tollinum yrðu hèrumbil 22,000 rdl., en kostnaðurinn ekki nema 15,500 rdl. Það liggur nú í augum uppi, að það væri ógjörningur að fara að koma á tollstjórn, þar sem eptirtekjurnar ekki eru meiri. Eptir uppástungu generaltollkammersins átti að leggja aðflutningstoll á þessar vörur.

a. Allskonar útlendan baðmullar- og lèreptsvefnað, 7 skildinga á pundið, verða: 3,760 rd. (þ. e. af 51,000 pundum).
b. Allskonar áfenga drykki, 2 sk. á pottinn: 11,670 rd. (þ. e. af 373,440 pottum).
c. Kaffi, 2 sk. á pundið, 3,740 rd. (þ. e. af 180,000 pundum).
d. Allskonar sykur, 1½ sk. á pundið, 520 rd. (þ. e. af 33,000 pundum).
e. Allskonar tóbak, 2 sk. á pundið, 2,560 rd. (þ. e. af 122,830 pundum).

Við þessa áætlun er það þó athugavert, að eptir því sem Rosenörn stiptamtmaður skýrði frá, er meira aðflutt af kaffi, og þó einkum af sykri, en gjört er ráð fyrir, og mætti að hans ætlun setja 230,000 pund af hvoru fyrir sig, en aptur hèlt hann, að áætlunin um hinar vörurnar væri hèrumbil rètt.

Á lista þann, er fjárstjórnin hefir sent oss yfir vörur, sem fluttar hafa verið frá konungsríkinu til Íslands, hefir fjárstjórnin sett hinar sömu vörutegundir og generaltollkammerið, nema baðmullar- og lèreptsvefnað, en aptur bætt við þrem nýjum vörum, það er segja hampi, járni og köðlum. En með því að þessar þrjár vörutegundir eru nauðsynjavörur, einkum á Íslandi, og að því leyti jafnast við salt og timbur (sbr. brèf generaltollkammersins), virðist eigi vera rètt að leggja skatt á þær, heldur einasta á vörutegundir þær, sem generaltollkammerið hefir talið upp, og jafnvel að sleppa baðmullar- og lèreptsvarningi, eins og fjárstjórnin virðist ætlast til. Það er þessu næst aðgæzluvert, að þar sem generaltollkammerið í uppástungu sinni tók tillit til

1865. 18. janúar. alls þess, sem aðflutt var til Íslands, er á lista þeim, sem hin heiðraða fjárstjórn hefir samið, einasta tilfært það, sem aðflutt hefir verið frá konungsríkinu. Sökum þessa, og af því að sumt hlýtur að vera rangt, sem stendur á listanum, einkum um hversu mikið flutt hafi verið af kaffi og sykri til Íslands árin 1861 og 1862, höfum vèr látið semja eptir verzlunarskýrslunum fyrir árið 1863 yfirlit yfir, hversu mikið hefir verið flutt til Íslands þessi ár af þeim fjórum vörutegundum, sem um var rædt. Þegar það nú er borið saman við áætlanirnar í brèfi generaltollkammersins, má sjá, að aðflutningur af tóbaki hefir nokkuð minkað, en að aðflutningur af hinum 3 vörutegundunum hefir farið svo mjög vaxandi, að þar sem tekjurnar af þessum fjórum vörutegundum voru metnar alls 18,490 rd. árið 1845, mundu þær nú, ef sami tollur væri lagður á þær, verða nálega helmingi meiri eða 35,186 rd. 57 sk., og þó að farið sè eptir skýrslu Rosenörns stiptamtmanns, er munurinn samt mjög mikill. Þar að auki virðist eigi þurfa að hika sèr við að láta tollinn af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum vera 4 skildinga af pottinum, og yxu tekjurnar við það um 6,051 rd. 74 sk., og mætti þá ætlast á, að þær yrðu að öllu samtöldu 41,328 rd. 33 sk. Aptur á móti finnst dómsmálastjórninni efi á, hvort rètt sè að hækka tollinn af hinum vörunum, einkum kaffi og sykri, því að nokkru leyti má skoða kaffi og sykur sem nauðsynjavörur. Þess ber enn fremur að geta, að menn geta ekki fullkomlega reidt sig á verzlunarskýrslurnar, því þær eru búnar til eptir skýrslum íslenzku kaupmannanna, en engin tollumsjón er til þess að geta rannsakað, hvort þær sè rèttar. En það er samt nokkurnveginn áreiðanlegt, að ekki hefir verið aðflutt minna, en skýrt er frá, enda má sjá, að munurinn á öllum aðflutningnum eptir verzlunarskýrslunum, og því sem flutt hefir verið hèðan til Íslands eptir skýrslu fjárstjórnarinnar, er ekki eins mikill og við hefði mátt búast, svo mesti hlutinn eptir því er fluttur hèðan.

Hvað þessu næst snertir kostnaðinn við að koma á tollstjórn á Íslandi, þá hafði generaltollkammerið, einsog áður er sagt, ætlazt á, að hann yrði 15,500 rd. á ári, að ótöldum vöxtum af 24,000 rd., er þyrftu fyrir tollgæzluskip og áhöld, eður alls frá

16 til 17,000 rd., þar sem rentukammerið aptur á móti hafði búizt við, að kostnaðurinn allur yrði 42,000 rd. En við þetta er aðgæzluvert, að nú þyrfti að hafa tollheimtustað á Vestmannaeyjum (smbr. lög 15. aprílmán. 1854, 2. gr.), og þó að mátt hefði láta mann þann (Rosenörn), sem var stiptamtmaður þegar generaltollkammerið bjó til uppástungu sína, hafa á hendi yfirtollstjórnina, þar sem hann hafði sérstaklega þekkingu á tollmálefnum, þá verður ekki við því búizt, að stiptamtmaðurinn almennt hafi þá þekkingu á þeim efnum, sem þörf er á, svo að nauðsyn væri á að skipa tollumsjónarmann, sem yrði látinn hafa alla yfirtollstjórn á landinu, að minnsta kosti yrði ekki hjá því komizt, þegar tollumsjóninni fyrst væri á komið, þar sem Íslendingar eru henni öldungis ókunnir. Til þessa þyrfti þá 2 eða 3,000 rd. Í áætluninni er heldur ekki tilfært neitt fé fyrir endurskoðun á reikningum, né fyrir að semja hagfræðisskýrslur um tollinn, en það yrði að vera gjört hér, og það er vafasamt, hvort leggja mætti tollembættismönnunum hér á herðar, að hafa borgunarlaust á hendi hina nýju tollafgreiðslu á skipum, sem fara til Íslands, og mundi það að mestu leyti lenda á Kaupmannahöfn. 1865. 18. janúar.

Eptir því, sem nú hefir sagt verið, má búast við, að kostnaðurinn við að koma á tollheimtu á þann hátt, sem generaltollkammerið hefir stungið uppá, verði ekki minni en 25,000 rdl. Að vísu hefir fjárstjórnin bent á, að nokkuð mundi mega færa niður útgjöld þau, sem tollkammerið hefir ætlazt á um, en það mun þó vera mjög vafasamt. Bæði generaltollkammerið, rentukammerið og Rosenörn stiptamtmaður hafa verið á því máli, að tollgæzluskipin yrðu að vera aðalundirstaða allrar tollumsjónarinnar, og því verður heldur ekki neitað, að hægt er að flytja vörur í land á laun, þar sem strendur Íslands eru svo víðáttumiklar og svo langt er á milli verzlunarstaðanna, og má jafnvel ætla, að 4 tollgæzluskip mundu hafa fullt í fangi að stemma stiga við því. Það væri því fremur ástæða til að hafa fleiri en 4 þvílík skip heldur en færri, ef að því yrði við komið vegna kostnaðarins, og það því fremur, sem svo er til ætlazt, að þau að auki

1865. 18. janúar. hafi annan starfa á hendi, það er að segja að hafa gætur á fiskiveiðum útlendra þjóða við Ísland.

Með því að sýslumennirnir nú sem stendur taka við gjöldunum af útlendum skipum, sem koma til þeirra 6 kaupstaða, sem ætlazt er til að verði tolltökustaðir, mætti bera upp þá spurningu, hvort ekki mætti einnig fela þeim á hendur tollumsjónina og tollheimtuna fyrir hæfilega þóknun handa sjálfum þeim og laun handa aðstoðarmanni, til þess að spara laun handa sèrstökum tollumsjónarmönnum. Þessu mætti að vísu vel koma við á Vestmannaeyjum, þar sem embættisstörfin ekki eru mikil, og sýslumaðurinn vanalega getur verið sjálfur við staddur. En í hinum 5 kaupstöðunum mundi vera ísjárvert að fela sýslumönnunum störf þessi á hendur, með því að þeir opt kynnu að vera burtu á embættisferðum um hinar víðáttumiklu þinghár sínar, og einmitt sèrílagi um þann tíma árs, sem skipakoman er mest, og þó að vöruskrár þær, sem skipin eiga að hafa með sèr, gjöri tollumsjónina hægari, getur þó opt verið svo ástatt, að ekki þurfi alllítinn tíma til hennar, svo að hún komi í bága við hin önnur embættisverk sýslumannanna.

Þó að nú tollálögurnar yrðu eins vægar, og hèr er gjört ráð fyrir, er við því að búast, að þær mundu vekja óánægju margra landsmanna, þar sem þeir allt til þessa hafa verið lausir við allan toll, og eins mundi tollafgreiðslan á Íslandi verða til ekki alllítillar óhægðar einkum fyrir hina innlendu (dönsku) verzlun. Að vísu er það bót í máli, að tollafgreiðslan á skipum, sem fara frá höfnum í Danmörku, getur farið fram, þegar þau eru afgreidd hèðan, því allir þeir, sem ætla að senda skip sín hèðan beina leið til einhverrar hafnar á Íslandi, munu hafa þá aðferð; en fyrir þau dönsk skip, sem koma frá útlöndum, og hingað til hafa getað farið beina leið til allra löggiltra kauptúna á Íslandi, verður það ekki alllítil óhægð að verða að koma við á einhverjum af tolltökustöðunum á Íslandi, áður en þau mega fara inn á aðrar hafnir. Aptur á móti eiga útlend skip, sem koma til Íslands, eptir þeim lögum, sem nú gilda (smbr. lög 15. aprílmán. 1854, 2. og 3. grein), að koma við á einhverjum af þeim 6 kaupstöðum, sem um hefir verið getið, áður en þau

mega koma á aðra löggilta verzlunarstaði, og fyrir þau yrði því tollafgreiðslan á Íslandi ekki til neinnar sérstaklegrar óhægðar. 1865. 18. janúar.

Ef að litið er á alla þá óhægð, sem tollumsjón á Íslandi mundi hafa í för með sér fyrir verzlunina, og á það, að meira en helmingurinn af tekjunum mundi ganga í kostnaðinn, ef hún ætti að vera í nokkurnveginn góðu lagi, og eins á hitt, að þó að tollumsjóninni væri hagað á þann hátt, sem generaltollkammerið stakk uppá, þá yrði ekki hjá því komizt sökum þess, hvernig landslagi er háttað á Íslandi, að tollsvik yrðu í frammi höfð, en af því leiddi bæði siðaspilling, og að tekjurnar rýrnuðu, og ef loksins er að því gætt, að álit manna á Íslandi hingað til hefir verið eindregið á móti tollalögum, og að eptirtekjurnar yrðu heldur litlar, einsog áður er sýnt fram á — þá virðist vera ástæða til að íhuga, hvort ekki gætu á annan hátt fengizt hérumbil eins miklar tekjur af íslenzku verzluninni.

Gjald það, sem nú er lagt á verzlunina, en það eru 2 rd. af hverju lestarrúmi, er mjög lítið, og með því fást nú aðeins hérumbil 11,000 rd. á ári. Þó nú þetta gjald væri tvöfaldað, væri það eigi að síður jafnaðarlega mjög hóflegt, einkum þegar að er gætt, að gjald þetta kemur í staðinn fyrir öll skipagjöld. Það mælir enn fremur fram með þessari aðferð, að hún er hin einfaldasta, og að með þessu móti verður komizt hjá allri rannsókn á skipsfarminum. En aptur á móti er sá galli á því gjaldi, þar sem einungis er farið eptir lestatali skipanna, að það kemur afar ójafnt niður, með því það er greidt af öllum skipum, án þess neitt sé tekið til greina, hvers kyns farmur er á þeim — en farmurinn getur verið mjög margvíslegur, og mikill munur á því, hvers virði hann er — og jafnvel af skipum, sem koma með seglfestu til að taka farm. Þó að nú 4 rd. gjald af hverju lestarrúmi að vísu væri hóflegt í flestum tilfellum, verður því eigi neitað, að slíkt gjald væri ósanngjarnt þegar svo væri ástatt, sem nú var um rædt, og hið sama má segja, þó ekki eins fyllilega, um þá farma, sem eru lítils virði, en það á sér einkum stað um timburfarma og að nokkru leyti um kolafarma og saltfarma. Það virðist því vera ástæða til að láta gjald það, sem nú er greidt, og sem eiginlega kemur í staðinn fyrir skipa-

1865. 18. janúar. gjöldin, vera óbreytt með tilliti til þessara skipa og skipsfarma, en hækka þar á móti gjaldið af öllum öðrum skipsförmum. Generaltollkammerið gjörði og í álitsskjali sínu, því sem fyr er getið, einmitt áþekkan greinarmun á skipunum eptir farmi þeirra, þar sem það stakk uppá, að af timburförmum skyldu aðeins greiddir 2 rd. fyrir hvert lestarrúm, en af öllum öðrum förmum 5 rd. Gjald það, er á þenna hátt fengist, yrði að vísu nokkuð minna, en ef lestagjald það, sem nú er fyrir skipað, væri tvöfaldað af öllum skipum, en það mundi þó nema 8 til 9000 rd. — Þess ber samt að geta, að uppástunga generaltollkammersins er byggð á þeirri undirstöðu, að komið sé á tollstjórn á Íslandi, og að eini erfiðleikinn sé að hafa eptirlit það, sem á þyrfti að halda ef svona væri tilhagað; vèr fáum samt sem áður ekki betur séð, en að þeir kraptar, sem fyrir hendi eru, séu nægir til að hafa eptirlit þetta, einkum þegar menn hafa fyrir sèr vöruskrár þær, er skip frá útlöndum eiga að hafa meðferðis, og tollseðlana fyrir þau skip, sem koma frá einhverri danskri höfn.

Um leið og lestagjaldið væri hækkað á þenna hátt, væri ástæða til að leggja gjald á brennivínsverzlan og brennivínsveitingar á Íslandi með sama fyrirkomulagi og fyrirskipað er á Færeyjum í lögum 3. marzmán. 1860; því Íslendingar hafa um langan tíma viðurkennt, að ástæða væri til þess að gjöra ráðstafanir á móti brennivínsdrykkjunni, sem alltaf fer vaxandi. Þó væri ástæða til að gjöra þá breytingu frá færeysku lögunum, að annaðhvort allar tekjurnar eða að minnsta kosti tekjurnar af sjálfri brennivínsverzluninni ættu að renna inn í ríkissjóðinn (seinna meir sjóð Íslands), með því að ekki eru neinir fátækrasjóðir fyrir hvert amt á Íslandi. Með þessu móti mætti að vorri hyggju fá nýjar tekjur, sem yrðu 9 eða 10,000 rd. af lestagjaldinu og 8000 rd. af brennivínsverzluninni.

Samkvæmt því sem sagt er hèr að framan, væri einkum um tvennt að velja, ef færa ætti upp tekjurnar af íslenzku verzluninni, og fengist jafnmikið með hvorutveggja móti. Dómsmálastjórnin er á því máli, að kjósa eigi síðari aðferðina, með því að hún yfir höfuð að tala er miklu einfaldari og hægra að koma

henni við, enda má líka búast við, að Íslendingar mundu ekki veita henni eins mikla mótspyrnu og beinlínis tollalögum. Að síðustu skal þess getið, að ef farið er að á þenna hátt, er ekki loku fyrir skotið, að ekki mætti seinna koma á tollstjórn á Íslandi, þegar allt er komið í betra horf. 1865. 18. janúar.

Að svo mæltu leyfum vèr oss að biðja fjárstjórnina um, að skýra oss nákvæmar frá áliti sínu, bæði um málefni þetta í heild sinni og sèrílagi um þau atriði þess, sem vèr höfum farið orðum um hèr að framan.

---

11. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um styrk til forngripasafns. 3. febrúar.

Útaf bænarskrá, sem hingað barst með brèfi yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, dagsettu 27. nóvembermán. 1863, fra Jóni Árnasyni, bókaverði við stiptsbókasafnið á Íslandi, og Sigurði málara Guðmundssyni, um 300 ríkisdala styrk á ári til þess að koma á stofn forngripasafni á Íslandi, skýrði stjórnarráðið frá, að beiðendunum ekki að sinni yrði útvegaður styrkur sá, sem þeir sóktu um. Nú hefir stjórnarráðinu borizt beina leið bænarskrá frá hinum sömu mönnum, og hefir forstjóri hins konunglega forngripasafns ritað skýrslu sína á bænarskrána. Sækja þeir enn á ný um, að þeim verði veittur styrkur til áforms þess, sem um var getið.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að með því að fjárstjórnin, sem skrifazt hefir verið á við um málefni þetta, enn sem fyr hefir mælt á móti því, að styrkur sá, sem um er sókt, sè greiddur úr ríkissjóðnum, sèr stjórnarráðið sèr ekki fært að halda lengra út í þetta mál.

1865. 8. febrúar. **12. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um Hallormstaðar skóg[1].**

Með brèfi yðar, herra amtmaður, dagsettu 19. ágústmán. 1862, barst dómsmálastjórninni eptirrit af prófi, sem sýslumaðurinn í Suðurmúla sýslu, er þá var, hafði haldið í nóvembermánuði 1860 útaf því, að grunur lèk á um, að sèra Hjálmar sálugi Guðmundsson hefði farið ólöglega með skóga prestssetursins Hallormstaðar, og fylgdu álitsskjöl sýslumanns og prófasts þess, er hlut áttu að máli, um þetta einnig með brèfi yðar. Skjöl þessi voru síðan send kirkju- og kennslustjórninni, og sendum vèr yður nú eptir beiðni hennar meðfylgjandi eptirrit af skýrslu um ástand skóganna, sem liggja undir Hallormstaðar brauð, og hefir presturinn, sem nú er þar, samið hana að tilhlutun kirkju- og kennslustjórnarinnar. Skal því bætt við, að eptir því, sem ástatt er, þykir eigi ástæða til að fara lengra útí þetta mál.

---

18. febrúar. **13. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um kollektusjóð Jóns Eiríkssonar handa fátækum brauðum í Hóla stipti.**

Af reikningi þeim, sem þèr, háæruverðugi herra, á ári hverju hafið samið um þá 150 rd. af vöxtunum af hinum svonefnda kollektusjóði Jóns Eiríkssonar, er samkvæmt brèfi hins fyrverandi danska kansellíis frá 15. aprílmán. 1841 er útbýtt til styrktar hinum fátækustu prestum í fyrverandi Hóla stipti, hefir kirkju- og kennslustjórnin sèð, að fè þessu hefir eptir uppástungu amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, sem þèr hafið fallizt á, verið útbýtt í undanfarin ár meðal 9 eða 10 fátækustu brauðanna í norðurumdæminu. Af þessu leiðir, að sá hluti, sem hvert af brauðum þessum hefir fengið, er oflítill,

[1]) Smbr. Tíð. um stjórnarmálefni Íslands I. bindi, 365. bls.

til þess að hann geti bætt þau, svo nokkru muni. Vegna þessa hefir stjórnarráðið íhugað, hvort ekki mætti haga þessu á annan hátt, og þá sèrílagi svo, að öllum vöxtunum af sjóði þessum sè á ári hverju varið handa prestastèttinni í stað þess að nokkrum hluta þeirra hingaðtil hefir verið bætt við innstæðuna, svo að hún nú er orðin hèrumbil 6500 rd., og að vöxtunum 260 rd., sem verja mætti á hverju ári, sè skipt niður einungis á 3 eða 4 allralökustu brauðin í norðurumdæminu. Með því móti mundu tekjur þeirra aukast ekki alllítið, og mundu þá að líkindum fleiri verða til að sækja um þau. 1865. 18. febrúar.

Áður en lengra er farið útí þetta mál, eruð þèr, háæruverðugi herra, beðnir um að taka það til íhugunar, og eptir að þèr hafið ráðfært yður við amtmanninn yfir norður- og austurumdæminu, að skýra stjórnarráðinu frá áliti yðar um það.

---

14. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um hvað til þess þurfi, að útlend skip fái einkunn innlendra skipa. 22. febrúar.

Dómsmálastjórnin hefir í dag ritað Thómasi W. Roys og G. A. Lilliendahl, hvalaveiðamönnum frá Nýju-Jórvík, á þessa leið:

„Í brèfi dagsettu 21. nóvembermán. f. á. skýrði dómsmálastjórnin yður auk annars frá, að aðaltollstjórninni hefði verið skrifað til um það, hvað útheimtist frá yðar hálfu til þess, að skip þau, sem þèr ætlið að hafa til hvalaveiða við strendurnar á Íslandi, fengju einkunn innlendra skipa.

Útaf þessu hefir aðaltollstjórnin skýrt frá, að hún sè á sama máli og dómsmálastjórnin um það, að ekki beri samkvæmt tilskipun 1. maímán. 1838, 49 gr. stfl. d, að greiða aðkaupsgjald af skipum þeim, sem þèr ætlið að koma með frá útlöndum til Íslands til þess að hafa þau til veiða þeirra, sem fyr var um rædt, meðan að þau einungis eru notuð til þessa áforms, og að, ef að þèr æskið þess, að þau álítist dönsk

1865. 22. febrúar. eign og verði aðnjótandi sömu rèttinda og dönsk skip, eigi að útvega danskt skýrteini um lestatal þeirra og brenna á þau danskt mark.

Þetta skal yður kunngjört yður til leiðbeiningar".

Þetta er yður hèrmeð kunngjört, herra amtmaður, til framhalds brèfi dómsmálastjórnarinnar dagsettu 21. nóvembermán. f. á.[1]

---

23. febrúar. **15. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu og amtmannsins yfir vesturumdæminu, um tilhögun á tekjum spítalanna.**

Hið síðasta alþingi hefir í þegnlegri bænarskrá, sem hingað hefir verið send og prentuð er í alþingistíðindunum 1863 I, 418.—422. bls., meðal annars beðið um, að lagt verði fyrir næsta alþingi frumvarp til reglugjörðar um betri tilhögun á spítalatekjunum, samkvæmt því sem alþingi áður hefir bent á.

Útaf þessu skoraði dómsmálastjórnin í brèfi dags. 29. júnímán. f. á. á stiptamtmanninn og biskupinn á Íslandi, að ganga í nefnd með dr. Hjaltalín, jústitsráði og landlækni, og Halldóri Friðrikssyni skólakennara, en það voru þeir sem höfðu hreyft málinu á síðasta alþingi, til þess að íhuga bæði það, hvort ástæða væri til að gjöra nýjar ákvarðanir um, hvernig heimta skuli saman spítalahluti þá, sem nú eru, og hvernig eigi að verja þeim í peninga, og hvort þá ætti að gefa samkynja ákvarðanir fyrir öll þrjú ömtin eða sèrstakar fyrir hvert fyrir sig, og líka hitt, hvort ástæða væri til að leitast við að útvega spítalasjóðnum nýjar tekjur, t. a. m. af þilskipum, selveiði, lundatekju, æðarvarpi og fleiru þesskonar. Dómsmálastjórnin skrifaði stiptsyfirvöldunum þar að auki til 25. ágústmán. f. á. um að láta einnig það atriði koma til umræðu í nefndinni, hvort ekki mundi vera ástæða til, einkum ef gefnar væru samkynja ákvarðanir um spítalahlutina fyrir öll ömtin, þá að gjöra þá breytingu

[1]) Smbr. 112. bls. hèr að framan.

á stjórn hins íslenzka læknasjóðs, að stiptsyfirvöldunum væri fengin í hendur æðsta stjórn hans um allt land. 1865. 23. febrúar.

Nefndarmenn hafa þessu næst sent stjórnarráðinu álitsskjal sitt, dagsett 19. oktobermán. f. á., og hafa þeir verið á því máli, að gefa eigi samkynja ákvarðanir um þetta málefni fyrir allt landið, og að stiptsyfirvöldunum sè fengin í hendur æðsta stjórn læknasjóðsins; þeir hafa enn fremur komið með þá uppástungu, að gjörð sè sú breyting á spítalatekjunum, að í stað hlutarins, sem nú er tekinn, sè borgað fastákveðið árlegt gjald í peningum af hverjum bát, sem haldið er til fiskiróðra, og að gjaldið sè 10 fiskar af hverjum bát, 15 fiskar af hverju skipi, er svo er kallað, og 30 fiskar af hverju þilskipi, sem fer á hákallaveiðar eða þorskaveiðar.

Um leið og dómsmálastjórnin nú sendir yður eptirrit af álitsskjali þessu, eruð þèr beðnir að skýra stjórnarráðinu frá áliti yðar um uppástungur þær, sem komið er með í álitsskjalinu, og ef auðið er svo bráðlega, að málið verði lagt fyrir alþingi í sumar, er kemur.

---

16. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um fiskiveiðar útlendra manna við Ísland. 4. marz.

Eins og þèr munuð muna, herra stiptamtmaður, hefir alþingi það, sem haldið var árið 1863, í þegnlegri bænarskrá, sem hingað hefir verið send, um fiskiveiðar útlendra þjóða, einkum Frakka, við Ísland, meðal annars beðið um:

að leitazt verði við að fá hina frakknesku og ensku stjórn til að viðurkenna, að einstaklegar kringumstæður Íslands gjöri það nauðsynlegt, að undantekningar verði gjörðar frá hinum almenna þjóðarètti hvað fiskihelgina og fiskimið landsmanna á opnum skipum snertir undir Íslandi, svo framarlega sem ekki þjóðbúið allt og landsfólkið eigi að bíða óbætanlegt tjón.

Í álitsskjali því, dagsettu 9. nóvembermán. s. á., er þèr, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúi á alþingi, hafið látið uppi

1865 4. marz. um þetta mál, hafið þèr látið þá skoðun í ljósi um þetta niðurlagsatriði bænarskrárinnar, að það væri í sjálfu sèr mjög æskilegt og mundi að nokkru leyti friða hugi manna á Íslandi, ef samningur yrði um það gjörður við útlend ríki, að innri hlutinn að minnsta kosti af Faxaflóa, þar sem svo mikið er af fiski, yrði friðaður fyrir útlendum fiskimönnum; þèr hafið í þessu tilliti stungið uppá, að lína sè dregin yfir þveran flóann frá Garðskaga að Skipaskaga á Akranesi, og vikið á, að þèr í samræðum yðar við Toyon, foringja yfir þeim herskipum Frakka, sem hafa stöðvar við Ísland, hafið þótzt verða þess áskynja, að hann hafi haldið, að frakkneska stjórnin eigi mundi verða ófús á að gjöra samning, er færi í þessa stefnu. Um sama leyti barst dómsmálastjórninni frá sjóliðsstjórninni útdráttur af skýrslu foringjans fyrir briggskipinu St. Thomas, sem sama sumarið hafði stöðvar við Ísland, og hefir hann þar farið líkum orðum um þetta mál og þèr, herra stiptamtmaður; en þó hugsar hann sèr, að línan sè dregin nokkru innar í flóanum, það er að segja frá Garðskaga sjónhending á Seltjarnarnes þangað til að vika sjáar sè að Gróttutanga, og svo þaðan að Akranesi; og sèst enn fremur af skýrslu hans, að hinn frakkneski herskipaforingi hefir, eptir að þeir höfðu átt viðræður um málefni þetta, skýrt stjórn sinni frá málinu.

Útaf þessu skrifaði dómsmálastjórnin utanríkisstjórninni til 10. ágústmán. f. á. á þá leið, að dómsmálastjórnin að vísu byggði á því, að takmörk þau, sem sett eru um fiskiveiðar útlendra þjóða í konungsúrskurði dags. 22. febrúarmán. 1812, einnig eigi við um fiskiveiðarnar við Ísland, og að það jafnhliða þessu beri að álíta, að bannið í tilskipun 13. júnímán. 1787 2. gr. gegn því, að útlend skip fari inn á firðina í landinu til fiskiveiða, sè enn í gildi, en vegna þess vafa, sem á það hefir verið dreginn, hvort hin síðast nefnda ákvörðunin einnig verði heimfærð uppá tvo stærstu flóana á Íslandi, Breiðafjörð og Faxaflóa, þá yrði stjórnarráðið, eins og konungsfulltrúi hefir vikið á, að álíta það æskilegt, að fastar reglur yrðu ákveðnar í þessu efni, helzt á þann hátt, að dregin sèu takmörk eða takmarkalína, sem útlendingar ekki mættu fara inn

fyrir til fiskiveiða á þessum tveim flóum, og að lína þessi á Faxaflóanum verði ákveðin á þann hátt, sem konungsfulltrúi hefir stungið uppá. Dómsmálastjórnin bað því utanríkisstjórnina um að fara að semja við keisarastjórnina á Frakklandi, og ef til vill við konungsstjórnina á Bretlandi hinu mikla, um fyrirkomulag á málefni þessu, samkvæmt því, sem hèr að framan hefir verið tekið fram. 1865. 4. marz.

Dómsmálastjórnin hefir nú samt orðið þess áskynja af brèfi frá utanríkisstjórninni, dags. 4. júlímán. þ. á., er í eptirriti fylgir með brèfi þessu, að utanríkisstjórnin hefir, áður en hún fèkk brèf dómsmálastjórnarinnar, fyrir meðalgöngu sendiherra Danakonungs í Parísarborg skýrt stjórninni á Frakklandi frá bænarskrá alþingis um þetta mál; að línuskipsforingja Toyon, foringja fyrir herskipaliði Frakka við Ísland, hefir verið á hendur falið af keisarastjórninni að rannsaka umkvartanir alþingis, en þó sèrstaklega hvort það mundi vera hinum frakknesku fiskimönnum í óhag, ef gengið væri að uppástungu alþingis; og loks, að utanríkisstjórnin hefir beina leið skýrt yður frá þessu, herra stiptamtmaður. Það sèst enn fremur af brèfi utanríkisstjórnarinnar, að Toyon línuskipsforingi hefir, þegar hann var kominn aptur frá Íslandi, gefið skýrslu um málið, og leitast hann þar við að sýna fram á, hversu ástæðulausar umkvartanir alþingis sèu; að utanríkisstjórnin álítur, að eina skilyrðið fyrir að nokkur árangur verði af því, að haldið sè áfram að semja við keisarastjórnina, sè það, að hrakið sè það sem sagt er í skýrslu Toyons, og að það einkum væri æskilegt, ef sannað yrði, að Frakkar fiskuðu á vertíðum Íslendinga.

Um leið og dómsmálastjórnin sendir yður, herra stiptamtmaður, útleggingu af skýrslu Toyons línuskipsforingja og af brèfi frá frakkneska utanríkisstjórnarherranum, eruð þèr beðnir að skýra frá áliti yðar um skjöl þessi og senda fylgiskjölin svo aptur.

1865
7. marz.

17. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um skyldu kandidata frá prestaskólanum í Reykjavík til að taka ámóti fátæku brauði.

Samkvæmt þegnlegum uppástungum kirkju- og kennslustjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknazt 24. f. m.[1] meðal annars allramildilegast að fallast á:

---

[1]) Ástæður fyrir konungsúrskurðinum voru þessar:

Samkvæmt konungsbréfum frá 10. maímán. 1737 og 2. desembermán. 1791 höfðu stiptsyfirvöldin á Íslandi myndugleika til, þegar enginn sókti um eitthvert af fátæku brauðunum, að skylda hvern þann stúdent, sem fengið hafði kennslu borgunarlaust í skólunum á Íslandi og að öðru leyti var hæfur til prestsskapar, til að verða prestur í brauðinu, og var honum um leið heitið því, að hann að nokkrum árum liðnum skyldi fremur öðrum koma til greina til að fá betra brauð, ef hann hegðaði sèr vel og leysti embættisskyldur sínar af hendi með samvizkusemi. Stiptsyfirvöldin hafa líka samkvæmt þessum ákvörðunum áður fyrri nokkrum sinnum skikkað presta í fátæku brauðin, þegar enginn hefir sókt um þau. En eptir að sú breyting var komin á, að ekki mátti lengur veita þeim brauð, sem útskrifuðust úr latínuskólanum, nema því að eins að þeir hefðu gengið undir próf við menntunarstofnun þá handa prestaefnum á Íslandi, sem stofnuð var samkvæmt konungsúrskurði frá 7. júnímán. 1811 (prestaskólann), var svo álitið, að ákvarðanir þessar yrðu ekki beinlínis heimfærðar uppá þá, sem útskrifuðust úr prestaskólanum, jafnvel þó þeir hefðu fengið þar kennslu borgunarlaust og styrk úr opinberum sjóði. Á hinn bóginn var reynslan búin að sýna, að við því mátti búast, að ef ekki mætti gjöra neinum að skyldu að verða prestur í fátæku brauðunum, mundi svo fara, að margir söfnuðir ef til vill í mörg ár yrðu prestslausir. Af þessum ástæðum var samkvæmt þegnlegum uppástungum dómsmálastjórnarinnar ákveðið í konungsúrskurði dags. 17 maímán. 1862, að þeim kandidötum, sem lokið hafa prófi við prestaskólann og notið hafa styrks úr almennum sjóði til menntaiðkana sinna við skóla þenna, verði, þegar þörf er á, gjört að skyldu að verða prestar á fátækum brauðum á Íslandi, sem enginn sækir um, er hæfilegur sè til að fá þau; en aptur á móti megi þeir eiga von á að koma öðrum fremur til greina til að fá betra brauð, eptir að þeir eru búnir að þjóna fátæku brauði hæfilega langan tíma; en færist þeir undan að þiggja slík brauð, borgi þeir tafarlaust aptur styrk þann, er þeir hafa fengið.

að aftekin sè skylda sú, er með konungsbrèfum 10. maímán. 1737 og 2. desembermán. 1791 og konungsúrskurði 17. maí- 1865. 7. marz.

Til alþingis þess, er haldið var árið 1863, kom bænarskrá frá fundi í Múlasýslu um, að því væri til leiðar komið, að breyting væri gjörð á ákvörðunum þessum. Eptir að alþingi hafði farið með málið á lögboðinn hátt, sendi það konungi þegnlega bænarskrá og bað í henni um:

1. að konungsúrskurður 17. maímán. 1862, og öll hin eldri lög um skikkunarvald stiptsyfirvaldanna til prestakalla, yrðu úr lögum numin;
2. að stiptsyfirvöldin í þess stað mættu fá vald til að heita þeim, sem hafa rètt til prestsskapar, og vilja gjörast prestar í þeim rýrðarbrauðum landsins, er enginn sækir um, og skuldbinda sig til að þjóna þar í 3 ár, forgöngurètti fyrir öllum öðrum til hvers þess meðalbrauðs, sem eptir hinu nýja brauðamati hefir í árlegar tekjur 300—450 rdl., og sem að þeim tíma liðnum fyrst losnar og þeir sækja um, ef þeir vítalaust hafa staðið í stöðu sinni, og
3. að þessa fyrirheits sè með berum orðum getið í veitingarbrèfinu.

Bænarskrá þessi frá alþingi er prentuð í alþingistíðindunum 1863. I, 226—231.

Konungsfulltrúi hefir ekki þókzt geta lagt með því, að bæn alþingis sè veitt, af því hann álítur ekki mótbárur þær, sem komið hefir verið með á móti konungsúrskurðinum frá 17. maímán. 1862, eins þýðingarmiklar eins og alþingi. Í sömu stefnu fer álitsskjal, sem fengið hefir verið frá stiptsyfirvöldunum um þetta mál; en þar er þó jafnframt berlega tekið fram, að það væri mjög æskilegt, ef komizt yrði hjá að beita valdi því, sem stiptsyfirvöldunum hefir verið veitt í konungsúrskurði þessum, og að svo virðist, sem nú sè komin nokkur breyting á í tilliti til prestsefnanna, frá því sem var fyrir nokkrum árum síðan, þar sem lærisveinar í latínuskólanum sèu talsvert að fjölga, en af því leiði aptur, að kandídatarnir frá prestaskólanum muni fjölga eptirleiðis, því að ætla megi, að allur þorrinn af þeim, sem útskrifast úr latínuskólanum, muni ganga á prestaskólann, og að þá megi telja víst, að nokkrir kandídatar að minnsta kosti muni sækja um fátæku brauðin til þess að komast í fasta stöðu, einkum þegar þeir megi eiga von á að fá bráðlega betra brauð.

Í skýrslu dómsmálastjórnarinnar um málið, þá er það var lagt fyrir konung, segir, að stjórnarráðið sè á sama máli og kon-

1865. 7. marz.

mán. 1862 er lögð á herðar sumpart þeim, er útskrifast úr hinum lærða skóla á Íslandi, og sumpart þeim, er útlærðir

---

ungsfulltrúi og stiptsyfirvöldin um það, að mótmæli alþingis gegn ákvörðununum í konungsúrskurðinum frá 17. maímán. 1862 séu í mörgu tilliti ástæðulaus, og að sérílagi megi segja það um þá mótbáru alþingis, að ákvarðanir þessar komi í bága við konungsúrskurð frá 30. júlímán. 1850 um hlutfallið milli kandídata í guðfræði frá háskólanum og kandídata frá prestaskólanum, því að það er vitaskuld, að þessu hlutfalli er óraskað eptir sem áður, þegar þeir sækja hverir ámóti öðrum um brauð. Samt sem áður áleit dómsmálastjórnin vera ástæðu til að fallast á uppástungu alþingis í öllum aðalatriðum hennar, og stjórnarráðið gat þá þess, að því yrði ekki neitað, að það liti illa út að beita nauðungarvaldi til að veita brauð, jafnvel þó að svo megi segja, eptir því sem fyrir er skipað um málefni þetta í konungsúrskurðinum frá 17. maímán. 1862, að þeir, sem skikka má, hafi með nokkurskonar samningi skuldbundið sig til að þjóna brauðunum. Stiptsyfirvöldin hafa þess vegna á seinni árum aldrei varla beitt skikkunarvaldi sínu, og eins mundi að líkindum fara eptirleiðis, einkum af því hversu illa mælist fyrir því. Ef að þarámóti er farið að eptir uppástungu alþingis, má koma hinu sama til leiðar, en án þess beitt sé neinu nauðungarvaldi, og það er einmitt aðalkostur uppástungunnar. Að vísu má með góðum rökum finna það að uppástungu alþingis, að þegar gefið er skilmálalaust fyrirheit, eins og hún fer fram á, hafa þeir, sem veita eiga brauðin, ekki nógu frjálsar hendur til að kjósa þann, sem í hvert skipti er maklegastur til að fá brauð það, sem veita á, og það er líka sá anmarki við uppástunguna, að á þenna hátt verður svo opt prestaskipti á fátæku brauðunum. En það er þó aðgæzluvert, að meiri anmarkar hafa verið á því skipulagi, sem verið hefir hingaðtil, þar sem ekki hefir verið nema um tvennt að gjöra, annaðhvort að láta fátæku brauðin vera prestslaus, eða að veita þau mönnum, sem eru miður hæfir eða jafnvel öldungis óhæfir til prestsskapar.

Um það atriði, hvernig koma ætti fyrir ráðstöfun þeirri, sem alþingi hafði stungið uppá, gat dómsmálastjórnin þess, að þar sem sagt er í bænarskrá alþingis, að það sé vitaskuld, að þegar fátækt brauð losni, eigi undireins að kunngjöra það með hinu umtalaða fyrirheiti um betra brauð eptir að hafa þjónað því í þrjú ár, þá er gjört ráð fyrir, að ákveðið sé fyrirfram, hvaða brauð eigi að veita á þenna hátt, en um það hefir ekki verið komið með neina uppástungu, enda virðist ekki vera hagfelt að

eru frá prestaskólanum í Reykjavík, til að taka við brauðum á Íslandi í vissum tilfellum; en að stiptsyfirvöldunum á Íslandi þar á móti sè veitt vald til þess, þegar brauð losnar og það hefir kunngjört verið í lögákveðinn tíma, án þess nokkur hafi um það sókt, sem til þess væri hæfur, að heita því, um leið og kunngjört er á ný, að brauðið sè laust, að sá, sem brauðið verði veitt, megi, þegar hann sè búinn að þjóna því sómasamlega í þrjú ár, eiga von á að hafa forgöngurètt fyrir öðrum til hins fyrsta brauðs, er hann sæki um, ef 1865. 7. marz.

hafa þá aðferð, þareð ekki verður vitað með vissu fyrirfram, hvort nokkur muni sækja um brauð eða ekki, jafnvel þó að það sè fátækt brauð, því það er ekki einasta komið undir gæðum brauðsins sjálfs, heldur líka því, hversu mörg prestsefni eru til í hvert skipti. Það er þessvegna ekki fyr en búið er að kunngjöra, að brauðið sè laust, að menn geta vitað, hvort nokkur vill sækja um það, og þegar þá sú raunin hefir orðið á, að enginn sækir um það, má hafa þá aðferð til að fá prest þangað, sem alþingi hefir stungið uppá; ber þá að kunngjöra á ný, að brauðið sè óveitt og bæta hinu umgetna fyrirheiti við; en þó áleit dómsmálastjórnin að fyrirheitið ætti að vera því skilyrði bundið, að sá, sem hlut á að máli, hefði þjónað brauðinu sómasamlega í 3 ár en ekki að eins vítalaust, eins og komizt er að orði í uppástungu alþingis

Að síðustu gat dómsmálastjórnin þess, að sèr virtist ekki eiga að fallast á hið þriðja niðurlagsatriði í bænarskrá alþingis, því að hvorki væri nein þörf á þessu, og það ætti heldur ekki vel við, að fyrirheitsins sè getið með berum orðum í veitingarbrèfinu, þar sem það er lesið upp fyrir söfnuðinum frá prèdikunarstólnum, og við væri að búast að söfnuðinum mundi ekki geðjast vel að þesskonar fyrirheiti, en að aptur á móti væri nóg að þess væri getið í brèfinu, þá er prestinum væri tilkynnt veitingin; enda áleit dómsmálastjórnin marklausa þá ástæðu, sem þingið hafði tilfært fyrir þessari uppástungu, það er að segja, að svo kynni að fara, að nýr stiptamtmaður áliti ekki fyrirheitið skuldbindandi fyrir sig, ef það að eins stæði í tilkynningarbrèfinu, sem biskup skrifar einsamall undir, því að það er vitaskuld, að fyrirheit, sem konungur hefir leyft að gefið sè, og kunngjört er með uppfestri auglýsingu, er skuldbindandi fyrir alla, sem hlut eiga að máli, hvort sem þeim, sem það á að vera til góðs, er gefið það til vitundar í veitingarbrèfinu, sem stiptsyfirvöldin gefa út, eða í brèfi frá biskupi.

1865. 7. marz. tekjur þess brauðs séu eigi hærri en 450 rdl. eptir brauðamatsgjörðinni frá 1853, og ef enginn sækir um brauðið, eptir að kunngjört hefir verið á ný, að það sé laust, þá skuli stiptsyfirvöldunum þar að auki falið að fá sérstaklega einhvern mann, er hæfur sé til prestsskapar, til að sækja um embættið með þeim kjörum, er nú var sagt.

Þessi konungsúrskurður skal yður kunngjörður, herra stiptamtmaður, og yður, herra biskup, yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið hann.

---

9. marz. **18. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um styrk handa Íslendingi til að stunda dýralæknisfræði.**

Í bænarskrá, er fylgir með brèfi þessu ásamt 3 fylgiskjölum, hefir Snorri Jónsson frá Papey í Suðurmúla sýslu sókt um að fá árlegan styrk, 350 rdl. að upphæð, til þess að geta numið dýralæknisfræði við dýralækninga- og landbúnaðarháskólann hèr í bænum; hefir hann í janúarmánuði þ. á. aflokið hinu fyrirskipaða undirbúningsprófi við háskólann, og er áform hans seinna meir að hverfa aptur til átthaga sinna og fást þar við dýralækningar.

Með því að greiða ætti styrk þenna úr jafnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins, eins og vikið er á í bænarskránni, þar sem vísað er til brèfs dómsmálastjórnarinnar, dags. 23. janúarmán. 1858 [1], og dómsmálastjórnin, samkvæmt því sem tekið er fram í brèfi því, er nú var nefnt, hlýtur að álíta það mjög æskilegt, ef beiðandinn yrði styrktur til þess að nema dýralæknisfræði, eruð þèr, herra amtmaður, beðnir um að skýra frá, hvort nokkuð sé því til fyrirstöðu, að honum sé veittur styrkur sá, sem hann hefir sókt um, úr jafnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins.

---

[1]) Smbr. Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I., 206.

Fylgiskjölin eruð þèr beðnir að senda aptur með svari yðar, 1865.
og vonumst vèr, eins og ástatt er, eptir að fá það sem fyrst. 9. marz.

---

19. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannanna á Íslandi, um að fækka hundum á landinu. 10. marz.

Af riti því, sem dr. Krabbe hefir samið og útbýtt hefir verið á Íslandi að tilhlutun dómsmálastjórnarinnar, og svo heitir: „Athugasemdir handa Íslendingum um sullaveikina og varnir móti henni", munuð þèr, herra amtmaður (stiptamtmaður) hafa komizt að raun um, að menn hafa komizt að þeirri niðurstöðu af vísindalegum lækna rannsóknum á hinum seinustu árum, að orsökin til sjúkleika þessa bæði hjá mönnum og skepnum sè sú, að egg úr bandormunum í hundunum berast inn í líkamann. Með því að svo má ætla, að sjúkdómur þessi mundi verða sjaldgæfari, ef fækkað væri hinum óþarfa grúa af hundum á Íslandi, hefir dr. Krabbe stungið uppá því í skýrslu sinni til dómsmálastjórnarinnar um ferð sína til Íslands árið 1863, til þess að rannsaka sullaveikina: að komið sè reglu á um hundaeign manna á Íslandi, annaðhvort á líkan hátt og lengi hefir átt sèr stað á Færeyjum; en þar er bannað í tilskipun frá 2. aprílmán. 1698 að hafa fleiri hunda, en sýslumaður og beztu menn í sveitinni álíta að þörf sè á, eða þá á þann hátt, að lagður sè skattur á hunda um allt Ísland, svo að ekki sèu hafðir fleiri hundar en ekki verður án verið. Domsmálastjórnin skrifaðist á við hið konunglega heilbrigðisráð útaf skýrslu dr. Krabbes, og hefir fengið frá því álitsskjal frá manni, sem hefir einkar vel vit á þessu málefni; en það er Steenstrup, kennari í dýrafræði við háskólann í Kaupmannahöfn. Hefir hann auk annars sagt: að þareð hundarnir sèu hin fyrsta undirrót sullaveikinnar, sè það vitaskuld, að þó ekki sè unnt að eyða undirrót svo mikilla meinsemda að fullu og öllu, beri þó að einskorða hana svo mjög sem auðið er; að hann sè dr. Krabbe öldungis samdóma, og leggi til með því, að fylgt sè fram uppástungu

1865. 10. marz. hans um, að hundunum á Íslandi sè fækkað svo, að ekki sèu hafðir fleiri en brýn nauðsyn ber til, og getur hann þess, að, eptir þeirri niðurstöðu, sem dr. Krabbe með rannsóknum sínum hefir komizt að um fjölda hinna ýmsu bandormategunda í íslenzku hundunum í samanburði við fjölda bæði bandormategundanna og sjálfra bandormanna í hundunum á meginlandinu og einkum í Danmörku, hafi stjórnin fullan rètt á, til að verja heilbrigði manna, að krefjast þess, að hundunum á Íslandi sè fækkað; að það megi álíta öldungis vafalaust frá vísindalegu sjónarmiði, að fækkun hundanna muni hafa það í för með sèr, að færri menn fái sullaveikina, og ef menn um leið gætu komið landsmönnum til að hafa nákvæmlega gætur á, að hundunum, sem eptir yrðu, væru ekki gefin innýflin úr sullaveikum kindum, mundu enn færri fá sjúkdóm þenna; og að til þess að vekja ekki of miklar vonir hjá landsmönnum, er byggðar væru á eintómum misskilningi, og gætu orðið þess ollandi, að menn misstu traust á, að aðferð þessi einskorðaði og stemmdi stigu fyrir sjúkdómnum, ætti að taka skýrlega fram, að ef landsmenn vili ganga úr skugga um það, eigi þeir að gefa gætur að, hversu mjög sullirnir í kindunum fækka, því að heil kynslóð verður að líða undir lok, áður en menn geti sannfærzt um, að sullaveikin í mönnum fari minnkandi að nokkru ráði, vegna frjókorna þeirra til sjúkdómsins, er þegar hefir sáð verið. Hið konunglega heilbrigðisráð hefir fallizt á álitsskjal Steenstrups prófessors, og skotið því til atkvæða stjórnarráðsins, að bera sig saman við embættismennina á Íslandi, og kjósa síðan aðrahvorja uppástunguna: annaðhvort að fækka hundunum beinlínis, eða að koma á hundaskatti.

Um leið og vèr vísum til rits dr. Krabbes, þess er fyr er um getið, og til útdráttar úr skýrslu hans til dómsmálastjórnarinnar, er fylgir í eptirriti með brèfi þessu, og er á báðum þeim stöðum skýrt nákvæmar frá efni þessu, eruð þèr, herra amtmaður (stiptamtmaður), beðnir um að láta í ljósi álit yðar um, hvor af þessum uppástungum muni hægast og bezt stuðla til að ná miði því, sem stefnt er að, og ef þèr fallist á aðra-

hvora uppástunguna, þá að koma með uppástungu um, hvernig ætti að framkvæma hana. 1865. 10. marz.

---

20. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um konungstíund af kirkjujörðum. 11. marz.

Með brèfi dagsettu 19. októbermán. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, sent dómsmálastjórninni brèf frá sira Jóni Þorvarðarsyni, hèraðsprófasti í Borgarfjarðarsýslu. Spyr hann um, hvort nokkur lagaheimild sè til þess að heimta konungstíund af kirkjujörðum; en tilefnið var það, að sýslumaðurinn í Borgarfjarðar sýslu hefði krafizt konungstíundar af slíkum jörðum á manntalsþingunum vorið fyrir. Hafið þèr skotið málefni þessu undir úrskurð dómsmálastjórnarinnar.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þèr auglýsið það þeim sem hlut eiga að máli, að stjórnarráðinu finnst ekki vera ástæða til að leggja úrskurð á málefni þetta, þar sem það eptir eðli sínu liggur undir verkahring dómstólanna.

---

21. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um borgun fyrir úttekt á umboðsjörðum. 14. marz.

Með úrskurði dags. 20. aprílmán. 1863 hafið þèr, herra amtmaður, færzt undan að borga Stefáni Bjarnarsyni, sýslumanni í Ísafjarðarsýslu, reikning, 53 rdl. 48 sk. að upphæð, fyrir fæðispeninga og ferðakostnað, þegar hann hèlt úttektargjörðir á Barðastrandar og Álptafjarðar umboðsjörðum, en það var á árunum 1860 og 1861. Útaf þessu hefir sýslumaðurinn í bænarskrá, er hingað barst með brèfi yðar dags. 6. aprílmán. f. á., beiðzt úrskurðar dómsmálastjórnarinnar um það, hvort sèr beri

1865. 14. marz.

borgun sú, er hann hefir krafizt, eður ekki, og ef að stjórnarráðið ekki álíti, að honum beri borgun fyrir alla úttektargjörðina, hefir hann beðið um, að sèr að minnsta kosti sè veitt borgun fyrir þann hluta úttektarinnar, sem fór fram árið 1860.

Eptir að dómsmálastjórninni höfðu borizt ítarlegri skýrslur um málefni þetta með brèfi yðar dags. 15. septembermán. f. á., og skrifazt hefir verið á við reikningastjórnardeild konungsríkisins um það, skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þèr gjörið ráðstafanir þær, sem þörf er á, að Stefáni sýslumanni Bjarnarsyni ber í fæðispeninga 1 ríkisdalur á dag fyrir úttektargjörð þá, sem hann hèlt árið 1860, þá er nokkrar af umboðsjörðum þeim, er fyr var um getið, voru afhentar Þorláki sáluga Blöndal umboðsmanni, og að einnig ber að endurgjalda honum ferðakostnað hans við úttektargjörðina, en amtið á, samkvæmt 16. grein í aukatekjureglugjörðinni frá 10. septembermán. 1830, að ákveða upphæð endurgjaldsins fyrir ferðakostnaðinn. Aptur á móti verður sýslumanninum ekki veitt nein borgun fyrir úttektargjörðina, sem hann hèlt árið 1861 á hinum umboðsjörðunum, eptir að búið var að skipa hann sjálfan til umboðsmanns.

Reikning þann, er fylgdi með bænarskrá Stefáns sýslumanns Bjarnarsonar, sendum vèr yður aptur.

---

16. marz.

22. Brèf dómsmálastjórnarinnar til Deildar hins íslenzka bókmentafèlags í Kaupmannahöfn, um styrk til að gefa út Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands.

Í sambandi við brèf dómsmálastjórnarinnar frá 23. aprílmán. f. á.[1] skal það hèrmeð kunngjört Deild hins íslenzka bókmentafèlags í Kaupmannahöfn, að stjórnarráðið hefir veitt fèlaginu 150 ríkisdala styrk til að halda áfram að gefa út „Tíðindi

[1]) Smbr. 36. bls. hèr að framan.

um stjórnarmálefni Íslands", og hefir í dag verið hlutazt til um, að fé þetta verði greidt fèhirði fèlagsins, Stephensen etazráði, úr aðalfèhirzlu ríkisins. 1865. 16. marz.

---

23. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk handa Vestmannaeyingum til að kaupa þilskip. 18. marz.

Eptir að dómsmálastjórninni höfðu borizt með brèfi yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu 5. júlímán. f. á., ítarlegri skýrslur viðvíkjandi bænarskrá, er áður hafði verið send hingað, um lán úr ríkissjóðnum handa Vestmannaeyingum til þess að kaupa þilskip til fiskiveiða, og eptir að skrifazt hafði verið á við fjárstjórnina um málefni þetta, hlutaðist dómsmálastjórnin til um, að stungið var uppá í frumvarpinu til fjárhagslaganna, að lánið væri veitt. Í fjárhagslögunum fyrir fjárhagsárið 1865—66, er staðfest voru 17. þ. m., hefir Vestmannaeyingum nú verið veitt 1200 ríkisdala lán í þessu skyni, með þeim skilmálum, að sett sè veð eða áreiðanlegur ábyrgðarmaður fyrir láninu, að borgaðir sèu 4 ríkisdalir af hundraði hverju á ári í leigur, og að það sè borgað aptur á fjórum árum þannig, að fjórði partur sè borgaður á hverju ári.

Þetta birtist yður hèrmeð, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess að þèr auglýsið það, og vonast dómsmálastjórnin eptir, að þèr munið sjá svo um, að lánið sè ekki greidt af höndum, fyr en sett hefir verið fullt veð fyrir því, og að leigurnar og lánið sjálft sè borgað aptur á tilteknum tíma í jarðabókarsjóð Íslands. Vèr búumst við að fá skýrslu um, í hverju veðið fyrir láninu sè fólgið.

1865. 18. marz.

24. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um fjárhagslögin fyrir fjárhagsárið 1865—66.

Með brèfi þessu sendir dómsmálastjórnin yður, herra stiptamtmaður, eptirrit af þeim kafla, er snertir Ísland, í fylgiskjali, sem heyrir til fjárlögunum fyrir fjárhagsárið 1865—66, er staðfest voru af konungi 17. þ. m., og skal yfirhöfuð að tala skýrskotað til þess, sem þegar eins stóð á var tekið fram í brèfi hinnar íslenzku stjórnardeildar frá 15. aprílmán. 1851, einkum um þau atriði, sem nú skal greina:

að öll laun og hlunnindi embættismanna og embættisþjóna, sem tilgreind eru í fjárlögum hvers árs, skal borga hlutaðeigendum afdráttarlaust, eptir þeirri upphæð, sem til er tekin fyrir hvern þeirra, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í opnu brèfi 31. maímán. 1855, 1. grein, án þess nokkra sèrstaklega skipun þurfi að gjöra um borgunina, og án þess tekið sè til greina, hvort launin í fjárlögunum eru sett hærri eður lægri en áður hefir verið;

að þegar embættismenn á Íslandi vilja fá laun sín borguð úr aðalfèhirzlu ríkisins, þá verður ekki öðru ávísað en því, sem eptir áður sögðu er komið í gjalddaga, þá er embættismaðurinn æskir borgunarinnar. Landfógeti verður og ávallt að hafa ritað á launaávísanir þessar, að hann hafi bókað þær.

Um leið og þèr, herra stiptamtmaður, eruð beðnir að kunngjöra hlutaðeigendum það er með þarf, samkvæmt því, sem að ofan er sagt, skal þess getið, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið ritað um þetta málefni, og eins hinum amtmönnunum á Íslandi, að því er snertir sjálfa þá og aðra þá embættismenn, er búa í umdæmum þeirra.

Að síðustu skal þess getið, að með því eigi er lokið prentun fjárlaganna, verða þau eigi send yður í þetta skipti; en síðar mun yður sent verða eitt exemplar af þeim. Um lán, sem Vestmannaeyingum hefir verið veitt í fjárlögunum úr ríkissjóðnum, skal skýrskotað til annars brèfs frá dómsmálastjórninni, sem dagsett er í dag.

25. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um launaviðbót eptir kornverði fjárhagsárið 1865—66.[1] 1865. 20. marz.

Í sambandi við brèf stjórnarráðsins, dagsett 18. þ. m., er yður var sent með fylgiskjali, sem heyrir til fjárlögunum fyrir fjárhagsárið 1865—66, skal yður hèrmeð til vitundar gefið, herra stiptamtmaður, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þèr auglýsið það, að sökum þess hversu kornverðið er lágt í verðlagsskrám þeim, sem farið er eptir, ber embættismönnum og embættisþjónum í suðurumdæmi Íslands engin launaviðbót eptir kornverði á fjárhagsárinu 1865—66, samkvæmt lögunum frá 19. febrúarmán. 1861 og 19. janúarmán. 1863.

---

26. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um aðkaupsgjald af skipum. 6. april.

Í brèfi dagsettu 11. októbermán. f. á., sem borizt hefir dómsmálastjórninni beina leið, og í eptirriti fylgir með brèfi þessu, hefir Árni Thorsteinson, landfógeti og bæjarfógeti í Reykjavík, skýrt frá, að borgað hafi verið aðkaupsgjald af skonnortu nokkurri frakkneskri, "Fleur de Marie" að nafni, sem strandað hafði á Íslandi, og búandi maður í Reykjavík hafði keypt og látið gjöra við, og að síðan hafi verið bókað, að skipið fyrst um sinn ætti heima í Reykjavík. Hann hefir þar að auki getið þess, að með því að engar beinar ákvarðanir að hans hyggju eru til um það, hvernig að eigi að fara, þegar útlendum skipum, sem menn á Íslandi eignast, sè veitt einkunn innlendra skipa, þá væri það mjög svo æskilegt, að embættismönnum þeim, sem hlut eiga að máli, væri sagt ítarlega til um, hvernig þeir eigi að fara að, þegar svo stendur á, og hefir hann komið fram með ýmsar uppástungur lútandi að því.

---

[1]) Sama dag var hinum amtmönnunum á Íslandi, landfógetanum og stiptsyfirvöldunum, ritað brèf líks innihalds.

1865.
6. apríl. Eptir að skrifazt hefir verið á við aðaltollstjórnina um þetta málefni, skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þèr auglýsið Thorsteinson land- og bæjarfógeta það, að fyrst um sinn, þangaðtil öðruvísi verður fyrir skipað, ber að heimta aðkaupsgjald af skipum á Íslandi samkvæmt tilskipun 1. maímán. 1838, en að dómsmálastjórnin er farin að semja við aðaltollstjórnina um, hvort ekki ætti að gjöra breytingu á tilhögun þeirri, sem nú er á málefni þessu, og mun yður seinna meir verða skýrt frá, hver niðurstaðan verður. Um aðferð þá, sem höfð hefir verið með skipið "Fleur de Marie", skal þess þar næst getið, að aðkaupsgjald það, sem lögboðið er í 50. grein í tilsk. 1. maímán. 1838, á ekki af skipi þessu að vera nema 6¼ af hundraði af söluverðinu, eða af 506 rdlr., 31 rdl. 60 sk., þar sem skipið er úr eik og 54½ lest; en nú hefir borgað verið 12½ af hundraði og þó rangt reiknað, 62 rdl. 85 sk. í staðinn fyrir 63 rdl. 24 sk., og eruð þèr því beðnir, herra stiptamtmaður, at láta landfógetann borga hlutaðeiganda aptur þá 31 rdl. 25 sk., sem borgaðir hafa verið umfram það sem átti að vera, og færa hið rètta aðkaupsgjald 31 rdl. 60 sk. til á öðrum stað í jarðabókarreikningnum, en gjört hefir verið; það er eign tollsjóðsins, og verður tollstjórninni greidt það úr aðalríkissjóðnum fyrir hönd jarðabókarsjóðsins; á því að færa það til sem borgun á skuld til aðalríkissjóðsins, í stað þess að það hefir verið tilfært sem óviss tekjugrein.

---

6. apríl. **27. Brèf dómsmálastjórnarinnar til útgjörðarmanna íslenzka gufupóstskipsins, Kochs og Hendersons, um ferðir þess árið 1865.**

Dómsmálastjórnin tilkynnir yður hèrmeð, að hún samþykkir áætlun þá um ferðir gufuskipsins Arkturus í ár millum Kaupmannahafnar, Færeyja og Íslands, sem þèr hafið sent hingað í dag, en þó skal því við bætt, að þarsem þèr hafið áskilið að gjöra þá breytingu á áætluninni, að þèr megið sleppa sjöttu ferð-

inni, og í stað hennar láta gufuskipið fara eina ferð milli Reykjavíkur og Liverpool, ef það tefst eða verður að dvelja nokkuð að ráði á fyrstu ferðunum, þá getur stjórnarráðið ekki fallizt á þetta skilyrði, nema skipið verði fyrir einhverjum sérlegum óförum, sem ekki verður við búizt, með því að sjötta ferðin er einmitt mjög áríðandi fyrir stjórnina, en aukaferðin til Liverpool stendur henni á litlu. 1865. 6. apríl.

---

28. Brèf dómsmálastjórnarinnar til sjóliðsstjórnarinnar, um fiskiveiðar útlendra manna við Ísland. 7. apríl.

Í brèfi dagsettu 16. f. m. hefir sjóliðsstjórnin skýrt frá, að haft sè í hyggju að senda eitt hinna minni gufuskipa í flotanum norður á bóginn, og geti það dvalið hèrumbil 10 vikur við strendurnar á Íslandi og Færeyjum. Sjóliðsstjórnin hefir þessu næst skorað á dómsmálastjórnina að skýra sèr frá, hvaða höfnum og fjörðum skipið einkanlega eigi að koma við á, og hvort að ástæða sè til að gjöra að öðru leyti breytingar á erindisbrèfum þeim, sem foringjunum fyrir slíkum sendiferðum hafa verið gefin.

Um leið og dómsmálastjórnin að öðru leyti skýrskotar til brèfs síns dags. 18. aprílmán. 1859, skal þessu svarað svo:

Eins og á er vikið í brèfi því, sem nú var nefnt, er álitið, að yfirráðin yfir sjónum samkvæmt konungsúrskurði 22. febrúarmán. 1812 nái viku sjávar frá yztu ey eða hólma við land, sem sjór ekki gengur yfir. En með því að sjá mátti af skýrslu þeirri, sem Albeck sjóliðsforingi sendi sjóliðsstjórninni árið 1863,

---

[1]) Áætlunin um ferðir póstskipsins var svolátandi:

	Arkturus fer af stað:	
	frá Kaupmannahöfn:	frá Reykjavík:
1.	ferð 7. aprílmán.	25. aprílmán.
2.	— 13. maímán.	31. maímán.
3.	— 17. júnímán.	3. júlímán.
4.	— 22. júlímán.	10. ágústmán.
5.	— 31. ágústmán.	20. septembermán.
6.	— 11. októbermán.	3. nóvembermán.

1865. 7. apríl. að Frakkar ekki reikna viku sjávar á sama hátt og Danir, höfum vèr fengið ítarlega skýrslu um þetta atriði frá Irminger, kammerherra og generalaðjútant, og með því þar segir, að vika sjávar hjá Frökkum, 1 lieue, sè sama sem 3 fjórðungar úr danskri viku sjávar, og vika sjávar hjá Englendingum, 1 league, líka sè sama sem 3 fjórðungar úr danskri viku sjávar, mundi það að vorri hyggju ekki vera til neins, þegar rædt er um yfirráðin yfir sjónum, að reikna takmörkin á annan hátt, en þessar tvær þjóðir, er svo mikils eru megandi á sjó. Hvað þessu næst snertir firði og flóa, má að vísu ætla, að fylgja eigi þeirri reglu fram, að útlendum mönnum sè ekki heimilt að fara inn á þá til að veiða fisk; en með því að farið er fram á einkum frá Frakka hálfu, að Faxaflói og Breiðifjörður verði ekki taldir meðal þesskonar flóa, sem útlendir menn megi ekki koma inn á, og við því er að búast, að það mundi ekki hafa neitt uppá sig, þó staðið væri á móti því frá Dana hálfu, álítum vèr rèttast að skýra sjóliðsstjórninni frá, að stiptamtmaðurinn yfir Íslandi hefir stungið uppá því í álitsskjali, er hann sem konungsfulltrúi á alþingi hefir látið uppi um þegnlega bænarskrá frá þinginu um, að fyrir skipaðar sèu ítarlegar ákvarðanir um fiskiveiðar útlendra þjóða við Ísland, að leitazt sè við að gjöra samning við ríki þau, sem hlut eiga að máli, um það, að innri hlutinn af þessum tveim flóum skuli vera friðaður fyrir útlendum fiskimönnum, og hefir hann, hvað Faxaflóann sèrstaklega snertir, hugsað sèr að dregin sè takmarkalína frá Skaganum að Skipaskaga á Akranesi, sem ekki megi fara inn yfir. Samkvæmt þessu þætti dómsmálastjórninni æskilegt, að foringja sendifarar þeirrar, sem fyrir hugub er, væri á hendur falið að bera ráð sín saman við foringjann fyrir frakknesku herskipunum og stiptamtmanninn og amtmanninn yfir vesturumdæminu, og styðja að því, að menn komi sèr saman um slíkar takmarkalínur bæði í Faxaflóa og á Breiðafirði, og koma því til leiðar, ef unnt er, að takmörkin í Faxaflóa verði látin vera þar sem stiptamtmaðurinn hefir stungið uppá. — Þar sem sjóliðsstjórnin hefir spurt um, hvar skipið ætti helzt að koma við á Íslandi, skulum vèr auk Faxaflóa einkum nefna flóana og firðina á vesturlandi, þar

sem vera mun mesti grúi af útlendum fiskimönnum, svo og austurstrendur landsins. Hvað vesturland snertir sèrílagi, skal þess getið, að í skýrslu, sem stjórnarráðið hefir fyrir sèr, og er frá þeim kaupmanni, sem hefir mesta verzlun á vesturlandi, Clausen agenti, eru þessi nefnd bezt fiskimið, Ísafjörður og aðrir Vestfirðir, Breiðifjörður og einkum allt svæðið frá Öndverðarnesi að Búðum og þaðan allt suður að Mýrum. Eptir því sem segir í skýrslu þessari, en það kemur heim við það sem stjórnarráðinu að öðru leyti er kunnugt, er vetrarvertíðin lítils varðandi á vesturlandi, en aptur á móti er aðalvertíðin þar frá páskum til hvítasunnu; en hin útlendu, einkum frakknesku fiskiskipin, eru vön að koma upp undir strendur Íslands í miðjum aprílmánuði. Það er sèrstaklega tekið fram í skýrslu þessari, að útlendu fiskiskipin við vesturland sigli opt upp undir land, taki til að veiða fjórðung úr viku sjávar eða hálfa viku sjávar frá landi og láti sig svo reka til hafs, og að þess sèu líka dæmi, að einstöku skipstjórar á skipum þessum hafi gjört á hluta Íslendinga með því, að láta skip sín reka niður á íslenzku bátana, meðan menn hafi verið önnum kafnir í að draga upp lóðirnar, er svo eru kallaðar, og það hafi borið við á einstaka stað, til að mynda við Öndverðarnes í Breiðafirði og í Bolungarvík í Ísafirði, en þar eru lóðirnar hafðar úti á sjó á nóttinni, að þeir hafi dregið þær upp, tekið hvern fisk, sem á þeim var, og skorið síðan duflin af lóðunum, svo að þær hafi týnzt. Um austurland skal þess loks getið, að þaðan hafa hvað eptir annað komið umkvartanir bæði til stjórnarinnar og alþingis útaf því, að skipshafnirnar á útlendum fiskiskipum hafi farið í land á úteyjum, þar sem er æðarfuglavarp, hafi eydt hreiðrunum og fælt fuglinn burt, og væri það því æskilegt, ef skipið fengi tóm til að sýna danska merkið þar við landið. 1865. 7. apríl.

Þar sem gjört er ráð fyrir, að skipið einnig komi við á Færeyjum, hefir dómsmálastjórnin ráðfært sig við amtmanninn, því hann er hèr í bænum sem stendur, um það, hvenær það helzt ætti að vera, og mun hin heiðraða sjóliðsstjórn sjá af eptirriti því af álitsskjali hans, er fylgir með brèfi þessu, að hann vildi, að skipið kæmi ekki þangað fyr en á heimleiðinni

1865. 7. apríl. aptur frá Íslandi. Það er líka að vorri hyggju haganlegast einkum vegna þess, að það er mjög svo áríðandi, að skipið fari beina leið til Íslands, ef það á að geta áorkað nokkru íslenzku fiskimönnunum í hag, þareð nú er þegar orðið nokkuð áliðið.

---

29. apríl. **29. Auglýsing dómsmálastjórnarinnar um, að skip þau, er eiga heima í konungsríkinu Ítalíu, séu undanþegin aukagjaldi, er þau fara kaupferðir til Íslands og Færeyja.**

Eptir samningi um siglingar og kaupverzlun, er gjörður var 1. dag maímánaðar f. á. millum konungsríkjanna Danmerkur og Ítalíu, sæta dönsk skip sömu kjörum og innlend skip um alla verzlunartolla og skipagjöld í hinu síðarnefnda konungsríki. Fyrir því eru skip þau, er eiga heima í konungsríkinu Ítalíu, þá er þau fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, undanþegin að greiða aukagjald það, 2 rd. af hverju dönsku lestarrúmi, sem ákveðið er með konungsúrskurði, dagsettum 1. dag aprílmánaðar 1856, sem birtur er með auglýsing frá dómsmálastjórninni, dagsettri 2. dag sama mánaðar.

Þetta kunngjörist hèrmeð öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Í dómsmálastjórninni, 29. dag aprílmánaðar 1865.

Bræstrup.

Fr. Reinhardt.

---

8. maí. **30. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um jörðina Kirkjuból í Grunnavíkur hrepp.**

Í brèfi dómsmálastjórnarinnar dags. 26. maímán. 1860 er svo fyrir mælt, að jörðin Kirkjuból í Grunnavíkur hrepp í Ísafjarðar sýslu skuli lögð undir Barðastrandar og Álptafjarðar jarða umboð, og var skorað á yður, herra amtmaður, að gefa

gætur að því, að gjöra má jörð þessa byggilega, þó hún hafi verið í eyði seinustu árin, og byggja hana landseta, í stað þess að búendunum á Reykjarfirði þá var leyft að nota hana, voruð þèr beðnir um að skipa umboðsmanni að gjöra þær ráðstafanir, sem þörf væri á í þessu efni. 1865. 8. maí.

Dómsmálastjórnin hefir nú samt fengið vísbending frá reikningastjórnardeild konungsríkisins um, að ekki hafi allt til þessa verið tilfærðar neinar tekjur af jörðinni Kirkjubóli í reikningum umboðsmanns þess, sem hlut á að, og skorum vèr því á yður, herra amtmaður, samkvæmt brèfi dómsmálastjórnarinnar, því, er áður var um getið, að koma fram með uppástungu um, hvernig nota megi jörð þessa.

---

31. Leyfisbrèf handa lyfsölumanni Pètri H. J. Hansen, til að hafa lyfjabúð á Akureyri í norður- og austurumdæminu á Íslandi. 8. maí.

Vèr Kristján hinn Níundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt: Að Vèr eptir þegnlegri bænarskrá og ósk Pèturs Hinriks Jóhanns Hansens, lyfsölumanns, höfum allramildilegast heimilað honum og leyft, einsog Vèr hèrmeð heimilum honum og leyfum, að hann megi hafa lyfjabúð á Akureyri í norður- og austurumdæminu á Voru landi Íslandi. og leita sèr þar atvinnu á löglegan hátt sem lyfsölumaður; og ber honum í öllum greinum að hegða sèr eptir þeim tilskipunum, sem allramildilegast hafa útgefnar verið um lyfsölumenn, hinni lögskipuðu lyfjaverðlagsskrá, og þeim eiði, sem hann þegnlega unnið hefir, en aptur á móti höfum Vèr allramildilegast heimilað honum og leyft, að hann megi njóta þeirra einkarèttinda, sem um er rædt í greindum tilskipunum, og sem þær leyfa lyfsölumönnum að njóta, og eiga hlutaðeigandi embættismenn í öllum greinum að styrkja hann og vernda rètt hans í því efni. Að öðru leyti er það skylda hans, að vera búinn að koma lyfjabúðinni á fót áður en ár er liðið frá því að þetta leyfisbrèf Vort er dagsett, og skal

1865. 8. maí. leyfisbrèfið að öðrum kosti vera ógilt. Þaraðauki skal þetta Vort allramildilegasta einkaleyfi einungis hafa gildi fyrir hann sjálfan, svo að þegar hann annaðhvort í lifanda lífi hættir þessari atvinnu sinni eða fellur frá, þá ber að gefa öllum þeim, sem til þess hafa lögboðna hæfilegleika, aðgang til að hafa lyfjabúð á fyrgreindum stað, án þess að sá, sem eptir það öðlast einkaleyfið, verði skyldur til að kaupa af honum lyfjabúðina, áhöldin eður vörurnar. En hins vegar er hann skyldur til, þegar hann tekur upp atvinnu þá, sem honum hèrmeð er allramildilegast veitt einkaleyfi til að hafa, að kaupa af Jóni Finsen, hèraðslækni, áhöld þau, sem hann hefir útvegað sèr, vegna þess, að honum hefir um stundarsakir verið fengin í hendur meðalasalan á Akureyri, og sömuleiðis lyfjavörur þær, sem hann á enn óseldar; enn fremur skal hann, undir eins og hann hefir tekið við þessu allramildilegasta leyfisbrèfi Voru, senda dómsmálastjórn Vorri aptur leyfisbrèf það, sem honum var veitt 30. aprílmán. f. á. til að hafa lyfjabúð í Stykkishólmi í vesturumdæminu á Íslandi, svo leyfisbrèf þetta verði ónýtt.

Loksins skal hann í öllum tilfellum, þá er vafi verður á um, hvernig skilja beri þetta allramildilegasta leyfisbrèf Vort, vera skyldur að fara eptir úrskurði dómsmálastjórnar Vorrar.

Bönnum Vèr öllum og sèrhverjum að tálma því, sem að ofan er greint.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn, 8. dag maímán. 1865.

Undir Voru konunglega innsigli.

(L. S.)

Eptir allramildilegustu boði hans konunglegu hátignar

Bræstrup.

32. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um ráðstafanir gegn fjárkláðanum.

1865. 13. maí.

Dómsmálastjórnin hefir í dag skrifað stiptamtmanninum yfir Íslandi á þessa leið:

„Í brèfi dags. 24. f. m. hafið þèr, herra stiptamtmaður, skýrt frá heilbrigðisástandi fjárins í suðurumdæminu, og tilgreint hvert einstakt tilfelli, er enn hefir borið á fjárkláðanum í haust er leið og í vetur; þèr hafið auk annars getið þess, að eins og Borgarfjarðar sýsla nú þegar í langan tíma hefir verið öldungis laus við sjúkdóm þenna, eins megi nú segja, að búið sè því sem næst að útrýma sjúkdómnum í Gullbringu og Kjósar sýslu, að minnsta kosti sè ólíku saman að jafna, hvað ástandið þar sè betra nú en fyrir ári síðan, og að í Árnessýslu, þar sem sýkin hefir gjört vart við sig á einstaka stað, sè sumpart búið að útrýma henni, sumpart sè von um að það takist að uppræta hana alveg með böðum og öðrum hentugum ráðstöfunum. Þèr hafið loks skýrt frá, að fyrst svona er ástatt, hafið þèr álitið yður skylt að fallast ekki á uppástungu amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um, að skipaður sè nú í sumar fjárvörður við Skorradalsvatn eða á öðrum hentugum stað, til þess að stemma stiga fyrir, að sýkin breiðist út, og að þèr vegna þessa hafið svarað embættismanni þessum á þá leið, að þèr, eins og nú er ástatt, hljótið að álíta óþarft að setja vörð þenna, en að það að öðru leyti sè vitaskuld, að ef ástandið skyldi versna móti von manna, muni verða gjörðar ráðstafanir þær af suðurumdæmisins hálfu, sem þörf er á til að stemma stiga fyrir því, að sýkin breiðist út.

Útaf þessu lætur dómsmálastjórnin yður vita, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar, að eptir skýrslum þeim, sem vèr höfum fengið um ástandið, föllumst vèr á það sem þèr hafið ráðið af í þessu efni, og skal því við bætt, að brèf þetta hefir í dag verið auglýst hinum amtmönnunum á Íslandi."

Um leið og yður er þetta til vitundar gefið, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar, skal því við bætt, að þar ástandið

1865. 13. maí. í suðurumdæminu, eins og stiptamtmaðurinn lýsir því í skýrslu sinni, er allgott, álítur dómsmálastjórnin ekki vera ástæðu til að fyrir skipa, að settur sè þesskonar fjárvörður, sem beðið er um í bænarskrám þeim frá tveim sýslufundum, öðrum í Húnavatns og hinum í Eyjafjarðar sýslu, er hingað hafa borizt með brèfi yðar, dagsettu 20. febrúarmán. þ. á.

---

1. júní. **33. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um að kunngjöra úrskurði stjórnarráðanna á íslenzku.**[1]

Í þegnlegri bænarskrá fra síðasta alþingi, um að íslenzk tunga sè við höfð í öllum embættisbrèfum, er snerta Ísland, er kvartað yfir því, að embættismennirnir á Íslandi stundum birti hlutaðeigendum þar brèf og úrskurði stjórnarráðanna á dönsku. Útaf þessu eruð þèr, herra stiptamtmaður, beðnir um að sjá um og áminna embættismenn þá og embættisþjóna, er heyra undir yður sem amtmann í suðurumdæminu, að gæta þess vandlega, að allir úrskurðir stjórnarráðanna sèu á íslenzkri tungu birtir þeim íbúum landsins, er eigi mæla á dönsku.

---

9. júní. **34. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1863.**

Vèr Kristján hinn Níundi, og svo frv., sendum Voru trúa alþingi kveðju guðs og Vora!

Af því, sem gjörzt hefir á alþingi árið 1863, höfum Vèr sèð með allrahæstri ánægju, hvernig alþingismenn Vorir hafa leitazt við að efla Vort gagn og hag landsins.

---

[1]) Sama dag ritaði dómsmálastjórnin hinum amtmönnunum og stiptsyfirvöldunum brèf sama efnis.

Vèr höfum vandlega látið íhuga tillögur Vors trúa alþingis um mál þau, er stjórnin bar undir álit þess árið 1863, og aðrar uppástungur þingsins, og munum Vèr nú skýra hèr í einu lagi frá, hvað í þeim efnum hefir af ráðið verið. 1865. 9. júní.

I.

Um þegnleg álitsmál, sem komin eru frá alþingi.

1. Af ástæðum þeim, er fulltrúi Vor mun skýra þinginu frá, höfum Vèr eigi getað fallizt á breytingar þær, er alþingi stakk uppá, að gjörðar væru á ýmsum merkilegum atriðum í frumvarpi því, er fyrir þingið var lagt til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi; þar á móti höfum Vèr álitið rèttast, að frumvarpið á ný sè borið undir þegnlegt álit þingsins með þeim athugasemdum, sem uppástungur þær, er alþingi nú hefir gjört, hafa gefið tilefni til.

2. Þareð alþingi hefir ráðið frá, að gjört verði að lögum frumvarp það, er fyrir þingið var lagt, um sèrstaklega sáttatilraun m. m. í hjúamálum, þá hefir því samkvæmt þessu verið sleppt að láta þetta lagaboð koma út.

3. Þareð ísjárvert varð að þykja, að taka til greina sumar af uppástungum þeim, er alþingi gjörði í þegnlegu álitsskjali sínu um frumvarp, er fyrir það var lagt, til tilskipunar um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, verður nú lagt fyrir þingið nýtt frumvarp um þetta efni, til þess að það segi um það þegnlegt álit sitt.

4. Um frumvarp það til tilskipunar um að taka hús í Reykjavíkurbæ í brunabótafèlag hinna dönsku kaupstaða, er borið hefir verið undir þegnlegt álit alþingis, skal þess getið, að áður en tèð frumvarp verði gjört að lögum, hefir þótt nauðsynlegt að fá hjá ríkisþingi konungsríkisins heimild til að koma á þessari ráðstöfun, og var þessvegna þarað lútandi lagafrumvarp lagt fyrir ríkisþingið á fundi þess 1864—65, en þareð nefnd sú, er skipuð var í málið í landsþinginu, þarsem það kom fyrst til umræðu, rèði frá, að frumvarpið væri samþykkt, hefir ekki orðið gjört meira við mál þetta nú sem stendur.

5. Eptir að stjórnin hafði meðtekið þegnlegt álitsskjal al-

1865. 9. júní.

þingis um frumvarp, er fyrir það var lagt til tilskipunar um stofnun búnaðarskóla á Íslandi, hefir verið skrifazt á við hlutaðeigandi amtmenn viðvíkjandi því, hverjar af þeim jörðum, er alþingi áleit bezt fallnar til að nota þær í þessum tilgangi, skyldu helzt kosnar til þess, og svo um það, hvernig jarðir þessar yrði útvegaðar ef þess þyrfti; en það mál hefir enn eigi orðið leidt til lykta.

6. Viðvíkjandi lagafrumvarpi því, er lagt var fyrir alþingi, um breyting á tilskipun 18. febrúarmán. 1847 um fjárforráð ómyndugra á Íslandi, skal skýrskotað til opins brèfs, er út kom um það efni 4. dag júnímánaðar f. á.

7. Útaf þegnlegu álitsskjali alþingis um það, hvort löggilda skyldi á Íslandi nokkur almenn lög, er út höfðu komið fyrir konungsríkið árin 1861 og 1862, skal þess getið, að nauðsynlegt hefir þókt að hlutast til um, að lögin frá 19. febrúarm. 1861 um breyting á verzlunarvoginni yrðu lögleidd á Íslandi, og verður þessvegna lagafrumvarp um það efni nú borið undir álit alþingis, en þar á móti hafa hin lagaboðin, þau sem tekin eru fram í álitsskjalinu, ekki þótt til þess fallin að löggilda þau á Íslandi, enda hafði og alþingi ráðið frá því, að svo væri gjört.

II.

Um þegnlegar bænarskrár, er komið hafa frá alþingi.

Þar sem alþingi í þegnlegu ávarpi til hins hásæla fyrirrennara Vors í konungstigninni hefir látið í ljósi ósk um, að málefninu um stjórnarfyrirkomulag Íslands verði sem allra fyrst ráðið til lykta, þá lýsum Vèr því hèrmeð yfir við Vort trúa alþingi, að Oss einnig er umhugað um málefni þetta. En þareð nauðsynlegt er, að fyrst verði til lykta leidt málefnið um fjárhag landsins, verður nú þar að lútandi lagafrumvarp lagt fyrir þingið. Jafnskjótt og búið er að koma skipulagi á það mál, munu verða gjörðar þær ráðstafanir, sem þörf er á, til að ráða sjálfu stjórnarskipunarmálinu til lykta.

2. Útaf þegnlegri bænarskrá alþingis um, að verzlunarstaðurinn Ísafjörður verði gjörður að kaupstað, og að þar verði

stofnuð byggingarnefnd, þá munu þar að lútandi lagafrumvörp nú verða lögð fyrir alþingi. 1865. 9. júní.

3. Útaf þegnlegri bænarskrá alþingis um, að felldur verði úr gildi konungsúrskurður 17. dag maím. 1862 og allar eldri lagaákvarðanir um sama efni, höfum Vèr allramildilegast fallizt á, að aftekin sè skylda sú, er með konungs brèfum 10. maím. 1737 og 2. decemberm. 1791 og konungsúrskurði 17. maím. 1862 var lögð á herðar sumpart þeim, er útskrifast úr hinum lærða skóla á Íslandi, og sumpart þeim, er útlærðir eru frá prestaskólanum í Reykjavík, til að taka við brauðum á Íslandi í vissum tilfellum, en að stiptsyfirvöldunum á Íslandi þar á móti sè veitt vald til þess, þegar brauð losnar og það hefir kunngjört verið í lögákveðinn tíma, án þess nokkur hafi um það sókt, sem til þess væri hæfur, að heita því, um leið og kunngjört er á ný að brauðið sè laust, að sá, sem brauðið verði veitt, megi, þegar hann sè búinn að þjóna því sómasamlega í þrjú ár, eiga von á að hafa forgöngurètt fyrir öðrum til hins fyrsta brauðs, er hann sæki um, ef tekjur þess brauðs sè ekki hærri en 450 rdl. eptir brauðamatsgjörðinni frá 1853, og ef enginn sækir um brauðið, eptir að kunngjört hefir verið á ný að það væri laust, þá skuli stiptsyfirvöldunum þar að auki falið að fá sèrstaklega einhvern mann, er hæfur sè til prestsskapar, til að sækja um embættið, með þeim kjörum, er nú var sagt.

4. Viðvíkjandi þegnlegri bænarskrá alþingis um, að Bæjar hreppur í Austurskaptafells sýslu í suðurumdæminu á Íslandi skuli vera þinghá útaf fyrir sig, með þingstað að jörðunni Bæ, skal skýrskotað til opins brèfs, er út kom um þetta efni 18. dag ágústm. f. á.

5. Þarsem alþingi í þegnlegri bænarskrá hefir beðið um, að gjörðar verði hinar nauðsynlegu ráðstafanir til að fá hina frakknesku og ensku stjórn til að viðurkenna, að einstaklegar kringumstæður Íslands gjöri það nauðsynlegt, að undantekningar verði gjörðar frá hinum almenna þjóðarètti, hvað fiskihelgina við Ísland snertir og hin íslenzku fiskimið, er Íslendingar sækja á opnum skipum, þá er farið að semja um þetta mál einkum við stjórnina á Frakklandi, og munum Vèr láta Oss mjög annt

1865. 9. júní. um, að máli þessu verði skipað á hagfelldasta hátt; þar að auki hefir verið gjörð sú ráðstöfun, að í ár hefir verið sent herskip til Íslands til að vernda fiskiveiðar landsins. Bænarskrá alþingis, sem hèr er um rædt, gefur tilefni til að geta þess, í sambandi við það er nú hefir sagt verið, að útdráttur úr hinum íslenzku veiðilögum hefir verið sendur hlutaðeigandi stjórnendum á frakkneskri tungu, til útbýtingar meðal þeirra af þegnum þeirra, er stunda fiskiveiðar við Ísland.

Hvað loks snertir það niðurlagsatriði í bænarskrá þessari, að stjórnin hlutist til um, að heimilisföstum mönnum á Íslandi, þeim er vilja koma þar á þiljuskipaveiðum, gefist kostur á að fá lán til þessa á hinn haganlegasta hátt, sem orðið getur, þá verður ekki veitt neitt fast loforð um þetta efni, þarsem eins er ástatt og nú er með fjárhaginn, og óvíst er, hvernig fjárhagsmálinu verður skipað, að því er Ísland snertir; en einsog veittur hefir verið í einu einstöku tilfelli styrkur í þessu skyni í fjárlögunum fyrir árið 1865—66, þannig mun og þessi uppástunga alþingis framvegis verða tekin til greina, að svo miklu leyti kringumstæður leyfa.

6. Útaf þegnlegri bænarskrá alþingis um, að stjórnin annist um, að reglulegar gufuskipaferðir komist á með ströndum Íslands og flyti brèf, menn og varning hafna á milli, hefir verið skrifazt á við P. L. Henderson, kaupmann í Liverpool, en enginn árangur af því enn orðið; hefir greindur kaupmaður í því efni sèr í lagi getið þess, að hann eigi geti álitið, að áætlanir þær, er komu frá alþingi viðvíkjandi kostnaðinum við fyrirtæki þetta, sèu rèttar.

7. Samkvæmt þegnlegri bænarskrá alþingis hefir 18. dag ágústm. f. á. komið út opið brèf um breyting á þeim tíma, þá er halda skal hreppaskilaþing á Íslandi á vorin.

8. Af þeim ástæðum, er fulltrúi Vor mun gjör skýra alþingi frá, hefir eigi þókt ástæða til að fallast á þegnlega bænarskrá þingsins um, að jörðum þeim, sem prestsmata eður önnur þesskyns ískylda hvílir á, verði sá hlutinn, sem prestsmötunni eður þvílíkri ískyldu nemur, aðgreindur með sèrstöku hundraðatali.

9. Þarsem alþingi í þegnlegri bænarskrá hefir farið fram á, að lagafrumvörp þau, er leggja á fyrir þingið, verði send svo snemma til landsins og auglýst þar, að þau verði almenningi kunn, áður en það þing byrjar, sem þau á að leggja fyrir, þá verður — eins og fyr hefir verið ávikið — ekki í þessu efni gefið neitt almennt heit, með því slík ráðstöfun optlega má álítast óþörf og væri of miklum vandkvæðum bundin í framkvæmdinni; en þareð því samt sem áður eigi verður neitað, að svo getur verið ástatt, að gagnlegt sè að við hafa þá aðferð, er alþingi stingur uppá, þá mun stjórnin, þegar svo ber við, eigi láta hjá líða að fara eptir uppástungu þingsins. 1865. 9. júní.

10. Samkvæmt þeim ástæðum, sem áður hafa verið birtar þinginu, einkum á fundi þess árið 1859, hefir ekki þókt ástæða til að fallast á bænarskrá þá, sem enn á ný hefir komið frá þinginu um, að tekjum hins íslenzka læknasjóðs verði varið til að stofna spítala í Reykjavík og til að efla læknakennslu þá, sem þar er byrjuð, meir en hingaðtil hefir gjört verið.

En áður en ákveðið sè fyrir fullt og fast, hvort fallast skuli á þá uppástungu alþingis, að verja enn fremur til eflingar læknakennslunnar í Reykjavík þeim 200 rdl., sem ákveðið var í konungsúrskurði 12. d. ágústm. 1848, að greiddir skyldu úr jafnaðarsjóði hvers amts fyrir kennslu aðstoðarlækna, þá hefir þótt rèttast, vegna þess í hve nánu sambandi þessi tvö niðurlagsatriði í bænarskrá þingsins eru sín á milli, að gefa þinginu kost á að segja álit sitt um, hvort það óski, að fè þessu verði varið á þann hátt, sem nú var sagt, eins fyrir það, þó hin fyrnefnda uppástunga þess hafi ekki orðið tekin til greina.

Þarsem alþingi enn fremur hefir beðið um, að gefið verði allramildilegast fyrirheit um, að útskrifaðir læknar á Íslandi, sem hafa bezta vitnisburð, megi að minnsta kosti annaðhvort ár vænta 400—600 ríkisdala styrks til að ferðast erlendis og kynna sèr læknisaðferð á útlendum spítölum, þá hefir eigi þókt næg ástæða til þessa, en þar á móti verður það að vera komið undir kringumstæðunum, hvor slíkur ferðastyrkur verði veittur í einstöku tilfellum, þegar þess verður farið á leit.

Þareð ekki verður sèð, að sú aðferð, sem hingaðtil hefir

1865. 9. júní.

verið við höfð, þá er stjórninni hafa verið sendar skýrslur og annað frá landlækni og héraðslæknum á Íslandi, hafi verið til neinnar óhægðar fyrir hlutaðeigandi embættismenn, eður á nokkurn hátt spillt fyrir málefnunum sjálfum, þarsem hún aptur á móti í sumum tilfellum má álítast með öllu nauðsynleg, þá hefir breyting sú, sem alþingi í bænarskrá sinni, þeirri sem hér er um rædt, hefir stungið uppá að gjörð væri í þessu efni, ekki orðið til greina tekin.

Hið næsta niðurlagsatriði í bænarskránni, er lýtur að því, að útlærðir menn í læknisfræði, sem verða settir í óveitt læknaembætti á Íslandi, fái, meðan þeir veita embættunum þannig forstöðu, að njóta embættislaunanna óskertra, virðist vera óþarft, með því einmitt þannig hefir ávallt hingaðtil verið að farið, þegar svo hefir verið ástatt, sem hér er um rædt.

Þarsem loks hefir verið beðið um, að lagt yrði fyrir næsta alþingi frumvarp til reglugjörðar um betri tilhögun á spítalatekjunum, skal þess getið: að stiptsyfirvöldunum á Íslandi var í fyrra boðið að ganga í nefnd með tveim alþingismönnum, er eiga heima í Reykjavík, til að íhuga málið og búa til uppástungur þær, sem þörf kynni að vera á; að menn þessir hafa sent stjórninni álitsskjal sitt um málið á síðastliðnu hausti, en að uppástungur þeirra voru þess eðlis, að nauðsynlegt varð að þykja að fá um þær álit amtmannanna í norður- og austurumdæminu og vesturumdæminu. Af þessum orsökum hefir frumvarp um fyrirkomulag máls þessa ekki orðið lagt fyrir alþingi það, er nú fer í hönd.

11. Samkvæmt þegnlegri bænarskrá alþingis hefir með opnu brèfi 16. d. júnímánaðar f. á. verið löggiltur verzlunarstaður við Lambhússund á Skipaskaga í Borgarfjarðarsýslu í suðurumdæminu á Íslandi.

12. Með tilliti til þess, að málefnið um fjárhagsstöðu Íslands framvegis er enn óútkljáð, verða nú sem stendur ekki gjörðar neinar ráðstafanir útaf þegnlegri bænarskrá alþingis um stofnun kennsluskóla handa lögfræðingaefnum á Íslandi.

13. Af þeim ástæðum, sem fulltrúi Vor mun verða látinn birta alþingi, hefir ekki getað orðið tekin til greina þegnleg

bænarskrá þingsins, um að endurgoldið verði úr ríkissjóðnum það fé, sem greidt er til endurgjalds jarðamatskostnaðinum fyrir staði og jarðir þær, sem tilheyra kirkjum og prestaköllum m. m. 1865. 9. júni.

14. Alþingi hefir í þegnlegri bænarskrá farið þess á leit, að gjöf Charles Kelsalls verði sem allra fyrst varið samkvæmt gjafabréfi hans 15. ágústm. 1853, til þess að byggja bókhlöðuhús fyrir hinn lærða skóla í Reykjavík.

Eptir að búið er að fá uppástungur þær og áætlanir, sem þörf er á í þessu efni, hefir sú orðið raun á, að ekki eru nóg efni fyrir hendi til að koma upp húsinu á hagfelldan hátt, en annars er það vitaskuld, að byggingu þessari mun verða komið upp undir eins og kringumstæður leyfa.

15. Viðvíkjandi þegnlegri bænarskrá alþingis um, að hreppstjórum á Íslandi verði fyrst um sinn veitt 20 til 60 ríkisdala þóknun á ári úr ríkissjóði, skal skýrskotað til lagafrumvarps, er nú verður lagt fyrir alþingi um laun handa sýslunarmönnum þessum.

16. Alþingi hefir í þegnlegri bænarskrá beðið um:

1. að hèðanaf sè íslenzk tunga við höfð ekki að eins á öllum embættisbrèfum á Íslandi, heldur einnig á öllum embættisbrèfum m. m., er fara á milli íslenzkra embættismanna og stjórnarinnar, og
2. að embættin í íslenzku stjórnardeildinni, að minnsta kosti hin tvö æðstu, verði aðeins veitt Íslendingum, eður að minnsta kosti ekki öðrum dönskum mönnum en þeim, er hafi sannað, að þeir sèu færir til hlítar í hinni íslenzku tungu.

Útaf þessu er þinginu kunngjört:

Um 1. atriði: þareð allt, sem kemur frá stjórninni eður embættismönnunum til íbúanna á Íslandi eptir hinum gildandi ákvörðunum á að vera ritað á íslenzka tungu — sem einnig er við höfð, þegar íslenzkir embættismenn skrifast á sín á milli í öllum þeim málum, sem ekki á að leggja undir úrskurð stjórnarráðanna — og þareð landsmönnum enn fremur er heimilt, ef þeir eigi kunna dönsku, að rita stjórninni á íslenzku, þá virðist engin ástæða vera til að fallast á það fyrirkomulag, sem alþingi hefir stungið uppá í þessari grein, með því það ekki mundi

1865. 9. júní. verða að neinu sönnu gagni, heldur þvert á móti valda ótilhlýðilegum drætti á úrlausn málanna; en með tilliti til þess, að alþingi hefir kvartað yfir, að úrskurðir stjórnarinnar séu stundum birtir hlutaðeigendum á dönsku, þá hafa hlutaðeigandi embættismenn á Íslandi verið áminntir um að gæta þess vandlega, að allir úrskurðir stjórnarráðanna séu á íslenzkri tungu kunngjörðir íbúum landsins, þeim er eigi mæla á dönsku.

Um 2. atriði: þetta atriði snertir konunglegan einkarètt og liggur því fyrir utan verkahring alþingis.

17. Viðvíkjandi þegnlegri bænarskrá alþingis um viðbót við eptirlaun Elínar Thorstensen, ekkju eptir Jón jústizráð Thorstensen, skal skýrskotað til laga, er út komu um það efni 31. dag marzm. f. á.

18. Viðvíkjandi þegnlegri bænarskrá alþingis um launaviðbót handa Jóni þorkelssyni, kennara við hinn lærða skóla í Reykjavík, skal þess getið, að greindum embættismanni hefir með fjárlögunum fyrir árið 1864—65 verið útveguð launabót á þann hátt, að embættisaldur hans sem kennara við skólann er talinn frá þeim tíma, þá er hann var settur í aukakennara embætti það, er stofnað var eptir heimild þeirri, er til þess var veitt í fjárlögunum fyrir árið 1859—60.

Til staðfestingar allramildilegustum úrskurðum Vorum, þeim er nú hefir verið getið, höfum Vèr sent yður þessa auglýsing Vora, og heitum Voru trúa alþingi hylli Vorri og konunglegri mildi.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn,
9. dag júnímánaðar 1865.
Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

---

10. júní. **35. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um verðlaun fyrir jarðabætur.**

Í brèfi dags. 5. desembermán. f. á. hafið þèr, herra amtmaður, skýrt frá, að þèr í von um samþykki stjórnarráðsins

hafið veitt Ólafi hreppstjóra og dannebrogsmanni Jónssyni, leigu- 1865.
liða á Sveinsstöðum, jörð Þingeyra klausturs, 30 ríkisdali úr 10. júní.
búnaðarsjóði amtsins, sem verðlaun fyrir mikinn skurð til vatns-
veitinga, sem hann hefir látið grafa á ábúðarjörð sinni, sem að
er þjóðjörð.

Útaf þessu sè yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að eptir því, sem skýrt hefir verið frá málavöxtum, hefir stjórnarráðið ekki neitt á móti því, að verðlaun þessi hafa veitt verið.

---

36. Brèf dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa á alþingi, um löggilding almennra lagaboða á Íslandi, sem út komu í Danmörku á árunum 1863 og 1864. 10. júní.

Með brèfi þessu sendir dómsmálastjórnin yður, herra etazráð, sem konungsfulltrúa á alþingi, eitt exemplar af hverju almennu lagaboði m. m., sem út hefir komið í Danmörku á árunum 1863 og 1864, svo að alþingi gefist tækifæri til á næsta fundi að íhuga, hvort við eigi að löggilda nokkurt af lagaboðum þessum á Íslandi, og skal þess getið, að dómsmálastjórninni ekki finnst fyrir sitt leyti vera ástæða til, að minnsta kosti nú sem stendur, að leggja neitt af lagaboðum þessum fyrir þingið sem frumvarp, samkvæmt konungsúrskurði frá 4. janúarmán. 1861. Útaf því, sem sagt er í þegnlegu álitsskjali 1863 um það, hvort löggilda ætti nokkurt af lagaboðum þeim, sem út komu í konungsríkinu á árunum 1861 og 1862, skorar dómsmálastjórnin þaraðauki á yður, herra etazráð, að leiða athygli alþingis að því, að konungsúrskurðurinn 4. janúarmán. 1861, sem fyr var nefndur, ber það með sèr, einsog það líka í sjálfu sèr er eðlilegt, að það einungis eru þau lagaboð, er stjórninni finnst eiga við að löggilda á Íslandi, sem leggja á fyrir alþingi í formi því, sem um er rædt í konungsúrskurðinum, það er að segja eins og frumvarp til laga, en að það var tekið fram með berum orðum í brèfi dómsmálastjórnarinnar dags. 9. júnímán. 1863, að stjórnarráðinu hefði ekki fyrir sitt leyti

1865. 10. júní. fundizt ástæða til að leggja neitt af þeim lagaboðum fyrir þingið sem frumvarp.

---

12. júní. **37. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um hegningu Gísla Jónssonar frá Saurum.**

Í brèfi dags. 22. marzmán. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, skýrt frá, að gjörðar hafi verið ýmsar tilraunir, samkvæmt brèfi stjórnarráðsins frá 1. júlímán. f. á., til að taka Gísla Jónsson á Saurum og flytja hann til Reykjavíkur, til þess að láta hann út taka það sem eptir stóð vatns og brauðs refsingarinnar, sem lögð var á hann með konungsúrskurði 26. júlímán. 1861, og að sendir hafi verið fjórir menn inn í Dali til þess að handsama hann, en að það hafi þó ekki tekizt. Þèr hafið þaraðauki spurt um, hvort þèr megið eiga von á að fá endurgoldinn úr jafnaðarsjóðnum kostnað þann, sem sendiför þessara fjögra manna hafði í för með sèr, og þèr hafið borgað fyrir fram, en það eru 19 rdl., svo framarlega sem hann ekki fæst af eigum Gísla Jónssonar.

Dómsmálastjórnin getur nú ekki dulizt þess, að henni þykir illa fallið, að það skuli enn þá ekki hafa tekizt að handsama Gísla Jónsson, og búumst vèr við, að þèr, herra amtmaður, samkvæmt áðurnefndu brèfi dómsmálastjórnarinnar, munið beita hverju því meðali, sem kostur er á, til þess að láta handtaka hann og flytja til Reykjavíkur tafarlaust; en um fyrirspurn yðar um endurgjald fyrir það, sem þèr hafið borgað úr eigin sjóði, eins og fyr er sagt, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að henni er svarað með jáyrði.

---

38. Brèf dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa á alþingi, um frumvarp til tilskipunar um vinnuhjú á Islandi.

1865. 12. júlí.

Samkvæmt konungsúrskurði frá 8. júnímán. 1863 var frumvarp til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi lagt fyrir alþingi á fundi þess það ár; var síðan kosin fimm manna nefnd til að íhuga frumvarpið, og það svo rædt í þinginu á lögboðinn hátt. Í þegnlegu álitsskjali, er þèr, herra etazráð, sem konungsfulltrúi hafið sent hingað 1. desembermán. 1863, hefir þingið síðan beðið um, að frumvarp, er fylgdi með álitsskjali þessu, og samið hafði verið samkvæmt umræðunum á þinginu, yrði allramildilegast staðfest sem lög.

Frumvarp það, sem nú kom frá alþingi, er í öllum aðalatriðum ekki annað en ítrekun frumvarps þess, sem alþingi fèllst á 1861, og er það frumvarp ítarlega íhugað og að nokkru leyti hrakið í ástæðunum fyrir stjórnarfrumvarpinu 1863. Að því sleptu, að koma má fram með mótbárur í formlegu tilliti gegn álitsskjali þingsins, þar sem þingið ekki hefir fallizt á það á lögboðinn hátt í heild þess, hefi eg, eptir að hafa íhugað málið grandgæfilega, ekki getað dulizt þess, að það einnig að efninu til væri ísjárvert að fallast á breytingar þær, sem þingið hafði gjört á nokkrum af aðalatriðum stjórnarfrumvarpsins, einkum á 1. og 2. gr., 7—11 gr. og 19. gr., og áleit eg því, að eg ætti ekki að ráðleggja hans hátign konunginum að veita frumvarpi þingsins allrahæsta staðfesting. Hins vegar hefi eg heldur ekki álitið rètt, að ráðleggja hans hátign konunginum að löggilda frumvarp það, sem síðast var lagt fyrir þingið, án þess að taka til greina breytingar þær, sem þingið hafði stungið uppá. Eg áleit því síður vera ástæðu til þessa, sem það ekki væri svo ólíklegt, að, þar sem nefnd sú, sem þingið setti í mál þetta, hafði stungið uppá með 4 atkvæðum gegn 1, að stjórnarfrumvarpið að eins með fáeinum verulegum breytingum yrði gjört að lögum, þá mundi þingið, þegar það tæki málið á ný til íhugunar, finna tilefni til að breyta uppástungum sínum, er allflestar þeirra voru samþykktar með litlum atkvæðamun að tiltölu. Þar

1865. 12. júní. sem eg þannig hefi álitið vera rèttast eptir atvikum að láta málið enn þá einu sinni fara aptur til alþingis, hefir hans hátign konunginum þóknazt, samkvæmt þegnlegum uppástungum dómsmálastjórnarinnar 9. þ. m., að fallast á, að frumvarp það til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi, sem lagt var fyrir alþingi árið 1863, sè enn á ný borið undir álit þingsins á fundi þeim, sem nú er fyrir hendi.

Um leið og eg vísa til hinna prentuðu tíðinda frá alþingi 1863, 5.—26. bls., þar sem stjórnarfrumvarp það, sem um er rædt, er prentað, skora eg á yður, herra etazráð, sem konungsfulltrúa, samkvæmt konungsúrskurði þeim, er nú var nefndur, að annast um, að alþingi taki frumvarpið enn á ný til íhugunar á fundi þeim, sem fyrir hendi er, og skal eg fara nokkrum orðum um þau atriði, sem frumvarp alþingis einkum greinir á um við stjórnarfrumvarpið, og óska eg, að þinginu verði gjörðar kunnar athugasemdir þessar.

Um 1. grein. Alþingi hefir stungið uppá í einu hljóði, að ákvörðuninni í þessari grein um 18 ára aldurinn verði breytt í 16 ára aldur; en ástæður þær, sem þingið hefir komið með í álitsskjali sínu fyrir breytingu þessari, eru að minni hyggju ónógar, eins og að mestu leyti þegar er sýnt fram á í ástæðunum fyrir stjórnarfrumvarpinu. Auk þess, sem þingið áður hefir tekið fram um þetta atriði, hefir það að vísu í hinu síðasta álitsskjali sínu skýrskotað til þess, að konum, sem eru fullra 16 ára, er leyft í tilskipun 30. aprílmán. 1824 3. gr. 1. lið að giptast, og haldið því fram, að þar sem frumvarpið án nokkurrar undantekningar bindur myndugleikann til að ráða sig hjú við fullra 18 ára aldur, hafi það einnig að líkindum haft ekkjur fyrir augum sèr, en að það hlyti að koma í bága við stöðu ekkna að lögum að öðru leyti, ef að ekkjum milli 16 og 18 ára að aldri væri bannað að ráða sig í vist. En við þetta er það athugavert, að það er vitaskuld, að með ákvörðuninni í frumvarpinu um 18 ára aldurinn hvorki hefir verið ætlazt til að skerða myndugleika ekkna yfir höfuð að tala, þó þær sèu yngri, nè heldur hefir það verið gjört, og skal eg í því tilliti vekja eptirtekt á því, að í Danmörku er einnig fullra 18 ára

aldur skilyrði fyrir að geta ráðið sig hjú, en þó hefir hèr aldrei verið neinn vafi á því, að ekkja, sem er yngri en 18 ára, engu að síður getur sjálf að lögum ráðið sig í vist. Það sem stjórninni samt hefir þótt ísjárverðast við að fallast á uppástungu alþingis, þá er hèr er um rædt, er það, að það kynni að mega draga ýmsar ályktanir af aldurstakmarki því, sem þingið hefir stungið uppá, ef á það væri fallizt, þar sem það gæti haft áhrif á það, hvernig svara ætti öðrum spurningum um, hvenær börn sèu bær að ráða sèr sjálf, t. a. m. um, hvenær þau hafi rètt á að fara frá foreldrum sínum og koma sèr undan foreldravaldinu; að ráða samastað sínum og yfir höfuð að tala hvernig þau verja eigin kröptum sínum; að skera úr, hvort lögsækja eigi þann, sem hefir gjört á hluta þeirra sjálfra, og hvort að eigi að áfrýja dómi, er þau hafa dæmd verið til líkamlegrar refsingar. Sè 18 ára aldurstakmarkinu haldið, eins og stjórnin af þessum ástæðum verður að halda fram, þá virðist engin þörf vera á að fallast á uppástungu alþingis um, að sóknarpresturinn skuli leggja samþykki sitt á vistarráð þeirra, sem ófermdir eru, því það mun mjög sjaldan bera við á Íslandi, að neinn, sem er 18 ára, sè ófermdur. Ekki virðist heldur vera ástæða til að fella niðurlag þessarar greinar í stjórnarfrumvarpinu úr, og það því síður, sem undantekning sú frá aðalreglunni, sem þar ræðir um, fer einmitt í sömu stefnu, og alþingi sjálft óskar. 1865. 12. júní.

Um 2. grein. Af ástæðum þeim, sem teknar eru fram í ástæðunum fyrir stjórnarfrumvarpinu, hefir ekki þókt vera orsök til þess að fallast á breytingu þá á þessari grein, sem alþingi hefir stungið uppá. Þess ber líka að geta, að það er ranghermt, sem sagt er í álitsskjali þingsins um, að í annari málsgrein í uppástungu þingsins um hvernig orða skuli þessa grein, sè gefin sama ákvörðun, og í annari málsgreininni í frumvarpi stjórnarinnar, því í fyrsta lagi vantar í grein þá, sem þingið hefir stungið uppá, ákvörðun, er samsvari öðrum lið í annari grein stjórnarfrumvarpsins, um það hvaða regla skuli gilda um endurnýjun vistarsamningsins, og í öðru lagi er sá munurinn, að þegar vistarráðin eru gjörð fyrir skemmri tíma en 1 ár, eiga þau eptir uppástungu þingsins skilyrðis-

1865. 12. júní.

laust að haldast til næsta hjúaskildaga, þar sem það aptur á móti eptir stjórnarfrumvarpinu líka í þessu tilfelli er komið undir frjálsu samkomulagi, hversu lengi þau eigi að standa. Ákvörðun alþingis hefir þannig í för með sèr talsverða takmörkun á samningafrelsinu, sem þó hvorki er nauðsynlegt nè hagfellt, því að það getur hæglega að borið, að húsbóndinn þurfi á hjúinu að halda fyrri hluta vistarársins, en ekki seinni hluta þess, t. a. m. ef hann flytur búferlum, og eins getur þetta hins vegar átt sèr stað um hjúið, t. a. m. ef það giptist.

Um 7.—9. og 11.—13. grein (í frumvarpi alþingis). Að því leyti sem uppástungur alþingis frá 1861 aptur eru teknar upp í þenna kafla frumvarpsins, hlýtur stjórnin eindregið að vera þeim mótstæð. Stjórnin fær ekki betur sèð, en að það sè til hlítar sýnt fram á í ástæðunum fyrir frumvarpi stjórnarinnar, hversu óhagfelldar og ísjárverðar ákvarðanir þessar sèu, enda má sjá, að bæði meiri hluti nefndar þeirrar, sem alþingi kaus í málið, og mikill hluti þingmanna hafa verið stjórninni samdóma um þenna kafla frumvarpsins, og eptir því sem stjórnin hefir fyrir sèr má ætla, að drepið hefði verið á þetta í álitsskjali þingsins, ef fallizt hefði verið á það á þann hátt, sem vera bar. Mótbárur þær, sem komið er með í álitsskjalinu, virðast heldur ekki að vera mjög sannfærandi, og eru að mestu leyti ítrekun þess, sem þingið áður var búið að koma fram með. En þó að stjórnarráðið af þessari ástæðu leiði hjá sèr að hrekja mótbárur þessar meir en búið er, en skýrskoti að því leyti til ástæða stjórnarfrumvarpsins, hljótum vèr að lýsa því yfir, að það er með öllu ástæðulaust, þar sem þingið í álitsskjali sínu kveður þannig að orði: „að það sè ekki lítill misskilningur, er það standi í ástæðunum fyrir stjórnarfrumvarpinu, að 10. og 11. gr. í hinu fyrra frumvarpi alþingis (en þessar greinir eru að því leyti samhljóða 11. og 12. gr. í hinu síðara frumvarpi alþingis) gefi ekki neina almenna reglu", það er að segja um afleiðingarnar af vistarrofi, þar sem það þó ekki verður varið, að í hvorugu frumvarpi þingsins, hvorki hinu fyrra nè síðara, er nein almenn ákvörðun í greinum þeim, sem hèr ræðir um, en einasta ákvarðanir um

einstök tilfelli. Aptur á móti er ekkert því til fyrirstöðu frá stjórnarinnar hálfu, að fallast á þær hinar nýju uppástungur í þeim kafla frumvarpsins, sem hèr ræðir um, er nú skal greina, að svo miklu leyti, sem þingið skyldi halda þeim fram: 1865. 12. júní.

a. að sett sè í staðinn fyrir ákvörðunina í 9. grein stjórnarfrumvarpsins um það, ef húsbóndi flytur í annað amt, uppástunga alþingis um að vegalengdin, er hann flytur, sè ákveðin í mílum, þannig að 1. liður greinarinnar verði svo látandi: „Nú flytur húsbóndinn eptir að vistarráðin eru gjörð, en áður en vistartíminn er byrjaður, 3 dagleiðir landveg eða 5 vikur sjávar burtu þaðan, sem hjúið átti að fara í vist, eptir því sem ráð var fyrir gjört, þá er samið var um vistarráðin, og er þá hjúi eigi skylt að fara í vistina."

b. Að bætt sè við í niðurlagi sömu greinar ákvörðun um, að húsbóndinn skuli vera laus allra mála, ef hann útvegar hjúinu aðra vist jafngóða, þegar svo er ástatt, sem þar ræðir um.

c. Að reglunum um matarverð í 10. gr. frumvarpsins sè breytt, svo að greinin verði þannig orðuð: „Ef húsbóndi riptar vistarráðum án lögmætra orsaka, þá skal hann gjalda hjúi kaup og matarverð fyrir vistartíma þann, sem um var samið. Matarverð karlmanns skal vera eitt hundrað á landsvísu fyrir hverja 12 mánuði, en kvennmanns þriðjungi minna, og að tiltölu fyrir skemmri tíma."

d. Að ákvarðanirnar í 11. gr. fyrsta stjórnarfrumvarpsins, sem sleppt var í seinna frumvarpinu eptir uppástungu alþingis, sèu nú teknar inn í tilskipunina.

Um 19. grein (stjórnarfrumvarpsins). Um þessa grein, sem alþingi með atkvæðafjölda hefir fellt úr frumvarpinu, skal þess getið, að þar sem þingið áður hefir fylgt því fram, að húsagi sè öldungis ómissandi á Íslandi jafnvel við fullorðin hjú, hefir það nú farið í gagnstæða stefnu, og vill nú ekki leyfa, að húsaga sè nokkurn tíma beitt, ekki einu sinni við hjú, sem eru yngri en 16 ára, ef það er kvennmaður, og 18 ára, ef það er karlmaður, og fullyrðir þingið í álitsskjali sínu þessu til styrkingar, að ákvörðun um húsaga eigi ekki við í tilskipun um vinnuhjú. Konungsfulltrúi hefir með gildum rökum tekið fram

1865. 12. júní. í álitsskjali sínu um þetta mál, að það sem alþingi hèr segir hljóti að vera komið af misskilningi, og að þesskonar ákvörðun, sem í þessari grein er, eigi einmitt að standa í hjúalögum, enda sè líka samkynja ákvörðun í dönsku hjúalögunum frá 10. maímán. 1854. Einnig segir konungsfulltrúi, að það hljóti að vera sprottið af misskilningi, þegar það sè gefið í skyn í álitsskjali þingsins, að hèr sè blandað saman tveim ólíkum hugmyndum, eiginlegum húsaga og húsbóndarètti, því að við húsaga í frumvarpinu hljóti að skiljast agi sá og reglusemi sú, sem húsbóndinn hefir rètt á að halda á heimili sínu, eða það sem í dönsku lögum er kallað „Husstraf" (smbr. 6—2—4). — En þó að nú sè gengið út frá því, eins og alþingi gjörir, að það skuli úr lögum numið að beita neinum húsaga á Íslandi, þá verður því ekki til leiðar komið með því að sleppa úr grein þeirri, sem hèr er um rædt, því að þá væru hinar eldri ákvarðanir um húsaga (einkum í tilskipuninni frá 3. júnímán. 1746) enn í gildi, heldur yrði að taka í tilskipunina beina ákvörðun um þetta atriði. Til þessa virðist samt ekki vera nein ástæða, og stjórnin hlýtur því eptir sem áður að halda fast við ákvörðun þá, sem stendur í 19. grein frumvarpsins.

Hvað hinar aðrar breytingar á stjórnarfrumvarpinu snertir, er alþingi hefir stungið uppá, þá eru þær, eins og áður er á vikið, í öllu verulegu ekki annað en ítrekun hinna fyrri uppástungna þingsins, og er, að því er virðist, nægilega sýnt fram á í ástæðunum fyrir frumvarpi stjórnarinnar, að þær sèu ekki takandi í mál. Þó skal þess getið, að ekkert er því til fyrirstöðu, að 2. liður í 24. grein frumvarpsins sè orðaður eins og alþingi hefir stungið uppá, þannig að hann verði svo látandi: „Nú flytur húsbóndi samt hjúið burtu, þá skal hann sæta sektum eptir 21. grein, eður og þyngri hegning eptir öðrum lögum, og standast að auki" o. sv. frv. Ekki er heldur — samkvæmt því sem að ofan er sagt um ákvörðunina í 10. grein frumvarpsins, sem er sama efnis — neitt því til fyrirstöðu, að fallizt sè á breytingu þá á ákvörðuninni um matarverð í 29. grein, sem þingið hefir stungið uppá.

39. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um skipti á dánarbúi Melsteðs amtmanns. 1865. 15. júní.

Útaf brèfi frá Böving sýslumanni í Snæfellsnessýslu, sem sent var hingað beina leið, úrskurðaði dómsmálastjórnin 3. októbermán. f. á. [1], að eptir því, sem sýslumaður þessi hefði skýrt frá, væri rètt, að bú Melsteðs heitins amtmanns, sem Jóhannes Guðmundsson, sýslumaður í Mýra- og Hnappadalssýslu, þá hafði til skiptaumráða eptir skipun yðar, herra amtmaður, væri fengið hinum fyrnefnda sýslumanni til skiptaumráða. Nú hafið þèr í brèfi dags. 31. janúarmán. þ. á. skýrt frá, að um leið og þèr hafið kunngjört Böving sýslumanni úrskurð stjórnarráðsins, þann er áður var um getið, hafið þèr látið hann vita, að þèr gætuð ekki skyldað hinn setta skiptaráðanda í búinu til að borga aptur öll skiptalaun þau, sem hann hefði þegar tekið, eða nokkurn hluta þeirra, fyr en þèr hefðuð skýrt dómsmálastjórninni ítarlegar frá málavöxtum. Þèr hafið þessu næst tekið fram, að þèr hafið ekki skipað Jóhannes sýslumann Guðmundsson til að skipta búinu, fyr en þèr voruð búnir að skora á stiptamtmanninn yfir Íslandi að skipa skiptaráðanda í búið, og hann hafði skorazt undan því. Loks hafið þèr spurt um, hvort Böving sýslumanni beri öll skiptalaunin eða einasta nokkur hluti þeirra og þá hversu mikið, og hver eigi að greiða það, sem álitið væri að honum beri; um leið hafið þèr þó látið það álit í ljósi, að eptir sanngirni beri Böving sýslumanni ekki nein skiptalaun, þar eð búið var að skrifa upp og halda uppboð í búinu, gefa út innköllun til skuldaheimtumannanna og skiptin byrjuð, áður en hann kom í sýsluna.

Um leið og þess skal getið, að dómsmálastjórnin verður að álíta, að þau orð yðar, herra amtmaður, sem síðast voru til færð, sèu svo að skilja, að það sè ekki Jóhannes sýslumaður Guðmundsson, sem hefir gjört þessar ráðstafanir í búinu, þar sem ætla má, eptir því segir í brèfum Bövings sýslumanns frá 16. júlímán. og 20. ágústmán. f. á., að hann hafi ekki tekið

[1]) Smbr. 92. bls. hèr að framan.

1865. 15. júní. við skiptunum á búinu fyr en 10. ágústmán. s. á., en að það hafi verið Árni Thorlacius, sem áður fyrri var settur sýslumaður í Snæfellsnessýslu, er gjörði téðar ráðstafanir; enda má sjá á brèfi því frá stiptamtmanninum yfir Íslandi, sem þèr hafið sent hingað með brèfi yðar, að hann hefir byrjað skiptin á búinu: — skal yður um þetta málefni til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr auglýsið það, að dómsmálastjórnin af ástæðum þeim, sem til eru færðar í úrskurði hennar 3. októbermán. f. á., enn sem fyr hlýtur að álíta, að Böving sýslumaður eigi að fá búið til skiptaumráða framvegis, en um skiptalaunin á að fara að í líking við ákvörðunina í 37. grein í aukatekjureglugjörðinni frá 10. septembermán. 1830, þannig, að amtið á, ef til þess kemur, að ákveða með úrskurði sínum, hversu mikið hvorum þessara tveggja skiptaráðanda beri af skiptalaununum.

---

16. júní. **40. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um borgunarfrest á skuld jafnaðarsjóðsins.**

Þèr hafið, herra amtmaður, í brèfi dags. 6. febrúarmán. þ. á. um borgun eptirstöðvanna, 1200 ríkisdala, af láni því, sem jafnaðarsjóði vesturumdæmisins var veitt samkvæmt lögum 29. desembermán. 1857, stungið uppá, að borga skuli helminginn af eptirstöðvum þessum á ári því, sem nú er að líða, og hinn helminginn fyrir lok ársins 1866.

Um leið og þess skal getið, að frestur sá með borgun eptirstöðva þessara til loka ársins 1866, sem um er rædt í brèfi stjórnarráðsins frá 4. ágústmán. f. á., hefir veittur verið í fjárhagslögunum fyrir 1865—66, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar um borgun skuldarinnar, þá er að ofan er um getið.

---

41. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um jarðaskipti. 1865. 16. júní.

Í bænarskrá, sem hingað hefir borizt með álitsskjali yðar, herra amtmaður, dagsettu 27. janúarmán. þ. á., hefir J. A. Knudsen, umboðsmaður þingeyra klausturs jarða, sókt um að fá jarðirnar Árbakka, Kurf og hálfan Kaldrana, en þær eru allar þingeyra klausturs jarðir og liggja í Vindhælis hrepp í Húnavatnsýslu, í jarðaskiptum fyrir eignarjörð sína Gunnsteinsstaði með hjáleigunni Hólabæ í Bólstaðarhlíðar hrepp í sömu sýslu. Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr auglýsið það, að beiðandanum verður ekki veitt það sem hann hefir sókt um, og skal skýrskotað til þess, sem stjórnarráðið áður fyrri hefir sagt um, að ekki geti álitizt æskilegt nú sem stendur að hlutast til um að láta af höndum þjóðjarðirnar á Íslandi.

---

42. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um að kaupa ríkisskuldabrèf fyrir ómyndugra fè. 16. júní.

Í brèfi því, sem í eptirriti fylgir með brèfi þessu og landfógetinn á Íslandi hefir sent hingað, hefir sýslumaðurinn í Norðurmúla sýslu, O. Smith, beðið stjórnarráðið að hlutast til um, að keypt verði óuppsegjanleg ríkisskuldabrèf með 4 af hundraði í vöxtu fyrir fè, sem verið hefir á vöxtum í jarðabókarsjóðnum, en sagt hefir verið upp til útborgunar úr sjóði þessum; er fè þetta sumpart ómyndugra eign, sumpart eign ógiptra kvenna, er ekki eiga lengur eigur sínar undir stjórn yfirfjárráðenda.

Útaf þessu eruð þèr, herra amtmaður, beðnir að leiða athygli Smiths sýslumanns að því, að þar sem nokkur hluti fjár þess, sem um er rædt, er ómyndugra eign, má ekki eptir lögum þeim, sem nú eru gildandi, ávaxta ómyndugra fè á þann hátt, að keypt sèu fyrir það óuppsegjanleg ríkisskuldabrèf, því að vísu var komið fram með uppástungu, sem að þessu laut, þegar

1865. 16. júní. verið var að undirbúa opið brèf 4. júnímán. f. á., en af því að alþingi var henni mótmælt, var ekki fallizt á hana. Auk þessa skal þess getið, að stjórnarráðið, að þessu slepptu, getur ekki tekizt á hendur að kaupa ríkisskuldabrèf fyrir einstaka menn.

---

22. júní. **43. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um arftöku eptir óskilgetinn son.**

Útaf bænarskrá, er hingað hefir borizt með brèfi yðar, herra amtmaður, dagsettu 15. febrúarmán. þ. á., frá Gísla bónda Ingimundarsyni frá Lóni, um að honum séu veittir eptirlátnir munir sonar hans óskilgetins, sem nú er dáinn, en munir þessir eru virtir 43 rdl. 48 sk., skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að beiðandanum ekki verður veitt það sem hann hefir sókt um.

---

24. júní. **44. Brèf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um skilning 8. greinar í verzlunarlögunum 15. aprílmán. 1854.**

Útaf umkvörtun, sem komið hefir til utanríkisstjórnarinnar frá verzlunarhúsi í Kaupmannahöfn, um að einstaka verzlunarfulltrúar Danakonungs í útlöndum hafi heimtað gjald af skipum, er verzlunarhús þetta á í förum til Íslands og Færeyja, fyrir staðfesting þá á vöruskrám og heilbrigðisskýrteinum, er fyrir er skipuð í 2. lið 8. greinar í lögunum 15. aprílmán. 1854, hefir hin heiðraða utanríkisstjórn beðið dómsmálastjórnina í brèfi dags. 23. f. m. um, að íhuga enn á ný spurningu þá, sem borin hefir verið upp á þenna hátt, og skýra sèr frá áliti voru um það, hvort greiða skuli af dönskum skipum, þeim er fara úr utanríkishöfnum til Færeyja eða Íslands, gjald það er að ofan er um rædt.

Þessu svarar dómsmálastjórnin á þá leið, að eins og það er vafalaust samkvæmt því sem fyrir er mælt í 8. grein í lögunum 21. marzmán. 1855, að verzlunarfulltrúunum ber gjald þetta af þeim dönskum skipum, sem fara frá útlöndum til Færeyja, eins hlýtur dómsmálastjórnin af ástæðum þeim, sem tilgreindar eru í brèfi hèðan til utanríkisstjórnarinnar dagsettu 6. maímán. 1858[1], enn sem fyr að vera á því máli, að sama sè um þau dönsk skip, sem fara úr utanríkishöfnum til Íslands. 1865. 24. júní.

---

45. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir skápa handa forngripasafninu í Reykjavík. 1. júlí.

Í brèfi dags. 20. febrúarmán. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að þèr 31. desembermán. 1863 og 15. desembermán. f. á. hafið, í von um samþykki stjórnarráðsins, látið borga Jóni biskupsskrifara Árnasyni og Sigurði málara Guðmundssyni í fyrra skiptið 10 rd. og í seinna skiptið 14 rd. 40 sk. af fè því, sem veitt er í fjárhagslögunum fyrir þessi ár til óvissra gjalda handa Íslandi, til þess að kaupa fyrir glerskápa og fleira handa forngripasafni því, sem þeir hafa stofnað, og hafið þèr beiðzt samþykkis stjórnarráðsins til gjalda þessara.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið, eptir því sem ástatt er, lætur útborgun þessa standa óraskaða, en framvegis má ekki greiða nein þesskonar gjöld úr ríkissjóðnum.

---

46. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um kornlán af sveit. 3. júlí.

Frá P. Böving, sýslumanni í Snæfellsnessýslu, hefir stjórnarráðinu beina leið borizt brèf; spyr hann um, hvort skoða eigi

[1]) Smbr. Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I, 214.

1865. 3. júlí. lán, sem fátækir hafa fengið af rúgi þeim, sem veittur var bágstöddum sveitum í Snæfellsnessýslu á árunum 1861 og 1862, sem lán úr sveitarsjóði, og hvort hafa eigi tillit til þess, þegar leysa á úr þeirri spurningu, hvar maður sè sveitlægur. Um þetta hafið þèr, herra amtmaður, í brèfi dagsettu 13. desembermán. f. á. látið það álit yðar í ljósi, að, með því að skoða verður rúg þann, er hèr ræðir um, sem lán, er sveitirnar hafi tekið, og þessvegna sem eign þeirra, þar sem sveitirnar sem fèlög (júridisk persóna) verða að ábyrgjast, að rúgurinn verði borgaður, og verð hans er tilfært sem tekjugrein í reikningum sveitarsjóðanna, þá hljóti hver sá, sem fengið hefir lán hjá sveitinni í rúgi, að álítast hafa fengið lán úr sveitarsjóðnum, og geti því ekki áunnið sèr þar rètt til framfærslu, fyr en hann hafi borgað lánið.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr auglýsið það, að dómsmálastjórnin fellst á þá skoðun á málinu, sem þèr hafið látið í ljósi.

---

5. júlí. **47. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um uppgjöf á landskuld fyrir jarðabætur.**

Með brèfi dags. 14. marzmán. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá frá Gísla hreppstjóra Gíslasyni, leiguliða á þjóðjörðinni Leirvogstungu í Kjósar sýslu; sækir hann þar um 100 ríkisdala styrk til þess að geta hlaðið grjótgarð fyrir á, sem rennur rètt fram hjá engjunum, flóir yfir þær í vatnavöxtum og skemmir þær, eða þá til að færa farveg árinnar, ef það reynist hagfelldara til að vernda engjarnar. Hafið þèr stungið uppá, að leiguliða þessum sè gefin upp landskuldin um tíma, t. a. m. í 2 eða 3 ár, með því skilyrði, að hann komi áformi þessu fram, svo að engjunum sè borgið, og sjái sýslumaður um með honum.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr auglýsið það, að dómsmálastjórnin, eptir því

sem ástatt er, gefur beiðandanum upp landskuldina í 3 hin næstu fardagaár með því skilyrði, að hann undir umsjón sýslumannsins vinni störf þau, sem þörf er á til þess að vernda engjar jarðarinnar á annanhvorn þann hátt, sem að ofan er á vikið, og hagfelldastur reynist eptir atvikum. 1865. 5. júlí.

---

48. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í vesturumdæminu, um skoðunargjörð á Ingjaldshóls kirkju. 8. júlí.

Um leið og þèr, herra amtmaður, hafið sent hingað skoðunargjörð, er höfð hefir verið á Ingjaldshóls kirkju í Snæfellsnessýslu, en kirkja þessi er þjóðeign, hafið þèr í brèfi dagsettu 21. desembermán. f. á. beiðzt samþykkis dómsmálastjórnarinnar til þess, að þèr hafið greidt skoðunarmönnunum sem þóknun fyrir starfa þeirra alls 5 rd. 16 sk. úr sjóði umboðsins, og enn fremur borið undir atkvæði stjórnarráðsins, hvort borga megi Thorlacius umboðsmanni reikning, sem hann hefir sent yður og er 24 rdl. 16 sk. að upphæð, fyrir ferð hans til Ingjaldshóls og dvöl þar meðan á skoðunargjörðinni stóð, þó svo, að þèr leggið áður úrskurð yðar á reikninginn. Jafnframt og þess skal getið, að dómsmálastjórnin hefir ritað fjárstjórninni um viðgjörðina á kirkju þeirri, sem um er rædt, sè yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið fellst á borgun þá, sem skoðunarmennirnir hafa fengið, en aptur á móti er engin heimild til að borga Thorlacius umboðsmanni reikning hans, þar eð hann sem umboðsmaður var skyldur til að vera viðstaddur við skoðunargjörðina, og honum þessvegna ekki ber nein sèrstakleg þóknun fyrir það.

1865. 8. júlí. **49. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um þóknun handa yfirsetukonu á Vestmannaeyjum fyrir aðstoð þá, er hún veitir sjúkum.**

Eptir að hafa skrifazt á við fjárstjórnina, hefir dómsmálastjórnin samkvæmt uppástungu yðar, herra stiptamtmaður, í brèfi dagsettu 27. marzmán. þ. á. veitt Solveigu Markússen, yfirsetukonu á Vestmannaeyjum, fyrst um sinn á meðan læknisembættið þar er óveitt, 10 ríkisdali um mánuðinn frá 1. degi aprílmán. þ. á. í þóknunarskyni fyrir að veita hinum sjúku þar á eyjunum aðstoð þá, sem henni er auðið, eptir því sem ástatt er.

Um leið og yður er kunngjört þetta yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, þá skal þess getið, að samkvæmt uppástungu yðar ber að greiða þóknun þessa af launum þeim, sem ákveðin hafa verið handa læknisembættinu á Vestmannaeyjum, og að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið ritað um að greiða þóknunina úr jarðabókarsjóðnum.

---

15. júlí. **50. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk handa lestrarfèlagi á Vestmannaeyjum.**

Eptir að dómsmálastjórninni nú með brèfi yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu 7. júlímán. f. á., hefir borizt listi yfir bækur þær, sem forstöðumenn lestrarfèlagsins á Vestmannaeyjum einkum hafa æskt eptir að keyptar væru, hefir dómsmálastjórnin veitt lestrarfèlagi þessu 200 rd. til þess að kaupa bækur fyrir; höfum vèr síðan látið kaupa rit þau, er nefnd eru á lista þeim, sem fylgir með brèfi þessu, og hefir fè það, sem veitt var, gengið upp til þess að kaupa bækurnar og binda þær, og til umbúða um þær.

Þetta gefst yður hèrmeð til vitundar, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, og

skal því við bætt, að bækurnar hafa verið afhentar N. N. Bryde, íslenzkum kaupmanni, til þess að hann annist um að þær verði sendar til Vestmannaeyja með fyrsta skipi sem þangað fer. 1865. 15. júlí.

---

51. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um eptirgjöf á landskuld og leigum af Undirhrauni.[1] 15. júlí.

Með brèfi dagsettu 6. marzmán. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent oss eptirrit af skoðunargjörð á húsum þeim, sem Jón Jónsson og Bjarni Sigurðsson, ábúendur á hálfri jörðinni Undirhrauni, er heyrir undir Kirkjubæjar klausturs umboð, hafa flutt og byggt upp aptur af nýjum viðum. Þar eð nauðsynlegt var, eptir því sem umboðsmaður hefir skýrt frá, að flytja húsin á báðum jarðarpörtum þessum, og þóknun sú, sem ábúendurnir mælast til að fá, er mjög sanngjarnleg í samanburði við vinnu þá og fè, sem verja hefir orðið til flutningsins, hafið þèr lagt það til, að leiguliðum þessum sè gefnar eptir leigurnar, sem þeir eiga að gjalda um Mikaelsmessu 1864, og landskuldin í fardögum 1865 og 1866; hafið þèr og getið þess, að jarðarafgjöld hvors ábúandans um sig, þau sem þèr hafið stungið uppá að gefin sèu eptir, sèu þessi:

15 álnir eptir meðalverði á ullu, smjöri og tólg, eptir verðlagsskránni fyrir árið 1865—66; alinin á 29 sk.	4 rd. 51 sk.
15 álnir, alinin á 8 sk.	1 — 24 —
10 álnir í smjöri eptir verðlagsskránni fyrir árið 1864—65	2 — 33 —
og landskuldin í fardögum 1866, metin eptir áætlun	5 — 80 —
alls	13 rd. 92 sk.

eða hèrumbil 14 ríkisdalir.

---

[1]) Smbr. brèf dómsmálastjórnarinnar 6. júlímán. 1861, á 66. bls. hèr að framan.

1865. 15. júlí. Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjöriö það, að dómsmálastjórnin, eptir því sem ástatt er, veitir eptirgjöf þá, sem þèr hafið mælt fram með.

---

15. júlí. **52. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um styrk handa uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi.**

Samkvæmt uppástungum yðar, háæruverðugi herra, er bárust stjórnarráðinu með brèfi yðar 29. maímán. þ. á. um það, hvernig úthluta skuli þeim 500 rd., sem veittir voru í fjárlögum þessa fjárhagsárs til styrks handa fátækum uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi, hefir stjórnarráðið veitt þeim, er nú skal greina, styrk þann, sem tilfærður er við hvern prest og prestsekkju um sig:

Uppgjafapresti	Sveinbirni Sveinbjarnarsyni frá Staðarhrauni	60 rd.
—	Guðlögi Sveinbjarnarsyni úr Hvammi . . .	15 —
—	Jóni Sigurðssyni frá Söndum	60 —
—	Jóni Jónssyni frá Miklabæ	15 —
—	Jóni Guðmundssyni frá Hjaltastöðum . . .	35 —
—	Stefáni Hanssyni úr Fljótshlíðarþingum . .	15 —
Prestsekkju	Helgu Jónsdóttur á Bjarnastöðum	30 —
—	Salbjörgu Jónsdóttur á Hörðubóli	25 —
—	Ingibjörgu Pálsdóttur í Hjarðarholti	20 —
—	Kristínu Pálsdóttur á Brekku	27 —
—	Oddnýju Ingvarsdóttur á Litluhvalsá	20 —
—	Þóru Auðunardóttur á Auðkúlu	20 —
—	Elínu Einarsdóttur á Leysingjastöðum . . .	30 —
—	Guðríði Helgadóttur á Fremraseli	10 —
—	Sigríði Jónsdóttur á Miðfjarðarnesseli . . .	10 —
—	Þorbjörgu Guðmundsdóttur á Jórvík	16 —
—	Sigríði Bergsdóttur á Litluheiði	12 —
	Lateris	420 rd.

		1865.
Transport	420 rd.	
Prestsekkju Guðrúnu Ingvarsdóttur á Gularási	20 —	15. júlí.
— Guðnýju Jónsdóttur í Kálfholti	20 —	
— Margrètu Narfadóttur í Reykjavík	40 —	
alls	500 rd.	

Þetta er yður hèrmeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr auglýsið það hlutaðeigendum, og hefir landfógetanum á Íslandi í dag verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

Með því að stjórnarráðið hefir í hyggju að fara þess á leit við ríkisþingið, að framvegis verði veitt jafnmikið fè í þessu skyni, og veitt hefir verið þetta árið, þá skal skorað á yður, háæruverðugi herra, að hlutast til um, að þetta verði heyrum kunnugt í tækan tíma á Íslandi, eins og sjá má að þèr hafið annazt um árið sem leið, og hvetja hlutaðeigendur, er óska að haft verði tillit til þeirra, þá er úthlutað verður styrktarfè þessu, til að senda bænarskrár um það með nákvæmum skýrslum um tekjur þeirra og annan efnahag, og senda hingað síðan bænarskrárnar ásamt með uppástungum yðar um úthlutan styrktarfjár þessa næstkomanda fjárhagsár.

---

53. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um jarðrækt á Vestmannaeyjum. 18. júlí.

Útaf því, að sýslumaðurinn á Vestmannaeyjum hafði farið þess á leit við dómsmálastjórnina, að sèr væri veittur myndugleiki til að leyfa ábúendunum á þjóðjörðunum þar á eyjunum að rækta og girða um skika af engjunum eða haglendinu, er lægi næst túnum þeirra, og sýslumaður mældi þeim út, ritaði dómsmálastjórnin stiptamtinu 20. júlímán. f. á. og skoraði á það að láta sýslumann þenna segja álit sitt um, hvort það mundi vera hagfellt, eptir því sem ástatt er þar á eyjunum, að hlutazt væri til um, að haglendi því, sem hèr ræðir um, væri skipt, og ábúendunum gjört að skyldu hverjum um sig að

1865. 18. júlí. girða um land sitt, og skýra frá, hvenær og með hvaða heimild það hafi verið bannað að rækta beitilandið, eins og hann hefir getið um.

Eptir að dómsmálastjórninni nú hafa borizt skýrslur þær, sem beðið var um, með brèfi stiptamtsins dagsettu 15. febrúarm. þ. á., skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að stjórnarráðið samkvæmt skýrslum þeim, er það hefir fengið, fellst á uppástungu sýslumannsins, þá er að ofan er um getið, þannig, að þegar einhver af ábúendunum tekur skika af haglendinu, til þess að rækta það, þá sè beit sú, sem hann má hafa í haglendinu, er þeir eiga fleiri saman, einskorðuð eptir tiltölu, ef að ástæða þykir vera til þess.

---

1. ágúst. **54. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um skil sýslumanna fyrir tekjum.**

Um leið og vèr sendum yður, herra (tit.), eptirrit af 8. lið í athugagreinum rannsóknarmanna ríkisreikninganna við reikning konungsríkisins fjárhagsárið 1863—1864, eruð þèr, í sambandi við brèf dómsmálastjórnarinnar dagsett 5. júlímán. 1861 og 22. septembermán. f. á. smbr. brèf innanríkisstjórnarinnar 13. janúarmán. 1854, beðnir um, — af því að það enn þá ber þráfaldlega við, að sýslumennirnir gjöra ekki grein fyrir eins og vera ber, þegar þeir borga tekjurnar af sýslunum, fyrir hvaða tekjum þeir gjöri skil, — enn á ný að áminna alla sýslumenn í umdæmi því, sem þèr eruð settir yfir, um að hegða sèr eptir því, sem fyrir er mælt í brèfum þessum, og bregða ekki úfaf því. Dómsmálastjórnin skorar þarauki á yður, hvenær sem það ber við, að brotið er á móti reglum þessum, þá að setja þeim, sem hlut á að máli, hæfilegan stuttan frest til þess að koma fram með skýrslur þær, sem vantar, og ef það er til einkis, þá viðstöðulaust að beita fjársekt við hann og skýra stjórnarráðinu síðan frá því.

---

55. Brèf dómsmálastjórnarinnar til Snorra Jónssonar, um styrk til að nema dýralæknisfræði. 1865. 5. ágúst.

Eptir að dómsmálastjórnin hafði ritað amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu útaf bænarskrá þeirri, er þèr senduð hingað 12. febrúarmán. þ. á., um styrk til að nema dýralæknisfræði við dýralækninga- og landbúnaðarháskólann hèr í bænum, hefir embættismaður þessi skýrt oss frá, að hann 11. febrúarmán. þ. á. hafi heitið Jóni Þorvarðarsyni, föður yðar, 100 ríkisdala styrk úr jafnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins í þessu skyni, og þaraðauki látið í ljósi, að hann megi eiga von á sama styrk framvegis, ef kringumstæðurnar leyfa.

Þetta er yður hèrmeð til vitundar gefið, og skal því við bætt, að í dag hefir verið hlutazt til um, að þeir 100 ríkisdalir, sem að ofan er um getið, verði borgaðir yður úr aðalfjárhirzlu ríkisins.

---

56. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um gjafsókn í máli. 7. ágúst.

Prestarnir á Grenjaðarstað, Múla og Helgastöðum í Þingeyjar sýslu hafa í bænarskrá, er hingað hefir borizt beina leið, borið sig upp undan því, að þèr, herra amtmaður, hafið synjað þeim um gjafsókn í máli, er þeir ætla að höfða vegna prestakalla sinna á móti eiganda jarðarinnar Laxamýrar, útaf aðferð þeirri, er hann hefir við laxveiðina í Laxá. Um sama leyti hefir oss einnig borizt álitsskjal yðar um bænarskrá þessa, og er það dagsett 26. maímán. f. á.

Stjórnarráðið hefir síðan skorað á stiptsyfirvöldin á Íslandi að segja álit sitt um mál þetta, og fylgir eptirrit af álitsskjali þeirra með brèfi þessu, og með því að dómsmálastjórninni finnst vera ástæða til að veita beiðendunum gjafsókn þá, er þeir hafa sókt um, eruð þèr, herra amtmaður, beðnir um að gefa þeim leyfisbrèf það, er hafa þarf í þessu skyni.

1865. 7. ágúst. **57. Brèf dómsmálastjórnarinnar til sýslumannsins á Vestmannaeyjum, um kornkaup sökum hallæris þar á eyjunum.**

Eptir áskorun sveitarstjórnarinnar á Vestmannaeyjum hafið þèr, herra sýslumaður, farið þess á leit í brèfi dags. 22. júnímán. þ. á., að dómsmálastjórnin, til þess að afstýra almennu hungri meðal eyjarbúanna, hlutist til um, að 50—80 tunnur af korni, helmingur rúgur og helmingur bankabygg, verði sendar upp til eyjanna og seldar sveitarstjórninni í hendur til umráða, annaðhvort sem gjöf, eða ef það fæst ekki, þá sem leigulaust lán, er borgað verði á 8 árum í röð, áttundi hluti á ári hverju.

En þareð sjá má á brèfi yðar, að sveitarsjóður Vestmannaeyja á efni, sem eru meir en nóg til þess að borga með korn það, sem beðið er um, getur ekki verið umtalsmál að fara fram á, að fè það, sem þarf til kornkaupanna, verði veitt sveitinni sem gjöf; ekki getur stjórnarráðið heldur álitið hagfellt að taka lán í því skyni, og hefir stiptamtmaðurinn yfir Íslandi verið á sama máli um það. Aptur á móti hefir verið gjörður sá samningur við N. N. Bryde, íslenzkan kaupmann, að hann hefir skuldbundið sig til að láta sveitarstjórnina á Vestmannaeyjum fá 25 tunnur af rúgi og 25 tunnur af bankabyggi í verzlun sinni þar á eyjunum fyrir 400 ríkisdali alls, eða rúgtunnuna fyrir 7 rd. og bankabyggstunnuna fyrir 9 rd., og verður honum greidt andvirðið úr aðalfjárhirzlu ríkisins hèr í bænum, en aðalfjárhirzlunni aptur endurgoldið fè þetta á þann hátt, að 400 rd. verða borgaðir í jarðabókarsjóð Íslands af fè því, sem sveitarsjóður Vestmannaeyja á þar á vöxtum. Hefir stiptamtmanninum yfir Íslandi verið ritað í dag að annast um, að fè þetta verði borgað í jarðabókarsjóðinn.

Vèr sendum yður því skjal frá Bryde kaupmanni til verzlunarfulltrúa hans, um að láta korn þetta af hendi, til þess að þèr gjörið þær ráðstafanir, sem þörf er á; sömuleiðis sendum vèr yður fylgiskjöl þau, er voru með brèfi yðar.

58. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um að veita megi Sveini Skúlasyni, kand. philos., brauð. 1865. 8. ágúst.

Með brèfi yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, dagsettu 27. maímán. þ. á., hafa kirkju- og kennslustjórninni borizt ítarlegri skýrslur útaf bænarskrá frá Sveini Skúlasyni, kand. philos., er þèr áður höfðuð sent hingað, um að hann megi verða aðnjótandi þeirra kennimannlegu rèttinda, er þeir, sem útskrifaðir voru úr Bessastaða skóla, eða tekið höfðu próf í heimspeki við háskólann, höfðu áður en prestaskólinn í Reykjavík var stofnaður. Stjórnarráðið hefir síðan borið málið upp fyrir hans hátign konunginum, og hefir honum allramildilegast þóknazt 2. þ. m. að úrskurða, að ákvörðunin í konungsúrskurði 24. maímán. 1847 staflið „f" skuli ekki vera því til fyrirstöðu, að Sveini Skúlasyni, kand. phil., er fyr er um getið, verði veitt brauð á Íslandi.

Þetta er yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, hèrmeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það þeim, sem hlut á að máli.

---

59. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um aukaútsvar búandi manns í Reykjavík. 16. ágúst.

Með brèfi dagsettu 29. maímán. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá með fylgiskjali frá Jörgensen gestgjafa í Reykjavík, um lækkun á aukaútsvari því, er lagt hefir verið á hann árið sem leið, og hafið þèr skotið máli þessu til úrskurðar stjórnarráðsins.

En þareð álíta má víst, að dómsmálastjórnin hafi ekki úrskurðarvald í þesskonar málum, með því að ákveðið er í 21. grein í tilskipun 27. nóvembermán. 1846, að umkvartanir yfir niðurjöfnun gjalda kaupstaðarins eigi að bera undir úrskurð amtmanns, og ástæðurnar fyrir grein þessari bera með sèr, að svo hefir verið til ætlazt, að önnur regla gilti um þetta atriði

1865. 16. ágúst. fyrir Reykjavík en fyrir kaupstaðina í konungsríkinu, en þar leggur dómsmálastjórnin úrskurð á þesskonar mál, þá verðum vèr að fela yður á hendur, herra stiptamtmaður, að leggja úrskurð á þetta mál, eptir því sem yður virðist rèttast eptir þeim ítarlegri skýrslum, sem nú eru fram komnar.

---

28. ágúst. **60. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk handa Sumarliða gullsmið Sumarliðasyni, til þess að taka þátt í fiskisýningunni í Björgvin.**

Samkvæmt tillögum stiptamtsins í brèfi dagsettu 5. f. m. hefir dómsmálastjórnin veitt Sumarliða gullsmið Sumarliðasyni úr Ísafjarðarsýslu 250 ríkisdala styrk, til þess að taka þátt í fiskisýningunni í Björgvin, og útaf bænarskrá, sem seinna kom frá honum, 100 ríkisdali til þess að kaupa fyrir veiðarfæri, mótmyndir og annað þvíumlíkt, ásamt með mönnum þeim, er sendir voru frá Reykjavík til fiskisýningarinnar, og er svo til ætlazt, að því verði útbýtt á þann hátt, sem þèr hafið vikið á, herra stiptamtmaður, í brèfi yðar 9. þ. m.[1] — þetta gefst yður hèrmeð til vitundar yður til leiðbeiningar.

---

30. ágúst. **61. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um byggingu Möðruvalla klausturs kirkju.**

Eptir að þèr, herra amtmaður, höfðuð skýrt frá í brèfi 10. marzmán. þ. á., að Möðruvalla klausturs kirkja hefði brunnið

---

[1]) Það er að segja, að stjórn húss- og bústjórnarfèlags suðuramtsins og menn þeir, sem gengizt höfðu fyrir samskotum til þess að senda menn frá Reykjavík til fiskisýningarinnar, útbýti hlutum þessum á hagfelldasta hátt.

til kaldra kola 5. s. m., hafið þèr í brèfi dagsettu 16. júnímán. 1865.
þ. á. sýnt fram á, að þörf sè á, að kirkjan verði reist aptur, 30. ágúst.
svo fljótt sem auðið er, og sent hingað uppdrátt, er smíða á nýju kirkjuna eptir, og þrír menn, er þekkja til húsagerðar, hafa búið til, þarmeð áætlun um viði og önnur föng, er þarf til smíðisins. Þèr hafið einnig skýrt frá, að þèr hafið hlutazt til um, að viðir þessir verði keyptir, og beiðzt samþykkis stjórnarráðsins bæði til þess, sem þèr þegar hafið gjört, og eins til þess, að kaupa megi skrúða og önnur áhöld handa kirkjunni, og að segja megi upp fè því, 2460 ríkisdölum, er kirkjan á á vöxtum í jarðabókarsjóði Íslands, og því sè síðan varið ásamt öðrum efnum kirkjunnar til þess að borga kostnað þann, er kirkjusmíðið hefir í för með sèr. Að endingu hafið þèr getið þess, að nefnd nokkur, er sóknarmenn höfðu kosið, hafi stungið uppá, að amtmannshúsinu, Friðriksgáfu, væri breytt í kirkju, en að þèr hafið ekki álitið það hagfellt, og hafið þèr samt áður borið það undir menn þá, er að ofan er um getið.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, að dómsmálastjórnin bæði samþykkir það sem þèr þegar hafið gjört í þessu efni, og fellst einnig á það, að þèr gjörið ráðstafanir þær, sem þèr hafið bent á að gjöra þurfi. Uppdráttur sá og áætlun, sem að framan er um rædt, fylgir með brèfi þessu.

---

62. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um borgun fyrir skemmdir á eggveri. 30. ágúst.

Þèr hafið, herra amtmaður, sent utanríkisstjórninni bænarskrá úr Norðurmúla sýslu um að heimtað verði fè, er formennirnir á 3 enskum fiskiskútum áttu að greiða aðalverzlunarfulltrúa Danakonungs í Lundúnum fyrir skemmdir á eggveri í Vopnafirði, og er það 1¼ pund sterling í sektir og 6 pund sterling í skaðabætur. Eptir að utanríkisstjórnin nú hefir fengið skýrslu um, að búið er að greiða aðalverzlunarfulltrúanum fè

1865. 30. ágúst. þetta, hefir hún hlutazt til um, að dómsmálastjórninni hefir verið borgað það, og beðið oss um að senda yður það, herra amtmaður.

Vèr sendum yður því með brèfi þessu ávísunarbrèf frá verzlunarhúsinu Örum og Wulff uppá C. Grönvold, verzlunarfulltrúa þeirra á Vopnafirði, og er það 65 rd. 9½ sk. að upphæð; eruð þèr beðnir að koma því á framfæri, og senda oss skýrteini fyrir, að þèr hafið fengið það.

---

30. ágúst. **63. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um útleggingu á „Anabasis" Xenófons.**

Með brèfi dagsettu 24. aprílmán. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, sent hingað álitsskjal frá Bjarna Jónssyni, skólameistara, útaf bænarskrá, er stjórnarráðinu hafði borizt frá Halldóri Friðrikssyni, kennara við latínuskólann í Reykjavík, um að prenta megi útleggingu á „Anabasis" Xenófons, er hann hefir samið, á kostnað skólasjóðsins, í þrem deildum aptan við skólaskýrsluna, er gefin er út á ári hverju, og að honum og Gísla Magnússyni, skólakennara, er farið hefir yfir útleggingu þessa og lagað hana, sè veitt hæfileg þóknun fyrir þenna starfa þeirra.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að stjórnarráðið leyfir, að útlegging þessi verði prentuð á kostnað skólasjóðsins á þann hátt, sem sókt er um, og skal því við bætt, að þegar prentunin er búin mun nákvæmlegar verða íhugað, hvort veitt verði borgun fyrir að semja útleggínguna.

---

64. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um fè til að kaupa fyrir flagg handa stiptamtmannshúsinu. 1865. 30. ágúst.

Í brèfi dagsettu 8. þ. m. hafið þèr, herra stiptamtmaður, farið þess á leit, að dómsmálastjórnin hlutist til um, að keypt verði dannebrogsflagg með flaggstöng og flagglínu handa stiptamtmannshúsinu í Reykjavík.

Útaf þessu gefst yður til vitundar yður til leiðbeiningar, að dómsmálastjórnin hefir leyft, að borga megi hluti þessa af fè því, er veitt er til óvissra gjalda handa Íslandi, og hefir Andresen, skipstjóri á gufu-póstskipinu Arktúrus, tekið að sèr að annast það sem þörf er á í þessu efni.

---

65. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um framfærsluhrepp Vigfúsar Öfjörðs. 30. ágúst.

Með brèfi 1. aprílmán. þ. á. hefir stiptamtið sent hingað úrskurð með fylgiskjali, dagsettan 10. marzmán. s. á., um að maður nokkur, Vigfús Thorarensen Öfjörð að nafni, sè sveitlægur á Álptanes hrepp í Gullbringu sýslu, en sveitarstjórnin í hrepp þessum hefir látið sýslumanninn lýsa því yfir, að hún sè óánægð með úrskurð þenna. Hafið þèr því lagt málið undir úrskurð dómsmálastjórnarinnar.

Útaf þessu skal yður hèrmeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að úrskurður sá, er stiptamtið hefir lagt á mál þetta, á óraskaður að standa.

---

66. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um þakklætisávarp konungs fyrir samskotin handa þeim, er beðið hafa tjón af stríðinu. 30. ágúst.

Með brèfi þessu eru yður send, herra (tit.), 2 exemplör af

1865. 30. ágúst. umburðarbrèfi innanríkisstjórnarinnar dagsettu 27. júnímán. þ. á. til þess að þèr gjörið frekari ráðstafanir í því efni.

Umburðarbrèfið er svo látandi:

Hans hátign konungurinn hefir ritað mèr 23. þ. m. á þessa leið:

„Kristján hinn Níundi o. s. frv.

Vora einstaklega hylli!

Eptir að Vèr höfum veitt móttöku skýrslu þeirri, er þú þegnsamlegast hefir gefið Oss, samkvæmt allrahæstu brèfi Voru 31. janúarmán. þ. á., viljum Vèr allramildilegast gjöra þèr kunnugt, að Vèr með allrahæstri ánægju og viðurkenning metum það, hversu allir með sjaldgæfri greiðfýsi hafa keppzt á um að bæta eptir fremsta megni úr bágindum þeim, sem hið óheppilega stríð að mörgu leyti hefir verið ollandi, og að Oss því finnst þörf á að lýsa því yfir, að Vèr kunnum öllum þeim, sem unnið hafa að því að koma þessu til leiðar, beztu þakkir Vorar fyrir þjóðrækni þá, er þeir á þenna hátt hafa sýnt af sèr.

Þetta bjóðum Vèr þèr að gjöra heyrum kunnugt.

Felandi þig guði!"

Þetta eruð þèr beðnir um, herra amtmaður, að kunngjöra öllum hlutaðeigendum[1] í umdæmi því, sem þèr eruð settiryfir.

Í innanríkisstjórninni 27. dag júnímán. 1865.

Tillisch.

Unsgaard.

---

30. ágúst. **67. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk handa mönnum þeim, er sendir voru til fiskisýningarinnar í Björgvin.**

Samkvæmt tilmælum yðar, herra stiptamtmaður, í brèfi dagsettu 9. þ. m., er yður hèrmeð til vitundar gefið, að dómsmálastjórnin veitir samþykki sitt til þess, að þèr hafið veitt þeim mönnum, er sendir hafa verið frá Reykjavík til fiskisýn-

[1]) Frá Íslandi höfðu gefizt 1,718 rdl. 12 sk.

ingarinnar í Björgvin, 200 ríkisdala styrk úr jarðabókarsjóði Íslands, og skal því við bætt, að taka á styrk þenna af fé því, er til fært er í 9. grein VI C [1] í fjárhagslögunum. 1865. 30. ágúst.

---

68. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um viðgjörð á Reykjavíkur dómkirkju. 30. ágúst.

Dómsmálastjórnin hefir skrifazt á við fjárstjórnina útaf brèfi stiptamtsins, dagsettu 24. maímán. þ. á., um að Reykjavíkur dómkirkja þurfi töluverðrar viðgjörðar bæði á þaki og veggjum, og skal yður nú til vitundar gefið, að með því að fjárstjórninni þykir ísjárvert, eins og nú er ástatt, þar sem verið er að ræða um nýtt fyrirkomulag á fjárhagssambandi Íslands og Danmerkur, að fallast á, að fé það, sem ætlazt er á að þurfi til viðgjörðarinnar, sè sett á fjárhagsáætlunina fyrir næstkomanda fjárhagsár, þá sèr dómsmálastjórnin sèr ekki fært að halda lengra útí þetta mál að svo stöddu. Aptur á móti eruð þèr beðnir um, herra stiptamtmaður, að hlutast til um, að brestir þeir, er gætu orðið þess ollandi að kirkjan sjálf eða bókasafnið á kirkjuloptinu verði fyrir skemmdum, fái þá aðgjörð, sem álíta má alveg nauðsynlega.

---

69. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um guðsþjónustugjörðir katólskra í Reykjavík. 30. ágúst.

Eptir tilhlutan stjórnarráðsins hefir stiptamtið sent hingað með brèfi 27. maímán. þ. á. skýrslu frá bæjarfógetanum í Reykjavík útaf bænarskrá, er hingað hafði borizt frá Baudoin, katólskum klerk, er býr í Reykjavík; ber hann sig upp undan því, að embættismaður þessi hafi bannað sèr að halda guðsþjónustugjörð, ef menn séu viðstaddir sem eru landsins trúar, og fleiru.

---

[1]) þ. e. ýms óviss gjöld handa Íslandi.

1865.
30. ágúst. Útaf þessu gefst yður hèrmeð til vitundar sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að þareð sjá má á eptirritinu af brèfi bæjarfógetans til klerks þess, sem að ofan er nefndur, þar sem hann tilkynnir klerknum brèf dómsmálastjórnarinnar frá 29. júnímán. f. á., að embættismaður þessi einasta hefir bannað honum að halda guðsþjónustugjörð í hverju formi, sem er, fyrir þá, sem eru landsins trúar, finnst stjórnarráðinu ekki vera ástæða til að halda lengra út í þetta mál. Tvö fylgiskjöl eru send aptur.

---

30. ágúst. **70. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um aðkaupsgjald af skipum m. m.**

Eins og vikið er á í brèfi dómsmálastjórnarinnar til stiptamtsins 6. aprílmán. þ. á., hefir dómsmálastjórnin borið sig saman við aðalstjórn skattgjaldanna um það, hvort ekki ætti að gjöra breytingu á reglum þeim, sem nú er farið eptir, þegar útlend skip eru keypt á Íslandi, bæði um það, hver gjöld þá beri að greiða, og hvernig eigi að útvega skipunum einkunn innlendra skipa.

Um hið fyrra atriðið, það er að segja aðkaupsgjaldið, verður, að því er aðalskattgjaldastjórnin hefir sagt, framvegis fyrst um sinn að fara eptir ákvörðununum í tilskipun 1. maímán. 1838, með því að lögin frá 4. júlímán. 1863 um toll- og skipagjöld ekki verða beinlínis heimfærð uppá Ísland. En þareð svo er fyrir skipað í 15. grein laga þeirra, er nú voru nefnd, að gjalda eigi toll eptir tollskránni af skipum þeim og bátum, er danskir þegnar, sem eiga heima í konungsríkinu, eignast frá Íslandi (eins og líka frá Færeyjum og Grænlandi), þá leiðir af þessari ákvörðun, að þegar skip eru aðflutt frá Íslandi til konungsríkisins, verður að gjalda toll af þeim hèr, án þess að tollstjórnin geti tekið það til greina, þó goldið hafi verið af þeim aðkaupsgjald áður; og það var líka þessu samkvæmt að aðaltollstjórnin úrskurðaði, að gjalda ætti aðkaupsgjald eptir

tollskránni af skonnortunni „Fleur de Marie", sem getið er um í ofannefndu brèfi dómsmálastjórnarinnar, þá er hún var flutt hingað, þrátt fyrir það að borgað hafði verið aðkaupsgjald af henni á Íslandi. 1865. 30. ágúst.

Það væri því án efa mjög æskilegt að komið væri nýrri skipun á málefni þetta, en hvernig hún ætti að vera, verður, að því er virðist, að miklu leyti að vera komið undir því, hvernig fyrirkomulagið á fjárhagssambandinu milli Íslands og konungsríkisins verður framvegis, og þareð ekki er útkljáð um það enn, hefir þókt vera rèttast að láta tilhögun þá sem nú er vera óbreytta, þangað til fjárhagsmálið er komið lengra áleiðis. En til þess þó, eins og unnt er, að bæta úr ósanngirni þeirri, er leidt getur af því skipulagi, sem nú er, hefir aðalskattgjaldastjórnin gefið í skyn, að þegar hlutaðeigendur fari þess á leit, muni í hvert skipti verða sèrstaklega íhugað, hvort ekki verði komizt hjá því, að tollurinn verði goldinn tvisvar, og þá á þann hátt, að gjald það sem borga skal á Íslandi verði gefið upp eða borgað aptur, einkum þegar svo stendur á, að sami maður greiðir gjald þetta á báðum stöðum.

Um hitt atriðið, sem tekið er fram hèr að ofan, það er að segja um það, hvernig eigi að útvega útlendum skipum, sem þeir menn eignast, er eiga heima á Íslandi, einkunn innlendra skipa, þá hefir aðalskattgjaldastjórnin játað að þörf sè á, að tilhöguninni á því sè líka breytt og þó einkum á þann hátt, að mönnum, sem eiga heima á Íslandi og eiga skip, sè gefinn kostur á að útvega skipum sínum einkunn innlendra skipa og leyfi til að hafa danskt flagg, svo þau verði aðnjótandi þeirra hagsmuna, sem því eru samfara, án þess að skipin til þessa þurfi að koma á tolltökustað í konungsríkinu, eins og nú verður að vera. En til þess að þessu verði til leiðar komið, og einkanlega til þess að skjöl þau, sem eiga að sanna þjóðerni skipanna, sèu tekin gild í útlöndum, álítur aðalskattgjaldastjórnin að það verði að löggilda ákvarðanir þær á Íslandi, sem gilda um þetta efni í konungsríkinu, þannig, að embættismanni á Íslandi sè veittur myndugleiki til að gjöra ráðstafanir þær, er þurfa til þess, að skipin fái einkunn innlendra skipa, það er, að mæla skipin, brenna á

1865. 30. ágúst. þau mörk, er á þeim þurfa að vera, gefa út skýrteini þau, er sanna að skipið sè danskt, og hafa fullkomna skipaskrá, og sè sama aðferðin við höfð hvort sem skipin eru látin fara hafna á milli á Íslandi eða til útlanda.

Aðferð sú, sem höfð er nú sem stendur í konungsríkinu, þá er skip eru mæld, samkvæmt auglýsingu fjárstjórnarinnar 27. maímán. 1861, er fylgir með brèfi þessu, er samt álitin vera fremur óhagfelld, og hefir því þókt æskilegt, að reglum þeim, sem gefnar eru í auglýsingunni, sè breytt svo, að sama aðferð verði höfð hèr og á Englandi. Í vetur er leið var sett nefnd manna til þess að íhuga þetta málefni og líka það, hvernig eigi að haga skipaskrám og skjölum þeim, er eiga að sanna þjóðerni skipa; hefir nefndin nú komið fram með uppástungur sínar og samið tvö lagafrumvörp, annað um skipamælingar og hitt um skrásetning og þjóðernisskýrteini danskra skipa.

Um leið og vèr nú sendum yður, herra stiptamtmaður, þau tvö lagafrumvörp, er nú voru nefnd, skorum vèr á yður eptir beiðni aðalskattgjaldastjórnarinnar, að láta land- og bæjarfógetann í Reykjavík skýra frá áliti sínu um þau, og bæði að láta í ljósi álit sjálfs yðar um það, hvort ákvarðanirnar í frumvörpum þessum geti átt við á Íslandi, og líka að koma með uppástungu um, hvernig eigi að koma ráðstöfunum þessum á þar á landi. Fylgiskjölin eruð þèr beðnir að senda aptur með svari yðar.

---

11. sept. **71. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um barnalærdómsbók Balslevs.**

Sira Ólafur Pálsson, prófastur og dómkirkjuprestur, hafði sent kirkju- og kennslustjórninni bænarskrá, um að nota megi útleggingu af lærdómsbók Balslevs, sem hann hefir samið, jafnhliða lærdómsbók Balles, þegar börn á Íslandi eru undirbúin undir fermingu. Eptir að stjórnarráðinu hefir nú borizt álitsskjal yðar, háæruverðugi herra, um bænarskrá þessa, dagsett 8. f. m., skal

yður til vitundar gefið sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörið það, að kirkju- og kennslustjórnin ekki er því mótmælt, að útlegging sú á lærdómsbók Balslevs, sem Ólafur prófastur Pálsson hefir samið, sè notuð þegar börn á Íslandi eru undirbúin undir fermingu, en þér verðið þó áður að ganga úr skugga um, að bókin sè vel útlögð. 1865. 11. sept.

---

72. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um viðurhald á herbergjum skólameistarans og eldivið handa honum. 14. sept.

Í brèfi 7. febrúarmán. þ. á. hefir stiptamtið og þèr, háæruverðugi herra, spurt um:

1. hvort skólameistarinn við hinn lærða skóla í Reykjavík, sem hefir bústað í skólahúsinu sjálfu, er fylgir embættinu, eigi að vera undanþeginn þeirri skyldu, að halda herbergjum sínum við óskemmdum, þar sem hinir aðrir embættismenn á Íslandi, sem hafa bústað er fylgir embættinu, eru skyldir til að halda honum við; og
2. hvort ekki sè rètt, að, í stað þess að skólameistarinn hingað til hefir fengið eldivið til að halda lestrarherbergi sínu heitu, sè tiltekið hversu mikinn eldivið hann eigi að fá til þessa, svo að það sè nóg, en að hann verði sjálfur að kaupa sèr þann eldivið, sem hann þarf með að öðru leyti.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið skólameistaranum það, að hinni fyrri spurningunni verður að svara með jáyrði. Það er í þessu tilliti aðgæzluvert, að staða skólameistarans er ólík stöðu hinna annara embættismanna á Íslandi, sem veittur er bústaður ókeypis með því skilyrði, að þeir greiði sjálfir kostnað þann, er gengur til þess að halda honum við, þar sem honum ekki er fengið hús útaf fyrir sig, er fylgir embætti hans, eins og hinum embættismönnunum, heldur herbergi kauplaust í skólahúsinu, en því er haldið við á kostnað ríkissjóðsins. En ástæðan til þess, að þessu er þannig komið fyrir, er einmitt sú, að

1865. 14. sept. skólameistarinn á að sjá um að haldin sè regla í skólanum, og hlýtur því að búa í sama húsinu, sem skólinn er í. Við þetta bætist það sem mestu varðar, að nú er alveg búið að heimfæra grundvallarreglurnar í lögunum frá 28. marzmán. 1855, um laun handa skólameisturunum og kennurunum við hina lærðu skóla í konungsríkinu Danmörku og við hinn lærða skóla og menntunarstofnun í Sórey, uppá hinn lærða skóla í Reykjavík, en samkvæmt lögum þessum eru skólameistararnir ekki skyldir til að halda bústöðum þeim, er fylgja embættum þeirra, við á sinn kostnað. Af því að lög þau, er nú var um getið, eru heimfærð uppá hlunnindi þau, sem embættismönnunum við hinn lærða skóla í Reykjavík bera, leiðir aptur á hinn bóginn, að hinni síðari spurningunni ber að svara svo, að skólameistarinn hefir ekki rètt á að fá neinn eldivið ókeypis, því að lögin veita skólameisturunum ekkert þesskonar, og er þó auðsèð að svo hefir verið til ætlazt, að öll þau hlunnindi væru tilgreind í lögunum, sem embættismönnum þessum bera.

Jafnframt þessu skal stjórnarráðið geta þess, að af því, sem að ofan er tekið fram, leiðir einnig, að þeir skólameistarar, sem framvegis verða skipaðir við Reykjavíkur skóla, verða skyldir að gjalda af bústað þeim, sem fylgir embætti þeirra, alla þá skatta og gjöld, sem sá er býr í annars manns húsi á að gjalda að lögum.

---

14. sept. **73. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um verðlaun fyrir jarðabætur.**

Þèr hafið, herra amtmaður, skýrt frá í brèfi 21. júnímán. þ. á., að þèr í von um samþykki dómsmálastjórnarinnar hafið veitt Jóni bónda Jónssyni á Gilsá í Breiðdalshrepp í Suðurmúlasýslu 20 ríkisdali úr búnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins fyrir framúrskarandi dugnað, er hann hefir sýnt í því að bæta jörð sína, til þess að hvetja hann til að halda áfram viðleitni

sinni. Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að dómsmálastjórnin ekki hefir neitt á móti því, að þèr hafið veitt þessi verðlaun. 1865. 21. sept.

---

74. Brèf dómsmálastjórnarinnar til reikningastjórnardeildar konungsríkisins, um konungstíund af hjáleigunni Sandhúsum í Ísafjarðarsýslu. 21. sept.

Reikningastjórnardeild konungsríkisins hefir sent oss með brèfi dagsettu 26. f. m. eptirrit af öðrum lið útásetninganna við reikningana fyrir konungstíundinni og hinum öðrum tekjum ríkissjóðsins af Ísafjarðarsýslu á fjárhagsárinu 1862—63, ásamt með svari þess, sem samið hefir reikningana, og athugasemdum yfirskoðara um það, og borið það undir úrskurð dómsmálastjórnarinnar, hvort presturinn á Söndum hafi þau umráð yfir jörðunni Sandhúsum, að hann megi nota hana sjálfur, svo að hún verði undanþegin konungstíund.

Um þetta skal reikningastjórnardeildinni til vitundar gefið, að dómsmálastjórnin hlýtur að vera á því máli, að jörð þessi eigi að vera undanþegin tíund, ef að hún í raun og veru heyrir undir prestssetrið.

---

75. Brèf dómsmálastjórnarinnar til reikningastjórnardeildar konungsríkisins, um tíund af jörðinni Mýrum í Ísafjarðarsýslu. 21. sept.

Með brèfi dags. 26. f. m. hefir reikningastjórnardeild konungsríkisins sent oss eptirrit af 3. lið útásetninganna við reikningana fyrir konungstíundinni og hinum öðrum tekjum ríkissjóðsins af Ísafjarðarsýslu á fjárhagsárinu 1862—63 ásamt svari þess, sem samið hefir reikningana, og athugasemdum yfirskoðara um það, og borið það undir úrskurð dómsmálastjórnarinnar, hvort eigandi jarðarinnar Mýra, sem getið er um í útásetningunni, eigi

1865. 21. sept. að vera laus við að gjalda tíund af 20 hundruðum í jörð þessari, af því að þau, að því er virðist, eru eign kirkjunnar á Mýrum.

Um þetta skal reikningastjórnardeildinni til vitundar gefið, að dómsmálastjórnin hlýtur að vera á sama máli og yfirskoðari um það, að, ef það verður sannað, að kirkjan á Mýrum eigi þau 20 hundruð í heimalandi, sem um er rædt, eigi þau að vera undanþegin tíund.

---

21. sept. **76. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um sveitarstyrk handa Magnúsi gjörtlara Eyjólfssyni.**

Með brèfi 24. júnímán. þ. á. hefir stiptamtið sent hingað skjal nokkurt; í því ber sveitarstjórnin í Fljótshlíðarhrepp í Rangárvalla sýslu sig upp undan því, að krafizt sè, ófyrirsynju að hennar hyggju, af hrepp þessum endurgjalds á 57 rdl. 78 sk., sem greiddir hafa verið á árunum 1858—61 úr sveitarsjóði Vestmannaeyja í sveitarstyrk handa Magnúsi gjörtlara Eyjólfssyni og börnum hans tveim, en að öðru leyti hefir verið kannazt við, að hann sè sveitlægur í Fljótshlíðar hrepp.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að stjórnarráðið fellst á úrskurð þann, sem stiptamtið lagði á mál þetta 13. júlímán. 1863; en eptir þeim úrskurði á Fljótshlíðar hreppur að endurgjalda sveitarsjóði Vestmannaeyja fè það, sem að ofan er um rædt.

29 fylgiskjöl eru send aptur með brèfi þessu.

---

23. sept. **77. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lóð í Reykjavík, er verzlunarhúsinu Koch og Henderson hefir verið úthlutuð.**

Með brèfi dagsettu 9. júnímán. þ. á. hefir stiptamtið sent hingað bænarskrá frá Óla Finsen, fulltrúa verzlunarhússins Kochs

og Hendersons í Reykjavík; sækir hann um, að dómsmála- 1865.
stjórnin með úrskurði sínum eptirláti verzlunarfélaginu fyrir 23. sept.
fullt og allt svæði nokkurt, sem er 400 ferhyrnings álnir og liggur fyrir austan geymsluhús það, sem verzlunarfélagið hefir látið byggja í Reykjavík; hafði bæjarstjórnin í Reykjavík látið það fá svæði þetta til þess að girða um það og nota til þess að geyma þar steinkol, þó ekki um lengri tíma en meðan verzlunarfélagið hefir á hendi gufuskipsferðirnar til Íslands eða í kringum landið, en áskilið sèr rètt á, ef það hætti við gufuskipsferðirnar, að gjöra út um, hvort það eða eptirmenn þess megi halda svæði þessu.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að dómsmálastjórninni eptir atvikum finnst ekki vera næg ástæða til þess að breyta ákvörðun bæjarstjórnarinnar um þetta málefni.

---

78. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um jarðaskipti á Eystriskógum og Efriey. 23. sept.

Útaf því, að presturinn í Meðallandsþingum í Skaptafellssýslu ekki hefir neina jörð til ábúðar, hefir stiptamtið og þèr, háæruverðugi herra, stungið uppá því í brèfi dagsettu 22. júnímán. þ. á., að þess sè farið á leit að fá jörðina Efriey, sem heyrir undir Kirkjubæjar klaustur, í skiptum fyrir jörðina Eystriskóga, sem er eign Meðallandsþinga brauðs, og að Efriey sè síðan útlögð prestinum í Meðallandsþingum til ábúðar með því skilyrði, að hann gjaldi í umboðssjóð Kirkjubæjar klausturs það, sem afgjaldið, er sjóðurinn nú fær af Efriey, er fram yfir afgjald það, sem hann fengi af Eystriskógum, þó svo, að gjald þetta falli burt, undir eins og Eystriskógar verða byggðir með eins miklu afgjaldi, og nú er goldið af Efriey.

Eptir að skrifazt hefir verið á við dómsmálastjórnina um þetta málefni, skal yður til vitundar gefið, að kirkju- og kennslu-

1865. 23. sept. stjórnin sèr sèr ekki fært að halda lengra útí þetta mál, af því að dómsmálastjórnin að sínu leyti vill ekki ganga að uppástungu yðar, bæði vegna þess að skilmálarnir við jarðaskipti þessi eru óhaganlegir fyrir ríkissjóðinn, og af því að Eystriskógar liggja í annari sýslu, og það væri erfiðleikum bundið þessvegna, ef þeir væri lagðir undir Kirkjubæjar klausturs umboð.

---

26. sept. **79. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um borgun fyrir læknakennslu af fè Möðrufells spítala.**

Í brèfi dagsettu 28. júnímán. f. á. var yður tilkynnt brèf dómsmálastjórnarinnar s. d. til biskupsins yfir Íslandi, og var í því ákveðið, að þeim 600 rd., sem eptir allrahæstum úrskurði 29. ágústmán. 1862 fyrst um sinn árlega er varið af fè læknasjóðsins til kennslu í læknisfræði hjá landlækninum á Íslandi, skuli skipt jafnt niður á sjóði allra fjögra spítalanna, og að þessvegna þeir 150 ríkisdalir, sem árið 1863 voru greiddir fyrir Möðrufells spítala af fè Hörgslands- og Kaldaðarnes spítala, skuli endurgoldnir sjóðum þeirra af fè hins fyrstnefnda spítalans. Þèr hafið þessu næst, herra amtmaður, í brèfi dagsettu 7. októbermán. f. á., farið þess á leit, að sleppa megi tillagi því, sem hèr ræðir um, af fè Möðrufells spítala til kennslu í læknisfræði hjá landlækninum, og að kostnaðinum til kennslunnar sè skipt niður á fè hinna þriggja spítalanna, eða þá að borgun tillagsins sè skotið á frest, þangað til hin nýja tilhögun á tekjum spítalanna, sem fyrirhuguð er, komist á. Með tilliti til þessa hafið þèr einkum tekið tvennt fram: fyrst, að ef hinn áðurnefndi úrskurður dómsmálastjórnarinnar væri framkvæmdur, þá mundi af því leiða, að þeir sem eiga þiljuskip í norður- og austurumdæminu — en þeir hafa skuldbundið sig á sáttafundum til að gjalda spítalahlut af hákallaveiðum sínum, þó með því skilyrði, að fè Möðrufells spítala einungis sè varið norður- og austurumdæminu í hag og fyrir engan mun til þess að stofna spítala

í Reykjavík eða til læknakennslu þar — mundu skorast undan að borga gjald þetta framvegis, en það er hèrumbil 100 rd. á ári, og yrði spítalinn þá, til þess að fá skaða sinn bættan, að fara í mál við þá, sem óvíst er hvernig færi, og í öðru lagi, að haft sè í hyggju að byggja sjúkrahús á Akureyri, og að menn ætli sèr að sækja um styrk til þess af fè Möðrufells spítala. 1865. 26. sept.

Dómsmálastjórnin fær samt ekki sèð, að orsök sè til af ástæðum þeim, sem þèr, herra amtmaður, hafið tekið fram, að skilja Möðrufells spítala undan því, að greiða tillag sitt til læknakennslunnar hjá landlækninum, þar sem hún er stofnsett handa öllu landinu, og það því síður, sem nú er haft í hyggju að breyta gjaldinu til spítalanna í peningagjald. Með því að dómsmálastjórnin vegna þessa ekki getur fallizt á uppástungur yðar, eruð þèr beðnir um, án frekari tafar að endurgjalda Kaldaðarnes spítalasjóði fè það, sem úr honum hefir verið borgað fyrir Möðrufells spítala til kennslu í læknisfræði hjá landlækninum.

Þar sem þèr að síðustu hafið farið þess á leit, að ef dómsmálastjórnin fellst á uppástungur yðar, þær sem rædt er um hèr að framan, megi prenta reikninga Möðrufells spítala framvegis ásamt með reikningunum fyrir fè hinna annara stofnana, sem þèr hafið umráð yfir, þá getur stjórnarráðið ekki heldur gengið að þessum tilmælum yðar, þarámóti verður úrskurður dómsmálastjórnarinnar 25. maímán. f. á. um þetta atriði að standa óraskaður.

---

80. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um byggingu á útihúsi nokkru í Reykjavík. 29. sept.

Eins og sjá má á fylgiskjölum þeim, sem hingað hafa send verið með brèfi stiptamtsins 15. júnímán. þ. á., hefir byggingarnefndin í Reykjavík eptir tilmælum Jónasar Guðmundssonar, kennara við hinn lærða skóla í Reykjavík, lýst því yfir, að ekkert væri af hennar hálfu á móti því, að hann byggði lítið

1865. 29. sept. útihús fyrir vestan hús sitt, þó með því skilyrði, að hann hegðaði sèr eptir ýmsum reglum, sem byggingarnefndin hafði sett um smíðið, og að hann, áður en hann færi að byggja húsið, kæmi sèr saman um það við nábúa sinn, Hannes St. Johnsen, kaupmann, þar sem húsið yrði fast við lóð hans. Jónas Guðmundsson kennari lèt samt smíða húsið, án þess að fá samþykki Hannesar Johnsens kaupmanns til þess, og af því að Johnsen þótti húsið vera of nálægt girðingunni um lóð sína, bar hann sig upp undan því við byggingarnefndina, en hún færðist undan að skera úr málefni þessu, og vísaði kærandanum til dómstólanna til þess að ná rètti þeim, sem hann þæktist hafa. Þegar Johnsen kaupmaður svo bar sig upp við stiptamtið undan því, að byggingarnefndin hefði skorazt undan að leggja úrskurð á málefni þetta, svaraði stiptamtið, að umboðsstjórnin gæti ekki skorið úr því, eins og nú væri komið, og að stiptamtið ekki áliti sig hafa myndugleika til þess að skipa byggingarnefndinni að höfða mál útaf þessu.

Þar sem Johnsen kaupmaður nú í skjali því, sem stjórnarráðinu hefir borizt með áðurnefndu brèfi stiptamtsins, hefir farið þess á leit, að dómsmálastjórnin með úrskurði sínum veiti byggingarnefndinni myndugleika til þess, að bjóða eiganda hússins að flytja það á annan stað á lóð hans, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að með því að það einungis er ætlunarverk byggingarnefndarinnar að sjá um þarfir hins opinbera, getur það ekki náð til hennar, hvort rètti kærandans, sem eiganda næstu lóðar, hefir verið hallað með því að byggja hús það, sem hèr ræðir um; og eins og stjórnarráðið ekki getur með úrskurði sínum boðið að flytja húsið á annan stað, þó það kunni að hafi verið byggt svo, að rètti kærandans hefði verið raskað, eins á dómsmálastjórnin ekki með að bjóða byggingarnefndinni að bera það undir dómstólana, hvort gjört hafi verið á hluta kærandans í þessu, þar sem það beinlínis er einkamál; heldur verður það að vera komið undir kærandanum sjálfum, hvort hann vill höfða mál á móti nágranna sínum útaf þessu tilefni.

81. **Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um samning, er konungsríkið Danmörk annarsvegar og hertogadæmin Slèsvík og Holtsetaland hinsvegar hafa gjört um framfærslu fátækra.** 1865. 30. sept.

Eptir að samið hefir verið við hina æðstu stjórn borgaralegra málefna í hertogadæmunum Slèsvík, Holtsetalandi og Lauenborg, sem keisarinn í Austurríki og konungurinn í Prússlandi höfðu sett þar, um meðferð á málefnum um framfærslu fátækra, þá er Danmörk er annarsvegar og hertogadæmin Slèsvík og Holtsetaland hinsvegar, hefir um þetta efni verið gjörður samningur sá, sem skýrt er frá í auglýsing innanríkisstjórnarinnar 12. f. m.,[1] og fylgir hún með brèfi þessu.

Þetta er yður, herra (tit.), hèrmeð kunngjört yður til leiðbeiningar.

---

[1]) Þær greinir í auglýsingunni, sem að þessu lúta, eru svo látandi:

1. grein.

Í viðskiptum milli sveita í konungsríkinu Danmörku og sveita í hertogadæmunum Slèsvík og Holtsetalandi um endurgjald sveitarstyrks og um að taka við mönnum og hyski, sem þurfa slíkan styrk, skal framvegis fylgt sömu reglum, sem giltu um þetta efni áður en stjórnarsambandinu milli konungsríkisins og hertogadæma þessara var slitið; sama skal og vera um þann tíma, sem liðinn er síðan að friðarsamningurinn 30. októbermán. 1864 var gjörður.

5. grein.

Frá 15. deg. þ. m. skal í viðskiptum milli sveita í konungsríkinu Danmörku annarsvegar og sveita í hertogadæmunum Slèsvík og Holtsetalandi hinsvegar farið eptir ákvörðununum í lögum handa konungsríkinu Danmörku 12. marzmán. f. á. 1. grein um stærð endurgjalds þess sem krafizt verður fyrir kostnað, er einhver sveit hefir haft til aðhjúkrunar mönnum, sem eiga heima í annari sveit.

6. grein.

Ákvarðanirnar í 1. og 5. grein skulu því að eins gilda, að báðir málspartar láti hvorn annan njóta sama rèttar, og ef að öðrum hvorum ekki þykir lengur æskilegt að skipulag það haldist, er nú hefir sett verið, skal gefinn kostur á að segja því lokið með 4 mánaða fyrirvara.

1865. 6. okt.

82. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Islandi, um að löggilda tilskipun 28. desembermán. 1836 á Islandi.[1]

Í brèfi, er hingað hefir borizt, hefir amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu á Íslandi stungið uppá, að stjórnarráðið íhugi, hvort ekki væri hagfellt, að tilskipunin frá 28. degi desembermán. 1836 um það, hvers beri að gæta við skipströnd — en hún hefir ekki verið löggilt á Íslandi, enda þótt embættismennirnir þar stundum fari eptir henni þegar svo ber undir — sè löggilt á Íslandi, með þeim breytingum, sem þörf er á eptir landsháttum þar, og að samið verði frumvarp um þetta og lagt fyrir alþingi, til þess að það segi álit sitt um það.

Eins og yður mun vera kunnugt, herra stiptamtmaður, samdi embættismannafundur sá í Reykjavík, er skipaður var með konungsúrskurði 22. ágústmán. 1838, frumvarp til tilskipunar, um hversu fara skyldi með skipbrotsmálefni á Íslandi; var það byggt á tilskipuninni 28. desembermán. 1836, og fylgdu því athugasemdir um ástæðurnar fyrir helztu breytingum þeim, er þeir höfðu gjört á tilskipun þessari. Á brèfum þeim, sem farið hafa milli kansellíisins og rentukammersins um þetta mál árið 1840, má sjá, að stjórnarráð þessi hafa verið á því máli, að frumvarp það, sem um var getið, væri gott efni í þesskonar tilskipun. Samt sem áður var ekki haldið lengra útí þetta mál, og var það einkum vegna þess, að um sama leyti var ákveðið, að Ísland skyldi fá fulltrúaþing útaf fyrir sig, alþingi, og að því þótti rèttast að skjóta málinu á frest, þangað til það yrði lagt fyrir alþingi, en það hefir þó ekki verið gjört seinna.

Dómsmálastjórnin hlýtur nú að sínu leyti að álíta það æskilegt, að sett verði lög handa Íslandi um skipströnd, með því þau eru mjög tíð þar, og það hlýtur að vera þarflegt bæði fyrir landsmenn, skipbrotsmenn, eigendur skipanna og ábyrgðarmenn þeirra, að skipað sè fyrir um rèttindi þeirra sín á milli með föstum lagaákvörðunum, en þær eru nú ekki til, því að hvorki hefir 4. kapítuli 4. bókar í dönsku lögum nè

[1]) Sama dag var hinum amtmönnunum skrifað til á sömu leið.

tilskipun 21. marzmán. 1705, en hennar er þó getið í opnu brèfi 4. maímán. 1778, nè hinar seinni tilskipanir um þetta málefni með berum orðum verið löggiltar á Íslandi. Það er samt eitt atriði, sem kynni að virðast gjöra það ísjárvert að löggilda tilskipun þessa á Íslandi, og það er sú spurning, hvernig eigi að fara með ákvarðanir þær í tilskipuninni, sem setja hegningar fyrir glæpi. Að vísu hefir embættismannafundurinn í Reykjavík, sem getið er um að framan, álitið, að ákvarðanir þessar nú þegar gildi á Íslandi samkvæmt tilskipun 24. janúarmán. 1838, 1—4. gr., og að það því sè nóg, að vísa í hana í hinni íslenzku tilskipun um skipreikamál, er samin yrði. Þessi skoðun er samt án efa röng, því samkvæmt ákvörðununum í tilskipun 21. desembermán. 1831 varð þegar á þeim tíma, þá er álitsskjalið var samið, að leggja lögin út á íslenzku og þinglýsa þeim á því máli, til þess að þau fengju lagagildi á Íslandi, og hæstirèttur hefir líka seinna verið á sama máli, smbr. kansellíbrèf 28. marzmán. 1843 (í lagasafninu íslenzka), og eptir að alþingi var stofnað, getur ekki verið umtalsmál að löggilda neina tilskipun um sakamál á Íslandi, sem komið hefir út í Danmörku, nema hún sè lögð fyrir alþingi, smbr. konunglega auglýsingu til alþingis 21. maímán. 1847 II, 7. Það er því vitaskuld, að það yrði að taka í frumvarp það, sem samið væri, þær ákvarðanir um hegningar fyrir glæpi, er á þyrfti að halda; en með því að nú er búið að breyta 37. gr. IV—VII í tilskipuninni 28. des. 1836 með tilskipun 11. aprílmán. 1840, og hún gildir einnig á Íslandi, og með því að hegning fyrir það afbrot, sem getið er um í nr. VIII fyrsta lið í sömu grein, er sett í tilskipun 4. októbermán. 1833, sem líka gildir á Íslandi, þá eru það einungis þær ákvarðanir um hegningar, sem rædt er um í 37. gr. I—III, VIII öðrum lið og IX og loks í 39. gr. í tilskipuninni, er efunarmál getur verið um, hvort eigi að heimfæra uppá Ísland í því frumvarpi, sem samið yrði, svo sem nýjar ákvarðanir um hegningar. Það kynni nú að vísu að virðast miður hagfellt, þegar búast má við nýjum lögum um sakamál í Danmörku, og líklegt er að rædt verði um að löggilda þau á Íslandi, þá að fara að setja ákvarðanir

1865. 6. okt.

1865. 6. okt. um hegningar fyrir glæpi á Íslandi, sem að nokkru leyti fara í bága við grundvallarreglur þær, sem farið er eptir í hinum nýju sakalögum; en þareð það þó er óvíst, hvort eða að minnsta kosti hvenær þessi nýju lög verði löggilt á Íslandi, þá getur þetta atriði naumast verið því til fyrirstöðu, að lagasetning þeirri, sem hèr ræðir um, verði fylgt fram.

Um leið og yður, herra stiptamtmaður, er sent með brèfi þessu eptirrit af frumvarpi því til tilskipunar um meðferð skipbrotsmála á Íslandi, sem embættismannafundurinn í Reykjavík hefir samið, ásamt með ástæðum þeim, er því fylgja, og um leið og skýrskotað er til brèfs kansellíisins 25. febrúarmán. 1840 og brèfs rentukammersins 2. maímán. s. á., en þau brèf standa í íslenzka lagasafninu, eruð þèr beðnir að skýra frá áliti yðar, hvort yður finnist æskilegt, að tilskipun um skipreikamál komi út handa Íslandi, og ef svo er, þá hverjum breytingum þèr vilið stinga uppá við frumvarp þetta.

---

6. okt. **83. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um framfærsluhrepp Helgu Jónsdóttur.**

Eptir áskorun dómsmálastjórnarinnar hefir stiptamtið í brèfi dags. 20. júlímán. þ. á. skýrt frá áliti sínu um skjal nokkurt, sem hingað hafði borizt; í því áfrýjar Þorvarður Ólafsson, hreppstjóri í Strandar hrepp í Borgarfjarðarsýslu, til stjórnarráðsins úrskurði, sem stiptamtið hefir kveðið upp 7. desembermán. f. á., um að Helga Jónsdóttir, ekkja Hannesar Bjarnasonar, og börn hennar skuli eiga framfærsluhrepp í Strandarhrepp.

Af skjali þessu og fylgiskjölum þess sèst, að Hannes heitinn Bjarnason, maður ekkju þeirrar, sem hèr er um rædt — en hann er fæddur 2. desembermán. 1827 á Klafastöðum í Skilmannahrepp í Borgarfjarðarsýslu, og fór þaðan með foreldrum sínum árið 1838 að Heynesi í Akraneshrepp — fluttist um vorið 1847 með foreldrum sínum að Kalastöðum í Strandarhrepp og dvaldi þar í sífellu þangað til hann fluttist suður á Akranes

árið 1857, en eptir það var hann í ýmsum hreppum í Borgar- 1865.
fjarðarsýslu og Gullbringusýslu þangað til hann andaðist árið 6. okt.
1863. Útaf þessu greinir hreppstjórann í Skilmannahrepp og hreppstjórann í Strandarhrepp á um, hvar beri að álíta að Hannes Bjarnason hafi átt framfærsluhrepp þegar hann andaðist; álítur hreppstjórinn í hinum fyrnefnda hreppnum, að hann hafi áunnið sèr framfærsluhrepp í Strandar hrepp með því að dvelja þar í 10 ár, en hreppstjórinn í þessum hrepp er á því máli, að hann hafi átt framfærsluhrepp í fæðingarhrepp sínum, Skilmannahrepp, af því að hann að hans hyggju hafi ekki dvalið full 10 ár í Strandarhrepp. Til sönnunar máli sínu tekur hreppstjórinn í Strandar hrepp tvennt fram, í fyrsta lagi að það beri að álíta, að Hannes Bjarnason hafi átt heima á Heynesi í Akraneshrepp þangað til í fardögum (1. dag júnímán.) 1847, því faðir hans fluttist ekki fyr en þá frá jörð þessari, en hann var vinnuhjú föður síns, og verði það ekki tekið til greina, að hann kom að Kalastöðum um hjúaskildaga (14. eða 15. dag maímán.) til að vinna voryrkju þá sem vant er, og dvaldi þar í sífellu upp frá því, og í öðru lagi að hann fór frá Kalastöðum 12. dag maímán. eða tveim dögum fyrir hjúaskildaga 1857, og fór þann dag í hina nýju vist sína á Kjaransstöðum í Akraneshrepp.

Útaf þessu skal það, sem hèr fylgir, yður til vitundar gefið, sjálfum yður leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það hlutaðeigendum.

Hinni fyrri spurningunni, það er að segja hvort dvöl Hannesar Bjarnasonar í Strandarhrepp frá hjúaskildaga 1847 og til fardaga sama ár hafi verið svo ásigkomin, að hún verði með talin til sönnunar því, að hann hafi áunnið sèr rètt til framfærslu í þeim hrepp, á að hyggju stjórnarráðsins að svara með jáyrði, þar sem hann í raun og veru dvaldi í hreppnum sem hjú þenna tíma, og það atvik, að húsbóndi hans — en það virðist að öðru leyti að vera sannað, að húsbóndinn líka hafði flutt sig í Strandar hrepp — á sama tíma hafði hina fyrri jörðina, sem liggur í öðrum hrepp, til ábúðar, og ef til vill var ekki alveg farinn frá henni, getur ekki haft nein áhrif

1865. 6. okt. á úrslit þessa atriðis. Hvað snertir hina aðra spurninguna, það er að segja, hvort það atvik, að Hannes Bjarnason fór úr vist sinni í Strandarhrepp tveim dögum fyrir hjúaskildaga eða 12. dag maímán. 1857, eigi að gjöra að verkum, að hann ekki geti álitizt hafa verið full 10 ár í Strandarhrepp, þá hlýtur stjórnarráðið að vera á því máli, að, með því að gjöra má ráð fyrir, að hann hafi verið ráðinn í vist sína í Strandarhrepp til 14. maímán., og það því ekki verður skoðað öðruvísi en sem greiðvikni af hálfu húsbónda hans, sem þá var, að honum var leyft að fara úr vistinni fáum dögum fyrir hjúaskildaga, af því að hann átti að vera formaður á bát frá byrjun vorvertíðarinnar í hinni nýju vist sinni, þá eigi þessi tilviljun ekki að vera því til fyrirstöðu, að álitið sé að hann hafi verið í vist sinni í Strandarhrepp allan þann tíma, sem samið var um, eða til hjúaskildaga 1857, smbr. einnig kansellíbréf 18. aprílmán. 1843, niðurlagið.

Með því að stjórnarráðið samkvæmt því, sem nú hefir sagt verið, fær ekki betur séð, en að Hannes Bjarnason hafi áunnið sér framfærsluhrepp í Strandarhrepp, hljótum vér að fallast á þann úrskurð stiptamtsins, að ekkja hans og börn eigi þar framfærsluhrepp.

13 fylgiskjöl eru send aptur.

---

7. okt. **84. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skilning orðanna „lausamenn" og „húsmenn" í tilskipun 26. maímán. 1863.**

Eptir áskorun Stefáns Thórarensens, sýslumanns í Eyjafjarðarsýslu, hafið þér, herra amtmaður, í bréfi dags. 19. janúarmán. þ. á. farið þess á leit, að með því að ekki sé ákveðið í tilskipun 26. maímán. 1863, hverja menn beri að álíta lausamenn og hverja húsmenn, þá verði þessi orð, „lausamenn" og „hús-

menn", nákvæmlega einskorðuð og ákveðin með laga skýring eptir löggjafann sjálfan. 1865. 7. okt.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að dómsmálastjórninni þykir ekki vera ástæða til þess að hlutast til um, að orð þessi verði skýrð á þann hátt, sem þèr hafið vikið á, og skal um þetta efni getið þess, sem fylgir hèr á eptir. Það hefir ekki verið svo til ætlazt, að tilskipun 26. maímán. 1863 gjörði neina breyting á ákvörðunum þeim, sem áður giltu um það, á hverjum skyldan til að fara í vist hvíli, eða að setja neinar nákvæmari reglur um, hverja menn beri að álíta lausamenn og hverja húsmenn. Það verður því nú eins og áður að skera úr þesskonar spurningum eptir hinum eldri lögum, einkum tilskipun 19. febrúarmán. 1783 og reglugjörð 8. janúarmán. 1834 VII 20. og 21. gr., og það væri þeim mun fremur ísjárvert að fara að skýra þessar gömlu ákvarðanir með lagaboði, sem það er mjög líklegt, að farið hafi verið eptir ólíkri venju í hverju umdæmi um sig, þegar skorið hefir verið úr spurningum þessum. Í þessu efni skal þess getið, að í frumvarpi því, sem Reykjavíkur-nefndin hafði samið til tilskipunar um vinnuhjú og um lausamenn og húsmenn, var eins og þèr munuð muna, í kaflann um húsmenn tekin grein (2. grein), sem átti að gjöra greinarmun á lausamönnum og húsmönnum, að amtmaðurinn í vesturumdæminu fèllst á hana, en apturámóti lögðuð þèr á móti henni, herra amtmaður, í álitsskjali yðar um frumvarpið, dagsettu 10. ágústmán. 1860, og að það þókti rèttast að sleppa þessari ákvörðun í frumvarpi stjórnarinnar, einmitt af því að amtmennirnir voru ekki samdóma um þetta atriði.

---

85. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um gjaldfrest á láni til Snæfellsnessýslu. 7. okt.

Þèr hafið, herra amtmaður, í brèfum dagsettum 23. janúarmán. og 6. maímán. f. á. farið þess á leit, að íbúum Nes hrepps

1865. 7. okt. utan Ennis í Snæfellsnessýslu verði veittur 15 ára frestur með að borga þær 50 tunnur af rúgi, sem þær hafa fengið til láns af korni því, er keypt var fyrir fé hins íslenzka styrktarsjóðs og sent til Snæfellsnessýslu haustið 1860, og að ýmsum öðrum hreppum í þessari sýslu, einkum Nes hrepp innan Ennis, Breiðavíkurhrepp og Eyrarsveit, verði einnig veittur svo langur frestur, sem stjórnarráðið ákvæði, með borgun skuldar þeirrar, er þeir á þenna hátt eru komnir í við styrktarsjóðinn. Eptir að stjórnarráðið í brèfi dags. 20. júlímán. s. á. hafði kunngjört amtinu um þetta efni, að stjórnarráðið vegna þess, hvernig ástatt er, leyfði að ekkert væri borgað uppí skuldir þessar til loka ársins 1864, og að vèr vonuðumst eptir að fá í byrjun þessa árs ítarlegri skýrslur um ástandið, hefir amtið í brèfi dags. 28. janúarmán. þ. á. sent hingað skýrslu frá sýslumanninum í Snæfellsnessýslu um ástandið þar, og lagt það til, að hreppunum vegna hinnar miklu fátæktar þeirra verði enn þá veittur eins langur frestur með borgun skuldar þessarar, eins og vikið er á í brèfum amtsins 23. janúarmán. og 6. maímán. f. á., sem getið er um hèr að framan.

Um þetta efni skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr gjörið þær ráðstafanir, sem þörf er á, að sveitir þessar frá 1. degi janúarmán. næsta árs eiga að borga 1/7 hluta skuldar þeirrar, sem styrktarsjóðurinn nú á hjá þeim, og vexti að auki, eins og áskilið var í upphafi, og má ekki útaf því bregða. Með því ekki sèst greinilega á reikningi þeim, sem hingað barst með brèfi amtsins 23. maímán. þ. á., hvar nú er komið með skuldina, eruð þèr, herra amtmaður, beðnir auk þessa að senda hingað bæði nákvæman reikning fyrir öllu því korni, sem bágstaddar sveitir í Snæfellsnessýslu fengu á árunum 1861 og 1862, en það var alls 400 tunnur — á reikningurinn að sýna ekki einasta, hversu mikið hver sveit á enn óborgað af skuld sinni, heldur líka, hversu mikið hver sveit hefir borgað bæði í vexti og uppí skuldina — og eptirrit af uppboðsgjörðabókinni um uppboð þau, er haldin voru í Stykkishólmi og Ólafsvík 5. og 19. maímán. 1863, þá er seldar

voru 78½ tunnur af rúgi sem eptir voru af korni því, sem bágstöddum sveitum í Snæfellsnessýslu var sent árið 1861. 1865. 7. okt..

---

86. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skipamælingar m. m. 11. okt.

Þèr hafið, herra amtmaður, með brèfi dags. 19. júnímán. þ. á., sent hingað eptirrit af brèfi frá sýslumanninum í Norðurmúlasýslu; í því skýrir hann frá, að Th. W. Roys, hvalaveiðamaður, hafi komið í maímánuði s. á. til Seyðisfjarðar á gufubátnum Visionary, en að barkskipið Reindeer frá Nýju-Jórvík og skonnorta frá Hollandi með kolafarm frá Englandi hafi verið komin þangað áður, og að hann hafi látið gufubátinn Visionary fá skýrteini um, að hann megi fara á hvalaveiðar undir löndum Danakonungs. Sýslumaðurinn hefir þaraðauki beiðzt þess, að sèr sè gefin reglugjörð og tilsögn, er hann eigi að fara eptir, þá er hann gefi út nýtt mælingarskýrteini handa gáfubát þessum, með því að skýrteini það, sem báturinn hefir nú, er samið á ensku og gildir einungis þangað til hann kemur í danska höfn. Enn fremur hefir hann spurt um, hvort heimfæra eigi opið brèf 27. maímán. 1859 uppá gufubátinn, þar sem hann einasta sè hafður til að draga hvalaveiðabátinn og hvali þá, sem skotnir eru, og fari ekki lengra en inn á næstu firði og sè aldrei nema einn eða tvo daga burtu. Um leið og þèr, herra amtmaður, hafið beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins um þessi atriði, hafið þèr loks getið þess, að átt hefði að yðar hyggju að kaupa íslenzkt leiðarbrèf handa skonnortu þeirri, er að framan er um getið.

Dómsmálastjórnin hefir skrifazt á við aðalskattgjaldastjórnina um það, hvernig eigi að fara að, þá er gefið sè út nýtt mælingarskýrteini handa gufubát þessum, og hefir aðalskattgjaldastjórnin í þessu efni sagt svo, að þarèð sjá megi, að eigandinn æskir þess, að skip þetta skuli álítast dönsk eign, og verða aðnjótandi sömu rèttinda og dönsk skip, eigi að láta það fá danskt mælingarskýrteini og brenna á það danskt mark, og að

1865. 11. okt.

vísu liggi mæling skipsins tollstjórninni í lèttu rúmi þegar eins er ástatt, og hèr er, þar sem skipið einungis er ætlað til hvalaveiða, og þessvegna er undanþegið aðkaupsgjaldi samkvæmt tilskipun 1. maímán. 1838 49. gr. stafl. d., en samt eigi að haga mælingu skipsins eptir reglugjörð þeirri, er kunngjörð er í auglýsingu fjárstjórnarinnar 27. maímán. 1861[1]; sendum vèr yður 4 exemplör af auglýsingu þessari og athugasemdum þeim, sem henni fylgja henni til skýringar, er eitt ætlað sjálfum yður, yður til leiðbeiningar, og hin þrjú bæjarfógetanum á Akureyri og sýslumönnunum í báðum Múlasýslunum. Er reglugjörð þessi komin í stað reglugjörðarinnar frá 7. febrúarmán. 1843, sem þèr hafið minnzt á og yður var send með brèfi stjórnarráðsins 22. marzmán. 1856, en apturámóti eru notuð sömu mælingarverkfærin, þá er skip eru mæld eptir reglugjörð þeirri, er nú gildir, sem yður voru þá send. Auk þessa hefir aðalskattgjaldastjórnin getið þess, að þegar búið sè að mæla skipið og láta það fá danskt mælingarskýrteini — hefir hún sent nokkur eyðublöð til að sýna hvernig það eigi að vera, og fylgja þau með brèfi þessu — og brenna á það markið „dönsk eign", sè ekkert því til fyrirstöðu, að það sigli framvegis með dönsku flaggi.

Dómsmálastjórnin hlýtur að vera á því máli, að svara eigi spurningunni um, hvort fara eigi eptir opnu brèfi 27. maímán. 1859 í þessu tilfelli, með jáyrði, en að öðru leyti er það vitaskuld, að ef að hlutaðeigendur öðlast borgararètt eða sanna á annan hátt, að þeir hafi tekið sèr bólfestu á Íslandi, þá er ákvörðuninni í áðurnefndu opnu brèfi fullnægt.

Með því að dómsmálastjórnin hlýtur að vera á sama máli og þèr, herra amtmaður, um það, að kaupa hefði átt íslenzkt leiðarbrèf handa hollenzku skonnortunni, sem þèr hafið getið um, og kom með kolafarm til Seyðisfjarðar, eruð þèr að end-

[1]) Sama dag var stiptamtmanninum send auglýsing þessi handa bæjarfógetanum í Reykjavík og sýslumanninum á Vestmannaeyjum, og amtmanninum í vesturumdæminu handa sýslumönnunum í Snæfellsnessýslu og Ísafjarðarsýslu.

ingu beðnir um að bjóða sýslumanninum í Norðurmúlasýslu að krefjast lestagjalds þess, sem þannig hefði átt að vera goldið. 1865. 11. okt.

---

87. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skipti á laxveiðinni í Ytrilaxá og reka á Húnasandi. 11. okt.

Samkvæmt þegnlegum uppástungum dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknazt 2. þ. m. allramildilegast að leyfa, að taka megi sáttaboði því, sem Ásgeir Einarsson í Ásbjarnarnesi, er nú á jörðina Þingeyra, hefir boðið í skjali því, sem hingað barst með brèfi yðar, herra amtmaður, dags. 30. aprílmán. þ. á.; býðst hann til að afsala sèr öllum kröfum til laxveiðinnar í Ytrilaxá, með því móti að hann megi halda allri fjörunni frá Hjaltabakka fjöru vestur að Hópsós, án þess að ríkissjóðurinn gjöri tilkall til hennar, að undanteknu rekaítaki, er Undirfells kirkja á.

Þetta er yður hèrmeð kunngjört, herra amtmaður, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þèr gjörið þær ráðstafanir, sem þörf er á.

---

88. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um borgun fyrir korn, sem Húnvetningum og Skagfirðingum hafði verið lánað. 12. okt.

Í brèfi dagsettu 30. nóvembermán. 1863 gjörði dómsmálastjórnin yður, herra amtmaður, grein fyrir, hversu mikið þá var búið að borga uppí lán það, 10,483 rdl. 32 sk. að upphæð, er veitt var rentulaust í fjáraukalögum 31. marzmán. 1860 fyrir fjárhagsárið 1859—60 vegna hallæris, er menn óttuðust fyrir í Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu. Voruð þèr um leið beðnir um að gjöra þær ráðstafanir, er þörf væri á, til þess að það sem eptir stóð af láninu, en það voru 1772 rdl. 38 sk. í

1865. 12. okt. Húnavatnssýslu og 3750 rdl. í Skagafjarðarsýslu, eða alls 5522 rdl. 38 sk., væri borgað inní ríkissjóðinn fyrir lok fjárhagsársins 1864—65, og sjá um að það brigðist ekki.

Uppá þetta hafið þér ekki svarað fyr en 14. febrúarmán. þ. á., og hafið þér þá skýrt stjórnarráðinu frá, að Briem sýslumaður hafi tilkynnt amtinu, að hann væri búinn að borga 1316 rdl. uppí skuld þessa, sumt með ávísunarbréfum og sumt í peningum, og lofað að senda jarðabókarsjóðnum með póstinum í febrúarmánuði það sem hann kynni að geta heimtað saman, en að þér apturámóti ekki hafið fengið neina skýrslu frá Kristjáni Kristjánssyni kammerráði um, hvað hann hafi borgað uppí lánið.

Stjórnarráðið hefir nú látið semja reikning um skuldina, og hefir þá reynzt, að borgað hefir verið uppí þær eptirstöðvar, sem að ofan eru nefndar, það sem nú skal greina:

Úr Húnavatnssýslu:

a. fjárhagsárið 1864-65:
í jarðabókarsjóðinn . 134 rd.
í aðalfèhirzlu ríkisins 100 —
——— 234 rd. „sk.

b. fjárhagsárið 1865-66:
í aðalfèhirzlu ríkisins . . . . 127 — 8 -
——— 361 rd. 8 sk.

Úr Skagafjarðarsýslu:

a. fjárhagsárið 1863-64:
í jarðabókarsjóðinn . . . . . 150 rd. „sk.

b. fjárhagsárið 1864-65:
í jarðabókarsjóðinn . . . . . 660 — „ -

c. fjárhagsárið 1865-66:
í aðalfèhirzlu ríkisins . . . . 426 — „ -
——— 1236 — „ -

Það eru því enn óborgaðir úr Húnavatnssýslu 1411 rdl. 30 sk. og úr Skagafjarðarsýslu 2514 rdl., eða alls 3925 rdl. 30 sk., þrátt fyrir það, að búið átti að vera að borga allt lánið fyrir lok fjárhagsársins 1862—63.

Með því að það nú ekki tjáir með neinu móti, að láta skuld þessa, sem rannsóknarmenn ríkisreikninganna hvað eptir

annað hafa krafizt við stjórnarráðið að borguð væri, standa lengur óborgaða, og með því að stjórnarráðið ekki getur álitið vera ástæðu til, eptir sem því er kunnugt um ástandið í þessum tveim sýslum og efnahag þar, að fara þess á leit við ríkisþingið, að veittur sè enn þá einusinni frestur með borgun skuldarinnar, enda mundi það ekki vera til neins, þá hljótum vèr að skora á yður, herra amtmaður, að leggja ríkt á við sýslumenn þá, sem hlut eiga að máli, að annast um, að skuldir þær, sem að ofan eru nefndar, verði borgaðar án frekari tafar og í síðasta lagi fyrir lok fjárhagsársins, sem nú er að líða. Ef svo skyldi fara, að það yrði nokkrum þeim erfiðleikum bundið að koma þessu fram, sem þèr ekki treystið yður til að yfirbuga, eruð þèr beðnir að gefa stjórnarráðinu vísbendingu um það, áður en fyrnefndur frestur er liðinn, og eins um það, hvað áskilið var um borgun lánsins þegar það var greidt af höndum, svo að þá verði gjörðar ráðstafanir þær, sem þörf er á til þess að skuldaskipti þessi verði á enda kljáð; en hvernig sem fer, búumst vèr við skýrslu frá yður um, hvað þèr gjörið í þessu efni. 1865. 12. okt.

---

89. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun á láni, er Borgarfjarðarsýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu hafði verið veitt. 12. okt.

Í brèfi dagsettu 30. nóvembermán. 1863 var stiptamtið beðið að sjá um, að þeir 800 ríkisdalir, sem búið átti að vera að borga fyrir lok fjárhagsársins 1864—65 uppí 1000 ríkisdala lán, er veitt var rentulaust í fjáraukalögunum 31. marzmán. 1860 fyrir fjárhagsárið 1859—60, vegna hallæris, er menn óttuðust fyrir að mundi bera að höndum í Borgarfjarðarsýslu og Gullbringusýslu, væru borgaðir fyrir lok fjárhagsársins 1864—65, og að það brigðist ekki. Síðan skýrði stiptamtið frá í brèfi dagsettu 10. septembermán. f. á., að sýslumönnum þeim, sem hlut eiga að máli, hafi verið skrifað, að bjóða hlutaðeigandi sveitarstjórum að borga þá fjóra fimtunga, sem komnir voru í

1865. 12. okt. gjalddaga, á fjárhagsárinu 1864--65, og hèlt stiptamtið að það mundi verða gjört.

Þó að stiptamtið væri minnt á málefni þetta í brèfi 29. nóvembermán. 1864, hefir stjórnarráðið samt ekki fengið neina skýrslu seinna um, hvað gjört hafi verið því til leiðrèttingar; en af jarðabókarreikningnum fyrir fjárhagsárið 1864—65 sèst, að á því fjárhagsári hefir ekki verið borgað nema 102 rdl. uppí lán þetta, og af útdrætti af jarðabókarreikningnum fyrir hálfmissirið frá 1. aprílmán., til 30. júnímán. þ. á., að á þessu fjárhagsári hafi verið borgaðir 128 rdl., eða alls 230 rdl. — Þèr eruð því beðnir, herra stiptamtmaður, að ganga ríkt eptir, að það sem enn er ógoldið af láni þessu, en það eru 770 rdl., þareð allt lánið samkvæmt fjárhagslögunum fyrir árið 1861—62 átti að vera borgað fyrir lok fjárhagsársins 1865—66, án lengri undandráttar verði goldið inní ríkissjóðinn fyrir 31. dag marzmán. 1866, og má ekki útaf því bregða.

---

12. okt. **90. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um bann gegn því, að flytja ýmsar skepnur m. m. frá útlöndum til Íslands.**[1]

Sökum þess að næm veikindi á skepnum ganga víða í útlöndum, hefir dómsmálastjórninni þókt hlýða að leggja bann fyrir, að flutt sè fyrst um sinn til Íslands frá Englandi, Frakklandi, Hollandi, Belgíu, Hannóver, Oldenborg, Brimum, Hamborg, Lýbekk, Slèsvík, Holtsetalandi og Lauenborg[2] nautpeningur, sauðfènaður, svín og geitur, hráir og óverkaðir hlutir af skepnum, einkum allskonar húðir, hvort sem þær eru þurkaðar eða saltaðar, bein, horn, bár, ull, burstarhár af svínum, óbræddur tólkur og kjöt, og loks hey og hálmur. Öll önnur tamin dýr,

---

[1]) Þetta bann var líka kunngjört útgjörðarmönnum gufu-póstskipsins.

[2]) Samkvæmt brèfi dómsmálastjórnarinnar 27. febrúarmán. 1866 hafa Rússland, Prússland og allar hafnir á þýzkalandi seinna verið teknar með.

sem koma til Íslands frá löndum þeim, er nefnd eru hèr að framan, verður að hreinsa með klóri, áður en þau sè seld eigandanum í hendur til frjálsra nota. 1865. 12. okt.

Þetta er yður hèrmeð kunngjört, herra (tit.), sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þèr auglýsið það á þann hátt, sem yður þykir bezt við eiga.

---

91. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um breyting á lögum þeim, sem nú gilda á Íslandi um vegabrèf. 12. okt.

Eptir að stiptamtið samkvæmt áskorun dómsmálastjórnarinnar hafði látið það álit sitt í ljósi í brèfi dagsettu 4. júnímán. 1863, að rèttast væri að láta ákvarðanir þær, er nú gilda um vegabrèf á Íslandi, haldast óbreyttar, bað stjórnarráðið stiptamtið í brèfi 15. júlímán. f. á. um að skýra frá áliti sínu um uppástungu nokkra, er amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu hafði komið fram með; var uppástungan þess efnis, að í stað þeirrar tilhögunar, sem nú er á málefni þessu, skuli verða skipað svo fyrir, að hverjum manni, þegar hann er fermdur, skuli fengið skjal eða bók, er löggilt sè af sóknarprestinum; skuli ritað í hana, hvenær hlutaðeigandi sè fæddur, skírður, fermdur og jafnvel bólusettur, og sè hann skyldur til, hvenær sem hann flytur sig úr einum hrepp í annan, að fá hlutaðeigandi hreppstjóra til að skrifa í bókina vitnisburð um, hversu lengi og í hvaða stöðu hann verið í hrepp þeim, er hann nú fer úr, og hvenær hann hafi komið í hrepp þann, er hann flutti sig í. Stiptamtið hefir síðan látið í ljósi í brèfi dagsettu 1. septembermán. s. á., að uppástunga þessi naumast sè svo löguð, að fallizt verði á hana, og í öllu falli virðist ekki vera nein þörf á, að gjörðar sèu ráðstafanir þær, sem uppástungan miðar til.

Eptir að dómsmálastjórnin enn á ný hefir íhugað málefni þetta, skulum vèr geta þess, sem hèr á eptir greinir, um það, hvort ástæða sè til að breyta ákvörðunum þeim, sem nú gilda á Íslandi um vegabrèf.

1865. 12. okt.

Það hefir aldrei verið boðið í lögum, að þeir, sem koma til Íslands frá Danmörku eða útlöndum, skuli hafa vegabrèf. Að vísu var þess jafnaðarlega krafizt áður fyr meir, að ferðamenn, sem komu frá Danmörku, skyldu sýna vegabrèf sín, en nú á það sèr vafalaust ekki lengur stað, eptir að menn eru hættir að heimta hèr, að þeir, sem ferðast hèðan til Íslands, skuli fá sèr vegabrèf. Apturámóti eiga þeir, sem fara frá Íslandi til Danmerkur eða útlanda, eptir lögunum að hafa vegabrèf; en eptir að menn nú eru hættir í Danmörku að krefjast þess, að ferðamenn, sem koma frá Íslandi, skuli sýna vegabrèf sín, má ætla, að menn sèu að mestu leyti hættir að fá sèr vegabrèf, þegar þeir fara frá Íslandi. Þegar þessu næst er að ræða um vegabrèf á Íslandi sjálfu, þá hefir aldrei verið til nein almenn lagaákvörðun um það, að menn þurfi á vegabrèfi að halda, þegar menn ferðast eitthvað innanlands; apturámóti er skipað fyrir, að hafa vegabrèf einasta í tveim tilfellum, í fyrsta lagi, þegar maður fer úr einni sýslu í aðra, og ætlar sèr að setjast þar að, annaðhvort fyrir fullt og allt eða um tíma, smbr. konungsbrèf 11. aprílmán. 1781, í öðru lagi þegar svo er ástatt, sem konungsbrèf 10. marzmán. 1784 og reglugjörð 8. janúarmán. 1834 22. grein gjörir ráð fyrir.

Af því sem nú hefir sagt verið leiðir, að eins og það gat ekki verið umtalsmál áður fyrri að löggilda opið brèf 7. ágústmán. 1846 á Íslandi, að svo miklu leyti, sem það nemur úr lögum skyldu þá, að hafa vegabrèf, þegar menn ferðast innanlands, eins væri það nú þýðingarlaust að fara að löggilda lögin frá 12. febrúarmán. 1862 á Íslandi. Það sem því í raun og veru er um að ræða í þessu málefni, er það, hvort ástæða sè til að nema úr lögum skylduna til að hafa vegabrèf í því tilfelli, sem um er rædt í konungsbrèfinu frá 1781, því að það er vitaskuld, að ekki getur verið umtalsmál að leysa menn undan að hafa vegabrèf í hinu tilfellinu, sem reglugjörð 8. janúarmán. 1834 22. grein ræðir um. Um þetta skal dómsmálastjórnin nú geta þess, að þar sem ákvörðunin í konungsbrèfinu frá 1781 hefir verið skilin svo, að einnig hefir verið krafizt vegabrèfa af þeim, sem ferðast í aðra sýslu, til þess að

dvelja þar stuttan ákveðinn tíma, einkum um sláttinn eða um vertíðina, þá virðist það ekki vera samkvæmt tilgangi þeim, sem tekinn er fram í konungsbrèfinu sjálfu, að skilja það svo, en tilgangurinn er sá, að stemma stiga fyrir, að menn, með því að fara burt úr sýslunni og setjast að einhverstaðar langt í burtu þaðan, komi sèr undan skuldbindingum, sem þeir hafa tekizt þar á hendur, eða hegningu fyrir lagabrot, er þeir hafa framið þar; en þetta virðist ekki eiga við um þá, sem ferðast burt án þess að yfirgefa heimili sitt fyrir fullt og allt, og ætla sèr að hverfa þangað aptur að stuttum tíma liðnum. Hvað þá menn snertir, sem svona er ástatt fyrir, virðist það vera öldungis óþarft, að gjöra slíka takmörkun á frelsi þeirra, og yfirhöfuð að tala er það varla samkvæmt hugsunarhætti vorra tíma, að láta þegnana vera háða þesskonar umsjón af hálfu hins opinbera, sem konungsbrèfið ætlast til. Að vísu á bæði hið opinbera og einstakir menn sökum fjærlægðar erfiðara með á Íslandi en annarstaðar að ná rètti sínum hjá manni, sem hefir flutt sig á einhvern stað í landinu, sem er mjög langt burtu, en þó svo sè, virðist það ekki að geta rèttlætt að halda uppi ákvörðun, sem miklum hluta landsmanna er töluverður bagi að. Það er líka heldur en ekki sjálfu sèr ósamkvæmt, að heimta vegabrèf af þeim, sem fara í aðra sýslu innanlands, en apturámóti ekki af þeim, sem fara af landi burt. 1865. 12. okt.

Að svo mæltu eruð þèr beðnir, herra stiptamtmaður, áður en lengra er haldið útí málefni þetta, og um leið og vísað skal í útdrátt þann af uppástungum Havsteins amtmanns, er sendur var í eptirriti með áðurnefndu brèfi stjórnarráðsins 15. júlímán. f. á., að láta alla sýslumennina í umdæmi því, sem þèr eruð settir yfir, skýra fra áliti sínu, hvort þeim finnist vera ástæða til að nema konungsbrèfið frá 11. aprílmán. 1781 úr gildi, og um uppástungu þá, sem Havstein amtmaður hefir komið fram með, að koma á bókum þeim, sem getið er um hèr að framan. Eruð þèr beðnir að senda álitsskjöl þessi hingað og láta um leið í ljósi álit sjálfs yðar á málefni þessu. [1]

[1]) Sama dag voru hinum amtmönnunum rituð brèf sama efnis.

1865. 12. okt. **92. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skipti á Víðidalsfjalli og Fremstagili í Engihlíðarhrepp.**

Samkvæmt þegnlegum uppástungum dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknazt 2. þ. m. allramildilegast að leyfa, að Ásgeir Einarsson í Ásbjarnarnesi, sem er eigandi að jörðunni Þingeyrum, sè látinn fá Víðidalsfjall, er svo er nefnt, með sömu mörkum og það var dæmt ríkissjóðnum með hæstarèttardómi 18. aprílmán. f. á., í jarðaskiptum fyrir eignarjörð hans Fremstagil í Engihlíðarhrepp í Húnavatnssýslu.

Þetta er yður hèrmeð kunngjört, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess þèr gjörið ráðstafanir þær, sem þörf er á í þessu efni. Með því að Ásgeir Einarsson hefir með berum orðum áskilið í skjali því um jarðaskipti þessi, er hingað barzt með brèfi yðar 2. maímán. þ. á., að fá fullkomin eignarrèttindi yfir fjalllendi þessu, þannig að engin önnur jörð geti gjört tilkall til selstöðu, beitar nè neins annars ítaks í fjallinu, en aptur er á hinn bóginn sagt í dómi yfirdómsins á Íslandi 11. maímán. 1859, að þessar Þingeyraklausturs jarðir: Sveinstaðir, Hólar, Hólabak, Miðhús, Breiðabólstaður, Hnjúkur og Helgastaðir, eigi sumarselstöðu í fjallinu, eruð þèr beðnir um, svo að vissa fáist fyrir, að ekki komi nein mótmæli af hálfu ábúendanna á jörðum þessum gegn því, að ríkissjóðurinn hefir afsalað sèr selstöðunni, að hlutast til um, að þeir lýsi því yfir skriflega, og að sjá um að þegar ábúendaskipti verða á jörðum þessum, þá sè það skýlaust tekið fram í byggingarbrèfunum, að þær hafi ekki lengur selstöðu í Víðidalsfjalli.

---

12. okt. **93. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um varúðarreglur gegn kóleru.**

Um leið og þèr, herra stiptamtmaður, hafið sent hingað brèf frá landlækninum á Íslandi, Hjaltalín jústizráði, um að gjöra ráðstafanir gegn því, að kólera flytist til Íslands, hafið

þèr farið þess á leit í brèfi dagsettu 19. f. m., að ef ástæða sè til þess að halda, eða grunur leiki á, þegar íslenzka gufu-póstskipið fer hèðan, að kólera sè í Grangemouth eða nokkurri annari höfn á Skotlandi, er það ætlar sèr að koma til, þá sè skipstjóranum boðið að varast að koma þar, og ef að vart hafi orðið við kóleru á skipinu, þegar það kemur til Íslands, eða á leiðinni, þá að gefa vísbending um það með grænu flaggi, er dregið sè upp á stóru siglunni, áður en skipverjar hafi neinar samgöngur við landsmenn. Auk þessa hafið þèr beiðzt þess, að yður verði gefin reglugjörð um, hverjar ráðstafanir þèr eigið að gjöra í þessu efni á Íslandi, þegar skip fara að ganga að vori. 1865. 12. okt.

Um þetta efni skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að með því að vèr höfum fengið vitneskju um það frá utanríkisstjórninni, að kólera hafi ekki enn sem komið er gjört vart við sig í neinni höfn á Skotlandi nè yfir höfuð að tala í neinni höfn á Bretlandi hinu mikla, nema einungis í Southhampton, þá hefir ekki þókt vera þörf á að banna gufuskipinu að koma við í Grangemouth eða annari höfn á Skotlandi, enda hefði það, þegar svona er ástatt, verið gagnstætt samningnum við útgjörðarmennina. Apturámóti hefir verzlunarfèlaginu Koch og Henderson verið ritað, að bjóða skipstjóranum á gufu-póstskipinu, ef að kólera samt sem áður gjöri vart við sig á skipinu á leiðinni til Íslands, þá að gefa vísbending um það með grænu flaggi úr siglutoppnum. Þar sem þèr, herra stiptamtmaður, hafið spurt um, hverjar ráðstafanir eigi að gjöra á Íslandi, þegar skip fara aptur að ganga að vori, skal yður til vitundar gefið, að með því að lög 10. marzmán. 1852, að því er innanríkisstjórnin hefir sagt í brèfi til stiptamtsins 2. desembermán. 1854, ekki gilda á Íslandi, þá verður um þetta efni að fara þar eptir ákvörðunum þeim, sem gilt hafa hingað til, smbr. umburðarbrèf innanríkisstjórnarinnar 5. júlímán. 1851.[1]

---

[1]) Umburðarbrèfið er svo látandi:

Eptir samkomulagi við stjórnardeild fjárhagsmálanna hefir stjórnardeild innanríkismálanna tekizt á hendur stjórn þeirra málefna, er

1865. 12. okt. Að endingu skal því við bætt, að ef kólera fer í vöxt til muna í vetur, þá mun dómsmálastjórnin hlutast til, samkvæmt brèfi

---

snerta sóttvarnarhald á Íslandi. Hefir stjórnardeildin þegar áður með brèfi 17. marzmán. 1849 skipað, að sóttvarnarhaldsnefndir þær, er settar voru árið 1831 á stöðum við sjó á Íslandi, skyldi teknar upp aptur, og hefir henni nú þókt hlýða, í framhaldi brèfs þessa að birta sóttvarnarhaldsnefndinni í N. N. ráðstafanir stjórnardeildarinnar til þess að koma sóttvarnarhaldsskipuninni á Íslandi í betra horf, og á hinn bóginn að taka fram nokkrar nákvæmari ákvarðanir og reglur til leiðbeiningar við sýslu þá, er nefndinni er falin á hendur.

Það þykir vafalaust, að tilskipun 8. febrúarmán. 1805 sè gild á Íslandi, því bæði hefir hún verið lögð út á íslenzku ásamt reglugjörð þeirri fyrir hafnarleiðsögumenn, er tengd er aptan við hana, og síðar verið birt á þann hátt, sem fyrir er mælt í tilskipun 8. októbermán. 1824, enda má og leiða það út af opnu brèfi 20. janúarmán. 1838. Slíkt hið sama virðist einnig eiga sèr stað eptir því hinu sama opna brèfi um hin önnur lagaboð, er snerta sóttvarnarhald og byggð eru á tilskipun 8. febr. 1805, og einkum um opið brèf 28. marzmán. 1832, er ítrekað hefir verið með tveim umburðarbrèfum 1. septembermán. 1832 og 13. novembermán. 1847 frá sóttvarnarhaldsstjórninni, er þá var. En með því opið brèf 28. marzmán. 1832 hefir ekki verið lagt út á íslenzku fyr, hefir stjórnardeildin nú látið semja útlegging þess, og fylgir hún umburðarbrèfi þessu, nefndinni til eptirbreytni.

En að því er sèrílagi snertir opið brèf 20. júnímán. 1838, þá er þar reyndar ekki með berum orðum nefnd önnur sótt, er nefndin eigi að hafa gætur á, en bólusóttin; en af því sömu ástæður eru til, að eins sè farið með aðrar næmar landfarsóttir, þótt eigi sèu drepsóttir (pestkynjaðar sóttir), er hætt er við, að fluttar kynni að verða til landsins með skipunum, þó eigi komi þau frá neinum þeim stað, er sýktur sè af drepsóttum, þá hefir stjórnardeildinni þókt nauðsyn, að ákveðið yrði, að hina sömu meðferð skuli einnig við hafa við flekkusótt og aðrar þvílíkar næmar landfarsóttir, er fluttar kynni að verða til Íslands frá öðrum löndum, og virðist næg heimild vera fyrir því í tilskipun 8 febr. 1805 8. gr. c. Stjórnardeildin hefir því borið mál þetta undir konung, og hefir honum þóknazt allramildilegast að ákveða með úrskurði 6 f. m., að sóttvarnarhaldsnefndirnar skuli einnig gefa gætur að flekkusótt og öðrum næmum landfarsóttum, og að um sóttir þær skuli fara að á sama hátt og fyrir er mælt um bólusótt í opnu brèfi 20. júnímán. 1838. Enn fremur þykir stjórnardeildinni sèr skylt að

innanríkisstjórnarinnar til stiptamtsins 17. marzmán. 1849, að utanríkisstjórnin áminni verzlunarfulltrúa Danakonungs í þeim 1865. 12. okt.

---

geta þess, að það er án efa prentvilla, að skýrskotað er í opnu brèfi 20. júnímán. 1838, eins og það finnst prentað í „Collegialtidenden" 1838 594. bls. og í Schous ágripi, til 8. greinar í tilskipun 8. febr. 1805 í staðinn fyrir til 7. greinar, eins og sjá má af „Collegialtid." 1838 592. bls. Að öðru leyti virðist það af sambandinu milli þessara lagaboða auðsætt, að fara á eptir boði hins opna brèfs 20. júnímán. 1838 eigi að eins við þá fyrstu rannsókn, er gjöra skal samkvæmt 7. grein á skipum þeim, sem eigi eru álitin grunsöm, heldur einnig við rannsókn þá, sem gjöra skal á þeim skipum, sem grunsöm eru talin samkvæmt 10. grein í tilskipun 8. febr. 1805, og ber þessa því nú eptirleiðis að gæta, eigi að eins við bólusótt, heldur einnig, eins og þegar var um getið, við aðrar næmar landfarsóttir, þó eigi séu það drepsóttir.

Eptir uppástungu stjórnardeildarinnar hefir konungi enn fremur þóknazt með nefndum úrskurði allramildilegast að ákveða, að útgjöldin, þau sem þarf til sóttvarnarhaldsins, skuli, eins og stundum hefir viðgengizt áður, greidd úr jafnaðarsjóðum amtanna — og er það sjálfsagt, að til þess þarf úrskurð amtmannsins í hvert skipti — og að af skipi hverju, er lagt verður á aðgæzluhald samkvæmt lagaboðum þeim, sem hèr að ofan eru nefnd, í höfn nokkurri á Íslandi, þar sem eigi verður komið við verulegu affermingar- og hreinsunarhaldi, skuli fyrst um sinn, þangað til nákvæmari reglur geta orðið ákveðnar um mál þetta, gjalda í ómakslaun það sem hèr segir:

a. fyrir fyrstu vitjun þá eða rannsókn, er skipuð er í tilskipun 8. febr. 1805 10. gr., skal gjalda lækninum, eða þeim manni, er rannsakar skipið eptir fyrirlagi sóttvarnarhaldsnefndarinnar, 3 rd. ef skipið er stærra en 50 lesta, 1 rd. 48 sk. ef skipið er yfir 30 og allt að 50 lesta, og 1 rd. ef skipið er 30 lesta eða minna;
b. fyrir bát þann eða báta, sem eptir beiðni skipráðandans fara til skipsins fram og aptur, meðan á sóttvarnarhaldinu stendur, skal gjalda bátsleigu eptir því sem sanngjarnt er og venja á þeim stað, og skal sóttvarnarhaldsnefndin semja um eða ákveða, hvað mikið það skuli vera;
c. umsjónarmanni þeim, er settur er út á skipið, skal auk fæðis á skipinu gjalda fyrir dag hvern 1 rd., frá þeim degi er hann kom útá skipið og þangað til hann fer þaðan aptur, og skal telja báða þá daga með;

1865. 12. okt. löndum, sem siglingar eru milli og Íslands, að leggja ríkt á við skipstjórana, þá er þeir láta þá fá leiðarbrèf, að hegða sèr eptir ákvörðunum þeim, sem gilda á Íslandi um sóttvarnir, einkum opnu brèfi 28. marzmán. 1832, og bjóða þeim, ef nokkur skipverja verður veikur eða deyr á leiðinni til Íslands, og ekki er óhult um, að það sè ekki kólera, þá að gefa vísbending um það, þegar þeir koma til landsins, með grænu flaggi úr siglutoppnum. Mun hins sama verða gætt, ef þörf gjörist, þegar menn fá leiðarbrèf hèr.

---

21. okt. **94. Brèf dómsmálastjórnarinnar til fjárstjórnarinnar, um styrk handa Hafliða Eyjólfssyni úr Svefneyjum fyrir ferð hans til Björgvinar.**

Með því að dómsmálastjórnin hefir veitt Hafliða Eyjólfssyni úr Svefneyjum í vesturumdæminu á Íslandi 200 ríkisdala styrk til þess að borga kostnað þann, er hann hefir haft af dvöl sinni við fiskisýninguna í Björgvin, og til að kaupa fyrir sýnishorn og mótform af veiðarfærum m. m, er hin heiðraða fjárstjórn beðin að hlutast til um, að fè þetta verði greidt Reinhardt kansellíráði og skrifstofuforingja, er fengið hefir umboð til að taka við því og kvitta fyrir það, úr aðalfèhirzlu ríkisins og að það sè tekið af fè því, er til er fært í 9. grein VI C í fjárhagslögunum.

---

d. það sem varið er til reykinga meðan á sóttvarnarhaldinu stendur skal greiða eptir reikningi.

Um leið og stjórnardeildin þannig birtir nefndinni þetta, og að öðru leyti væntir þess, að nefndin breyti í öllu eptir því, sem skipað er hèr að ofan, og eins eptir reglum þeim og ákvörðunum, er gefnar hafa verið út áður um sóttvarnarhald á Íslandi, skal þess að endingu getið, að stjórnardeildin mun sjá um, að auglýsingar sóttvarnarhaldsstjórnarinnar hèr um sýkta staði verði sendar nefndinni.

Stjórnardeild innanríkismálanna 5. dag júlímán. 1851.

Rosenörn.

Oddg. Stephensen.

---

95. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um hvort íslenzkir kaupmenn, sem ekki eiga heimili á Islandi, eigi að gjalda offur til prests. 1865. 11. nóv.

Með brèfi dagsettu 6. septembermán. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, sent hingað skjal nokkurt; í því ber sira Eiríkur Kúld, prestur á Helgafelli í Snæfellsnessýslu, upp þá spurningu, hvort kaupmenn, sem ekki eiga heimili á Íslandi, en hafa þar verzlunarbú, séu skyldir að gjalda offur til prestsins í sókninni þar sem verzlunarbúið er.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að með því að offrið er gjald, sem einasta snertir mennina sjálfa (*personlig Ydelse*), hlýtur stjórnarráðið að álíta vafalaust, að kveða eigi nei við spurningu þessari.

---

96. Tilskipun, um verzlunarvog á Islandi.[1] 1. des.

Vèr Kristján hinn Níundi o. s. fr. Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt til tilskipunar um verzlunarvog á Íslandi, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Frumeining hinnar almennu verzlunarvogar er eitt pund, og er þyngd þess einsog verið hefir 500 frönsk grömm.

2. grein.

Eitt hundrað pund eru tíufjórðungavætt.

3. grein.

Pundið skiptist í 100 kvint, hvert kvint í 10 ort; minni þungar ákveðast með tugabrotum úr orti.

4. grein.

Frá því, er lög þessi öðlast gildi, skulu almennt þau vogarlóð viðhöfð sem verzlunarvog, er tugabrotum verður komið að,

[1]) Smbr. Tíðindi frá alþingi 1865 II, 142–145 bls. og 228 bls.

1865. 1. des. það er að skilja þesskonar lóð, sem vega 100, 50, 20, 10, 5, 1 pund, 50, 20, 10, 5, 2, 1 kvint, 5, 2, 1 ort og tugabrot úr orti, svo og pundarar, sem eru markaðir eptir sama vogarlagi. Þangaðtil konungur skipar öðruvísi fyrir skal þó leyft vera að nota þau vogarlóð, sem áður hafa löggilt verið og sem vega 1/4, 1/8, 1/16 og 1/32 úr pundi, svo og pundara, sem löggiltir hafa verið eptir hinu eldra vogarlagi, og einnig vogarlóð, sem vega 160, 80, 64, 32, 16, 8, 4 pund, þó eru undanskilin þau járnlóð, þarsem blýið, sem löggildingarmerkið er sett á, liggur ofaná járninu og engin upphækkuð brún hlífir því.

5. grein.

Heimilt skal stjórninni að nema úr gildi aðrar vogir, sem nú eru við hafðar, og að láta verzlunarvogina koma í stað þeirra, svo og að gefa tugabrotunum úr orti sèrstakleg nöfn, ef það virðist nauðsynlegt.

6. grein.

Lagaboð þetta öðlast gildi 1. dag júlímán. 1867.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn 1. dag desembermánaðar 1865.

---

14. des. **97. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna yfir Íslandi, um lækningakver O. Bangs konferenzráðs.**

Dómsmálastjórnin hefir fengið frá Dr. med. O. Bang, konferenzráði, nokkur exemplör af lækningakveri því, er hann hefir samið handa almenningi og svo heitir: „Hvem skal jeg vælge til min Huuslæge", til útbýtingar á Færeyjum, Íslandi og Grænlandi.

Vèr sendum yður nú, herra stiptamtmaður (amtmaður), 25 (16) exemplör af riti þessu, og biðjum yður útbýta þeim í suðurumdæminu (vesturumdæminu, norður- og austurumdæminu) á þann hátt, sem þèr álítið hagfelldastan.

---

98. Tilskipun, er nákvæmar ákveður ýmislegt viðvíkjandi prestaköllunum á Íslandi.

1865. 15. des.

Vèr Kristján hinn Níundi o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar, er nákvæmar ákveður ýmislegt viðvíkjandi prestaköllunum á Íslandi, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Prestaköllunum á Íslandi skal skipt í þessa flokka:

1. Aðalbrauð með 700 rdl. tekjum og þar fram yfir.
2. Betri meðalbrauð með 500—700 rdl. tekjum.
3. Lakari meðalbrauð með 350—500 rdl. tekjum.
4. Fátæk brauð með minni tekjum en 350 rdl. á ári.

Tekjur brauðanna eru taldar eptir brauðamatsgjörð þeirri, er samin var árið 1853 og allramildilegast er staðfest í dag; en sú brauðamatsgjörð skal endurskoðuð á hverjum 15 ára fresti.

2. grein.

Konungur veitir aðalbrauðin, en stiptsyfirvöldin á Íslandi veita eptir þeim ákvörðunum, sem um það efni gilda, þau brauðin, er heyra til 2. og 3. flokki að áskildri allrahæstri staðfesting, og þau, er heyra til 4. flokki, án slíkrar allrahæstu staðfestingar.

3. grein.

Um ákvörðun eptirlauna þeirra, er uppgjafaprestar fá af brauðunum, skal farið að á sama hátt og hingaðtil þannig, að hèraðsprófasturinn kveður til tvo presta, er í grennd búa, og býr til með þeim uppástungu um, hver eptirlaun prestur sá, er frá brauðinu fer, eigi að fá af því; síðan skal leggja uppástungu þessa undir úrskurð stiptsyfirvaldanna. Eptirlaunin mega að öllum jafnaði ekki vera hærri en þriðjungur af hinum vissu tekjum brauðsins, eins og þær eru ákveðnar í tilskipun 6. dag janúarmán. 1847 5. grein. Þegar ákveðin eru eptirlaun uppgjafaprests af brauði, skal ágóðinn af prestssetrinu, eður af jörð þeirri, sem prestinum er fengin til ábúðar, þar að auki talinn með, eins og hann er tilfærður með tekjum brauðsins í brauða-

1865. 15. des. matsgjörð þeirri, er getið er um í 1. grein; þó skal þetta ekki eiga sèr stað á þeim brauðum, sem eptir áðurgreindri brauðamatsgjörð gefa af sèr minni tekjur en 350 rdl. á ári.

4. grein.

Uppgjafapresti skal einsog hingaðtil heimilt að fá sinn hluta af tekjum brauðsins í þeim landaurum, sem þær eru goldnar með, lögum samkvæmt, hvort sem hann býr innan sóknar eður utan. Ef hann býr utan sóknar og hann ekki sjálfur getur heimtað sinn hluta af landaurunum, skal hann hafa erindsreka í sókninni, er fyrir hans hönd gjöri þær ráðstafanir, sem þörf er á í þessu efni.

Nú óskar uppgjafapresturinn, að eptirmaður sinn heimti allar hinar vissu tekjur brauðsins og greiði sèr síðan þann hluta þeirra, er honum ber, þá getur eptirmaðurinn eigi skorazt undan því; en þegar svo er ástatt, borgar hann uppgjafaprestinum eptirlaun hans eptir verðlagsskráar verði á sèrhverjum þeim eyri, sem gjaldendur greiða í tekjurnar, lögum samkvæmt, og skal presturinn í brauðinu í því skyni semja nákvæman reikning yfir allar þær tekjur af brauðinu, sem hèr koma til greina, og tilgreina hverja fyrir sig, reikna þær síðan til peninga eptir verðlagsskrá þess árs og greiða svo uppgjafaprestinum hans hluta af þeim. Nú ber svo til, að nokkuð af hinum vissu tekjum brauðsins er ófáanlegt hjá gjaldendum, þá skal skaðanum skipt í rèttu hlutfalli milli uppgjafaprestsins og eptirmanns hans. Ef ágreiningur verður um, hvort reikningurinn um tekjurnar sè rèttur, þá skal það mál borið undir hèraðsprófastinn, og ef hann eigi getur komið sættum á, leggur hann málið undir úrskurð stiptsyfirvaldanna og skýrir þeim um leið fra áliti sínu um það.

5. grein.

Í eptirlaun prestaekkna bæði eptir þá presta, sem deyja meðan þeir þjóna brauði, og líka eptir uppgjafapresta, ef þær voru þeim giptar meðan þeir þjónuðu brauðinu, skal goldið af vissum tekjum aðalbrauðanna $^1/_8$, betri meðalbrauða $^1/_{10}$ og lakari meðalbrauða $^1/_{12}$ samkvæmt reglunum í tilskipun 6. dag janúarmán. 1847 5. grein, þó skal ágóðinn af prestssetrinu meðtalinn.

Prestur sá, er brauðinu þjónar, greiðir ekkjunni hennar hluta af tekjunum annaðhvort í skileyri eður, ef hún óskar þess, eptir verðlagsskráar verði á þeim landaurum, sem goldnir eru í tekjurnar, eptir nákvæmum reikningi, er presturinn semur um allar vissar tekjur af brauðinu og hverja þeirra fyrir sig, og skal sá reikningur á ári hverju lagður undir endurskoðun og samþykki prófasts. 1865. 15. des.

Nú eru fleiri en ein ekkja í brauði, skal þá eptirlaununum skipt milli þeirra eptir niðurjöfnun prófasts.

Samkvæmt allrahæstu konungsbréfi 5. dag júnímán. 1750 skal ekkjunni heimilt að kjósa sèr til ábúðar hverja af kirkjujörðum brauðsins, er henni þykir sèr hagkvæmust, en afgjald það, er svara ætti af jörðinni, á að koma upp í eptirlaunin; svo skal og að öðru leyti farið eptir ákvörðununum í konungsbréfi þessu viðvíkjandi rètti prestaekkna til að kjósa sèr eður láta útleggja sèr jörð til ábúðar.

6. grein.

Nú hefir prestsekkja áunnið sèr rètt til eptirlauna af brauði, sem gjalda hefir átt af eptirlaun til prestsekkju eptir reglum þeim, sem að undanförnu hafa verið í gildi, en sem eptirleiðis verður undanþegið slíkri skyldu eptir ákvörðuninni í næstu grein hèr á undan, smbr. 1. gr., þá heldur hún fyrir sjálfa sig rètti þeim, er hún hefir öðlazt. Hið sama er um konur þeirra presta, er nú þjóna slíkum brauðum.

7. grein.

Í staðinn fyrir árgjald það, er nú hvílir á sumum brauðum á Íslandi, skal til styrks handa fátækum uppgjafaprestum og prestaekkjum greidt árgjald, eptir því hlutfalli, er nú skal sagt:

Af brauðum, sem eptir brauðamatsgjörð þeirri, sem um er getið í 1. grein, eru metin

150—350	rdl.	skal greiða	$^2/_3$	sk.	af hverjum	ríkisdal,
350—500	—	— —	1	—	—	—
500—700	—	— —	$1^1/_3$	—	—	—
700 og þar framyfir	—		$1^2/_3$	—	—	—

Af þeim brauðum, sem minna gefa af sèr í tekjur en 150 rdl. á ári, skal ekki greidt neitt árgjald; en þarsem prestsekkja

1865. 15. des. er í brauði, og fær af því eptirlaun, fellur burt helmingur árgjaldsins, og þar, sem er uppgjafaprestur, allt árgjaldið.

Prestarnir skulu greiða héraðsprófastinum árgjaldið fyrir lok desembermánaðar ár hvert, en hann sendir alla upphæðina til biskups svo snemma, að fèð sè komið til hans fyrir sýnódus 10. dag júlímán. næst á eptir.

Fè því, sem greiðist með árgjöldunum, skal skipt í tvo hluti jafnstóra; fá uppgjafaprestar annan helminginn en prestaekkjurnar hinn.

Fènu skal skipt niður á sýnódus fundi.

8. grein.

Tilskipan þessi öðlast lagagildi 6. dag júnímán. 1867.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða. Gefið í höll Vorri Fredensborg, 15. dag desembermánaðar 1865.

Brauðamat á Íslandi,

samið árið 1853 og allramildilegast staðfest með konungsúrskurði dagsettum 15. dag desembermán. 1865 ásamt tilskipun frá sama degi, er nákvæmar ákveður ýmislegt viðvíkjandi prestaköllunum á Íslandi.

	rd.	sk.
Norðurmúla profastsdæmi:		
1. Skeggjastaðir	187.	38
2. Hof í Vopnafirði	856.	4
3. Hofteigur	263.	28
4. Kirkjubær í Tungu	459.	82
5. Valþjófsstaður	457.	31
6. Ás í Fellum	220.	60
7. Hjaltastaður og Eyðar	397.	78
8. Desjarmýri	205.	7
9. Klyppstaður	176.	60
Suðurmúla prófastsdæmi:		
10. Dvergasteinn	282.	91
11. Vallanes	427.	63
12. Hallormsstaður	264.	3

	rd.	sk.	1865.
13. Þingmúli	225.	12	15. des.
14. Skorastaður	286.	9	
15. Hólmar í Reyðarfirði	600.		
16. Kolfreyjustaður	377.	43	
17. Stöð	123.	49	
18. Heydalir	497.	90	
19. Berufjörður	265.	48	
20. Hof í Álptafirði	353.	85	
Austurskaptafells prófastsdæmi:			
21. Stafafell	291.	10	
22. Bjarnanes	236.	29	
23. Einholt	206.	45	
24. Kálfafellsstaður	134.	62	
25. Sandfell	82.	43	
Vesturskaptafells prófastsdæmi:			
26. Kálfafell á Síðu	92.	3	
27. Kirkjubæjar klaustur	374.	17	
28. Meðallands þing	164.	73	
29. Ásar	106.	22	
30. Þykkvabæjar klaustur	152.	63	
31. Reynis þing	224.	58	
32. Sólheima þing	208.	70	
Rangárvalla prófastsdæmi:			
33. Eyvindarhólar	315.	69	
34. Holt undir Eyjafjöllum	549.	92	
35. Stóridalur	121.	86	
36. Fljótshlíðar þing	191.	29	
37. Breiðabólstaður í Fljótshlíð	857.	13	
38. Landeyja (Kross) þing	387.	16	
39. Keldna þing	264.	41	
40. Oddi	757.	19	
41. Stóruvellir	276.	47	

1865.		rd.	sk.
15. des.	42. Efriholta þing	257.	94
	43. Kálfholt	319.	88
	44. Vestmannaeyjar	843.	30
	Árnes prófastsdæmi:		
	45. Stórinúpur	150.	
	46. Hruni	408.	72
	47. Hrepphólar	200.	
	48. Ólafsvellir	218.	
	49. Hraungerði	446.	31
	50. Gaulverjabær	382.	63
	51. Stokkseyri	467.	83
	52. Torfastaðir	344.	
	53. Miðdalur	170.	
	54. Mosfell í Grímsnesi	156.	
	55. Klausturhólar	229.	64
	56. Þingvellir	240.	32
	57. Arnarbæli	470.	54
	58. Vogsósar	136.	
	Gullbringu og Kjósar prófastsdæmi:		
	59. Staður í Grindavík	173.	87
	60. Útskálar	475.	72
	61. Kálfatjörn	373.	46
	62. Garðar á Álptanesi	701.	59
	63. Reykjavík	1,014.	22
	64. Mosfell í Mosfellssveit	286.	52
	65. Kjalarnes þing	257.	60
	66. Reynivellir	250.	24
	Borgarfjarðar prófastsdæmi:		
	67. Saurbær á Hvalfjarðarströnd	257.	8
	68. Garðar á Akranesi	310.	52
	69. Melar	279.	78
	70. Hest þing	229.	86

	rd.	sk.	1865.
71. Lundur	198.	7	15. des.
72. Reykholt	420.	77	
Mýra prófastsdæmi:			
73. Gilsbakki	282.	22	
74. Hvammur í Norðurárdal	280.	71	
75. Stafholt	534.	86	
76. Borg	388.	63	
77. Staðarhraun	172.	15	
78. Hítardalur	714.	70	
79. Hítarness þing	371.	53	
Snæfellsness prófastsdæmi:			
80. Miklaholt	351.	91	
81. Staðastaður	562.	2	
82. Breiðavíkur þing	187.		
83. Nes þing	347.	15	
84. Setberg	393.	22	
85. Helgafell	459.	81	
86. Breiðabólstaður á Skógarströnd	299.	62	
Dala prófastsdæmi:			
87. Miðdala þing og Kvennabrekka	518.	17	
88. Hjarðarholt	296.	43	
89. Hvammur í Hvammssveit	442.	52	
90. Skarðs þing	332.	22	
91. Saurbæjar þing	210.	6	
Barðastrandar prófastsdæmi:			
92. Garpsdalur	129.	6	
93. Staður á Reykjanesi	400.		
94. Gufudalur	184.	67	
95. Flatey	173.	80	
96. Brjámslækur	219.	43	
97. Sauðlauksdalur	258.	68	

1865.		rd.	sk.
15. des.	98. Selárdalur	400.	
	99. Otrardalur	112.	48
	Vestur-Ísafjarðar prófastsdæmi:		
	100. Rafnseyri	201.	28
	101. Álptamýri	127.	39
	102. Sandar í Dýrafirði	172.	91
	103. Dýrafjarðar þing	227.	50
	104. Holt í Önundarfirði	376.	89
	105. Staður í Súgandafirði	87.	80
	Norður-Ísafjarðar prófastsdæmi:		
	106. Eyri við Skutulsfjörð	379.	62
	107. Ögur þing	202.	5
	108. Vatnsfjörður	400.	
	109. Kirkjubóls þing	118.	9
	110. Staður á Snæfjallaströnd	98.	30
	111. Staður í Grunnavík	191.	79
	112. Staður í Aðalvík	137.	37
	Stranda prófastsdæmi:		
	113. Árnes	139.	26
	114. Staður í Steingrímsfirði	376.	51
	115. Tröllatunga	196.	5
	116. Prestsbakki	220.	35
	Húnavatns prófastsdæmi:		
	117. Staður í Hrútafirði	145.	
	118. Staðarbakki	401.	72
	119. Melstaður	534.	8
	120. Tjörn og Vesturhópshólar	292.	41
	121. Breiðabólstaður í Vesturhópi	521.	76
	122. Þingeyra klaustur	337.	81
	123. Undirfell	318.	5
	124. Hjaltabakki	107.	38

	rd.	sk.	1865. 15. des.
125. Auðkúla	243.	64	
126. Blöndudalshólar	266.	90	
127. Bergstaðir	259.	40	
128. Höskuldsstaðir	380.	20	
129. Hof á Skagaströnd	233.	5	
Skagafjarðar prófastsdæmi:			
130. Hvammur í Laxárdal	164.	43	
131. Fagranes	177.	65	
132. Reynistaðar klaustur	185.	73	
133. Glaumbær	543.	51	
134. Mælifell	323.	10	
135. Goðdalir	191.	1	
136. Miklibær í Blönduhlíð með Flugumýrar sókn	389.	90	
137. Hólar í Hjaltadal með Hofstaða sókn	377.	44	
138. Hof og Miklibær í Óslandshlíð	290.	42	
139. Fell í Sléttuhlíð	200.	84	
140. Barð í Fljótum	367.	13	
141. Knappstaðir	93.	49	
142. Rípur	124.	86	
Eyjafjarðar prófastsdæmi:			
143. Hvanneyri	150.	45	
144. Kvíabekkur	257.	7	
145. Tjörn og Upsir	362.	68	
146. Vellir	326.	13	
147. Stærriárskógur	147.	16	
148. Möðruvalla klaustur	398.	90	
149. Bægisá og Myrká	344.	79	
150. Glæsibær	272.	84	
151. Hrafnagil	652.	82	
152. Grundar þing	232.	2	
153. Mikligarður	165.	57	
154. Saurbær	284.	56	
155. Miðgarðar í Grímsey	99.	3	

1865. 15. des.		rd.	sk.
	Þingeyjar prófastsdæmi:		
156.	Laufás	336.	50
157.	Höfði	233.	94
158.	Þönglabakki	131.	38
159.	Háls í Fnjóskadal	314.	59
160.	Þóroddsstaður	248.	11
161.	Lundarbrekku þing	177.	62
162.	Mývatns þing	164.	33
163.	Grenjaðarstaður	709.	50
164.	Múli og Nes	451.	55
165.	Helgastaðir	237.	53
166.	Húsavík	233.	80
166.	Garður í Kelduhverfi	179.	84
168.	Skinnastaðir	217.	49
169.	Presthólar	166.	40
170.	Svalbarð í Þistilfirði	278.	21
171.	Sauðanes	382.	22

Ástæður þessarar tilskipunar:

Samkvæmt konungsúrskurði 5. maímán. 1865 var lagt fyrir alþingi það ár frumvarp til tilskipunar, er nákvæmar ákveður ýmislegt viðvíkjandi prestaköllunum á Íslandi; er frumvarp þetta með ástæðum stjórnarinnar fyrir því prentað í tíðindum frá alþingi 1865 II, 146.—156. bls. og álitsskjal þingsins til konungs á 307.—310. bls. Í álitsskjali þessu biður þingið um, að frumvarpið fái lagagildi, með þeim breytingum, er nú skal greina.

1. Að í 1. lið 4. greinar sè á eptir orðunum „sem þær eru goldnar með" bætt við: „lögum samkvæmt", og að sömu orðum sè bætt við í 2. lið greinarinnar á eptir orðunum: „sem gjaldendur greiða í tekjurnar."
2. Að upphaf 5. greinar verði þannig orðað: „Í eptirlaun prestaekkna bæði eptir þá presta, sem deyja meðan þeir þjóna brauði, og líka eptir uppgjafapresta, ef þær voru þeim giptar, meðan þeir þjónuðu brauðinu".

3. Að þessum orðum í 2. lið sömu greinar: „eptir samkomulagi við hana" sè sleppt úr, og í stað þeirra verði á eptir orðunum: „annaðhvort í skileyri eður", bætt inn í: "ef hún óskar þess." 1865. 15. des.
4. Að í síðasta lið sömu greinar sèu felld úr þessi orð: „og presturinn ekki þarf að hafa til afnota fyrir sjálfan sig".
5. Að öðrum lið 7. greinar verði þannig breytt:
„Af brauðum, sem eptir brauðamatsgjörðinni fra 1853 eru metin:

150—350 rd.	skulu greiddir	2/3	sk.	af hverjum	ríkisdal
350—500 -	—	— 1	-	—	—
500—700 -	—	— 1 1/3	-	—	—
700 og meira	—	— 1 2/3	-	—	—"

6. Að í 8. grein sè orðunum: „1. dag janúarmán. 18.." breytt í: „frá 6 degi júnímán. 1867".

Breytingar þær, sem til greindar eru í 1., 3., 4. og 6. tölulið, gjöra engan verulegan efnismun, og þókti því ekkert vera því til fyrirstöðu að fallast á þær. Að því er þessu næst snertir viðbæti þann við 5. grein, sem til greindur er í 2. tölulið, og miðar til að útskýra nákvæmar, hverjar prestsekkjur skuli hafa rètt á að fá eptirlaun, þá hefir konungsfulltrúi á alþingi lagt á móti því í álitsskjali sínu um málið, að viðauka þessum sè bætt inn í lögin, bæði af því að hann sè óþarfur, og af því að með honum sè ákveðið, að prestsekkjum, er gipzt höfðu manni sínum, eptir að hann hafði fengið lausn, beri engin eptirlaun af brauði því, sem hann hafði verið prestur í, þar sem þeirri spurningu, hvort þeirri prestsekkju, sem svona er ástatt fyrir, beri rèttur til eptirlauna eður ei, er ósvarað í frumvarpinu, og megi því láta dómstólana skera úr henni, ef svo ber undir; en það álítur konungsfulltrúi vera rèttast, með því að mönnum ekki ber saman um, hvernig eigi að leysa úr henni. Það þókti samt sem áður rèttara að taka viðauka þann, sem alþingi hafði stungið uppá, í lögin, til þess að skera með berum orðum úr efamáli því, er konungsfulltrúi hafði vikið á, og það því fremur, sem ástæðan til þess, að áþekk ákvörðun ekki var sett í frumvarpið, var sú, að spurning þessi alls ekki var álitin vafasöm. Breytingin á 7.

1865. 15. des.

grein um það, hvernig greiða skuli árgjaldið handa fátækum uppgjafaprestum og prestsekkjum, er til greint er í 5. tölulið, gjörir að verkum, að árgjaldið kemur jafnara niður, og verður þaraðauki góðum mun hærra. Þareð nú hækkun þessi á árgjaldinu sèrílagi kemur niður á skástu brauðunum, sem helzt eru fær um að bera það, og með því að uppgjafaprestunum ekki veitir af að fá eins mikinn styrk, og unnt er að útvega þeim, þóktu gildar ástæður til þess að fallast á breytingu þá, sem hèr ræðir um.

Eins og vikið er á í ástæðum stjórnarfrumvarpsins, kom fram uppástunga á sýnódus, er haldinn var í Reykjavík árið 1853, um að láta semja nýja brauðamatsgjörð yfir öll brauð á Íslandi, með því að ekki verður neitað, að brauðamatsgjörðirnar, er gilt hafa allt til þessa, fyrir Skálholts stipti frá 1737 og fyrir Hóla stipti frá 1748, eru orðnar úreltar vegna breytinga þeirra, er bæði hafa orðið á tekjum ýmsra brauða þenna langa tíma, og líka á hlutfallinu milli peninga og landaura. Biskupinn á Íslandi lèt síðan alla presta á landinu skýra frá, hvað tekjurnar af brauðum þeirra hefðu verið miklar um 5 seinustu árin að meðaltali, á þann hátt, að þeir fylltu útí eyðublöð, er búin voru til í því skyni, og var hin nýja brauðamatsgjörð síðan samin eptir skýrslum þessum. Stiptsyfirvöldin fóru fram á, að brauðamatsgjörð þessi væri staðfest af konungi, en kirkju- og kennslustjórninni þókti rèttast, að hún væri lögð fyrir sýnódus, svo að hann segði álit sitt um hana, áður en hún væri staðfest. Sýnódus lagði með því, að brauðamatsgjörðin yrði staðfest af konungi, en stakk þó uppá þeim breytingum, að Hólmar í Reyðarfirði væri metnir 600 rdl., og Staður á Reykjanesi, Selárdalur í Barðastrandarsýslu og Vatnsfjörður í Ísafjarðarsýslu væri metnir 400 rdl. Loksins hafa stiptsyfirvöldin gjört þær breytingar á brauðamatsgjörðinni, sem leidt hafa af því, að einstöku brauð síðan 1853 hafa verið lögð saman um stundarsakir, eða að þeim hefir verið skipt niður á milli næstu brauða.

Þá er málefni þetta var rædt á alþingi, var það ítarlega tekið fram, að brauðamatsgjörð þessari væri í mörgu ábótavant, að hún væri ónákvæm, og að nokkur brauð hefðu breytzt tals-

vert síðan að hún var samin. Kom því fram á þinginu það breytingaratkvæði, að í stað orðanna í 1. grein frumvarpsins: „er samin var árið 1853 og allramildilegast staðfest . . .“ væri sett: „er samin var árið 1853, en sú brauðamatsgjörð skal endurskoðuð á hverjum 15 ára fresti, og síðan allramildilegast staðfest.“ Hinn síðasti kafli breytingaratkvæðisins þókti samt svo ólögulegur, að þingið þóktist ekki geta fallizt á uppástunguna þannig orðaða; en með því endurskoðun brauðamatsgjörðarinnar samt sem áður var álitin nauðsynleg, samþykkti þingið, að þessa skyldi getið í ástæðum álitsskjalsins til konungs, svo að stjórninni yrði kunn ósk alþingis um þetta efni. Konungsfulltrúi lagði líka fram með þessari ósk þingsins í álitsskjali sínu, og þókti stjórninni vera gildar ástæður til að taka hana til greina. En með því að líklegt er, að endurskoðunin gjöri að verkum, að brauð þau, er talin eru upp í 2. grein, og nefnd eru aðalbrauð, verði ekki ávallt hin sömu, var álitið réttast að sleppa upptalningu þessari, og það því fremur, sem hún í sjálfu sèr er óþörf, þar sem aðalreglan, að konungur skuli veita þau brauð, sem eru metin 700 rdl. eða þar fram yfir, verður hin sama. Af sömu ástæðu var orðunum í 3. grein frumvarpsins: „brauðamatsgjörð þeirri, er samin var árið 1853“ breytt í: „brauðamatsgjörð þeirri, er getið er um í 1. grein“, og áþekk breyting gjörð í 2. lið 7. greinar. 1865. 15. des.

---

99. Brèf dómsmálastjórnarinnar til sýslumannsins í Norðurmúlasýslu, um eptirgjöf á lestagjaldi. 18. des.

Í brèfi 7. októbermán. þ. á. hafið þèr, herra sýslumaður, skýrt frá, að hollenzk skonnorta, Concordia að nafni, frá Veendam, 44½ lesta stór, er kom með kolafarm til hvalaveiðamannanna Roys og Lilliendahls, hafi brotnað á Seyðisfirði aðfaranóttina 13. dag septembermán. s. á. og sokkið áður en búið var að skipa neinu af farminum upp og án þess að neinu yrði bjargað nema einum bát. Hafið þèr fyrir hönd skipstjórans J. U. Boek-

1865. houts sókt um, að honum verði gefið upp gjaldið fyrir leiðarbréf
18. des. það, er hann hefir fengið hjá sýslumanninum í Suðurmúlasýslu handa skipinu; hefir hann ekki greidt gjaldið ennþá, en það er 89 rdl. að upphæð.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að dómsmálastjórninni eptir því, hvernig ástatt er, ekki þykir vert að krefjast þess, að lestagjald það, er hèr ræðir um, sè borgað, og hefir í dag verið hlutazt til, að verzlunarfulltrúi konungsins í Niðurlöndunum hèr í bænum mun gefa útgjörðarmanni skipsins, D. Evers í Veendam, vitneskju um þenna úrskurð.

---

28. des. **100. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um ábyrgð póstafgreiðslumanna fyrir burðareyri.**

Með brèfi 19. júnímán. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað skjal nokkurt; í því ber Stefán Thórarensen, sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu, sig upp undan því, að með úrskurði, er lagður hefir verið á útásetningarnar við reikninginn fyrir tekjum og útgjöldum póstanna á Íslandi árið 1863—64, hafi sèr verið gjört að skyldu að ábyrgjast burðareyri fyrir brèf, er send höfðu verið með gufu-póstskipinu til Reykjavíkur og þaðan til póstafgreiðslustaðarins í Eyjafjarðarsýslu, en ekki hafði verið borgað undir. Beiðist hann úrskurðar dómsmálastjórnarinnar um það, hvort konungsbrèf 8. júlímán. 1779 um póstgöngur á Íslandi og sèrílagi 5. grein þess sè numið úr lögum eður eigi, með því að hann ætlar, að ef konungsbrèfið sè enn í gildi, þá leiði af því sem þar er fyrir skipað, að það sè ekki skylda sýslumannsins, sem þess, er afgreiðir póstana, að heimta saman burðareyri fyrir brèf þau, er koma með pósti, og ekki hefir verið borgað undir, þar sem ef til vill ekki er unnt að spyrja þann upp, sem brèfið er til, heldur verði sá, sem tekið hefir við brèfinu án þess að heimta borgun undir það, að ábyrgjast burðareyrinn, með því að bannað er í konungsbrèfinu að taka við slíkum brèfum.

Dómsmálastjórnin hefir beiðzt álits reikningastjórnardeildar konungsríkisins um málefni þetta, og hefir hún svarað á þá leið, að konungsbrèfið frá 8. júlímán. 1779 5. gr. eigi ekki við um það tilfelli, er hèr ræðir um, því að þar er einungis ákveðið, að íbúar hverrar sýslu skuli greiða hinn tiltekna burðareyri undir brèf þau, er þeir vili láta fara með póstunum til annara hèraða á Íslandi, og skila sýslumanni þeim, en að öðrum kosti sè hann ekki skyldur að taka við þeim; þarámóti hafi það viðgengizt í mörg ár og sè orðin venja um brèf frá Kaupmannahöfn, er send eru til Reykjavíkur og þaðan í vesturumdæmið eða norður- og austurumdæmið, að þau eru sett á brèfaskrá í Reykjavík, og hefir það haldizt við síðan að farið var að senda brèfin með gufuskipi opt á ári, en enginn póstafgreiðslumaður skorazt undan að heimta hinn ákveðna burðareyri, nema Thórarensen sýslumaður einn. Ef ekki væri farið að á þenna hátt, þá væri ekki um að gjöra nema eitt af tvennu, þar sem burðareyririnn ekki verður heimtaður í Kaupmannahöfn, með því brèfin eru send þaðan til Íslands ókeypis, annaðhvort að íslenzka stjórnardeildin neiti að taka við neinu brèfi hèðan úr höfuðborginni, er senda ætti með skipi hèðan til annara hèraða á Íslandi en Reykjavíkur, eða þá að flytja yrði brèfin kauplaust á Íslandi, en þá mundu pósttekjurnar minnka, og eru þær fullrýrar samt. Það er því álit reikningastjórnardeildarinnar, að ekki sè nein ástæða til þess að fría Thórarensen sýslumann við að heimta saman burðareyrinn fyrir brèf þau, er hèr ræðir um, enda muni að öllum jafnaði vera hægt að heimta hann þegar brèfunum er útbýtt, og þegar því einstöku sinnum ekki verður komið við, af því að menn ekki þekkja þann, sem brèfið er til, eða hann verður ekki spurður uppi, þá megi, að því er virðist, rita vottorð um það á brèfið, og láta það fylgja með brèfaskránni, þegar hún er send aptur til Reykjavíkur til þess að vera sem fylgiskjal með aðalreikningnum fyrir tekjum og gjöldum póstanna. 1865. 28. des.

Um leið og yður er tilkynnt þetta, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið Thorarensen sýslumanni það, skal því við bætt, að dómsmálastjórnin að sínu

1865. 28. des. leyti hlýtur að vera reikningastjórnardeildinni samdóma í því, sem hún hefir sagt um þetta málefni.

---

30. des. **101. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um leyfisbrèf[1] fyrir enskt fèlag til að leggja og nota rafsegulþráð frá norðurhluta Vesturálfu til Bretlands hins mikla og þaðan til Danmerkur.**

Eins og þèr munuð sjá af brèfi fjárstjórnarinnar, því er fylgir í eptirriti með brèfi þessu, hefir hans hátign konunginum

---

[1]) Leyfisbrèfið er þannig hljóðandi:

Leyfisbrèf handa þeim James Wyld, þingmanni á Bretlandi, David Ward Chapman, Lewis Borrit West, F. F. Jeyes og James John Cooper Wyld, til þess að leggja og nota rafsegulþráð á sjávarbotni millum Danmerkur og Englands og millum Danmerkur og Norvegs, og annan rafsegulþráð frá Bretlandi hinu mikla eða Írlandi eptir Færeyjum, Íslandi og Grænlandi til norðurhluta Vesturálfu.

Vèr Kristján hinn Níundi o. s. frv., Gjörum kunnugt: að Vèr eptir ósk og beiðni til Vor, og ásigkomulagi því, er Oss hefir verið skýrt frá, höfum allramildilegast lofað og leyft, og lofum og leyfum með brèfi þessu þeim James Wyld, þingmanni í brezka parlamentinu, David Ward Chapman, Lewis Borrit West, F. F. Jeyes og James John Cooper Wyld að leggja og nota rafsegulþráð á sjávarbotni millum Danmerkur og Englands og millum Danmerkur og Noregs og annan rafsegulþráð frá Bretlandi hinu mikla eða Írlandi eptir Færeyjum, Íslandi og Grænlandi til norðurhluta Vesturálfu, með þeim kjörum og kostum, er hèr segir:

1. Með brèfi þessu leyfum Vèr þeim James Wyld, þingmanni í brezka parlamentinu, David Ward Chapman, Lewis Borrit West, F. F. Jeyes og James John Cooper Wyld, að því leyti sem Danaveldi nær til, þó að undanteknum nýlendum Danmerkur í Vestureyjum, að leggja á eiginn kostnað og með eigin ábyrgð rafsegulþráð á sjávarbotni millum Danmerkur og Englands og millum Danmerkur og Noregs, og annan rafsegulþráð frá Bretlandi hinu mikla eða Írlandi eptir Færeyjum, Íslandi og Grænlandi til norðurhluta Vesturálfu.

Að leggja megi rafsegulþráðinn millum Danmerkur og Noregs

þóknazt — eptir að hið konunglega leyfisbréf, sem Tal. P. Shaffner, ofursta, frá Kentucky var veitt 16. ágústmán. 1854[1] til þess að leggja og nota rafsegulþráð frá norðurhluta Vestur- 1865. 30. des.

er þó komið undir því, hvort stjórnin í Danmörku fær samþykki stjórnarinnar í Noregi til þess.

Með því að leyfisbréf þetta er því til fyrirstöðu, að lagður sé neinn annar rafsegulþráður beina leið millum Danmerkur og Bretlands hins mikla og Irlands, skulu eigendur þess skyldir að tengja þenna hluta rafsegulþráðarins við rafsegulþræðina á Englandi og annast um, að ávallt séu svo margir þættir í honum, að sendar verði með honum tafarlaust ekki einasta allar þær fregnir og skilaboð, sem eiga að fara millum Danmerkur og norðurhluta Vesturálfu, heldur einnig þær fregnir, sem eiga að fara millum Danmerkur og Bretlands hins mikla og Irlands, og enn fremur þær, sem eiga að fara til Danmerkur og þaðan lengra áleiðis. Um allt þetta skulu eigendur leyfisbréfsins hlíta ákvörðunum stjórnarinnar í Danmörku. Einnig eiga þeir að annast um, að ávallt séu nógu margir þættir í þræði þeim, er lagður verður millum Danmerkur og Noregs.

Stjórnin í Danmörku áskilur sér að ákveða, hvar þræðir þeir, er lagðir verða héðan til Englands og Noregs, skuli lagðir á land í Danmörku.

2. Land það, bæði af eignum konungs og einstakra jarðeigenda, er þarf til að leggja rafsegulþráðinn eptir, á Grænlandi, Íslandi og Færeyjum, mega eigendur leyfisbréfsins eiga von á að fá, með þeim kostum, er seinna skulu til teknir.

3. Eigendur leyfisbréfs þessa lofa að ljúka fyrirtæki þessu svo skjótt sem unnt er, og gefst þeim eins árs frestur frá því að leyfisbréf þetta er dagsett, til að koma á sambandinu millum Englands og Danmerkur og millum Danmerkur og Noregs, og þriggja ára frestur til að ljúka hinum hlutanum fyrirtækisins.

Sé ekki búið að leggja þráðinn og hann kominn í gagn innan þess tíma, sem nú var til tekinn, þá skal hinni dönsku stjórn heimilt að taka aptur leyfisbréf þetta, og skal stjórnin ekki á neinn hátt vera skyld að bæta eigendunum skaða þeirra.

Fari samt sem áður svo, að það dvelist með að leggja þráðinn millum Bretlands hins mikla eða Írlands og norðurhluta Vesturálfu, sökum einhverra sjaldgæfra kringumstæðna, sem eigendunum ekki var unnt að afstýra, t. a. m. viðburða í náttúrunni, óhappa eða þesskonar, skal þeim, ef þeir færa sönnur á það fyrir stjórn-

[1]) Sambr. Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I, 13.

1865. 30. des.

álfu til Danmerkur, er gengið úr gildi 16. ágústmán. f. á. — samkvæmt þegnlegum uppástungum fjárstjórnarinnar 17. f. m. allramildilegast að veita þeim James Wyld, þingmanni á Stóra-

---

inni, veittur í viðbót að minnsta kosti árs frestur til þess að ljúka þessum hluta fyrirtækisins.

4. Þegar þráðurinn er búinn eða nokkuð af honum, skal eigendunum heimilt að nota hann til að flytja fregnir frá öllum þjóðum og til allra þjóða, sèu fregnirnar ekki þess efnis, að þær sèu hættulegar fyrir Danaríki eður almennings heill, og mun danska stjórnin á allar lundir, er hún getur, láta sèr vera annt um að stuðla til þess, að þráðurinn verði notaður án allrar tálmunar.

5. Ef að þráðurinn slitnar, eptir að búið er að leggja hann, skal veittur þriggja mánaða frestur til að koma þeim hluta hans í samt lag, sem er millum Danmerkur og Englands og millum Danmerkur og Noregs, en tveggja ára frestur til að lagfæra hinn þráðinn.

6. Það er vitaskuld, að eigendur rafsegulþráðs þessa, fulltrúar þeirra og undirmenn skulu hlýða lögum ríkisins, að því leyti sem þráðurinn nær um lönd og höf í Danaveldi; og skulu þeir í hvívetna hlýða dómum og ákvörðunum yfirvalda, sem gjört er eptir þeim lögum, eins og þeir væru þegnar Danakonungs án neinnar undantekningar og án þess að nein rèttindi til að vera óháður dómstólunum í landinu komi til greina.

7. Danska stjórnin áskilur sèr rètt á að ákveða, hverja borgun megi taka hæsta undir fregnir millum Danmerkur og Englands og millum Danmerkur og Noregs, þó skal áskilið samþykki norsku stjórnarinnar að því er snertir fregnir millum Danmerkur og Noregs.

8. Danska stjórnin áskilur sèr rètt til þess að senda ríkisskilaboð ókeypis eptir þræði þessum allt að 300 orða á mánuði, eða að mega senda slík skilaboð fyrir helmingi minna verð en almennt er heimtað, ef hún kýs það heldur; skulu slík skilaboð ávallt vera í fyrirrúmi fyrir frèttum frá einstökum mönnum.

9. Til þess að bæta eigendum leyfisbrèfsins kostnað þann, er þarf til að leggja rafsegulþráð þenna, skal leyfi það, sem þeim er veitt með brèfi þessu til að leggja og nota rafsegulþráð millum Danmerkur og Englands og millum Danmerkur og Noregs, gilda um 30 ár frá því að leyfisbrèf þetta er dagsett, og skal engum öðrum gefinn kostur á að hafa þesskonar fyrirtæki fyrir stafni í löndum Danakonungs, allt með því skilyrði, að hin önnur ríki í Norðurálfunni og Vesturálfunni, er þráðurinn snertir lönd þeirra, veiti hið sama.

Bretlandi, David Ward Chapman, Lewis Borrit West, F. F. Jeyes og James John Cooper Wyld, konunglegt leyfisbrèf til þess að leggja og nota rafsegulþráð á sjávarbotni millum Danmerkur

1865. 30. des.

Að því er snertir hinn rafsegulþráðinn, skal þeim veitt sama einkaleyfi um 50 ára tíma frá því að leyfisbrèfið er dagsett.

Þegar þessi 30 og 50 ára tími er liðinn áskilur danska stjórnin sèr rètt til að veita nýtt leyfisbrèf hverjum sem hún vill, og með þeim kostum sem hún þá ákveður, þó skal sá eða þeir, sem þá eru eigendur þessa leyfisbrèfs, ganga fyrir, ef þeir vilja ganga að kostum þeim, er danska stjórnin setur. Ef að öðrum en þeim, sem þá eru eigendur þessa leyfisbrèfs, verður samkvæmt þessu veitt nýtt leyfisbrèf, skal hinum síðar nefndu heimilt að nota rafsegulþráðinn framvegis, með þeim kostum, sem til teknir eru í þessu leyfisbrèfi, og skulu að engu skert eignarrèttindi þeirra til þess sem þeir hafa sett á stofn, eða lands þess, sem þeir hafa eignazt.

10. Þau 5000 pund sterling, sem eigendur leyfisbrèfs þessa hafa goldið í ríkissjóðinn danska í peningum til ábyrgðar fyrir því, að fyrirtæki þetta gangi skjótt, skulu goldin þeim aptur, ef að þráðurinn millum Danmerkur og Englands og millum Danmerkur og Noregs er búinn áður en frestur sá er á enda, sem til tekinn er í 3. grein.

Ef að þráðurinn millum Bretlands hins mikla eða Írlands og norðurhluta Vesturálfu ekki er búinn áður en ár er liðið frá því að leyfisbrèf þetta er dagsett, þá skulu eigendur þess setja 10,000 pund sterling til ábyrgðar fyrir því, að þráður þessi sè búinn á rèttum tíma eptir því sem ákveðið er í 3. grein, annaðhvort með því að borga þau í peningum í danska ríkissjóðinn eða með veði í præðinum millum Danmerkur og Englands og millum Danmerkur og Noregs, og skal veði þessu skilað aptur þannig, að fè það er borgað hefir verið í peningum sè borgað aptur eða veðsetningarbrèfið, er gefið hefir verið fyrir fènu, sè selt af höndum, ef að þessi þráður er búinn á rèttum tíma.

Sèu præðir þessir ekki búnir áður en frestur sá, sem veittur er samkvæmt 3. grein, er á enda, þá skal hinn danski ríkissjóður eignast fè það, er getið hefir verið um, án þess að eigendur leyfisbrèfsins geti krafizt neinna skaðabóta útaf því.

11. Eigendur leyfisbrèfs þessa skulu ávallt hafa fulltrúa í höfuð- og aðseturstað Vorum Kaupmannahöfn, er danska stjórnin geti snúið sèr til í öllum málefnum, er snerta fyrirtæki þetta og notkun þess, og sem geti í hverju sem er komið fram af hendi eigendanna gagnvart dönsku stjórninni, og skuldbundið sig gagnvart henni eins fyllilega og væru það eigendurnir sjálfir.

1865. 30. des.

og Englands, og millum Danmerkur og Noregs, og annan rafsegulþráð frá Bretlandi hinu miklu eða Írlandi eptir Færeyjum, Íslandi og Grænlandi til norðurhluta Vesturálfu.

Um leið og yður er tilkynnt þetta, herra (tit.), er yður hèrmeð sent eitt exemplar af áðurgreindu konunglegu leyfisbrèfi yður til leiðbeiningar.

---

102. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um endurskoðun brauðamatsgjörðarinnar frá 1853.

Með því að svo er fyrir skipað í 1. grein tilskipunar þeirrar, er út er komin 15. þ. m., og nákvæmar ákveður ýmislegt viðvíkjandi prestaköllunum á Íslandi, að brauðamatsgjörð sú, er allramildilegast var staðfest sama dag, en samin árið 1853, skuli endurskoðuð fimtánda hvert ár, eruð þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, beðnir að gjöra ráðstafanir þær, er með þarf, til þess að endurskoðun þessi geti farið fram fyrir lok ársins 1868.

Í hvert skipti er þurfa þykir að skýra orð og efni leyfisbrèfs þessa, skal, ef eigendurnir æskja þess, stjórnarráð það, er hlut á að máli, leggja það mál fyrir Oss í ríkis-leyndarráði.

12. Eigendunum skal heimilt að láta af höndum leyfi þetta til hvers sem vera skal, hvort það er fèlag eða einstakur maður, með sömu rèttindum og sömu skyldum, sem þeir hafa sjálfir. Þó skal það undir eins kunngjört hinni dönsku stjórn, ef það er látið af hendi, og skal sá eða þeir, sem standa fyrir fyrirtæki þessu, bæði á meðan verið er að starfa að því og eptir að því er lokið, vera skyldir, eptir hæfilegan tíma til undirbúnings, að skýra hinni dönsku stjórn frá hverju því, er hana varðar og snertir fyrirtækið.

Bönnum Vèr öllum og sèrhverjum að standa móti því, sem ritað er hèr að framan, eða tálma því á nokkurn hátt, ella fyrirgjöri hylli Vorri og mildi.

Gefið á Amalíuhöll 17. dag nóvembermán. 1865.

1866.

1. Tilskipan um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.

1866. 5. janúar.

Vèr Kristján hinn Níundi o. s. frv., Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Lögreglustjórar og hreppstjórar skulu, hver um sig í því umdæmi, sem hann er settur yfir, vandlega gefa gætur að, hvort fjárkláði eður önnur næm fjárveikindi gjöri þar vart við sig. Þeir eiga því svo opt, sem ástæða virðist til þess vera, einkum á haustin þá fè kemur af afrètt, og á vorin fyrri hluta aprílmánaðar, að láta fram fara almenna rannsókn fjárins svo víða sem nauðsynlegt þykir.

2. grein.

Amtmanni skal á hendur falið eptir uppástungum lögreglustjórans að kveðja til hæfilega menn í hverjum hrepp hreppstjórum til aðstoðar, bæði í því að komast að raun um heilbrigðisástand fjárins, og eins í því að framkvæma þær ráðstafanir, sem gjöra þarf. Ef slíkir menn ekki fást innanhrepps, má kveðja til þess menn úr öðrum hrepp eður annari sýslu. Aðstoðarmenn þessir og hreppstjórarnir eiga tafarlaust að gefa lögreglustjóranum til vitundar, ef eitthvað það kemur fyrir, sem vekur grun um slíkan sjúkdóm, sem í 1. grein er um rædt.

3. grein.

Hreppstjórarnir og aðstoðarmenn þeirra skulu, eptir því sem amtmaður gjör ákveður, fá hæfilega borgun, þó ekki yfir

1866. 5. janúar. 1 rdl. 48 sk. hver um daginn fyrir störf þau, er þeir eptir áður sögðu eiga að gegna, að því leyti þau hafa í för með sèr verkfall og ferðalög frá heimilum þeirra. Borgun þessari skal sýslumaður jafna niður á alla fjáreigendur í hverjum hreppi, eptir þeim reglum, sem gilda um dýratolla, og heimta hana saman á manntalsþingum ásamt manntalsþingsgjöldunum.

4. grein.

Ef vart verður slíkrar veiki sem að ofan er um rædt, skulu hreppstjórar og aðstoðarmenn þeirra sjá um, að hið sjúka fè verði þegar í stað stranglega aðskilið frá heilbrigðu fè, og hið allrafyrsta taka það til lækninga; svo skal og því fè haldið sèr, sem líkindi eru til að veiki kunni að dyljast í, unz grunlaust er. Hreppstjóri skal þegar skýra lögreglustjóranum frá því, sem hefir verið, og skal þá lögreglustjóri gjöra þær ráðstafanir, sem þörf er á.

5. grein.

Sýni lögreglustjóri, hreppstjóri eður aðstoðarmenn af sèr nokkurt hirðuleysi eður vanrækt á þeim skyldum, sem ofangreindar ákvarðanir leggja þeim á herðar, skulu þeir bera af því ábyrgð til sekta eptir úrskurði amtmanns.

6. grein.

Eigandi þess fjár, sem sjúkt er eður grunað, skal skyldur að fara nákvæmlega eptir reglum þeim, sem honum verða fyrirskipaðar um aðskilnað á því, lækningar og aðra meðferð.

Kostnaðinn til þessa borgar eigandi; þar á móti skal kostnað þann, er eptirlitið af hálfu hins opinbera hefir í för með sèr, greiða eptir reglum þeim, er settar eru í 3. grein.

7. grein.

Nú sýnir eigandi annaðhvort óhlýðni eður hirðuleysi í því að gegna skyldum þeim, sem á honum hvíla eptir næstu grein á undan, þá skal hann sæta sektum allt að 20 rdl. og skal lögreglustjóri láta framkvæma það, sem nauðsyn krefur. Allan kostnað til þessa borgar eigandi, og má gjöra fjárnám hjá honum fyrir kostnaðinum eptir úrskurði amtmanns. Ef slík atvik eru fyrir hendi, að grunur sè á, að hlutaðeigandi ætli að skjóta eigum sínum undan fjárnáminu, þá má kyrrsetja þær eður svo

mikið af þeim, sem þarf til að borga með áfallinn kostnað. 1866.
Ef eigi fæst full borgun, þá skal skjóta til því, sem vantar, 5. janúar.
úr jafnaðarsjóði amtsins; svo skal og kostnaðurinn greiddur úr þeim sjóði, ef það er efnaleysi eiganda að kenna, að hið opinbera verður að framkvæma þær ráðstafanir, sem þörf er á.

8. grein.

Sektir þær, sem um er getið í þessari tilskipun, falla til fátækra á þeim stað, er lagabrotið hefir verið framið.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

Gefið í vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn
5. dag janúarmánaðar 1866.

Alþingi 1861 sendi bænarskrá til konungs um, að frumvarp til tilskipunar um fjárveikindi á Íslandi [1], er þingið hafði samið, væri gjört að lögum. Eptir að frumvarp þetta hafði verið vandlega íhugað í dómsmálastjórninni, varð sú niðurstaðan, að frumvarpið, eins og það var, ekki væri þannig lagað, að það yrði gjört að lögum; en með því að stjórnin að öðru leyti var á sama máli og alþingi um það, að ástæða væri til að gefa út lagaboð um þetta efni, var samið nýtt frumvarp, og það lagt fyrir alþingi árið 1863 [2]. Álitsskjal alþingis um frumvarp stjórnarinnar er prentað í tíðindum frá alþingi 1863, I, 481.—491. bls., og hefir þingið þar ítarlega gjört grein fyrir, hversvegna það ekki hafi getað fallizt á frumvarpið, nema því að eins, að á því væru gjörðar ýmsar verulegar breytingar, og að því hafi þókt ástæður til að búa til nýtt frumvarp, sem það bað um, að yrði gjört að lögum. Stjórnin komst samt að þeirri niðurstöðu, að ísjárvert væri að fallast á sumar af uppástungum þeim, er gjörðar voru í frumvarpi alþingis; en með því að gjöra mátti ráð fyrir, að breytingar þær, er gjöra þurfti við frumvarpið, yrði álitnar verulegar, þóktu yfirgnæfandi ástæður til að bera málefni þetta enn á ný undir álit alþingis. Var því samið nýtt frumvarp í dómsmálastjórninni og var þar leitazt við, svo sem unnt var, að nálgast tillögur þingsins, en á

[1]) Smbr. Tíðindi frá alþingi 1861, 1806.—1820. bls.

[2]) Smbr. Tíðindi frá alþingi 1863, I, 37.—40. bls.

1866. 5. janúar. hinn bóginn var sleppt þeim af uppástungum þingsins, sem stjórnin með engu móti gat fallizt á. Frumvarp þetta var samkvæmt konungsúrskurði 28. aprílmán. 1865 lagt fyrir alþingi það ár, og er prentað í tíðindum frá alþingi 1865 II, 157.—163. bls. Í álitsskjali sínu, sem prentað er á 487.—494. bls. biður þingið um, að frumvarpið verði gjört að lögum svo tímanlega, að það komi til Íslands sem lög til framkvæmda ekki seinna en með fyrstu póstskipsferð næsta vor, en þó með þeim breytingum, er nú skal greina:

1. að í öðrum lið 1. greinar verði í stað orðanna: „einkum á vorin, áður en fé er hleypt á fjall" sett: „einkum á haustin, þá fé kemur af afrétt og á vorin fyrri hluta aprílmánaðar;"
2. að í 3. grein séu orðin: „af jafnaðarsjóði amtsins" felld úr; að á eptir orðunum „hæfilega borgun" sé bætt við „þó ekki yfir 9 mörk um daginn", og að aptan við greinina sé bætt svo hljóðandi ákvörðun: „Borgun þessari skal sýslumaður jafna niður á allan sauðfénað í hverjum hreppi, eptir þeim reglum, sem gilda um dýratolla, og kalla hana inn á manntalsþingum ásamt öðrum manntalsþingsgjöldum";
3. að í 4. grein á eptir orðunum „aðskilin frá heilbrigðu fé" sé bætt við „og hið allra fyrsta taka það undir lækningu";
4. að í fyrsta lið 7. grein verði orðunum: „á kostnað eiganda og má gjöra fjárnám hjá honum fyrir kostnaðinum eptir úrskurði amtmanns" breytt í: „allan kostnað til þessa borgar eigandi, og má gjöra fjárnám hjá honum fyrir kostnaðinum eptir úrskurði amtmanns": og
5. að bætt verði aptan við frumvarpið nýrri grein, sem yrði 8. grein, og að í henni sé ákveðið, að þriðjungur sekta þeirra, sem nefndar eru í 5. og 7. grein, falli til uppljóstrarmanns, hvort sem hann er utanhrepps eða innan, en hinir tveir hlutar til sveitarinnar, þar sem lagabrotið gegn greinum þessum hefir átt sér stað.

Í skýrslu dómsmálastjórnarinnar, þá er málefni þetta var borið upp fyrir konungi, segir á þessa leið:

Af breytingum þeim, sem alþingi þannig hefir stungið uppá, virðist ekkert vera því til fyrirstöðu, að þær breytingarnar, sem tilfærðar eru í 1. og 3. tölulið, séu teknar í tilskipunina, og ekki þykir dómsmálastjórninni heldur vera nægar ástæður til að neita að taka til greina orðabreytingu þá, sem til færð er í 4. tölulið, með því að svo lítur út sem alþingi hafi þókt mikið undir henni komið, og hún er meinlaus, þó hún sé illa til fallin. Af breytingum þeim á 3. grein frumvarpsins, sem til færðar eru í 2. tölulið, finnst dómsmálastjórninni vel við eiga, eins og alþingi hefir stungið uppá, að taka til þá hæstu borgun, sem hreppstjórarnir og aðstoðarmenn þeirra geta fengið fyrir störf þau, er þeir eiga að hafa á hendi samkvæmt 1. og 2. grein, einsog það líka má álítast hæfilegt, að ekki megi borga þeim meira en 9 mörk hverjum á dag. Hvað hina breytinguna snertir, sem alþingi hefir stungið uppá, að gjörð væri á þessari grein, smbr. 6. grein, það er, um það atriði, hvernig greiða eigi kostnaðinn við rannsókn þá á fénu, sem tilskipunin hefir skipað fyrir um, þá hefir þingið getið þess, að ef að ætti að greiða kostnað þenna úr jafnaðarsjóðum amtanna, einsog stungið er uppá í frumvarpi stjórnarinnar, þá leiddi það til þeirrar ósanngirni, að allar sveitirnar í hverju amti væru látnar bera jafna byrði hvað sauðfé snertir, þar sem það þó er fyrirsjáanlegt, að eptirlitið með sauðfénu mun verða mjög misjafnt í hinum einstöku hreppum landsins, og að þetta aptur mundi valda því, að keppni og áhugi milli sveitanna sín á milli í því að varðveita fé fyrir næmum sjúkdómum og við hafa yfir höfuð góða hirðing á því, mundi verða miklum mun sljófari. Hjá þessu mætti komast eptir áliti alþingis með því að leggja kostnað þann, sem hér ræðir um, á sveitirnar, á þann hátt að honum sé jafnað niður á alla fjáreigendur í hverri sveit, eptir sömu reglum og venja er til um dýratolla, og hefir þingið lagt mikla yfirgnæfandi áherzlu á það, að kostnaðurinn með þessu móti einmitt leggst á sauðfé, sem eptirlitið er við haft til að varðveita. Konungsfulltrúi á alþingi hefir í álitsskjali sínu um málefni þetta lagt á móti því, að fallizt sé á þá breytingu, sem hér ræðir um, en apturámóti hefir hann vakið athygli á að fara mætti þann meðal-

1866. 5. janúar.

1866. 5. janúar.

veg, að jafna helmingnum af kostnaði þessum á sveitir þær, sem hlut eiga að, en greiða hinn helminginn úr jafnaðarsjóðunum; og hafði komið fram uppástunga þessa efnis á alþingi, þá er málið var rædt. Að vísu hlýtur dómsmálastjórnin að vera á því máli, að breyting sú, sem alþingi hefir stungið uppá um, hvernig greiða eigi kostnað þenna, sè ekki hagfelld, með því að bændum í lítilli og fátækri sveit vafalaust opt mun veita örðugt að greiða gjald þetta, sem getur orðið talsvert, en þareð alþingi næstum því í einu hljóði (með 19 atkvæðum gegn 2) hefir fallizt á breytingu þessa, og hefir þókt mikið undir henni komið, eins og sjá má á þingræðunum, en hins vegar hefir fellt uppástungu þá, sem konungsfulltrúi hefir vikið á, um að skipta kostnaðinum milli sveitanna og jafnaðarsjóðanna, með 16 atkvæðum gegn 3, þá heldur stjórnarráðið, að ekki sèu nægar ástæður til að neita að fallast á breytinguna.

Að því er loks snertir hina nýju grein, sem alþingi hefir stungið uppá, þá hefir konungsfulltrúi fastlega lagt á móti því, að hún sè tekin í tilskipunina; hefir hann tekið fram, að ákvörðun sú sem þar er um, að þriðjungur af sektum þeim, sem nefndar eru í 5. og 7. grein, skuli falla til uppljóstrarmanns, sè sumpart óþörf, með því að álíta megi sjálfsagt, að enginn muni draga dulur á, ef næm veikindi gjöri vart við sig í fè hans, og líka muni umsjónarmenn þeir, sem skipaðir eru, vera færir til að sjá um, að reglum þeim, er settar eru, sè fylgt, sumpart muni hún koma sèr illa, og geti hæglega valdið sundurþykki og áreitni, og gefið tilefni til árangurslausra rannsókna. Apturámóti álítur konungsfulltrúi, að ástæða geti verið til að ákveða með berum orðum í tilskipuninni, að sektirnar eigi að renna inn í sveitarsjóðinn, þó að það í raun og veru sè sjálfsagt. Samkvæmt því, sem konungsfulltrúi þannig hefir tekið fram, hlýtur dómsmálastjórnin að álíta óráðlegt að taka hina nýju grein, sem alþingi hefir stungið uppá, í tilskipunina, þar sem þingið hefir fallizt á hana að eins með tveggja atkvæða mun, en þarámóti þykir réttast að ákveða með berum orðum, að sektirnar skuli renna inn í sveitarsjóðinn.

2. **Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um einkaleyfi til að bræða lýsi úr þorskalifur til lækninga.** 1866. 10. janúar.

Í bænarskrá, sem hingað hefir borizt með brèfi yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu 4. nóvembermán. f. á., hefir Oddur Gíslason, kandídat í guðfræði í Reykjavík sókt um, að sèr verði veitt 10 ára einkaleyfi til að bræða lýsi, er haft verði til lækninga, úr þorskalifur, með gufu, bæði á Íslandi og Færeyjum. Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að beiðandanum ekki verður veitt það sem hann hefir sókt um.

---

3. **Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um ábyrgð fyrir ávísunarbrèfum, er tekjur af sýslum eru borgaðar með.** 10. janúar.

Í skjali, er fylgir í eptirriti með brèfi þessu, hefir sýslumaðurinn í Snæfellsnessýslu, af því að hann er vanur að borga mikinn hluta af tekjunum af sýslunni, sem hann heimtar saman fyrir hönd ríkissjóðsins, í aðalfjárhirzlu ríkisins hèr í bænum með ávísunarbrèfum uppá verzlunarhús hèr, spurt um, hvort hann eigi að hafa ábyrgðina á fè því, sem ávísunarbrèfið hljóðar um, ef sá, sem á að greiða fèð, kynni að verða gjaldþrota og ekki geta borgað.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að spurningu þessari ber að svara með jáyrði, og eruð þèr um leið beðnir um að minna Böving sýslumann á það, sem tekið var fram í brèfi dómsmálastjórnarinnar 3. októbermán. 1864, að honum beri að senda amtinu fyrst brèf sín, þau er hann ritar stjórnarráðinu.

1866. 10. janúar. **4. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um jarðaskipti.**

Í bænarskrá, er hingað hefir borizt með brèfi yðar, herra amtmaður, 26. októbermán. f. á., hefir Pètur Fr. Eggerz, kaupmaður, sókt um að fá þessar þjóðjarðir: Borðeyri, Hlaðhamar, Litlu-Hvalsá og Eyjar, en þær eru alls 36,4 hundruð að dýrleika með 4½ kúgildi, og liggja undir Stranda sýslu umboð, í jarðaskiptum fyrir Garðapláz, er svo er nefnt, í Staðar sveit í Snæfellsnessýslu, en það er 37,3 hundruð að dýrleika með 11 kúgildum, þannig, að hann afsali sèr öllu tilkalli til lóðartolls þess, er gjalda á af verzlunarstaðnum Borðeyri, þó að undantekinni lóð þeirri, sem Guðmundi Einarssyni og honum hefir verið mæld út. Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að beiðandanum ekki verður veitt það sem hann sækir um.

Um leið eruð þèr beðnir, herra amtmaður, að skýra stjórnarráðinu frá, hvaða ráðstafanir hafi gjörðar verið útaf brèfi þess 12. marzmán. 1864, um lóðartoll af Borðeyri.

---

12. janúar. **5. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir kennslu í læknisfræði.**

Í brèfi dagsettu 7. aprílmán. f. á. hefir stiptamtið skýrt frá, að á árunum 1861 og 1862 hafi Hjaltalín, landlækni og jústizráði, verið borgaðir 332 rd. 68 sk. úr jafnaðarsjóði suðuramtsins fyrir að kenna þorvaldi Jónssyni, sem nú er settur hèraðslæknir í hinu nyrðra læknisumdæmi í vesturamtinu, læknisfræði. Hefir stiptamtið látið þá skoðun í ljósi, að vesturumdæminu sè skylt að endurgjalda jafnaðarsjóði suðuramtsins fè þetta, þar sem árangurinn af kostnaði þeim, sem hefir verið varið á þenna hátt til að kenna greindum lækni, hafi komið því í hag, og hefir stiptamtið farið þess á leit, að stjórnarráðið skipi fyrir um, hvernig vesturamtið eigi að haga sèr í þessu efni.

Eptir að fengið hefir verið álitsskjal amtmannsins yfir vestur-

umdæminu um málefni þetta, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að með því að læknir sá, sem hèr ræðir um, hvorki er skipaður aðstoðarlæknir í vesturumdæminu, og honum heldur ekki hefir verið kennd læknisfræði eptir tilhlutun þess, þá getur suðuramtið, þó það þykist eiga tilkall til að fá endurgoldinn kostnað þann, sem varið hefir verið til að kenna honum til að verða aðstoðarlæknir, samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í brèfi dómsmálastjórnarinnar 12. maímán. 1849[1], að minnsta kosti ekki komið fram með það tilkall gegn jafnaðarsjóði vesturamtsins. 1866. 12. Janúar.

---

6. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um skipti á dánarbúi Melsteðs amtmanns. 12. janúar.

Í brèfi dagsettu 15. júnímán. f. á. skýrði dómsmálastjórnin amtinu frá, að hún af ástæðum þeim, sem teknar eru fram í úrskurði hennar 3. októbermán. 1864, enn sem fyr hlyti að vera á því máli, að sýslumaðurinn í Snæfellsnessýslu ætti að fá dánarbú Melsteðs amtmanns, sem sýslumaðurinn í Mýra og Hnappadalssýslu hafði til meðferðar sem settur skiptaráðandi, til skiptaumráða framvegis, og þar sem hinn fyrnefndi sýslumaður

---

[1]) Kafli sá í brèfinu, sem hèr er skýrskotað til, er svo látandi:

Þar sem þèr, herra stiptamtmaður, hafið spurt um, úr hvaða amts jafnaðarsjóði eigi í hverju einstöku tilfelli að greiða borgun þá fyrir að kenna aðstoðarlæknunum, sem skipað er fyrir um í opnu brèfi 23 ágústmán. 1848, þá fæ eg ekki sèð, að aðrar reglur verði gefnar um það efni, en að greiða eigi borgunina úr jafnaðarsjóði þess amts, sem hlutazt hefir til um, að aðstoðarlækninum er kennt, og má ætla, að það venjulega sè sama amtið, sem kennslan fer fram í. Að minnsta kosti er það sjálfsagt, að þegar borgunin hefir verið greidd úr jafnaðarsjóði eins amtsins, ber að annast um, að það njóti árangursins af kennslunni.

Að öðru leyti verða amtmennirnir, hver í sínu umdæmi, að ákveða, hverjum og hvernig eigi að greiða borgun þá, sem hèr ræðir um, og yfir höfuð að tala að annast um, að henni sè varið á hagfelldasta hátt.

1866. 12. janúar. hefir spurt um, hvernig eigi að fara um skiptalaunin, þá eigi um þau að fara í líking við ákvörðunina í 37. grein í aukatekjureglugjörðinni frá 10. septembermán. 1830, þannig að amtið, ef til kemur, eigi að ákveða með úrskurði sínum, hversu mikið hvorum þessara tveggja skiptaráðanda beri af þeim. Nú hafið þér, herra amtmaður, í brèfi 21. septembermán. f. á. skýrt frá, að þar sem stjórnarráðið hafi byggt úrskurð sinn á því, að skiptunum á dánarbúi þessu ekki væri enn lokið, eins og stjórnarráðið hlaut að gjöra eptir skýrslum þeim, sem það hafði þá fengið um málefni þetta, þá sè þessu ekki þannig varið, því að Jóhannes sýslumaður Guðmundsson hafi lokið skiptunum 15. ágústmán. 1864, og hafið þèr spurt um, hvort amtið, fyrst svona sè ástatt, eigi að skera úr, hvernig eigi að skipta skiptalaununum. Um þetta efni skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að með því að það, sem úrskurðir stjórnarráðsins 15. júnímán. f. á. og 3. októbermán. 1864 voru byggðir á, samkvæmt því sem embættismenn þeir, er hlut áttu að máli, þá höfðu skýrt frá, hefir reynzt vera rangt, þá skulu úrskurðir þessir vera ógildir, og verður það að vera komið undir Böving sýslumanni sjálfum að fylgja fram rètti þeim, sem hann þykist hafa, á þann hátt, sem honum finnst hagfelldastur til að ná tilgangi sínum.

---

17. janúar. **7. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um leyfi handa Emil Möller lyfsala til að verzla með venjulegar kaupmanna vörur.**

Með brèfi 26. októbermán. f. á. hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað bænarskrá nokkra ásamt álitsskjali hlutaðeiganda sýslumanns um hana; í henni fer Emil Möller, lyfsali í Stykkishólmi, þess á leit, að sèr sè leyft jafnframt lyfjasölunni að verzla með vörur þær, er kaupmenn eru vanir að hafa, með sömu skilmálum og kjörum, og Jakobsen, er áður var lyfsali í greindum verzlunarstað, var leyft það með brèfi hins konúnglega rentukammers, dagsettu 20. aprílmán. 1839.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess að þèr kunngjörið það og gjörið ráðstafanir þær, sem þörf er á, að af stjórnarráðsins hálfu er ekkert því til fyrirstöðu, að beiðandanum sè veitt leyfi það, er hann sækir um, til að verzla með kaupmanna varning. 1866. 17. janúar.

---

8. Tilskipun um vinnuhjú á Íslandi. 26. janúar.

Vèr Kristján hinn Níundi o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið.

1. grein.

Hver maður, sem er fullra 16 ára að aldri, má að lögum ráða sig hjú, þó með ráði og vilja sóknarprests síns, sè hann ófermdur. Vistarráðum þeirra, sem yngri eru en 16 ára, ráða foreldrar eður aðrir forráðamenn.

2. grein.

Engin vistarráð skulu vera bindandi fyrir lengri tíma en 12 mánuði í senn; en gild skulu vistarráð, þótt skemur sè um samið, þó því að eins, að þau standi til næsta hjúaskildaga á eptir.

3. grein.

Heimilt skal hjúi, eins og verið hefir, að vista sig hjá tveim eður fleirum, til helminga, þriðjunga o. s. frv.

4. grein.

Hinn almenni skildagi vinnuhjúa skal framvegis vera á ári hverju 14. dag maímánaðar. Samt skal í hèruðum þeim, þar sem hjúaskildagi nú er haldinn á öðrum tíma árs, fara eptir venju þeirri, sem verið hefir, nema berlega hafi verið tekið fram, þegar vistarráðin gjörðust, að skildaginn skuli vera annar.

5. grein.

Ef hjú ræður sig hjá öðrum manni fyrir jól, þá skulu þau vistarráð ógild, nema húsbóndi eður hjú hafi látið hitt vita, að það eigi vili endurnýja vistarráðin fyrir næsta ár.

1866. 26. janúar.

Ef maður ræður vísvitandi annars hjú, þá verður hann um það sekur um 5—10 rd.

6. grein.

Húsbóndi skal, nema öðruvísi sè um samið, láta sækja vistráðið hjú sitt í ákveðinn tíma og farangur þess, er ekki nemi meiru en klyfjum á einn hest; og skal húsbóndi annast þann flutning á sinn kostnað, og ekki láta það rýra umsamið kaup.

Ef húsbóndi vitjar ekki hjúsins á rèttum tíma, skal hann annast um að koma því fyrst um sinn fyrir á öðrum stað, og greiða því, auk umsamins kaups, allan þann kostnað, sem dvöl þess annarstaðar hefir í för með sèr; en hjúi skal skylt að vinna húsbónda allt það gagn, sem það getur, á þeim stað, sem það dvelur á um stundarsakir. Vitji húsbóndi ekki hjúsins fyrir þingmaríumessu, er hjúið ekki lengur bundið við vistarráðin, og varðar það húsbónda eptir 11. grein. Hið sama er og, ef hjúið flytur sig sjálft á hann og hann ekki vill veita því viðtöku án löglegra orsaka, og skal hann þá að auki greiða því sanngjarnan ferðakostnað fram og tilbaka.

7. grein.

Húsbóndi getur neitað að vitja hjús, er hann hefir ráðið í vist til sín, eður að veita því móttöku, af þessum ástæðum:

1. Ef hjúið, eptir að það var ráðið í vistina, hefir drýgt einhvern glæp, sem að almennings áliti er svívirðilegur.
2. Ef hjúið, um það leyti sem það á að fara í vistina, hefir einhvern næman eður viðbjóðslegan sjúkdóm, eður þau veikindi eður líkamamein, að vissa sè fyrir því, að það verði ófært til vinnu allt fram að þingmaríumessu eður lengur.
3. Ef hjúið kann ekki til þeirra verka, sem áskilið var að það skyldi kunna, þá er það var ráðið í vistina, og sem það þá þóttist kunna til, eður ef það hefir einhverja ókosti, er það þá neitaði að hafa.
4. Ef hjúið hefir tælt húsbóndann á sèr með fölsuðum vitnisburðum, þá er hann rèði það til sín.

8. grein.

Hverju hjúi er skylt að fara þegar í vistina er húsbóndi

vitjar þess; ef húsbóndi fyrst um sinn fær því annan samastað (smbr. 6. gr.), þá er því og skylt að fara þangað. Ef hjúið færist undan þessu án lögmætra orsaka, þá er húsbóndinn eigi lengur bundinn við vistarráðin, og varðar það hjúinu eptir 12. grein. Hið sama er og, ef svo hefir verið um samið, að hjúið skuli flytja sig sjálft í vistina og það að nauðsynjalausu dregur ferð sína viku lengur. 1866. 26. janúar.

Nú getur hjúið eigi farið í vistina þegar húsbóndi vitjar þess, og er því eigi sjálfu um það að kenna, þá er húsbónda eigi skylt að vitja þess aptur, heldur skal hjúið sjálft kosta ferð sína í vistina og leggja af stað jafnskjótt og það getur; en dragi það að nauðsynjalausu ferð sína viku lengur, varðar það því eptir 12. grein.

9. grein.

Nú flytur húsbóndinn eptir að vistarráðin eru gjörð, en áður en vistartíminn byrjar, þrjár þingmannaleiðir á landi eða fimm vikur sjóar burtu frá þeim bústað hans, þar sem hjúið átti að fara í vist, þá er því eigi skylt að fara í vistina. Ef húsbóndi flytur af landi burt, skal hann að auki greiða hjúinu kaup og matarverð fyrir vistartíma þann, er um var samið, nema því að eins, að hann útvegi því aðra vist jafngóða.

10. grein.

Ef húsbóndi á ólöglegan hátt heldur hjúi kyrru í vist hjá sèr eptir skildaga, þá skal hann, ef önnur lög ekki ákveða meiri hegning, eptir því, sem málið er lagað, sektast um 2 til 25 ríkisdali og gjalda skaðabætur fyrir það tjón, sem af þessu hlýzt. Varni hann hjúinu að komast í tækan tíma í aðra vist, er það hefir ráðið sig í, og hjúið fyrir þá sök missir af vistinni, þá greiði hann hjúinu allt það kaup, er því var heitið í þeirri vist, er það átti að fara í, og þar að auki matarverð fyrir vistartíma þann, sem um var samið.

11. grein.

Ef húsbóndi riptar vistarráðum án lögmætra orsaka, þá skal hann gjalda hjúi kaup og matarverð fyrir vistartíma þann, sem um var samið. Matarverð karlmanns skal vera eitt hundr-

1866. 26. janúar.

að á landsvísu fyrir hverja 12 mánuði, en kvennmanns þriðjungi minna.

12. grein.

Ef hjú riptar vistarráðum án lögmætra orsaka, þá skal það greiða húsbónda slíkt, sem hann hefði átt að gjalda því í kaup fyrir vistartíma þann, er um var samið.

13. grein.

Eigi má húsbóndi með neinum samningi afsala öðrum vistarráð yfir hjúi sínu, nema það samþykki. Nú deyr húsbóndinn, og skal þá vistarráðunum áfram haldið með ekkju hans eður búi, ef búnaður stendur; en ef búi er brugðið, skal búi skylt að útvega hjúi aðra vist jafngóða, því að kostnaðarlausu, en ella gjalda því sem fyrir vistarrof (11. gr. smbr. 30. gr.).

14. grein.

Húsbóndi skal veita hjúi sínu viðunanlegt og nægilegt fæði, svo og láta veita því næga þjónustu og leggja því til venjulegan rúmfatnað, skæðaskinn og annað, eptir því sem venja er til í hverri sveit hjúum að veita auk kaups.

15. grein.

Hve mikið hjúið skuli hafa í kaup, í hverju og hvenær það skuli goldið, skal komið undir því, er húsbóndinn og hjúið hafa orðið ásátt um. Nú hefir ekki verið ákveðið um upphæð kaupsins og skal hjúið hafa svo mikið í kaup, sem þar er sveitarvenja að gjalda hjúum á því reki.

Geti hjú sökum klæðleysis eigi gengið að allri vinnu, hefir húsbóndi heimting á, að það taki nægileg föt upp í kaup sitt, þótt hjúið hafi áskilið sèr það í öðrum eyri, og skal það koma jafnt niður á alla aura ef kaupið er áskilið í ýmsum ákveðnum aurum.

Rètt goldnir eru hjúi í kaup peningar og allir aðrir aurar þeir, er gjaldgengir eru í kaup eptir sveitarvenju, hafi ekki verið ákveðið milli húsbónda og þess, í hverju greiða skuli kaupið; og skal, þegar lagðir skulu peningar í hundruð, virða þá eptir verðlagsskrár meðalverði.

Hafi ekki verið öðruvísi um samið, skal eindagi kaupgjaldsins vera undir eins og vistartíminn er á enda. 1866. 26. janúar.

16. grein.

Hjúið skal vera háð þeirri stjórn og reglu, er húsbóndinn setur á heimilinu, eður sá, sem fyrir hans hönd á yfir því að segja, og vera honum auðsveipið; það skal af ítrasta megni stunda gagn húsbónda síns, og ganga til allra verka, er því eru skipuð, nema einhver sèrstakur óvanalegur háski fylgi þeim, og leysa þau af hendi eptir fremstu kröptum.

Nú er hjú ráðið til ákveðinna starfa, og skal því þó skylt að ganga að öllum heimilisverkum og öðrum störfum, sem eru samboðin stöðu þess, þegar þörf krefur og ekki er öðrum á að skipa.

17. grein.

Eigi má hjú án samþykkis húsbónda fá annan til að gegna verkum sínum.

18. grein.

Hjú skal bæta húsbónda sínum hvert það tjón eður skemmdir, er það veldur honum vísvitandi eður af skeytingarleysi, eður af því, að það eigi kann til þeirra verka, er það lèzt kunna, er það rèðst í vistina, og eins hvert annað tjón eður skemmdir, er húsbóndi bíður fyrir óhlýðni þess; svo á hjú og að greiða húsbónda skaðabætur fyrir vinnutjón það, er hann bíður, fyrir það að hjú er sett undir lagaákæru sökum glæpa, er það fremur. Skal húsbónda heimilt að halda jafnmiklu eptir af kaupinu, sem skaðabótunum nemur.

19. grein.

Fyrir óhlýðni, þrjózku, mótþróa eður illyrði við húsbændur sína eður þann, sem fyrir þeirra hönd á yfir því að segja, skal hjúið sektast um 1—20 rd.; en seti það sig upp á móti þeim eður áreiti þá í verkum, þá sektist það um 5—50 rd., nema svo sè að það hafi unnið til meiri hegningar eptir öðrum lögum.

20. grein.

Hjú eru undir húsaga þangaðtil þau eru orðin 16 ára. Sè húsaga beitt við slík hjú fyrir yfirsjónir þær, sem nefndar eru í 19. grein, fellur burt hegning sú, sem þar er ákveðin.

1866.
26. janúar.

21. grein.

Nú sýkist hjú eður slasast, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni sjálfs þess, þá skal það sjálft kosta lækninguna og endurgjalda húsbónda fæði og hjúkrun meðan það var sjúkt, og eigi á það heimting á kaupi fyrir þann tíma, sem það er frá verkum.

22. grein.

Ef hjú slasast eður veikist, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni húsbónda, hvort heldur af því, að hann hefir skipað hjúinu þau verk, er hann mátti sjá að því voru um megn, eður og óvanalegan starfa þann, er einhverjum sèrstaklegum háska er bundinn, eður af hverri annari orsök, er húsbónda verður gefið sök á, þá skal hann kosta lækning hjúsins, og greiða því skaðabætur fyrir verkatjón þess, ef nokkurt verður, eptir að það er frá honum farið. Eptir atvikum skal húsbóndi þar að auki sæta sektum frá 2—50 rd., nema hann hafi bakað sèr þyngri hegning eptir öðrum lögum.

23. grein.

Nú veikist hjú eður slasast af öðrum atvikum, en nú voru talin (21. og 22. gr.), og skal það þá sjálft greiða þann kostnað, er leiðir af lækning þess og sèrstaklegri aðhjúkrun, en húsbónda skal skylt að fæða það án endurgjalds. Sè legan ekki hálfum mánuði lengri um slátt eður um vertíð, eður mánuði lengri um aðra árstíma, þá skal hjúið einskis í missa af kaupi sínu; en fatlist hjú lengur frá verkum en nú var sagt, missir það kaup um þann tíma, sem það er lengur veikt. Deyi hjúið, hafa erfingjar þess eigi heimting á kaupi eptir það fyrir lengri tíma, en það var búið að vinna fyrir kaupi, áður en það varð ófært til verka.

24. grein.

Samningur milli húsbónda og hjús um, að vistinni skuli lokið undir eins og hjúið verði sjúkt, er ekki skuldbindandi fyrir hjúið; og fari sjúkt hjú úr vist, annaðhvort af því vistarráðin hafa verið bundin slíkum skilmála, eður af því svo hefir verið um samið eptir að það varð veikt, þá losast hann eigi heldur gagnvart þeirri sveit eður þeim mönnum, er hjúið kann

að verða til þyngsla, frá skyldum sínum við það eptir þessari tilskipun. 1866. 26. janúar.

25. grein.

Leggist hjú sjúkt, má eigi flytja það burt enda þótt vistartíminn sè á enda, nema læknir eður sóknarprestur eður tveir aðrir skilríkir menn lýsi yfir því áliti, að hjúinu sè ekkert mein þar af búið, nè öðrum, ef sýkin er sóttnæm. Nú flytur húsbóndi samt hjúið burt, þá skal hann sæta sektum eptir 22. grein, eður og þyngri hegning eptir öðrum lögum, og standast að auki allan kostnað af hjúkrun og lækning sjúklingsins.

26. grein.

Þegar hjú, sem veikist eður slasast í vistarverunni, á eptir tilskipan þessari sjálft að greiða lækningarkostnað fyrir sèrstaka hjúkrun þess, en hefir eigi efni á því, skal þann kostnað endurgjalda húsbóndanum ef hann krefst þess, af sveitarsjóðnum þar sem hjúið er í vist, er aptur skal fá það endurgoldið af framfærsluhrepp hjúsins.

Deyi hjú í vist, skal húsbóndi annast greptrun þess ef erfingjar eigi gjöra það, en fái aptur kostnaðinn endurgoldinn af eigum hjúsins, og að því, er þær eigi hrökkva til, af sveitarsjóðnum, samkvæmt því, sem nú var sagt.

27. grein.

Húsbóndi má þegar reka hjú úr vist fyrir þær sakir, er nú skal greina:

1. Ef hjúið leggur hönd á húsbóndann eður vandamenn hans á heimilinu, eður aðra, sem fyrir hans hönd eiga yfir því að segja, eður meiðir þá með illyrðum.
2. Ef hjúið sýnir húsbóndanum freka og viðvarandi þrjózku, eður stöðugt skeytingarleysi eður ótrúmennsku í því, sem það á að gjöra.
3. Ef hjúið tælir börn eður vandamenn húsbónda á heimilinu til illverka eður ósiðsemi, eður ef börnum á heimilinu er bersýnileg hætta búin af illri meðferð þess eður skeytingarleysi.
4. Ef hjúið af varmennsku skemmir eigur húsbóndans, eður misþyrmir skepnum þeim, er hann á eður hefir undir hendi.

1866. 26. janúar.

5. Ef hjúið sýnir af sèr fjarska mikið eður ítrekað skeytingarleysi með ljós, eld eður annan voða, er skaði getur hlotizt af á heimilinu.
6. Ef hjúið er aptur og aptur svo drukkið, þrátt fyrir áminningar húsbóndans, að það geti ekki gengið til allra verka.
7. Ef hjúið með illlyndi eður rógi raskar friði og reglu á heimilinu, og lætur eigi af því þrátt fyrir ítrekaðar áminningar húsbóndans.
8. Ef hjúið drýgir einhvern þann glæp, sem að almennings áliti er svívirðilegur.
9. Ef hjúið er haldið næmri eður viðbjóðslegri veiki, þegar það á að fara í vistina, eður fær slíka veiki í vistinni sökum ósiðsamlegs lífernis.
10. Ef hjúið hefir tælt húsbóndann með fölsuðum vitnisburðum, þá er hann rèði það til sín.
11. Ef hjúið eigi kann til þeirra verka, er áskilið var að það skyldi kunna og það sjálft lèzt kunna, er það rèðst í vistina, eður það hefir nokkra þá ókosti, sem það þá neitaði að hafa.

28. grein.

Þegar hjú er rekið burt úr vist af einhverjum þeim ástæðum, sem tilgreindar eru í 27. grein, eður það hleypur burt úr vistinni án löglegra orsaka, skal það greiða húsbónda slíkt, sem hann átti að greiða því í kaup fyrir vistartíma þann, er um var samið; þó skal þar frá dregið það, sem því ber í kaup eptir tiltölu rèttri fyrir þann tíma, sem það hefir verið í vistinni. Auk þessa skal hjúið sæta hegning þeirri og skaðabótum, er það með broti sínu að öðru leyti kann að hafa bakað sèr.

29. grein.

Þá hefir hjú löglegar ástæður til að ganga þegar úr vistinni:

1. Ef húsbóndi misþyrmir hjúinu.
2. Ef húsbóndi leitast við að tæla hjúið til illverka eður lauslætis, eður ef aðrir heimilismenn gjöra sig bera að slíku, og húsbóndi ekki veitir hjúinu tilhlýðilega verndun, þótt það beri sig upp undan því við hann.

3. Ef húsbóndi lætur hjúið búa að staðaldri við illa og ónóga fæðu.
4. Ef húsbóndi meiðir freklega mannorð hjúsins, eður ber því á brýn glæpi, sem það er saklaust af.
5. Ef hjúið fær ekki kaup sitt í ákveðinn tíma.
6. Ef lífi eður heilsu hjúsins er hætta búin af veru þess á heimilinu.
7. Ef húsbóndi flytur af landi burt.

30. grein.

Ef hjúið fer úr vist fyrir nokkrar þær sakir, sem greindar eru í 29. gr., eður húsbóndi rekur það úr vist án löglegra orsaka, þá á það heimting á kaupi fyrir vistartíma þann, er um er samið, og matarverði 10 álnum, ef það er karlmaður, en þriðjungi minna, ef það er kvennmaður, fyrir hvern mánuð þrítugnættan, sem eptir er vistarverunnar. Auk þessa skal húsbóndi sæta þeirri hegning og skaðabótum, sem hann annars kann að hafa bakað sèr með framferði sínu.

31. grein.

Í þrotabúi húsbónda hefir hjú forgöngurètt til kaups og matarverðs eptir því, sem ákveðið er í laganna 5—14—37, þó ekki fyrir lengri tíma en eitt ár.

32. grein.

Fyrir eins árs kaupi og matarverði, er þó eigi má vera frá eldri tíma en ári því, er var á enda á næsta hjúaskildaga á undan, getur hjúið látið gjöra fjárnám hjá húsbónda, ef hann eigi mótmælir kröfunni.

33. grein.

Fógeti eður hreppstjóri, er fjárnám gjörir fyrir kaupi eður matarverði, er hjú á hjá húsbónda, á eigi heimting á neinni borgun fyrir fjárnámið, nema hún geti fengizt hjá húsbónda eptir að hjúið er búið að fá sína kröfu borgaða að fullu.

34. grein.

Mál, er snerta það efni, sem um er rædt í þessari tilskipun, eiga fyrir lögreglurètt. Brot á móti 25. grein skulu sæta opin-

1866. 26. janúar.

berri ákæru, en að öðru leyti skal fara með öll mál, er rísa út af tilskipun þessari, einsog lögreglumál einstakra manna.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað, Kaupmannahöfn 26. dag janúarmánaðar 1866.

Árið 1861 var lagt fyrir alþingi frumvarp til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi[1], og var það byggt á frumvarpi til íslenzkra hjúalaga, er nefnd sú hafði samið, er skipuð var í Reykjavík 1855. Í álitsskjali[2] sínu um málið fór þingið fram á, að frumvarpi stjórnarinnar yrði breytt eptir frumvarpi, er þingið sendi með áliti sínu, og voru í því gjörðar töluverðar breytingar á ymsum köflum í stjórnarfrumvarpinu. Var því næst samið nýtt frumvarp[3] til hjúalaga og lagt fyrir alþingi árið 1863; hafði stjórnin í því fallizt á mörg af þeim atriðum, þar sem frumvarp alþingis var frábrugðið hinu fyrra frumvarpi stjórnarinnar, en aptur voru sumar uppástungur alþingis svo lagaðar, að stjórninni fannst hún ekki geta tekið þær til greina. Í álitsskjali[4] sínu um þetta hið nýja frumvarp stjórnarinnar fór þingið fram á, að hjúalagafrumvarp, er það hafði samið og fylgði álitsskjalinu, væri gjört að lögum. En með því að þetta frumvarp alþingis í öllum aðalatriðum ekki var annað en ítrekun frumvarps þess, sem það hafði samið 1861, og sem stjórnin hafði ítarlega sagt álit sitt um og að nokkru leyti hrakið í ástæðunum fyrir frumvarpi sínu 1863, og með því að það þókti ísjárvert að fallast á breytingar þær, sem þingið hafði gjört á sumum af aðalatriðum stjórnarfrumvarpsins, einkum á 1. og 2. gr., 7.—11. gr. og 19. gr., úrskurðaði konungur 9 dag júnímán. 1865, samkvæmt þegnlegum uppástungum dómsmálastjórnarinnar, að frumvarp það til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi, sem lagt hafði verið fyrir alþingi 1863, skyldi enn á ný borið

---

[1]) Smbr. Tíðindi frá alþingi 1861, A. viðbætir 3.—26. bls.
[2]) Smbr. Tíðindi frá alþingi 1861, 1765.—1792. bls.
[3]) Smbr. Tíðindi frá alþingi 1863, I, 5.—26. bls.
[4]) Smbr. Tíðindi frá alþingi 1863, I, 491.—520. bls.

undir álit þingsins á fundi þeim, er þá var fyrir hendi, og skyldi skýrt frá í brèfi til konungsfulltrúa, er hann gæti lagt fyrir þingið, hverjar af uppástungum alþingis stjórnin kynni að fallast á, og hverjum hún yrði eindregið að vera mótstæð. 1866. 26. janúar.

Samkvæmt þessu lagði konungsfulltrúi stjórnarfrumvarpið frá 1863 fyrir alþingi það, er haldið var 1865, og gjörði því kunnugt brèf dómsmálastjórnarinnar[1] um málið. Þingið ræddi síðan málið á lögskipaðan hátt og sendi stjórninni þegnlegt álitsskjal[2] um það, var í því beðið um, að frumvarpið með breytingum, sem vikið var á í álitsskjalinu, væri gjört að lögum. Álitsskjalið bar með sèr, að þingið hèlt fast við þær af hinum fyrri uppástungum sínum, sem dómsmálastjórnin hafði látið í ljósi, að hún mundi fallast á, en að það á hinn bóginn hafði sleppt uppástungum þeim, sem gjörðar voru í 7.—9. gr. og 11.—13. gr. alþingisfrumvarpsins fra 1863 og breytingaruppástungunni við 19. gr. stjórnarfrumvarpsins, en þær hafði dómsmálastjórnin aftekið að fallast á. Ágreiningsatriðin milli frumvarps stjórnarinnar og þingsins voru því nú ekki orðin önnur en þessi:

a. 1. grein frumvarpsins, er alþingi stakk uppá að væri þannig orðuð: „Hver maður, sem er fullra 16 ára að aldri, má að lögum ráða sig hjú, þó með ráði og vilja sóknarprests síns, sè hann ófermdur. Vistarráðum þeirra, sem yngri eru en 16 ára, ráða foreldrar eða aðrir forráðamenn". En í stjórnarfrumvarpinu stendur: „Hver maður, sem er fullra 18 ára að aldri, má að lögum ráða sig hjú. Vistarráðum þeirra, sem yngri eru en 18 ára, ráða foreldrar eður aðrir forráðamenn, en þeir geta veitt þeim, er hlut á að máli, myndugleik til að gjöra það sjálfur".

b. 2. grein frumvarpsins. Í stjórnarfrumvarpinu var hún svo látandi: „Það er komið undir samkomulagi, hversu lengi vistarráðin skuli vara; þó skulu engin vistarráð gilda lengur en eitt ár í senn. Nú er enginn vistartími til-

---

[1]) Brèfið er prentað á 181.—186. bls hèr að framan.

[2]) Smbr. Tíðindi frá alþingi 1865, II, 506.—522. bls.

1866. 26. janúar.

tekinn, þá ber svo að álíta, að vistarráðin hafi verið gjörð fyrir eitt ár, þannig að þeim sè lokið á næsta almenna hjúaskildaga á eptir, nema samningurinn hafi verið endurnýjaður". En alþingi stakk uppá, að hún væri orðuð þannig: „Engin vistarráð skulu vera bindandi til lengri tíma en 12 mánaða í senn; en gild skulu vistarráð, þótt skemur sè um samið, þó því að eins, að þau standi til næsta hjúaskildaga á eptir."

c. 5. grein frumvarpsins. Í frumvarpi stjórnarinnar var hún þannig orðuð: „Nú er hjú ráðið í vist árlangt, og hefir hvorki hjúið nè húsbóndinn sagt lausri vistinni, þá má hjúið eigi ráða sig í vist hjá öðrum húsbónda fyrir jól. Ef brotið er á móti þessu, þá eru ekki einungis hin nýju vistarráð ógild, heldur skal og sá húsbóndi sekur um 5—10 rd., sem hefir ráðið það til sín, þótt hann vissi, að ekki var enn búið að segja upp frá næsta hjúaskildaga á eptir vistarráðum þess við hinn fyrri húsbónda." Í álitsskjali þingsins er greininni breytt þannig: „Ef hjú ræður sig hjá öðrum manni fyrir jól, þá skulu þau vistarráð ógild, nema húsbóndi eða hjú hafi látið hitt vita, að það eigi vili endurnýja vistarráðin fyrir næsta ár. Ef maður ræður vísvitandi annars hjú, þá verður hann um það sekur 5—10 rd."

d. Hin nýja 10. grein. Hún var í álitsskjali þingsins eins og 11. grein í hinu fyrsta frumvarpi stjórnarinnar, nema að þingið stakk uppá, að þessum orðum í enda greinarinnar: „þá greiði hann hjúinu helminginn af kaupi því, er því var heitið í annari vist, er það átti að fara í, og matarverð til fardaga", sè breytt þannig: „þá greiði hann hjúinu allt það kaup, er því var heitið í þeirri vist, er það átti að fara í, og matarverð fyrir vistartíma þann, sem um var samið."

e. Fyrsti liður í 19. grein stjórnarfrumvarpsins, en hann er svo látandi: „Hjú eru undir húsaga, karlmenn þangað til þeir eru orðnir 18 ára að aldri, og konur þangað til þær eru orðnar 16 ára." Honum hefir alþingi breytt þannig

„Hjú eru undir húsaga, þangað til þau eru orðin 16 ára." Sem ástæðu fyrir breytingu sinni á 1. grein stjórnarfrumvarpsins ítrekaði þingið að eins það sem það hafði sagt 1861 og 1863, að eptir íslenzkum lögum, einkum fátækrareglugjörðinni 8. janúarmán. 1834, 7. gr., opnu brèfi 6. júlímán. 1848 og tilskipun 30. aprílmán. 1824, 3. gr. 1. lið, samkvæmt almennri og fastri rèttarvenju og rèttarmeðvitund landsmanna, sèu menn bærir að ráða sèr sjálfir þegar þeir sèu 16 ára, en kom ekki fram með nein önnur rök fyrir þessari skoðun sinni, en þau, sem búið var að hrekja í ástæðunum fyrir frumvarpi því, er lagt var fyrir alþingi 1863, og í brèfi dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa, dags. 12. júnímán. 1865. Konungsfulltrúi lagði fastlega á móti því í álitsskjali sínu um málið, að fallizt væri á þessa breytingu, með því að hann álítur ástæður alþingis fyrir henni þýðingarlausar. Dómsmálastjórnin var einnig fyrir sitt leyti á því máli, að þar sem alþingi fer því fram, að 18 ára aldurstakmarkið í 1. grein stjórnarfrumvarpsins sè nýr ákvörðun, er ekki sè samkvæm nú gildandi lögum, þá sè sú skoðun á engum rökum byggð, því að eptir þeim lögum, er nú gilda á Íslandi, er 18 ára aldurinn aldurstakmark bæði fyrir því, að menn verði bærir að ráða sèr sjálfir og eins fyrir því, að menn verði fjár síns ráðandi, þar sem tilskipun 31. desembermán. 1834 beinlínis hefir löggilt á Íslandi 3. bókar 17. kapítula í dönsku lögum, og ákvörðunin í tilskipuninni, er að þessu lýtur, ber með sèr, að menn áður höfðu verið í efa um, hvort 3—17 gilti á Íslandi, en tilgangur hennar var að draga af allan efa um það. Þess má einnig geta, að 18 ára aldurinn áður var aldurstakmark fyrir að geta ákveðið um ýmislegt, er snertir mann sjálfan, t. a. m. að geta skorið úr, hvort áfrýja eigi dómi, sem dæmir í líkamlega refsingu, smbr. tilskipun 2. nóvembermán. 1798 og opið brèf 3. júlímán. 1822. En með því að alþingi enn sem fyr með miklum atkvæðafjölda hefir álitið bezt henta á Íslandi, að leyfa mönnum að ráða sig sjálfa í vist, þegar þeir eru 16 ára, og meira að segja þókt þetta breytingaratriði svo þýðingarmikið, að það til vara hefir beðið um, að málinu verði frestað fyrst um sinn, ef breytingin ekki verði tekin til greina, þá fannst

1866. 26. janúar.

1866. 26. janúar. stjórninni ekki vera nægar ástæður til að hafna tillögum alþingis um þetta atriði, og það því síður, sem það í sjálfu sèr ekki er svo mikils varðandi. En þó látið hafi verið eptir alþingi í þessu, þá flýtur enganveginn af því, að sú grundvallarregla sè viðurkennd, að menn, sem eru 16 ára gamlir, sèu yfirhöfuð að tala bærir að ráða sjálfum sèr, heldur verður þessi ákvörðun sèrstök undantekning frá þeirri aðalreglu, að 18 ára aldur annars er skilyrði fyrir að ráða sèr sjálfur.

Hvað breytinguna á 2. grein stjórnarfrumvarpsins snertir, hefir þingið ítrekað allar þær ástæður, sem til eru færðar í álitsskjali þess 1863, og einkum lagt áherzlu á, að 12 mánaða vistarráðin, sem hin almenna reglan, eigi að styðjast bæði við ómuna rèttarvenju og fasta og almenna rèttarmeðvitund, og jafnframt við hreina og beina nauðsyn, eptir því sem á stendur á Íslandi. Enn fremur tók þingið fram, að ef 2. grein væri gjörð að lögum, eins og hún er í frumvarpinu, þá mundi verða erfiðara að skera úr, hvort maður hafi áunnið sèr framfærslurètt á sveit, með því að eiga þar heima um hinn lögákveðna áratíma samfleytt. Því þegar hinn lögákveðni vistartími er eitt ár, má æfinlega sjá á sóknarmanntali hlutaðeiganda prests, hvar hjúið hafi átt heima; en ef ekkert er ákveðið í lögunum um, hversu langur vistartíminn eigi að vera, þá fáist engin vissa fyrir, hvar hjúið hafi átt heimili, af manntalinu, þar sem það að eins er tekið einu sinni á ári. Þó að nú dómsmálastjórninni ekki gæti þókt þessar ástæður alþingis þýðingarmiklar, og hún enn sem fyr hlyti að vera á því máli, að breyting sú, sem þingið stakk uppá, gjörði óeðlilega takmörkun á samningsfrelsi manna, virtist ekki vera nægilegt tilefni til að halda fram ákvörðun frumvarpsins um þetta atriði, sem í sjálfu sèr ekki er mjög mikils varðandi, gegn eindregnum mótmælum alþingis.

Það þókti ekki vera ástæða til að neita, að taka breytingar þær til greina, sem til færðar eru í staflið „e" og „d", og breytingin í staflið „e" er svo nátengd breytingunni á 1. grein, að þær hljóta að vera samfara.

Að endingu skal þess getið, að orðabreyting sú, sem alþingi hafði gjört í 11. grein fyrsta stjórnarfrumvarpsins (10. gr.

alþingisfrumvarpsins), en hún er sú, að þessum orðum í upp- 1866.
hafi greinarinnar: „Ef húsbóndi á ólöglegan hátt heldur hjúi 26. janúar.
kyrru í vist hjá sèr eptir skildaga" sè breytt í: „Ef húsbóndi með lokkunum, hótunum eður á annan ólöglegan hátt heldur hjúi kyrru í vist hjá sèr eptir skildaga", sumpart er óþörf og sumpart getur ollað misskilningi, og að því þókti rèttast, að láta greinina halda sèr eins orðaða, og verið hafði frá upphafi.

---

9. Reglugjörð um að gjöra verzlunarstaðinn Ísafjörð að kaupstað og um stjórn bæjarmálefna þar[1]. 26. janúar.

Vèr Kristján hinn Níundi o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt til reglugjörðar um að gjöra Ísafjörð að kaupstað og um stjórn bæjarmálefna þar, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Verzlunarstaðurinn Ísafjörður, — þar með talin öll Skutulsfjarðareyri og preststssetrið, sem á eyrinni stendur, — skal hèðan í frá vera bæjarfèlag og lögsagnarumdæmi sèr, og nefnast kaupstaður.

Bæjarfógetinn og fulltrúar kaupstaðarins skulu í sameining hafa á hendi alla stjórn þeirra bæjarmálefna, sem eigi eru undanskilin með öðrum ákvörðunum, undir tilsjón amtmannsins yfir vesturamtinu og yfirstjórn viðkomandi stjórnarráðs.

Sambandi því, sem verið hefir millum Ísafjarðar verzlunarstaðar og Eyrar hrepps, skal þess vegna hèr eptir vera slitið, og skal fè því, er verzlunarstaðurinn og hreppurinn nú eiga í sameining, og hreppsþyngslum öllum skipt til helminga milli bæjarins og hreppsins. Skipti þessi skulu gjörð af sýslumanninum í Ísafjarðar sýslu, öllum bæjarfulltrúunum og jafnmörgum mönnum úr Eyrar hrepp, sem allir búendur í hreppnum, er

[1]) Smbr. Tíðindi frá alþingi 1865 II. 86.—98. bls., og 229.—230. bls.

1866. 20. janúar. gjalda nokkuð til sveitar, kjósa með atkvæðafjölda á kjörfundi fyrir sýslumanni.

2. grein.

Fulltrúar Ísafjarðar kaupstaðar skulu vera fimm; þeir skulu kosnir af bæjarbúum þeim, sem kosningarrètt hafa samkvæmt þessari reglugjörð.

3. grein.

Kosningarrètt hafa, með þeim undantekningum, sem gjörðar eru í 5. grein, allir fullmyndugir menn, sem ekki eru öðrum háðir sem hjú, og hafa verið búfastir í kaupstaðnnm síðasta árið, þegar þeir að minnsta kosti borga 2 ríkisdali í bæjargjöld á ári.

4. grein.

Kjörgengur er hver sá, sem kosningarrètt hefir eptir næstu grein á undan.

5. grein.

Enginn sá getur tekið þátt í kosning bæjarfulltrúa, eða orðið fyrir kosning, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það brot, sem svívirðilegt er að almennings áliti, eða ákærður hefir verið um slíkt brot, nema hann með dómi, er eigi verður raskað, hafi verið dæmdur alsýkn sakar; eigi heldur sá, sem settur er undir fjárgæzlu annara, eða ef bú hans er tekið upp sem þrotabú, eða sè nokkurt það mál honum á hendi, að tekin sèu fyrir þá skuld af honum öll fjárforráð að lögum.

Feður og afkomendur mega eigi eiga setu í bæjarstjórninni í senn.

Sá, sem kjörinn er bæjarfulltrúi, skal eigi víkja úr fulltrúa sæti, þó hann síðar missi þá hæfilegleika, sem kjörgengi er bundið við eptir 3. og 4. grein; en komi eitthvað það fyrir, sem eptir þessari grein (5. grein) gjörir mann óhæfan til bæjarfulltrúa, skal honum fyrst um sinn bægt frá fulltrúastörfum, þangað til hindranin er horfin, eða hún er orðin viðvarandi. Bæjarfógetinn og bæjarfulltrúarnir eiga að skera úr öllu því, er að þessu efni lýtur, er nú var sagt, og eins þegar einhver af bæjarfulltrúunum annars verður sekur að slíkum yfirsjónum, að hann hlýtur að víkja úr fulltrúasæti; þó á sá, er hlut á að máli, kost á að bera málið undir æðri yfirvöld.

6. grein. 1866.

Bæjarfulltrúarnir skulu kosnir fyrir 5 ár. Af þeim, sem kjörnir 26. janúar.
eru í fyrsta skipti, skal einn fara frá að ári liðnu og síðan einn á ári, og skal það vera komið undir samkomulagi, en verði því eigi á komið, skal hlutkesti ráða. Ef einhver fulltrúi fer frá, hverjar helzt sakir sem til þess eru, áður 5 ár eru liðin frá kosning hans, skal þegar kjósa annan í hans stað, og hefir sá fulltrúasýslu á hendi að eins um þann tíma, er vantaði uppá, að hinn hefði verið 5 ár, er frá fór. Fari einhver fulltrúi frá hina 6 síðustu mánuði ársins, má fresta kosning til þess á aðalkjörfundi. Kjósa má jafnan þann að nýju, er frá fer, en hafi hann gegnt fulltrúastörfum í 3 ár eða lengur, er hann eigi skyldur að takast þá sýslu á hendur aptur, fyr en eptir jafnlangan tíma, og hann hafði áður verið fulltrúi. Svo má og hver sextugur maður eða eldri skorast undan fulltrúakosning.

7. grein.

Fulltrúakosningar skulu fram fara einhvern hinn fyrsta virkan dag eptir nýjár, nema þegar svo stendur á, að kjósa þarf misreitis. Svo skal kosning undir búa, að skrá sè samin um þá, sem kosningarrètt hafa; þá skrá skal kjörstjórnin semja, en þessir eru kjörstjórar: í fyrsta sinn bæjarfógetinn á Ísafirði og 2 menn af Ísafjarðarbúum, er hann til þess kveður; en upp frá því eru kjörstjórar: bæjarfógetinn, oddviti fulltrúanna og einn fulltrúanna, er þeir sjálfir til þess kjósa. Þegar semja skal kjörskrá, skal bæði gjaldkeri bæjarins og aðrir bæjarfulltrúar vera kjörstjórninni til aðstoðar, ef þörf gjörist. Skráin skal liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis á hentugum stað, um 14 daga á undan kjördegi. Mótbárur gegn kjörskránni, sem lúta að því, að nokkur sè vantalinn, á að tilkynna bæjarfógeta að minnsta kosti 3 dögum á undan kjördegi, svo að kjörstjórnin geti þann dag lagt úrskurð sinn á málið; en að öðrum kosti missir hlutaðeigandi rètt sinn í því efni.

Hið fyrsta sinn skal kjósa bæjarfulltrúa svo fljótt sem verður, eptir að reglugjörð þessi er birt á Ísafirði, en þó skal telja sýslutíma þeirra frá næsta nýjári á eptir.

1866. 26. janúar.

8. grein.

Formaður kjörstjórnarinnar skal boða stað og stund, er kosningar skulu framfara, að minnsta kosti 8 dögum á undan með auglýsingarbréfi; skal kjörfundurinn haldinn fyrir opnum dyrum; skulu þá allir kjósendur, er neyta vilja kosningarréttar síns, koma sjálfir á kjörfund, og lýsa því yfir munnlega fyrir kjörstjórninni, hvern þeir vili kjósa.

Þegar allir þeir, er kjósa skulu, hafa átt kost á að gefa atkvæði sín og þau eru bókuð, les formaður kjörstjórnarinnar upp öll atkvæðin, en hinir tveir kjörstjórarnir rita þau upp og telja saman. Þann skal nefna kjörinn fulltrúa, sem hlotið hefir flest atkvæði. Nú hafa tveir eða fleiri jafnmörg atkvæði, og skal þá hlutkesti ráða.

9. grein.

Þegar kjósa á fleiri en einn fulltrúa, skal hver þeirra kjörinn sèr í lagi, á þann hátt sem áður er fyrir mælt.

10. grein.

Ef sá, sem kjörinn er fulltrúi, ber upp afsökun nokkra, metur kjörstjórnin hvort hún sè gild, og verði það atkvæði meiri hluta kjörstjórnarinnar, skal kjörstjóri boða til annars kjörfundar innan 8 daga, til að kjósa að nýju. Nú telur kjörstjórnin afsökun hans ónóga, en hinn kosni vill þó eigi gangast undir kosning, þá á hann að skora á kjörstjórnina að bera málið undir amtmann, og sker þá amtmaður tafarlaust úr.

Þyki það vafasamt, annaðhvort af þeim mótbárum, sem fram hafa komið frá einhverjum, sem hlut á að máli, eða þyki kjörstjórninni sjálfri vera vafi á því, hvort atkvæðafjöldi sè fyrir einhverri kosning, eða ekki, eða verði að öðru leyti mótmæli gjörð gegn lögmæti kosningarinnar, á kjörstjórnin að leggja úrskurð á málið og til greina ástæður fyrir þeim úrskurði; sá úrskurður sè síðan tafarlaust sendur amtmanni, og skal hann, ef honum virðist eigi hafa verið löglega að farið um kosninguna, gjöra þá ákvörðun, er með þarf í því efni. En þó enginn slíkur vafi sè um lögmæti kosningarinnar, á þegar í stað að senda amtmanni skýrslu um kosninguna; þyki þá amtmanni eigi að síður vafasamt, hvort kosning sè lögmæt, á hann að leggja málið

undir úrskurð hlutaðeigandi stjórnarráðs; þó er honum heimilt að gjöra kosninguna ógilda að sinni með úrskurði sínum, þyki honum ísjárvert að láta hana haldast, þangað til úrskurður stjórnarráðsins verður fenginn. Finni amtmaður engan galla á kosningunni, þá á hann að gefa kjörstjórninni það til vitundar svo fljótt, sem orðið getur. Þar að auki á sérhver, sem hefir nokkur mótmæli gegn kosningunni og einkum úrskurðum þeim, er hafa verið upp kveðnir um hana, að bera upp fyrir kjörstjórninni skriflega umkvörtun um það, áður 8 dagar séu liðnir frá því úrskurðurinn var upp kveðinn eða kosning fór fram, því annars verður slíkri umkvörtun enginn gaumur gefinn. Skal kjörstjórnin þegar senda amtmanni kvörtunina með áliti sínu, og leggur amtmaður þá úrskurð á, áður hálfur mánuður sé liðinn. Verði þá kosning ógild eptir úrskurði amtmanns, skal kjósa á ný. 1866. 26. janúar.

Ef sá, sem kosinn hefir verið bæjarfulltrúi, eða kjörstjórnin, eða einhver annar, sem hlut á að máli, ekki er ánægður með úrskurð amtmanns um eitthvað af því, sem um er rædt í þessari grein, þá má bera málið undir hlutaðeigandi stjórnarráð.

11. grein.

Sá, sem kosinn er fulltrúi, sendir bæjarfógeta skriflegt heit, og skuldbindur hann sig í því, samkvæmt borgaraeiði sínum, en hafi hann eigi svarið borgaraeið, lofar hann með eiði, að gegna dyggilega öllum þeim skyldum, er staða hans leggur honum á herðar, bæði við konung og fósturjörð sína, og einkum við félag það, er hefir kosið hann til að taka þátt í stjórn bæjarmálefna sinna.

12. grein.

Við byrjun hvers árs kjósa fulltrúar úr flokki sjálfra sín oddvita og varaoddvita; ræður þar atkvæðafjöldi. Fulltrúar skulu eiga með sér fundi eptir því, sem þeir koma sér saman um, hversu tíðir skuli vera, en auk þess kveður oddviti til funda endrarnær, er honum þykir nauðsyn til bera, eða tveir fulltrúar heimta. Oddviti skal, að því leyti unnt er, auglýsa fulltrúunum fyrirfram, hver málefni skuli rædd á fundum þeirra, en að öðru leyti á hver fulltrúi rètt á að bera upp á fundi hvert það málefni, er honum þykir nauðsyn til bera. Oddviti stýrir fundum

1866. 26. janúar. og sèr um, að allt, sem þar er ákveðið, sè rètt bókað og annast um afgreiðslu þess. Þegar svo stendur á, að jöfn eru atkvæði, skulu þeir ráða, er oddviti fylgir að. Þrír skulu fulltrúar að minnsta kosti vera á fundi, ef nokkurt mál á að geta ráðizt til lykta. Jafnan skulu allir þeir fulltrúar, sem viðstaddir eru, rita nöfn sín undir fundabókina.

13. grein.

Bæjarfulltrúar skulu eiga þátt í stjórn allra þeirra málefna, sem snerta eignir og stofnanir, tekjur og gjöld bæjarins, og eigi eru með neinni sèrstakri lagaákvörðun undanskilin venjulegri bæjarstjórn; má því bæjarfógetinn ekkert kveða á um bæjarmál án þeirra samþykkis. Nú verður meiri hluti fulltrúa eigi á sama máli og bæjarfógeti, skal hann eiga fund við þá og ræða við þá um málið; verði þá meiri hluti fulltrúa enn eigi á sama máli og hann, má skjóta málinu undir úrskurð æðra yfirvalds. Það er sjálfsagt að telja það álit allra fulltrúa, er meiri hlutinn fellst á.

14. grein.

Hvenær sem leitað er álits bæjarfógeta um eitthvað, er snertir hagi kaupstaðarins, þá á hann annaðhvort að yfirvega það mál með bæjarfulltrúunum í sameining, eða fá um það sèrstaklegt álit þeirra, og ber þá ávallt að senda það með álitsskjali bæjarfógeta. Fulltrúar mega og sjálfir bera upp til umræðu sèrhvert það málefni, er snertir hagi kaupstaðarins, og er það skylda bæjarfógeta, þegar fulltrúarnir koma fram með einhverja uppástungu, að kveða upp um hana skriflegan úrskurð, ef þeir krefjast þess. Nú eru bæjarfulltrúarnir eigi ánægðir með, hver úrslit málið hefir fengið í úrskurði þessum, þá geta þeir heimtað, að það sè borið undir æðra yfirvald, ásamt áliti þeirra og bæjarfógeta því til skýringar, ef þörf gjörist.

15. grein.

Í öllum þeim málum, er snerta þurfamenn, uppeldi og uppfræðing barna, hefir hlutaðeigandi prestur sæti og atkvæði á fundum fulltrúanna.

16. grein.

Í byggingarnefnd þá, er sett mun verða á Ísafirði, skulu

bæjarfulltrúar kjósa 4 menn, og skulu 2 þeirra vera úr flokki fulltrúanna. 1866. 26. janúar.

17. grein.

Fulltrúar skulu ásamt bæjarfógeta kjósa bæjargjaldkera; skal hann skyldur að hafa starf sitt á hendi að minnsta kosti um 3 ár, nema aðberi einhver þau atvik, er aptri honum frá því, eða bæjarfógeta og fulltrúum þyki ráðlegra að fá öðrum manni sýslu hans í hendur, áður en sá tími sè liðinn; nú verða bæjarfógeti og fulltrúar eigi á eitt sáttir um ákvarðanir þær, er snerta kosning gjaldkera o. s. frv., skal málinu skotið til amtmanns úrskurðar.

18. grein.

Reikningsárið er frá fardögum til fardaga.

19. grein.

Fulltrúar skulu ásamt bæjarfógeta á hverju ári fyrir 20. dag janúarmánaðar semja áætlun um útgjöld þau, er líklegt þykir, að bærinn muni þurfa að greiða næsta fardagaár, hvort heldur er til forlagseyris þurfamönnum bæjarins, eða til annara bæjarþarfa. Í áætluninni skal og skýrt frá fè því, sem til er, til að borga með gjöldin, án þess skattur sè lagður á bæjarbúa. Þegar allar slíkar tekjur eru taldar, skal jafna tveim fimmtu hlutum af gjöldum þeim, sem þá eru eptir, til hinna eiginlegu bæjarþarfa, á hús og lóðir bæjarmanna þannig, að 5 sjöttungum skal jafna á húsin eptir ferhyrningsmáli grundvallarins; en einum sjöttung á maturtagarða og aðrar útmældar lóðir, sömuleiðis eptir ferhyrningsmáli; en þrem fimmtungum þess fjár, sem þarf til hinna eiginlegu bæjargjalda, og því fè, sem þarf til forlagseyris þurfamönnum, skal jafna niður á alla bæjarbúa eptir efnum þeirra og ástæðum.

Beri ekkert það að höndum, að líklegt megi þykja, að útgjöldin eða tekjur þær, sem til eru upp í þau, verði meiri eða minni en árið næst á undan, skal hvorttveggja jafnhátt sett. Áætlunarskráin skal send amtmanni, og þyki honum í henni ekkert athugavert, ritar hann það á hana og sendir hana aptur. Að öðrum kosti birtir hann bæjarstjórninni þær athugasemdir, er honum þykir að gjöra þurfi, og skal jafnan farið

1866. 26. janúar.

eptir þeim athugasemdum það ár, er áætlunarskráin nær yfir; en eigi þær að gilda um lengri tíma, og bæjarstjórnin þykist eigi geta kannast við, að þær séu réttar, er hún skyld, áður mánuður sé liðinn, að rita amtmanni um það, og sendir hann þá málið hlutaðeigandi stjórnarráði til úrlausnar.

20. grein.

Ef amtmaður gjörir engar athugasemdir um áætlunarskrána, eða ef öllu er komið fyrir svo sem athugasemdir hans bentu til samkvæmt 19. gr., skal fé því, er safna á með álögum á bæjarbúa, jafnað niður á skattskylda menn. Ber þá að jafna niður í einu lagi á hvern skattskyldan mann öllum þeim gjöldum, sem greiða á eptir sameiginlegum mælikvarða; þó skal þess gætt, að þeim, sem að lögum eru lausir við að greiða gjaldtegund nokkra, sem talin er meðal annara gjalda, má eigi gjöra meira en þeim ber að greiða í önnur gjöld, samkvæmt reglum þeim er gilda.

Allir bæjarfulltrúar ásamt gjaldkera bæjarins jafna niður gjöldunum á kaupstaðarbúa. Niðurjöfnunin skal fullgjörð fyrir lok maímánaðar; því næst skal niðurjöfnunarskráin, ásamt áætlunarskránni, liggja á hentugum stað öllum til sýnis í 3 vikur, að minnsta kosti 3 stundir á degi hverjum; skal það opinberlega birt, hvenær hún sé lögð fram og hvar; og um hvert leyti dags hún sé öllum til sýnis. Öllum gjöldum skulu greiðendur hafa lokið á Mikjálsmessu.

21. grein.

Þyki einhverjum eitthvað aðfinningarvert við niðurjöfnunina, á hann að bera sig upp um það við bæjarfógeta áður sá tími sé liðinn, sem niðurjöfnunin liggur til sýnis, því annars verður slíkri umkvörtun enginn gaumur gefinn. Bæjarfógetinn og bæjarfulltrúarnir leggja úrskurð á málið; en sé kærandi eigi ánægður með úrskurð þenna, er honum frjálst að láta bæjarstjórnina bera málið undir úrskurð amtmanns.

22. grein.

Ef útgjöld bera að, sem ekki er gjört ráð fyrir í áætlunarskránni það ár, skal um þau gjöra skýrslu eins og boðið er í 19. grein um áætlunarskrána, og skal í öllu, er útgjöld þessi

snertir, farið að á þann hátt, sem ákveðið er í þeirri grein. 1866.
En nemi gjöld þau, sem eigi hefir verið gjört ráð fyrir í áætl- 26. janúar.
unarskránni, eigi meiru en 50 ríkisdölum, þá þarf eigi að gjöra um þau sérstaklega skýrslu, og skal þá jafna þeim niður með gjöldum næstkomanda árs.

23. grein.

Bæjarsjóðurinn skal geymdur hjá gjaldkera, og skal hann, að minnsta kosti eitt sinn á hverjum 3 mánuðum, gefa bæði bæjarfógeta og fulltrúum nákvæma sjóðskýrslu, er sýni bæði hvað goldizt hafi í bæjarsjóð, og hvað úr honum hafi verið borgað. Eigi má bæjargjaldkeri neitt greiða úr bæjarsjóði, nema eptir ávísun frá bæjarstjórninni.

24. grein.

Fulltrúar, ásamt bæjarfógeta, skulu hafa nákvæma umsjón með fjárhag bæjarins. Þeir gæta þess, að skattar og aðrar tekjur bæjarins séu heimtaðar á réttan hátt og í tækan tíma og þær teknar lögtaki, ef þörf gjörist, svo og, að fénu sé varið til útgjalda bæjarins. Þyki reikningar gjaldkera eigi nógu skýrir, eða tekjur reynist óheimtar, eða gjöld ógreidd, er greidd skyldu vera, skulu þeir gjöra þær ráðstafanir, er nauðsyn ber til, til að hrinda því í lag, er áfátt þykir.

Allar ávísanir skulu fulltrúar undirskrifa á fundi.

Bæjarstjórnin skal leggja alla stund á, að öll störf þau, sem unnin eru á kostnað kaupstaðarins, séu vel af hendi leyst og með sem minnstum kostnaði; skal bæjarfógetinn hafa stöðugt eptirlit með slíkum störfum, en fulltrúarnir skulu skiptast á um að gæta þeirra, eptir því sem þeim þykir hentast, og sjá um að slík störf séu unnin sem haganlegast og í öllu samkvæmt því, sem upphaflega var á kveðið.

25. grein.

Þó bæjarfógeti og fulltrúar eigi rétt á að gjöra ályktanir bæjarins vegna um það, er fjárhagsefni snertir, með tilsjón þess yfirvalds, er til þess er skipað, þá verður að undan skilja þær ráðstafanir, sem eru öldungis sérstaklegar, eða miklu varða fyrir bæinn um langan tíma.

Til þessa má telja: að taka fé að láni eða lengja tíma

1866. 26. janúar. þann, er borga skal á lánsfè, sem þegar er fengið; að veita laun eða hækka þau, ef meiru nemur en 20 ríkisdölum; sömuleiðis eptirlaun, þegar þau nema meiru, en nú var sagt; að veita gefins fèstyrk, er meiru nemi en 30 ríkisdölum; að afsala fasteignir kaupstaðarins, og því einnig að úthluta kaupstaðarjörðum, svo að þær verði eign einstakra manna, er aptur á móti lúka á ári hverju ákveðnu gjaldi í bæjarsjóð; að byggja kaupstaðarjarðir um lengri tíma en 10 ár eða á annan hátt en við opinbert uppboð; að kaupa hús eða land undir kaupstaðinn; að færast í fang byggingarstörf, sem ekki verða framkvæmd nema auknar sèu álögur þær, er bæjarmenn um 3 undanfarin ár hafa goldið að meðaltali; að gjöra slíkar sættir, til að komast hjá málaferlum, að á kaupstaðinn leggist nokkur skuldbinding, eða slakað sè nokkuð til um rètt hans.

Þegar eitthvað af þessu kemur fyrir, svo að bæjarstjórnin eigi má skera úr, skal amtmaður, ef bráðs úrskurðar þarf við og bæjarstjórnin er því samþykk, og honum eigi heldur virðist það ísjárvert, hafa vald til að gjöra út um þessi mál; en að öðrum kosti á að senda hlutaðeigandi stjórnarráði málið til úrskurðar, með álitsskjölum allra, er hlut eiga að, og þar á meðal amtmannsins.

26. grein.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir allar tekjur og gjöld kaupstaðarins hið umliðna árið, og senda bæjarfógetanum fyrir lok júnímánaðar; lætur bæjarfógetinn reikning þenna liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis, og skal um þetta og um, hvernig slíkt sè birt, farið að á sama hátt og fyrir er mælt að framan í 20. grein um niðurjöfnunina. Reikningurinn sè því næst vandlega yfir farinn af skoðunarmanni, er kosinn sè af kaupstaðarbúum þeim, er samkvæmt 3. grein hafa kosningarrètt; skal hann kjörinn á sama hátt og fulltrúarnir, og hafa það starf á hendi um 5 ár einsog þeir. Skoðunarmaður skal hafa lokið rannsókn sinni á reikningnum innan mánaðar frá því hann fèkk hann. Þegar gjaldkeri er búinn að svara athugasemdum hans, en það skal hann hafa gjört innan hálfs mánaðar, skal reikningurinn, ásamt athuga-

semdum skoðunarmanns og svari gjaldkera, sendur til amtmanns, og á hann að leggja úrskurð sinn á þær. 1866. 26. janúar.

Þegar búið er að endurskoða og leggja úrskurð á reikning gjaldkera, á að birta á prenti ágrip af honum, er bæjarfógetinn semi; á ágrip það að vera svo fullkomið, að til sèu greind sèr í lagi öll atriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað, Kaupmannahöfn 26. dag janúarmánaðar 1866.

---

10. Opið brèf um að stofna byggingarnefnd á kaupstaðnum Ísafirði[1]. 26. janúar.

Vèr Kristján hinn Níundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til opins brèfs um að stofna byggingarnefnd á kaupstaðnum Ísafirði, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Á kaupstaðnum Ísafirði skal stofna byggingarnefnd. Í henni skulu vera bæjarfógetinn og 4 menn, sem bæjarfulltrúarnir kjósa, og skulu 2 þeirra vera úr flokki fulltrúanna.

2. grein.

Nefndarmenn þeir, sem kosnir eru, skulu hafa starf sitt á hendi í 5 ár. Ef nokkur fer frá, einhverra hluta vegna, áður en 5 ár eru liðin, skal sá, sem kosinn er í hans stað, aðeins hafa starf sitt á hendi þann tíma, sem hinn átti eptir í nefndinni, þegar hann fór frá.

3. grein.

Nefnd þessi á hèr eptir samkvæmt tilskipun 17. nóvemberm. 1786 5. grein að taka til húsastæði til allra nýrra húsa, er byggja

[1]) Smbr. Tíðindi frá alþingi 1865 II, 99.—104. bls. og 230.—231. bls.

1866. 26. janúar.

skal, svo og til jurtagarða, ef enn virðist vera rúm fyrir þá á lóð kaupstaðarins. Síðan lætur bæjarfógetinn mæla hlutaðeigendum út lóðir þessar; eiga þeir svo að umgirða þær og nota innan tveggja ára; annars falla þær aptur til kaupstaðarins.

Til þess að kaupstaðurinn hèr eptir geti orðið byggður eptir ákveðinni reglu, ber nefndinni enn fremur að ákveða, hvar auð svæði megi vera, og hvar leggja skuli strætin; á bæjarfógetinn í því skyni að gefa nefndinni skýrslu um þær lóðir, er sýslumaðurinn áður hefir mælt út; skal nefndin svo rita þær í sèrstaka bók, og svo lóðir þær, er hún sjálf úthlutar. Kostnað þann, sem leiðir af að útvega bók þessa og aðrar þær embættisbækur, er nefndinni kynni þykja viðþurfa til að rita í gjörðir sínar og brèf, skal greiða úr bæjarsjóðnum.

4. grein.

Til þess að koma á betri reglu um húsabyggingar á kaupstaðnum og komast hjá hættu af húsbruna, ber nefndinni að gæta þess, er nú skal greina:

A. Ef nefndinni þykir þurfa að breiðka eitthvert stræti, eða þoka einhverju eldra húsi aptur á við, til betri varnar við húsbruna, eða til að fá greiðari veg um verzlunarstaðinn, þá skal sèrhver sá, sem úthlutuð hefir verið óbyggð lóð, er veit að stræti, skyldur til að láta af hendi svo mikið af lóð þessari, sem þurfa þykir til þess strætið verði nógu breitt, og skal einnig sá, er húsið á, vera skyldur til, þegar hann byggir upp húsið á ný, að færa það aptur á við eins og þarf; þó skulu þeir fá endurgjald fyrir það; skal nefndin meta það eptir stærð og verði alls byggingarsvæðisins og rýrnun þeirri, sem það hefir orðið fyrir, við það að af því hefir verið tekið eður hús flutt aptur á við, og skal greiða kostnað þann, sem af því rís, á sama hátt og gjöldin til hinna eiginlegu bæjarþarfa. Sè nokkur óánægður með endurgjald það, sem nefndin hefir ákveðið, getur hann lagt málið undir úrskurð amtmannsins.

B. Þess ber grandgæfilega að gæta, þá er byggð eru ný hús, þar sem áður var autt svæði, að þau hvergi nái saman við hús þau, sem í grennd eru, og skal ávallt vera 10

álna autt svið frá hinu nýja húsi að næsta húsi í grennd við það; þó má á þessu svæði byggja grindur eður aðrar girðingar, þær er skjótlega mætti niður brjóta ef húsbruni kæmi fyrir. 1866. 26. janúar.

C. Þegar byggja skal nýtt hús, á nefndin að ákveða takmarkalínu þess út til strætisins, og aðrar reglur, sem henni þykir þurfa að gæta við byggingarlag hússins bæði að utan og innan, til tryggingar mót húsbruna. Enn fremur ber nefndinni að gæta þess svo sem verður, að iðnaðarmenn þeir, er hafa þá atvinnuvegi, er óttast mætti að hljótast kynni húsbruni af, fái hússtæði á afviknum stöðum. Svo skal nefndin og hafa stöðugt gætur á öllum nýjum húsum, meðan þau eru í smíðum og sèr í lagi hæð undir loptum. Einnig á hún að hafa umsjón með aðalviðgjörðum á húsum og gæta þess nákvæmlega að þeir, sem hlut eiga að máli, hlýði grannt reglum þeim, sem þeim eru settar.

D. Sèrhver sá sem ætlar að byggja hús af nýju, eða breyta húsi, eða gjöra talsverðar umbætur á því, á, áður en hann byrjar á því, að gefa nefndinni það til vitundar, og fá skriflegar ákvarðanir hennar um það, hvort hann megi byggja, og eptir hverjum reglum, að því leyti sem snertir augnamið það, sem um er getið í greininni C hèr á undan.

E. Ef nokkur byrjar á húsasmíði, áður en þessa sè gætt, þá á bæði hann og meistari sá, er á hlut að máli, að greiða í bætur frá 5 rd. til 25 rd. til fátækra á þeim stað, eptir úrskurði lögregludómsins; hinn fyr nefndi verður einnig að sæta því, að húsið sè rifið niður á hans kostnað, að því leyti sem það eigi er lagað eptir þeim reglum, sem nefndin álítur að fylgja hefði átt við smíðið; og skal bæjarfógeti, ef hann kemst að því, að byrjað er á smíði nokkru, sem nefndin þarf að veita samþykki sitt til, en það hefir eigi verið útvegað, undir eins banna að halda því áfram. Sömu bætur skal sá og greiða, sem að öðru leyti gjörir sig sekan í broti gegn reglum þeim, sem nefndin hefur sett honum um byggingu eða viðgjörð húsa, samkvæmt því sem hèr að framan er ákveðið; þó má eptir malavöxtum lækka bæt-

1866. 26. janúar.

urnar allt að 2 ríkisdölum; má og rífa þann hluta hússins, sem eigi er lagaður eptir reglum þeim, er settar voru.

5. grein.

Það sem ákveðið er í reglugjörð þessari skal einnig gilda um hús þau á lóð kaupstaðarins, sem eru byggð með torfþaki og torfveggjum, og jurtagarða þá, er til þeirra heyra, að því leyti sem það getur við átt.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað, Kaupmannahöfn 26. dag janúarmánaðar 1866.

---

9. febrúar.

11. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um laun málafærslumanna við landsyfirrèttinn.

Þèr hafið, herra stiptamtmaður, með brèfi dagsettu 21. októbermán. f. á. sent hingað brèf frá landfógetanum á Íslandi, þar sem hann biður um samþykki dómsmálastjórnarinnar til þess, að hann hefir borgað hinum settu málafærslumönnum við landsyfirrèttinn, Jóni Guðmundssyni og Páli Melsteð, laun fyrir ágúst og september mánuði f. á. úr dómsmálasjóði Íslands, jafnvel þó að tímabil það, sem tiltekið var í brèfi dómsmálastjórnarinnar 22. janúarmán. 1862 að borga mætti launin, væri á enda með júlímánuði, er leið. Um leið og þèr hafið getið þess, að dómsmálasjóðurinn um næstu ár muni vera eins vel fær um að bera kostnað þenna eins og að undanförnu, og að yður hinsvegar ekki geti annað en þókt ísjárvert, nú sem stendur, að ákveðið sè fyrir fullt og fast, að greiða skuli fè þetta framvegis úr dómsmálasjóðnum, hafið þèr stungið uppá, að veitt sè leyfi til að borga megi laun þessi úr dómsmálasjóði Íslands um næstu 4 ár, til 31. desembermán. 1869, og stiptamtið sendi dómsmálastjórninni, áður en sá tími sè liðinn, skýrslu um, hvort sjóðurinn framvegis sè fær um að bera gjald þetta. Að síðustu hafið þèr beiðzt samþykkis stjórnarráðsins til þess, að málafærslu-

mönnunum hafa verið borguð laun frá 1. ágústmán. 1865 til 31. marzmán. 1866. 1866. 9. febrúar.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að dómsmálastjórnin fellst á uppástungur yðar, þær er getið er um hèr að framan.

---

12. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um húsastæði í „Grófinni“ í Reykjavík. 15. febrúar.

Eins og brèf yðar, herra stiptamtmaður, dagsett 4. nóvembermán. f. á., og fylgiskjöl þess bera með sèr, hefir Jónas Jónassen, verzlunarfulltrúi í Reykjavík, borið sig upp við yður útaf því, að byggingarnefndin þar, á fundi, er hún hèlt 18. septembermán. f. á., hafi neitað sèr um að taka til handa sèr húsastæði, er hann hafði beiðzt eptir að sèr væri mælt út í „Grófinni“, er svo er kölluð, og hann ætlaði til verzlunarhúsa, nema því að eins að bæjarstjórnin væri því samþykk. Því næst hafið þèr leitað álits bæjarstjórnarinnar um, hvort henni finnist nokkuð vera því til fyrirstöðu, að húsastæði þetta sè úthlutað, og hefir hún í svari sínu sagt, að bærinn megi ekki missa svæði þetta, því að það sè einasti skikinn af fjörunni fram undan bænum, sem hann eigi sjálfur, og hafi sjómennirnir í vesturenda bæjarins verið látnir fá það til að lenda þar og setja upp skip sín, og geti menn því ekki tekið það af þeim, nema þeim verði úthlutað eitthvert hentugt svæði annarstaðar; en ef samningur geti komizt á milli bæjarstjórnarinnar og ábúandans á Hlíðarhúsum um að búa til lendingu og uppsátur á Hlíðarhúsa lóð, eins og verið hefir í orði, og þá mætti láta Grófina af hendi til húsastæða, þá skuli Jónas Jónassen, verzlunarfulltrúi, að svo miklu leyti sem unnt er, vera látinn ganga fyrir öðrum til að fá það. Að síðustu hefir bæjarstjórnin sagzt vera fús á að úthluta honum aðra lóð til að byggja á, ef hann vili ekki bíða eptir því að samningur sá komist á, er nú var getið um. Með því yður ekki hefir þókt vera nægar ástæður til að breyta

1866. 15. febrúar. ályktun þeirri, er bæjarstjórnin hefir gjört um þetta, samkvæmt skilyrði því, er byggingarnefndin hafði sett, hefir Jónas Jónassen, verzlunarfulltrúi, farið þess á leit í bænarskrá, er hingað barst með brèfi yðar, að málefni þessu væri skotið til úrskurðar dómsmálastjórnarinnar.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að dómsmálastjórninni finnst ekki vera ástæða til að breyta úrskurði þeim, er þèr, herra stiptamtmaður, hafið lagt á málið, en þèr eruð beðnir um að stuðla til, að fyrirkomulag það, er bæjarstjórnin hefir vikið á, komist á sem fyrst.

---

16. febrúar. **13. Lög um, hvernig reikna skuli eptirlaun Helga G. Thordersens, biskups yfir Íslandi.**

Vèr Kristján hinn Níundi o. s. frv., Gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi, og Vèr staðfest þau með samþykki Voru:

Launaviðbót sú, 800 rdl. að upphæð, sem Helga G. Thordersen, biskupi yfir Íslandi, riddara dannebrogsorðunnar og dannebrogsmanni, ber samkvæmt 1. grein staflið B í lögunum frá 19. degi janúarmánaðar 1863 um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi, skal tekin til greina sem launaviðbót, er veitt hafi verið honum sjálfum, þá er hann fer frá embættinu og reiknuð verða út eptirlaun þau, sem honum bera.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað, Kaupmannahöfn 16. dag febrúarmánaðar 1866.

---

16. febrúar. **14. Lög um, að endurskoðuninni á lögunum frá 19. degi janúarmánaðar 1863, um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi, skuli skotið á frest.**

Vèr Kristján hinn Níundi o. s. frv., Gjörum kunnugt:

Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi, og Vèr staðfest þau með samþykki Voru: 1866. 16. febrúar.

Endurskoðuninni á lögunum frá 19. degi janúarmánaðar 1863 um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi, sem skipað er fyrir um í lögum þessum, skal skotið á frest þannig, að þau skulu endurskoðuð fyrir lok fjárhagsársins 1867—68.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað, Kaupmannahöfn 16. dag febrúarmánaðar 1866.

Ástæður fyrir lögum þessum:

Í 5. grein í lögunum frá 19. degi janúarmán. 1863, um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi, er svo fyrir skipað, að endurskoða skuli lög þessi í síðasta lagi fyrir lok fjárhagsársins 1865—66. Samkvæmt ákvörðun þessari lagði dómsmálastjórnin svo fyrir, að konungsfulltrúi gæfi alþingi, er haldið var í sumar er leið, færi á að íhuga málefni þetta og segja álit sitt um það, ef þinginu litist svo. Eptir að alþingi samkvæmt þessu hafði tekið málið til meðferðar á lögskipaðan hátt, sendi það stjórninni þegnlegt álitsskjal[1] sitt um það, og er aðalefni álitsskjalsins, að launabót sú og annað fè, sem embættismönnum á Íslandi var veitt með lögunum 19. jan. 1863, haldist framvegis eptir grundvallarreglunum í frumvarpi því, sem lagt var fyrir ríkisþingið 1862, og sem lög þessi voru byggð á, og að launabót þessi veiti eptirleiðis sama rètt til biðlauna og eptirlauna, sem föst embættislaun.

En eins og stjórninni hefir þókt bezt hlýða að leita samþykkis ríkisþingsins til þess, að endurskoðun þeirri, sem skipað er fyrir um í lögunum 31. marzmán. 1860 um laun embættismannanna í stjórnarráðum konungsríkisins, og í báðum launalögunum frá 19. febrúarmán. 1861, verði skotið á frest, eins hefir stjórnin álitið rèttast að stinga uppá, að sleppt sè nú sem stendur

[1]) Smbr. Tíðindi frá alþingi 1865 II, 523.—526. bls.

1866. 16. febrúar. að endurskoða lögin 19. jan. 1863. Eins og sjá má á álitsskjali nefndar þeirrar, er sett var í þjóðþinginu til að íhuga frumvarp stjórnarinnar til laga um laun handa ýmsum embættismönnum á Íslandi (sbr. Tíðindi frá 14. fundi ríkisþingsins, viðbæti B, 337. dálk), þókti ríkisþinginu ísjárvert, sökum óvissu þeirrar, er þá var um hvernig hagað yrði fjárhagssambandinu millum Íslands og Danmerkur, að fallast á frumvarpið í því formi, sem það kom frá stjórninni, heldur rèði það af að veita launabætur til bráðabirgða. En eptir því, hvernig alþingi tók í frumvarp það, er lagt var fyrir það á síðasta fundi þess, um breytingu á fjárhagssambandinu milli Íslands og hins hluta ríkisins, er óvissan um það enn hin sama, og það getur því ekki þókt tiltækilegt nú sem stendur að fara að endurskoða launaákvarðanir þær, er einmitt af þessari ástæðu voru settar til bráðabirgða. Þess vegna hefir þókt bezt við eiga að stinga uppá, að endurskoðuninni á launalögum þessum sè skotið á frest á sama hátt, og ákveðið hefir verið um hin launalögin, þannig, að hún fari fram fyrir lok fjárhagsársins 1867—68.

---

17. febrúar. **17. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um alþingistoll af eyðieyjunni Andríðsey og afgjaldi því, er þurrabúðarmenn í Brautarholti gjalda landsdrottni.**

Í brèfi dagsettu 20. októbermán. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að þegar stiptamtið hafi yfirskoðað alþingistollsreikninginn fyrir Gullbringu og Kjósar sýslu árið 1861, hafi það fundið að um Kjalarnes hrepp, að ekki hafi verið goldinn alþingistollur af arðinum af eyðieyjunni Andríðsey, sem liggur undir Brautarholt, og eigandinn sjálfur notar, en hefir byggt sjálfa jörðina, og að ekki hafi heldur verið goldinn alþingistollur af afgjaldi því, sem þurrabúðarmennirnir í Brautarholti gjalda landsdrottni; hafi tekjur þessar samtals verið virtar á 141 rd. 20 sk., og hefði átt að gjalda alþingistoll af þeim, 8 skildinga af hverjum ríkisdal, eða alls 11 rd. 74 sk.

Sama útásetning hafi verið gjörð um alþingistollsreikninginn árið 1862, og voru tekjur þessar þá virtar á 145 rd. 60 sk.; þá átti að gjalda $2\frac{1}{3}$ sk. af hverjum dal í alþingistoll, og þá af þessum tekjum alls 3 rd. 52 sk. Með því að eigandi Brautarholts hefir færzt undan að gjalda fé það, er á þenna hátt hefir verið gjörð útásetning um, hafið þér, herra stiptamtmaður, borið málefni þetta undir úrskurð stjórnarráðsins, og um leið sagt álit yðar um það á þessa leið: 1866. 17. febrúar.

1. Um skyldu eigandans til að gjalda alþingistoll af afgjaldi því, er hann fær af þurrabúðunum, sem byggðar eru í Brautarholti, eruð þér að vísu á því máli, að eptir réttum skilningi á reglugjörð dómsmálastjórnarinnar handa hreppstjórunum á Íslandi, dagsettri 18. júlímán. 1848, eigi að reikna alþingistoll af afgjöldum þessum, en að samt sem áður séu varla nægar ástæður til að halda fram kröfu um alþingistolls gjald í því tilfelli, sem hér ræðir um, af því að það líti svo út, sem ekki hafi verið venja í Kjalarnes hrepp að reikna þesskonar gjöld með, og að sér í lagi megi sýna fram á, að afgjöldin af þurrabúðunum í Brautarholti hafi ekki verið tekin með.
2. Um Andríðsey hafið þér tekið fram, að hún að vísu hafi ekki verið metin útaf fyrir sig, en af því að þar er æðarvarp, og eyjan gefur af sér talsvert af töðu, þá sé óhætt að segja, að hún sé mikill partur úr eign þeirri sem hún liggur undir. Það hafi heldur ekki að undanförnu sérstaklega verið tekið tillit til hennar, þegar alþingistollinum hafi verið jafnað niður, en að samt sé efalaust, að áður fyrri, meðan ábúandinn á heimajörðinni einnig hafði afnotin af eyjunni, þá hafi verið tekið tillit til hennar, þegar ákveðinn var alþingistollur af heimajörðunni, og að það því virðist vera öldungis rétt, að goldinn sé alþingistollur framvegis af eyjunni, þó hún ekki lengur sé byggð með heimajörðinni, en eigandinn hafi sjálfur afnotin af henni. En af því svo er að sjá, sem hreppstjórinn í Kjalarneshreppi og aðstoðarmenn hans hafi byggt virðingu sínu á arðinum af eyjunni á því, hversu mikið hún gefur af sér alls, en ekki tekið

1866. 17. febrúar. vinnukostnaðinn til greina, þá álítið þèr að færa eigi niður tekjurnar af eyjunni árið 1861 úr 115 rd. 12 sk. í 65 rd. 90 sk. og árið 1862 úr 114 rd. 16 sk. í 65 rd. 50 sk.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þèr gjörið ráðstafanir þær, er þörf er á, að dómsmálastjórnin fellst á uppástungur yðar um þetta efni, svo að eigandi jarðarinnar Brautarholts þarf ekki að gjalda neinn alþingistoll fyrir árin 1861 og 1862 af afgjaldi því, sem hann hefir fengið af þurrabúðunum í Brautarholti, en að honum aptur á móti ber að gjalda 5 rd. 48 sk. í alþingistoll af arðinum af Andríðsey fyrir árið 1861 og 1 rd. 57 sk. fyrir árið 1862. Því skal við bætt, að stjórnarráðið hefir skorað á hina amtmennina að skýra frá áliti sínu um, hvernig skera eigi úr spurningum sama efnis og þær, sem þèr hafið borið upp, og getið þèr búizt við seinna að fá ítarlegri úrskurð frá stjórnarráðinu um það.

---

20. febrúar. **16. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um fjárhagslögin fyrir fjárhags-árið 1866—67.**

(Þetta brèf er samhljóða brèfi dómsmálastjórnarinnar 18. marzmán. 1865 á 160. bls. hèr að framan.)

---

21. febrúar. **17. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi um, hvernig verja skuli leigunum af kollektusjóði Jóns Eiríkssonar.**

Í brèfi dags. 18. febrúarmán. f. á. skoraði kirkju- og kennslustjórnin á yður, háæruverðugi herra, ásamt með amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu, að taka til íhugunar og senda síðan stjórnarráðinu álitsskjal ykkar um það, hvort ekki þækti bezt henta að skipta eptirleiðis upp öllum leigunum, 260 rdl., af hinum svonefnda kollektusjóði Jóns Eiríkssonar, milli 3 eða 4 allralökustu brauðanna í norðurumdæminu, í stað

þess, eins og hingað til hefir gjört verið, að láta einungis skipta 150 rdl. af leigum þessum milli 9 eða 10 af lökustu prestaköllunum og bæta afganginum við innstæðuna. Með brèfi 12. septembermán. f. á. hafið þèr því næst sent hingað brèf þau, er farið hafa milli yðar og amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um þetta málefni, og stungið uppá, að öllum leigunum af kollektusjóði þessum eptirleiðis verði varið til að bæta þessi prestaköll í Hóla stipti hinu gamla: Grímsey, Þönglabakka, Knappstaði og Hvanneyri; þó svo, að prestarnir í hinum brauðunum, sem hingað til hafa fengið styrk af leigum þessum, haldi honum framvegis, meðan þeir eru prestar í þeim brauðum, en að styrkurinn hætti, undir eins og brauðin losna, og sè þá hvað eptir látinn ganga til þeirra 4 brauðanna, sem áður voru nefnd. 1866. 21. febrúar.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þèr gjörið ráðstafanir þær, sem þörf er á, að stjórnarráðið fellst á uppástungur yðar um málefni þetta. En af því að kollektusjóðurinn á nú í sjóði hjá gjaldkyra háskólans 83 rdl. 37 sk. í peningum, þykir rèttast að bæta við þessa peninga af leigunum, sem koma í gjalddaga 11. júnímán. þ. á., eins miklu og við þarf til að kaupa handa kollektunni enn þá eitt konunglegt skuldabrèf uppá 100 rdl., og verður innstæðan þá alls 6700 rdl., því nú er hún orðin 6600 rdl. Af þessu leiðir, að í ár verður ekki borgað meira en 240 rdl. alls til styrktar prestaköllunum í Hóla stipti, en síðar skal yður verða tilkynnt hversu miklu má verja til þessa að ári og framvegis. Það er vitaskuld, að þegar þessum 240 rdl. verður skipt niður, á að verja þeim 90 rdl., sem eru fram yfir þá 150 rdl., er hingað til hefir verið útbýtt, eingöngu handa þeim 4 brauðum, er að ofan eru nefnd, á þann hátt sem yður, háæruverðugí herra, og hlutaðeiganda amtmanni þykir bezt henta.

Að endingu skal því við bætt, að amtmanninum i norður- og austurumdæminu hefir í dag verið tilkynntur úrskurður þessi.

1866. 21. febrúar.

18. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um byggingu á húsi handa bókasafni Reykjavíkur skóla.

Eptir að kirkju- og kennslustjórnin hefir veitt Klentz timburmeistara færi á að kynna sèr athugasemdir þær, er þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, hafið gjört í brèfi 7. septembermán. f. á. um uppdrátt þann og áætlun, sem honum fylgir, um hús handa bókasafni Reykjavíkur skóla, og Klentz hefir búið til, höfum vèr smátt og smátt fengið frá honum ýmsar uppástungur um, hvernig byggja ætti hús þetta, og hafa uppdrættir til að sýna, hvernig húsið ætti að vera, fylgt uppástungunum. Hefir hann bæði tekið tillit til breytinga þeirra, er þèr í áðurnefndu brèfi yðar hafið æskt eptir að gjörðar væru á hinni fyrstu uppástungu hans, og líka til þess, að stjórnarráðið hafði látið í ljósi, að það efaðist um, að hús það, er hann hafði gjört áætlun um, yrði nógu stórt til þess sem það er ætlað. Með því að stjórnarráðinu nú finnst uppdráttur sá, er fylgir með brèfi þessu, og Klentz seinast hefir búið til, vera vel til þess fallinn, að húsið sè byggt eptir honum — hefir hann, einsog sjá má á brèfi hans 6. f. m., er einnig er með fylgiskjölum brèfs þessa, boðizt til að takast á hendur að smíða húsið eptir honum fyrir 7600 rdl. — og með því að stjórnarráðinu í öllu falli þykir ísjárvert að trúa Sverri Runólfssyni steinhöggvara, er þèr hafið getið um í brèfi yðar, fyrir að smíða húsið, og með því það að síðustu er mjög svo áríðandi bæði fyrir Klentz timburmeistara og til þess að húsið komist upp, að hann nú geti fengið að vita, hvort boði hans verður tekið, eða ekki, þá hefir stjórnarráðið í dag heitið honum, að honum skuli verða falið á hendur að taka að sèr að byggja hús þetta með þeim kostum, sem hann hefir boðið, þó með því skilyrði, að yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, ekki þyki vera neitt sèrlegt útá uppástungu hans að setja. Jafnframt og þèr því eruð beðnir að segja álit yðar um þetta, ef þèr getið með þessari ferð, þækti stjórnarráðinu líka vænt um að fá að

vita, hvort þèr vilið láta setja nokkra sèrstaklega skilmála í samning þann, er gjörður verður við Klentz um hússmíðið. 1866. 21. febrúar.

Enn fremur eruð þèr beðnir um að skýra stjórnarráðinu frá, hvaða samningur hafi verið gjörður um að leggja til grjót til hússins, eins og þèr hafið vikið á í brèfi yðar 3. nóvembermán. f. á., og skal þess um leið getið, að fè það, sem varið hefir verið eða eptirleiðis verður varið til þessa, einnig er fólgið í þeim 7600 rdl., sem getið er um hèr að framan.

---

19. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um umsjón stiptamtmannsins með vegabótum í Reykjavík. 21. febrúar.

Um leið og þèr, herra stiptamtmaður, í brèfi dags. 20. októbermán. f. á. hafið skýrt frá ásigkomulagi veganna í suðurumdæminu, og sent hingað skýrslur frá öllum sýslumönnunum, nema sýslumanninum í Skaptafellssýslu, um vegina í sýslum þeirra, hafið þèr sèrstaklega tekið fram um Reykjavíkur kaupstað, að bæjarstjórnin þar haldi þeirri skoðun fram, samkvæmt brèfi dómsmálastjórnarinnar 10. júlímán. 1863, að vegabótalögin 15. marzmán. 1861 verði ekki heimfærð uppá Reykjavík. En með því að þèr samt sem áður hljótið að álíta það sjálfsagt, að þèr sem amtmaður í suðurumdæminu eigið að hafa umsjón með vegunum í bænum, eins og öðrum vegum í umdæminu, og þèr ekki til fullnustu getið sèð um vegabæturnar, þó að þèr sem amtmaður í suðurumdæminu eigið að samþykkja fjárhagsáætlun bæjarins og yfirskoða reikninga hans á ári hverju, þá hafið þèr borið undir stjórnarráðið, hvort það geti ekki fallizt á þann skilning yðar á áðurnefndu brèfi þess 10. júlímán. 1863, að í brèfinu hafi einungis átt að taka fram, að ákvarðanirnar í vegabótalögunum um það, hvernig eigi að fá fè það, er þarf til vegabótanna, verði ekki heimfærðar uppá Reykjavík, og að bærinn standi ekki í neinu sambandi við hinn hluta umdæmisins, þegar um gjöld til vegabótasjóðsins er að ræða. Fallist stjórnarráðið ekki á þetta, hafið þèr farið þess á leit, að dómsmála-

1866. 21. febrúar. stjórnin gjöri ráðstafanir um, að bæjarstjórninni sè gjört að skyldu, að skýra á hverju ári frá ástandi veganna, og hverjar vegabætur hafi verið gjörðar árið sem liðið er, og að hafa í fjárhagsáætlunarskrá sinni ítarlegar uppástungur um, hvaða vegabætur hún ætli sèr að gjöra næsta ár.

Um þetta efni kunngjörir dómsmálastjórnin yður, yður til leiðbeiningar og til þess, að þèr gjörið ráðstafanir þær, sem þörf er á, að stjórnarráðið að vísu ekki getur fallizt á að skilja eigi brèf þess 10. júlímán. 1863, eins og þèr hafið vikið á, þar sem þar er með berum orðum sagt, að vegabótalögin 15. marzmán. 1861 verði ekki heimfærð uppá Reykjavík, og teknar fram ástæðurnar fyrir því, en aptur á móti ætlum vèr, að samkvæmt almennum grundvallarreglum laganna hafið þèr fulla heimild til að bjóða bæjarstjórninni að senda amtinu á ári hverju uppástungu um, hverjar vegabætur hún ætli sèr að láta gjöra næsta ár, ásamt áætlun um kostnaðinn, og fá samþykki amtsins til þessa, og eins að senda því á hverju ári skýrslu um ástand veganna, og annaðhvort láta bæjarreikninginn vera svo úr garði gjörðan, að hægt sè að hafa umsjón með, hvernig vegabæturnar hafi verið gjörðar, eða láta nákvæman vegabótareikning fylgja hinum reikningunum.

---

21. febrúar. **20. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um staðfesting á frumvarpi til áætlunar um fyrirkomulag og störf barnaskólans í Reykjavík.**

Með brèfi dagsettu 24. októbermán. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, aptur sent hingað frumvarp það til áætlunar um fyrirkomulag og störf barnaskólans í Reykjavík, er stjórn barnaskólans hefir samið samkvæmt 23. grein í reglugjörðinni frá 27. októbermán. 1862, og fylgdi frumvarpinu reikningur, er skólanefndin hafði samið um tekjur og gjöld barnaskólans, og álitsskjal bæjarstjórnarinnar bæði um áætlunina og reikninginn.

Útaf þessu skal yður kunngjört, að þó að stjórnarráðinu 1866.
finnist frumvarp þetta í mörgum greinum vera fremur óheppilega 21. febrúar.
samið, einkanlega að því leyti, að það hefir verið haft óþarflega langt og fjölort, og þar að auki í ýmsum atriðum verið brugðið frá því, sem fyrir skipað er í barnaskólareglugjörðinni 27. októbermán. 1862 — sèrílagi t. a. m. í 3. lið 3. greinar, 4. grein og 1. lið 17. greinar í frumvarpinu, þegar hvert um sig er borið saman við 2. 10. og 24. grein í reglugjörðinni — þá hefir stjórnarráðinu samt þókt rèttast eptir atvikum að taka ekki tillit til þessa miður heppilega sniðs, sem á frumvarpinu er, og staðfestir því hèr með hið umgetna frumvarp til áætlunar fyrir barnaskólann í Reykjavík, ásamt með reikningi þeim um tekjur og gjöld hans, er við það er fest, þó með þeim breytingum, er nú skal greina:

1) að 1. grein sè þannig orðuð: „Það er ætlunarverk skólans, að láta börn þau, er ganga í skólann, taka framförum í guðhræðslu og siðgæði, og veita þeim þá þekking og kunnáttu, að þau geti orðið nýtir borgarar;“
2) að 4. kafli 3. greinar sè þannig orðaður: „Skólanefndin á eptir uppástungu dómkirkjuprestsins að ákveða, hvaða börnum megi veita borgunarlaust tilsögn í skólanum samkvæmt 30. grein reglugjörðarinnar;“
3) að 4. grein sè þannig orðuð: „Samkvæmt 10. grein reglugjörðarinnar á kennslutíminn almennt að vera 5 stundir á dag; þó er skólanefndinni heimilt, auk undantekningar þeirrar, sem tekin er fram í þessari grein reglugjörðarinnar, að stytta kennslutímann með samþykki skólastjórnarinnar í neðsta bekk, svo að hann sè 4 stundir á dag. Á hverjum degi byrjar kennslan með bænahaldi og söng;“
4) að næstseinasti kaflinn í 6. grein nr. 2 sè þannig orðaður: „Til bóklesturs skal einkanlega velja þess konar bækur, sem eru til þess fallnar að efla hjá börnunum gott siðferði og kristilegt hugarfar, eða geta veitt þeim kunnáttu í sögu og landaskipunarfræði Íslands og Danmerkur“, o. s. frv.;
5) að nr. 3 í 12. grein sè sleppt, af því að hvítasunnuleyfið alltaf hlýtur að bera uppá sama tíma og sumarleyfið;

1866. 21. febrúar.

6) að þessum orðum í nr. 1 í 13. grein: „annaðhvort einn af kennurunum í skólanum eða einn af bæjarbúum“, sé breytt í: „annaðhvort einhver af kennurunum í latínuskólanum eða einhver annar af bæjarbúum;“

7) að nr. 3 í 15. grein sé orðað þannig: „Vitnisburðirnir skulu hver um sig jafngilda tölum þeim, er nú skal greina: ágætlega = 6“ o. s. frv.:

8) að í upphafi 18. greinar „hver árslok“ sé breytt í „lok hvers skolaárs“, og „hálfum mánuði eptir nýjár í „15. dag októbermánaðar“, smbr. 12. og 24. grein reglugjörðarinnar;

9) að ákvörðunin í 23. grein um eldivið handa yfirkennaranum sé þannig orðuð: „enn fremur skal honum veitt til eldiviðar handa sjálfum honum annaðhvort að eins 200 hestar af mó eða svo mikið bæði af mó og kolum, að það jafngildi 200 hestum af mó eptir hlutfalli því millum þessara eldsneyta, sem ákveðið er í næstu grein;“

10) að annar kafli 24. greinar sé þannig orðaður: „Til þess að halda 3 lestrarherbergjum fullheitum 5 tíma á dag fær hann 150 hesta af mó, og skal að tiltölu annaðhvort bæta við eldiviðinn, ef 4. lestrarherbergið kynni að bætast við, eða minnka hann, ef kennslutímunum kynni að verða fækkað samkvæmt 4. grein.“

11) að tekin sé í áætlunina ákvörðun um upphæð kennslueyrisins samkvæmt 30. grein í reglugjörðinni.

Þegar búið er að breyta skólaáætluninni einsog nú hefir sagt verið, á að láta hana koma út á prenti ásamt reikningnum um tekjur og gjöld skólans, sem henni fylgir, og senda hingað nokkur exemplör af henni ásamt með eptirriti af hinum danska texta áætlunarinnar og reikningsins[1].

---

[1]) Kirkju- og kennslustjórninni höfðu ekki enn verið send exemplör þau af áætluninni prentaðri, sem hún hefir beðið um, þá er þetta bréf var tekið í stjórnartíðindin, og getur áætlunin þess vegna ekki komið í þau á réttum stað; en hún mun verða prentuð í viðbæti við árið 1866.

21. Brèf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um ráðstafanir gegn kóleru.

1866. 24. febrúar.

Eptir að vèr höfum fengið brèf utanríkisstjórnarinnar dags. 22. þ. m., leyfum vèr oss að skora á stjórnarráðið að segja verzlunarfulltrúum Danakonungs á Spáni svo fyrir, ef að kólera er ekki alveg hætt þar enn þá, að leggja ríkt á við skipstjórana, þá er þeir láta þá fá íslenzk leiðarbrèf, að hegða sèr eptir sóttvarnarákvörðunum þeim, er gilda á Íslandi, og bjóða þeim, ef nokkur skipverja verður veikur eða deyr á leiðinni, og ekki er óhult um, að það sè ekki kólera, þá að gefa vísbending um það, er þeir koma til Íslands, með grænu flaggi í siglutoppnum. Skyldi utanríkisstjórninni berast fregnir seinna, að kólera hafi gjört vart við sig í nokkurri höfn á Frakklandi eða Bretlandi hinu mikla, eða grunur leiki á því, er utanríkisstjórnin enn fremur beðin um, að leggja hið sama fyrir verzlunarfulltrúana í þeim löndum, og að því er Frakkland snertir, að reyna að koma því til leiðar með samningi við stjórnina þar, að skipstjórunum á skipum þeim, sem ætla á fiskiveiðar við Ísland, verði boðið að gæta sömu varúðarreglu.

---

22. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannanna á Íslandi, um að fjölga læknaembættum.

26. febrúar.

Eins og yður mun vera kunnugt, herra (tit.), hefir alþingi, er haldið var árið sem leið, í einni af bænarskrám[1] sínum til konungs meðal annars beðið um:

1. að stofnuð verði 7 ný læknisembætti á Íslandi, það er að segja: í Austur-Skaptafellssýslu, í Þingeyjarsýslu, í Barðastrandar- og Strandasýslum, í Borgarfjarðar- og Mýrasýslum, í Árnessýslu, fyrir Suðurnes og Gullbringusýslu, og í Norðurmúlasýslu;
2. að læknar þeir, sem skipaðir verða í þessi embætti, taki sèr bólfestu á þeim stað í sýslu hverri, sem hentastur er eptir

---

[1]) Smbr. Tíðindi frá alþingi 1865 II. 529.–534. bls.

1866. 26. febrúar.

hèraðsstærð og landslagi, og að bústaður þeirra verði ávallt tiltekinn í veitingarbrèfum þeirra;

3. að læknar þessir byri með 400 rd. launum, er hækki um 100 rd. þriðja hvert ár, unz þau hafa náð 800 rd. upphæð;
4. að veitt verði úr ríkissjóði fyrst um sinn, unz fjárhagur Íslands er aðskilinn, það er hèr til útheimtist;
5. að þeir 200 rd. úr hvers amts jafnaðarsjóði, sem samkvæmt konungsúrskurði 12. ágústmán. 1848 áttu árlega að borgast til kennslu fyrir hina svo kölluðu aðstoðarlækna, hèr eptir verði árlega lagðir til eflingar læknakennslunnar í Reykjavík, þó svo, að læknar úr hinum ömtunum eigi heimting á þessu fè, ef þeir kenna nokkrum læknaefnum eða aðstoðarlæknum; eða fáist það eigi, þá
6. að veittir verði enn fremur úr spítalasjóðnum 400 rd. til læknakennslu fyrst um sinn og 200 rd. um tvö ár til að kaupa fyrir verkfæri og bækur handa læknakennslunni.

Hvað konungsfulltrúi hefir sagt um þessi niðurlagsatriði bænarskrárinnar í álitsskjali sínu um málið, getið þèr sèð af útdrætti þeim af álitsskjalinu, er fylgir með brèfi þessu.

Dómsmálastjórnin hlýtur fyrir sitt leyti að vera konungsfulltrúa samdóma bæði um það, hversu nauðsynlegt sè, undir eins og unnt er kringumstæðanna vegna, að gjörðar sèu ráðstafanir til að bæta úr læknaskortinum á Íslandi, og líka í skoðun hans um það, hversu langt menn fyrst um sinn geti farið í að bæta úr skorti þessum. Eins hlýtur dómsmálastjórnin að vera á sama máli og konungsfulltrúi þegar um það er að ræða, úr hvaða sjóði eigi að taka fè það, er með þarf til að koma þessu fram. En þar sem konungsfulltrúi samkvæmt bænarskrá alþingis hefir hugsað sèr, að bæta eigi úr læknaskortinum með því að stofna 3 eða 4 ný læknaembætti, — þó að hann sè á því máli, að það sè læknasjóðurinn en ekki ríkissjóðurinn, sem leita verður til um fè —, þá er það álit dómsmálastjórnarinnar, að menn ekki á þenna hátt komi ætlun sinni fram. Þó ekki sè tekið tillit til þess, að þess eru fá dæmi, að konunglegum embættismönnum sè launað úr öðrum sjóði en ríkissjóðnum, er það athugavert um þetta, að ef stofnuð væru ný læknisembætti, þá

liggur beinlínis í því, að læknar þeir, er skipaðir yrðu í þau, hlytu að fá rètt til eptirlauna, og með því að ekki verður við því búizt, að læknasjóðurinn verði fær um að leggja til eptirlaun þau, sem uppá kynnu að koma, — þó aldrei nema að ætla megi, að árstekjur hans verði nógu miklar til þess, að taka megi af þeim laun handa 3 eða 4 nýjum hèraðslæknum, auk annara gjalda, sem nú hvíla á þeim, eða seinna kunna að verða lögð á þær — þá hlýtur það að varða ríkissjóðinn, hvort læknisembætti þessi verða stofnuð eður eigi, að minnsta kosti getur svo farið, og stjórnin yrði því að leita samþykkis ríkisþingsins til þess, en eins og nú er ástatt með fjárhaginn, mundi það varla vera aðferðin til að koma þessum nýju embættum á. Aptur á móti álítur dómsmálastjórnin, að hinu sama, sem menn hafa ætlað sèr með því að stinga uppá, að stofnuð sèu þessi nýju læknisembætti, megi að mestu leyti koma til leiðar á þann hátt, að fengið sè samþykki konungs til, að veita megi 3 eða 4 kandídötum í læknisfræði, er vildu setjast að í þeim hèröðum á Íslandi, þar sem mest þörf þykir vera á læknishjálp, og fást þar við lækningar, 400 rd. styrk á ári úr læknasjóðnum og fyrirheit um, að styrkur þessi skuli hækkaður um 100 rd. fyrir hver 3 ár, er þeir hafi fengizt við lækningar, þangað til hann er orðinn 800 rd.; og ætti þá sjálfsagt að mega fela læknum þeim, er fengi þessa borgun, störf þau á hendur, er annars hvíla á embættislæknum, ef að hlutaðeigandi hèraðslæknir gæfi samþykki sitt til þess, og um visst tiltekið svið. 1866. 26. febrúar.

Uppástungur alþingis, sem tilfærðar eru hèr að framan í 5. og 6. tölulið, eru mjög nátengdar því atriði, sem hèr hefir verið rædt um. Þareð því sem sè ekki verður neitað, að, ef bæta ætti úr læknaskortinum á þann hátt sem nú var bent á, yrði læknasjóðurinn varla fær um að leggja meira fram, þá liggur sú hugsun beint við, að fá fè það, sem enn þá vantar til læknakennslunnar hjá landlækninum, á þann hátt, að því 200 rd. tillagi úr hvers amts jafnaðarsjóði, sem talað er um í konungsúrskurði 12. ágústmán. 1848, sè varið til þessa. En af því að menn hins vegar hljóta að játa, að svo var til ætlazt með konungsúrskurðinum, að hvert amt um sig hefði beinlínis

1866. árangurinn af tillagi sínu, þá væri íhugunarvert, hvort ekki
26. febrúar. lægi ennþá beinna við, að 200 rd. tillaginu væri varið til að borga læknum þeim, sem talað var um hèr að framan, þannig, að 200 rd. tillaginu úr jafnaðarsjóðunum fyrst væri varið til að borga með styrk þann, sem að ætti að gefa þeim fyrirheit um, og að það sem á vantaði væri tekið úr læknasjóðnum, og að þar að auki væri borgað úr honum tillag það, sem enn þá þarf með til læknakennslu hjá landlækninum, eins og alþingi hefir stungið uppá til vara í 6. niðurlagsatriðinu hèr að framan.

Að svo mæltu eruð þèr beðnir um að skýra dómsmálastjórninni frá áliti yðar um málefni þetta í heild þess, áður en lengra er farið útí það.

---

26. febrúar. **23. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um byggingarnefndina á Ísafirði.**

Með brèfi þessu eru yður send, herra amtmaður, nokkur exemplör af tveim lagaboðum, sem gefin hafa verið út frá dómsmálastjórninni 26. dag f. m., til þess að þèr gjörið ráðstafanir þær, sem með þarf; en lagaboðin eru þessi:

1. reglugjörð um að gjöra verzlunarstaðinn Ísafjörð að kaupstað og um stjórn bæjarmálefna þar, og
2. opið brèf um að stofna byggingarnefnd á kaupstaðnum Ísafirði.

Eins og yður mun vera kunnugt, gjörði síðasta alþingi breytingaratkvæði við hið síðarnefnda lagaboðið, þess efnis, að við 1. lið 3. greinar í frumvarpinu væri bætt þessum orðum: „Byggingarnefndin hefir ekki umráð yfir lóð prestssetursins að öðru leyti en því, sem hún samkvæmt 4. gr. B til tekur, hve nærri megi byggja húsum á kaupstaðarlóðinni.“ Ef farið er eptir ástæðum þeim, sem alþingi hefir komið með í álitsskjali sínu fyrir breytingaratkvæði þessu (smbr. Tíðindi frá alþingi 1865 II, 230. bls.), en ástæðan er sú: að girða fyrir, að lagaboðið verði ekki misskilið svo, að byggingarnefndin eigi ráð á að vísa á húsastæði á lóð prestssetursins, þá væri breytingarat-

kvæðið öldungis óþarft, því að það er vitaskuld, að byggingar- 1866.
nefndin getur ekki fremur átt með að vísa á húsastæði á lóð 26. febrúar.
prestssetursins, en á einstakra manna lóðum í bænum. En á
umræðunum sèst, að það var ekki þetta atriði, sem þókti
misskilningi undirorpið, heldur hitt, hvort byggingarnefndin ætti
ráð á að hafa umsjón þá, sem skipað er fyrir um í 4. grein
opna brèfsins, þá er byggja ætti hús á lóð prestssetursins.
Dómsmálastjórninni þókti samt sem áður ekki vera ástæða til
að leggja með, að þessari viðaukaákvörðun væri skotið inn í
opna brèfið, og þegar málið var borið upp fyrir konungi, tók
dómsmálastjórnin um þetta atriði fram, að þegar tillit er haft til þess,
að lóð prestssetursins og kaupstaðarins ná saman, virtist það
vera eðlilegast, að sömu reglunum, sem settar eru um húsa
byggingar á lóð kaupstaðarins, væri fylgt þá er hús eru byggð
á lóð prestssetursins; það virtist heldur ekki neitt geta verið
þessu til fyrirstöðu af brauðsins hálfu, því að þá hefðu menn
einmitt vissu fyrir, að húsin á prestssetrinu væru haganlega
byggð, og það gæti aptur verið mjög áríðandi, ef svo kæmi fyrir,
að menn vildu fá ábyrgð á þeim fyrir bruna. Við þetta bætist,
að það getur ekki þókt rètt, að einstakir menn, sem kaupa sèr
húsastæði á lóð prestssetursins, sèu undanþegnir umsjón þeirri,
sem rædt er um í 4. grein opna brèfsins, með húsum sem þeir
láta byggja þar.

Samkvæmt því sem nú hefir sagt verið hlýtur dómsmálastjórnin að vera á því máli, að eptirlit byggingarnefndarinnar einnig eigi að ná til húsa þeirra, sem byggð verða á lóð prestssetursins, og eruð þèr beðnir að gefa byggingarnefnd þeirri, sem sett verður á Ísafirði, það til vitundar.

---

24. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um fjárlækningameðöl og kennslu í dýralækningafræði. 26. febrúar.

Með brèfi þessu eru yður, herra (tit.), send nokkur exemplör af tilskipun um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi,

1866. 26. febrúar. sem komið hefir út frá dómsmálastjórninni 5. f. m., til þess að þèr gjörið ráðstafanir þær, sem með þarf.

Síðasta alþingi hefir í þegnlegu álitsskjali sínu um frumvarp það, sem fyrir það var lagt til tilskipunar þessarar, meðal annars beðið um:

1. að stjórnin hlutist til um, að næg fjárlækningameðöl, einkum hin valzisku baðmeðöl, fáist í lyfjabúðum með niðursettu verði og á verzlunarstöðum landsins; og
2. að gjörðar séu þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar virðast til að efla dýralæknislega þekkingu á Íslandi, einkum með því að fjölga innlendum dýralæknum svo, að minnsta kosti verði einn í hverju amti, og með því að veita efnilegum ungum mönnum fjárstyrk til að nema dýralækningafræði erlendis og ferðastyrk til að kynna sèr fjárræktarferðina í þeim löndum, þar sem fjárræktin getur orðið Íslendingum til fyrirmyndar.

Útaf þessu eruð þèr beðnir, að því er snertir hið fyrra niðurlagsatriðið, að sjá svo um, eptir því sem þèr frekast getið, að beiðni alþingis verði fullnægt, og að því er síðara niðurlagsatriðið snertir, að gjöra ráðstafanir til þess, að einn eða fleiri ungir Íslendingar verði sendir hingað til bæjarins á kostnað jafnaðarsjóðsins, undir eins og því verður komið við, til þess að fá hèr tilsögn í dýralæknisfræði við dýralækningaskólann, á þann hátt og með þeim kjörum, sem vikið er á í brèfi dómsmálastjórnarinnar 23. janúarmán. 1858.

---

27. febrúar. **25. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannanna yfir vesturumdæminu og norður- og austurumdæminu, um breyting á 8. grein í fátækrareglugjörðinni 8. janúarmán. 1834 um kostnað við skylduflutning ómaga.**

Stiptamtmaðurinn yfir Íslandi hefir skýrt frá í brèfi til stjórnarráðsins, að konungsfulltrúi á síðasta alþingi hafi samkvæmt

álykun þingsins afhent stiptamtinu bænarskrá[1], er þinginu hafði borizt úr Eyjafjarðarsýslu, þess efnis, að kostnaði þeim, sem eptir reglugjörð 8. janúarmán. 1834 8. grein um skylduflutninga hvílir á hverri sveit, verði eptirleiðis jafnað niður af hlutaðeigandi sýslumönnum eptir skýrslum hreppstjóranna á alla hreppa sýslnanna eptir efnum og ástandi, og hafi konungsfulltrúi beiðzt þess, að málefni þetta væri borið upp fyrir stjórninni og úrskurður hennar fenginn um það. Um þetta hefir stiptamtmaður sagt, að það sè vafalaust, að fátækrareglugjörðin veiti ekki neina heimild til, að flutningskostnaði þeim, er hèr ræðir um, sè jafnað niður á þann hátt, sem stungið er uppá í bænarskránni, en að hinsvegar virðist vera ástæða til að breyta lagaákvörðuninni um þetta, því að eins og landslagi er háttað á Íslandi komi kostnaðurinn við ómagaflutninga mjög misjafnt niður á sveitir þær, sem að á að flytja ómagann yfir. Að vísu mundi kostnaður þessi koma jafnar niður í hverri sýslu, ef með hann væri farið eins og stungið er uppá í bænarskránni, en aptur á móti kæmi hann að stiptamtmannsins hyggju allt eins ójafnt niður á sýslurnar eptir sem áður, og auk þess er athugavert, að eptir því sem lögin skipa fyrir um framfærslu fátækra, kemur hún (en í henni er ómagaflutningur einnig fólginn) ekki sýslunum við sem sýslum, heldur einasta hreppunum. Stiptamtmaðurinn hefir því stungið uppá sem hagfelldari breytingu á ákvörðun fátækrareglugjörðarinnar, að öllum kostnaðinum við flutning ómaga úr þeim hrepp, þar sem hann hefir átt heima, og í hreppinn, þar sem hann á sveit, sè skipt í 3 jafna parta milli þessara hreppa og hreppsins, sem ómaginn hefir verið fluttur yfir, þannig að hinn síðastnefndi hreppurinn annist flutninginn innan sinna takmarka, en fái þriðjung flutningskostnaðarins borgaðan af hreppnum, sem ómaginn er fluttur burt úr, og þriðjung af hreppnum, þar sem hann er sveitlægur. Auk þessa ætti að stiptamtmannsins hyggju að ákveða, hversu mikill flutningskostnaður sá, sem hinir hrepparnir ættu að endurgjalda á þenna hátt, mætti verða mestur, bæði sjálft flutningskaupið eptir vegalengd í dagleiðum, og eins

1866. 27. febrúar.

[1]) Smbr. Tíðindi frá alþingi 1865, II, 213. bls.

1866. 27. febrúar. borgunin fyrir að fæða ómagan eptir dagafjölda, að svo miklu leyti sem það ekki er hreppnum sjálfum að kenna, að ómaginn hefir verið þar lengur en vera þurfti, því að stiptamtmaður álítur, að ef að kostnaðurinn við ómagaflutning væri goldinn á þenna hátt, mundi honum verða hagað með sem mestum sparnaði og hentasti tími árs notaður, þar sem alla, sem eiga að ákveða, hvenær flutningurinn eigi að byrja og halda áfram, varðar það jafnmiklu og framfærsluhreppinn.

En áður en lengra er farið útí þetta mál, eruð þér, herra amtmaður, beðnir að segja álit yðar um báðar uppástungur þessar, og er yður sent eptirrit af bænarskránni, sem rædt hefir verið um hér að framan.

---

27. febrúar. **26. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun vaxta af ríkisskulda-skýrteinum (Kreditbeviser).**

Eins og sjá má af brèfi fjárstjórnarinnar, er í eptirriti fylgir með brèfi þessu, hefir fjárstjórnin stungið uppá, að vextir af ríkisskulda-skýrteinum þeim með rentuseðlum, er hún hefir gefið út samkvæmt auglýsing sinni 30. septembermán. 1864, verði borgaðir úr jarðabókarsjóðnum á Íslandi, án þess þeim sè sèrstaklega ávísað í hvert skipti, og hefir fjárstjórnin beiðzt aðstoðar dómsmálastjórnarinnar til þessa.

Með því nú dómsmálastjórninni ekki virðist vera neitt til fyrirstöðu ráðstöfunum þeim, sem fjárstjórnin hefir stungið uppá, skal hèrmeð skorað á yður, herra stiptamtmaður, að birta landfógetanum efni brèfs þess, sem að ofan er getið um, og skipa fyrir um útborgunina svo sem með þarf, og að öðru leyti gæta þess, að farið sè eptir sömu reglum um þessa rentuseðla, og settar eru í brèfi dómsmálastjórnarinnar 12. desembermán. 1861 um innlausn rentuseðlanna við hin nýju ríkisskuldabrèf, er ávallt hljóða uppá þann, sem hefir þau í höndum.

Fylgiskjal.

1866.
27. febrúar.

Brèf fjárstjórnarinnar til dómsmálastjórnarinnar, dagsett 20. febrúarmánaðar 1866, um borgun vaxta af ríkisskulda-skýrteinum með rentuseðlum.

Vextirnir af ríkisskulda-skýrteinum þeim, er gefin hafa verið út samkvæmt meðfylgjandi auglýsing fjárstjórnarinnar 30. septembermán. 1864, eru komnir í gjalddaga 15. aprílmán. 1865, 15. oktobermán. 1865, 15. aprílmán. 1866 og 15. októbermán. 1866, og eru þeir í hvert skipti 2½ af hundraði af upphæð ríkisskulda-skýrteinanna.

Í umburðarbrèfi 5. aprílmán. 1865 hefir fjárstjórnin skipað fyrir um eitt skipti fyrir öll, að leysa skuli inn á öllum skrifstofum amts-gjaldkyranna og í aðalfjárhirzlu ríkisins rentuseðlana, er heyra til ríkisskulda-skýrteinum þessum, frá því að þeir eru komnir í gjalddaga, og borga fyrir hvern rentuseðil, er heyrir til:

1) ríkisskulda-skýrteini uppá 100 rd. . . . . 2 rd. 48 sk.
2) — — uppá 50 - . . . . 1 - 24 -
3) — — uppá 20 - . . . . „ - 48 -

og fara að öðru leyti eins að með þá, og fyrir er skipað um rentuseðla við hin nýju ríkisskuldabrèf, sem alltaf hljóða uppá þann, sem þau hefir í höndum.

Nú hefir fjárstjórninni borizt bænarskrá um, að rentuseðlar við ríkisskulda-skýrteinin líka fáist borgaðir hjá landfógetanum á Færeyjum, og ef að gjörðar verða ráðstafanir til þess, virðist vera allt eins mikil ástæða til að gjöra sömu ráðstöfun um jarðabókarsjóðinn á Íslandi, ef svo kynni að ske, að einhver kæmi með slíkan rentuseðil til að fá hann borgaðan þar. Fjárstjórnin fær ekki séð, að neitt geti verið þessu til fyrirstöðu, ef að farið er að á sama hátt um þetta, og fyrir skipað er um innlausn rentuseðla við hin nýju ríkisskuldabrèf, er alltaf hljóða uppá þann, sem hefir þau í höndum, í brèfi fjárstjórnarinnar til dómsmálastjórnarinnar 25. óktobermán. 1861, og brèfum dómsmálastjórnarinnar 12. desembermán. s. á.

Ef að því ekkert er því til fyrirstöðu af hálfu dómsmála-

1866. 27. febrúar.

stjórnarinnar, leyfum vèr oss að skora á hana að skrifa amtmanninum á Færeyjum og stiptamtmanninum á Íslandi um, að bjóða landfógetunum eitt skipti fyrir öll að borga rentuseðla við ríkisskulda-skýrteini, þegar þeir eru komnir í gjalddaga, og að sjá að öðru leyti um, að sömu reglum sè fylgt um þessa rentuseðla, sem settar eru um rentuseðla við ríkisskuldabrèfin[1].

---

[1]) Ríkisskulda-skýrteinin hafa verið gefin út í þrem flokkum, og eru prentuð á sama pappír og 10dalaseðlar þjóðbankans: Ltra. A uppá 100 rd. á rauðu, Ltra. B uppá 50 rd. á gulu og Ltra. C uppá 20 rd. á bláu. Vextirnir af þeim, 5 rd. af 100 um árið, eru reiknaðir frá 15. októbermán. 1861, og er aptaná þeim prentuð tabla, er sýnir upphæð vaxtanna fyrir hverja dagatölu allt að mánuði; þannig eru t. a. m. vextirnir af 100 dala ríkisskulda-skýrteini í 9 daga 12 skild. af 50 dala 6 skild. og af 20 dala 2 skild. Texti skýrteinanna er þannig:

„Ltr. Nr.
Creditbeviis paa Rdlr.

I Henhold til Lov af 26. August 1864 er dette Creditbeviis udstedt for

Rigsdaler Rigsmönt

som forrentes halvaarlig med Rigsdaler mod Aflevering af vedtrykte Renteanviisninger, og udbetales senest den 31. December 1866.

Kjöbenhavn, den 15. October 1864.

Finantsministeren. Statsgjældsdirecteuren.

Contr. Not."

Þessi ríkisskulda-skýrteini giltu að eins í tvö ár, og áttu öll að vera innleyst fyrir 31. des. 1866, en samkvæmt lögum 27. marzmán. 1866 hefir fjárstjórnin aptur gefið út ný ríkisskulda-skýrteini, sem vextir eru reiknaðir af frá 15. októbermán. s. á. og gilda í tvö ár. Þá er eldri ríkisskulda-skýrteinin voru leyst inn, var helmingurinn af upphæð þeirra borgaður út í peningum, en helmingurinn í hinum nýju skýrteinum, og eru þau að öllu leyti eins og þau eldri og eru alveg ógild við lok ársins 1868.

27. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um styrk úr spítalasjóðnum til að koma upp sjúkrahúsi í Reykjavík. 1866. 27. febrúar.

Með brèfi dagsettu 2. nóvembermán. f. á., hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, sent hingað bænarskrá frá forstöðunefnd fèlagsins til þess að koma upp sjúkrahúsi í Reykjavík; er þar beðið um, að veittur verði fyrst um sinn í 5 ár 600 ríkisdala styrkur á ári úr spítalasjóðnum eða einhverjum öðrum sjóði til að koma upp sjúkrahúsi þessu. Þèr hafið skýrt frá áliti yðar um, hvernig koma eigi áformi þessu fram, og um áætlun, er forstöðunefndin hefir samið um gjöld sjúkrahússins á síðan, — í áætluninni vantar samt, að því er oss virðist, að tekið sè fram, hvernig nefndin hugsar sèr að haga læknisumsjón þeirri, er með þarf — og hafið þèr mælt fram með, að fèlaginu sèu gefnir úr ríkissjóðnum 1000 rd. til að kaupa fyrir áhöld og annað sem verður að fylgja sjúkrahúsinu, eða ef það fæst ekki, að fèlaginu þá verði veitt úr spítalasjóðnum jafnstórt lán leigulaust, er ekki verði sagt upp, meðan sjúkrahúsið stendur, og sem hús fèlagsins sèu sett í veð fyrir með fyrsta veðsetningarrètti, og að fèlaginu þar að auki sè veittur 400 ríkisdala styrkur á ári í 5 ár af tekjum Kaldaðarness spítala, sem búið er að taka af.

Það gat nú ekki verið umtalsmál að útvega neinn styrk úr ríkissjóðnum handa sjúkrahúsi þessu eptir reglum þeim, sem fylgt er í því efni, en samkvæmt þegnlegum uppástungum dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknazt 26. þ. m. allramildilegast að fallast á, að fèlaginu til að koma upp sjúkrahúsi í Reykjavík sè veitt úr hinum íslenzka læknasjóði bæði 1000 ríkisdala lán leigulaust í 5 ár, er ekki verði sagt upp af hálfu lánardrottins, þannig að hús fèlagsins sèu veðsett fyrir láninu með fyrsta veðsetningarrètti, og leigur borgaðar af því, 4 af 100, eptir að 5 ár eru liðin, og 400 ríkisdala styrkur í 5 ár.

Þessi konungsúrskurður er yður hèr með kunngjörður, og skal því við bætt, að þar sem dómsmálastjórnin tók fram, þá er

1866. 27. febrúar. hún bar málið upp fyrir konungi, að sjá yrði um, að fé þetta væri ekki greidt af höndum, nema víst sè, að sjúkrahúsið komist á fót, og það verði svo úr garði gjört, að það samsvari tilganginum, vonumst vèr eptir að fá frá yður ítarlegri skýrslu og uppástungur um þetta atriði.

---

27. febrúar. **28. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um sölu á bókum prentsmiðjunnar og skil fyrir þeim.**

Með brèfi dagsettu 7. ágústmán. f. á. hefir stiptamtið og þèr, háæruverðugi herra, sent hingað skjal frá Einari Þórðarsyni, forstöðumanni stiptsprentsmiðjunnar í Reykjavík. Í því ber hann sig upp undan, að þá er reikningar prentsmiðjunnar hafi verið yfir skoðaðir, hafi hvað eptir annað verið gjörð sú útásetning, að hann hafi reiknað sèr sölulaun af öllu því, sem hann á ári hverju hefir sent út um landið af bókum þeim, sem prentaðar hafa verið á kostnað prentsmiðjunnar, í stað þess að reikna þau að eins af þeirri upphæð, sem hefir runnið inn í sjóð prentsmiðjunnar fyrir þær, og líka undan því, að honum hefir verið gjört að skyldu í úrskurði um prentsmiðjureikninginn fyrir árið 1861, að láta reikningnum fylgja prentuð eyðublöð, er honum hafa verið send í því skyni, og hann og hinir bókasölumennirnir eiga að fylla eins og vera ber. Með því að hann ekki treystir sèr til að fullnægja skipun þeirri, er nú var nefnd, hefir hann sókt um að mega losast við að standa framvegis fyrir sölunni á bókum þeim, sem prentsmiðjan gefur út á sinn kostnað, nema því að eins, að gjörðar verði breytingar á reglum þeim, sem settar hafa verið um bókasöluna, eins og nú hefir sagt verið. Stiptamtið og þèr, háæruverðugi herra, hafið þar að auki skotið til atkvæða dómsmálastjórnarinnar, hvort ekki muni vera tilefni til að breyta ákvörðuninni um hin fyrir skipuðu eyðublöð vegna þess, hversu erfitt er, eptir því hvernig ástatt er á Íslandi, að haga bókasölunni, eins og lagt hefir verið fyrir.

Um leið og þess skal getið, að það hefði verið æskilegt, 1866.
að Einar Þórðarson, prentsmiðjufulltrúi, hefði komið með 27. febrúar.
uppástungu um öðruvísi reikningsform, í stað þess að hann hefir látið sèr nægja með almennum orðum að skorast undan að nota hin umgetnu eyðublöð, og að stiptsyfirvöldin hefðu sýnt fram á, í hverju erfiðleikarnir við tilhögun þá á bókasölunni, sem nú er fyrir skipuð, eru fólgnir, skal yður til vitundar gefið, eptir að skrifazt hefir verið á við reikningastjórnardeildina um þetta, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess að þèr kunngjörið Einari Þórðarsyni það, að aðalsalan á bókum stiptsprentsmiðjunnar æfinlega verður að vera í þess manns höndum, sem er forstjóri prentsmiðjunnar, að aðalbókasölumaðurinn ekki má taka eða nota aðra menn sem umboðsmenn sína, en þá, sem geta og vilja gjöra skil á hverju ári fyrir því, sem þeir hafa tekið við og því sem þeir hafa selt, að aðalbókasölumaðurinn á líka sjálfur að gjöra hin sömu skil, og að það er sjálfsagður hlutur, að hann að eins má reikna sèr sölulaun af því, sem hefir verið selt og borgað. Samkvæmt því, sem nú hefir sagt verið, má ekki útaf því breyta, að gjört sè grein fyrir, hvernig sem á stendur:

1. hversu miklar eptirstöðvar hafi verið af hverri bók um sig við byrjun hvers árs, bæði við prentsmiðjuna og hjá hverjum bókasölumanni;
2. hversu mikið hafi bæzt við það árið (annaðhvort frá prentsmiðjunni eða sem aðalbókasölumaðurinn hefir sent umboðsmönnunum);
3. hversu mikið hafi verið selt af hverri bók;
4. hversu mikil sölulaun sè af því, og hvernig afgangurinn hafi verið borgaður; og loks
5. hversu miklar eptirstöðvarnar þá sèu við árslokin.

Að endingu skal því við bætt, að reikningastjórnardeildin hefir látið á sèr skilja, að hún muni láta búa til og senda hlutaðeigendum ný eyðublöð, sem verði svo einföld, sem unnt er.

1866. 1. marz. **29. Brèf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um aðkaupsgjald af skipum og skipaskjöl.**

Í brèfi dagsettu 23. f. m. hefir utanríkisstjórnin beiðzt álits dómsmálastjórnarinnar útaf fyrirspurn frá aðalverzlunarfulltrúa Danakonungs í Leith, um hvernig hann eigi að fara að, þar sem Roys skipstjóri frá Nýju-Jórvík vili koma 4 nýjum járngufuskipum, sem hann á og ætlar að hafa til fiskiveiða við Ísland, og sem liggja 2 í Dundee og 2 í Glasgow, undir danskt flagg, en sækir um að losast hjá að greiða aðkaupsgjald af þeim, og hefir hann auk þess beðið aðalverzlunarfulltrúann um, að láta sig fá skjöl til bráðabirgða handa skipunum, svo að þau geti siglt til Íslands með dönsku flaggi og fengið þar skjöl þau, sem fyrir skipað er um í lögum; eiga skipstjórarnir á þeim að vera danskir og helmingur skipshafnanna danskir þegnar.

Þessu svarar dómsmálastjórnin þannig, að með því að álitið er, að tilskipuninn um tollinn frá 1. maímán. 1838 sè enn þá gildandi á Íslandi, að því er snertir aðkaupsgjaldið, verður að heimta aðkaupsgjald af skipum þessum eptir tilskipuninni, nema því að eins, að þau verði heimfærð undir ákvörðunina í 49. gr. litra d í tilskipuninni (að þau verði heimfærð undir litra c getur varla verið umtalsmál eins og hèr er ástatt), og að dómsmálastjórnin fyrir sitt leyti ekki heldur, að neitt sè því til fyrirstöðu, að hlutaðeigandi verzlunarfulltrúi Danakonungs láti skipin fá skýrteini til bráðabirgða, er gildi þangað til skipin eru komin til Íslands og gefin verða út handa þeim skjöl þau, er lögin skipa fyrir um.

---

6. marz. **30. Brèf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um sölu á frakkneskri fiskiskútu í Suðurmúlasýslu.**

Útaf brèfum dómsmálastjórnarinnar 6. októbermán. 1863, 6. júlímán. og 3. októbermán. 1864 og 2. júnímán. f. á. um sölu á fiskiskútunni l'Eugéne frá Dunkerque, sem strandaði nálægt Nesi í Norðfirði á Íslandi, hefir utanríkisstjórnin með brèfi

dagsettu 10. janúarmán. þ. á., sent hingað eptirrit af skjali frá utanríkisstjórnarherra Frakkakeisara til sendiherra Danakonungs í Parísarborg, dagsettu 30. desembermán. f. á. með 2 fylgiskjölum; og hefir utanríkisstjórnin getið þess, að hún sjái sèr ekki fært að halda lengra útí þetta mál, fyr en búið sè að nýju að rannsaka ítarlega breytni hlutaðeiganda sýslumanns, og sèr í lagi hegðun Hinriks Hinrikssonar, prests á Skorastað, þá er l'Eugéne var selt; og lætur utanríkisstjórnin það öldungis á dómsmálastjórnarinnar sjálfrar valdi, hvað hún vili gjöra í því efni. 1866. 6. marz.

Af brèfi frakkneska utanríkisstjórnarherrans má sjá, að stjórn Frakkakeisara hefir látið halda próf yfir Merlýn, skipstjóra á l'Eugéne, og er það aðalinntaklð í skýrslu hans, að hlutaðeigandi sýslumaður hafi látið selja skip þetta, þrátt fyrir að skipstjórinn beinlínis mótmælti því. Skýrsla þessi þykir því trúanlegri, sem skipstjórinn hefir fengið marga vitnisburði um, að hann sè heiðarlegasti maður, og hefir sjóliðsstjórnarherra Frakkakeisara samkvæmt henni látið í ljósi það álit sitt, að sýslumaðurinn eptir því, hvernig á stóð, hafi ekki átt með að láta söluna fara fram, og sagt, að hann því miður ekki geti fallizt á umkvartanirnar frá kaupendunum að hlutum þeim, sem þannig hafi verið seldir á móti lögum, yfir foringjanum á frakkneska herskipinu, þó að hann hafi álitið sèr skylt að vernda rèttindi landa sinna, sem brotið var á móti við þetta tækifæri. Líka hefir utanríkisstjórnarherra keisarans látið í ljósi, að hann vonist eptir, að, fyrst að niðurstaðan af rannsóknunum, sem stjórnir beggja ríkjanna hafi látið gjöra, sè svona mismunandi, þá muni danska stjórnin vera sèr samdóma um það, að ekki geti verið umtalsmál að fara lengra útí málefni þetta, sem nú þegar sè orðið mjög gamalt.

Eptir öllu, sem fram er komið í máli þessu, getur dómsmálastjórnin ekki fyrir sitt leyti verið samdóma utanríkisstjórninni um, að ástæða sè til að láta að nýju rannsaka breytni hlutaðeiganda sýslumanns og prests þess, er áður var nefndur, þá er skipið var selt. Í skjölum þeim, sem komið hafa frá Frakklandi, er sem sè ekkert nýtt málinu til upplýsingar, því að framburður Merlýns skipstjóra er í öllum aðalatriðum ekki annað en ítrekun af skýrslu hans til foringjans á frakkneska herskipinu

1866. 6. marz. l'Expéditive, en það var hún, sem herra Robin du Parc, sem þá var æðsti foringi yfir herskipum Frakka við Ísland, einkum hafði byggt á kæruskjal sitt, það er getið var um í brèfi dómsmálastjórnarinnar 2. októbermán. 1863. Að því er snertir spurninguna um, hvort uppboðið, sem haldið var á l'Eugéne, hafi verið löglegt eður eigi, en það er það eina, sem talað er um í brèfi frakkneska utanríkisstjórnarherrans, þá skýrskotar dómsmálastjórnin að öllu leyti til þess, sem sagt er í brèfi hennar 2. októbermán. 1863, og til þess, sem eptirritið af dóma- og lögreglugjörðabók Suðurmúlasýslu, er fylgdi með brèfinu, með sèr ber. Eptir því er það hið ítrasta, sem vèr getum kannazt við, að það kunni að hafa verið v a f a s a m t, hvort að sýslumaðurinn átti með að halda uppboðið eða leiða það til lykta, en hvað sem um það er, hlýtur dómsmálastjórnin að halda því fast fram, að það atvik, að Merlýn skipstjóri og le Griel, foringinn á frakkneska herskipinu l'Expéditive, eptir því sem Merlýn skýrði honum frá, álitu uppboðið ólöglegt, af því að það væri haldið þrátt fyrir mótmæli Merlýns, ekki getur á neinn hátt rèttlætt eða einusinni afsakað aðfarir þær, sem le Griel hafði í frammi eptir uppboðshaldið. Hvað sem menn nú kunna að álíta um það, hvort uppboðið hafi verið löglegt eður eigi, fær dómsmálastjórnin ekki betur sèð, en að aðfarir þessar sèu beinlínis sjálftaka, þar sem le Griel, í stað þess að snúa sèr til embættismanna þeirra á Íslandi, sem hlut áttu að, og fá uppboð þetta, sem að hans hyggju var ólöglegt, ónýtt með vanalegri rèttaraðferð, hefir uppá sitt eindæmi látið taka burtu meiri hlutann af munum þeim, sem seldir voru við uppboðið, og kaupendurnir nú áttu, þar sem þeir höfðu eignazt þá með gildri heimild að landslögum, og það hlaut að vera þeim alveg óviðkomandi, hvort uppboðið var á móti rètti skipstjórans eður eigi. Með því að það nú er nægilega sannað af því sem fram er komið í málinu, að þessar sjálfræðislegu aðfarir hafa verið hafðar í frammi, og hlutaðeigandi sjóliðsforingi hefir jafnvel játað það sjálfur, finnur dómsmálastjórnin sèr skylt enn á ný að snúa sèr til utanríkisstjórnarinnar með þá beiðni, að kaupendum þeim á uppboðinu, sem seinna á ólöglegan hátt hafa verið sviptir

fjármunum, er þeir höfðu eignazt við dómsgjörð löglega að minnsta kosti í forminu og óraskaða, verði útvegaðar fullar skaðabætur fyrir góða milligöngu utanríkisstjórnarinnar. Um leið og vèr vekjum athygli á því, að skaðabæturnar, sem krafizt hefir verið, eru að eins taldar 271 francs 10 centimes í brèfi frakkneska utanríkisstjórnarherrans, en samkvæmt skjölunum í málinu hefir verið krafizt alls 1097 rd. 36 sk. eingöngu í skaðabætur fyrir þá muni, sem teknir voru burtu, smbr. kæruskjal sèra Hinriks Hinrikssonar og annara fleiri dags. 22. ágústmán. 1863 og kæruskjal Carls Túliníusar dags. 10. desembermán. 1864 — skulum vèr að endingu geta þess, að oss finnst rèttast, að upphæð skaðabótanna sè ákveðin af óvilhöllum mönnum, er tilnefndir sèu við rèttarhald. 1866. 6. marz.

---

31. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um skýrslur um blinda. 14. marz.

Í framhaldi af brèfi stjórnarráðsins dagsettu 18. júnímán. 1863, eru yður, háæruverðugi herra, með brèfi þessu send nokkur exemplör af nýju formi til að semja eptir skýrslur um blinda, og eruð þèr beðnir að sjá um, að hinar árlegu skýrslur um blinda á Íslandi verði lagaðar eptir þessu skýrsluformi og síðan sendar hingað.

Skýrsluformið er þannig:

18 **Skýrsla um blinda.**

númer.	Heimili hins blinda, bær eða þesskonar, sókn, sýsla, amt.	Nafn.	Hvar og hvenær fæddur.	Foreldranna		Ástand hins blinda		Hvenær hann hafi orðið blindur, og hvernig það hafi atvikazt. Á hversu hárri tröppu sjónleysið sé.	Fengið tilsögn		Hvað hann hafi haft fyrir stafni og hvar.	Styrkur.	Athugasemdir; í þeim sé skýrt frá: 1) hvort hinn blindi sé eða hafi verið giptur. 2) hverir blindir hafi dáið eða farið úr sókninni síðan síðustu skýrslu.
				nöfn.	stétt.	á sálu.	á líkama.		hvar og í hverju.	hvenær og hversu lengi.			

32. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um áritun á ríkisskuldabrèf um rentuborganir.

1866. 23. marz.

Eptir áskorun deildar þeirrar í fjárstjórninni, sem ríkisskulda- og eptirlaunamálin heyra undir, eruð þèr, herra stiptamtmaður (amtmaður), beðnir um að minna alla sýslumenn í amti því, sem þèr eruð settur yfir, — þar sem þeir notorialiter rita á óuppsegjanleg ríkisskuldabrèf um að vextir af þeim sè borgaðir — á að gæta þess, að, þó vextirnir venjulega sè borgaðir á Íslandi í júnímánaðar gjalddaga fyrir heilt ár, sè líka ritað á skuldabrèfin, að vextirnir er borga átti í desembermánaðar gjalddaga næst á undan sèu greiddir, því af flestum óuppsegjanlegum ríkisskuldabrèfum er upphaflega til ætlazt, að vextir sè greiddir bæði í desember og júní mánaðar gjalddaga. Ef að ekki væri ritað á skuldabrèfin, að vextirnir sem greiða átti í desembermánaðar gjalddaga, væru borgaðir, og þau kæmust á gang í öðrum hlutum ríkisins en á Íslandi og Færeyjum, þá kynni sá sem þá eignaðist þau að halda, að hann ætti rètt á að fá borgaða úr ríkissjóðnum vextina fyrir þá gjalddaga, sem ekki væri kvittað fyrir á skuldabrèfin.

---

33. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um launaviðbót eptir kornverði fjárhagsárið 1866–67.

24. marz.

Um leið og yður, herra stiptamtmaður, hèr með er sendur reikningur, er fjárstjórnin hefir fallizt á, um launabót eptir kornverði, sem embættismönnum og embættisþjónum í suðurumdæminu á Íslandi ber samkvæmt lögum 19. febrúarmán. 1861 og 19. janúarmán. 1863 á fjárhagsárinu 1866—67, skal því við bætt sjálfum yður til vísbendingar og til þess að þèr kunngjörið það öllum, sem hlut eiga að máli, að landfógetanum hefir í dag verið ritað hèðan, um að greiða upphæðir þær, sem á reikn-

1866. 24. marz. ingnum standa, úr jarðabókarsjóðnum samkvæmt áðurnefndum lögum.

Þar sem að ekki hafa verið tilfærðir nema 200 rd. í launabót eptir kornverði handa yður sjálfum, herra stiptamtmaður, eins og ríkisþingið hefir veitt hana, skal þess að endingu getið, að dómsmálastjórnin að vísu hefir leitazt við að færa fjárstjórninni heim sanninn um, að skilningur sá á lögunum 19. febrúarmán. 1861, sem ríkisþingið hefir farið eptir, sè ekki rèttur, það er að skilja, að það sè rangt að taka þá 400 rd., sem yður eru veittir í borðfè, með, þá er launabótin eptir kornverði er reiknuð út, smbr. niðurlag 1. greinar í lögum þessum, en fjárstjórnin hefir svarað uppá það, að hún með engu móti sjái sèr fært að fallast á, að þèr sèuð látnir fá meira en þá 200 rd., sem ríkisþingið með berum orðum hefir veitt yður, og það því síður, sem skilningur sá á lögunum 19. febrúarmán. 1861, sem hèr hefir verið farið eptir, líka hefir verið heimfærður uppá launabótina eptir kornverði handa amtmönnunum í Danmörku, þar sem borðfè þeirra hefir verið tekið með, þegar reiknaðar hafa verið út embættistekjur þeirra, þær er koma eiga til greina samkvæmt áðurnefndri lagagrein.

---

13. apríl. **34. Brèf dómsmálastjórnarinnar til Deildar hins íslenzka bókmentafèlags í Kaupmannahöfn, um styrk til að gefa út Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands.**

Í sambandi við brèf dómsmálastjórnarinnar frá 23. aprílmán. 1864 skal það hèrmeð kunngjört Deild hins íslenzka bókmentafèlags í Kaupmannahöfn, að stjórnarráðið hefir veitt fèlaginu 150 rd. styrk til að halda áfram að gefa út „Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands", og hefir í dag verið hlutazt til um, að fè þetta verði greidt fèhirði fèlagsins, Stephensen etazráði, úr aðalfèhirzlu ríkisins.

---

35. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um ráðstafanir til að útrýma fjárkláðanum.

1866. 16. apríl.

Um leið og þèr, herra stiptamtmaður, í brèfi dagsettu 1. dag f. m. hafið skýrt frá heilbrigðisástandi fjárins í suðurumdæminu, og sèst á því, að fjárkláðinn ennþá hefir gjört vart við sig víða í Gullbringu og Kjósarsýslu og í Árnessýslu, hafið þèr tjáð stjórnarráðinu, að þèr, fyrst svona er ástatt, hafið sett þriggja manna nefnd í Reykjavík, til þess að íhuga öll þau atriði, sem snerta málefni þetta, og bera upp fyrir stiptamtinu uppástungur um ráðstafanir þær, sem gjöra eigi í þessu efni. Auk annars hafið þèr farið þess á leit, að yður verði fengnir til umráða 2000 rd. til þess að borga með kostnaðinn af ráðstöfunum þeim, sem gjöra þarf frá því í septembermán. 1865 og þangaðtil í septembermán. 1866 til þess að utrýma sýkinni.

Að því leyti sem þèr, herra stiptamtmaður, hafið búizt við, að ekki einasta fè það, sem eydt hefir verið í vetur til þessa, heldur líka það, sem með þarf til næsta hausts, eigi að greiðast úr opinberum sjóði, þá skal þess getið, að dómsmálastjórninni virðist vera vitaskuld, að upp frá því að tilskipun 5. janúarmán. þ. á. um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi hefir öðlazt lagagildi, en það má búast við að verði nú í vor, á að greiða allan þann kostnað, sem hèr ræðir um, á þann hátt sem fyrir er skipað í 3. og 6. grein tilskipunarinnar, og þá fáum vèr ekki betur sèð, en að færa megi niður ekki alllítið upphæð þá, sem þèr hafið stungið uppá. En til þess að verða við bæn yðar, eins og unnt er, og til þess að gjöra hægara fyrir að framkvæma ráðstafanir þær, sem þèr hafið ráðgazt um við nefnd þá, sem að framan er um getið, og yður virðast nauðsynlegar málefninu til framgangs, þá veitir dómsmálastjórnin yður hèrmeð heimild til að verja allt að 1500 ríkisdölum til þessa af fè því, sem veitt hefir verið í þessa árs fjárhagslögum til óvissra gjalda handa Íslandi, að meðtöldum þeim 500 rd., sem þèr eruð búnir að láta borga úr jarðabókarsjóðnum. Að öðru leyti býst dómsmálastjórnin við, að þèr ekki látið borga af fè því, sem

1866. 16. apríl. yður þannig er fengið til umráða, önnur gjöld en þau, sem álíta má öldungis nauðsynleg, og ekki verða borguð á annan hátt, og vonumst vèr einnig eptir, að þèr skýrið frá, hvað borgað verður af fè þessu, hvað eptir og það er gjört. Í sambandi við þetta eruð þèr beðnir að sjá svo um, að þeir 500 rd., sem nú voru nefndir og borgaðir hafa verið úr jarðabókarsjóðnum fyrirfram, verði tilfærðir í jarðabókarreikningnum, er nær til 31. marzmán. 1866, bæði sem gjald, er aptur verði endurgoldið, og líka í tekjudálkinum í sama reikningi, ef að honum ekki er lokið áður en þèr fáið brèf þetta, en að öðrum kosti sem tekjugrein í jarðabókarreikningnum fyrir fjárhagsárið 1866—67; en það er vitaskuld, að þeir þar að auki koma meðal gjaldanna í hinum síðarnefnda reikningnum í þeirri upphæð, sem yður hefir verið fengin til umráða, eins og nú var sagt. Um leið og þess skal getið, að landfógetanum hefir verið í dag ritað um þetta, skal stjórnarráðið nota þetta tækifæri til þess að vekja athygli yðar á, hversu áríðandi það er, að vandlega sè gefinn gaumur að, að engin upphæð sè borguð úr jarðabókarsjóðnum, sem fjárhagslögin ekki heimila, og að ekki sè farið út yfir upphæðir þær, sem þar eru veittar. Komi einhver slík óvænt tilfelli uppá, að ekki verði komizt hjá að breyta útaf þessari reglu, verður að skýra stjórnarráðinu frá því svo fljótt, að fá megi veitt fè í viðbót, og um leið færa sönnur á, að nauðsyn hafi til borið.

Þar sem þèr, herra stiptamtmaður, því næst í brèfi dagsettu 18. f. m. hafið vakið athygli á því, hversu æskilegt það væri, að duglegur dýralæknir væri sendur til Íslands með næstu póstskipsferð, til þess að hjálpa til að framkvæma þær ráðstafanir, sem gjörðar verða í ár gegn fjárkláðanum, getur stjórnarráðið ekki dulizt þess, að eins og nú er ástatt, — þar sem sýkin sjálf um langan tíma hefir verið alþekkt á Íslandi, og landsmenn líka eru búnir að læra til fullnustu, hvernig eigi að fara með hana — er ekki alllítill efi á, hvort það, að dýralæknir væri sendur hèðan til Íslands, mundi gjöra það gagn, að það í minnsta máta samsvari kostnaði þeim, sem af því leiddi. En að því slepptu hefir tíminn til að útvega mann, sem væri hæfur

til og fús á að takast þetta ætlunarverk á hendur, verið svo naumur, að stjórnarráðinu hefir verið alveg ómögulegt að verða við bæn yðar í þessu efni, og verðum vèr því að bíða eptir nákvæmari skýrslu frá yður um það, hvort ástandið er svo, að ekki verði komizt hjá að senda dýralækni til Íslands. 1866. 16. apríl.

---

36. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til Steingríms Thorsteinssonar, kandídats í málfræði, um styrk til að semja kennslubók á íslenzku í grískri og rómverskri goðafræði. 28. apríl.

Stjórnarráðið kunngjörir yður hèrmeð, að það samkvæmt bænarskrá yðar dagsettri 6. októbermán. f. á. hefir veitt yður 300 ríkisdala styrk til að semja kennslubók á íslenzku í grískri og rómverskri goðafræði, og skal því við bætt, að stjórnarráðið í dag hefir hlutazt til um, að yður verði borgaður fyrst um sinn helmingurinn af styrk þessum úr aðalfjárhirzlu ríkisins.

---

37. Brèf dómsmálastjórnarinnar til Gísla Brynjúlfssonar, kand. philos., um styrk til að semja rit um sögu og ástand landstjórnarinnar á Íslandi á miðöldunum. 1. maí.

Í bænarskrá dagsettri 15. októbermán. f. á. hafið þèr sókt um 800 ríkisdala styrk, bæði til að semja rit um ástand og sögu landstjórnarinnar á Íslandi frá því fyrst á miðöldunum og langt fram eptir þeim, og líka til að gefa út ýmsar ritgjörðir sem eru í handritasöfnunum íslenzku, og að yðar áliti hafa í sèr fólgið margt fróðlegt um landstjórn og lifnaðarháttu *(sociale Liv)* á Íslandi í fornöld, um verzlunarsögu landsins, landshagi og fleira; hafið þèr ætlazt á, að allt þetta rit verði hèrumbil 20 arkir í tveim pörtum, 10 arkir hver.

1866. 1. maí. Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, að dómsmálastjórnin hefir veitt yður, fyrst og fremst sem styrk til að semja rit þetta og búa það undir prentun, 16 ríkisdali fyrir hverja örk, og þarnæst sem styrk til að gefa það út sömuleiðis 16 rd. fyrir hverja örk, og mun styrkur þessi verða borgaður yður fyrir hvern part sérílagi, á þann hátt, að styrkurinn til að semja hann og búa undir prentun verður borgaður fyrirfram fyrir hvern part um sig, og styrkurinn til að gefa hann út, undir eins og búið er að prenta hann. Því skal við bætt, að stjórnarráðið hefir farið eptir áætlun yðar um, hversu langt ritið muni verða, og hlutazt til um, að yður verði borgaðir 160 rd. úr aðalfèhirzlunni hèr í bænum, og er það styrkurinn til að semja fyrri part ritsins og búa hann undir prentun.

---

1. maí. **38. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um styrk handa Torfa Bjarnasyni til að stunda landbúnað.**

Í brèfi dagsettu 23. febrúarmán. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, beiðzt samþykkis dómsmálastjórnarinnar til þess, að þèr hafið veitt Torfa Bjarnasyni úr Húnavatnssýslu 50 ríkisdali úr búnaðarsjóði norður- og austuramtsins, til þess að styrkja hann til að ferðast til Skotlands og leggja þar stund á landbúnað.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, að dómsmálastjórnin ekki hefir neitt á móti því, að styrkur þessi hefir verið veittur.

---

3. maí. **39. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um borgun fyrir útleggingu á „Anabasis Xenofons".**

Með brèfi dagsettu 4. nóvembermán. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, sent hingað bænarskrá frá Halldóri Friðrikssyni, kennara við Reykjavíkur lærða skóla,

um að honum verði veitt hæfileg borgun fyrir útleggingu þá, er hann hefir samið á „Anabasis Xenofóns", eða að minnsta kosti fyrir þann hluta af útleggingunni, sem komin er út á prenti með skýrslunni um latínuskólann í Reykjavík skólaárið 1864—65. 1866. 3. maí.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörið það beiðanda, að Halldóri Friðrikssyni, skólakennara, eru veittir 40 rd. fyrir þær 5 arkir af útleggingu þessari, sem búið er að prenta, og skal því við bætt, að landfógetanum hefir verið skrifað í dag um að borga fé þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

---

40. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um ávísanir og víxlbrèf. 5. maí.

Til þess að komast hjá þeim sèrstaklegum vandkvæðum, sem það er bundið að stimpla avísanir, sem embættismenn og sýslunarmenn á Íslandi borga með tekjur þær, sem þeir hafa undir höndum fyrir ríkissjóðinn, og afsalaúr sem á þær eru ritaðar, setti dómsmálastjórnin þá reglu í brèfi til allra amtmannanna á Íslandi, dagsettu 13. aprílmán. 1864, að ávísunum uppá verzlunarhús hèr verði ekki framvegis viðtaka veitt, nema þær í fyrsta lagi sè stýlaðar til dómsmálastjórnarinnar sjálfrar, og í öðru lagi sè stýlaðar þannig, að þær eigi að borgast undireins og þær eru sýndar, og að víxlbrèf megi öldungis ekki hafa til að gjöra skil fyrir tekjum ríkissjóðsins. Eptir þetta hafið þèr, herra amtmaður, með brèfi dagsettu 18. febrúarmán. f. á. sent hingað tvær bænarskrár, þar sem þess er farið á leit, að reglu þeirri, sem dómsmálastjórnin hafði sett um þetta efni, verði breytt, og er þar einkum tekið fram, að það með öllum jafnaði sè ómögulegt að fá hjá verzlunarfulltrúunum eða kaupmönnunum á Íslandi ávísanir uppá verzlunarhús hèr, sem sèu stýlaðar þannig, að þær eigi að borgast undir eins og þær

1866. 5. maí. eru sýndar, svo að skattheimtumönnunum með þessu optast nær verði meinað að borga tekjur þær, sem þeim er trúað fyrir, á þann hátt, sem tíðkazt hefir hingað til.

Þess skal fyrst og fremst getið, að úrræði það, sem þér hafið stungið uppá, herra amtmaður, í áðurnefndu brèfi yðar, það er segja að færa skattheimtumönnunum stimplunarkostnaðinn til skuldar í útásetningunum útá reikning þann, sem átt er við, ekki verður notað, vegna ymsra vandkvæða, sem það er bundið. Eptir að skrifazt hefir verið á við fjárstjórnina um málefni þetta, skal yður nú til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess að þèr kunngjörið það öllum embættismönnum og sýslunarmönnum í umdæmi því, sem þèr eruð settur yfir, að dómsmálastjórnin framvegis eins og fyr krefst þess, að slíkar ávísanir sè stýlaðar til hennar sjálfrar, og sömuleiðis bannar framvegis að hafa víxlbrèf til að gjöra skil fyrir tekjum ríkissjóðsins, en, þegar hlutaðeigendur ekki geta fengið ávísanir, sem eru stýlaðar þannig, að þær eigi að borgast þegar þær eru sýndar, þá vill stjórnarráðið eptir málavöxtum, og einkum bæði vegna þess, hversu örðugt það er fyrir skattheimtumennina að láta stimpla ávísanirnar, þar sem það verður að gjörast hèr í bænum, og líka vegna þess, að hèr er einungis um lítilræði að gjöra, ekki synja að veita viðtöku ávísunum, sem eru stýlaðar þannig, að þær eiga að borgast nokkrum tíma eptir að þær hafa verið sýndar, svo að það verður sèð um hèr, að þær verði stimplaðar, án þess að hlutaðeigandi skattheimtumenn hafi neinn kostnað af því[1].

---

11. maí. **41. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um að leggja megi hjáleiguna Skaflakot í eyði.**

Með brèfi 27. janúarmán. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað brèf með fylgiskjölum frá umboðsmanninum yfir

---

[1]) Stiptamtmanninum og amtmanninum yfir vesturumdæminu var skrifað sama dag á sömu leið.

Arnarstapa umboði; skýrir hann í því frá, eptir áskorun leigu- 1866.
liðans á jörðunni Kálfárvöllum í Staðarsveit í Snæfellsness sýslu, 11. maí.
sem liggur undir Arnarstapa umboð, að það sè því nær ómögulegt að byggja eina af hjáleigum jarðarinnar, Skaflakot, neinum áreiðanlegum manni, einkum vegna þess að landslagi er svo háttað, að hún er undir áföllum af snjóflóðum og skriðum, sem opt hafa gjört miklar skemmdir bæði á húsunum og túninu; sækir hann því um, að það megi leggja kot þetta í eyði sem hjáleigu fyrir sig, þannig að húsin, sem eru á kotinu, verði rifin, timbrið selt og andvirðið borgað inn í umboðssjóðinn. Þér hafið lagt til með, að leyft verði, að hjáleigan Skaflakot sè lögð í eyði og lögð undir heimajörðina Kálfárvelli með þeim kjörum, að ábúandinn á Kálfárvöllum eptir sem áður gjaldi það afgjald afdráttarlaust, sem ákveðið hefir verið, af allri jörðinni, að ábúandinn, sem nú er, borgi í umboðssjóðinn ofanálag á húsin á hjáleigunni, er ákveðið sè af óvilhöllum monnum, að húsin sèu rifin, timbrið úr þeim selt, og andvirðið borgað í umboðssjóðinn.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess, að þèr kunngjörið það, að dómsmálastjórnin eptir málavöxtum fellst á það, sem þèr hafið lagt til um þetta málefni.

---

42. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um það, hvort greiða skuli konungstíund af hálfum Ingveldarstöðum og hálfum Daðastöðum í Skagafjarðar sýslu. 11. maí.

Með úrskurði þeim, er reikningastjórnardeild konungsríkisins hefir lagt á 2. lið útásetninganna útá reikning um konungstíundina og hinar aðrar tekjur ríkissjóðsins af Skagafjarðar sýslu á árinu frá 1. aprílmán. 1858 til 31. marzmán. 1859, hefir því verið skotið til atkvæða dómsmálastjórnarinnar, hvort að eigi að heimta konungstíund af tveim jörðum í greindri sýslu, hálfum Ingveldarstöðum og hálfum Daðastöðum í Sauðár hrepp, er áður voru eign Thorkillii barnaskólasjóðs, en seinna eru orðnar einstakra manna eign. Um þetta hafið þèr, herra amtmaður, eptir áskorun

1866. 11. maí. dómsmálastjórnarinnar sagt það álit yðar í brèfi dagsettu 19. febrúarmán. 1864, að þareð jarðir þessar áður fyrri hafa verið lagðar til guðsþakka, og ekki hefir verið goldin tíund af þeim síðan, hljóti þær framvegis, samkvæmt því sem ákvarðað er um jarðir þær, er áður voru eign Hólastóls, með hæstarèttardómi 16. febrúarmán. 1859, að vera aðnjótandi þessa tíundarfrelsis, með því að tilfelli það, sem hèr ræðir um, er svo líkt því, sem hæstarèttardómurinn hefir gjört út um, að það virðist rètt, að heimfæra hann uppá það.

Eptir að dómsmálastjórninni nú með brèfum yðar 6. septembermán. 1864 og 8. febrúarmán. þ. á. hafa borizt skjöl þau, er snerta málefni þetta, og eptirrit af uppboðsbók Skagafjarðar sýslu um skilmálana við sölu jarðanna, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að dómsmálastjórnin fellst á álit það, er þèr hafið látið í ljósi um málefni þetta.

---

12. maí. **43. Auglýsing um, að Oddeyri sè lögð undir kaupstaðinn Akureyri.**

Eptir þeirri heimild, sem dómsmálastjórninni til þess er veitt í 1. gr. í reglugjörð 29. ágústmán. 1862, um að gjöra verzlunarstaðinn Akureyri að kaupstað og um stjórn bæjarmálefna þar, hefir stjórnarráðið samkvæmt tillögum hlutaðeigandi amtmanns og bæjarstjórnarinnar í greindum kaupstað úrskurðað, að Oddeyri, er svo er nefnd, skuli framvegis heyra undir bæjarfèlag og lögsagnarumdæmi Akureyrar kaupstaðar.

Þetta gefst hèrmeð öllum hlutaðeigendum til vitundar.

Í dómsmálastjórninni, 12. dag maímánaðar 1866.

Th. Rosenörn Teilmann.

Fr. Reinhardt.

---

44. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um styrktarsjóð handa fátækum ekkjum og munaðarlausum börnum á Akureyri og í Eyjafjarðarsýslu.

1866. 14. mai.

Útaf því að þèr, herra amtmaður, í brèfi dagsettu 28. janúarmán. f. á., hafið bannað stjórn styrktarsjóðsins handa fátækum ekkjum og munaðarlausum börnum á Akureyri og í Eyjafjarðarsýslu að borga neinn styrk, fyr en amtið hefir samþykkt hann, hefir stjórn sjóðsins í skjali, er hingað hefir borizt beina leið, spurt um, hvort stofnunarskráin, dagsett 23. septembermán. 1787, veiti yður heimild til þessa. Eptir að stjórnarráðið í brèfi 30. ágústmán. f. á. hafði beiðzt álits yðar um málefni þetta, hafið þèr í brèfi dagsettu 24. janúarmán. þ. á. skotið því til úrskurðar dómsmálastjórnarinnar, og getið þess, að þèr ekki fáið betur séð, en að þèr samkvæmt nr. 4 í stofnunarskránni 23. septembermán. 1787, smbr. reglugjörð 8. janúarmán. 1834 6. kap. 19. gr., hafið fulla heimild til að skipa svo fyrir, eins og þèr hafið gjört, og að það sè alveg nauðsynlegt, að farið sè að eins og þèr hafið lagt fyrir, ef nokkur umsjón eigi að vera.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að eptir því sem segir í nr. 5 í stofnunarskránni, en þar er stjórn sjóðsins veitt heimild til að verja fènu eptir beztu sannfæring samkvæmt reglum þeim, sem að öðru leyti eru settar í stofnunarskránni, fær dómsmálastjórnin ekki betur séð, en að þèr, herra amtmaður, ekki hafið heimild til að heimta, að stjórnin leggi fyrir yður uppástungu um, hverjum eigi að veita fjárstyrk úr sjóði þessum. Þar á móti á amtið að eins að sjá um, að stjórnin, þá er hún útbýtir styrknum, ekki breyti á móti reglum þeim, sem settar eru í stofnunarskránni, og ef svo er, þá að skipa henni það sem þörf er á í því efni, eða ef amtinu finnst það vafasamt, þá að skjóta spurningunni til úrskurðar stjórnarráðsins.

1866. 14. maí. **45. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um laun handa lögregluþjóni á Akureyri.**

Með brèfi dagsettu 29. janúarmán. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað bænarskrá frá Stefáni Thórarensen, bæjarfógeta á Akureyri; biður hann í því um liðsinni amtsins til þess að veittir verði 100 rd. úr jafnaðarsjóði norður- og austuramtsins sem tillag til að launa regluþjóni í kaupstaðnum, með því að bæjarstjórnin hefir fallizt á, að borga megi 100 rd. úr bæjarsjóðnum til þessa, ef að jafnmikið fengist úr jafnaðarsjóðnum. Hafið þèr lagt til með því, að stjórnarráðið gefi leyfi til, að borga megi samkvæmt 2. gr. í opnu brèfi 24. nóvembermán. 1856 úr jafnaðarsjóði norður- og austuramtsins fyrst um sinn árlega þá 100 rd., sem sókt er um, þannig að fengið verði álit alþingis um málið, þegar því verður við komið.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að með því að dómsmálastjórnin ekki hefir nægar sannanir fyrir því, að ráðstöfun sú, sem hèr er rædt um að gjöra, sè í svo náuu sambandi við frjálsu verzlunina á Íslandi, að greiða megi kostnað þann, sem af henni leiðir, á þann hátt sem ákveðið er í opnu brèfi 24. nóvembermán. 1856, þá finnst stjórnarráðinu það ekki eiga að fallast á uppástungu yðar í þessu efni.

---

14. maí. **46. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um útvegun bólusetningarbóka.**

Í brèfi 12. júlímán. f. á. beiddist stjórnarráðið álits yðar, herra amtmaður, um skjal, sem hingað hafði borizt beina leið, frá Birni Halldórssyni, prófasti í Þingeyjarsýslu og sóknarpresti að Laufási; hefir hann í því spurt um:

1) hvort amtmanninum yfir norður- og austuramtinu beri eigi að leggja til og senda bólusetningarbækur til Laufáss

prestakalls og Sauðaness prestakalls, sem prestaköll þessi nú sem stendur vantar; og 1866. 14. maí.

2) hvort að hann (séra Björn) og presturinn að Sauðanesi, ef þeim yrði gjört að skyldu að útvega bólusetningarbækur til prestakalla sinna, megi þó ekki fá það, sem þær kosta, greidt úr jafnaðarsjóði amtsins, án þess að þeir fyrirfram sendi amtmanni kvittun.

Eptir að dómsmálastjórnin nú hefir fengið brèf yðar, herra amtmaður, dagsett 27. janúarmán. þ. á., þar sem þèr meðal annars hafið tekið fram, að það hafi æfinlega verið regla í norður- og austuramtinu, að hlutaðeigandi prestar hafi sjálfir útvegað bólusetningarbækurnar, og að yðar hyggju verði ekki leidd þessu gagnstæð regla af ákvörðuninni í 5. gr. konungsbrèfsins 18. júlímán. 1821, þar það einasta geti álitizt að hafa haft fyrir augum fyrstu bækurnar, sem átti að senda prestunum, og við þetta bætist, að konungsbrèf 24. marzmán. 1830 5. gr. ákveður einungis, að það eigi að borga kostnaðinn við að útvega bækur þessar úr opinberum sjóði — skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess þèr kunngjörið það og gjörið þær ráðstafanir, sem þörf er á, að samkvæmt ákvörðuninni, sem áður var nefnd, í 5. gr. konungsbrèfsins 18. júlímán. 1821, sem ekki verður tekin í þeim einskorðaða skilningi, sem þèr hafið vikið á, er það skylda amtsins að útvega bækur þessar og senda prestunum þær löggiltar. Þegar svo er, kemur hin spurningin, sem Björn prófastur Halldórsson hefir borið upp, ekki til greina.

---

47. Brèf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um að krefjast lestagjalds og sekta af skipi, er formaður þess hafði brotið á móti verzlunarlögunum. 18. maí.

Dómsmálastjórnin hefir fengið frá amtmanninum yfir vesturum-

1866 18. maí. dæminu eptirrit á dönsku, er fylgir með brèfi þessu, af rèttarprófi, sem sýslumaðurinn í Ísafjarðar sýslu hefir haldið, um að P. Boon, skipstjóri á skipinu Dankbaarheid fra Vlaardingen í Hollandi, hafi verzlað þar á móti lögum. Með prófinu er það sannað, að skipstjórnarmaður þessi einkum hafi verzlað við menn úr tveim hreppum við Dýrafjörð, þar sem hann hafi selt þeim ymsan kaupvarning, og keypt aptur af þeim íslenzkar vörur, einkum vetlinga og sokka.

Jafnvel þó að ætla megi, að skipstjórinn ekki hafi haft neitt mikinn kaupskap við landsmenn, hefir hann þó, eptir því sem sannazt hefir, verzlað svo mikið, að hann hefir framið þrjú lagabrot á íslenzku verzlunarlögunum, þar sem hann hefir verzlað í fyrsta lagi án þess að koma við á neinni af höfnum þeim, sem nefndar eru í 2. gr. laganna 15. aprílmán. 1854, í öðru lagi utan hinna löggiltu verzlunarstaða, þó að skilmálar þeir, sem settir eru í opnu brèfi 19. maímán. 1854, ekki ættu sèr stað, og í þriðja lagi án þess að hafa keypt íslenzkt leiðarbrèf.

Útaf þessu leyfir dómsmálastjórnin sèr að snúa sèr til utanríkisstjórnarinnar með þeim tilmælum, að utanríkisstjórnin hlutist um, að krafizt sè af útgjörðarmönnum skipsins eða skipstjóranum: í fyrsta lagi lestagjalds þess, sem á kveðið er í lögum 15. aprílmán. 1854 6. gr. smbr. 4. gr., 2 rd. af hverri lest, en það er sagt að skipið sè 51 dönsk lest, og í öðru lagi sekta fyrir lagabrotið, og finnst dómsmálastjórninni hæfilegt að setja þær á 50 rd., smbr. lögin frá 15. aprílmán. 1854 9. gr.[1]

---

[1]) Útgjörðarmenn skipsins hafa borgað bæði lestagjaldið og sektina.

48. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um lestar mál á ymsum útlendum skipum[1].

1866. 18. maí.

Með brèfi þessu er yður sent, herra (tit.), yður til leiðbeiningar, eitt exemplar af safni af umburðarbrèfum aðaltollstjórnarinnar nr. 1/1862 og eitt exemplar af sama safni nr. 1/1866, með því að þar eru meðal annars ákvarðanir um samanburð á danskri kaupskipalest og máli á ýmsum útlendum skipum.

Fylgiskjal.

Safn af umburðarbrèfum aðaltollstjórnarinnar nr. 1/1862, d.

1 dönsk kaupskipalest er álitin jafngilda:

1,95 enskum register tons á enskum skipum yfir höfuð að tala.

2,03 frakkneskum tonneaux registre á frakkneskum skipum yfir höfuð að tala.

1,00 rússneskri lest á rússneskum skipum yfir höfuð.

1,06 þungum svenskum lestum (hver lest 18 svensk skippund af járni) á svenskum seglskipum og gufuskipum til vöruflutninga.

0,31 þungum svenskum lestum á svenskum gufuskipum, er flytja farþega.

0,88 norskum kaupskipalestum á norskum skipum yfir höfuð.

1,39 prússneskum skipalestum (lestin 40 Centner allgemeinen Landesgewichtes eða 4000 metrisk pund) á stórum prússneskum skipum yfir höfuð, eða

1,49 prússneskum lestum (lestin 4000 Berlínar pund).

0,90 prússneskum skipalestum á prússneskum skipum, er fara með ströndum fram, og eptir mælingarskýrteinunum

---

[1]) Sama dag voru bæjarfógetunum í Reykjavík og á Akureyri, og sýslumönnunum í Vestmannaeyja, Suðurmúla, Ísafjarðar og Snæfellsnes sýslu skrifuð brèf sama efnis.

1866. 18. mai.

prússnesku ekki eru dýpri en 6 fóta í miðju lestarrúminu, eða

0,96 prússneskum lestum (lestin 4000 Berlínar pund).

0,78 hannóverskum kaupskipalestum (lestin 6000 pund) á hannóverskum skipum yfir höfuð.

0,71 meklenborgskum lestum á meklenborgskum seglskipum yfir höfuð.

1,27 brimskum og oldenborgskum skipalestum (lestin 4000 pund eptir þjóðverskri tollvog eða metrisk pund), eða

0,88 brimskum og oldenborgskum kaupskipalestum (lestin 6000 pund eptir þjóðverskri tollvog) á öllum skipum frá Brimum og Oldenborg.

1,21 lýbekkskum skipalestum (lestin 4120 lýbekksk pund), eða

0,83 lýbekkskum kaupskipalestum (lestin 6000 lýbekksk pund) á öllum skipum frá Lýbekk.

0,96 hamborgskum skipalestum (lestin 6000 pund) á öllum skipum frá Hamborg.

1,08 hollenzkum lestum, eða

2,05 hollenzkum tonnen á hollenzkum skipum yfir höfuð.

2,59 spönskum tonnelades á spönskum skipum yfir höfuð.

1,83 ameríkönskum tons á skipum frá Norðurameríku með tveim eða fleirum þilförum.

2,64 ameríkönskum tons á skipum fra Norðurameríku með einu þilfari.

2,06 ítölskum tonellate á ítölskum skipum yfir höfuð.

2,37 portúgölskum tonelades á öllum skipum frá Portúgal.

2,08 belgiskum tonneaux á öllum skipum frá Belgíu.

2,39 austurríkskum Tonnen eða tonnellate á öllum skipum frá Austurríki.

Sama safn nr. $^{1}/_{1866}$, a.

Í sambandi við ákvörðunina í umburðarbréfa safni nr. $^{1}/_{1862}$, d., um samanburð á kaupskipalestinni dönsku við mál á ymsum útlendum skipum, skal það sem hèr fer á eptir kunngjört, til þess að þess sè gætt framvegis.

1 dönsk kaupskipalest er álitin jafngilda: 1866.

0,61 svenskum nýjum lestum (hver lest 10,000 svensk skálapund) á öllum svenskum seglskipum og gufuskipum til vöruflutninga, sem hafa mælingarskýrteini dagsett seinna en 1. janúarmán. 1863. 18. maí.

0,18 svenskum nýjum lestum á svenskum gufuskipum, er flytja farþega og hafa mælingarskýrteini dagsett seinna en 1. janúarmán. 1863.

1,30 prússneskum skipa-lestum (lestin 40 Centner allgemeinen Landesgewichtes eða 4000 metrisk pund) á öllum prússneskum skipum, er hafa mælingarskýrteini dagsett seinna en 25. febrúarmán. 1862.

0,87 hannóverskum kaupskipalestum (lestin 6000 metrisk pund) á öllum skipum frá Hannóver, sem hafa mælingarskýrteini dagsett seinna en 1. febrúarmán. 1863.

1,95 ameríkönskum tons á öllum skipum fra Norðurameríku, er hafa mælingarskýrteini (certificates of registry) dagsett seinna en 1. janúarmán. 1865, og þar sem er tilfært, að mælingunni hafi verið hagað eptir skipamælingaskjali Norðurameríku frá 6. maímán. 1864.

1,00 slèsvíkskri og holsteinskri kaupskipalest.

---

49. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um að lögleiða á Íslandi hin nýju dönsku lög um sakamál. 19. maí.

Um leið og yður, herra stiptamtmaður, með brèfi þessu eru send nokkur exemplör af „Almindelig borgerlig Straffelov", sem út hefir komið handa konungsríkinu 10. febrúarmán. þ. á., og af frumvarpinu til laga þessara með ástæðum, er lagt var fyrir ríkisþingið á fundum þess 1864—65, og 1 exemplar af Tíðindum frá ríkisþinginu á fundum þess þau tvö ár, þá er lagafrumvarpið var rædt, eruð þèr beðinn sem forseti í hinum konunglega íslenzka landsyfirrètti, að ganga í nefnd með háyfirdómaranum

1866. 19. maí. og meðdómendunum í yfirréttinum, til þess að íhuga og senda síðan hingað álitsskjal yðar um, með hverjum breytingum gæti orðið umtalsmál að lög þessi yrðu leidd í lög á Íslandi, og eruð þér sérílagi beðnir að ræða það atriði, hvort ekki mætti setja aðra hegningu, er betur ætti við, í staðinn fyrir vandarhagga refsingu þá, sem beita á samkvæmt tilskipun 24. janúarmán. 1838, þangað til öðruvísi verður ákveðið.

---

23. maí. **50. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um þóknun til Jóns málaflutningsmanns Guðmundssonar fyrir störf hans í nefndinni til að ræða um fyrirkomulag latínuskolans í Reykjavík.**

Frá konungsfulltrúa á síðasta alþingi hefir stjórnarráðinu borizt bænarskrá til þingsins, er fylgir í eptirriti með brèfi þessu, og alþingi hefir vísað til úrskurðar stjórnarinnar; er bænarskráin frá mönnum þeim, er sátu í nefndinni, sem sett var eptir fyrirmælum kirkju- og kennslustjórnarinnar í brèfi 22. maímán. 1862, til þess að ræða um umbætt fyrirkomulag á hinum lærða skóla í Reykjavík, og beiðast þeir liðsinnis alþingis til þess, að þeim verði veitt hæfileg þóknun fyrir störf sín í nefndinni. Þá er konungsfulltrúi sendi hingað bænarskrá þessa, gat hann þess, að sèr fyndist ekki vera nægar ástæður til að veita þeim af nefndarmönnum, sem eru konunglegir embættismenn, en það eru þeir allir nema Jón Guðmundsson, settur málaflutningsmaður við landsyfirréttinn, neina þóknun fyrir starfa þann, sem þeim þannig var falinn á hendur í góðu trausti og í virðingar skyni; en þar á móti virðist sèr sanngjarnt, að Jóni málaflutningsmanni Guðmundssyni sè veitt hæfileg þóknun fyrir tímatöf þá og vinnu, sem hann hefir haft sem nefndarmaður.

Kirkju- og kennslustjórnin fellst á álit það, sem konungsfulltrúi hefir látið í ljósi um þetta efni, og skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það,

að Jóni Guðmundssyni, málafærslumanni við landsyfirréttinn í Reykjavík, er veitt 100 ríkisdala þóknun fyrir störf hans í nefndinni, en að stjórnarráðinu ekki hafa þókt vera nægar ástæður til að veita hinum nefndarmönnunum neina þóknun fyrir þetta. Því skal við bætt, að landfógetanum hefir í dag verið skrifað hèðan, um að borga Jóni málafærslumanni Guðmundssyni þessa 100 rd. af fè því, sem til fært er í fjárhagslögunum 9. gr. VI C. 1866. 23. maí.

---

51. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um að Kjalarness hreppur eigi að greiða fátækra styrk, er Þorkell Magnússon hafði fengið úr fátækra sjóði Reykjavíkur. 25. maí.

Útaf skjali því, er þèr, herra stiptamtmaður, hafið sent hingað með brèfi 9. marzmán. þ. á., þar sem Bjarni Bjarnason, hreppstjóri í Kjalarness hreppi, ber sig upp undan, að krafizt sè, að sinni hyggju ranglega, að Kjalarness hreppur endurgjaldi Reykjavíkur kaupstað 8 rd. 94 sk., sem borgaðir voru veturinn 1860—61 úr bæjarsjóðnum til framfæris Þorkeli Magnússyni og hyski hans, sem annars er viðurkennt að eigi sveit á Kjalarness hreppi, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að úrskurður sá, sem stiptamtið hefir lagt á málið, og ákveður að Kjalarness hreppur eigi að endurgjalda Reykjavíkur kaupstað fè þetta, á að vera óhaggaður.

---

52. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um íslenzkar kennslubækur í neðstu bekkjunum í latínuskólanum. 25. maí.

Hinn æðsti umsjónarmaður með kennslunni í hinum lærðu skólum í Danmörku, Maðvíg konferenzráð, hefir eptir áskorun stjórnarráðsins samið álitsskjal það, er fylgir með brèfi þessu,

1866. 25. maí. um málefnið um ýmsar endurbætur á hinum lærða skóla í Reykjavík.

En áður en farið er lengra út í málefni þetta, hefir stjórnarráðið ekki viljað láta hjá líða að biðja yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, að veita skólameistaranum og kennurunum við hinn lærða skóla í Reykjavík færi á að koma fram með athugasemdir þær, er þeim kynni að virðast, að álitsskjal Maðvígs konferenzráðs gæfi þeim tilefni til, og senda síðan hingað álitsskjal það, er þeir kunna að semja, og skýra um leið frá skoðun sjálfra yðar á málinu. Í sambandi við þetta eruð þér, samkvæmt uppástungu Maðvígs konferenzráðs, beðnir að gjöra ráðstafanir til að samdar verði, undir eins og því verður við komið, íslenzkar kennslubækur, til þess að hafa við kennsluna í neðri bekkjunum í skólanum, einkum latínsk málmyndalýsing og latínsk orðabók með íslenzkum þýðingum, og ef á peningum þarf að halda til þessa á fjárhagsárinu, sem nú stendur yfir, þá mun stjórnarráðið láta borga þá, þegar það fær nákvæmari skýrslu um það, af fé því, er það hefir umráð yfir, en aptur á móti eruð þér beðnir að skýra frá, hvort þér haldið, að neinn kostnaður útaf þessu muni bera að höndum á fjárhagsárinu 1867—68, og ef svo er, þá hversu mikill hann muni verða.

---

25. maí. **53. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um framfærslu-hrepp sveitarómaga.**

Eptir að stjórnarráðið hefir fengið aptur með brèfi yðar, herra amtmaður, dags. 23. febrúarmán. þ. á. skjal, er hingað hafði áður komið beina leið, frá hreppstjórunum í Helgastaða hrepp í Þingeyjar sýslu, þar sem þeir skjóta til atkvæða dómsmálastjórnarinnar úrskurði yðar 17. marzmán. 1864, að því leyti sem ákveðið er með honum, að Guðrún Björnsdóttir, ekkja Odds Benediktssonar á Jódísarstöðum, og sonur hennar, vitfirringurinn Guðni Oddsson, eigi sveit á Helgastaða hreppi, skal

yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörið það, að úrskurður yðar, herra amtmaður, um þetta efni skal vera óhaggaður[1]. 1866. 25. maí.

---

[1]) Amtsúrskurðurinn er svo látandi:

Með brèfi frá 22. f. m. með fylgiskjölum hafið þèr borið undir atkvæði amtsins úrskurð sýslumannsins í Þingeyjar sýslu frá 19. desembermán. f. á., þar sem svo er ákveðið, að ekkja Odds nokkurs Benediktssonar, Guðrún Björnsdóttir, með tveim vitfirrtum sonum þeirra, Árna og Guðna, skuli eiga rètt til sveitarframfæris af Helgastaða hrepp.

Eptir skjölum þeim, sem brèfi yðar fylgja, er það ágreiningsefnið í þessu máli, að þèr álítið, að þurfamanna-„hjálp" sú, er Oddur heitinn Benediktsson hafði þegið af Ljósavatns hrepp bæði árið 1851—52 og fyrri, hafi staðið honum í vegi fyrir því að eignast sveit á Helgastaða hrepp, þó það sè viðurkennt, að hann hafi dvalið þar 10 ár samfleytt án þess að njóta sveitarstyrks, eptir að hin umrædda hjálp var látin honum í tè.

Á þessa skoðun yðar getur nú amtið engan veginn fallizt, því eptir reglugjörð 8. janúarmán. 1834 6. gr. og opnu brèfi 6. júlímán. 1848 1. gr. ber að álíta sèrhvern sveitlægan í þeim hreppi, þar sem hann hefir dvalið 10 ár samfleytt, án þess að njóta þar sveitarstyrks, og kemur það þannig alls ekki til greina, þó hann áður hafi þegið hjálp sem þurfamaður, hvort heldur honum hefir verið lánað fè, eða lagt, til framfæris sèr og sínum; en að því leyti þèr gegn þessari skoðun hafið bent á hið 2. atriði í 6. grein reglugjörðarinnar: „þó ber — — — gjöra breytingu", þá ber þess að geta, að löggjafinn í þessu atriði greinarinnar alls ekki talar neitt um það, hver áhrif styrkur eins og hinn ofannefndi skuli hafa, í því tilfelli, sem hèr ræðir um, heldur segir hann að eins, hvernig að skuli farið, þegar einhver hafi helgað sèr sveit eptir lögum þeim, sem giltu áður en reglugjörðin 8. janúarmán. 1834 náði hèr lagagildi, og að því leyti sem þèr vitnið til tilskipunar 30. aprílmán. 1824 10. gr., þá verð eg að taka það fram, að sú lagagrein á ekki skilt við þetta mál, þó hún að vísu, eins og þèr segið, takmarki borgaraleg rèttindi manna, ef þeir standa í skuld fyrir hreppsstyrk, því hún gjörir það í allt annari grein.

Amtið hlýtur þannig að staðfesta úrskurð sýslumannsins í Þingeyjar sýslu frá 19. desembermán. f. á., að svo miklu leyti sem með honum er ákveðið, að ekkja Odds sáluga Benediktssonar, Guðrún Björnsdóttir, og sonur hennar Guðni, skuli eiga sveit á Helgastaða hrepp.

1866. 25. maí.

54. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um hvort greiða eigi jarðamatskostnað af brennisteinsnámunum í Þingeyjar sýslu.

Útaf því að Þorsteinn Jónsson, kansellíráð, sýslumaður í Þingeyjar sýslu, hefir látið það álit sitt í ljósi í brèfi, er hingað hafði borizt beina leið, að ekki ætti að gjalda jarðamatskostnað af brennisteinsnámum þeim, sem til færðir eru á 127. bls. B í jarðabókinni frá 1861, hafið þèr, herra amtmaður, eptir áskorun dómsmálastjórnarinnar, getið þess í brèfi dagsettu 24. janúarmán. þ. á., að þèr getið ekki verið honum samdóma um þetta, því að yðar hyggju eigi allt eins að gjalda jarðamatskostnað af námum þessum og af öðrum fasteignum, sem eru þjóðeignir, og ef að kansellíráðið hafi borgað jarðamatskostnað af námunum úr sínum sjóði, þá eigi hann að fá það endurgoldið úr ríkissjóðnum.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að dómsmálastjórnin fellst á álit yðar um þetta málefni.

En þar sem það á hinn bóginn er ákveðið með ofannefndum úrskurði, að hinn eldri sonur áðurnefndra hjóna, Árni, skuli einnig eiga sveit á Helgastaða hrepp, þá virðist úrskurðinum að þessu leyti eiga að breyta fyrir þá sök, að þótt foreldrar með lögmætri dvöl hafi áunnið sèr sveit, þá geta börnin ekki, ef þau eru fædd í öðrum hreppi, og þau sjálf eigi hafa helgað sèr sveit eptir 16. aldurs ár, orðið sveitlæg í þeim hreppi, hvar foreldrarnir höfðu unnið sveit, því framfærsluskyldu foreldrahreppsins er þá lokið í tilliti til barnanna, úr því þau eru 16 ára, og verða þau þá að lenda á fæðingarhreppi sínum, þegar þau sjálf eigi hafa unnið sèr sveit. Er þetta álit berlega tekið fram í brèfi amtsins frá 2. júnímán. 1851 um vitfirringinn Mattías Jónsson, sem úrskurðað var að ætti framfærslu á Háls hreppi, og var sá úrskurður staðfestur með brèfi innanríkisráðgjafans 26. maímán. 1852.

Samkvæmt þessu er því ofannefndur Árni Oddsson sveitlægur á fæðingarhrepp sínum, sem er upplýst að sè Ljósavatns hreppur.

55. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um borgun fyrir korn, er Húnvetningum og Skagfirðingum hafði verið lánað.

1866. 26. maí.

Í brèfi dagsettu 23. febrúarmán. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, skýrt frá, hverjar ráðstafanir þèr hafið gjört útaf brèfi dómsmálastjórnarinnar 12. októbermán. f. á. um borgun fyrir lán það, 10,483 rd. 32 sk. að upphæð, er veitt var rentulaust í fjáraukalögum 31. marzmán. 1860 fyrir fjárhagsárið 1859—60 vegna hallæris, er menn óttuðust fyrir í Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu. Einnig hafið þèr sent bæði útdrætti úr gjörðabókunum á sýslufundum, er haldnir voru á Hólanesi og í Hofsós árið 1859, til þess að sýna, hvað áskilið var um borgun lánsins, þá er það var greidt af höndum, og eptirrit af skýrslum sýslumannanna um ráðstafanir þær, er þeir hafa gjört til þess að lánið verði borgað. Eptir því, sem segir í skýrslum þessum, átti að vera búið að borga svo mikið uppí lán þetta úr Skagafjarðarsýslu, að skuld hennar við lok síðasta fjárhagsárs væri að minnsta kosti komin niður í 1380 rd. 48 sk., en apturámóti voru engin líkindi til, að neitt yrði borgað að marki úr Húnavatnssýslu í jarðabókarsjóðinn uppí skuldina fyrir lok síðasta fjárhagsárs.

Um leið og þess skal getið, að eptir skýrslum þeim, sem stjórnarráðið hefir fyrir sèr, er ekki búið að koma skuld Skagafjarðarsýslu eins langt niður og að ofan er sagt, heldur að eins í 1720 rd. 78 sk., — því eptir hálfmissirisreikningi landfógetans fyrir fyrsta hálfmissiri þessa árs hefir ekki verið borgað uppí skuldina nema 793 rd. 18 sk., — eruð þèr beðnir, herra amtmaður, að láta heimta saman með lögsókn það sem eptir stendur af skuldinni hjá hverjum hrepp fyrir sig, er hluttakandi er í henni. Vèr búumst við að fá skýrslu frá yður um, hvað þèr gjörið í þessu efni, í síðasta lagi með seinustu ferð gufupóstskipsins í ár, og eruð þèr einnig beðnir um að senda stjórnarráðinu greinilegan reikning um, hversu mikið hver einstakur hreppur hefir fengið af láninu, hversu mikið hefir verið

1866. 26. maí. borgað uppí það, og hversu mikið þá stendur eptir, og loks að fá frá sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu og senda hingað nákvæma skýrslu um fé það, sem hann smátt og smátt hefir borgað uppí hluta sýslu sinnar af skuldinni.

---

26. maí. **56. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um framfærsluhrepp sveitarómaga.**

Í skjali nokkru, er hingað barst með brèfi yðar, herra amtmaður, dagsettu 27. janúarmán. þ. á., hafa hreppstjórarnir í Torfastaða hrepp í Húnavatnssýslu borið sig upp undan úrskurði amtsins 15. júlímán. 1862, er ákvað, að drengurinn Guðmundur Helgason, sem þá var hjá móður sinni og seinni manni hennar, en þeim var lagt af sveit í Staðar hrepp, ætti framfærslu rètt í Torfastaða hrepp, þar sem faðir hans átti sveit, þegar hann dó; halda hreppstjórar þessir því fram, að drengurinn hljóti að hafa orðið sveitlægur á þeirri sveit, þar sem móðir hans öðlaðist framfærslurètt þegar hún giptist í annað sinn.

Um þetta skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar, og til þess að þèr birtið það, að þareð ofangreindur Guðmundur Helgason var yngri en 16 ára að aldri, þá er amtið lagði úrskurð á málið, þá kemur það í þessu tilfelli ekki til greina, samkvæmt því sem ákveðið er í úrskurði dómsmálastjórnarinnar 10. marzmán. 1863, hvar hann sè sveitlægur, heldur verður að álíta styrk þann, sem veittur hefir verið honum til framfæris, eins og hann hefði verið veittur foreldrum hans, og þareð enginn ágreiningur er um, að þau eiga sveit á Staðar hreppi, verður sá hreppur að greiða kostnað þann, er varið er honum til framfæris þangað til hann er 16. ára að aldri.

---

57. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um framfærsluhrepp sveitarómaga.

1866. 11. júní.

Með brèfi dagsettu 17. febrúarmán. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað skjal nokkurt, þar sem Páll Magnússon, er nú gegnir hreppstjórnar störfum í Hrafnagils hrepp, ber sig upp undan úrskurði yðar 7. marzmán. 1861, að því leyti sem með honum er ákveðið, að Sveinn nokkur Tómasson ekki geti hafa áunnið sèr framfærslurètt í Helgastaða hrepp, vegna þess að hann hafi fengið þar sveitarstyrk; en hreppstjórinn, er nú var nefndur, heldur því fram, að styrkur sá, sem áðurgreindum Sveini Tómassyni var veittur veturinn 1859, þegar hann var búinn að vera meira en 9 ár í Helgastaða hrepp, verði ekki skoðaður eins og styrkur úr sveitarsjóði, og geti því ekki verið því til fyrirstöðu, að hann hafi áunnið sèr framfærslurètt í hreppnum, þar sem hann hefir átt heima í 11 ár samfleytt.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að með því að það verður að álíta eptir upplýsingum þeim, sem fram hafa komið í máli þessu, að styrkur sá, sem Sveini Tómassyni var veittur veturinn 1859 í Helgastaða hrepp, hafi verið nauðsynlegur til viðurværis honum og fjölskyldu hans, og hann þar að auki hafði sjálfur beðið um styrkinn, hlýtur dómsmálastjórnin að fallast á þá skoðun amtsins, að hann hafi ekki áunnið sèr sveit í Helgastaða hrepp.

---

58. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir að flytja betrunarhúsfanga af skipi og út í betrunarhúsið.

14. júní.

Í brèfi dagsettu 20. aprílmán. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, beiðzt úrskurðar dómsmálastjórnarinnar útaf ágreiningi milli yðar og amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um borgun á kostnaðinum við að flytja Gunnar Kristjánsson, betrunarhúsfanga, er sendur var hingað frá Íslandi með skipinu Sókrat-

1866. 11. júní. es, af skipinu út í betrunarhúsið á Vridslöselille; er upphæð kostnaðarins 3 rd. 34 sk., og hafa þeir verið borgaðir fyrirfram úr lögreglusjóði Kaupmannahafnar.

Um þetta skal yður kunngjört, að eptir reglum þeim, sem farið er eptir, smbr. konungsbréf 17. aprílmán. 1789 og hinar seinni ákvarðanir, er fara í sömu stefnu, á að greiða kostnað þenna úr ríkissjóðnum, og hefir því í dag verið hlutazt til um, að þessir 3 rd. 34 sk. verði borgaðir lögreglusjóði Kaupmannahafnar úr aðalfébirzlunni hèr í bænum af fé því, sem veitt er í 9. gr. VI C í fjárhagslögunum til óvissra gjalda handa Íslandi.

---

11. júní. **59. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um borgun fyrir lækning og aðhjúkrun á betrunarhússfanga.**

Í brèfi dagsettu 6. aprílmán. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, skýrt frá, að sýslumaðurinn í Dala sýslu hafi gjört fyrirspurn til amtsins um það, hvort amtsjafnaðarsjóðurinn ætti að endurgjalda lögreglusjóði Kaupmannahafnar 7 rd. 82 sk., sem borgaðir höfðu verið fyrirfram úr sjóði þessum, og sýslumaðurinn verið krafinn um; höfðu 5 rd. af þessu verið borgaðir fyrir lækningu og aðhjúkrun á Jónatan Sigurðssyni, betrunarhússfanga, sem á heima í Dala sýslu, á bæjarspítalanum í Kaupmannahöfn, þar sem honum var komið fyrir undireins og hann kom frá Íslandi, og 2 rd. 82 sk. fyrir að flytja sakamann þenna frá spítalanum út í betrunarhúsið á Vridslöselille. Þèr hafið getið þess, að yður virðist vafalaust, að eptir ákvörðunum þeim, sem farið er eptir, eigi allt eins að borga kostnaðinn við að flytja sakamanninn frá Kaupmannahöfn út í betrunarhúsið á Vridslöselille úr ríkissjóðnum, eins og flutningskostnaðinn frá Íslandi til Kaupmannahafnar, og að líka eigi að yðar hyggju að borga kostnaðinn við lækningu hans á bæjarspítalanum á sama hátt, með því að sá kostnaður hafi borið að, meðan verið var að flytja hann frá Íslandi þangað, sem hann átti að taka út hegn-

iuguna; þèr hafið því farið þess á leit, að þessir 7 rd. 82 sk. verði endurgoldnir lögreglusjóði Kaupmannahafnar úr ríkissjóðnum. 1866. 11. júní.

Um þetta skal yður kunngjört, að stjórnarráðið er yður samdóma í því, að það eigi að greiða úr ríkissjóðnum bæði kostnaðinn við að flytja sakamann þenna þangað, sem hann átti að taka út hegninguna, og líka kostnaðinn við veru hans á bæjarspítalanum hèr, og hefir því í dag verið hlutazt til um, að þessir optnefndu 7 rd. 82 sk. verði borgaðir lögreglusjóði Kaupmannahafnar úr ríkissjóðnum, af fè því, sem er tilfært í 9. gr. VI C í fjárhagslögunum.

---

60. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um gjaldfrest á skuldum jafnaðarsjóðs suðuramtsins. 20. júní.

Með brèfi 2. marzmán. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað útdrátt úr reikningi um jafnaðarsjóð suðuramtsins árið 1865, og sèst á honum, að á þessu reikningsári hafa gjöldin verið 141 rd. 37 sk. meiri en tekjurnar, auk skulda, sem eru alls 2718 rd. 68 sk. og ekki hafa orðið borgaðar í tækan tíma úr sjóðnum, það er að segja: 1) það sem eptir stendur af alþingistollinum fyrir árin 1861—62 og 1864—65, alls 1268 rd. 68 sk.; 2) 1000 rd., sem á að vera búið að borga uppí lán það, er suðuramtinu var veitt úr ríkissjóðnum í fjáraukalögunum 30. desembermán. 1858; 3) 450 rd. skuld til Thorchillii sjóðs; og við þetta bætast enn nokkrar skuldakröfur útaf ráðstöfunum gegn fjárkláðanum árin 1862—63 og 1864—65, sem ekki verður enn þá sagt með vissu, hversu stórar sèu. Þèr hafið skýrt frá, að yður þyki ísjárvert, að leitast við að borga skuldir þessar, sem allar hafa á fallið síðan 1861, með því að hækka jafnaðarsjóðsgjaldið í einu um svo mikið, sem til þess þyrfti, en í von um, að dómsmálastjórnin fallist á uppástungu yðar í brèfi 1. marzmán. þ. á. um, að yður verði veitt til umráða nóg fè til að borga með kostnaðinn við ráðstafanir þær, er gjörðar hafa verið

1866. 20. júní. og gjörðar verða frá því í septembermán. f. á. þangað til í septembermán. þ. á. gegn fjárkláðanum, og með því að þèr ætlist á, að gjöld jafnaðarsjóðsins verði, í ár hèrumbil 2000 rd., að meðreiknuðum bæði alþingistollinum fyrir árið 1866 og því sem borga á uppí skuldina, er áður var um getið, til ríkissjóðsins, hafið þèr hugsað yður, að það mætti verja í ár og næstu ár 600 rd. á ári til þess að koma jafnaðarsjóðnum úr hinum öðrum skuldum hans, og þá yrði búið að borga fyrir lok ársins 1868 bæði það sem eptir stendur af alþingistollinum og lánið úr Thorchillii sjóðnum. Að þessu verði hagað þannig er samt að yðar hyggju komið undir því, að fenginn verði tveggja ára frestur á gjalddaganum, þá er á að byrja að borga uppí hina optnefndu skuld til ríkissjóðsins. Loks hafið þèr getið þess, að, ef að stjórnarráðinu þykir 3 ár vera of langur tími til að koma jafnaðarsjóðnum úr skuldum hans, þá sè naumast annað úrræði til að borga skuldir þessar á skemmri tíma, en að yður sè veitt heimild til að taka til láns handa sjóðnum að minnsta kosti 2100 rd., er borgaðir væru af 4 af 100 í rentu, og höfuðstóllinn goldinn smátt og smátt, eptir því sem stjórnarráðið ákvæði, þó ekki á skemmri tíma en 7 árum. Samkvæmt því, er nú hefir sagt verið, hafið þèr því farið þess á leit: fyrst og fremst, að jafnaðarsjóði suðuramtsins verði veittur 1) gjaldfrestur á því, sem átti að vera búið að borga árin 1864 og 1865 uppí lán það, er amtinu var veitt úr ríkissjóðnum í lögum 30. desembermán. 1858, þannig, að ekki eigi að byrja að borga neitt uppí lánið fyr en í ár, og 2) þriggja ára frestur á að borga hinar aðrar skuldir, er hvíla á sjóðnum, 1718 rd. 68 sk. að upphæð, þannig að borgaður verði árin 1866, 1867, 1868 að minnsta kosti þriðjungur þeirra á ári, og til vara: að stjórnarráðið veiti stiptamtinu heimild til að taka til láns í ár handa jafnaðarsjóðnum, til þess að borga með skuldir hans, 2100 eða 2200 rd., þannig, að borgaðir verði 4 af 100 í rentu af láninu, og uppí höfuðstólinn borgaðir 300 rd. á ári frá því 1867.

Um þetta skal yður kunngjört, að dómsmálastjórnin ætlar sèr, eptir að skrifazt hefir verið á við fjárstjórnina um það, að

fara þess á leit í tekjudálki frumvarpsins til fjárhagslaganna fyrir fjárhagsárið 1867—68, að veittur verði frestur frá 1. janúarmán. 1864 til 1. janúarmán. 1866, með að borga 500 rd. á ári uppí 6000 rd. lán það, sem suðuramtinu á Íslandi var veitt rentulaust í fjáraukalögum 30. desembermán. 1858 til að standa straum af kostnaði þeim, er fjárkláðinn var ollandi, með þeim kjörum, að allt lánið verði borgað fyrir lok ársins 1877, og að borgaðir sèu í rentu 4 af 100 á ári árin 1876 og 1877 af því, sem þá stendur eptir. Að öðru leyti fellst dómsmálastjórnin á aðaluppástungu yðar, herra stiptamtmaður, er tilfærð er hèr að framan. 1866. 20. júní.

---

61. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um styrk handa uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi. 22. júní.

Samkvæmt uppástungum yðar, háæruverðugi herra, er bárust stjórnarráðinu með brèfi yðar 20. aprílmán. þ. á., um það, hvernig úthluta skuli þeim 500 rd., sem veittir voru í fjárlögum þessa fjárhagsárs til styrks handa fátækum uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi, hefir stjórnarráðið veitt þeim, er nú skal greina, styrk þann, sem tilfærður er við hvern prest og prestsekkju um sig:

Uppgjafapresti	Sveinbirni Sveinbjarnarsyni frá Staðarhrauni	55 rd.
—	Guðlögi Sveinbjarnarsyni frá Hvammi	15 -
—	Jóni Sigurðssyni frá Söndum	60 -
—	Jóni Jónssyni frá Miklabæ	15 -
—	Stefáni Hanssyni úr Fljótshlíðarþingum	15 -
—	Jóni Guðmundssyni frá Hjaltastöðum	35 -
Prestsekkju	Helgu Jónsdóttur á Bjarnastöðum	30 -
—	Salbjörgu Jónsdóttur á Hörðubóli	20 -
—	Ingibjörgu Pálsdóttur í Hjarðarholti	15 -
—	Helgu Arnfinnsdóttur á Hallsteinsnesi	5 -
—	Kristínu Pálsdóttur á Brekku	25 -
—	Oddnýju Ingvarsdóttur á Litluhvalsá	20 -

1866. 22. júní. Prestsekkju Þóru Auðunnardóttur á Auðkúlu . . . . 20 rd.
— Elínu Einarsdóttur á Leysingjastöðum . . 30 -
— Marenu Níelsdóttur á Syðriey . . . . 10 -
— Sigríði Bergsdóttur á Litluheiði . . . . 12 -
— Guðrúnu Ingvarsdóttur á Gularási . . . 20 -
— Kristínu Eiríksdóttur á Krossi . . . . 5 -
— Guðnýju Jónsdóttur á Króki . . . . . 15 -
— Margrètu Narfadóttur í Reykjavík . . . 40 -
— Sigríði Jónsdóttur á Miðfjarðarnesseli . . 10 -
— Guðríði Helgadóttur á Fremraseli . . . 10 -
— Þorbjörgu Jónsdóttur í Reykjavík . . . 18 -

Þetta er yður hèrmeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það þeim, sem hlut eiga að, og um leið og vèr vísum til brèfs stjórnarráðsins 15. júlímán. f. á. skal því við bætt, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

---

29. júní. **62. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um að afsala Reykjavíkur kaupstað spildu af Arnarhóls landi til að breiðka veginn upp úr bænum.**

Með brèfi 25. aprílmán. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað skjal nokkurt frá bæjarfulltrúunum í Reykjavík, þar sem þeir fara þess á leit, að látin sè af hendi 2 álna breið spilda af Arnarhóls lóð — en sú jörð er lögð til stiptamtmannsembættisins — á sviði því, er nær frá læknum upp að íveruhúsi Jóns Pèturssonar, yfirdómara, til þess að breiðka ferðamannaveginn, sem liggur ofan úr sveitum niður í kaupstaðinn, með þeim kosti að grjótgarður sá, sem er um Arnarhólsland á þessu sviði, verði fluttur og hlaðinn upp aptur óaðfinnanlega á kostnað Reykjavíkur kaupstaðar innan ákveðins frests, er stiptamtinu og bæjarstjórninni kemur saman um. Hafið þèr mælt með, að þessi bæn verði veitt, þannig, að yður verði veitt

heimild til að afsala af jörðinni spildu, er sè allt að $2^1/_2$ alin á breidd, ef það sýnir sig meðan verið er að vinna verk þetta, að það hentar. 1866. 22. júní.

Eptir að skrifazt hefir verið á við fjárstjórnina um málefni þetta, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að stjórnarráðið hèrmeð veitir það sem sókt hefir verið um, á þann hátt, sem þèr hafið stungið uppá.

---

63. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um linun í afgjaldi af konungsjörðum á vesturlandi. 29. júní.

Eptir að dómsmálastjórnin var búin að fá brèf yðar, herra amtmaður, dagsett 29. janúarmán. þ. á., bar hún upp fyrir konungi málefni það, er þar er um rædt, og hefir hans hátign 25. þ. m. allramildilegast fallizt á þær tillögur stjórnarráðsins, að leiguliðum á þjóðjörðunum í vesturumdæminu á Íslandi enn í 4 ár, er talin sè frá fardögum 1865, veitist sú hin sama linun í landskuldagjaldi af ábýlisjörðum sínum, sem þeir hafa verið aðnjótandi nú á síðari árum, en það er á þann hátt, að þeir greiði $^5/_6$ landskuldarinnar eptir fornu verðlagi, en $^1/_6$ í peningum eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskrá á ári hverju; þó skal bjóða umboðsmönnum að hækka landskuldina við ábúandaskipti eptir nákvæmari ákvörðun amtmanns í hvert skipti, þegar slíkt þykir fært eptir ásigkomulagi jarðarinnar og öðrum atvikum.

Þetta er yður hèrmeð kunngjört, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess að þèr auglýsið það, svo sem þörf er á.

1866. 4. júlí. **64. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi um það, hver eigi að fá helminginn af sektum og gjöldum, þeim er borguð eru í Reykjavík eptir tilskipun 26. maímán. 1863.**

Í brèfi 30. aprílmán. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, skýrt frá áliti yðar um skjal það, er hingað barst aptur með brèfi yðar, þar sem Geir Zoëga og Jón Árnason, fátækrafulltrúar í Reykjavík, spyrja um, hver eigi að fá helminginn af gjöldum þeim og sektum, sem lokið er í Reykjavík samkvæmt tilskipun 26. maímán. 1863. Skal yður nú til vitundar gefið um þetta, yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að með því að nú hefir verið skýrt frá — en það sást ekki fyr af skjölum málsins — að fátækrafulltrúarnir í Reykjavík hafa þá umsjón með lausamönnum þar, sem hreppstjórarnir eiga að hafa á hendi samkvæmt áðurnefndri tilskipun, hljótum vèr að vera yður samdóma, herra stiptamtmaður, um það, að fátækrafulltrúarnir eigi að fá helming þann, sem hèr er um rædt, og eins um það, að honum sè skipt niður milli fátækrafulltrúanna í Reykjavík, allra þriggja, eins og bæjarfulltrúarnir hafa stungið uppá.

---

11. júlí. **65. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um framfærsluhrepp sveitarómaga.**

Með brèfi dagsettu 20. aprílmán. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað skjal nokkurt frá hreppstjórunum í Vatnsleysustrandar hrepp í Gullbringusýslu, þar sem þeir bera sig upp undan úrskurði stiptamtsins 8. septembermán. f. á., er ákvað, að ekkjan Hólmfríður Sigurðardóttir ætti sveit á Vatnsleysustrandar hrepp. Þèr hafið farið þess á leit, að úrskurður þessi verði staðfestur, og í því skyni tekið fram, að eins og Hólmfríður þessi Sigurðardóttir var sveitarómagi á Vatnsleysustrandar hrepp, áður en hún flutti sig til Reykjavíkur árið

1848 eða 1849, því að henni hafði verið lagt af sveit með manni hennar af Vatnsleysustrandar hrepp árin 1844 til 1847, eins beri að álíta, að hún eigi þar sveit ennþá, með því að hún geti ekki hafa áunnið sèr framsfærslurètt í Reykjavík með dvöl sinni þar, þar sem hún var þar hjá dóttur sinni og fèkk hjálp hjá henni, og heldur ekki var þar í sífellu, en var þriggja mánaða tíma hjá syni sínum í annari sveit. 1866. 11. júlí.

Þess skal fyrst og fremst getið, að Hólmfríður Sigurðardóttir getur ekki hafa áunnið sèr framfærslurètt á Vatnsleysustrandar hrepp, einmitt af því, að hún fèkk þar sveitarstyrk áður en tími sá var liðinn, er þurfti til þess, að hún ynni þar framfærslurètt, en eptir því sem fram er komið í málinu kom hún þar í sveitina árið 1840. Því næst skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að stjórnarráðið verður að vera á því máli, að Hólmfríður Sigurðardóttir hafi áunnið sèr framfærslurètt í Reykjavíkur kaupstað, af því að hún hefir átt þar heima eins lengi og með þarf til að ávinna sèr sveit, af því að ekki verður álitið, að veru hennar í Reykjavík hafi verið svo háttað, að það geti staðið henni fyrir að ávinna sèr þar framfærslurètt, sjá meðal annars kansellíbrèf 4. ágústmán. 1838 *ad* 1., og 15. aprílmán. 1843 og brèf dómsmálastjórnarinnar 17. nóvembermán. 1848, er fylgir í eptirriti með brèfi þessu, og annað brèf 31. maímán. 1858, þar sem svo er fyrir mælt, að til þess að ávinna sèr framfærslurètt í einhverri sveit, með því að hafa átt þar heima í lögákveðinn tíma, útheimtist ekki, að hlutaðeigandi hafi haft neina sèrstaka atvinnu fyrir sig, og af því að ekki verður álitið, að hún hafi brotið af sèr rèttinn til að ávinna sèr sveit í Reykjavík með veru sinni hjá syni sínum, því eptir því sem fram hefir komið í málinu, smbr. sèrílagi framburð maddömu Guðlaugar Ahrens í prófinu 11. febrúarmán. 1864, verður ekki annað sèð, en hún hafi einasta verið þar um stund, og ekki ætlað sèr að ílengjast þar (ekki verið þar animo commorandi). Vegna tilefnis þess, sem fylgiskjöl málsins gefa, skal stjórnarráðið annars ekki leiða hjá sèr að geta þess, að það virðist vafasamt, hvort Hólmfríður Sigurðardóttir yfir höfuð að

1866. 11. júlí. tala verði álitin sveitarþurfi, þar sem það hefir sannazt í málinu, að sonur hennar, er áður var um getið, er fær um að sjá fyrir henni.

---

13. júlí. **66. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um bann gegn flutningi á skepnum frá Írlandi til Íslands.**

Yður skal hèrmeð kunngjört, í framhaldi af brèfum stjórnarráðsins 12. októbermán. f. á. og 27. febrúarmán. þ. á., yður til leiðbeiningar og til þess að þèr auglýsið það á þann hátt, sem yður þykir bezt við eiga, að dómsmálastjórninni hefir þókt hlýða en fremur að leggja bann fyrir, að fluttar sèu til Íslands frá Írlandi skepnur þær og annað, sem um er getið í brèfinu frá 12. októbermán. f. á.

---

20. júlí. **67. Brèf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um sölu á frakknesku fiskiskipi.**

Eptir að dómsmálastjórninni hafði gefizt færi á í síðasta sinni 6. marzmán. þ. á. að skýra ítarlega frá áliti sínu á máli því, er risið hefir útaf sölunni á frakkneska fiskiskipinu l'Eugène frá Dunkerque, er strandað hafði nálægt Nesi í Norðfirði á Íslandi árið 1862, hefir utanríkisstjórnin getið þess í brèfi 29. f. m., að skýrslur þær, sem keisarastjórnin á Frakklandi hafi útvegað málinu til upplýsingar, gjöri það mjög vafasamt, hvort utanríkisstjórninni verði unnt að sannfæra frakknesku stjórnina um, að tildrög málsins sèu rètt hermd af þeim, sem kært hafa, eða að fá hana til að gjalda skaðabætur fyrir tjón það, er kaupendurnir á uppboðinu á Íslandi biðu af því, að munirnir, sem seldir voru, voru teknir burtu, og að utanríkisstjórninni því eptir öllum málavöxtum virðist vera ástæða til að láta málið falla

niður að því er skaðabæturnar snertir. En með því að utanríkisstjórnin er dómsmálastjórninni samdóma um, að le Griel kapteinn hafi, án tillits til, hvort uppboðið hafi verið lögmætt eða ekki, gjört sig sekan í sjálftöku, þar sem hann uppá sitt eindæmi tók burtu mesta hlutann af munununum, sem seldir voru, í stað þess að snúa sèr að embættismönnum þeim á Íslandi, sem hlut áttu að, til þess að fá uppboðið, er hann áleit ólögmætt, ónýtt með venjulegri lagaaðferð, þá hefir utanríkisstjórnin skýrt frá, að hún ætli sèr, um leið og hún lætur frakknesku stjórnina vita, að danska stjórnin ætli sèr ekki að leggja málefni þetta lengra, þá að láta í ljósi, að menn búist við, að keisarastjórnin sjái svo um, að aðrar eins aðfarir, og strand l'Eugènes gaf tilefni til, komi ekki optar fyrir. Áður en sendiherra Danakonungs við hirð Frakkakeisara verður sagt fyrir samkvæmt því, sem hèr er að framan, vill utanríkisstjórnin fá að vita, hvort dómsmálastjórnin hefir nokkur mótmæli gegn því, að sendiherranum verði sagt fyrir á þenna hátt, og að endingu getið þess, að þegar búið sè að leggja ríkt á við herskipaforingja þá, er sendir verða eptirleiðis með frakknesk herskip til Íslands, um hvernig þeir eigi að hegða sèr, þá verði líka á hinn bóginn að vera full vissa fyrir, að embættismennirnir á Íslandi gjöri sig ekki seka í annari eins breytni, og þeir hafa haft í frammi í þessu tilfelli, að minnsta kosti eptir því sem frakkneska stjórnin álítur, og hefir utanríkisstjórnin því vikið á, hvort dómsmálastjórninni finnist ekki vera full ástæða til að láta rannsaka málið ítarlegar, og einkum breytni síra Hinriks Hinrikssonar og skýrslur hans. 1866. 20. júlí.

Útaf þessu skal dómsmálastjórnin geta þess, að þó að hún fyrir sitt leyti ekki geti breytt þeirri skoðun sinni á málinu, að því er snertir skaðabótakröfurnar, sem hún áður hefir látið í ljósi, hljótum vèr þó að álíta gagnslaust að halda skoðun þessari frekar fram, þar sem utanríkisstjórnin er á öðru máli, og ekki treystir sèr til að fá frakknesku stjórnina til að fullnægja kröfum þessum. Aptur á móti þykir dómsmálastjórninni vænt um, að utanríkisstjórnin hefir sömu skoðun og hún á aðförum le Griels kapteins, og hefir þess vegna að svo miklu leyti ekkert

1866. 20. júlí. á móti, að Moltke-Hvitfeldt greifa verði sagt fyrir, eins og utanríkisstjórnin hefir ætlað sèr. Samt sem áður skal þess getið, að dómsmálastjórninni ekki finnast nægar ástæður til að gjöra neinar slíkar ráðstafanir viðvíkjandi embættismönnum á Íslandi, sem utanríkisstjórnin hefir vikið á, og ættu að sínu leyti að veita sömu tryggingu og það, sem sendiherranum í Parísarborg verður sagt fyrir um, og skulum vèr um það láta oss nægja að taka fram, að uppboðið, sem svo mikið hefir verið talað um og á að vera ólögmætt, ekki yrði ónýtt nema farinn væri lagavegur og að maður sá, sem Frakkar virðast einkanlega að bera sig upp undan, en það er Hinrik prestur Hinriksson að Skorrastað, hefir ekki komið fram eins og embættismaður í þessu máli, þó hann sè embættismaður, heldur eins og milligöngumaður milli frakkneska skipstjórans og hlutaðeigandi sýslumanns. Að öðru leyti leyfum vèr oss að búast við að fá að vita, hver árangurinn verður af samningum utanríkisstjórnarinnar við frakknesku stjórnina um málefni þetta.

---

6. ágúst. **68. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um fæðispeninga handa landlæknum á embættisferð.**

Útaf því, að gjörð hefir verið sú útásetníng um jafnaðarsjóðsreikning vesturumdæmisins fyrir árið 1864, þá er hann var endurskoðaður, að Hjaltalín landlækni og jústizráði hafi verið borgaðir úr sjóði þessum 3 rd. á dag í fæðispeninga á embættisferð, er hann fór til Stykkishólms sama sumar, í stað þeirra 2 rd., sem ákveðnir eru í kansellíbrèfi 18. júnímán. 1840, hefir Bogi Thórarensen sýslumaður, er áður var settur amtmaður í vesturumdæminu, farið þess á leit í bænarskrá, er hingað barst með brèfi yðar, herra amtmaður, 25. maímán. þ. á., að dómsmálastjórnin leggi samþykki sitt á útborgun þessa. Þèr hafið getið þess, að þó að þèr ekki getið verið beiðandanum samdóma um, að með kansellíbrèfi þessu sè að eins skorið úr ein-

stöku tilfelli, er fyrir hafi komið, því að eptir því sem í brèfinu 1866.
stendur, virðist einmitt hafa átt að ákveða með því, hversu 6. ágúst.
mikla fæðispeninga landlæknirinn megi reikna sèr yfir höfuð að tala á visítazíuferðum sínum, þá getið þèr ekki annað en sannað, að það sè satt, sem vikið er á í bænarskránni, að minni fæðispeningar mundu ekki hrökkva til fyrir mann í hans stöðu til gjalda þeirra, sem koma fyrir á ferð á Íslandi, og hafið þèr því lagt til með, að útborgun þessi megi standa óhögguð í þetta sinn.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að dómsmálastjórnin eptir atvikum fellst á uppástungu yðar í þessu efni.

---

69. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um launaviðbót eptir kornverði handa bæjarfógetanum á Akureyri. 6. ágúst.

Þar sem Stephán Thórarensen, bæjarfógeti á Akureyri, hefir spurt um í skjali, er hingað hefir borizt beina leið, hvort stjórnarráðið álíti ekki, að hann eigi rètt á að fá launaviðbót eptir kornverði af þeim 200 rd. á ári, er hann fær úr ríkissjóðnum sem bæjarfógeti, og ef því verður neitað, þá af hverjum ástæðum, eruð þèr beðnir, herra amtmaður, að leiða athygli hans að því, sem stendur í 3. gr. nr. 1 í lögum 19. febrúarmán. 1861, um laun handa embættismönnum og sýslunarmönnum, er heyra undir stjórnarráð konungsríkisins, að undanteknum þeim, sem eru í sjálfum stjórnarráðunum, þar sem svo segir, að ákvarðanirnar í lögum þessum um launaviðbót eptir kornverði eigi ekki við um þá embættismenn og sýslunarmenn, sem að mestu leyti hafa óvissar tekjur í laun, smbr. 3. gr. í lögum 19. janúarmán. 1863, um launaviðbót handa ymsum embættismönnum á Íslandi.

1866. 15. ágúst. **70. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um að manni fyrir innan tvítugt sè neitað um leyfi til að kvongast.**

Útaf þegnlegri bænarskrá, er hingað barst með brèfi yðar, herra amtmaður, dagsettu 20. júnímán. þ. á., þar sem Jón Jónsson, yngismaður, á Rauðuskriðu í Þingeyjar sýslu, sækir um leyfi til að kvongast, þó að hann sè ekki nema á 19. aldurs ári, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að beiðandanum ekki verður veitt það sem hann sækir um.

---

17. ágúst. **71. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi um það, hvar íslenzkir sakamenn, sem dæmdir eru í hegningarvinnu, eigi að út taka hegninguna.**

Um það, í hvaða hegningarhús eigi að flytja fanga frá Íslandi, sem dæmdir eru til opinberrar vinnu, skal eptirleiðis farið eptir reglum þeim, er nú skal greina;

alla karlmenn, sem dæmdir eru í betrunarhúsvinnu, á að flytja í hegningarhúsið á Kristjánshöfn;

alla kvennmenn, sem dæmdir eru til opinberrar vinnu, á einnig að flytja í hegningarhúsið á Kristjánshöfn; og

alla karlmenn, sem dæmdir eru í tukthúsvinnu, í hegningarhúsið hjá Horsens.

Þetta er yður hèrmeð kunngjört, herra stiptamtmaður (amtmaður), yður til leiðbeiningar og til þess að þèr birtið það öllum valdsmönnum í umdæmi yðar.

---

72. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um verðlaun fyrir að bjarga mönnum úr lífsháska. 1866. 20. ágúst.

Með brèfi dagsettu 24. maímán. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað eptirrit og útleggingu á dönsku af vottorði, er borið hefir verið fyrir lögreglurètti Reykjavíkur 13. marzmán. þ. á., um hina djörfu framgöngu Bjarna Oddssonar, hafnsögumanns úr Reykjavík, og háseta hans, 9. marzmán. þ. á., til þess að bjarga þremur mönnum, sem sökum ísreka voru komnir í mikinn lífsháska á sjó. Hafið þèr mælt fram með, að þeim, sem björguðu mönnunum, verði veitt verðlaun, og finnst yður mátulegt að setja þau á 2 ríkisdali handa hafnsögumanninum og 2 ríkisdali handa hverjum af hásetum hans, en þeir voru 9 alls.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þèr gjörið þær ráðstafanir, sem þörf er á, að dómsmálastjórnin eptir atvikum þeim, sem skýrt hefir verið frá, hefir veitt Bjarna Oddssyni, hafnsögumanni og hásetum hans 32 ríkisdala verðlaun, og skal lögreglustjórinn skipta þeim á milli þeirra, eins og honum lízt. Landfógetanum hefir í dag verið skrifað um að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands, þegar þèr krefist þess.

---

73. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um að leggja hjáleiguna Býlubúð í eyði. 20. ágúst.

Með brèfi dagsettu 17. maímán. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað brèf með fylgiskjali, þar sem Árni Thorlacíus, umboðsmaður yfir Arnarstapa umboði, fer þess á leit eptir beiðni Kristjáns Gíslasonar, hreppstjóra, leiguliða á Bjarnabúð og Býlubúð, hjáleigum frá umboðsjörðinni Arnarstapa, að það megi steypa hjáleigum þessum saman og rífa húsin í Býlubúð, með því að leiguliðinn að öðrum kosti ætli sèr að segja hjáleigunum lausum, og það muni verða mjög erfitt að byggja þær

1866. 20. ágúst. hverja útaf fyrir sig, þar sem þær eru mjög lítilfjörlegar. Þér hafið mælt fram með, að leyft sè, að það megi rífa húsin á hjáleigunni Býlubúð, selja þau og borga andvirðið í ríkissjóðinn, og leggja síðan Býlubúðar land undir hjáleiguna Bjarnabúð, með þeim skilmálum, að goldið verði eptirleiðis sama afgjald til landsdrottins, og goldið hefir verið til þessa af báðum hjáleigunum, að leiguliðinn skili húsunum á Býlubúð með tilhlýðilegu ofanálagi, og að ofanálagið og það sem fæst við opinbert uppboð fyrir hús þessi, eða efnið í þeim, verði tilgreint meðal tekjanna í umboðsreikningnum fyrir Arnarstapa umboð.

Útaf þessu skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess að þèr auglýsið það, að dómsmálastjórnin eptir málavöxtum fellst á uppástungur yðar um þetta efni.

---

22. ágúst. **74. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um styrktarfè handa prestsekkju.**

Í brèfi 1. þ. m. hafið þèr, háæruverðugi herra, skýrt frá, að Ingibjörg Pálsdóttir, prestsekkja frá Hjarðarholti, sem veittir höfðu verið með brèfi stjórnarráðsins dagsettu 22. júnímán. 15 ríkisdalir af styrktarfè því handa fátækum uppgjafaprestum og fátækum prestsekkjum, sem veitt var í fjárhagslögum þessa árs, sè dáin, og hafið þèr stungið uppá, að styrkur þessi verði veittur annari fátækri prestsekkju, Valgerði Pálsdóttur í Barðastrandar sýslu.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr birtið það, að stjórnarráðið fellst hèrmeð á uppástungu yðar um þetta efni.

---

75. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lán, sem Borgarfjarðarsýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu var veitt árið 1861.

1866. 22. ágúst.

Í brèfi dagsettu 2. októbermán. f. á. bað dómsmálastjórnin yður, herra stiptamtmaður, um að senda sèr nákvæman reikning með tilheyrilegum skýrteinum um lán það, 4055 rd. 95 sk. að upphæð, sem ymsum hreppum í Borgarfjarðarsýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu var veitt, samkvæmt brèfi stjórnarráðsins 12. septembermán. 1861 til þess að kaupa korn fyrir, og átti reikningurinn að vera svo saminn, að hann sýndi, hversu mikið hver hreppur hefir borgað bæði í rentur og uppí skuldina, og hversu mikið enn er óborgað.

Því næst hafið þèr, herra stiptamtmaður, með brèfi dagsettu 7. febrúarmán. þ. á., sent hingað tvo reikninga um lán þetta; er annar þeirra merktur með staflið A og hinn með staflið B, og hafið þèr tekið fram, að nokkur hluti af kornmatnum, sem hèr ræðir um, hafi verið úti látinn fyrir 9 rd. tunnan, og hinn hlutinn fyrir 10 rd. tunnan. Í reikningnum, sem merktur er með staflið A, hafið þèr, þá er þèr hafið reiknað út skuld hvers einstaks hrepps, lagt til grundvallar meðalverðið á kornmatnum, án þess að hafa tillit til, hvenær hann hefir verið útilátinn, en í reikningnum staflið B hafið þèr lagt til grundvallar þá upphæð, sem það korn í raun og veru hefir kostað, er hver hreppur hafði fengið, og hafið þèr getið þess, að yður finnist að taka eigi hina síðari reikningsaðferðina fram yfir hina.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið verður að vera yður samdóma um það, að þegar reiknuð er út skuld hvers hrepps útaf fyrir sig, á að eins að hafa tillit til, hversu mikið hann í raun og veru hafi fengið útilátið, sumpart í kornmat eptir því verði, sem á honum var, þegar hann var útilátinn, og sumpart í peningum eða öðrum vörum, og að það því á að leggja hina síðarumgetnu reikningsaðferðina til grundvallar, þegar reikningurinn er saminn. Af þessu leiðir á hinn bóginn, að kaupmaður sá, sem hafði tekizt á hendur að láta kornið úti, ekki getur krafizt að

1866. 22. ágúst. fá endurgoldið meira fè, en hann í raun og veru hefir látið vörur af hendi fyrir eða goldið í peningum, og á hann því að borga aptur þá 4 rd. 23 sk., sem hann hefir fengið um of eptir reikningi yðar. Stjórnarráðið fellst þar að auki eptir málavöxtum á það, að þá er þèr hafið reiknað út renturnar, sem ógoldnar eru af láninu, hafið þèr reiknað þær frá 1. aprílmán. 1862, og að þèr í reikningnum hafið tilgreint það, sem borgað hefir verið sem borgun uppí rentur þær, sem þá voru komnar í gjalddaga, og því að eins sem borgun uppí höfuðstólinn, að það hafi verið meira en renturnar. Að endingu skal því við bætt, að stjórnarráðinu hefir ekki fundizt vera tilefni til, eins og málefni þetta er komið enn sem er, að láta yfirskoða reikning þann, sem þèr hafið samið, og að vèr vonumst eptir, að þèr, þegar þèr leiðið reikninginn til lykta, gjörið breytingar þær á honum, sem brèf þetta gefur tilefni til.

Fylgiskjölin, sem þèr hafið sent hingað með reikningunum, eru yður send aptur, svo að þèr getið notað þau, og vonumst vèr eptir að þèr síðan sendið þau hingað aptur.

---

11. sept. **76. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk handa lestrarfèlagi í Strandar hrepp.**

Dómsmálastjórnin hefir afhent kirkju- og kennslustjórninni bænarskrá með álitsskjali yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu 16. aprílmán. þ. á.; í henni sækja forstöðumenn lestrarfèlags nokkurs í Strandar hrepp í Borgarfjarðarsýslu um styrk til að kaupa bækur fyrir. Um það skal yður kunngjört yður til leiðbeiningar og til þess að þèr birtið hlutaðeigendum það, að stjórnarráðið getur ekki veitt það, sem sókt hefir verið um.

---

77. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun á láni, er Borgarfjarðarsýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu hafði verið veitt. 1866. 18. sept.

Í brèfi dagsettu 12. októbermán. f. á. skoraði dómsmálastjórnin á yður, herra stiptamtmaður, að ganga ríkt eptir, að þeir 770 rd., sem enn voru ógoldnir af láni því, 1000 rd. að upphæð, sem veitt var rentulaust í fjáraukalögunum 31. marzmán. 1860 fyrir fjárhagsárið 1859—60, vegna hallæris, er menn óttuðust fyrir að mundi bera að höndum í Borgarfjarðarsýslu og Gullbringusýslu, væru borgaðir fyrir 31. marzmán. þ. á. Nú höfum vèr sèð á reikningnum um jarðabókarsjóð Íslands fyrir fjárhagsárið 1865—66, að á því fjárhagsári hefir ekki verið borgað meira uppí lánið en svo, að við lok fjárhagsársins stóðu enn eptir 692 rd. Sèu dregnir frá þessari upphæð þeir 72 rd., sem sjá má á útdrætti úr reikningi jarðabókarsjóðsins fyrir hálfmissirið frá 1. aprílmán. til 30. júnímán. þ. á., að seinna hafa borgaðir verið, þá verður sú niðurstaðan, að 620 rd. eru enn óborgaðir.

Útaf þessu eruð þèr nú beðnir, herra stiptamtmaður, að sjá svo um, að eptirstöðvarnar af láni þessu verði heimtar saman án frekari undandráttar með málssókn hjá hverjum hreppi fyrir sig, sem fengið hefir hluta af láninu. Vèr vonumst eptir að fá með fyrstu ferð gufupóstskipsins hingað að ári skýrslu um, hverjar ráðstafanir þèr gjörið samkvæmt þessu, og eruð þèr einnig beðnir um að senda stjórnarráðinu um leið nákvæman reikning um, hversu mikið hver hreppur um sig hefir fengið af láninu, hversu mikið hefir verið borgað uppí það, og hversu mikið þá standi eptir, ef það verður ekki þá allt borgað.

---

78. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um endurgjald fyrir flutning á viði að Möðruvalla klausturs kirkju. 26. sept.

Með brèfi dagsettu 2. aprílmán. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað brèf með fylgiskjali frá umboðshaldara

1866. 26. sept. Möðruvalla klausturs kirkju, þar sem hann skýrir frá, að bændurnir í Möðruvalla klausturs sókn hafi kostað 250 ríkisdölum til viðarflutninga að kirkjunni, og af því þeim naumast verði gjört að skyldu að hafa allan þenna kostnað einsamlir, hefir hann sókt um, að borga megi helminginn af honum, 125 rd., úr sjóði kirkjunnar. Þér hafið nú bæði beðið um samþykki stjórnarráðsins til þess, að þér hafið leyft að borga megi 95 rd. af kostnaði þessum úr sjóði kirkjunnar, og líka skotið til úrskurðar stjórnarráðsins, hvort ástæða sé til að láta kirkjuna taka að sèr ennþá meira af flutningskostnaðinum.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það og gjörið ráðstafanir þær sem þörf er á, að stjórnarráðið eptir atvikum leyfir, að borga megi bændunum helminginn af kostnaði þeim, sem hèr ræðir um, alls 125 rd., úr Möðruvalla klausturs kirkjusjóði.

---

29. sept. **79. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um borgun fyrir að flytja svenskan sjómann úr Skagafjarðar sýslu til Reykjavíkur, og þaðan til Kaupmannahafnar.**

Í skjali, sem hingað hefir borizt, hefir stiptamtmaðurinn yfir Íslandi farið fram á, að stjórnarráðið skipi svo fyrir, að bæjarfógetinn í Reykjavík fái endurgoldna úr jafnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins 111 rd. 24 sk., sem hann hefir borgað til viðurværis handa svenskum sjómanni, Oskari Karlssyni, í Reykjavík veturinn 1864 og 1865, og fyrir að flytja hann til Kaupmannahafnar; hafði hann verið sendur til Reykjavíkur úr Skagafjarðar sýslu. Stiptamtmaðurinn hefir þar að auki sent stjórnarráðinu brèf frá yður, herra amtmaður, til sín, dagsett 4. janúarmán. þ. á., þar sem þèr hafið færzt undan að greiða fè þetta, af því að málefnið að yðar hyggju alls ekki nái til jafnaðarsjóðs norður- og austurumdæmisins.

Um leið og þess skal getið, að ákvarðanirnar í 4—1—9 í

norsku lögum, smbr. opið brèf 11. marzmán. 1818 og tilskipun 4. ágústmán. 1824 ekki eiga við um það tilfelli, sem hèr ræðir um, og er það nóg ástæða til þess, að skipið, sem sjómaðurinn var á, ekki var í öðru landi, heldur í höfn, sem heyrir undir Danmerkur ríki, skal yður til vitundar gefið um þetta yður til leiðbeiningar, að með því að sýslumaðurinn í Skagafjarðar sýslu hefir látið taka sjómann þann, sem um er rædt, fastan, og flytja hann til Reykjavíkur sem bandingja, og skorað á bæjarfógetann í Reykjavík að sjá um, að hann yrði fluttur alla leið til Kaupmannahafnar og fenginn í hendur lögreglustjóranum þar, þá á að endurgjalda bæjarfógetanum í Reykjavík kostnað þann, sem leidt hefir af veru mannsins í Reykjavík sem bandingja, og flutningi hans til Kaupmannahafnar, úr jafnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins; en jafnaðarsjóðurinn getur þá aptur krafizt endurgjalds hjá þeim, sem kynnu að vera álitnir skyldugir að greiða fè þetta. Þèr eruð því beðnir, herra amtmaður, að sjá um, að þessir 111 rd. 24 sk. verði endurgoldnir Árna Thorsteinssyni, bæjarfógeta, sem fyrst, úr jafnaðarsjóði umdæmisins. 1866. 29. sept.

---

80. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um verðlaun handa Jóni bónda Þorsteinssyni á Fossi fyrir jarðrækt. 29. sept.

Nú er stjórnarráðinu hefir borizt brèf yðar, herra amtmaður, dagsett 16. júlímán. þ. á. og skýrslur þær, sem því fylgdu, um jarðabætur Jóns bónda Þorsteinssonar á Fossi í Staðarsveit í Húnavatnssýslu, skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, að dómsmálastjórnin hefir ekki neitt á móti því, að þèr hafið veitt Jóni þessum Þorsteinssyni 25 rd. úr búnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins, sem verðlaun fyrir dugnað hans.

1866. 29. sept. **81. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um þóknun handa Eggerti umboðsmanni Gunnarssyni.**

Í brèfi dagsettu 4. júnímán. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, skýrt frá, að Eggert Gunnarsson, umboðsmaður yfir norðurhluta Múkaþverár klausturs, hafi í fyrra sumar eptir skipun amtsins farið austur í Þingeyjar sýslu, útaf ymsum landa- og rekaþrætum millum nokkurra af jörðum umboðsins og ýmissa jarðeigenda, og að umboðsmanninum hafi tekizt að koma sættum á um allar þessar þrætur, þannig, að málspartarnir, sem á móti voru, lètu af öllu tilkalli til jarðaskika þeirra og rekaparta, sem ágreiningurinn var um. Vegna þess hafið þèr beiðzt samþykkis stjórnarráðsins til, að þèr hafið leyft Eggerti umboðsmanni Gunnarssyni að tilgreina meðal gjaldanna í umboðsreikningi hans, fyrir reikningsárið sem leið, 38 rd., sem eru upphæð reiknings frá honum yfir ferðakostnað hans og fæðispeninga.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þèr gjörið þær ráðstafanir sem með þarf, að stjórnarráðið samkvæmt reglu þeirri, sem sett er í rentukammerbrèfi 19. júnímán. 1846, ekki getur veitt samþykki það, sem þèr hafið beðið um, nema að því er snertir næstsíðasta lið reikningsins (3 rd., borgun til áreiðarmanna), en aptur á móti hefir stjórnarráðið eptir málavöxtum ekkert að því að finna, að umboðsmanninum sè veittir 25 rd. í auka-þóknun fyrir dugnað þann, sem hann hefir sýnt í þessu efni, og að þeir sè tilfærðir meðal gjaldanna í umboðsreikningi hans.

---

2. október. **82. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um altaristöflur handa nokkrum kirkjum, sem eru konungseign.**

Útaf því, að umboðsmaðurinn yfir Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklausturs jörðum hefir skýrt frá, að það vanti altaristöflur

í Prestbakka, Langholts og Þykkvabæjarklausturs kirkju, sem eru nýsmíðaðar, hafið þèr, herra stiptamtmaður, farið þess á leit í brèfi, dagsettu 4. júnímán. þ. á., að veittir verði 460 rd. í fjárhagslögunum fyrir fjárhagsárið 1867—68, til þess að útvega fyrir altaristöflur handa kirkjum þessum. 1866. 2. október.

Nú er skrifazt hefir verið á við fjárstjórnina um málefni þetta, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að með því að fjárstjórnin ekki hefir þókzt geta veitt samþykki sitt til þessa gjalds vegna þess, hvernig ástatt er með fjárhag Íslands, sèr dómsmálastjórnin sèr ekki fært að halda lengra útí þetta.

---

83. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um heiðurspening handa Jóni hreppstjóra Erlendssyni á Auðnum. 3. október.

Samkvæmt þegnlegum uppástungum dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknazt 12. þ. m. allramildilegast að veita Jóni Erlendssyni, hreppstjóra í Vatnsleysustrandar hrepp í Gullbringusýslu, heiðurspening, fyrir að hafa mörgum sinnum með lífsháska bjargað íslenzkum sjómönnum, sem voru í nauðum staddir á sjó, og að leyfa honum að bera peninginn á brjóstinu.

Um leið og yður er sendur heiðurspeningur sá, sem sleginn hefir verið til þessa, eruð þèr beðnir að fá Jóni hreppstjóra Erlendssyni hann í hendur, á þann hátt, sem yður þykir bezt við eiga.

---

84. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um borgun handa prófdómendum við læknapróf í Reykjavík. 3. október.

Í brèfi dagsettu 13. júnímán. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, og Helgi Thordersen biskup skýrt frá, að þèr hafið

1866. 3. október. látið borga prófdómendunum tveim við læknapróf það, sem haldið var í fyrra í Reykjavík, 48 rd. alls úr læknasjóðnum í ferðakostnað og fæðispeninga, það er segja Skúla Thórarensen héraðslækni 36 rd. og Gísla Hjálmarssyni kansellíráði 12 rd., á þann hátt, að greiða ætti fjórðung upphæðarinnar úr hverjum hinna fjögra spítalasjóða. En þar sem amtmaðurinn í vesturumdæminu hefir færzt undan að endurgjalda Kaldaðarness spítala þann fjórðung af upphæð þessari, sem borgaður hefir verið úr téðum spítalasjóði fyrir Hallbjarnareyrar spítalasjóð, nema fengið sé fyrst samþykki dómsmálastjórnarinnar til þessa gjalds, hafið þér beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins um, hvort álíta megi slíkt samþykki nauðsynlegt, og ef svo er, þá beðið um að það verði veitt.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, að dómsmálastjórnin hérmeð veitir samþykki sitt til, að fé þetta hefir verið borgað, og veitir yður, háæruverðugi herra, heimild til að láta líka borga framvegis þesskonar gjöld úr spítalasjóðnum, að svo miklu leyti sem þér álítið, að ekki verði komizt hjá að skipa menn, sem ekki eiga heima í Reykjavík, til prófdómenda við læknapróf þetta.

---

4. október. **85. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamtmannsins og biskupsins yfir Íslandi, um kennslubækur á íslenzku handa Reykjavíkur skóla.**

Eptir að stjórnarráðið hafði beðið yður, herra stiptamtmaður, og yður háæruverðugi herra, í brèfi 25. maímán. þ. á., um að gjöra ráðstafanir til þess, að búnar verði til kennslubækur á íslenzku, til þess að þær verði notaðar við kennsluna í neðstu bekkjum skólans, einkum latínska málmyndalýsing og latínska orðabók með íslenzkum þýðingum, hafið þér sent hingað með brèfi dagsettu 11. f. m. uppástungu, er þér hafið látið kennarana í latínu við skólann gjöra, um ritun téðra kennslubóka, og ber uppástungan með sèr, að kennarar þessir hafa tekizt á

hendur að semja latínska málmyndalýsing og vera búnir með hana innan loka fjárhagsársins, og að þeir einnig hafi boðizt til að semja latínska orðabók með íslenzkum þýðingum, en án þess að tiltekið verði, hvenær sú bók geti orðið búin; auk þessa hafa þeir stungið uppá, að ritlaunin fyrir málmyndalýsinguna verði sett á 20 rd. fyrir hverja örk, en þeir halda að hún verði eitthvað 6 eða 7 arkir, og fyrir orðabókina á 30 rd. fyrir hverja örk, en það er ætlazt á að hún verði um 40 arkir. Um þetta hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, tekið fram, að yður þyki ritlaunin, sem stungið er uppá fyrir orðabókina, hæfileg, en aptur á móti finnist yður mátulegt að setja ritlaunin fyrir málmyndalýsinguna á 15 rd. fyrir hverja örk, að prófarkalestri meðtöldum, eða alls hèrumbil 100 rd., og hafið þèr þar að auki farið þess á leit, að yður verði veitt heimild til, þegar handritið til málmyndalýsingarinnar er búið til prentunar, að láta borga ritlaunin, sem ákveðin verði fyrir það, úr jarðabókarsjóðnum, og að stiptsprentsmiðjan sè látin fá rèttinn til að gefa málmyndalýsinguna út; gæti hún líklega selt hana á að gizka fyrir 2 eða 3 mörk hverja. 1866. 4. október.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið hèrmeð fellst á allar uppástungur þær, sem þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, hafið gjört, viðvíkjandi því að semja hina umgetnu latínsku málmyndalýsingu og að láta hana koma út á prenti, og líka veitir yður heimild til að láta borga ritlaun þau, sem þèr hafið stungið uppá, hèrumbil 100 rd., úr jarðabókarsjóði Íslands af fè því, sem veitt er í 9. grein VI C í fjárhagslögunum, og skal því við bætt, að þèr getið átt von á ítarlegri úrskurði frá stjórnarráðinu um ritun latínsku orðabókarinnar með íslenzkum þýðingum.

1866. 4. október.

86. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamtmannsins og biskupsins yfir Íslandi, um að setja fastan umsjónarmann við Reykjavíkur skóla.

Í brèfi dagsettu 8. f. m. hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, ítarlega leidt rök að því, hversu nauðsynlegt það sè að yðar hyggju, að komið sè á strangari umsjón, en nú er, með lærisveinum Reykjavíkur skóla utan kennslutímanna, og einkum á helgum og þegar leyfi eru, og hafið þèr farið þess á leit, að yður verði veitt heimild til að setja fastan umsjónarmann við skólann fyrst um sinn, eða að minnsta kosti það skólaárið, sem nú byrjaði með þessum mánuði, og láta hann fá 500 rd. laun og bústað, eldsneyti og ljósmat ókeypis í einu af herbergjunum í skólahúsinu. Hafið þèr stungið uppá, að launin handa umsjónarmanninum verði útveguð á þann hátt, að honum sè veitt fyrir missirið, frá 1. októbermán. þ. á. til 31. marzmán. 1867, 150 rd. af aðstoðarfènu handa skólanum, helmingurinn af þeirri upphæð, sem veitt er til skripta og reikninga við skólann, og helmingurinn af því fè, sem veitt er til að semja reikninga latínuskólans og prestaskólans, og takist hann þá þann starfa á hendur. Fyrir missirið frá 1. aprílmán. til 30. septembermán. 1867 ætti að veita honum hið sama, ef að ekki veittist færi á að útvega fè það, sem til þessa þarf, á annan hátt um fjárhagsárið 1867—68.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að með því að ekki lítur út fyrir nú sem stendur, að sú sýslan, að vera umsjónarmaður við latínuskólann, verði sameinuð við eitt af kennaraembættunum við skólann, hefir stjórnarráðið ekki neitt á móti því, að settur sè umsjónarmaður um skólaár það, sem nú er byrjað, og að hann, auk þess að takast á hendur umsjónarstörf þau, sem kennararnir í skólanum hafa haft á hendi til skipta hingað til, líka hafi umsjón með hegðun lærisveinanna á helgidögum og þegar leyfi eru, takist á hendur skriptir og reikningsstörf við latínuskólann, og að semja reikninga hans og prestaskólans, og einnig hafa umsjón með áhöldum skólans, húsum, bókasafni og fl., allt saman með þeim kjörum, að hon-

um sè veitt borgun sú, sem þèr hafið stungið uppá, og felur stjórnarráðið yður, herra stiptamtmaður, og yður háæruverðugi herra, á hendur að semja handa umsjónarmanni þeim, sem settur verður, reglugjörð eins og vera ber. 1866. 4. október.

---

87. **Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um verðlaun fyrir að bjarga mönnum úr lífsháska.** 6. nóvbr.

Með brèfi dagsettu 24. júlímán. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað eptirrit af prófi, sem haldið var í Mýra- og Hnappadalssýslu 25. maímán. þ. á. því til sönnunar, að Theódor Jónsson á Syðri-Hraundal og Sigurður vinnumaður Sigurðsson á Hamri í Mýrasýslu höfðu árið 1864 bjargað tveim mönnum frá að drukna, og hafið þèr lagt til með, að þessum tveim mönnum, sem nú voru nefndir, verði veitt hæfileg verðlaun í peningum.

Útaf þessu skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess að þèr gjörið þær ráðstafanir, sem þörf er á, að stjórnarráðið eptir atvikum þeim, sem sannazt hafa, hefir veitt áðurnefndum tveim mönnum 16 ríkisdala verðlaun hvorum, og mun upphæð sú verða borguð úr jarðabókarsjóði Íslands, þegar þèr krefist þess; hefir landfógetanum í dag verið skrifað það sem með þarf í því efni.

---

88. **Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um borgun til umboðsmannsins yfir Arnarstapa umboði fyrir að vera við skoðunargjörð á Ingjaldshóls kirkju.** 8. nóvbr.

Í brèfi 8. júlímán. f. á. lèt stjórnarráðið amtið meðal annars vita, að Árna Thorlacíus, umboðsmanni yfir Arnarstapa umboði, ekki yrði borgaður reikningur, sem hann hafði sent amtinu, fyrir fæðispeningum og ferðakostnaði hans til að vera viðstaddur

1866. 8. nóvbr. við skoðunargjörð, er höfð var 7. septembermán. 1864 á Íngjaldshóls kirkju, sem er þjóðeign, af því að hann sem umboðsmaður hefði verið skyldur að vera viðstaddur við skoðunargjörðina, og honum þessvegna ekki bæri nein sèrstakleg þóknun fyrir það. Því næst hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað með brèfi dagsettu 6. aprílmán. þ. á. skjal frá Thorlacíus umboðsmanni, þar sem hann enn á ný sækir um, að sèr verði borgaður áðurnefndur reikningur, og vekur hann í því skyni athygli á, að jörðin Ingjaldshóll að vísu liggi undir umboð sitt, en að hann aptur á móti hafi engin afskipti af fjárhaldi kirkjunnar, sem þar er, og að það því ekki geti hafa verið sem umboðsmaður, að hann var viðstaddur við skoðunargjörðina.

Nú er skrifazt hefir verið á við reikningastjórnardeild ríkisins um málefni þetta, skal yður kunngjört, til þess að þèr birtið það og gjörið ráðstafanir þær, sem með þarf, að eptir sönnunum þeim, sem nú eru komnar fram um það, hvernig málefni þessu er varið, heldur stjórnarráðið, að það geti veitt samþykki sitt til, at Thorlacíusi umboðsmanni sèu borgaðir fæðispeningar og endurgoldinn kostnaður hans til ferðar þessarar, en þó svo, að reikningur hans, er fylgir með brèfi þessu, sè færður niður í 16 rd. 64 sk., því að honum verða ekki veittir meiri fæðispeningar, en sýslumenn fá fyrir ferðir sínar í opinberum málum, en það er 1 rd. á dag, og í ferðakostnað ekki meira en 70 sk. á dag fyrir hvern hest og 64 sk. á dag handa fylgdarmanni, smbr. jafnaðarsjóðs-reikning vesturumdæmisins fyrir árið 1864. Um leið og þess skal getið, að það á að borga fè þetta af tekjum Ingjaldshóls kirkju, skorum vèr á amtið, af því það er mjög svo æskilegt, að sami maðurinn, sem hefir umboð yfir jörðinni, hafi líka fjárhald kirkjunnar, að reyna ef unnt er að fá Thorlacíus umboðsmann til þess að taka líka að sèr fjárhald kirkjunnar, eða ef hann færist undan því, að sjá þá að minnsta kosti um, þegar umboðsmanna skipti verða í Arnarstapa umboði, að umboðsmanni þeim, sem skipaður verður, verði gjört að skyldu að takast á hendur fjárhald kirkjunnar án nokkurrar sèrstakrar borgunar.

89. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um vopnaburð Vestmanneyinga.

1866. 8. nóvbr.

Með brèfi dagsettu 1. septembermán. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá frá nokkrum Vestmanneyingum um, að borgurum þar verði almennt gjört að skyldu að kunna að bera vopn, og fylgdi með bænarskránni frumvarp til reglugjörðar handa slíku borgaraliði. Útaf þessu hafið þèr getið þess, að það megi að yðar hyggju finna margt ísjárvert i að gjöra þá breytingu á, að eyjarmönnum verði gjört að skyldu að kunna að bera vopn, í stað þess að það nú er undir sjálfum þeim komið, að minnsta kosti mundi naumast vera rètt að koma þessu á, nema búið væri áður að gefa alþingi færi á að segja álit sitt um það; en hins vegar kynni að vera ástæða til fyrir stjórnina, að styrkja viðleitnina að halda við borgaraliði því, sem nú er, og fjölga því, með því að lofa því fjárstyrk á hverju ári, t. a. m. 20 rd., til þess að veita þeim af liðsmönnum verðlaun, sem skara fram úr öðrum að skotfimi eða í heræfingum, en þó því að eins, að eyjarmenn sjálfir skytu saman jafnmiklu fè á hverju ári til þessa, og mætti þá veita stiptamtinu heimild til, ef til þess kæmi, að staðfesta samþykktir þær, sem borgaraliðinu væri þörf á að koma sèr saman um.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, að stjórnarráðinu eins og yður, herra stiptamtmaður, hlýtur að þykja ísjárvert að fallast á bænarskrá þessa, en, ef að þess verður frekar farið á leit, mun verða nákvæmar íhugað, hvort að kynni að mega veita hinu sjálfviljuga borgaraliði á Vestmannaeyjum, ef til verður fè til þess, annan eins fjárstyrk, og þèr hafið stungið uppá, í því skyni og með þeim skilmálum, sem vikið hefir verið á, og skal því við bætt, að af stjórnarráðsins hálfu er ekkert því til fyrirstöðu, að þèr, herra stiptamtmaður, staðfestið samþykktir þær, sem borgaralið þetta kynni að setja.

1866. 30. nóvbr. **90. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um heiðurspening handa frakkneskum skipstjóra fyrir að hafa bjargað útlenzkum sjómönnum úr lífsháska.**

Samkvæmt þegnlegum uppástungum dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknazt 10. þ. m. allramildilegast að veita Louis Joseph Mathoré, skipstjóra frá Dunkerque, heiðurspening, ætlaðan til að bera hann á brjóstinu, fyrir að hafa bjargað í aprílmánuði þ. á. skipshöfninni á íslenzkum fiskibáti, sem kominn var í lífsháska á sjó.

Þetta er yður hèrmeð kunngjört, herra stiptamtmaður, og skal því við bætt, að utanríkisstjórninni hefir verið sendur hèðan heiðurspeningur sá, sem sleginn hefir verið af þessu tilefni, til þess að hún ráðstafi honum frekar.

---

10. desbr. **91. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um alþingistoll af gjaldi af þurrabúðum og af eyðieyjum.**

Eins og vikið er á í brèfi dómsmálastjórnarinnar 17. febrúarmán. þ. á., var amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu, og amtmanninum yfir vesturumdæminu, skrifað til um, hvernig þeim virtist eiga að svara spurningum þeim, sem þèr, herra stiptamtmaður, höfðuð borið upp í brèfi yðar, dags. 20. októbermán. f. á., en þær voru þessar:

1. hvort að eigi að reikna alþingistoll af leigu þeirri eða afgjaldi, sem þurrabúðarmenn gjalda eiganda jarðar þeirrar, þar sem hús þeirra eru byggð, og
2. hvort að eigi að setja eyðieyjar, sem hafa verið metnar í einu lagi með einhverri jörð og þess vegna enginn dýrleiki er á útaf fyrir sig, í alþingistoll sèr, þegar þær ekki eru leigðar ásamt með jörð þeirri sem þær liggja undir, en eigandinn hefir sjálfur notin af þeim.

Nú er oss hafa borizt álitsskjöl amtmannanna um þetta efni, skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar: 1866. 10. desbr.

Um 1. spurningu. Einsog það að stjórnarráðsins hyggju er vafalaust, að það verður að fara með þurrabúðir, sem nokkurt land fylgir, eins og jarðarparta, og að þær því eiga inn undir ákvörðunina í opna brèfinu 18. júlímán 1. gr., þar sem svo er fyrir mælt, að 3/4 af alþingiskostnaðinum skuli jafnað niður á fasteignirnar í landinu eptir afgjaldinu til landsdrottins, eins virðist mega skoða það sem notkun lands þess, sem liggur undir jörðina, þegar eigandinn gefur leyfi til að byggðar sèu þurrabúðir á lóð hennar, og það á því að vorri hyggju allt eins að leggja toll á þann arð, sem rennur í garð eigandans af þessari notkun jarðarinnar, þó að enginn grasvöllur fylgi þurrabúðinni, eins og af afgjaldi því, sem goldið er fyrir sjálf leiguliðanotin.

Um 2. spurningu. Þegar að jarðareigandi hefir á þann hátt, sem hèr er gjört ráð fyrir, áskilið sèr afnotin af eyju, sem liggur undir jörð, sem hann hefir byggt öðrum manni, þá er það eins vafalaust, að hann í raun og veru hefir afnotin af nokkrum hluta jarðarinnar, eins og að afgjald það, sem leiguliðinn geldur, ekki er eptirgjald eptir alla jörðina, og það er í alla staði samkvæmt opna brèfinu frá 18. júlímán. 1848 og reglugjörð dómsmálastjórnarinnar s. d., að sá hluti jarðarinnar, sem svona er engum byggður, en eigandinn sjálfur hefir notin af, sè settur í alþingistoll á líkan hátt og jarðir og jarðarpartar, sem eigandinn sjálfur hefir til ábúðar. Slíkt hið sama er og um það, sem ekki á sèr sjaldan stað um jarðir, sem eyjar með dúntekju liggja undir, sem sè, að eigandinn að nafninu til hafi byggt alla jörðina fyrir ákveðið landskuldargjald, en um leið áskilið sèr að bera upp annaðhvort allan arðinn af hlunnindinu eða nokkurn hluta hans, því þá á að hafa tillit til þess ástands sem er, þegar alþingistollurinn er ákveðinn, þannig að hann, þegar svona er ástatt, sè reiknaður bæði af afgjaldi því, sem leiguliðinn geldur eiganda jarðarinnar, og af ágóða þeim, sem ætlazt verður á að eigandinn hafi af þeim hluta af hlunnindum jarðarinnar, t. a. m. dúntekju, selveiði og öðru þesskonar, sem hann hefir áskilið sèr.

1866. 10. desbr. Samkvæmt því, sem nú hefir sagt verið, hlýtur dómsmálastjórnin að vera yður samdóma, herra stiptamtmaður, um að kveða eigi jáyrði við báðum þessum spurningum[1].

---

27. desbr. **92. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um það, hvernig verja eigi leigunum af Thorchillii sjóði.**

Samkvæmt þegnlegum uppástungum kirkju- og kennslustjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknazt 5. októbermán. þ. á. allramildilegast að fallast á, að verja megi leigunum á ári hverju af Thorchillii sjóði, frá því 11. júnímán. 1867 og framvegis fyrst um sinn, að frádregnum umboðskostnaðinum, til viðurværis og uppeldis handa fátækustu börnunum í Kjalarnes þingi hinu forna, hjá guðhræddum og ráðvöndum fósturforeldrum, eptir niðurskipan þeirri, sem stiptsyfirvöldin á Íslandi á ári hverju eiga að gjöra, samkvæmt reglum þeim, sem kirkju- og kennslustjórninni ber að skipa fyrir um.

Um leið og yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, er kunngjörður konungsúrskurður þessi, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr gjörið ráðstafanir þær, sem með þarf, að stjórnarráðið hefir ákvarðað, að um skiptin á leigum sjóðsins skuli farið eptir reglum þeim, sem hèr fara á eptir, og eru þær að mestu leyti samkvæmar uppástungum þeim, sem stiptsyfirvöldin hafa gjört í brèfum, dagsettum 16. og 30. októbermán. f. á. og 4. ágústmán. þ. á.

Í byrjun hvers árs eiga stiptsyfirvöldin að láta kunngjöra í hverjum hrepp um sig í Kjalarnes þingi hinu forna og í Reykjavíkur kaupstað, að leigum þeim af Thorchillii sjóði, sem tekið verður til það ár, að frádregnum umboðskostnaðinum, verði skipt niður, til þess að koma fátækustu börnunum í hèraðinu

---

[1]) Hinum amtmönnunum var sama dag birtur úrskurður þessi.

fyrir hjá guðhræddum og ráðvöndum mönnum, þar sem þau geta fengið skynsamlegt og gagnlegt uppeldi, og að, þegar leigunum verði skipt niður á milli sveitanna, verði eins og unnt er haft tillit til fólkstölunnar í þeim og annara ástæðna, en þó svo, að líka sé höfð hliðsjón af því, hversu mörg börnin eru, sem eru þurfandi, og hversu bágt þau eigi. Um leið og þetta er kunngjört, skal skora á hlutaðeigandi presta, að senda stiptsyfirvöldunum uppástungur frá hreppstjórunum um, hvaða börnum eigi að veita styrk af sjóðnum, og eiga uppástungunum að fylgja álitsskjöl frá prestunum um þær. Bæði uppástungur hreppstjóranna og álitsskjöl prestanna eiga að skýra nógsamlega frá um nafn og aldur barnanna, sem í hlut eiga; um foreldra þeirra eða þá, sem standa straum af þeim; um orsakirnar til þess, að þeir ekki hafa getað látið börnin fá kristilegt uppeldi; og ef til þess kemur, um það, hvort þeir sèu fúsir á að láta uppala börnin hjá öðrum; enn fremur á í þeim að vera uppástunga um, hvar hentast væri að koma börnunum fyrir, og þeirri uppástungu að vera samfara skýrsla um nöfn fósturforeldranna, sem stungið er uppá, um heimilisástæður þeirra og efnahag, um siðferði þeirra og aðra hæfilegleika, sem ráða má af, að þeir sèu til þess fallnir að takast á hendur uppeldi barnsins, og loks um það, með hvaða kjörum þau vili taka það að sèr. Því næst á sóknarpresturinn, sem í hlut á, á hverju ári að láta bænarskránni um, að barnið megi halda styrknum úr sjóðnum, fylgja skýrslu um það, hvernig viðurværi og uppeldi barnið hafi fengið hjá fósturforeldrunum árið sem liðið er, því þeir mega því að eins halda barninu framvegis, að þeir hafi óaðfinnanlega rækt skyldur sínar við það, en að öðrum kosti á að reyna að koma því fyrir hjá öðrum. Styrktarskamtarnir úr sjóðnum skulu veittir frá fardögum til fardaga, og er upphæð þeirra tvenn, 40 rd. handa börnum, sem eru yngri en 11 ára, og 20 rd. handa börnum, sem eldri eru; að öllum jafnaði skal barninu veittur styrkurinn frá því að það er fullra 7 ára og þangað til búið er að ferma það. Sè svo, að barninu, auk þess að það fær viðurværi og uppeldi heima hjá fósturforeldrunum, sè líka komið í barnaskóla á þeirra kostnað, má veita 10 rd.

1866. 27. desbr.

1866. 27. desbr.

á ári í viðbót við skamta þá, sem áður voru nefndir, til kennslukaups og bókakaupa. Að því er snertir Reykjavíkur kaupstað eiga fátækranefndin og skólanefndin í tèðum kaupstað í sameiningu að skipta niður og verja þeim hluta af leigum sjóðsins, sem að stjórn sjóðsins ákveður að ætlaður skuli á ári hverju til uppeldis fátækum börnum þar; á stjórn sjóðsins að samþykkja gjörðir fátækranefndarinnar og skólanefndarinnar í þessu efni, og skal að öðru leyti farið eptir reglum þeim, sem settar eru hèr að framan um upphæð styrktarskamtanna, um það, hversu lengi börnin megi hafa styrkinn, og fleira.

Viðbætir við árið 1866.

93. **Reglur fyrir barnaskólann í Reykjavík, samdar og lagaðar samkvæmt reglugjörð barnaskólans 27. okt. 1862 og staðfestar með brèfi kirkju- og kennslustjórnarinnar 21. febr. 1866.** 1866. 21. febrúar.

Reglur fyrir barnaskólann í Reykjavík.

1. KAPÍTULI.

Um tilhögun kennslunnar og lærdómspróf.

1. grein.

Ætlunarverk skólans er, að mennta börn þau, er ganga í skólann, í guðsótta og góðum siðum og innræta þeim þá þekkingu og kunnáttu, að þau geti orðið gagnlegir borgarar.

2. grein.

Börnunum skal eptir aldri og þekkingu skipta í bekki; tala bekkjanna fer eptir því, hvað mörg börn þau eru, sem í skólann ganga, og svo eptir þekkingu þeirra; eptir þekkingu barnanna og framförum skal flytja þau úr einum bekk í annan; sè 3 bekkir í skólanum, skal ekkert barn vera lengur í hverjum bekk af hinum neðri en 2 ár; verði bekkirnir færri, svo sem 2, skal ekkert barn vera í neðri bekknum lengur en 2 ár.

3. grein.

Skildaginn fyrir því, að nokkurt barn geti komizt inn í 1. bekk, er:

1. Að það sè 7 ára gamalt og hafi engan næman veikleika.
2. Að það kveði nokkurn veginn vel að, þó ekki sè það læst.
3. Að það sè ekki illa ræmt fyrir óknytti og vonda siði.

Óski foreldrar eða vandamenn einhvers barns, er það kemur fyrst í skólann, að það setist í einhvern af hinum efri bekkjum, skulu kennarar skólans prófa þekkingu barnsins, og setja síðan barnið í þann bekk, er því bezt hentar, samkvæmt þekkingu þess.

1866. 21. febrúar.

Yfirumsjónarmenn skólans skulu einnig geta veitt leyfi til þess, að börn, þótt yngri sè en tiltekið er hèr að framan, en þó eigi yngri en 6 ára, megi taka í skólann, ef þau eru nokkurn veginn læs og virðast vera með þeirri greind og sálarþroska, að þau standi jafnfætis 7 ára börnum, sem í meðallagi eru.

Skólanefndin ákveður það, eptir uppástungu dómkirkjuprestsins, hver börn, samkvæmt 30. grein reglugjörðarinnar, geti fengið veitta fríkennslu í skólanum.

Beri svo til, eptir byrjun skólaársins, að ekki geti öll þau börn fengið inntöku í skólann, sem hennar beiðast, ganga innanbæjarbörn fyrir utanbæjarbörnum, og þau börn, sem gefið er með, fyrir hinum meðgjafarlausu.

Þegar meðgjafarbarn er tekið inn í skólann eptir byrjun skolaársins, þá skal jafnan reikna meðgjöfina frá *byrjun* þess mánaðar, er þá stendur yfir, og greiðist hún fyrirfram til enda þess hálfmissiris, sem þá er að líða, er barninu er veitt inntaka í skólann.

4. grein.

Samkvæmt 10. grein reglugjörðarinnar er kennslutíminn, að rèttu lagi, 5 stundir á dag. En auk undanþágu þeirrar, er 10. greinin sjálf heimilar, má samt skólanefndin með samþykki skólastjórnarinnar ákveða kennslustundirnar þannig, að þær í *neðsta bekk* sè einungis 4 á dag. Kennslan byrjar á degi hverjum með bænagjörð og söng.

5. grein.

Öll kennsla í skólanum fer fram og er við höfð á íslenzku máli; þó má leita leyfis skólanefndarinnar til þess að einstök börn fái tilsögn á dönsku, ef þess þykir sèrlega brýn þörf.

6. grein.

Í skólanum skal kenna þessar lærdómsgreinir, og haga kennslunni í þeim, sem hèr segir:

1. Trúarbrögðin skal kenna í öllum bekkjum, og skal kennslunni haga eptir þroska og skilningi barnanna. Skulu kennendur jafnan hafa fyrir augum að útlista þannig lærdóma trúarbragða vorra, að börnin ekki einungis skili þau, heldur verði gagntekin af sannleika þeirra, svo það geti fært ávöxt í

líferni barnanna. Í 1. bekk skal byrjað á auðveldum biblíu- 1866.
sögum, og kennslunni í þeim lokið, áður en barnið er tekið upp 21. febrúar.
í efsta bekk. Við fræðsluna í trúarbrögðunum sjálfum skal nota hina almennu kennslubók. Jafnframt skulu börnin opt (að minnsta kosti einu sinni í viku í hinum efri bekkjum) látin lesa í biblíunni sjálfri.

Kennarar skólans skulu og að minnsta kosti einu sinni í mánuði fara með börnin í kirkju, þegar messað er. Tímakennararnir hafa ekki kaup sèr í lagi fyrir þessa fylgd við börnin.

2. Íslenzkan bóklestur. Í þessari grein skal kostað kapps um, að börnin læri að lesa rètt, lipurt og áheyrilega. Til þess að náð verði þessum tilgangi, má ekki láta þau börn, sem í skólann ganga, hætta að kveða að, fyr en þau nær því af sjálfsdáðum lesa rètt. En er börnin eru farin að lesa nokkurn veginn, skal sem fyrst kenna þeim að lesa greinilega og áheyrilega eptir aðgreiningarmerkjum og innihaldi. Við bóklestur skal einkum við hafa þær bækur, sem eru lagaðar til að efla og glæða hjá börnunum siðsaman og kristilegan hugsunarhátt, eða, sem miða til að fræða þau í sögu og landafræði Íslands og Danmerkur, um hinar auðveldari greinir náttúrufræðinnar, og um þau önnur efni, er þeim síðar mætti verða að notum, þá er þau mannast.

Íslenzka málfræði skal kenna þannig, að börnunum lærist hinar einföldustu grundvallarreglur hennar, svo þau bæði geti talað rètt og greinilega, og það orðið þeim til stuðnings við nám þeirra á rèttritun.

3. Skript. Hana skal kenna í öllum bekkjum. Tilgangur kennslunnar skal vera, að börnin læri að skrifa vel og rètt. Skal kennslunni því haga þannig, að börnin læri fyrst að mynda hinar auðveldustu stafamyndir og síðan hinar torveldari á reikningsspjöld sín, og skulu þau eigi fá að skrifa með penna og bleki, fyrri en góð lögun er komin á stafina. Venjast eiga börnin við að halda skrifbók sinni þokkalegri. Þeim börnum, sem svo eru langt komin í skript, að þau bæði skrifa laglega og sæmilega fljótt, skal jafnframt skriptinni kenna íslenzka rètt-

1866. 21. febrúar.

ritun, og skal kennslan í henni byrja í öðrum bekk og haldast þar til barnið fer úr skólanum.

Í efsta bekk mætti og kenna þeim börnum teikningu að nokkru leyti í stað skriptar, sem bezt væri að sèr í skript og kynni að óska þess.

4. Reikning bæði í huganum og á töflu skal kenna í öllum bekkjum og skal kennslan í þessari grein yfirgrípa allt það í praktiskum reikningi, sem hvert barn er fært um að nema. En fyrst skal kennslan byrja með því að vekja hugmynd barnanna um þýðingu talnanna og sambandið milli þeirra, jafnframt og þeim er kennt að lesa og skrifa tölur, svo að reikningurinn komist sem greiðast inn í skilning barnanna.

5. Söng skal kenna, þegar skólinn verður þess umkominn, í öllum bekkjum öllum þeim börnum, sem geta tekið á móti þeirri tilsögn.

6. Sögu Íslands skal enn fremur kenna í efsta bekk, þegar því verður við komið, svo að börnin fái skilning á því, hvernig sá tími, sem þau nú lifa á, sè sprottinn af og hafi rót sína í þeim tíma, sem liðinn er. Ber þannig að fræða börnin um hina merkustu atburði í sögu lands vors og sögu norðurlanda, svo þau fái glögga hugmynd um lífsferil þjóðar vorrar. Jafnframt þessari kennslu, en einkum meðan skortur er á hæfilegri kennslubók, skal kenna ágrip af hinum merkustu viðburðum mannkynssögunnar.

7. Landafræði skal kenna í öllum bekkjum nema fyrsta bekk, og skal kennslan miða til að gefa börnunum hugmynd um samband jarðarinnar við hina aðra himinhnetti, um mynd jarðarinnar, um afstöðu landanna og hafanna á jörðunni sín á milli og hvernig náttúran hefir búið jörðina úr garði, um landa og þjóða skipun á jörðunni.

8. Dönsku skal kenna í öllum bekkjum nema fyrsta bekk, og skal kennslu í þeirri grein hagað svo, að börnin ekki að eins geti lesið sèr til gagns danskar bækur, heldur einnig komið fyrir sig orði við danska menn. Gæta skal þess, að þegar þau leggja út dönsku, temi þau sèr gott íslenzkt orðaval. Svo ber og stöku sinnum að æfa þau í danskri rèttritun.

9. Fimleika skal, ef kenndir eru, kenna í öllum bekkjum og skal miða til þess að gjöra líkama barnanna sterkari og liðlegri. 1866. 21. febrúar.

7. grein.

Hvern þann dag, sem einhvert barn er reynt í einhverri þessari námsgrein eða látið hafa hana um hönd, skal kennari sá, sem barnið reynir, gefa því ákveðna einkunn þar upp á, eptir 15. gr. 3. atr., og rita hana bæði í dagbók þá eður framfarabók, er kennarinn skal halda þar yfir, og þar eptir í vitnisburðarbók barnsins, að minnsta kosti á hverjum laugardegi eður næsta dag á undan þeim ákveðnu leyfum (12. gr.). Eptir þessum daglegu einkunnum, samt siðferðis einkunn fyrir gjörvallan mánuðinn, skal taka meðaltals einkunn fyrir allan mánuðinn, að honum liðnum, og skipa börnunum niður eptir henni að upphafi næsta mánaðar.

Foreldrar eða forráðamaður hvers barns skal undirskrifa vitnisburðarbók þess um hverja helgi.

8. grein.

Öllu því, er lýtur að skóla-aga, skal hagað eptir fyrirmælum reglugjörðarinnar 27. október 1862 9. gr., og kennara instruxinu frá sama degi 21. gr.

9. grein.

Dómkirkjupresturinn og yfirkennari skólans skulu við byrjun hvers skólaárs og við miðju þess ráðgast um það, hvernig haga skuli kennslunni og hversu mikið skuli yfirfara það næsta hálfa ár, og skal uppástungum þeirra, þegar þær hafa verið lagðar fyrir skólanefndina og þær eru samþykktar af yfirstjórn skólans, fylgt hið næst eptirfylgjandi hálfa skólaár. Svo skal og við hafa þær kennslubækur, sem dómkirkjupresturinn og yfirkennarinn eptir tíma og kringumstæðum stinga upp á og yfirstjórn skólans hefir samþykkt.

10. grein.

Dómkirkjupresturinn og yfirkennari skólans skulu eptir tilhögun þeirri, sem talað er um í 9. grein, semja lestrartöflu fyrir hvert hálfár, og skal henni fylgt hið næsta hálfár, eptir að fengizt hefir samþykki skólastjórnarinnar. Í lestrartöflu þessari skal

1866. 21. febrúar.

ákveða, hversu marga tíma ætla skuli hverri kennslugrein, og hversu þeim skuli fyrirkoma á hverjum degi vikunnar.

Skólanefndin skal á ári hverju senda yfirstjórn skólans skýrslu um tilhögun kennslunnar og hina árlegu lestrartöflu.

11. grein.

Kennsluár skólans byrjar 1. dag októberm. og endar 30. dag septembermánaðar.

12. grein.

Á skólaárinu skal þá að eins vera hlé, þegar lögboðin leyfi eru, og eru þau þessi:

1. Jólaleyfi, sem byrjar að afloknu aðalprófinu í desembermán. og nær til 2. dags janúarmán., að þessum degi meðtöldum. Byrjar kennslan þá aptur 3. janúar, en beri hann upp á laugardag eða sunnudag, skal kennslan ei byrja fyrri en næsta mánudag á eptir.

2. Páskaleyfi, sem byrjar miðvikudaginn fyrir skírdag og endar 3. í páskum, að báðum þessum dögum meðtöldum.

3. Hvítasunnuleyfi, sem byrjar laugardaginn fyrir hvítasunnu og nær til næsta þriðjudags á eptir, að báðum þessum dögum meðtöldum.

4. Sumarleyfi eða aðalleyfi, sem nær frá 14. degi maímán. til 1. dags októbermán. Í þessu leyfi skal samt foreldrum og öðrum vandamönnum heimilt að hafa börn sín í skólanum frá 1. ágúst til 30. sept., þó að eins

a, þau börn, er voru í skólanum hinn næsta vetur á undan.

b, að eigi sè færri börn, en 15 samtals, er þannig vilja sækja skólann þennan tíma.

c, að foreldrar og aðrir hlutaðeigendur fari þess á leit við skólanefndina við lok maímánaðar næst á undan.

Ætli börnin, er þannig fá skólakennslu í ágúst og sept. mánuðum, að fá framhalds inntöku í skólann skólaárið það, sem í hönd fer, þá þarf enga skólapeninga fyrir þau að greiða um tíðan tveggja mánaða tíma, en sè skólagöngu tími þeirra alveg á enda með lokum septembermán., annaðhvort af því þau verða fermd um það leyti eður af öðrum ástæðum, þá skal greiða með þeim fulla skólameðgjöf að réttri tiltölu, samkvæmt skólareglugjörðinni.

5. Þessi smáleyfi: fæðingardag konungs, sumardag fyrsta og mánudaginn í föstuinngangi og tvo daga á undan hverju af þeim tveimur opinberu prófum. Auk þessa getur dómkirkjupresturinn einstöku sinnum gefið leyfi heilan eða hálfan dag og eins yfirkennarinn frá einstöku tímum. 1866. 21. febrúar.

13. grein.

Við hin opinberu próf, sem eru tvö, og fram skulu fara í desember og maímánuðum, skal þess gæta er hèr segir:

1. Reyna skal hvert barn í þeirri lærdómsgrein eða list, sem því hefir verið kennd. Við hvert einstakt próf skulu auk kennarans vera viðstaddir tveir prófdómendur, og skal að minnsta kosti annar þeirra vera einhver af þeim, er í skólanefndinni sitja, en hinn skal annaðhvort vera einhver af kennurunum við hinn lærða skóla, eður annar bæjarmaður. Yfirumsjónarmenn skólans mega og taka þátt í prófdóminum, ef þeir eru viðstaddir og óska þess.

2. Enginn má taka þátt í prófdóminum í nokkurri lærdómsgrein, nema hann hafi verið viðstaddur allt prófið í þeirri grein og bekk frá upphafi til enda.

3. Að loknu prófinu kveða viðkomandi heyrari og prófdómendur upp dóm sinn um þekkingu barnsins með einhverjum af þeim 7 einkunnum, sem teknar eru fram í 15. grein hèr á eptir, og skal af þessum sèrstöku einkunnum taka meðaltalið, sem þá verður einkunn sú, sem barnið fær í þeirri lærdómsgrein.

4. Eptir því, hvernig hverju barni gengur í aðalprófinu, ákveður formaður skólanefndarinnar með ráði kennaranna, hver börn skuli flytja upp í efra bekk.

14. grein.

Prófið skal að eins vera munnlegt í öllum lærdómsgreinum, nema þar sem það eptir eðli hlutarins hlýtur að vera skriflegt, svo sem í íslenzkri rèttritun, skript og reikningi á töflu. Í danskri rèttritun skal eigi reyna börnin við hin opinberu próf.

Í þeim bekkjum, er öll börnin læra bæði kverið og biblíusögurnar, skal að eins gefa eina aðaleinkunn fyrir hvorttveggja; en þar sem það eigi á sèr stað, skal gefa tvær einkunnir, sína fyrir

1866. 21. febrúar.

hvort, kverið og biblíusögurnar. Eins skal í þeim bekkjum, þar sem kennd er skript og rèttritun jafnhliða, að eins gefa eina aðaleinkunn fyrir hvorttveggja þannig, að meðaltal einkunnanna fyrir hvort um sig verður einkunn sú, er barnið fær í hvorutveggju.

15. grein.

Við prófin skal gefa börnunum einkunnir fyrir það, hvernig þau reynast í hverri lærdómsgrein eða list fyrir sig, en úr þessum einstöku einkunnum skal aptur draga meðaltalið, er þá verður aðaleinkunn hvers barns, og er, hvað þetta snertir, þeirra reglna að gæta, er nú skal greina:

1. Hinar einstöku einkunnir eru 7: ágætlega, dável, vel, sæmilega, laklega, illa, afarilla.

2. Hinir 3 prófdómendur gefa hver um sig einhverja af þessum 7 einkunnum og verður meðaltal einkunnanna sú einkunn, sem barnið fær. En þegar gefa skal börnunum að eins eina einkunn fyrir kverið og biblíusögur, eða þá skript og rèttritun, þá skal þannig að fara, að hinir 3 prófdómendur gefa fyrst sína einkunn fyrir hvort um sig á þann hátt, sem getið er um í fyrra kafla þessarar greinar, og meðaltal þeirra tveggja einkunna, sem þá koma fram, er einkunn sú, sem barnið fær í trúarbrögðunum, þ. e. kverinu og biblíusögum, eða þá í skript og rèttritun samanlögðum.

3. Hinar einstöku einkunnir hafa þetta tölugildi, að

ágætlega	verður jafnt		6
ágætlega — dável	—	—	$5^2/_3$
dável — ágætlega	—	—	$5^1/_3$
dável	—	—	5
dável — vel	—	—	$4^2/_3$
vel — dável	—	—	$4^1/_3$
vel	—	—	4
vel — sæmilega	—	—	$3^2/_3$
sæmilega — vel	—	—	$3^1/_3$
sæmilega	—	—	3
sæmilega — laklega	—	—	$2^2/_3$
laklega — sæmilega	—	—	$2^1/_3$

laklega	verður jafnt		2
laklega — illa	—	—	1⅔
illa — laklega	—	—	1⅓
illa	—	—	1
illa — afarilla	—	—	⅔
afarilla — illa	—	—	⅓
afarilla	—	—	0.

4. Aðaleinkunnina skal nefna með þeirrar einkunnar nafni, sem meðaltal allra einkunnanna er næst, t. d. sè meðaltalið 5, heitir einkunnin dável, sè hún ekki meir en 4,83, heitir hún dável — vel; sè hún á hinn bóginn meiri en 5,17 heitir hún dável — ágætlega.

16. grein.

Við prófin skal hafa prófbók, staðfesta af yfirumsjónarmönnum skólans. Á hverju ári sendir skólanefndin yfirumsjónarmönnum skólans skýrslu um það, hvernig prófin hafi gengið; skal sú skýrsla vera samhljóða prófbókinni.

2. KAPÍTULI.

Um fjárhagsstjórn barnaskólans.

17. grein.

Skólanefndin hefir á hendi alla umsjón og stjórn á fjárhag skólans, og skal einn af meðlimum hennar vera gjaldkeri. Þó skal yfirstjórnendum skólans, ef sèrlegar ástæður mæla með því, vera heimilt að leyfa, að bæjarstjórnin, eptir uppástungu eða meðmælum skólanefndarinnar, kveðji til skólagjaldkera einhvern þann úr flokki borgara og húseigenda, sem ekki er í nefndinni.

Skólanefndin ávísar öllum þeim útgjöldum, sem ekki eru tilgreind og fastákveðin í áætlun skólans. Engin ávísun er gild, nema hana hafi undirskrifað: bæjarfógeti og 2 aðrir nefndarmenn.

18. grein.

Gjaldkeri skólans skal semja reikning að lokum hvers skólaárs, og senda skólanefndinni ekki síðar en 15. októberm.; ritar formaður nefndarinnar þá á reikning þennan og sendir bæjarfógeta til löglegrar meðferðar og endurskoðunar. Svo skal og

1866. 21. febrúar. gjaldkeri skólans í lok hvers hálfmissiris senda skólanefndinni útdrátt af reikningi skólans. Gjaldkeri skal og sjá um, að allar tekjur skólans renni í sjóð á réttum tíma, samt halda löggilta bók yfir tekjur og útgjöld, og á bók þessi að vera skólanefndinni til eptirlita og afnota, hvenær sem formaðurinn óskar. Í gjörðabók skólanefndarinnar skal í byrjun skólaársins ritað, hver börn sè tekin í skólann og með hverjum kostum, sem og síðar þær breytingar, er á kunna að verða. Skal gefa gjaldkera ávísun um þetta, og ritar hann samkvæmt því og útgefur gjaldseðla, og krefur skólapeningana hina síðustu daga hvers hálfmissiris svo tímanlega, að skólapeningarnir geti verið greiddir í byrjun næsta hálfmissiris. Skal yfirkennarinn í þessu falli í tíma gefa honum skýrslu um, ef einhver börn ætla við hálfmissiraskiptin að ganga úr skólanum. Viðurkenningu gjaldkera fyrir greiðslu skólapeninganna skal hvert meðgjafarbarn færa með sèr í skólann einhvern hinna þriggja fyrstu daga hálfmissirisins og sýna yfirkennaranum, eður að öðrum kosti skriflegt leyfi frá formanni skólanefndarinnar, að greiðslunni megi í það skipti fresta ákveðið dagatal, en þessa leyfis ber foreldrum eða forráðamönnum að leita eigi seinna en degi fyrir byrjun þessa hálfmissiris, er peningarnir áttu fyrir að greiðast.

Verði misbrestur á þessu, og yfirkennarinn vísar eigi að heldur barninu burtu úr skólanum á þriðja degi með skriflegu skýrteini um, hvað burtvísuninni valdi, þá skal hann ábyrgjast skólasjóðnum kennslukaupið fyrir það hið sama hálfmissiri.

Hin sama regla gildir og um hvert það barn, sem tekið er í skólann eptir byrjun skólaársins og milli hinna reglulegu gjalddaga.

Kennslukaup fyrir eitt barn er 6 rd. um árið, en 80 sk. um einstaka mánuði fyrir börn sem eiga heima í Reykjavík; en fyrir utanbæjarbörn er goldið tvöfalt. Þegar systkin eru í skólanum á sama skólaári borgast fyrir hið *annað* $^2/_3$ og hið *þriðja* $^1/_3$, en ekkert fyrir það eða þau, sem þar eru framyfir. Kennslukaupið greiðist fyrirfram, eins og sagt er í 18. grein reglugjörðarinnar.

19. grein. 1866.

Að því leyti til lögtaks þarf að koma á tekjum skólans, 21. febrúar.
eptir reglugjörð 27. októbr. 1862, ber skólagjaldkera í tæka tíð að gjöra ráðstöfun í því efni, eptir þeim ákvörðunum og reglum, sem gilda um ólokin bæjargjöld.

3. KAPÍTULI.

Um umsjón skólahússins.

20. grein.

Skólahúsið er undir yfirumsjón skólanefndarinnar, en sèrstaklegri og daglegri gæzlu yfirkennarans, þegar hann hefir bústað þar í sjálfu húsinu. Hann skal nákvæmlega sjá um, að þau herbergin, sem brúkuð eru til kennslunnar, sè lokuð, og að þar hafi engir umgang um, þegar úti er sjálfur skólatíminn á hverjum degi og unz hann byrjar hinn næsta dag, að öðru en þarf til að þrífa herbergin, lopta þau út og leggja í ofna. Hann skal og gæta þess, að varlega sè farið með elda, og hafa árvakurt eptirlit með því, að skólahúsið og áhöld þess verði ekki fyrir skemmdum af illri meðferð, nè glatist af vanhirðingu. Fari svo, að skólabörnin skemmi eitthvað í skólanum, ber honum að sjá um, að það verði borgað af umsjónarmönnum hinna seku barna, en þau sæti fyrir það skóla-aga, ef ástæður eru til þess. Verði skemmdir, og ekki verður með neinu móti uppgötvað, hver sè valdur að, borgast það af skólasjóðnum.

21. grein.

Yfirkennarinn skal halda bók yfir öll þau áhöld, sem skólinn á eða honum verða tillögð; bók þessari verður tilhagað eptir því sýnishorni, er skólanefndin ákveður, og sýni hann bók þessa skólanefndinni við árslok hver, og ritar hún í hana vottorð sitt. Honum ber einnig að sjá um, að skólahúsinu sè haldið í góðum þrifum bæði úti og inni, og að hið litla leiksvæði, sem börnin hafa úti, sè ætíð þokkalegt og hreint. Snjómokstur við húsið, hreinsun á ofnum í kennsluherbergjunum og á salernum kostar skólasjóðurinn, en yfirkennarinn annast um, að það sè gjört.

1866.
21. febrúar.

22. grein.

Þegar yfirkennari skólans hefir bústað í skólahúsinu, þá má hann ekki taka neinn til húsa inn í þau herbergi sín, hvorki einhleypa menn, nè húsfólk, nema með leyfi skólanefndarinnar. Á honum hvílir vanaleg leiguliða ábyrgð á því húsnæði í skólanum, sem hann fær leigulaust til bústaðar. Skal hann sjá um, að húsnæði hans ei verði fyrir frekari skemmdum eða fyrningu, en af sjálfu sèr leiðir með sæmilegri íbúð; svo kosti hann og endurbót á öllu, sem viðgerðar þarf eða laskast eða lógast fyrir handvömm. Fágun á eldstó og ofnum í híbýlum sínum kostar yfirkennarinn sjálfur.

4. KAPÍTULI.

Um ýmisleg rèttindi og skyldur kennaranna.

23. grein.

Auk hinna ákveðnu launa, 500 rd. á ári, er greiðast yfirkennaranum úr skólasjóðnum með $^1/_{12}$ um byrjun hvers mánaðar, fær hann *annaðhvort* húsnæði leigulaust í skólahúsinu, svo mörg herbergi og annað nauðsynlegt húsrúm, að fyllilega samsvari 60 rd. leigubústað annarstaðar í bænum, eptir því sem algengast er á hverjum tíma, *eða* 60 rd. húsaleigustyrk greiddan úr skólasjóðnum; enn fremur fær hann til eldiviðar handa sjálfum sèr, annaðhvort eingöngu 200 hesta af mó, eða svo mikið bæði af kolum og mó, að það til samans svari 200 hestum af mó, eptir þeirri tiltölu milli þessara eldiviðartegunda, sem tiltekin er í 24. grein. Yfirkennarinn á aldrei heimtingu á meiri eldivið handa sjálfum sèr, heldur en nú var sagt, hversu sem hagur hans breytist.

24. grein.

Þegar yfirkennarinn hefir húsnæði í skólahúsinu, tekur hann við því eptir úttekt og mati óvilhallra manna um, að það jafngildi 60 rd. árlegri leigu. Ber honum þá að annast um, að kennslustofunum sè haldið hreinum bæði að þvotti og fágan, sem og að lopti sè þar haldið heilnæmu og herbergin nægilega hituð. Til þess að hita nægilega 3 kennslustofur 5 stundir á dag fær hann 150 hesta af mó og verður þetta framlag aukið

eptir réttri tiltölu, ef fjórðu kennslustofunni þarf að bæta við, en minnkað að sömu tiltölu, ef kennslustundum verður fækkað eptir 4. grein. En að því leyti steinkol eru viðhöfð, skal því minna leggja til af mó þannig, að hvert skippund steinkola sé jafngildi 14 hesta af mó. Yfirkennarinn má engu farga af þessum eldivið til skólaherbergjanna, þótt afgangs verði, nè heldur brúka hann í þarfir sjálfs sín. 1866. 21. febrúar.

Fyrir forgöngu þá og fyrirhöfn, sem á yfirkennaranum hvíla eptir þessari grein, fær hann úr skólasjóði hæfilega borgun, sem einusinni er fast ákveðin, og gefst honum kostur á, að taka hana út í auknu húsnæði, ef það er til og hann kýs það.

25. grein.

Þá er undirkennari verður settur við skólann, verða honum ákveðin híbýli í skólanum leigulaus, eða greiddur húsaleigustyrkur eptir reglugjörð 27. októberm. 1862.

26. grein.

Aukakennarar þeir, sem kenna í skólanum einstaka tíma fyrir umsamið verð um tímann, svo og undirkennarinn, þá er hann verður settur, eiga, þá er yfirkennarinn felur þeim það á hendur, að hafa á hendi sömu skyldur og hann með eptirlit á börnunum í kennslustundunum og millitímum, sem og hinum hversdagslegu skólastörfum, og fara í kirkju með börnunum til skiptis við yfirkennarann, og eptir því, sem hann nákvæmar ákveður; skulu þeir gjöra allt þetta án nokkurs sérstaks endurgjalds (sbr. 6. grein). Svo skulu þeir og aðstoða yfirkennarann með alla greiðslu á einkunnunum, sem og taka þátt í prófum við skólann, og ber þeim fyrir það hæfileg aukaþóknun eptir því, sem skólanefndin ákveður.

1866.
21. febrúar.

UNDIRSTÖÐU-ÁÆTLUN
yfir
tekjur og útgjöld barnaskólans í Reykjavík.

Tekjur:

I. Kennslueyrir	450	rd.	„ sk.
II. Sektir	2	—	„ —
III. Gjafir	„	—	„ —
IV. Húsnæði kennarans	60	—	„ —
V. Árlegt tillag úr bæjarsjóði	886	—	„ —
=	1398	rd.	64 sk.

Útgjöld:

I. Kennslukaup:			
a. laun yfirkennarans . .	500	rd.	„ sk.
húsnæði hans	60	—	„ —
eldiviður	36	—	80 —
b. laun undirkennara . .	250	—	„ —
húsnæði hans	60	—	„ —
eldiviður	36	—	80 —
c. tímakennsla	200	—	„ —
	1143	rd.	64 sk.
II. Viðhald á húsum skólans, hreinsun, gjald til brunabóta, húsaskattur.	180	—	„ —
III. Eldiviður og ljós	50	—	„ —
IV. Óviss útgjöld.	25	—	„ —
=	1398	rd.	64 sk.

1867.

1867.

1. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um að mælinga-áhöld, er Birni yfirkennara Gunnlaugssyni höfðu verið lèð, skuli framvegis fylgja latínuskólanum. 8. janúar.

Í brèfi dags. 3. nóvembermán. 1865 hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, beiðzt samþykkis stjórnarráðsins til þess, að þèr hafið leyft, að mælinga-áhöldum þeim, er Björn Gunnlaugsson, fyrrum yfirkennari við hinn lærða skóla í Reykjavík, hafði fengið áður fyrri hjá stjórninni, sè skilað til lærða skólans og fylgi honum framvegis. Nú er stjórnarráðinu með brèfi yðar 7. júnímán. f. á. hafa borizt ítarlegri skýrslur um málefni þetta, og skrifazt hefir verið á við dómsmálastjórnina um það, skal yður til vitundar gefið, að stjórnarráðið fyrir sitt leyti hefir ekki neitt á móti, að mælinga-áhöldum þessum sè ráðstafað eins og þèr hafið gjört, og skal stiptsyfirvöldunum heimilt að ljá áhöldin þeim, sem vilja nota þau til mælinga á Íslandi, en þeir ábyrgist að skila þeim aptur óskemmdum.

---

2. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um ýmsar breytingar á „Handbók presta". 19. janúar.

Með því að haft er í hyggju að láta prenta „Handbók presta" að nýju, og þörf er á að endurskoða hana í mörgum greinum, hafið þèr, háæruverðugi herra, farið þess á leit í brèfi dagsettu 26. októbermán. f. á., að yður verði veitt heimild til að endurskoða handbókina, eins og með þarf, og sèr í lagi að taka

1867. 19. janúar. pistla og guðspjöll í hana eptir endurskoðuðu íslenzku útleggingunni af biblíunni, og að sleppa nokkrum bænum, sem eru orðnar úreltar, og að stytta og laga sumar.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, að stjórnarráðið hèr með veitir yður heimild þá, sem þèr hafið beðið um.

---

19. janúar. **3. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um bæjarfulltrúa kosningu á Ísafirði.**

Með brèfi dagsettu 15. októbermán. f. á. hafið þèr, herra amtmaður, sent stjórnarráðinu skýrslu um kosningu á bæjarfulltrúum fyrir kaupstaðinn Ísafjörð, er fram fór 16. júlímán. f. á. samkvæmt reglugjörð 26. janúarmán. s. á., og útaf því að höfð hefir verið sú aðferð við kosninguna, að allir fulltrúarnir hafa verið kosnir í einu lagi, í stað þess að átt hefði að yðar hyggju samkvæmt ákvörðuninni í 9. grein reglugjörðarinnar að kjósa hvern fulltrúa sèr í lagi, hafið þèr beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins um, hvort kosningin eigi að vera gild þrátt fyrir missmíði þau, er yður virðast vera á henni, eða nýjar kosningar eigi fram að fara.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið fær ekki betur sèð, en að aðferð sú, sem höfð hefir verið við kosningu þessa, sè rètt, því að ákvörðunin í 9. grein reglugjörðarinnar virðist að eins eiga við, þá er kjósa á fulltrúa í sæti, sem auð hafa orðið seinna, og á kosning sú, sem hèr er um rædt, því óröskuð að standa.

---

4. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um styrk handa síra Páli Pálssyni, til þess að kynna sèr kennsluaðferðina í skólanum handa málausum og heyrnarlausum.

1867. 11. febrúar.

Með brèfi dagsettu 16. ágústmán. f. á. hafið þèr, háæruverðugi herra, sent hingað bænarskrá frá síra Páli Pálssyni, sóknarpresti að Kálfafelli í Vestur-Skaptafellssýslu; sækir hann þar um, bæði að mega ganga kauplaust á skólann handa málausum og heyrnarlausum í Kaupmannahöfn, til þess að kynna sèr aðferð þá, sem þar er höfð við kennsluna, og líka um styrk úr ríkissjóði til þess að borga með kostnaðinn, er ganga mundi til ferðar hans til Kaupmannahafnar og verunnar þar.

Nú er skrifazt hefir verið á við forstöðumanninn fyrir hinum konunglega skóla handa málausum og heyrnarlausum hèr í bænum um þetta málefni, skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þèr birtið það, að ekkert er því til fyrirstöðu, að beiðandanum sè kauplaust gefinn kostur á að kynna sèr kennsluaðferðina í tèðum skóla, og að stjórnarráðið veitir honum að vera í skólanum ókeypis, það er að segja, að hann fær þar herbergi, með því sem þar heyrir til, og sama mat og börnin í skólanum um þriggja mánaða tíma, eins og hann hefir vikið á, og þar á ofan 300 rd. styrk af fè því, sem veitt er til óvissra gjalda handa Íslandi, til ferðakostnaðar og til þess að kosta veru sína hèr í bænum, og loks linun í fararkaupinu með gufu-póstskipinu, það er að segja 25 rd. í staðinn fyrir 45 rd.

---

5. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um skuld útgefenda „Íslendings" til prentsmiðjunnar í Reykjavík.

11. febrúar.

Í brèfi 23. maímán. f. á. leitaði dómsmálastjórnin álits stiptsyfirvaldanna um, hvort gjöra ætti ráðstafanir til að vernda landsprentsmiðjuna í Reykjavík fyrir fèmissi útaf skuld þeirri,

1867. 11. febrúar. er hún á hjá útgefendum „Íslendings", og þá var 1006 rd. 72 sk. að upphæð. Því næst hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, skýrt frá í brèfum dagsettum 29. septembermán. og 27. októbermán. s. á., að þèr hafið látið hefja málssókn gegn útgefendunum til lúkningar skuldinni, er komin var niður í 962 rd. 78 sk., þá er síðara brèf yðar var skrifað, og hafið þèr farið þess á leit, að yður verði veitt heimild til að sættast fyrir hönd landsprentsmiðjunnar við útgefendur „Íslendings" uppá kosti þá, er þeir hafa boðið á fundi, sem haldinn var 12. októbermán. f. á. fyrir sáttanefnd Reykjavíkur kaupstaðar, en kostirnir eru þeir, að útgefendurnir láti prentsmiðjuna fá:

1) allar skuldir, sem þeir eiga hjá kaupendunum að blaðinu, og að nafninu eiga að vera 400 rd. að upphæð, en forstöðumaður prentsmiðjunnar, Einar Þórðarson, hefir metið hèr um bil . . . . . 200 rd. » sk.

2) allt, sem eptir er óselt af blaðinu, en það er 617 exemplör, sem ekkert vantar á; metur Einar Þórðarson hvert exemplar á 48 sk., verður það . 308 rd. 48 sk. og nokkur exemplör, sem vantar í, metin sem umbúðapappír . . . . . 14 — » - 322 — 48 -

3) og að þeir borgi: Einar Þórðarson 68 rd. 9 sk., og hinir útgefendurnir hver um sig 60 rd., á þann hátt, að tíundi hluti þess verði goldinn á hverjum mánuði, þangað til búið er að borga alls . . . . . 428 — 9 -

samtals 950 rd. 57 sk.

Þó að þèr að vísu álítið vafasamt, hvort það sem tilgreint er í 1. og 2. tölulið sè eins mikils virði og þar er ætlazt á, haldið þèr samt, að það kunni að vera ástæða fyrir landsprentsmiðjuna til, ýmsra sèrlegra orsaka vegna, er þèr hafið tekið fram í hinu síðara brèfi yðar, að ganga að boði þessu. En fari svo,

að stjórnarráðinu ekki lítist að samþykkja það, hafið þér enn fremur beðið um, að yður verði til vitundar gefið, hvort þér eigið að leitast við að koma á sættum með öðrum kostum, og þá hverir þeir eigi að vera, eða að heimta að málinu verði vísað til dóms og laga, eins og það nú er. 1867. 11. febrúar.

Útaf þessu skal yður kunngjört yður til leiðbeiningar, að þar sem útgefendur „Íslendings" hafa gjört það sáttaboð, að landsprentsmiðjan skuli taka uppí skuld sína bæði nokkrar gamlar óvísar kröfur og það sem óselt er af blaðinu, og naumast mun ganga út nema sem umbúðapappír, þá verður stjórnarráðið að álíta sáttaboðið að því leyti alveg óaðgengilegt. Stjórnarráðið væri meira að segja að sínu leyti tilleiðanlegra til að gefa útgefendunum alveg upp nokkurn hluta skuldarinnar, ef að þér, sem yfirstjórnendur landsprentsmiðjunnar, þykist geta svarað fyrir, er þér hafið íhugað þau atriði, sem koma til greina við úrslit þessa máls, að gjöra ítarlegri uppástungu um það, en að öðrum kosti skal málssókninni fram haldið.

---

6. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, er löggildir auglýsing dómsmálastjórnarinnar 31. októbermán. 1864 á Íslandi. 11. febrúar.

Eins og yður mun vera kunnugt, herra stiptamtmaður (amtmaður), kom þegnleg bænarskrá[1] til dómsmálastjórnarinnar frá alþingi 1865 um, að konungur veitti dómsmálastjórninni allrahæst leyfi til, samkvæmt konunglegri tilskipun 12. júlímán. 1862 og auglýsingu dómsmálastjórnarinnar s. d., að lækka á sama hátt og í Danmörku verðið á ýmsum samkynja læknislyfjum og lyfjaefnum einnig á Íslandi, og enn fremur verðið á brenndu kalki, pottösku og hjartarhornsolíu.

Nú er skrifazt hefir verið á við hið konunglega heilbrigðisráð útaf þessu, skal yður kunngjört — um leið og þess skal

[1]) Sjá Tíðindi frá alþingi 1865. II., 526–27. bls.

1867. 11. febrúar.

getið, að dómsmálastjórninni hefir þegar verið veitt leyfi það, sem hèr þarf með, í konungsúrskurði 1. maímán. 1852, er fenginn var áður en fyrnefnd konungleg tilskipun birtist, — yður til leiðbeiningar og til þess að þèr auglýsið það á hagfelldasta hátt: að auglýsing dómsmálastjórnarinnar 31. októbermán. 1864 um fast verðlag á eiturtegundum þeim, sem nefndar eru í tilskipun 1. aprílmán. 1796 smbr. opið brèf 19. aprílmán. 1843, og mestmegnis eru hafðar til iðnaðar og búsýslu, og á öllum almennum læknislyfjum, tilbúnum og ótilbúnum, sem eru seld í hópakaupum og án fyrirsagnar frá lækni, eða notuð eru, þó minna kveði að, til iðnaðar og búsýslu, er hèr með löggilt á Íslandi, og fylgja nokkur exemplör af auglýsingunni með brèfi þessu; að orðin „frá kaupmönnum þeim í Hamborg eða Lýbekk, sem selja ótilbúna læknisdóma" eiga að falla úr bæði í auglýsingunni sjálfri og í fyrirsögninni fyrir skránni A, og að í skrána A skal tekið „oleum cornu cervi foetidum (hjartarhornsolía) fyrir 1 ℔ og þaðan af meira". Þar sem svo er kveðið á í auglýsingunni, að á hverju ári skuli yfirskoða verðlagsskrána, skal þess þar að auki getið, að yfirskoðunin á, að því er snertir skrána B, að fara fram í hverri lyfjabúð, þegar lyfsölumennirnir eru búnir að fá verðlags-yfirskoðunina, sem heilbrigðisráðið lætur búa til á hverju ári, en að því er snertir skrána A, verða lyfsölumennirnir, þegar til þess kemur, að fara eptir þeim verðlagsskrám, sem síðast eru komnar frá kaupmönnum þeim, er verzla með slíka hluti. Þar sem alþingi hafði farið þess á leit, að verðið á brenndu kalki og pottösku væri líka lækkað, skal því að endingu við bætt, að, með því að tèðar vörutegundir verða að álítast frjáls kaupeyrir, verður lyfsölumönnunum ekki skipað sèrstaklega fyrir um það.

Fylgiskjal.

Auglýsing um fast verðlag fyrir lyfsölumennina á eiturtegundum þeim, sem nefndar eru í tilskipun 1. aprílmán. 1796 smbr. opið brèf 19. aprílmán. 1843, og mestmegnis eru hafðar til iðnaðar og búsýslu,

og á öllum almennum læknislyfjum, tilbúnum eða ótilbúnum, sem eru seld í hópakaupum og án fyrirsagnar frá lækni, eða eru notuð til iðnaðar og búsýslu, þó ekki kveði mikið að því. 1867. 11. febrúar.

Með konungsúrskurði 1. maímán. 1862, sem auglýstur er 12. júlímán. s. á., er dómsmálastjórninni veitt heimild til að setja sérstaklega lágt verð fyrir lyfsölumennina, er þeir selja eiturtegundir þær, sem nefndar eru í tilskipun 1. aprílmán. 1796 smbr. opið brèf 19. aprílmán. 1843, og mestmegnis eru hafðar til iðnaðar og búsýslu, og sömuleiðis öll almenn læknislyf, tilbúin eða ótilbúin, sem eru seld í hópakaupum og án fyrirsagnar frá lækni, eða eru notuð til iðnaðar og búsýslu, þó ekki kveði mikið að því. Samkvæmt þessu er hèr með ákveðið, að þegar eitur þau og læknisdómar, sem til eru færð á skránum hèr aptan við, eru seld fyrir peninga útí hönd, og selt er eins mikið að vikt, og tiltekið er við hverja vörutegund um sig og þaðan af meira, þá skulu lyfsölumennirnir frá 15. nóvembermán. s. á. selja vörutegundir þær, sem færðar eru til á skránni A, og allar eru þess konar vörur, sem lyfsölumennirnir selja í sama ástandi, og þeir kaupa þær eða safna þeim, með því verði, að þeir taki ekki meira en þriðjungi (33⅓ af 100) meira fyrir þær, en þær fengist fyrir, hvenær sem er, ef þær væri pantaðar frá kaupmönnum þeim í Hamborg og Lýbekk, sem selja ótilbúna læknisdóma, en vörutegundir þær, sem færðar eru til á skránni B, og allar eru búnar til eða undirbúnar í lyfjabúðunum, fyrir ⅔ af því verði, sem sett er á þær í verðlagsskrá lyfsölumannanna, þá er þær eru seldar í minnstum skömmtum, og þegar á að reikna það út, skulu ½ skildíngar og stærri brot úr skildingum talin jöfn 1 skilding, en minni brot úr skildingum falla burt.

Verðlag það, sem ákveðið er á þenna hátt, skal endurskoðað á hverju ári.

Í dómsmálastjórninni 31. októbermán. 1864.

1867.
11. febrúar.

A.

Skrá yfir læknisdóma, sem lyfsölumennirnir mega ekki selja með meiri ávinningi — þegar þeir eru keyptir fyrir borgun útí hönd, og keypt er eins mikið að vikt, og tiltekið er við hverja vörutegund um sig, og þaðan af meira — en 33⅓ af 100 fram yfir það verð, sem þeir fengist fyrir ef þeir væri pantaðir frá kaupmönnum þeim í Hamborg eða Lýbekk, sem selja ótilbúna læknisdóma.

1 ℔ jafnt 500 grömmum eða 16 únsíum.

Acidum aceticum (óblandað edik) ½ ℔ og meira, ætlað til iðnaðar.
Aether sulphuricus (nafta) . . . . ½ ℔ — —
Aloe (alóe) . . . . . ½ ℔ — —
Agaricus albus (lerkiviðar-sveppur) 1 ℔ — —
Argentum nitricum crystall. (saltpètursúrt silfur með kristallslögun) . . . . . ¼ ℔ — —
Argentum nitricum fusum (vítissteinn) . . . . . ¼ ℔ — —
Arsenicum album (hvítt arseník) 1 ℔ — —
— citrinum (gult arseník) 1 ℔ — —
— rubrum (rautt arseník) 1 ℔ — —
Aurum muriatic. natronat. (klórkennt gull-natríum) . . . . . 1/128 ℔ sama sem 1 drakma, og meira, ætlað til iðnaðar.
Barytta muriatica (klór-barium) . ½ ℔ og meira, ætlað til iðnaðar.
Cadmium sulphuricum (brennisteinssúrt kaðmíum) . . . . . ½ ℔ — —
Calcaria muriatica cruda (ótilbúið klórkalsíum) . . . . . 1 ℔ — —
Cassia fistula (kassía) . . . . . 1 ℔ — —
Chloroformum venale (klórform) . 1 ℔ — —
og verður kaupandinn fyrst að leggja fram sams konar skýrteini og fyrir fosfóreitri.

1867. 11. febrúar.

Cobaltum (kóbalt)	½ ℔	og meira,	ætlað til iðnaðar.
Collodium (kollódíum)	½ ℔	—	
Cortex canellæ albæ (hvítur kanelbörkur)	½ ℔	—	
— chinæ regiæ (kínabörkur)	½ ℔	—	
Ferrum bromatum (brómjárn)	¼ ℔	—	ætlað til iðnaðar.
— jodatum (joðjárn)	¼ ℔	—	—
— sulphuratum (brennisteinsjárn)	1 ℔	—	—
Flores chamomillæ vulgaris (kamómillublóm)	1 ℔	—	
— — Romanæ (rómversk kamómillublóm)	1 ℔	—	
— sambuci (ylliblóm)	1 ℔	—	
Folia salviæ (salvíublöð)	1 ℔	—	
— sennæ (sennesblöð)	1 ℔	—	
— trifolii fibrini (horblaðka, kveisugras)	1 ℔	—	
Glycerinum (glýserín)	½ ℔	—	
Herba absinthii (malurt)	1 ℔	—	
— cardui benedicti (korbendiktjurt)	1 ℔	—	
— centaurii minoris (þúsundgyllinajurt)	1 ℔	—	
— melilothii (melótenjurt)	1 ℔	—	
Hydrargyrum muriatic. corrosiv. (kvikasilfurs-súblímat)	¼ ℔	—	ætlað til iðnaðar.
— oxydatum rubrum (rautt kvikasilfurilti)	¼ ℔	—	—
Jodum (joð)	¼ ℔	—	—
Kali causticum siccum (þurt brunakalíum)	½ ℔	—	—
— hydrojodicum (joð-kalíum)	½ ℔	—	—
— hydrocyanicum (kýan-kalíum)	¼ ℔	—	—
Kreosotum (kreósót)	¼ ℔	—	—
Lichen carraghen (söl)	1 ℔	—	

1867. 11. febrúar.

Lichen islandicus (íslenzk fjallagrös)	1 ℔ og meira.	
Lignum quassiæ raspat. (rifinn kvassía-viður)	1 ℔	—
Natrum causticum (bruna-natron)	½ ℔	— ætlað til iðnaðar.
Oleum jecoris Aselli (lýsi)	1 ℔	— —
— ricini natur. (ameríkönsk olía)	1 ℔	—
Radix bardanæ (búrrurót)	1 ℔	—
— chinæ (kínarót)	1 ℔	—
— sarsaparillæ (sarsaparillarót)	1 ℔	—
Sal acetosellæ (sýrusalt)	¼ ℔	—
— thermarum Carolinens. artific. (Karlsbaðsalt)	1 ℔	—
Zincum jodatum (joð-sink)	¼ ℔	— ætlað til iðnaðar.
— chloratum (klór-sink)	1 ℔	— —

B.

Skrá yfir læknisdóma, sem lyfsölumönnunum ber að selja — þegar þeir eru borgaðir útí hönd og keypt er eins mikið að vikt og ákveðið er við hvern um sig eða þaðan af meira — fyrir ⅔ af verði því, sem sett er á þá í verðlagsskrá lyfsölumannanna, þá er þeir eru seldir í minnstum skömmtum.

1 ℔ jafnt 500 grömmum eða 16 únsíum.

Acidum phosphoricum dilutum (þynnt fosfórsýra)	1 ℔ og meira.	og skal verðið á einni únsíu lagt til grundvallar við reikninginn.
Aqua saturnina (blývatn)	1 ℔	—
— amygdalarum diluta (þynnt möndlavatn)	1 ℔	—
Arsenicum album pulverat. (hvítt arseníkdupt)	1 ℔	—
Balsamum saponis (sápu-smyrsl)	1 ℔	—
— opodeldoc (ópódeldok)	1 ℔	—
Camphora grosse pulverata (mulin kamfóra)	¼ ℔	—

1867. 11. febrúar.

og skal verðið á einni únsíu lagt til grundvallar við reikninginn.

Camphora pulverata (kamfórudupt)	¼ ℔	og meira.
Ceratum cetacei (hvalamburs smyrsl)	½ ℔	—
Conchæ præparatæ (tilbúnar ostruskeljar)	½ ℔	—
Confectio seminum cynæ (maðkasykur)	½ ℔	—
Cortex cascarillæ (kaskarilla-börkur)	1 ℔	—
— aurantiorum conc. (saxað pómeranzhýði)	1 ℔	—
— chinæ regiæ contus. (mulinn kínabörkur)	½ ℔	—
Cubebæ pulveratæ (kúbeber-dupt)	½ ℔	—
Emplastrum anglicum (enskur festiplástur)	ein tylft	—
Fel tauri inspissatum (seydt nautsgall)	¼ ℔	—
Flores arnicæ concisi (söxuð volverlæblóm)	½ ℔	—
— chamomillæ conc. (söxuð kamómillublóm)	1 ℔	—
— — Romanæ conc. (söxuð rómversk kamómillublóm)	1 ℔	—
— sambuci conc. (söxuð ylliblóm)	1 ℔	—
Folia salviæ conc. (söxuð salvíublöð)	½ ℔	—
— sennæ conc. (söxuð sennesblöð)	1 ℔	—
— trifolii fibr. conc. (saxað kveisugras)	1 ℔	—
Globuli tartari martiati (járn-vínsteins-kúlur)	½ ℔	—
Herba absinthii concisa (söxuð malurt)	1 ℔	—
— cardui benedicti conc. (söxuð korbendiktjurt)	1 ℔	—
— centaurii minoris conc. (söxuð þúsundgyllinajurt)	1 ℔	—
— melilothi conc. (söxuð melótenjurt)	1 ℔	—
Hydrargyrum præcipit. album (hvítt kvikasilfur-presípítat)	¼ ℔	—
Kali carbonicum depuratum (hreinsuð pottaska)	1 ℔	—
Magnesia sulphurica pura (hreinsað enskt salt)	1 ℔	—
Mucilago gummi arabici (arabisk gummí-kvoða)	½ ℔	—
Oleum ricini filtratum (síuð ameríkönsk olía)	1 ℔	—
Pasta altheæ (altea-kökur)	1 ℔	—
— cacao c. lichene carragheno (sjókólaðe með sölvum)	1 ℔	—

1867. 11. febrúar.

Pasta cacao c. lichene islandico (sjókólade með íslenzkum fjallagrösum) . . . . . 1 ℔ og meira.
Pulvis ad fumigationes muriatic. (reykelsi með jarðtegundum í) . . . . . ½ ℔ —
— refrigerans (svalandi dupt) . . . . . ½ ℔ —
Radix bardanæ conc. (söxuð búrru-rót) . . 1 ℔ —
— calami conc. (söxuð kalmus-rót) . . . 1 ℔ —
— chinæ conc. (söxuð kína-rót) . . . . . 1 ℔ —
— galangæ conc. (söxuð galanga-rót) . . 1 ℔ —
— gentianæ conc. (söxuð gentíana-rót) . 1 ℔ —
— salapis pulverat. (salep-rótar dupt) . . 1 ℔ —
— sarsaparillæ conc. (söxuð sarsaparilla-rót) 1 ℔ —
— rhei moscovitici concisa (söxuð rússnesk rabarbara-rót) $\frac{1}{16}$ ℔ og meira, og skal verðið á einni drökmu lagt til grundvallar við reikninginn.

} og skal verðið á einni únsu lagt til grundvallar við reikninginn.

Semina cynæ (maðka-fræ) . . . . . 1 ℔ og meira.
— lini contus. (mulið hörfræ) . . . . . 1 ℔ —
Species emollientes (mýkjandi jurtir) . . . 1 ℔ —
— pro decocto lignorum (tegundir í viðar-seyði) . . . . . 1 ℔ —
— pectorales (brjóst-tegras) . . . . . 1 ℔ —
— resolventes (dreifandi jurtir) . . . . 1 ℔ —
Succus liqviritiæ compositus (enskur lakrís) ¼ ℔ —
— sambuci inspissatus (þykkur ylli-lögur) 1 ℔ —
Syrupus cerasorum (kirsiberja-lögur) . . . . 1 ℔ —
— rubi idæi (hindberja-lögur) . . . . . 1 ℔ —
— sacchari (sykur-lögur) . . . . . 1 ℔ —
Tartarus depuratus venalis pulveratus (hreinsað vínsteins dupt) . . . . . ½ ℔ —
Thea amara (rammt tegras) . . . . . 1 ℔ —
— demulcens (slím-tegras) . . . . . 1 ℔ —
Tinctura amara (rammir dropar) . . . . . 1 ℔ —
— arnicæ (volverlæ-dropar) . . . . . ½ ℔ —
— chinæ composita (Whyts styrkjandi dropar) . . . . . ½ ℔ —
— ferri pomati (eplasúrir járndropar) . ½ ℔ —

} og skal verðið á einni únsu lagt til grundvallar við reikninginn.

7. Brèf dómsmálastjórnarinnar til verzlunarfèlagsins Koch & Henderson, um gufuskipsferðirnar milli Kaupmannahafnar, Færeyja og Íslands. 1867. 12. febrúar.

Í brèfi dagsettu 5. þ. m. hafið þèr skýrt frá, að þèr samkvæmt samningi við hið „sameinaða gufuskipafèlag" hèr í bænum hafið selt því gufuskip yðar frá 1. janúarmán. þ. á., og hafið þèr farið þess á leit, að stjórnarráðið gefi leyfi sitt til, að tèð fèlag gangi í yðar stað inn í samning þann, sem gjörður var milli dómsmálastjórnarinnar og yðar 13. febrúarmán. 1863.

Útaf þessu skal yður kunngjört, að eptir málavöxtum er ekkert því til fyrirstöðu af hálfu dómsmálastjórnarinnar, að hið „sameinaða gufuskipafèlag" gangi í yðar stað inn í tèðan samning, með því móti, að stjórnarnefnd optnefnds gufuskipafèlags riti þetta á meðfylgjanda samning:

„Með því að dómsmálastjórnin hefir veitt samþykki sitt til, að verzlunarfèlagið Koch & Henderson megi losast við skyldur þær, sem á þeim hvíla samkvæmt samningi þessum, með því móti, að þeir seti hið „sameinaða gufuskipafèlag" í sinn stað, tekst greint fèlag á hendur allar þær skyldur gagnvert dómsmálastjórninni, er samkvæmt þessum samningi hvíla á tèðu verzlunarfèlagi."

þegar búið er að rita þetta á samninginn, búumst vèr við, að hann verði sendur hingað aptur.

---

8. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um að leggja ⅔ úr Sigurðarstöðum til Presthóla brauðs.[1] 19. febrúar.

Samkvæmt þegnlegum uppástungum kirkju- og kennslustjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknazt að úrskurða

[1]) smbr. brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar 9. júlímán. 1860, er birtir konungsúrskurð 8. maímán. s. á. um sameiningu Múla og Nes brauðs í Þingeyjarsýslu, I. b. 371. bls.

1867. 19. febrúar. 15. febrúarmán. þ. á., að þeir tveir þriðjungar úr Sigurðarstöðum í Þingeyjarsýslu, sem eru eign Grenjaðarstaðar kirkju, skulu ganga undan henni og vera héðan af lagðir til Presthóla brauðs í sömu sýslu.

Þetta er yður hèr með til vitundar gefið, háæruverðugi herra, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það og gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf.

---

26. febrúar. **9. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi um það, hvernig fara skuli með styrk þann, er uppgjafapresti eða prestsekkju hefir verið veittur af stjórnarráðinu, ef sá, sem í hlut á, deyr áður en styrkurinn hefir verið borgaður.**

Reikningastjórnardeild konungsríkisins hefir skotið til úrskurðar stjórnarráðsins, hvort það megi standa óhaggað, að styrkur sá, er Steinunni prestsekkju Ólafsdóttur var veittur með brèfi hèðan 9. júlímán. 1864, og var 25 rd. að upphæð, hefir verið borgaður erfingja hennar, þó að tèð prestsekkja hafi andazt í júnímánuði 1864.

Um leið og þess skal getið, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið skrifað, að eptir því, hvernig á stendur, skuli ekki í þetta skipti hreyfa við því, sem gjört hefir verið í þessu efni, skal yður kunngjört útaf þessu yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið hefir sett þá reglu framvegis, að ef að nokkur, sem veittur hefir verið með úrskurði stjórnarráðsins styrkur af 500 ríkisdölum þeim, sem veittir eru árlega í fjárhagslögunum til styrktar handa fátækum uppgjafaprestum og prestsekkjum, deyr áður en styrkurinn hafi orðið borgaður, þá má ekki greiða búinu eða erfingjunum meira en svo mikinn part af styrktarskamtinum, er samsvari þeim tíma, sem liðið hefir frá byrjun fjárhagsársins og þangað til hlutaðeigandi andaðist; en afganginum er yður, háæruverðugi herra, falið á hendur að útbýta einum

eða fleirum af þeim, sem sókt hafa, og stjórnarráðið hefir ekki getað veitt neinn styrk. 1867. 26. febrúar.

---

10. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um aukaústvar af landsprentsmiðjunni í Reykjavík. 27. febrúar.

Af því vakið hefir verið máls á, hvort að heimild sè fyrir því samkvæmt 19. grein í reglugjörð 27. nóvembermán. 1846 að heimta af landsprentsmiðjunni í Reykjavík aukaútsvar til bæjarfèlagsins í tèðum kaupstað, hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, í brèfi dagsettu 27. júnímán. f. á. látið það álit yðar í ljósi, að það verði að skoða stofnun þessa, — sem fer með bjargræðisveg í bæjarfèlagi Reykjavíkur, eins og hver annar borgari, — sem laga-persónu, er eigi þar heima og að því leyti verði talin með bæjarmönnum, og hafið þèr því beiðzt samþykkis dómsmálastjórnarinnar til þess, að þèr látið greiða bæjarfèlagi Reykjavíkur úr sjóði prentsmiðjunnar aukaútsvar það, sem jafnað hefir verið á hana fyrir árin 1864 og 1865, og sömuleiðis framvegis skattgjöld þau, sem jafnað kann að verða á prentsmiðjuna samkvæmt lögum þeim, er gilda.

Nú er skrifazt hefir verið á við reikningastjórnardeild konungsríkisins um málefni þetta, skal yður kunngjört yður til leiðbeiningar og til frekari framkvæmda, að stjórnarráðið hèr með fellst á uppástungu yðar.

---

11. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins, amtmannanna og stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um borgun tillags til lífsfjár- og framfærslustofnunarinnar fyrir fèstyrk þann, er embættismenn á Íslandi eru skyldir að kaupa handa konum sínum. 28. febrúar.

Til þess að komast hjá vandkvæðum þeim, sem skipulag

1867. 28. febrúar. það hefir í för með sèr, sem nú er á um borgun tillaga til lífsfjár- og framfærslustofnunarinnar fyrir fèstyrk þann, er embættismenn á Íslandi eru skyldir að kaupa handa konum sínum eptir sinn dag, hefir dómsmálastjórnin komið sèr saman við fjárstjórnina um að setja þá skipun, er eigi má útaf bregða, að tillög þessi skuli frá 1. aprílmán. 1868 ávallt borguð fyrirfram úr aðalfèhirzlu ríkisins, en að embættismaðurinn um leið borgi tillag sitt í ákveðinn gjalddaga í jarðabókarsjóðinn, eða, hafi hann föst laun, skuli tillagið tekið af launum hans, og skuli síðan til færa tillagið í reikningum jarðabókarsjóðsins sem borgun skuldar til aðalfèhirzlunnar og skýra frá, eins og vera ber, hvernig á því standi.

Um leið og þetta er yður kunngjört, herra (tit.), yður til leiðbeiningar og til þess að þèr auglýsið það, skal því við bætt, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið boðið að sjá um, að búið sè fyrir ákveðinn gjalddaga annaðhvort að halda tillaginu eptir af launum þeim, sem embættismaðurinn þá átti heimting á, eða, að hann sè búinn að borga það í peningum í jarðabókarsjóðinn, ef hann hefir ekki föst laun; og ef að ekki er búið að greiða tillag, sem átti að borga í jarðabókarsjóðinn í peningum, áður en hálfur mánuður sè liðinn eptir ákveðinn gjalddaga, þá eigi landfógetinn þegar í stað að skýra háyfirvaldi því, sem hlut á að máli, frá því, til þess að það geti gjört ráðstafanir þær, sem með þarf, til þess að slíkar skuldir verði borgaðar sem fyrst, og skal stjórnarráðið þess vegna eitt skipti fyrir öll brýna fyrir yður ákvarðanir þær, sem settar eru í brèfi dómsmálastjórnarinnar 13. febrúarmán. 1862.

---

14. marz. **12. Lög um ríkisstjórnina í fjærveru konungs.**

Vèr Kristján hinn Níundi o. s. frv.: Gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi, og Vèr staðfest þau með samþykki Voru:

Meðan konungur er í burtu á ferð þeirri til útlanda, sem

hann nú ætlar að taka sèr fyrir hendur, hefir konungsefnið ríkisstjórnina á hendi í nafni konungs. 1867. 14. marz.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn 14. marzmán. 1867.

---

13. Konungleg Auglýsing um ríkisstjórnina meðan konungur er í burtu á ferð til Englands. 14. marz.

Vèr Kristján hinn Níundi o. s. frv., Gjörum kunnugt: þareð Vèr sökum veikinda Vorrar ástkæru dóttur, hennar konunglegu tignar prinzessunnar af Wales, tökum Oss í kvöld fyrir hendur ferð til Englands, höfum Vèr í dag staðfest lög, sem ríkisþingið hefir fallizt á, um ríkisstjórnina í þessari fjærveru Vorri. Samkvæmt þessu kunngjörum Vèr Vorum kæru og trúu þegnum hèr með, að Vor ástkæri sonur, hans konunglega tign Kristján Friðrik Vilhjálmur Karl, konungsefni, tekst frá því í kvöld á hendur ríkisstjórnina í Voru nafni.

---

14. Opið brèf um löggilding verzlunarstaðar á Borgarnesi við Brákarpoll í Mýra sýslu í vesturumdæminu á Íslandi. 22. marz.

Til alþingis þess, er haldið var 1865, kom bænarskrá frá 212 búendum í Mýra-sýslu um löggilding kauptúns á Borgarnesi við Brákarpoll í tèðri sýslu. Eptir að alþingi hafði farið með málið á lögskipaðan hátt, sendi það konungi þegnlega bænarskrá um það og bað í henni um;

1) að löggilt yrði kauptún á Borgarnesi við Brákarpoll í Borgar hrepp í Mýra-sýslu; og til vara:
2) að öllum búsettum fastakaupmönnum á Íslandi verði leyft að koma þar og verzla með alls konar vörur af skipi.

Bænarskrá þessi er prentuð í „Tíðindum frá alþingi" 1865, II., 371—374 bls.

Konungsfulltrúi hefir í álitsskjali sínu um málið verið því yfir höfuð að tala mótmæltur, að fleiri kauptún verði löggilt, af því að það verði

1867. 22. marz. til að dreifa verzluninni, en það sé kaupmönnum til hnekkis og landsmönnum til engra nota. Því til sönnunar hefir hann tekið fram, að einu leytinu, að jafnaðarlega sé ekki verzlað á verzlunarstöðunum nema á sumrin, því allan hinn hluta ársins sé engar nauðsynjavörur þar til, og á allflestum af kauptúnum þeim, sem löggilt hafa verið um hin síðustu 20 ár, sé alls ekki búið að stofnsetja neina fasta verzlun; að öðru leytinu, að opið brél 19. maímán. 1854 leyfi fastakaupmönnum að sigla upp aðra staði á landinu en hin löggiltu kauptún. Konungsfulltrúi hefir þar að auki skýrskotað til þess, að Mýrasýsla hafi nýlega fengið löggilt kauptún á Straumfirði, sem er nálægt Borgarnesi, og að hvorttveggja sé svo nærri Reykjavík, að tvö kauptún geti ekki staðizt þar hvort við hliðina á öðru. Honum finnst því ekki vera nægar ástæður til að mæla fram með, að nýtt kauptún verði löggilt þar sem sókt er um, þó því ekki verði neitað, að Borgarnes sé mjög svo hentugur staður fyrir verzlun við búendur í syðri hluta Mýrasýslu og efri hluta Borgarfjarðarsýslu. Að minnsta kosti ætti að áliti konungsfulltrúa að fresta að löggilda þar kauptún, þangað til að einhver kaupmaður sækir um að mega stofna þar fasta verzlun, því að það er þegar komið meira en nóg af löggiltum kauptúnum, sem kaupmenn að eins sigla upp.

Aptur á móti hefir amtmaðurinn yfir vesturumdæminu, sem skorað hafði verið á að láta uppi álit sitt um málefni þetta, mælt fram með hinu fyrra niðurlagsatriðinu í bænarskrá alþingis, og hefir hann sagt svo, að úr því að menn verði að kannast við, að Brákarpollur sé betur fallinn til kauptúns en bæði Straumfjörður og Lambhússund — en því til sönnunar hefir hann tekið fram, að öll sumarverzlunin við strendurnar á Faxaflóa milli Reykjavíkur og Búða hafi farið fram hjá hinum síðar nefndu kauptúnunum og lent á Brákarpolli, og að ekki sé nærri því eins hægt fyrir Mýrasýslubúa að komast á Straumfjörð vegna mýranna, sem eru þar í kring, eins og á Brákarpoll — þá megi ekki hliðsjónin af téðum verzlunarstöðum ráða úrslitum þessa máls. Að amtmannsins hyggju verður það heldur ekki álitið óþarft að koma upp kauptúni á Borgarnesi fyrir það, að leyft er í opnu brél 19. maímán. 1854 að verzla utan kauptúna, því að leyfi það bætir að eins að nokkru leyti úr þörfum héraðsins til að fá fastan verzlunarstað.

Í skýrslu dómsmálastjórnarinnar um málið, þá er það var lagt fyrir konung, segir, að stjórnarráðið hafi optsinnis útaf samskonar bænarskrám frá alþingi um löggilding nýrra verzlunarstaða á Íslandi, látið það álit sitt í ljósi, að það mundi verða verzluninni til hnekkis, ef veitt væri takmarkalaust leyfi til að koma verzlunarstöðum á fót, og

að þess vegna yrði í hvert skipti að íhuga, hvort að staður sá, sem rædt er um að löggilda, hafi þá kosti, sem verður að álíta sjálfsagða, til þess að þar geti orðið kauptún að nokkru marki. Eptir því sem skýrt er frá í bænarskrá alþingis og álitsskjali amtmannsins í vesturumdæminu, má nú að stjórnarráðsins hyggju búast við, að kauptún geti komizt upp á þeim stað, sem hér er verið að ræða um, og því til sönnunar virðist það atvik einnig að vera, að þangað koma nú þegar 5 eða 6 kaupför á ári hverju, þó að þau samkvæmt opnu brèfi 19. maímán. 1854 megi að eins kaupa íslenzkan varning og selja tilteknar nauðsynjavörur, og flytja vörur þær, sem innbúarnir hafa keypt á hinum löggildu verzlunarstöðum, til þeirra. Ekki virtist stjórnarráðinu heldur verða lögð nein áherzla á mótbáru þá, sem komið hafði verið með, að nýlega væri búið að löggilda kauptún í sömu sýslunni, á Straumfirði, því að raunin hefir orðið sú, að hann er ekki eins vel fallinn til að vera verzlunarstaður, og fyrir því má búast við, að ef Borgarnes verður löggilt, þá muni af því leiða, að öll verzlunin dragist þangað. 1867. 22. marz.

Samkvæmt þessu lèt dómsmálastjórnin í ljósi þá skoðun sína, að ekki væri gildar ástæður til að neita aðaluppástungu alþingis um, að kauptún yrði löggilt á opt nefndum stað, þar sem allir embættismenn, sem sagt hafa álit sitt um það, hafa mælt með því, nema konungsfulltrúi einn, en að hins vegar gæti ekki verið umtalsmál að fallast á varauppástungu alþingis, með því að það kæmi í bága við grundvallarregluna í verzlunarlögunum 15. aprílmán. 1854 að löggilda kauptún einasta til þess að sigla það upp eða til lausakaupverzlunar, og það þó að það væri einskorðað svo, að einungis vissir kaupmenn mætti sigla þangað.

Vèr Kristján hinn Níundi o. s. frv., Gjörum kunnugt: Samkvæmt þegnlegum tillögum alþingis hefir Oss allramildilegast þóknazt að löggilda verzlunarstað á Borgarnesi við Brákarpoll í Mýra sýslu í vesturumdæminu á Íslandi.

Fyrir því skal leyft að byggja sölubúðir og hafa fasta verzlun á þessum stað með þeim skilmálum, er segir í opnu brèfi 28. desembermán. 1836, og mega einnig innlendir og útlendir lausakaupmenn koma þangað til verzlunar, þegar þess er gætt, sem um það efni er ákveðið í nefndu lagaboði og í lögum 15. aprílmán. 1854 3. grein.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn 22. dag marzmán. 1867.

1867. 29. marz.

15. Lög um fjárveiting til bráðabirgða fyrir fjárhagsárið 1867—68.

Vèr Kristján hinn Níundi o. s. frv., Gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi og Vèr staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Þangað til að ríkisþingið er búið að ræða það frumvarp, sem lagt hefir verið fyrir það, til fjárhagslaga fyrir fjárhagsárið frá 1. aprílmán. 1867 til 31. marzmán. 1868, og í síðasta lagi þangað til 31. maímán. þ. á., skal stjórninni veitt heimild til að láta til bráðabirgða borga öll nauðsynleg gjöld, sem uppá koma, samkvæmt ákvörðunum þeim, sem gilt hafa hingað til en þó svo, að ekki sè farið út yfir aðalupphæðir þær og sèrstakar gjalda-greinir, sem til eru færðar í tèðu lagafrumvarpi, og eins til að láta heimta saman skatta þá og gjöld, sem nú eru.

2. grein.

Lög þessi öðlast lagagildi 1. aprílmán. 1867.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn 29. marzmán. 1867.

---

3. apríl.

16. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi um það, hvenær eigi að senda bónarbrèf um að fá kennslu í yfirsetukvennafræði á fæðingarstofnuninni í Kaupmannahöfn.

Með því að hin konunglega fæðingar- og uppfæðslustofnun í Kaupmannahöfn mun verða lokuð júlí- og ágústmánuð á hverju ári, og þessi ráðstöfun mun hafa í för með sèr, að breyting verður gjörð á kennslutíðinni í yfirsetukvennaskólanum og eins á því, hvenær konur þær, sem teknar eru til kennslu, eiga að koma í hann, þá á framvegis fyrst um sinn að senda bænarbrèf um að komast í yfirsetukvennaskólann að eins einusinni á ári,

fyrir miðju júnímánaðar, í staðinn fyrir á þeim tímum, sem til- 1867.
teknir eru í konungsúrskurði 25. septembermán. 1848. 3. apríl.

Þetta er yður hèr með kunngjört, yður til leiðbeiningar.

---

17. Konungleg Auglýsing um, að konungur hafi sjálfur aptur tekið við ríkisstjórninni.[1] 17. apríl.

Vèr Kristján hinn Níundi o. s. frv., Gjörum kunnugt: Nú er Vèr erum komnir aptur úr ferð Vorri til Englands, kunngjörum Vèr Vorum kæru og trúu þegnum hèr með, að Vèr í dag höfum tekið aptur við ríkisstjórninni, sem sonur Vor ástfólginn, Kristján Friðrik Vilhjálmur Karl, samkvæmt lögum 14. marzmán. þ. á. hefir haft á hendi, meðan Vèr vorum í burtu.

---

18. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um bann gegn flutningi á skepnum frá Belgíu og prússnesku Rínárlöndunum til Íslands. 24. apríl.

Í framhaldi af brèfum dómsmálastjórnarinnar 27. febrúarmán. og 13. júlímán. f. á. skal yður hèr með kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess að þèr auglýsið það á þann hátt, sem yður virðist bezt við eiga, að dómsmálastjórnin hefir fundið sèr skylt enn fremur að leggja bann fyrir, að fluttar séu frá Belgíu og prússnesku Rínárlöndunum til Íslands skepnur þær og annað, sem um er getið í brèfi stjórnarráðsins 12. októbermán. 1865.

---

[1]) Undir lagaboð þau, sem birtust meðan konungur var í burtu, var ritað:

Í fjærveru hans hátignar konungsins
og í nafni hans hátignar
Frederik,
konungsefni.

1867. 24. apríl. **19. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um silfurbergsnám í Helgastaðafjalli.**

Með brèfi dagsettu 2. janúarmán. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað bænarskrá frá C. D. Túlinius, kaupmanni á Eskifirði, er, nú sem stendur, hefir þann 1/4 hluta silfurbergsnámsins í Helgastaðafjalli, sem er eign ríkissjóðsins, á leigu fyrir 100 rd. afgjald á ári; sækir hann um að fá ríkissjóðsins hluta í námanum á leigu í 5 ár enn, talin frá 1. janúarmán. 1868, fyrir 20. rd. afgjald á ári.

Útaf þessu skal yður kunngjört, til þess að þèr birtið það, að stjórnarráðinu þykir ísjárvert, einkum vegna þess, hvernig nú er ástatt með fjárhagsmál Íslands, að selja beiðandanum námann á leigu með þeim kjörum, sem hann býður, um svo langan tíma, sem 5 ár; en að stjórnarráðið ekki hefir neitt á móti því eptir atvikum, að Túliníusi sè leigður námurinn um 2 ár, talin frá 1. janúarmán. 1868, fyrir afgjald það, sem nefnt er hèr að ofan.

---

21. apríl. **20. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um fjárverði til að varna útbreiðslu fjárkláðans.**

Af því að bæði norður- og austurumdæminu og vesturumdæminu að yðar hyggju, herra amtmaður, nú í vor er meiri hætta búin af, að fjárkláðinn flytist þar inn, en nokkru sinni fyr, hafið þèr farið þess á leit í brèfi dagsettu 20. febrúarmán. þ. á., að stjórnarráðið bjóði stiptamtmanninum yfir Íslandi að gjöra ráðstafanir, eptir samkomulagi við amtmanninn í vesturumdæminu, til þess að settir verði verðir á kostnað allra þriggja amtanna, þar sem bezt þykir við eiga, til þess að reisa skorður við því, að fjárkláðinn breiðist út frá suðurumdæminu.

Útaf þessu skal yður kunngjört, að eptir skýrslunum um heilbrigðisástand fjárins í suðurumdæminu virðist stjórnarráðinu

ekki nægar ástæður til þess að skipa fyrir um slíka ráðstöfun, 1867.
enda mundi hún, einkum þegar eins er ástatt og nú er, verða 24. apríl.
jafnaðarsjóðum amtanna mjög þungbær. En vesni ástandið seinna, verður stjórnarráðið að fela öllum amtmönnunum á Íslandi á hendur að koma sèr saman um að gjöra þær ráðstafanir í þessu efni, sem þykja bezt við eiga eptir öllum atvikum.

Því skal við bætt, að stiptamtmanninum og amtmanninum yfir vesturumdæminu hefir verið tilkynntur þessi úrskurður stjórnarráðsins.

---

21. Konungleg Auglýsing til Alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1865. 31. maí.

Vèr Kristján hinn Níundi o. s. frv., sendum Voru trúa alþingi kveðju guðs og Vora!

Vèr höfum með allrahæstri velþóknun tekið á móti þegnlegu ávarpi alþingis og yfirlýsingunni í því um þegnlega hollustu við Oss og konungsættina.

Þar sem borin er fram í ávarpi þessu ósk um, að málefninu um stjórnar-fyrirkomulag Íslands verði sem allra fyrst ráðið til lykta, gleður það Oss að geta kunngjört Voru trúa alþingi, að nú mun verða lagt fyrir þingið frumvarp til fullkominna stjórnarskipunarlaga handa Íslandi, er fer því fram, að alþingi verði veitt yfirgripsmikið vald í öllum málefnum, sem snerta Ísland, og að Vorir kæru þegnar í tèðu landi verði hluttakandi hinna sömu borgaralegu rèttinda og þegnarnir í hinum hlutum ríkisins. Og er það von Vor, að alþingi láti í tè trúlynda liðveizlu sína til þess að málefni þessu, sem er svo áríðandi fyrir Ísland, verði bráðlega og farsællega ráðið til lykta.

Vèr höfum vandlega látið íhuga tillögur Vors trúa alþingis um mál þau, sem stjórnin bar undir álit þess árið 1865, og aðrar uppástungur þingsins, og munum Vèr nú skýra hèr í einu lagi frá, hvað í þeim efnum hefir af ráðið verið.

1867.
31. maí.

I.

Um þegnleg álitsmál, sem komin eru frá alþingi.

Þessar rèttarbætur hafa gjörðar verið um þau mál, sem Vèr höfum fengið um þegnlegar tillögur Vors trúa alþingis:

1. Tilskipun 1. desembermánaðar 1865 um verzlunarvog á Íslandi.

2. Tilskipun 15. desembermánaðar s. á., er nákvæmar ákveður ýmislegt viðvíkjandi prestaköllunum á Íslandi.

3. Tilskipun 5. janúarmánaðar 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.

4. Tilskipun 26. janúarmánaðar s. á. um vinnuhjú á Íslandi.

5. Reglugjörð sama dag um að gjöra verzlunarstaðinn Ísafjörð að kaupstað og um stjórn bæjarmálefna þar.

6. Opið brèf sama dag um að stofna byggingarnefnd á kaupstaðnum Ísafirði.

7. Lög 16. febrúarmánaðar s. á. um, að endurskoðuninni á lögunum frá 19. degi janúarmánaðar 1863 um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi skuli skotið á frest.

Þegar lagaboð þessi hafa verið samin, hafa verið vandlega íhugaðar athugasemdir þær, er alþingi hefir gjört um þau, og hefir sumum þeirra eptir því verið breytt í ýmsu, ýmislegt verið nákvæmar ákveðið og ýmsu við bætt.

Í þegnlegu álitsskjali sínu um frumvarp það til laga um nýtt fyrirkomulag á fjárhagssambandinu millum Íslands og konungsríkisins, sem stjórnin lagði fyrir alþingi, hefir það ráðið frá, að frumvarpið verði gjört að lögum í því formi, sem það lá fyrir, og hefir þingið þar að auki beiðzt þess, að þjóðfundur verði sem fyrst saman kallaður samkvæmt loforði því, sem veitt var í konungsbrèfi 23. septembermánaðar 1848, og kosningarlögum 28. septembermánaðar 1849, og að fyrir þenna fund verði lagt frumvarp til algjörðrar stjórnarskipunar í heild sinni, sem sè byggt á grundvallarreglunum í 1.—4. grein í fyr nefndu lagafrumvarpi.

Eptir því, hvernig alþingi þannig hefir tekið í þetta mál, hefir

Oss ekki þókt vera tilefni til að láta leggja ofan nefnt lagafrumvarp fyrir þingið að nýju, og samkvæmt því, sem tekið er fram um það efni í ástæðunum fyrir frumvarpi því til stjórnarskipunarlaga handa Íslandi, er nú mun verða lagt fyrir þingið, hefir Oss á hinn bóginn ekki heldur virzt vera ástæða til að kveðja til sérstaklegs þings til þess að ræða stjórnarskipunarmálið. En fari svo, að alþingi aðhyllist tèð stjórnarskípunarlagafrumvarp, þá er það áform Vort, að reyna að koma því til leiðar, með því að semja um það við ríkisþingið, að Íslandi verði veitt úr sjóði konungsríkisins fast árstillag, 37,500 rd. að upphæð, og bráðabirgðartillag, 12,500 rd., sem að 12 árum liðnum verði fært niður um 500 rd. á ári, þangað til það er alveg fallið burtu; og verða stjórnarskipunarlögin, sem í vændum eru, ekki látin ná lagagildi fyr en búið er að veita þetta tillag. 1867. 31. maí.

Alþingi hefir enn fremur ráðið frá, að tvö lagafrumvörp, sem lögð voru fyrir það, annað um breytingu á 6. og 7. grein í lögum 15. aprílmánaðar 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi, og hitt um brennivínsverzlun og brennivínsveitingar á Íslandi, verði gjörð að lögum.

Vegna hins nána sambands, sem tèð lagafrumvörp eru í við íslenzka fjárhagsmálið, hefir þókt rèttast að fresta að koma þeim lengra áleiðis, þangað til að búið er að ráða fjárhagsmálinu til lykta.

Sömuleiðis er lagafrumvörpunum um laun handa hreppstjórum á Íslandi og um að ferma og afferma gufuskip á sunnudögum og öðrum helgidögum skotið á frest samkvæmt tillögum alþingis.

Að því er loks snertir frumvörp þau, er lögð voru fyrir alþingi, annað til laga um laun handa íslenzkum póstembættismönnum, og hitt til opins brèfs, er skipar fyrir um ýmislegt, sem snertir póstgöngur, þá hafa ekki að svo stöddu orðið gjörðar frekari ráðstafanir til þess að koma þeim málum fram, vegna þess hvernig alþingi tók í lagafrumvarpið um fyrirkomulag fjárhagsmálsins, og hið sama er og um lagafrumvarpið um hina fyrirhuguðu stofnun búnaðarskóla á Íslandi.

II.

31. maí. Um þegnlegar bænarskrár, er komið hafa frá alþingi.

1. Á meðan ekki er útkljáð um fjárhagsstöðu Íslands framvegis, verða ekki gjörðar frekari ráðstafanir útaf þegnlegri bænarskrá alþingis um, að stjórnin annist um, að komið verði á reglulegum gufuskipaferðum meðfram ströndum Íslands.

2. Hið sama er og um þegnlega bænarskrá alþingis um stofnun kennsluskóla handa lögfræðingaefnum á Íslandi.

3. Útaf þegnlegri bænarskrá alþingis um endurbót á ýmsum greinum, er snerta læknaskipunina á Íslandi, höfum Vèr allramildilegast fallizt á:

1) að úr læknasjóðnum íslenzka megi veita allt að 5 læknaefnum, er vilja setjast að og fást við lækningar í þeim hèruðum á Íslandi, þar sem dómsmálastjórninni virðist vera mest þörf á læknis aðstoð, 400 rd. styrk á ári hverjum þeirra, og þar á ofan heita þeim, að þeir megi eiga von á, að styrkur þessi verði hækkaður um 100 rd. fyrir hver 3 ár, sem þeir fást við lækningar, þangað til hann er orðinn 800 rd. á ári; og megi þá gjöra læknum þeim, sem þessi styrkur er veittur, að skyldu að takast á hendur um tiltekið svið störf þau, sem hvíla á hèraðslæknunum, ef þeir eru því samþykkir, og fái þeir þá sömu borgun fyrir þau störf, og hèraðslæknunum eru veitt;

2) að undir eins og að minnsta kosti einn útlærður læknir hefir setzt að á þenna hátt í hverju af hinum þrem ömtum landsins, til þess að fást við lækningar, þá fái læknasjóðurinn borgað úr jafnaðarsjóðum amtanna 200 rd. tillag það úr hverjum jafnaðarsjóði, sem ákveðið er í konungsúrskurði 12. ágústmánaðar 1848; og

3) að úr læknasjóðnum sè veitt 200 rd. tillag á ári í tvö ár til þess að kaupa fyrir bækur og áhöld, er landlæknirinn á Íslandi geti haft við læknakennsluna, með því skilyrði að hann ábyrgist að skila þeim í góðu ástandi, þegar þar að kemur; en að öðru leyti eigi lærisveinarnir sjálfir að sjá sèr fyrir bókum þeim, sem þeir þurfa með.

Enn fremur mun verða lagt fyrir alþingi, samkvæmt bæn

þess, frumvarp til tilskipunar um breytingu á ákvörðununum um gjald spítalahlutanna, er svo eru nefndir, á Íslandi. 1867. 31. maí.

En þar sem alþingi enn fremur hefir farið fram á, að öllum læknum á Íslandi verði leyft að kaupa sjálfir læknismeðöl frá útlöndum, halda lyfjabúð og fara með meðalasölu, þá hefir ekki þókt vera ástæða til að taka þessa bæn alþingis til greina, því að það væri alveg gagnstætt grundvallarreglum þeim, sem farið er eptir, og mundi af því leiða, að umsjón sú, sem höfð er af hálfu hins opinbera bæði með því, að læknismeðölin, sem seld eru, sèu góð, og að nóg sè til af þeim, mundi falla burtu; og loks hafa hagsmunir íslenzku læknanna ekki getað komið til greina, með því að ætla má að það sè nógur hagur fyrir þá, að þeir mega sjálfir láta úti læknismeðöl þau, sem þeir fá frá lyfjabúðunum á Íslandi.

Um 6. og 7. niðurlagsatriðið í bænarskrá alþingis, sem hèr er rædt um, skal þess getið, að bæði hefir þókt bezt við eiga að verja tillögum þeim úr jafnaðarsjóðum amtanna, sem ákveðin eru í konungsúrskurði 12. ágústmán. 1848, á þann hátt sem sagt er í 2. tölulið, og hins vegar virðist ekki vera leidd full rök að því, að þörf sè á að hækka 600 rd. styrk þann, sem nú er goldinn úr læknasjóðnum til læknakennslunnar í Reykjavík, um 400 rd., eins og alþingi hefir stungið uppá, því að sèr í lagi virðist 300 rd. styrkur sá, sem lærisveinunum nú er veittur, að vera hæfilegur eptir því, hversu margir þeir eru að jafnaði. Ekki hefir heldur þókt ástæða til að veita þeim tveim mönnum, sem nefndir eru í 9. og 10. niðurlagsatriði bænarskrárinnar, og hafa fengizt við lækningar þótt ekki hafi þeir aflokið neinu prófi, neina þóknun fyrir það úr opinberum sjóði. Að því er loks snertir tillögur alþingis um, að bætt verði kjör Thorlacíusar, aðstoðarlæknis, sem hefir veitt hèraðslækninum í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslu aðstoð til að gegna hèraðslæknisstörfunum í Austfirðingafjórðungi landsins, þá verður ekki að svo stöddu ákvarðað neitt um það, af því að tèður hèraðslæknir hefir nýlega fengið annað embætti, og fyrir þá sök verður að gjöra nýja skipun á forstöðu læknisembættisins í Austfirðingafjórðungi, og er það mál nú í undirbúningi.

1867. 31. maí. 4. Til þess að bæta úr vandkvæðum þeim, sem sveitarfélögin á Íslandi hafa af óforsjállegum giptingum fátækra manna, hefir alþingi farið þess á leit í þegnlegri bænarskrá, að látið verði koma út lagaboð, þar sem svo sé fyrir mælt, að ef að sá, sem ætlar sér að giptast, hefir ekki svo mikið fyrir sig að leggja, sem nákvæmar væri kveðið á um samkvæmt reglum þeim, er alþingi hefir stungið uppá í því efni, þá eigi svaramennirnir að ábyrgjast, að hvorki hann né hyski hans verði sveit þeirri, þar sem hann á framfærslurétt, til þyngsla þrjú fyrstu árin eptir hjónabandið.

En það er hvorttveggja, að ekki verður fallizt á grundvallarreglur þær, sem uppástunga þessi hefir við að styðjast, enda virðist vera þeim mun minni ástæða til að taka hana til greina, sem ekki verður álitið, að ráðstafanir þær, er alþingi hefir stungið uppá, geti veitt neina verulega trygging til þess að sporna við léttúðugum giptingum, og verða þá ekki heldur álitnar hagfeldar til þess að koma því til leiðar, sem ætlazt var til.

5. Samkvæmt þegnlegri bænarskrá alþingis hefir komið út opið brèf 22. marzmán. þ. á. um löggilding verzlunarstaðar á Borgarnesi við Brákarpoll í Mýrasýslu í vesturumdæminu á Íslandi.

6. Alþingi hefir farið fram á í þegnlegri bænarskrá, að lagt verði fyrir þingið frumvarp til reglugjörðar um sveitastjórn á Íslandi.

En með því að fyrirkomulagið á málefni þessu að miklu leyti er undir því komið, hvernig stjórnarskipun Íslands verður ráðið til lykta, þá verða að svo stöddu ekki gjörðar frekari ráðstafanir til að koma málefni þessu lengra áleiðis.

7. Þegnleg bænarskrá alþingis um, að úr ríkissjóðnum verði fyrst um sinn veittir 300 rd. á ári handa forngripasafni því, er stofnað hefir verið í Reykjavík, hefir ekki orðið tekin til greina vegna þess, hvernig allt er nú á reiki um fjárhagsstöðu Íslands.

8. Ekki hefir þókt ástæða til að fallast á þegnlega bænarskrá frá alþingi, um að veittur verði styrkur úr ríkissjóði til

viðgjörðar á kirkjunni á Hólum í Hjaltadal í norður- og austur- 1867.
umdæminu á Íslandi og til þess að halda henni við eptirleiðis. 31. maí.

9. Alþingi hefir farið þess á leit í þegnlegri bænarskrá, að frumvarpi því til tilskipunar um að taka hús í Reykjavíkurkaupstað í brunabótafélag hinna dönsku kaupstaða, er borið var undir álit alþingis áður fyrri, verði veitt lagagildi.

Um leið og vísað skal um þetta efni í það, sem sagt er í konunglegri auglýsingu til alþingis 9. júnímán. 1865 um það, hvernig málefni þessu þá var komið, skal því við bætt, að með því að aðalástæðan fyrir því, að landsþingið felldi frumvarp það, er lagt var fyrir það á fundi þess 1864—65 um fyrirkomulag þessa málefnis, var sú, að koma ætti á fulltrúasamkomu frá kaupstöðunum, áður en málefni þessu yrði ráðið til lykta, þá var lagt fyrir ríkisþingið frumvarp, er laut að þessu; en með því að þjóðþingið vildi ekki fallast á frumvarp þetta, nema að því væri samfara yfirgripsmiklar endurbætur á allri löggjöfinni um brunabótafélög kaupstaðanna, þá hefir ekki enn orðið gjört meira við mál þetta.

10. Í þegnlegri bænarskrá frá alþingi var farið fram á, bæði að samdar verði og prentaðar almennar reglur um viðhald og aukningu hinna íslenzku birkiskóga, og reglum þessum síðan útbýtt meðal almennings, og einnig að sendur yrði til Íslands duglegur skógfræðingur til þess að ferðast um landið og segja síðan álit sitt um, hvar og hvernig hentast mundi að gróðursetja skóg í landinu.

Það virðist samt því síður vera ástæða til að taka fyrra bænaratriðið til greina, sem að stjórnin þegar fyrir mörgum árum síðan hlutaðist um, að Sivertsen, er þá var umboðsmaður, samdi á íslenzku leiðarvísi handa alþýðu um að koma upp birkiskógum, og að bæklingur þessi síðan var gefinn út og mörg exemplör af honum send til Íslands til útbýtingar kauplaust meðal landsmanna; og að því er síðara bænaratriðið snertir, þá hefir ráðstöfun sú, sem þar er farið fram á, ekki orðið framkvæmd, af því að fé það hefir ekki fengizt, er til þess þarf.

11. Samkvæmt þegnlegri bænarskrá alþingis hefir dómsmálastjórn Vor hlutazt um, að ákvarðanirnar í auglýsing dóms-

1867. 31. maí. málastjórnarinnar 31. októbermán. 1861 um fast verðlag fyrir lyfsölumennina á eiturtegundum þeim, sem nefndar eru í tilskipun 1. aprílmán. 1796, smbr. opið brèf 19. aprílmán. 1843, og mestmegnis eru hafðar til iðnaðar og búsýslu, og á öllum almennum læknislyfjum, tilbúnum og ótilbúnum, sem eru seld í hópakaupum og án fyrirsagnar frá lækni, eða eru notuð til iðnaðar og búsýslu, þó ekki kveði mikið að því, — verði einnig látnar gilda á Íslandi, og að enn fremur verði lækkað verðið á hjartarhornsolíu. En þar sem alþingi hefir farið fram á, að einnig verði hlutazt um, að verðið á brenndu kalki og pottösku verði fært niður, þá verður lyfsölumönnunum ekki skipað sèrstaklega fyrir um það, með því að tèðar vörutegundir verða að álítast frjáls kaupeyrir.

Til staðfestingar allramildilegustum úrskurðum Vorum, þeim er nú hefir verið getið, höfum Vèr sent yður þessa auglýsing Vora, og heitum Voru trúa alþingi hylli Vorri og konunglegri mildi.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn 31. dag maímánaðar 1867.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

---

31. maí. **22. Auglýsing Dómsmálastjórnarinnar, um ýmsar ráðstafanir viðvíkjandi læknaskipuninni á Íslandi.**

Útaf þegnlegri bænarskrá alþingis 1865 um endurbót á ýmsum greinum, er snerta læknaskipunina á Íslandi, hefir Hans hátign konunginum þóknazt, samkvæmt uppástungu dómsmálastjórnarinnar 10. þ. m., allramildilegast að úrskurða:

1) að úr læknasjóðnum íslenzka megi veita allt að 5 læknaefnum, er vilja setjast að og fást við lækningar í þeim hèruðum á Íslandi, þar sem dómsmálastjórninni virðist vera mest þörf á læknis aðstoð, 400 rd. styrk á ári hverjum þeirra, og þar á ofan heita þeim, að þeir megi eiga von á, að styrkur þessi verði hækkaður um 100 rd. fyrir hver

3 ár, sem þeir fást við lækningar, þangað til hann er orðinn 800 rd. á ári; og megi þá gjöra læknum þeim, sem þessi styrkur er veittur, að skyldu að takast á hendur um tiltekið svið störf þau, sem hvíla á héraðslæknunum, ef þeir eru því samþykkir, og fái þeir þá sömu borgun fyrir þau störf, og héraðslæknunum eru veitt; 1867. 31. maí.

2) að undir eins og að minnsta kosti einn útlærður læknir hefir setzt að á þenna hátt í hverju af hinum þrem ömtum landsins, til þess að fást við lækningar, þá fái læknasjóðurinn borgað úr jafnaðarsjóðum amtanna 200 rd. tillag það úr hverjum jafnaðarsjóði, sem ákveðið er í konungsúrskurði 12. ágústmánaðar 1848; og

3) að úr læknasjóðnum skuli veitt 200 rd. tillag á ári í tvö ár til þess að kaupa fyrir bækur og áhöld, er landlæknirinn á Íslandi geti haft við læknakennsluna, með því skilyrði að hann ábyrgist að skila þeim í góðu ástandi, þegar þar að kemur; en að öðru leyti eigi lærisveinarnir sjálfir að sjá sér fyrir bókum þeim, sem þeir þurfa með.

Þetta birtist hér með öllum, sem hlut eiga að máli, til eptirbreytni.

---

23. Auglýsing Dómsmálastjórnarinnar, um stjórn og afnot eptirleiðis á nokkrum af jörðum þeim á Íslandi, sem lagðar eru til guðsþakka, og nefndar eru „kristfjárjarðir". 3. júní.

Útaf bænarskrá alþingis 1859[1] um betri stjórn og afnot jarða þeirra á Íslandi, sem lagðar eru til guðsþakka og nefndar eru kristfjárjarðir, hefir Hans hátign konunginum þóknazt, samkvæmt uppástungu dómsmálastjórnarinnar 31. f. m., allramildilegast að úrskurða:

að þessar kristfjárjarðir:

1. Ketilsstaðir í Jökulsárhlíð með hjáleigunum Eyjaseli og Bakkagerði;

---

[1]) Smbr. Tíðindi frá alþingi 1859, 924.—926. bls.

1867. 3. júní.

2. Fossvellir í Jökulsárhlíð;
3. Kóreksstaðir með hjáleigunum Kóreksstaðagerði og Hjalla;
4. Búlandsnes með hjáleigunum Bjargarrètt og Borgargerði; og
5. Keldunúpur á Síðu

skuli við leiguliðaskipti byggjast eins og aðrar jarðir fyrir ákveðið afgjald, er renni í sveitarsjóð þann, sem í hlut á; en að ómagahaldið, sem á þeim hefir hvílt, skuli með öllu aftekið, og að umsjón og byggingarráð greindra kristfjárjarða skuli falið á hendur hlutaðeigandi sveitarstjórn undir yfirumsjón sýslumanns og amtmanns.

Þetta birtist hèr með öllum, sem hlut eiga að máli, til eptirbreytni.

---

3. júní. **24. Brèf dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa á alþingi, um löggilding almennra lagaboða á Íslandi, sem út komu í Danmörku á árunum 1865 og 1866.**

Með brèfi þessu sendir dómsmálastjórnin yður, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúa á alþingi, eitt exemplar af hverju almennu lagaboði m. m., sem út hefir komið í Danmörku á árunum 1865 og 1866, svo að alþingi gefist tækifæri til á næsta fundi að íhuga, hvort við eigi að löggilda nokkurt af lagaboðum þessum á Íslandi. Jafnframt og þess skal getið um lög 14. aprílmán. 1865, um að útlendum skipum skuli gefinn kostur á að vera höfð til vöruflutninga innanlands, um hin almennu borgaralegu hegningarlög 10. febrúarmán. 1866 og um lög 16. s. m. um afplánun sekta utan sakamála, að þegar er búið að gjöra ráðstafanir þær, sem með þarf, til þess að samsvarandi lagafrumvörp verði lögð fyrir alþingi, eins og yður er kunnugt, herra stiptamtmaður, skal yður kunngjört yður til leiðbeiningar, að dómsmálastjórninni ekki finnst fyrir sitt leyti vera ástæða til, að minnsta kosti nú sem stendur, að leggja

nein önnur af lagaboðum þessum fyrir þingið sem frumvörp samkvæmt konungsúrskurði 4. janúarmán. 1861. 1867. 3. júni.

---

25. Brèf dómsmálastjórnarinnar til Deildar hins íslenzka bókmentafèlags í Kaupmannahöfn, um styrk til að gefa út Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands. 3. júni.

Samkvæmt brèfi dómsmálastjórnarinnar 23. aprílmán. 1864 skal það hèr með kunngjört Deild híns íslenzka bókmentafèlags í Kaupmannahöfn, að stjórnarráðið hefir veitt fèlaginu 150 rd. styrk til að halda áfram að gefa út „Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands", og hefir í dag verið hlutazt um, að fè þetta verði greidt fèhirði deildarinnar, Stephensen etazráði, úr aðalfèhirzlu ríkisins.

---

26. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um styrk handa uppgjafaprestum og prestaekkjum á Islandi. 8. júni.

Samkvæmt uppástungum yðar, háæruverðugi herra, er bárust stjórnarráðinu með brèfi yðar 30. aprílmán. þ. á., um það, hvernig úthluta skuli þeim 500 rd., sem veittir voru í fjárlögum þessa fjárhagsárs til styrks handa fátækum uppgjafaprestum og prestsekkjum á Íslandi, hefir stjórnarráðið veitt þeim, er nú skal greina, styrk þann, sem tilfærður er við hvern prest og prestsekkju um sig:

Uppgjafapresti	Guðlögi Sveinbjarnarsyni frá Hvammi .	15 rd.
—	Sveinbirni Sveinbjarnarsyni frá Staðarhrauni	55 —
—	Jóni Sigurðssyni frá Söndum	60 —
—	Stefáni Hanssyni úr Fljótshlíðarþingum .	15 —
Prestsekkju	Arnbjörgu Jóhannesdóttur	10 —
—	Helgu Jónsdóttur	30 —
—	Salbjörgu Jónsdóttur Reykdal	20 —

1867. 8. júní.

Prestsekkju	Helgu Arnfinnsdóttur	5 rd.
—	Guðrúnu Vernharðsdóttur	15 —
—	Kristínu Pálsdóttur	25 —
—	Oddnýju Ingvarsdóttur	20 —
—	Þóru Auðunardóttur	20 —
—	Elínu Einarsdóttur	30 —
—	Marenu Havstein	10 —
—	Guðbjörgu Aradóttur	10 —
—	Guðríði Helgadóttur	10 —
—	Sigríði Jónsdóttur	10 —
—	Guðrúnu Ingvarsdóttur	20 —
—	Kristínu Eiríksdóttur	12 —
—	Guðnýju Jónsdóttur	15 —
—	Solveigu Markúsdóttur	10 —
—	Þorbjörgu Jónsdóttur	18 —
—	Margrètu Narfadóttur	40 —
—	Guðlögu Eiríksdóttur	15 —
—	Guðrúnu Jónsdóttur	10 —

Þetta er yður hèr með til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það þeim, sem hlut eiga að, og um leið og vèr vísum til brèfs stjórnarráðsins 15. júlímán. 1865, skal því við bætt, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

---

8. júní. **27. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamtmannsins og biskupsins yfir Íslandi, um fyrirkomulag latínuskólans í Reykjavík.**

Í brèfi dagsettu 25. maímán. f. á. skoraði kirkju- og kennslustjórnin á yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, að veita skólameistaranum og kennurunum við hinn lærða skóla í Reykjavík færi á að koma fram með athugasemdir þær, er þeim kynni að virðast álitsskjal Maðvígs konferenzráðs í málefninu um endurbætt fyrirkomulag á tèðum

skóla gæfi þeim tilefni til. Nú hafið þèr með brèfi 4. okt. f. á. sent hingað bæði álitsskjal frá öllum kennurum skólans í sameiningu, er fer því fram, að þeir sè allir á einu máli um, að ekki þurfi í neinu að breyta fyrirkomulagi skólans, allrasízt að því er kennsluaðferðina snertir, og stingi því uppá, að hún haldist óbreytt, og einnig álitsskjal frá skólameistaranum, sem í öllum aðalatriðum er samdóma kennurunum. Þèr hafið jafnframt látið það álit yðar í ljósi, að með því að aðalorsökin til þess að alþingi og nefnd sú, sem skipuð var til að ræða skólamálið samkvæmt bænarskrá alþingis, fóru þess á leit, að fyrirkomulagi skólans væri breytt, var sú, að þá komu svo fáir í skólann, en nú, líklega sèr í lagi vegna fjölgunar ölmusanna, er skipt svo um, að skólasveinar eru nú helmingi fleiri en 1862, og með því að ekki yrði hjá því komizt, ef kennsluaðferðin yrði gjörð einfaldari, að gjöra þyrfti miklar breytingar, er sumar hverjar yrðu erfiðar viðfangs, þar sem koma yrði nýju skipulagi á samband skólans við háskólann og prestaskólann, þá muni skólanum vera hentast, að málefninu um fyrirhugaðar endurbætur á honum sè frestað fyrst um sinn. Samt hafið þèr vikið á, að margt virðist mæla fram með breytingu þeirri, sem kennsluumsjónarmaðurinn hefir bent á, að gjöra ensku að skyldukennslugrein, en gefa skólasveinum aptur að eins kost á að læra þjóðversku, og láta tilsögn í frönsku fyrir þá, sem hana vilja læra, vera utanskólamálefni, en þar sem skólameistarinn í álitsskjali sínu hefir mælt fram með uppástungu kennaranna um að skipta fyrsta bekk í tvo bekki, hafið þèr sagt, að þèr dirfist ekki að fylgja þeirri uppástungu eindregið fram, af því að kennararnir hafi fullyrt, að þá yrði að fjölga kennslutímunum svo, að kennararnir, sem nú eru, kæmist ekki yfir kennsluna, og gjöld skólans því mundu aukast talsvert, ef að ætti að koma þessu í kring. 1867. 8. júní.

Stjórnarráðinu virtist hlýða, áður en lagður væri úrskurður á málefni þetta fyrir fullt og allt, að veita kennsluumsjónarmanninum færi á að kynna sèr það, sem þannig var seinna komið fram í málinu, og heyra álit hans um það, og nú, er vèr höfum fengið ítarlegra álitsskjal frá tèðum embættismanni,

1867. 8. júní.

þar sem hann mælir á móti, að gjörð sè nein mikilsvarðandi breyting á fyrirkomulagi skólans fyrst um sinn, og að því er snertir þá einu breytinguna, sem þèr hafið fremur verið áfram um að komið væri á, ekki vill mæla með henni, úr því kennararnir leggja á móti henni, skal yður kunngjört, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þèr auglýsið það, að stjórnarráðinu ekki virðist, eptir öllum atvikum, nú sem stendur vera ástæða til at halda lengra útí þetta málefni.

Þar sem þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, í brèfi 11. septembermán. f. á. hafið beiðzt úrskurðar um, hvort að þèr eigið að annast um, að gefin verði út latínsk orðabók með íslenzkum þýðingum samkvæmt uppástungu kennaranna í skólanum um það efni, en þar var ætlazt á, að hún yrði hèr um bil 40 arkir á 30 rd. hver örk, skulum vèr í sambandi við það, sem sagt er hèr að framan, og til framhalds brèfi stjórnarráðsins 4. októbermán. f. á. geta þess, sem hèr fer á eptir. Það er hvorttveggja, að stjórnarráðinu virðist önnur eins orðabók, og stungið hefir verið uppá, óþarflega stór til þess að vera notuð í neðstu bekkjunum í skólanum, og hins vegar mundi hún verða svo kostnaðarsöm, að ekki mundi vera nein líkindi til að ríkisþingið fengist til að veita fè það, er til þessa þyrfti, þar sem þingið hefir neitað að veita miklu minni upphæð, sem beðið var um í frumvarpinu til fjárhagslaganna fyrir fjárhagsárið, sem nú er að líða, til þess að gefa út stutta latínska orðabók með íslenzkum þýðingum. Stjórnarráðið fær því ekki betur sèð, en að það verði að hætta við að hugsa til að láta gefa út orðabók, en að koma megi hinu sama áformi fram í öllu verulegu með því, að láta leggja út latínska lestrarbók með *clavis* aptanvið, til þess að hafa við kennsluna í neðstu bekkjunum. Um þetta úrræði hefir verið leitað álits kennsluumsjónarmannsins, og hefir hann látið álit sitt í ljósi á þá leið, sem þèr munuð sjá á meðfylgjandi útdrætti úr brèfi hans.[1]

---

[1]) Útdráttur úr brèfi kennsluumsjónarmannsins 13. maímán. 1867.

Eins og nú er ástatt, þykir mèr vænt um, að samin sè latínsk málmyndalýsing á íslenzku; að hætta verði við fyrst um sinn að

En áður en lagður er úrskurður á málið fyrir fullt og allt, höfum vèr viljað heyra álit yðar um þetta efni, og skal því um leið við bætt, að eins og vikið er á hèr að framan mun ekki verða neitt fè til á þessu fjárhagsári til þess að gefa bókina út. 1867. 8 júní.

---

28. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um afnot Arnheiðarstaða í Norðurmúlasýslu. 15. júní.

Eins og yður mun vera kunnugt, háæruverðugi herra, sendi alþingi 1859 konungi þegnlega bænarskrá um betri stjórn og

---

hugsa til að koma út með 1200 rd. styrk úr opinberum sjóði latínskri orðabók með íslenzkum þýðingum, verð jeg að viðurkenna, og þykir mèr þá dável tilfallið, að gefin sè út (ekki lögð út) handa Íslandi mátuleg latínsk lestrarbók með orðasafni, er eigi við efni hennar, með íslenzkum þýðingum. Það er undir því komið að fá lestrarbók, er hafi margbreytt efni inni að halda og þá um leið flest þau orð, sem venjulegast koma fyrir. Latínsku lestrarbækurnar, sem hèr hafa verið gefnar út, eru ekki sèrlega vel fallnar til þessa, af því að á þeim er, mjög á móti mínum vilja, of málfræðislegt snið, og ætlazt er til, að þær þræði og skýri með dæmum hverja einstaka reglu málfræðinnar. Þó held jeg, að lestrarbók W. A. Borgens, prófessors, með orðasafni aptanvið, yrði helzt lögð til grundvallar. Samt væri gott, að einhver eða einhverjar af hinum betri latínsku kennslubókum, sem nýlega hafa komið út á þýzkalandi, og nóg er til af, en jeg ekki þekki sèrstaklega, væru hafðar til samanburðar af þeim, sem tekst þetta starf á hendur; ef jeg fæ að vita, hver það verður og hann vill það, þá er jeg fús á að kynna mèr og velja handa honum nokkrar lestrarbækur, sem mest eru brúkaðar, og benda honum á, hvað mèr virtist helzt yrði notað. Orðasafnið yrði (eins og Borgen víkur á) að vera svo fullkomið, að ekkert orð, sem mjög er almennt og opt kemur fyrir, vanti, líka mætti ef til vill hafa sèrstaka hliðsjón af nokkrum bókum í Cæsar. Lestrarbókin verður að hafa inni að halda svo mikið samanhangandi efni, dæmisögur og smásögur, sem verður, en ekki nema hið allranauðsynlegasta handa viðvaningum af lausum málsgreinum og orðskviðum.

1867. 15. júní. afnot jarða þeirra á Íslandi, sem lagðar eru til guðsþakka og nefndar eru kristfjárjarðir, og með konungsúrskurði 31. f. m., sem birtur er með auglýsing dómsmálastjórnarinnar 3. þ. m., var fallizt á uppástungur alþingis um kristfjárjarðir þær, sem það hafði tilgreint, allar nema Arnheiðarstaði í Norðurmúlasýslu og Sómastaði í Suðurmúlasýslu; í tilliti til þeirra virtist kirkju- og kennslustjórninni samkvæmt því, sem þér höfðuð skýrt frá í bréfi yðar til dómsmálastjórnarinnar dagsettu 3. októbermán. f. á., ekki nægar ástæður til að mæla fram með, að gjörðar væru ráðstafanir þær, sem alþingi hafði farið fram á. En með því að skýrsla yðar í téðu bréfi ber með sér, að þar sem Arnheiðarstaðir samkvæmt konungsbréfi 21. febrúarmán. 1766 eru lagðir prestsekkju í Valþjófsstaðar brauði til ábúðar með því skilyrði, að hún haldi kristfjármann, en að afgjaldið af jörðinni, þegar engin ekkja er í brauðinu, skuli ganga til prestsins þar með því skilyrði, að hann annist kristfjármanninn, þá hefir farið svo, að presturinn á Valþjófsstað ávallt hefir haft umráð yfir jörðinni, og, eins og þar segir, látið afgjaldið og framfærslu kristfjármannsins fallast í faðma, en ábúandinn á heimajörðinni hefir aptur byggt hverja hjáleiguna um sig með 60 álna landskuld, og með því að slík notkun greindrar kristfjárjarðar ekki verður álitin samkvæm fyrirmælum konungsbréfsins 21. febrúarmán. 1766 — eruð þér beðnir að sjá um, að fyrirmælum konungsbréfsins verði fylgt framvegis, þannig, að prestsekkja í Valþjófsstaðar brauði fyrst og fremst fái jörðina til ábúðar, og að brauðið, ef engin prestsekkja er í því, njóti ágóðans af jörðinni afdráttarlaust.

---

25. júní. **29. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um rit Hjaltalíns jústizráðs um barnaveikina og taugaveikina.**

Í bréfi dagsettu 27. nóvembermán. f. á. hafið þér, herra amtmaður, skýrt frá, að þér eptir samkomulagi við Hjaltalín, jústizráð og landlækni, hafið hlutazt til um, að stofnaðar verði

heilbrigðisnefndir í öllum kirkjusóknum í norður- og austurumdæminu og látið prenta á kostnað amtsjafnaðarsjóðsins 1000 exemplör af ritgjörð, er landlæknirinn hefir samið um barnaveikina og taugaveikina, til útbýtingar gefins meðal amtsbúanna. Og hafið þèr beiðzt samþykkis stjórnarráðsins til, að kostnaðurinn til prentunar ritgjörðar þessarar, 61 rd. 80 sk. að upphæð, hefir verið greiddur úr jafnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins. 1867. 25. júní.

Útaf þessu skal yður kunngjört, að stjórnarráðið eptir málavöxtum fellst á borgun fjár þessa.

Fylgiskjal.

Brèf amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu til allra prófastanna um stofnun heilbrigðisnefnda.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, hversu heilsufari manna hèr í norður- og austurumdæminu í ýmsu tilliti er miður borgið, en vera skyldi og ákjósandi væri; læknafæðin er mikil eptir mannfjöldanum, en hèruð víðlend og vegir ógreiðir yfirferðar og á vetrardag optsinnis næsta torsóktir sökum snjóþyngsla; loptslag er kalt og yfrið breytingasamt, en þó bætir ekki um, að óþrifnaður á heimilum manna sumstaðar kveikir og elur veikindi; og þegar sóttnæmir sjúkdómar gjósa upp, eru óþarfar og varúðarlausar samgöngur manna ekki lengi að flytja veikindin bæ frá bæ, sveit úr sveit og sýslu úr sýslu.

Mèr hefir nú hugkvæmzt, að nokkra bót mætti ráða á þessum vandkvæðum með því, að stofnuð yrði, að eg svo kalli, heilbrigðisnefnd í hverri kirkjusókn, þannig, að í henni væri hlutaðeigandi sóknarprestur og tveir sóknarmenn, er hann til þess kysi; skyldi ætlunarverk nefndarinnar vera það, að hafa vakandi auga á heilbrigðisástandi manna yfir höfuð, og með tilliti til þessa brèflega standa í stöðugu sambandi við hlutaðeigandi lækni, en aðstoða nauðstadda, sem ekki gæti bjargað sjálfum sèr, til þess að ná læknishjálp og læknismeðölum, ef á lægi, á kostnað sveitarsjóðsins; stuðla til hreinlætis og þrifn-

1867. 25. júní. aðar í bæjarhúsum, og að menn sèr í lagi kappkostuðu að hafa gott lopt í baðstofum sínum; svo skyldi og nefndin í sóttnæmum veikindum leitast við að sporna við óþarfa samgöngum manna á milli.

Eg má geta þess, að lík tilhögun, og hèr er um rædd, á sèr stað hjá bræðrum vorum í Noregi, og hefir hún komið þar að góðum notum.

Vegna þeirra orsaka, er að framan eru tilgreindar, leyfi eg mèr hèrmeð þènustusamlega að skora á yður, velæruverðugi herra prófastur, að gangast fyrir því með ráði og dáð, að heilbrigðisnefndir með því fyrirkomulagi og ætlunarverki, er eg hefi stungið uppá, verði hið bráðasta stofnaðar í öllum kirkjusóknum prófastsdæmis yðar, og vona eg, að þèr við hentugleika gjörið svo vel að láta mig vita, hvað ágengt verður í þessu efni.

Eg hefi ráðgazt um þetta málefni við jústizráð, landlækni Hjaltalín og hefi eg látið prenta ritling eptir hann um helztu sjúkdóma, sem gengið hafa á seinni tímum og mest hafa verið mannskæðir; fylgja hèrmeð 150 exemplör af tèðum ritlingi, er eg þènustusamlega bið yður sjálfan að útbýta og að láta prestana útbýta meðal almennings í prófastsdæmi yðar.

Akureyri 27. nóvembermán. 1866.

---

29. júní. **30. Brèf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um einkaleyfi til að búa til áburð úr slori og öðrum úrgangi úr fiski.**

Með brèfi utanríkisstjórnarinnar 11. febrúarmán. þ. á. barst oss bænarskrá frá Fortin og du Breil Marquis de Roys frá Parísarborg; sækja þeir þar um, að sèr verði veitt einkaleyfi um 10 ár til þess að búa til á Íslandi áburð úr fiskslori og öðrum úrgangi úr fiski, og að þeir um jafnlangt tímabil verði undanþegnir öllum sköttum og gjöldum. Nú er vèr með brèfi utanríkisstjórnarinnar 1. f. m. höfum fengið ítarlegri skýrslur um beiðendurna og efnahag þeirra, og eptir að skrifazt hefir

verið á við stiptamtmanninn yfir Íslandi um málið, leyfum vèr oss að biðja utanríkisstjórnina um að láta tilkynna beiðendunum, að þeim verði ekki veitt það sem þeir hafa sókt um. 1867. 29. júní.

---

31. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um framfærsluhrepp sveitarómaga. 29. júní.

Í skjali því, er fylgir í eptirriti með brèfi þessu, og hingað hefir borizt beina leið, hefir Stefán Thórarensen, sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Akureyri, skotið til úrslita stjórnarráðsins úrskurði yðar, herra amtmaður, 29. maímán. f. á., þar sem ekkjan Ingibjörg Gottskálksdóttir er dæmd sveitlæg á Saurbæjar hreppi.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að úrskurður yðar í málinu skal vera óhaggaður[1].

---

[1]) Úrskurður amtmannsins er svolátandi:

Með þóknanlegu brèfi frá 26. þ. m. hafið þèr, herra hreppstjóri, áfrýjað til amtsins úrskurði sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu frá s. d., sem ákveður að ekkjan Ingibjörg Gottskálksdóttir á Klúkum sè sveitlæg í Hrafnagils hrepp. Það er upplýst í þessu máli, að tèð ekkja hafi samfleytt síðan vorið 1854, án þess sannað verði, að hún hafi þegið opinberan sveitarstyrk, fyrst sem gipt kona til haustsins 1859, þá maður hennar Jón Sveinsson andaðist, og síðan ýmist sem búandi, ýmist í húsmennsku, allt til þessa dags dvalið í Hrafnagils hrepp. Maður hennar sálugi, Jón Sveinsson, átti á dánardegi framfærslurètt í Saurbæjar hrepp; en sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu hefir álitið, að leggja megi dvöl ekkjunnar í Hrafnagils hrepp eptir dauða mannsins saman við dvöl hennar þar, áður en maðurinn andaðist, og hún þannig eptir reglugjörð 8. janúarmán. 1834 6. grein hafi áunnið sèr þar sveitarframfærslu.

1867. 3. júlí. **32. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um lestagjald og aðkaupsgjald af hvalaveiðaskipum, er aflinn er fluttur á þeim til útlanda.**

Með brèfi 20. febrúarmán. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað skjal nokkurt frá sýslumanninum í Norðurmúlasýslu, þar sem hann biður amtið að leita úrskurðar stjórnarráðsins um, hvort að eigi að kaupa leiðarbrèf handa skipum þeim, sem hvalaveiðafèlagið Roys og Lilliendal hafa, þegar aflinn er fluttur á þeim til útlanda, eptir að búið er að verka hann í landi, en hvort sem hann annars er fenginn á því skipi eða einhverju öðru af skipum fèlagsins, og hvort ekki eigi, þegar eins sè ástatt, að greiða aðkaupsgjald af skipum þeim, sem höfð eru til að flytja aflann til útlanda. Hafið þèr látið í ljósi það álit

---

Þessi skoðun sýslumannsins er að amtsins áliti alveg röng; því eins og amtið í brèfi til sama embættismanns 11. maímán. 1862 hefir látið í ljósi, fylgir kona framfærsluátthögum manns síns, unz hún, eptir dauða mannsins, á lögskipaðan hátt hefir áunnið sèr rètt til sveitarframfærslu (sjá reglugjörð 8. janúarmán. 1834 6. grein og tilskipun fyrir Danmörku 24. janúarmán. 1844 9. grein) og er fráfall mannsins að setja samhliða hverri annari breytingu á samastað, er skerðir rètt til að ávinna sèr sveit fyrir konuna; því dvalarár hennar í hjónabandi mega augljóslega ekki leggjast saman við dvalarár hennar í ekkjustandi, þar sem maðurinn á að sjá konunni fyrir framfærslu og hún sem ómyndug hýrist í hans skjóli. Þetta verður allt ljósara með einu dæmi. Hefði ekkjan Ingibjörg dvalið t. a. m. í Glæsibæjar hrepp, meðan maður hennar lifði, en flutt sig til Hrafnagils hrepps, þegar hann andaðist, og hýrzt þar síðan, eða haldið áfram dvöl sinni í Glæsibæjar hrepp til þessa tíma, þá gæti engum heilvita manni dottið í hug, að hún hefði áunnið sèr framfærslurètt, hvorki í Glæsibæjar eða Hrafnagils hrepp.

Þess vegna úrskurðast, að ekkjan Ingibjörg Gottskálksdóttir á Klúkum skuli með hyski sínu vera sveitlæg á Saurbæjar hrepp, og hefi eg í dag tilkynnt sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu þenna úrskurð til aðgæzlu og eptirbreytni.

yðar, að eins og það að yðar hyggju sè vafalaust, að með því 1867.
að bæði hvalaveiðarnar hafa aðsetur sitt á Seyðisfirði og skipin 3. júlí.
og útgjörðarmennirnir eiga þar heima, að því leyti sem útgjörðarmennirnir hafa öðlazt borgararètt þar, þá megi til að kaupa leiðarbrèf handa skipunum, þegar þau eru höfð til að flytja nokkuð af aflanum til útlanda, eins virðist það auðsætt, að af sömu ástæðum eigi að borga aðkaupsgjald af þessum skipum samkvæmt tilskipun 1. maímán. 1838 49. gr. smbr. 48. gr. og brèf dómsmálastjórnarinnar 22. febrúarmán. 1855.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þèr birtið það, að eins og það leiðir beinlínis af lögunum 15. aprílmán. 1854, að það á að borga hið lögboðna skipagjald af skipum hvalaveiðamannanna Roys og Lilliendahl, þegar þau eru fermd með einhverju af aflanum úr landi, til þess að það síðan verði flutt til útlanda sem kaupvarningur, eins á samkvæmt áður greindum ákvörðunum að heimta aðkaupsgjald af skipunum, ef að þau fyrir fullt og allt eru orðin „dönsk eign", undir eins og þau eru höfð til nokkurs annars en tiltekið er í tilskipun 1. maímán. 1838 49. gr. staflið c og d.

---

33. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun kostnaðarins til fjárvarðarins á Mosfellsheiði sumarið 1865.

6. júlí.

Útaf því, að amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu hefir skorazt undan að taka, samkvæmt áskorun yðar, herra stiptamtmaður, fyrir hönd tèðs umdæmis þátt í kostnaðinum til fjárvarðarins, sem settur var árið 1865 frá Leiruvogum yfir Mosfellsheiði til þingvallavatns, til þess að stemma stigu fyrir að fjárkláðinn breiddist meir út, hafið þèr lagt fyrir stjórnarráðið brèf þau, er farið hafa milli suðurumdæmisins og norður- og austurumdæmisins um málefni þetta, en það eru brèf norður- og austurumdæmisins 21. febrúarmán. og 13. júnímán. 1865 og

1867. 6. júli. 26. aprílmán. f. á. og brèf suðurumdæmisins 22. aprílmán., 13. maímán. og 21. desembermán. 1865, og hafið þèr farið þess á leit í brèfi dagsettu 11. júnímán. f. á., að dómsmálastjórnin skyldi jafnaðarsjóð norður- og austurumdæmisins með úrskurði sínum til að greiða þriðjung greinds fjárvarðarkostnaðar, sem er 571 rd. 37 sk. alls.

Nú er fengin hefir verið skýrsla amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um málið, skal yður svarað á þessa leið:

Þar sem amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu hefir skorað á stiptamtið í hinu fyrsta brèfi sínu 21. febrúarmán. 1865 að annast um, að fjárvörður verði settur við Skorradalsvatn eða á öðrum hentugum stöðvum, þá er sjálfsagt að skilja það svo, að hann fyrir sitt leyti feli stiptamtinu á hendur, sem æðsta embættismanni þar sem ætti að setja vörðinn, að ákveða stöðvar hans, og skuldbindi sig, að svo miklu leyti sem stöðvarnar reynist hentugar, til að gjalda þriðjung kostnaðarins. Stiptamtið hefir samt ekki undir eins fallizt á uppástunguna um fjárvörðinn, heldur neitar það í brèfi 22. aprílmán. s. á. að verða við áskorun norður- og austuramtsins og kveðst muni gefa henni gaum, ef ástandið versni seinna meir. Þegar stiptamtið síðan samt sem áður ræður af að setja fjárvörð, og skýrir norður- og austuramtinu frá því 13. maímán. 1865, þá var það ekki byggt á því, að fjárkláðinn hefði breiðzt meir út, þar sem þess þegar er getið í brèfinu 22. aprílmán., að hann sè í Þorlákshöfn, heldur einkum á áskorun sjálfra suðuramtsbúa. Með því að engin sönnun þannig er fyrir því, að ástandið hafi breytzt að neinum mun, milli þess, að hin tvö umgetnu brèf stiptamtsins voru skrifuð, getur stjórnarráðið ekki fallizt á þá skoðun yðar, herra stiptamtmaður, að stiptamtið í hinu fyrra brèfi sínu hafi fallizt á uppástungu norður- og austuramtsins með skilyrði, en í hinu seinna brèfinu fyrir fullt og allt, og það því síður, sem fjárvörðurinn var settur á þeim stöðvum, að sèr í lagi virðist hafa átt að varna því, að sýkin flyttist ekki í þau hèruð í suðuramtinu sjálfu, sem beiðnin um fjárvörðinn var komin úr.

Samkvæmt því, sem nú hefir sagt verið, getur stjórnarráðið ekki álitið norður- og austurumdæminu skylt að taka þátt í kostnaðinum til fjárvarðar þessa. 1867. 6. júlí.

---

34. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um útsölu alþingistíðindanna. 25. júlí.

Útaf brèfi dómsmálastjórnarinnar 22. septembermán. 1865 um, að reglulega skilagrein vantaði fyrir útsölu alþingistíðindanna, hafið þèr, herra stiptamtmaður, með brèfi 5. októbermán. f. á. sent hingað bæði yfirlit, sem Jón Guðmundsson, settur málaflutningsmaður við yfirdóminn, hefir samið um eptirstöðvar alþingistíðindanna frá árunum 1845—59 og af þjóðfundartíðindunum 1851, og skýrslu um yfirlit þetta frá Einari Bjarnasyni kaupmanni, sem nú er útsölumaður, og hafið þèr þar að auki komið fram með ýmsar uppástungur um betri tilhögun þessa málefnis eptirleiðis.

Nú er skrifazt hefir verið á við reikningastjórnardeild konungsríkisins um mál þetta, skal yður kunngjört yður til leiðbeiningar og til þess að þèr gjörið ráðstafanir þær, sem með þarf, að stjórnarráðið samkvæmt uppástungum yðar, herra stiptamtmaður, fellst á, að ábyrgðin af því, að ekki hefir verið gjörð regluleg skilagrein fyrir útsölu tíðindanna frá alþingi 1845, 1847, 1849 og 1853 og frá þjóðfundinum 1851, megi falla niður, og að eptirstöðvarnar af þessum árgöngum verði taldar og afhentar útsölumanni, gjöri hann svo eptirleiðis skilagrein fyrir eins mörgum exemplörum, og honum á þenna hátt verða fengin í hendur; að gjört sè ráð fyrir, að útsölumanninum, sem nú er, hafi verið fengin í hendur 275 exemplör af alþingistíðindunum 1855, 315 af tíðindunum 1857 og 320 af tíðindunum 1859, en að ábyrgðin af útsölu þessara árganga falli að öðru leyti einnig niður; og að útsölumanninum, sem nú er, beri að standa full skil á öllum exemplörunum, sem prentuð hafa verið af tíðindunum frá alþingi 1861 og úr því.

1867. 25. júlí. Í sambandi við þetta eruð þér beðnir um, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúi á alþingi, sem nú stendur yfir, að annast um, að samin verði og lögð fyrir alþingi til álita reglugjörð um allt það, er snertir útsölu alþingistíðindanna eptirleiðis og líka um útbýtingu exemplara ókeypis, um sölu á eptirstöðvunum af gömlu árgöngunum, sem of mikið er til af, og ef til vill um að eptirleiðis skuli prenta færri exemplör af alþingistíðindunum en hingað til og fl.

---

25. júlí.

35. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um fiskiveiðar útlendra þjóða kringum Ísland.

Með brèfi 18. októbermán. 1865 senduð þèr, herra stiptamtmaður, hingað tvær bænarskrár, er komið höfðu til alþingis sama ár, og þingið hafði falið forseta á hendur að senda konungsfulltrúa tíl frekari leiðbeiningar; voru þær um fiskiveiðar Frakka og annara útlendra þjóða kringum Ísland og var önnur úr Barðastrandarsýslu og hin úr Norður-Þingeyjarsýslu[1]. Í hinni fyrnefndu bænarskránni var að eins með almennum orðum kvartað yfir, að Frakkar fiski of nærri landi og beðið um, að gjörðar yrði ráðstafanir á móti þessu af hálfu dönsku stjórnarinnar, en í hinni síðarnefndu bænarskránni var aptur á móti getið um ýms rán og gripdeildir, er útlendir fiskimenn hefði átt að sýna sig í í norður- og austurumdæminu, en ekki voru samt að öðru leyti færð nein skilríki til sönnunar atvikum þeim, sem tekin voru fram. Útaf þessu höfðuð þèr skorað á amtmanninn yfir norður- og austurumdæminu að útvega skýrslur þær, sem með þyrfti til sönnunar því, sem getið var um í bænarskránni, og hafið þèr síðan með brèfi 30. janúarmán. þ. á. sent hingað skýrslur þær, er norður- og austuramtið hafði

---

[1]) Bænarskráin er prentuð í tíðindum frá alþingi 1865 II, 211.—12.

fengið um gripdeildir þessar frá sýslumönnunum í Eyjafjarðar- 1867.
sýslu, Þingeyjarsýslu og báðum Múlasýslunum. 25. júlí.

Útaf þessu skal yður kunngjört, sjálfum yður til leiðbeiningar og til frekari framkvæmda, að þar sem verið er enn sem fyr, eins og þér vitið, herra stiptamtmaður, að semja um fiskiveiðar útlendra þjóða kringum Ísland við hlutaðeigandi ríki, þá getur stjórnarráðinu aptur á móti eptir inntakinu í skýrslum sýslumannanna ekki þókt ástæða til að gjöra neitt frekara útaf umkvörtununum í bænarskránni úr Norður-Þingeyjarsýslu um gripdeildir útlendra fiskimanna, því umkvartanir þessar hljóta samkvæmt því, sem sannazt hefir, í öllu falli að vera mjög orðum auknar. Því skal þar að auki við bætt, að útaf klöguninni frá sýslumanninum í Þingeyjarsýslu um ýmsan óskunda, er enskir sjómenn hafi gjört á Húsavík, hefir amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu verið ritað hèðan á þá leið, er þér gjör munuð sjá á meðfylgjandi eptirriti.

Fylgiskjöl.

1. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um óskunda enskra sjómanna á Húsavík. 25. júlí.

Með brèfi dagsettu 5. janúarmán. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað skjal, er yður hafði borizt frá sýslumanninum í Þingeyjarsýslu, Þorsteini kansellíráði Jónssyni; ber hann sig þar meðal annars upp undan ýmsum óspektum, er skipshöfnin á fiskiskútunni „Gipsy Qveen" frá Hjaltlandi hafi gjört á Húsavík, og krefst 31 rd. 28 sk. í skaðabætur fyrir skemmdirnar, er orsakazt höfðu af því.

Útaf þessu skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess að þèr birtið það, að dómsmálastjórninni virðist vafalaust, að það mundi verða árangurslaust að snúa sèr til utanríkisstjórnarinnar um málefni þetta, með því að ekki hefir verið tekið próf útaf því, eins og hefði átt að gjöra, svo ekki verður einu sinni komizt fyrir, hver hafi verið upptökin til áfloganna, sem talað er um, eða hverir hafi átt í þeim, og þar við bætist enn, að allur skaðinn, sem orsakazt hefir, að eins er 6 rd.

1867. 25. júlí. 28 sk., því að það virðist þó varla geta verið umtalsmál að krefjast af ensku stjórninni, að hún borgi kostnaðinn til næturvarðar þess, er lögreglustjórinn skipaði fyrir um.

2. Útdráttur úr skýrslu sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu 25. júlímán. 1866 um óspektir útlendra fiskimanna.

Eg skal í tilefni af brèfi yðar, herra amtmaður, leyfa mèr að senda yður afskript af dómsmálabókinni viðvíkjandi yfirgangi, er útlendir fiskimenn hafa sýnt í Grímsey fyrir 10 árum síðan, en að undanteknu þessu tiltæki fiskaranna í Grímsey er mèr ekki kunnugt, að þeir hèr í sýslu hafi sýnt ójöfnuð við landsbúa eða framið gripdeildir.

3. Útdráttur úr skýrslu sýslumannsins í Þingeyjarsýslu 3. septembermán. 1866 um sama málefni.

Hvað gripdeildir útlendra fiskimanna snertir, vill hreppstjórinn í Presthóla hrepp í brèfi 15. maímán. þ. á. eigi kannast við að hafa orðið var við annað en það, að þeir hafi stolið nokkrum blýsökkum, skinnfötum o. s. frv., og er þess getið, að þar hafi frakkneskir menn átt hlut að máli. Aptur er í skýrslu frá Kristjáni Ásmundarsyni á Máná 16. maí þ. á. skýrt frá, að í ágústmánuði 1857 og aptur 1864 hafi verið stolið úr Mánáreyjum alls 13 kindum og trjáviðarbunka að auki. Það hefir ekki orðið upplýst, hverrar þjóðar ránsmenn voru.

Loksins hefi eg tekið þingsvitni á Sauðanesi í vor um atferli útlendra fiskimanna við Langanes, er þeir sumarið 1864 ætluðu að taka þar tvær kindur. Engir af hlutaðeigendum hafa getað upplýst, hvort ránsmenn væru Frakkar eða Englendingar.

Nú fyrir skemmstu hefi eg fengið fregnir af, að á Langanesi hafi verið skotið fè, og fundizt með skotum dautt á landi, án þess menn vissu, hverrar þjóðar menn það hefðu gjört, hvort heldur Frakkar, Bretar eða Írar. Enginn gat heldur vitað, hve margt fè þeir mundu hafa drepið og flutt með sèr; en hitt má fullyrða, að fólk hèr á landi eigi muni ráðast í það ódæði.

Þess skal eg loksins geta, að hingað á Húsavík hafa komið ýms ensk fiskiskip síðan á dögunum, bæði til að sækja vatn og

selja heilagfiski gegn forða heim til sín. Skip þessi fóru um daginn, en þrjú önnur komu í staðinn. En það skeði svo, að í gærkveldi varð rimma mikil niðri við verzlunarhúsin, svo eg mátti fara á stað; var þá við aðkomu mína búið að mölva ýmislegt af gluggum á verzlunarhúsinu, hræða fólkið þar inni og gjöra allan þann óskunda, sem nöfnum tjáir að nefna. Eptir því sem eg komst næst, var það maður af skipinu „Gipsy Qveen" H. U. Nr. 24 frá Hjaltlandseyjum. Bæjarnafnið þar hefir eigi getað uppspurzt, og fylgir hèr með reikningur frá faktor Schou uppá 31 rd. 28 sk. útaf þessari rimmu, og fæ eg eigi annað sagt, en að hann sè sanngjarn[1]. Eg verð nú að heimta, að ráðstöfun verði gjörð til, að þessir peningar náist endurgoldnir. 1867. 25. júli.

Þess ber að geta, að skipin "Bee", skipstjóri Joseph Walls, og "Reindeer", skipstjóri George Smith, báðir frá Lundúnum, voru hèr á höfninni í þetta skipti, og skipti hvorug skipshöfnin sèr af atgjörðum hinna áðurnefndu fiskimanna, sem óskunda gjörðu. Fyrir þessar sakir voru menn fengnir til þess að sjá um, að enginn óskundi yrði framar gjörður, bæði með bareflum og byssum. En nú í dag eru þeir sigldir hèðan með litlum byr, án þess að hafa komið í land í morgun nema með tvo stráka, einn af hvoru skipi.

Fyrir þenna óskunda, bæði á næturfriði manna, er varð milli kl. 10 og 11, húsbrotið og hvað eina, er þeir annars athöfðust, svo og næturvökur hèr um bil 20 manns, heimta hlutaðeigendur borgun, eptir því sem reikningurinn sýnir.

Þess verður loksins að geta, að mesti óspektamaðurinn í

---

1) Reikningur yfir það, er skipverji af skipinu „Gipsy Qveen" H. U. 24 braut á Húsavíkur verzlunarstað 2. dag septembermán. 1866.

5 rúður, fjórar á 28 sk., ein á 12 sk.	1 rd. 28 sk.
1 járnpottur	5 — „ —
fyrir næturvörð eptir ráðstöfun herra kansellíráðs Th. Johnsen handa 19 til 20 manns þyrfti að borgast minnst	25 — „ —
	31 rd. 28 sk.

1867. 25. júlí. gærkveldi var af skipinu „Gipsy Qveen" frá Hjaltlandseyjum, en skipverjar á hinum öðrum áðurnefndu skipum munu vita nafn skipstjóra, og hvar skipið á heima.

4. Útdráttur úr skýrslu sýslumannsins í Norðurmúlasýslu 14. ágústmán. 1866 um sama málefni.

Að því er snertir reynslu mína í þessu málefni, neyðist eg til að geta þess, að eg álít kvartanir, sem þráfaldlega heyrast um þetta efni, mjög svo orðum auknar. Eins og það ber yfir höfuð að tala sjaldan við, at útlendingar hèr á austurlandi fiski nær landi, en yfirráðin yfir sjónum ná til, samkvæmt grundvallarreglum þjóðarèttarins, eins hefir það að eins borið einu sinni við, meðan eg hefi verið hèr, að nokkrir hásetar frá þrem enskum skútum gjörðu nokkurn óskunda á æðarvarpinu í Vopnafirði, þar sem fimm hásetar fóru á næturþeli án vitundar skipstjóranna í land til þess að stela eggjum. Við þetta tækifæri fórst skipstjórunum samt mjög vel, og hlutaðeigendur guldu bæði fèsekt og fullkomnar skaðabætur. Þetta var sumarið 1864, meðan eg var á Vopnafirði að þinga.

Að öðru leyti veit eg ekki til, að framin hafi verið hèr í sýslu, síðan eg kom hingað, fleiri slík lagabrot, en aptur á móti hafa stöku sinnum á verzlunarstöðunum hèr í sýslunni verið áflog og riskingar milli fullra sjómanna og Íslendinga, en aldrei hefir samt kveðið neitt mikið að þeim. Upptökin hafa verið báðum að kenna, og jafnaðarlegast hafa hinir útlendu orðið undir.

Því skal að endingu við bætt, að þetta á að eins við tímabilið frá því haustið 1862.

5. Útdráttur úr skýrslu sýslumannsins í Suðurmúlasýslu 1. maímán. 1866 um sama málefni.

Þar mèr finnst í þessu tilliti ekki áríðandi að leita langt fram í tímann, og eg heldur ekki treysti mèr til að gefa neina nákvæma skýrslu um slíkt, skal eg að eins geta þess, sem hefir fyrir komið, síðan eg tók við sýslunni haustið 1863.

Eptir að presturinn í Hólma sókn, prófastur Hallgrímur Jónsson, vorið 1864, nóttina milli þess 25. og 26. maí hafði

tilkynnt mèr, að franskir fiskimenn hefðu gengið á land í nokkra hólma, sem honum tilheyra, hvar æðarvarp er, og tekið þar egg, tók eg sömu nótt próf í málinu. 1867. 25. júlí.

Samkvæmt því, er viðtekið var undir prófinu[1], skrifaði eg foringjanum fyrir franska herskipinu, og kom einn yfirmaður nokkrum dögum seinna; fyrir milligöngu hans varð málið útkljáð þannig, að fiskimaðurinn lèt úti 100 franka í skaðabætur til handa síra Hallgrími; hann borgaði í vörum, er eptir gangverði hèr voru hèr um bil 60 ríkisdala virði.

Það er ómögulegt, að hafa nokkra ljósa hugmynd um, hvað skaðinn hafi verið mikill, en eg hefi samt heyrt menn, sem hafa vit á slíku, láta þá meiningu í ljósi, að hann muni hafa verið næsta lítill, og að hinar útilátnu skaðabætur hafi verið fullkomið endurgjald fyrir skaðann og fyrirhöfnina; en eins og eg hefi á vikið, er þetta að eins ágizkun, sem ekki er hægt að gjöra nákvæma grein fyrir.

Um sumarið sama gaf hreppstjórinn í Norðfirði mèr til kynna, að frönsk fiskiskúta hefði flutt dauðan hval inn á Norðfjörð, að festin, sem hvalurinn var festur með, hefði verið sett í land í Nes-landið, og að hvalurinn hefði verið í fiskhelgi, hefði því hann og annar maður, sem átti með Nes-landið, uppástaðið part úr hvalnum, en ekki fengið. Eptir tilmælum hans fór eg næsta dag norður í Norðfjörð, og þegar eg kom um borð í fiskiskútuna, var skipstjórinn strax fús á að afstanda hvað honum bæri eptir löggjöfinni, og bauð hlutaðeigendum ákjósanleg boð, sem þeir þáðu.

Í fyrra vor, þegar eg kom suður að Kolfreyjustað til að þinga, skýrði presturinn í sókninni, síra Hákon Espólín, mèr munnlega frá, að einhverir hefðu nóttina á undan komið á

[1]) Frakknesku fiskimennirnir neituðu þverlega, að þeir vissu til, að þeir hefðu gjört neitt lagabrot með því að taka eggin, en voru samt fúsir á að endurgjalda allan þann skaða, er þeir höfðu gjört. Sáttum varð ekki á komið undir prófinu, af því að prófasturinn heimtaði 1000 franka í skaðabætur, en Frakkar vildu ekki gjalda nema 71 franka, það er segja einn franka fyrir hvert hreiður. Einn franki er 34 sk.

1867. 25. júlí. land í varphólma, er heyrir til staðnum og kallaður er Andey, tekið þar egg og framið ýmsa óknytti. Hverir það voru, vissi hann ekki, en af fleirum ástæðum var honum næst að halda, að það hefðu verið franskir fiskimenn.

Eg gjörði nú hvað í mínu valdi stóð að komast eptir, hverir framið hefðu þetta, og talaði um það við foringjann á franska herskipinu, sem þá lá á Fáskrúðsfirðinum, en tilraun mín hafði engan árangur. Eg bað þá prestinn að senda mèr skriflega klögun um þetta, er eg þá skyldi leiðbeina til æðri hlutaðeigenda; en slík klögun hefir ekki enn þá, þó eg margopt hafi minnt prestinn á það, komið til mín. Hvort hann á annan hátt hafi gjört nokkuð í málinu, er mèr ókunnugt, nema það, að æðsti maðurinn á danska herskipinu Fylla, sem hèr kom í fyrra sumar, sagði mèr, að prestur hefði borið málið upp fyrir sèr, en að hann hefði ekkert getað gjört í því.

Jafnvel þó hèr á hverju ári komi 150 útlendar, mest eingöngu franskar, fiskiskútur undir landið og inn á Fáskrúðsfjörð hèr í sýslu, hefi eg samt ekki að öðru leyti, en að framan er skýrt frá, frètt til neinna óknytta af þeim, og enn síður fengið tilkynningu um, að þeir hafi hallað rèttindum landsbúa, og af því álykta eg, að það hafi heldur ekki átt sèr stað.

---

25. júlí. **36. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um tíund til fátækra af Borgarey í Skagafirði.**

Í skjali, er hingað hafði borizt beina leið, spurði hreppstjórinn í Rípur hrepp í Skagafjarðarsýslu um, hvort að hann, þrátt fyrir að eigandi eyjarinnar Borgareyjar, sem liggur í Hèraðsvötnunum, og er metin sèr í lagi í jarðabókinni frá 1861 og talin þar undir Rípur hrepp, álítur að eign þessi liggi undir Akra hrepp í sömu sýslu, eigi ekki að fara eptir jarðabókinni, og þess vegna krefjast, að goldin sè tíund til fátækra í Rípur hrepp af greindri eign.

Nú er stjórnarráðið hefir fengið með brèfum yðar, herra amtmaður, dagsettum 24. janúarmán. f. á. og 5. febrúarmán. þ. á. bæði álitsskjal Briems sýslumanns um málið og einnig skýrslu um ástæður þær, er hlutaðeigandi hreppstjórar hver um sig grundvalla á kröfur sínar um, að tíundin af Borgarey eigi að ganga til fátækra í sínum hrepp, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að með því að ágreiningur sá, sem þannig er orðinn milli þessara tveggja hreppa um fátækratíundina af tèðri eign, hlýtur að eiga undir úrslit dómstólanna, ef til þess kemur, álítur dómsmálastjórnin ekki tilefni til að gjöra út um málið með úrskurði sínum. 1867. 25. júlí.

---

37. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um borgun fyrir bólusetningar. 25. júlí.

Síra Björn Halldórsson, prófastur í Þingeyjarsýslu og sóknarprestur að Laufási, hefir spurt um í skjali, er hingað hefir borizt beina leið:

1) hvort amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu hafi rètt til að synja sèr um að borga sèr bólusetningarlaun þau, er sèr beri fyrir árið 1865, enda þótt hann sendi amtmanninum ekki kvittun, fyr en amtmaður hefir sent honum launin, og
2) ef kveðið verði nei við þessari spurningu, hvort amtmaðurinn þá og megi neita að borga launin hverjum þeim manni, er beiðist þeirra hjá honum sín (síra Björns) vegna, eptir skriflegri fullmakt til að taka á móti þeim og kvitta fyrir þau, um leið og þau eru afhent.

Og hafið þèr, herra amtmaður, þar að auki látið uppi skýrslu yðar um málefni þetta í brèfi, dagsettu 28. janúarmán. þ. á.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að þar sem

1867. 25. júlí. þèr að einu leytinu ekki getið verið skyldur að borga neitt úr jafnaðarsjóðnum, nema þèr hafið fengið eða fáið um leið lögmæta kvittun fyrir því, eins og sá, sem við borguninni á að taka, hins vegar ekki getur verið skyldur til að láta kvittunina af hendi fyr en hann hefir fengið borgunina, sem á að kvitta fyrir, þá fær stjórnarráðið á hinn bóginn ekki séð, að þèr getið synjað að borga neitt gjald, sem einhver á lögmæta heimting á, hverjum þeim, sem kemur með fullgilda fullmakt frá hlutaðeiganda til að taka við gjaldinu og kvitta fyrir það.

---

25. júlí. **38. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um borgun fyrir afgreiðslu pósts í Axarfirði.**

Með brèfi dagsettu 1. f. m. hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað bænarskrá frá síra Hjörleifi Guttormssyni, sóknarpresti að Skinnastað, er þèr hafið falið á hendur að afgreiða póstinn í Axarfirðinum, þar sem þèr í fyrra hafið skipað fyrir um póststöðvar; sækir hann um að fá eptirleiðis árlega þóknun fyrir þenna starfa sinn, á líkan hátt og öðrum er veitt, sem afgreiða pósta á Íslandi, en ekki hafa neina embættisskyldu til að hafa þann starfa á hendi.

Um þetta skal yður til vitundar gefið sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að stjórnarráðið eptir málavöxtum ekki hefir neitt á móti því, að beiðandanum fyrst um sinn sè veitt 6 ríkisdala þóknun á ári í þessu skyni, eins og þèr hafið stungið uppá, og sè það talið frá 1. janúarmán. þ. á.; landfógetanum á Íslandi hefir líka verið skrifað í dag um að greiða þóknun þessa úr jarðabókarsjóði landsins.

---

39. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um að leggja megi í eyði fjórar þurrabúðir á Ingjaldshóli. 1867. 25. júli.

Með brèfi dagsettu 11. janúarmán. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað bænarskrá með fylgiskjali, þar sem Tómas hreppstjóri Eggertsson, ábúandi á jörðinni Ingjaldshóli, er heyrir undir Arnarstapa umboð, sækir um, að sèr verði leyft að leggja niður að minnsta kosti fjórar af þeim 16 þurrabúðum, sem fylgja tèðri jörð. Hafið þèr getið þess, að með því að hlutaðeigandi ábúandi verður að ábyrgjast, að allt afgjaldið af Ingjaldshóli sè goldið, hvort sem hann getur leigt þurrabúðirnar eða fengið eptirgjaldið eptir þær, eða ekki, þá verði það ekki álitið nein rýrnun á jörðinni, þó þurrabúðunum sè fækkað, en miklu fremur lèttir fyrir ábúandann, og hafið þèr því lagt til með, að þegar búið sè að skila fjórum af þurrabúðunum af hendi í fullgildu standi eða með ofanálagi, er ákveðið sè af óvilhöllum mönnum, megi leggja þær í eyði, og selja húsin á opinberu uppboðsþingi, og færa síðan andvirðið til sem tekjugrein í reikningunum um tekjurnar af Arnarstapa umboði.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það og gjörið ráðstafanir þær, sem með þarf, að dómsmálastjórnin fellst hèr með á tillögur yðar í þessu efni, og vonumst vèr á síðan að fá ítarlega skýrslu um það, sem gjört verður því til framkvæmdar.

---

40. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um framfærsluhrepp sveitarómaga. 24. ágúst.

Í brèfi dagsettu 14. nóvembermán. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins um, hvort að Jón nokkur Guðmundsson, sem dó í Rosmhvalaneshrepp árið 1858, og þá líka ekkja hans og börn, eigi að álítast að hafa átt sveit, þegar hann dó, á Akraneshrepp í Borgarfjarðarsýslu, þar sem hann er fæddur, eða á Hraunhrepp í Mýrasýslu, þar

1867. 24. ágúst. sem fæðingarhreppurinn ætlar að hann muni hafa áunnið sèr framfærslurètt, en því neitar aptur Hraunhreppur.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr birtið það, að með því að ekki eru færðar sönnur á með skýrslum þeim, sem fram eru komnar í málinu, að ofannefndur Jón Guðmundsson hafi dvalið svo langan tíma í Hraunhrepp, sem útheimtist samkvæmt 6. grein í reglugjörð 8. janúarmán. 1834 til þess að ávinna sèr framfærslurètt, getur ekki hvílt nein skylda á greindum hrepp til að framfæra hyski hans eða endurgjalda Rosmhvalaneshrepp það, sem þar hefir lagt verið því til framfæris, og með því að ekki er heldur sannað, að Jón Guðmundsson hafi áunnið sèr framfærslurètt í neinum öðrum hrepp, verður að snúa sèr að fæðingarhreppnum í þessu efni.

---

24. águst. **41. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um framfærsluhrepp sveitarómaga.**

Með brèfi dagsettu 18. febrúarmán. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað skjal frá hreppstjórunum í Helgastaðahrepp í Þingeyjarsýslu, þar sem þeir áfrýja til dómsmálastjórnarinnar úrskurði, er þèr hafið kveðið upp 1. maímán. f. á., og ákveður, að Jón Sveinsson, sveitarómagi, eigi sveit á Helgastaðahrepp.

Um þetta skal yður til vitundar gefið sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þèr birtið það, að úrskurður sá, sem þèr hafið lagt á málið, skal standa óbreyttur.[1]

---

[1]) Úrskurður amtsins er svo látandi:
Útaf ágreiningi milli yðar og sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, hafið þèr, herra kansellíráð, borið undir úrlausn amtsins, hvort

42. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um framfærsluhrepp sveitarómaga.

1867. 24. ágúst.

Þegar stjórnarráðinu hafði borizt með brèfi yðar, herra amtmaður, dagsettu 27. janúarmán. f. á., skjal frá hreppstjórunum í Torfastaðahrepp í Húnavatnssýslu, þar sem þeir skjóta til dómsmálastjórnarinnar úrskurði, er vesturamtið hafði kveðið

Jón nokkur Sveinsson, sem eptir framkomnum upplýsingum hefir dvalið fimm ár samfleytt, eða frá 1827 til 1832, í Helgastaðahrepp innan Þingeyjarsýslu, en hvergi síðan með dvöl sinni áunnið sèr sveitarframfærslu, sè sveitlægur í Helgastaðahrepp eða í Öngulstaðahrepp í Eyjafjarðarsýslu, sem er fæðingarhreppur hans.

Eptir að hafa skrifazt á við sýslumanninn í Eyjafjarðarsýslu um þetta málefni, og meðtekið frá honum skjöl málsins, sem hjá honum geymdust, tilkynnist yður hèrmeð til þóknanlegrar aðgæzlu og auglýsingar fyrir hreppstjórunum í Helgastaðahrepp, að amtið verður að álíta, að Jón Sveinsson hafi með dvöl sinni í téðum hrepp eignazt þar framfærslurètt, því eins og lög um hefð og fyrningar verka aptur fyrir sig, svo hefir og í ýmsum tilfellum áður verið úrskurðað, þegar dvöl þurfalings var byrjuð í einhverjum hrepp, áður en reglugjörð 8. janúarmán. 1831 náði lagagildi, að ár þau, sem liðin voru á undan þessum tímapunkti, mætti leggja saman við þau ár, sem á eptir komu, til þess að fylla 5 ára dvölina, sem 6. grein reglugjörðarinnar útheimtir til þess, að maður ávinni sèr framfærslurètt í einhverri sveit. og hlýtur þá sá eins að eignast framfærslurètt í einhverri sveit, sem hafði hýrzt þar full 5 ár, áður en lagaboðið gekk í gildi. Hin nýnefnda lagagrein bendir einnig til að þetta hafi verið meining löggjafans, þar sem segir í henni: „Samt á sú framfærsla, til hverrar ein persóna nú þegar er komin eptir þeim hingaðtil gildandi reglum (þ. e. að segja eptir reglunum um 20 ára hreppinn) á einhverja sveit, framvegis að viðhaldast, án þess að framanskrifuð ákvörðun (þ. e. um 5 ára dvölina) megi þar á gjöra nokkura umbreyting", því þar í virðist liggja, að sá, sem hafði dvalið 5 ár í einhverri sveit, á meðan 20 ára hreppurinn gilti, en var ekki tekinn þar til sveitarframfærslu, skyldi fyrir dvöl sína njóta þar sveitarframfæris, ef hann þyrfti þess með.

1867. 24. ágúst. upp 1. nóvembermán. 1859 um framfærslurètt Benjamíns nokkurs Bergþórssonar, sem nú er dáinn, leitaði stjórnarráðið álits amtmannsins í vesturumdæminu um málið, sèr í lagi vegna þess, að nýjar upplýsingar voru komnar fram í því frá því að áður nefndur úrskurður var upp kveðinn, og höfum vèr þvínæst fengið frá amtmanninum í vesturumdæminu eptirrit það, er fylgir brèfi þessu, af prófi, sem haldið hefir verið í lögreglurètti í Snæfellsnessýslu málinu til ítarlegri skýringar.

Með því að álíta verður nægilega sannað með tèðu prófi, að áður nefndur Benjamín Bergþórsson hafi ekki dvalið í Skógarstrandarhrepp eins langan tíma, og útheimtist samkvæmt 6. grein í reglugjörð 8. janúarmán. 1834 til þess að öðlast þar framfærslurètt, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr auglýsið það, að fyr nefndur úrskurður vesturamtsins 1. nóvembermán. 1859 í máli þessu skal standa óbreyttur[1].

---

[1]) Úrskurður Melsteðs amtmanns er svo látandi:

Með brèfi frá 31. marzmán. þ. á. hafið þèr, hávelborni herra amtmaður, sent hingað eptirrit af brèfi til yðar frá sýslumanninum í Húnavatnssýslu með 6 fylgiskjölum viðvíkjandi framfærslu-átthögum Benjamíns heitins Bergþórssonar, er eitt sinn var á Arnhúsum á Skógarströnd, og hafið þèr í ofannefndu brèfi yðar skotið til þessa amts atkvæða og úrslita kröfum sýslumannsins í Húnavatnssýslu og hreppstjóranna í Þorkelshólshrepp, að ekkja ofannefnds Benjamíns, Þuríður Lilja Þórðardóttir verði með ómögum sínum tekin til framfæris á Skógarstrandarhrepp í Snæfellsnessýslu, og að tèður hreppur verði skyldaður til að endurborga lánsstyrk þann, er áðurnefnd ekkja hefir þegið úr Þorkelshólshrepps fátækrasjóði, og þar hjá hafið þèr bent til þess, að leitað væri með rèttarprófi ítarlegri upplýsinga um burtför ofannefnds Benjamíns frá Arnhúsum fyrir vorið 1843.

Af þessu tilefni uppálagði amtið með brèfi af 18. júnímán. þ. á. sýslumanninum í Snæfellsnessýslu að fyrirtaka áminnzt rèttarpróf, samt að gefa álit sitt um málið yfir höfuð. En þareð sýslumaðurinn kringumstæðanna vegna ekki gat sjálfur komið því við

43. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um framfærsluhrepp sveitarómaga.

1867. 28. ágúst.

Með brèfi dagsettu 21. janúarmán. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað skjal frá hreppstjóranum í Skefilstaðahrepp í Skagafjarðarsýslu, þar sem hann áfrýjar til dómsmálastjórnarinnar úrskurði, er þèr hafið kveðið upp 3. marzmán. 1854, og ákveður, að Kristján Skel Skúlason, sveitarómagi, sè sveitlægur á tèðum hrepp.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar

---

að taka ofangreint próf, fèkk hann til þess af amtinu átorísèraðan mann, hvert rèttarpróf í verifíseraðri útskript af pólitírèttarprótókol Snæfellsnessýslu eg hèr hjálagt æruskyldugast sendi yðar hávelborinheitum ásamt með erkleringu sýslumannsins í Snæfellsnessýslu af 30. sept. þ. á., og þareð gleymzt hefir að innfæra á rèttargjörðina amtsins átórísatión, læt eg einnig fylgja verifíseraða afskript af henni.

Af ofangreindu rèttarprófi virðist mega ráða, að optnefndur Benjamín Bergþórsson ekki hafi áunnið sèr framfærslu á Skógarstrandarhrepp með 5 ára samfleyttri dvöl, eptir því sem fyrir er mælt í reglugjörð 8. jan. 1834 6. gr. smbr. kansellibrèf til vesturamtsins frá 18. april 1843, hvar skýlaust er tekið fram, að full 5 ára samfleytt dvöl útheimtist til að ávinna framfærisrètt í einum hrepp, og að þenna 5 ára tíma beri að reikna eptir tilsvarandi degi í þeim árum, sem um ræðir, svo að t. a. m. sá, sem komið hefir í einn hrepp 6. júní 1840, ekki hafi áunnið sèr þar framfærisrètt fyr en 6. júní 1845, hversvegna amtið ekki getur álitið, að Skógarstrandarhreppur í Snæfellsnessýslu sè skyldur til að taka ekkju meirnefnds Benjamíns Bergþórssonar og ómaga hennar til forsorgunar, eður að borga lánsstyrk þann, er hún hefir fengið úr fátækrasjóði þorkelshólshrepps í Húnavatnssýslu.

Þetta undanfelli eg ekki hèrmeð æruskyldugast að tilkynna yðar hávelborinheitum, um leið og eg endursendi þau með ofannefndu brèfi yðar meðfylgjandi fylgiskjöl.

1867. 28. ágúst. og til þess að þér kunngjörið það, að úrskurður yðar í málinu skal standa óbreyttur[1].

---

[1]) Úrskurður amtsins er svo látandi:

Þar eð engin fullkomin vissa hefir fengizt fyrir því, hvar Skúli Björnsson, sem minnzt er á í bréfi yðar frá 26. janúarmán. þ. á., hafi átt heimili árið 1813, þá er sonur hans Kristján Skel fæddist á Illugastöðum í Skefilstaðahrepp, þá get eg ekki annað en álitið, að nefndur þurfamaður Kristján Skel Skúlason eigi samkvæmt reglugjörð 8. janúarmán. 1834 7. gr. í niðurlaginu að framfærast af téðum hrepp, og það því heldur sem það er upplýst, að móðir Kristjáns fluttist vorið 1813 með Halldóri bónda Snæbjörnssyni frá Blöndubakka í Engihlíðarhrepp að áðurnefndum Illugastöðum, og að Skúli þá hafi átt að heita henni áhangandi, eins og hann líka kvað hafa verið við staddur, þá er kona hans var leidd í kirkju um sumarið í Hvammi eptir að hún fæddi Kristján Skel; og þó það jafnframt sé borið, að Skúli hafi það ár verið á flækingi hingað og þangað, þá er hið sama líka hermt um hann árið 1812—13, þá er kona hans var á Blöndubakka, og þó hann sé skrifaður fyrir tíund skepna þeirra, er hún hafði þar undir hendi, getur slíkt ekki skapað honum fast heimilisfang að Blöndubakka, þar sem það er borið, að hann hafi varla þorað að koma á heimili konu sinnar, auk þess að nefnd tíund er færð til í hreppsreikningum sem ófáanleg.

Eg hefi því í bréfi til sýslumanns Schulesens í dag mælt svo fyrir, að optnefndur Kristján Skel Skúlason megi flytjast til Skefilstaðahrepps með hyski hans, og að þessum hreppi beri að endurgjalda það, sem honum hefir verið lagt til bráðabirgða af Helgastaðahrepp, er eptir hér með fylgjandi bréfi hreppstjóranna þar frá 23. marzmán. f. á. hefir verið 2 rd 70 sk. árið 1850—51 og frá 19. maímán. 1852 til jafnlengdar 1853 77 rd., en árið 1851—52 var honum hjálpað svo af einstökum mönnum, að hann þurfti ekki sveitarstyrks.

Að því leyti sveitarforstjórarnir í Skefilstaðahrepp hafa í bréfi frá 6. ágústmán. þ. á óskað, að amtið vildi hlutast til, að í þessu máli verði tekið ítarlegra próf þar í hreppnum, og að öll þau vitni, er hafa verið heyrð, verði síðan látin staðfesta framburð sinn með eiði, þá get eg ekki séð líkindi til, að þar við upplýsist neitt

44. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um að síra Páli Pálssyni sè veitt leyfi til að kenna málausum og heyrnarlausum á Íslandi[1].

1867. 4. september.

Eins og yður mun vera kunnugt, herra stiptamtmaður, hefir síra Páll Pálsson, sóknarprestur að Kálfafelli í Skaptafellssýslu, dvalið um tíma hèr í bænum til þess að kynna sèr kennsluaðferðina á hinum konunglega skóla handa málausum og heyrnarlausum, og samkvæmt vitnisburði frá forstjóra greinds skóla hefir hann þenna tíma, sem hann hefir dvalið þar, aflað sèr svo mikillar þekkingar og æfingar í kennslu málausra og heyrnarlausra, að það mundi mega fela honum á hendur að kenna málausum og heyrnarlausum börnum á Íslandi. Um leið og forstjórinn fyrir hinum konunglega skóla handa málausum og heyrnarlausum hefir gefið þenna vitnisburð, hefir hann vakið athygli á, að málaus og heyrnarlaus börn frá Íslandi geti ekki, eins og eðlilegt er, haft eins mikil not af kennslunni á tèðum skóla, og ákjósanlegt væri. Hefir hann um það efni tekið fram, að einu leytinu: að þau læri í skólanum danska tungu og bendingamálið, en af því að þau í átthögum sínum geta mjög svo lítið, opt jafnvel alls ekki komið dönsku við, og geta ekki í umgengni við vandamenn sína gjört sig skiljanlega nema með bendingum, þá hljóti þau að verða eins aumlega einstæðingsleg innan um fólkið, sem þau eru með samvistum, og þó þau hefðu

---

verulegt, er ekki sè þegar fram komið í þessu máli, og virðist mèr því, að slík ráðstöfun mundi einungis leiða af sèr enn meiri drátt á málinu og baka hlutaðeigendum fyrirhöfn, meiri en viðurkvæmilegt er eptir málavöxtum, og er þessari ósk ekki heldur fram haldið í brèfi hins setta hreppstjóra frá 22. janúarmán. þ. á. — En láti sveitarstjórnin í tèðum hrepp sèr ekki lynda framanskrifað álit, og óski slíks prófs á eigin kostnað, þá er ekkert því til fyrirstöðu frá amtsins hálfu.

Þetta brèf mitt óska eg að þèr tilkynnið hlutaðeigendum.

[1]) Sama dag voru hinum amtmönnunum og biskupinum á Íslandi rituð brèf sama efnis.

1867. 4. september. enga menntun öðlazt, og þar að auki muni þau bráðlega týna niður því, sem þau kunnu í dönsku og þá um leið þeirri þekkingu, sem þau hafa öðlazt af henni, í stað þess að þekking þeirra ætti að fara vaxandi; að öðru leytinu: að í skólanum, þar sem þeim er kennt, sé allt svo ólíkt því, sem þau áður hafa vanizt og aptur eiga að hverfa til, að sjálfsagt fá af þeim muni geta orðið eins ánægð og nýt til sýslunar sinnar, eins og þau hefðu getað orðið, ef þeim hefði ekki verið svipt burt úr átthögum sínum; og við þetta bætist loks, að það gegnir furðu, hversu margir mállausir og heyrnarlausir frá Íslandi deyja í skólanum, því að af þeim 24 Íslendingum, sem hafa komið í skólann frá því 1820, hafa ekki færri en 8 dáið meðan þeir voru þar.

Með því að stjórnarráðið fyrir sitt leyti verður að vera skólaforstjóranum alveg samdóma í því, sem hann hefir sagt um þetta efni, höfum vèr ekki hikað oss við at veita síra Páli Pálssyni, samkvæmt bænarskrá, er hann hefir sent hingað, leyfi til að taka íslenzka málleysinga og heyrnarleysinga til kennslu og uppfræðingar, og skal þess getið, um leið og vèr leiðum athygli yðar, herra stiptamtmaður, að því, sem nú hefir sagt verið, að ekkert er því til fyrirstöðu af stjórnarráðsins hálfu, að kostnaðurinn til kennslu þeirra málleysingja og heyrnarleysingja, sem síra Pál kann að taka að sèr að kenna, sè goldinn á þann hátt, sem fyrir er mælt í kansellíbrèfi 9. októbermán. 1832 og brèfi kirkju- og kennslustjórnarinnar 12. maímán. 1849, ef að hlutaðeigandi börn sjálf eða þeir, sem eiga að standa straum af þeim, eru ekki megnug þess að greiða hann.

---

11. september. **45. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skipamælingar.**

Með brèfi dagsettu 20. febrúarmán. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað skjal frá Smith sýslumanni í Norðurmúlasýslu, þar sem hann spyr um, hversu lengi mælingarbrèf haldi

gildi sínu, hversu mikil ómakslaun sèr beri fyrir að mæla skip, og loks hvort það í tilliti til heimilisfangs skipsins sè nóg, að þess sè getið í mælingarbrèfinu, hvar það eigi heima, eða hvort þar á ofan þurfi þinglesna yfirlýsing frá hlutaðeigandi eiganda um það. 1867. 11.september.

Eptir að aðalskattastjórninni hafði verið ritað um þetta, hefir hún svarað, að eptir ákvörðunum þeim, sem um það gilda, eigi að mæla skip úr furu upp aptur og gjöra nýtt mælingarbrèf, þegar brèfið er orðið 8 ára gamalt, og skip úr eik, þegar mælingarbrèfið er orðið 10 ára, hvort sem skipin eru útlend eða innlend, að fyrir að mæla skip að fullu og öllu, gjöra mælingarbrèf, og brenna málið á skipið, eigi að gjalda 10 sk. af hverri kaupfarslest, og 5 sk. af hverri kaupfarslest fyrir að mæla skip að nýju, og að það sè nóg, að þess sè getið í mælingarbrèfinu, hvar skipið eigi heima, án þess að nein þinglesin yfirlýsing frá eigandanum um það komi til.

Þetta skal yður kunngjört, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess að þèr auglýsið það.

---

46. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um að honum verði sendur dýralæknir til aðstoðar í að útrýma fjárkláðanum. 11.september.

Eins og þèr hafið beðið um í brèfi, dagsettu 25. júnímán. þ. á., hefir dómsmálastjórnin fengið dýralækni, H. F. O. Nielsen að nafni, til að ferðast til Íslands með gufupóstskipinu, þegar það fer hèðan næst, og vera þar þangað til að vori komanda, til þess að aðstoða yður í að útrýma fjárkláðanum í suðurumdæminu.

Um leið og yður er gefið þetta til vitundar, herra stiptamtmaður, er eptirrit af brèfi dómsmálastjórnarinnar í dag til tèðs dýralæknis og af erindisbrèfi því, er honum hefir gefið verið í þessu skyni, látið fylgja brèfi þessu, og skal því við bætt, yður

1867. 11.september. til leiðbeiningar og frekari framkvæmda, að dýralækninum, auk ferðakostnaðar til Íslands og hingað aptur og fæðispeninga á leiðinni eptir reikningi, eru veittir 50 rd. á mánuði í laun, frá því að hann kemur til Íslands og þangað til hann fer þaðan, og þar á ofan 3 rd. á dag í fæðispeninga hvern þann dag, sem hann er á ferð á Íslandi í sýslunarstörfum sínum. Landfógetanum á Íslandi hefir verið ritað í dag um að borga fé það, sem til þessa gengur, eptir ávísun yðar úr jarðabókarsjóði landsins, af fé því, sem til er fært í 30. gr. VI C í fjárhagslögunum.

Fylgiskjal.

Erindisbréf handa H. F. O. Nielsen, dýralækni, meðan hann dvelur á Íslandi vegna fjárkláðans þar.

1. grein.

Dýralæknirinn verður að kynna sér sögu fjárkláðans um 10 árin síðustu, eptir skjölum þeim, sem birt hafa verið um hann á prenti. Í því að hrekja rangar hugmyndir, er kynnu að reyna að ryðja sér til rúms um eðli og meðferð sýkinnar, á hann að hafa leiðbeiningu í skoðun þeirri, sem eptir áður nefndum skjölum kemur fram í öllum ráðstöfunum stjórnarinnar til þess að útrýma fjárkláðanum. Það mundi einnig stuðla til þess, að ætlunarverk hans hefði farsællegan framgang, ef hann kostaði kapps um að læra að skilja íslenzku og gjöra sig skiljanlegan á íslenzku.

2. grein.

Þegar hann smámsaman í landinu sjálfu er búinn að kynna sér ástand fjárkláðans, á hann samkvæmt gildandi ákvörðunum að gjöra uppástungur við hlutaðeiganda yfirvald um aðferð þá, er hann álítur bezt henta til að útrýma sýkinni.

3. grein.

Um leið og dýralæknirinn nákvæmlega fer eptir ákvörðununum í tilskipun 6. janúarmán. 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, á hann í aðferð sinni að hafa hliðsjón af reglum þeim viðvíkjandi fjárkláðanum, sem fyrir-

skipaðar eru 14. septembermán. 1859 af hinum konunglegu erindsrekum, er þá voru, að svo miklu leyti sem þær eiga við, eins og nú er ástatt. Reglur þessar eru prentaðar í „Tidsskrift for Veterinærer" 8. bindi 112 bls.[1] 1867. 11.september.

4. grein.

Aðalætlunarverkið er að kæfa niður fjárkláðann, sem nú er, fljótt og varanlega með læknislyfjum og sóttnæmis-hreinsun. Undir eins og nokkur vottur um kláða hefir komið í ljós í einhverri sauðfjárhjörð, verður að baða hverja einstaka kind í henni á almennan hátt. Þar sem mjög er erfitt að aðgreina sjúkt og heilbrigt fé, getur tryggileg lækning og sóttnæmis-hreinsun eptir atvikum bætt úr.

5. grein.

Það verður að sjá um í tækan tíma, að enginn skortur verði á læknislyfjum þeim, sem með þurfa til böðunarinnar. Dýralæknirinn verður að annast um, að góð læknismeðöl fáist fyrir sannsýnilegt verð, og að kostnaðurinn til lækninganna yfir höfuð að tala ekki verði meiri, en góðu hófi gegnir.

6. grein.

Það verður að leitast við að gjöra eins marga menn, og á þarf að halda til þess að standa fyrir böðun fjárins framvegis, kunnuga réttri aðferð við böðunina og sömuleiðis einkennum sýkinnar.

7. grein.

Að svo miklu leyti, sem því verður við komið, á dýralæknirinn sjálfur að skoða allt fé á því svæði, þar sem fjárkláðinn gjörir vart við sig, eða hætt er við, að hann sé. Hann á líka sjálfur, eins og verður, að standa fyrir lækningunum og sóttnæmis-hreinsuninni, þar sem þessa er þörf, þangað til hann er búinn að kenna aðstoðarmönnum svo, að hann er óhultur um, að þessi störf verða tryggilega af hendi leyst, þegar hann ekki er viðstaddur.

8. grein.

Það er vitaskuld, að dýralæknirinn á að reka starfa sinn

[1]) Smbr. Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I, 297.—304. bls.

1867. 11.september. um svo mikið svæði, sem auðið er; en að öðru leyti er meira undir því komið, að minna svæði sè læknað svo algjörlega, að gagnið sè augljóst og visst, en að gjörðar sè ónógar ráðstafanir um stærra svið.

9. grein.

Dýralæknirinn á að hafa bók, er hann ritar daglega í um framtakssemi sína í ætlunarverki því, sem honum er á hendur falið. Samkvæmt bókinni ritar hann á hverjum mánuði skýrslur til dómsmálastjórnarinnar, er hann einnig á að skila bókinni, þegar ætlunarverki hans er af lokið.

10. grein.

Auk fjárkláðans á hann einnig, þegar svo ber undir, að gefa gætur að sjúkdómum yfir höfuð að tala í húsdýrum á Íslandi, og sèr í lagi þeim, sem faraldur er að eða næmir eru.

Í dómsmálastjórninni 11. septembermán. 1867.

---

14. septbr. **47. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um íslenzka hluti á fiskisýningunni í Boulogne.**

Eptir því sem danski erindsrekinn á fiskisýningu þeirri, er haldin var í fyrra í Boulogne fyrir allar þjóðir, J. A. Smidth, hefir skýrt frá, hefir dómnefnd tèðrar fiskisýningar dæmt Oddi Gíslasyni, kaupmanni í Reykjavík, heiðurspening úr kopar fyrir þorskalýsi, og Fischer, líka kaupmanni í Reykjavík, „lofsorð" fyrir þorskanet, og um leið og erindsrekinn hefir tekið fram, að norski erindsrekinn hafi hrósað þorskanetum þeim, sem Fischer kaupmaður hafði til sýnis, hefir hann beiðzt liðsinnis dómsmálastjórnarinnar til þess að heiðurspeningur sá, sem honum hefir sendur verið vegna þessa, og sæmdarskjölin, verði fengin mönnum þessum í hendur.

Um leið og yður, herra stiptamtmaður, eru send sæmdarmerki þessi, eruð þèr beðnir um að sjá svo fyrir, að þau verði fengin hlutaðeigendum í hendur, á þann hátt, er yður virðist við eiga.

---

48. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um nýja útgáfu á yfirsetukvennafræði eptir Levy. 1867. 14. sept.

Eptir áskorun dómsmálastjórnarinnar í brèfi, dagsettu 28. febrúarmán. þ. á., hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað meb brèfi 5. júnímán. s. á. álitsskjal frá Hjaltalín, jústizráði og landlækni, um nýja fyrirhugaða útgáfu, breytta og sèr í lagi stytta, af íslenzku útleggingunni á kennslubók Levys prófessors handa yfirsetukonum, og hafið þèr ítarlega skýrt frá áliti yðar um málefni þetta. Dómsmálastjórnin hefir þvínæst aptur ritað hinu konunglega heilbrigðisráði um málið, og hefir það skýrt frá í brèfi 16. f. m., að því enn sem fyr virðist ísjárvert, að þýðaranum sè falið á hendur að gjöra neinar breytingar í yfirsetukvennafræði Levys, en að það aptur á móti verði að leggja til með, að útleggingin sè gjörð eptir seinustu útgáfunni af bókinni, án þess reynt sè til að endurbæta hana.

Þetta skal yður hèr með tilkynnt, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar og frekari framkvæmda, og til þess að þèr kunngjörið það, og virðist dómsmálastjórninni fyrir sitt leyti rèttast, að farið sè eptir uppástungu heilbrigðisráðsins í þessu efni.

---

49. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um framfærsluhrepp sveitarómaga. 17. sept.

Með brèfi dagsettu 18. febrúarmán. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað skjal nokkurt, þar sem hreppstjórarnir í Helgastaðahrepp í Þingeyjarsýslu áfrýja til stjórnarráðsins úrskurði, er þèr hafið kveðið upp 26. júnímán. 1865, og fer því fram, að Jónas Ólafsson sveitarómagi frá Kraunastöðum eigi sveit á fyr nefndum hreppi.

1867. 17. sept. Um þetta skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér birtið það, að úrskurður sá, er þér hafið lagt á málið, skal óbreyttur.[1]

---

[1]) Úrskurður amtmannsins er svo látandi:

Í bréfi frá 16. febrúarmán. þ. á. hafið þér, herra sýslumaður, skotið til amtsins úrlausnar ágreiningi þeim, sem risinn er milli yðar og sýslumannsins í Þingeyjarsýslu útaf því, hvar Jónas Ólafsson, sem fluttur var næstliðið vor frá Helgastaðahrepp á Skriðuhrepp, ætti framfærsluhrepp.

Eptir að hafa fengið þær skýrslur og skýringar í þessu máli, sem unnt er, hlýtur amtið að láta álit sitt í ljósi um það, eins og nú skal greina.

Það er þegar fullkomlega sannað, að Jónas dvaldi í Helgastaðahreppi í samfleytt 10 ár. Á þessu tímabili segjast hreppstjórar Helgastaðahrepps að sönnu hafa lagt Jónasi samtals 31 rd. 84 sk., og einnig hafa þeir borið fram, að hreppstjórinn í Skriðuhrepp hafi smátt og smátt lagt honum hérumbil 20 rd.

Úrslit máls þessa eru þess vegna undir því komin, hvort þetta fé, sem Jónas hefir átt að þiggja, hafi verið þannig veitt, að það geti með fullum sanni heitið sveitarstyrkur.

Hvað þá snertir þá 31 rd. 84 sk., sem Jónasi eiga að hafa verið lagðir nyrðra, þá er það fullkomlega sannað og viðurkennt af hreppstjóra Helgastaðahrepps, að 11 rd. 28 sk var skuld, sem Gamaliel nokkur Ingiríðarson átti hjá Jónasi, og sem því ranglega er talið fátækra styrkur. En hvað hina eptirstandandi 20 rd. 56 sk. áhrærir, þá eru þeir að sumu leyti sveitarútsvar og að sumu leyti veittir alveg gagnstætt reglum þeim, sem gilda um veitingu sveitarstyrks, sbr. 9. grein í reglugjörð 8. janúarmán. 1834, þareð skilyrðunum fyrir því, að Jónasi mætti veita styrk af fátækrafé var enganveginn fullnægt, og hið seinasta lán, sem Jónasi var veitt, var eins og neydt uppá hann, jafnvel þó hann hefði peninga til að kaupa sér mat fyrir. Þetta lán getur því engan veginn, eptir reglugjörð 8. janúarmán. 1834 9. gr., samanborinni við grundvallarreglu þá, sem tekin er fram í bréfi dómsmálastjórnarherrans frá 2. septembermán. 1858, álitist sannur sveitarstyrkur, og þess vegna ekki tálmað Jónasi að vinna sveitartiltölu í Helgastaðahreppi,

50. Brèf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um íslenzk leiðarbrèf.

1867. 30. sept.

Í brèfi dagsettu 16. þ. m. hefir utanríkisstjórnin beiðzt álits dómsmálastjórnarinnar um fyrirspurnir þær frá aðalverzlunarfulltrúanum danska í Lundúnum, er hèr fara á eptir:

1) hvort að það sè nauðsynlegt, þegar kaupmaður, sem býr í Danmörku, sendir skip til Íslands, að leiðarbrèfið sè keypt á staðnum, þaðan sem skipið siglir, og hvort að kaupmaðurinn þá verði að gjöra það;

---

og það því síður, sem veiting þessa láns virðist hafa þann blæ á sèr, sem sýni, að það sè mestmegnis ef ei alveg veitt til að koma í veg fyrir, að Jónas yrði sveitlægur í tèðum hreppi, en það atriði eitt er næg ástæða til að álíta fè þetta ólögmætan styrk, er enga rèttarverkun geti haft.

Hvað styrk þann snertir, er Jónas þáði af Skriðuhrepp, sem nam liðugum 20 rd., þá er það nú löglega sannað, að fè þetta er gjafir frá ættingjum Jónasar, sem þeir góðfúslega hafa gefið honum, og hitt er líka fullsannað, að Jónas á því 10 ára tímabili, sem hann dvaldi í Helgastaðahrepp, þáði ekki einn skilding af fátækrafè Skriðuhrepps.

Þareð það er bein og brýn skylda sèrhverrar hreppsstjórnar, að leita styrks hjá ættingjum þeirra, sem fátækir eru, samkvæmt 4. grein í reglugjörð 8. jan. 1834, og ekki má leggja neinum styrk af fátækrafè fyr en útsèð er um, að enginn náungastyrkur fáist, eins og berlega er tekið fram í 9. greininni, þá virðist þessi styrkur í alla staði lögmætur náungastyrkur, sem ekki getur rýrt nè vanað framfærisrètt Jónasar í Helgastaðahreppi á nokkurn hátt, sbr. brèf dómsmálastjórnarinnar 26. maímán. 1862.

Með því nú Jónas Ólafsson hefir dvalið samfleytt 10 ár, eða frá fardögum 1854 til fardaga 1864, í Helgastaðahrepp, og ekki á þessu tímabili þegið neinn löglega veittan sveitarstyrk, sem tálmað geti honum frá að vinna sèr framfærisrètt í Helgastaðahrepp, úrskurðast hann með hyski sínu samkvæmt reglugjörð 8. jan. 1834 6. grein, og með hliðsjón af brèfi dómsmálastjórnarinnar 2. septembermán. 1858, sveitlægur í Helgastaðahreppi.

Þessi úrskurður beiðist auglýstur hreppstjórunum í Skriðuhrepp.

1867. 30. september.

2) eða ef þessu ekki er svo varið, og leiðarbrèfið því verður keypt, þegar skipið kemur til Íslands, hvort að þá embættismennirnir þar haldi sèr um borgunina til skipsins eingöngu eða til þess, sem hefir leigt það, ef að hann á heima á Íslandi, eða ef til vill til þess, sem tekur á móti farminum, og loks

3) hvort útgjörðarmenn skipsins og skipstjórinn geti eptir dönskum lögum, ef að hlutaðeigandi embættismenn halda sèr eingöngu til skipsins, þröngvað þeim, sem skipið hefir leigt, ef hann býr á Íslandi eða Danmörku, eða þeim, sem við farminum tekur, til að endurgjalda sèr gjaldið fyrir leiðarbrèfið, þó ekki standi neitt um það í skjölunum um skipsleiguna.

Þessum spurningum svörum vèr á þessa leið:

Um 1. spurn. Það er ekki þörf á að kaupa leiðarbrèfið á þeim stað, þaðan sem skipið siglir, því að það má kaupa það bæði á Færeyjum og á hverri af þeim sex höfnum á Íslandi, sem nefndar eru í lögunum 15. aprílmán. 1854 2. grein.

Um 2. spurn. Það sem hèr er spurt um mun naumast koma fyrir, því að leiðarbrèfið á að vera keypt áður en nokkuð af farminum er flutt í land eða nokkru er fermt í skipið, en beri slíkt tilfelli að, má ætla að embættismennirnir, í líking við ákvörðunina í 9. grein laganna, geti haldið sèr til skipsins og farmsins og sèrílagi fyrst til farmsins.

Um 3. spurn. Þegar svo stendur á, sem hèr er gjört ráð fyrir, má ætla að hlutaðeigandi skipstjóri geti höfðað mál á móti þeim, sem skipið hefir leigt, til að endurgjalda sèr leiðarbrèfsgjaldið eptir reglum þeim, sem fylgt er um negotiorum gestio.

51. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um kornlán handa Skagafjarðarsýslu.

1867. 4. október.

Dómsmálastjórnin hefir skrifað sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu í dag á þessa leið:

„Í bænarskrá, dagsettri 11. ágústmán. þ. á., sem hingað „hefir borizt beina leið, hafið þèr, herra sýslumaður, skýrt frá, „að vegna þess, hversu umliðinn vetur var harður, vorið kalt „og verðið á íslenzkum vörum lágt, sè ástandið í Skagafjarðar-„sýslu mjög slæmt, og með því að þar við bætist, að mjög „lítið er til af matvöru á verzlunarstöðunum, sè að yðar hyggju „full ástæða til að búast við almennu hallæri að vetri komanda, „ef ekki verða gjörðar ráðstafanir til að afstýra því. Vegna „þessa hafið þèr farið þess á leit, að stjórnarráðið, til þess að „bæta úr mestu vandræðunum, láti senda nú í haust upp til „Skagafjarðarsýslu kornfarm, hèrumbil 500 tunnur, sem sè „300 tunnur af rúgi, 150 tunnur af bankabyggi og 50 tunnur „af baunum, og hefir amtmaðurinn yfir norður- og austurum-„dæminu, er þèr höfðuð sent eptirrit af bænarskrá yðar, lagt „mikillega fram með henni.

„Með því að stjórnarráðið eptir þessari lýsingu á ástandinu „í Skagafjarðarsýslu hefir álitið sèr skylt að gjöra allt, sem í „þess valdi stendur, til þess að afstýra bágindum þeim, sem „hætt er við, höfum vèr á kostnað íslenzka styrktarsjóðsins látið „kaupa þær 500 tunnur af rúgi, sem til eru færðar á með-„fylgjandi farmskrá — því að bankabygg og baunir eru í svo „háu verði, að stjórnarráðinu hefir þókt ógjörningur að láta „kaupa neitt af þeim korntegundum — og leigt skipið Aurora, „sem Thaae kaupmaður á, til að flytja kornmat þenna til „Hofsós verzlunarstaðar til yðar umráða.

„Um leið og yður, herra sýslumaður, er tilkynnt þetta, „eruð þèr beðnir að útbýta þessum kornmat meðal þeirra sveita „í Skagafjarðarsýslu, sem bágstaddastar eru, fyrir 13 rd. 32 sk. „fyrir hverja tunnu, annaðhvort móti borgun útí hönd, eða sem „láni til hlutaðeigandi hreppa með þeim skilmálum, að borgaðar

1867. 4. október.

„verði leigur af því 4 af hundraði frá þeim degi, að kornið „er selt af hendi til hvers hrepps um sig, og að lánið sè „borgað aptur á 7 árum, sjöundi hluti á ári hverju, þannig, að „fyrsti sjöundi hlutinn sè borgaður innan ársloka 1868, ásamt „leigum þeim, sem þá verða áfallnar, og þannig framvegis „sjöundi hluti og eins árs leiga innan loka hvers árs þar á „eptir, þangað til allt lánið er borgað. Vèr vonumst eptir, að „þèr gangið ríkt eptir, að skilmálar þessir um borgun lánsins „verði vandlega upp fylltir, og eiga hlutaðeigandi hreppstjórar í „því skyni að gefa skuldbindingar-skýrteini fyrir korni því, er „þeir taka við handa hverjum hreppi um sig, og í því skuld- „binda hreppinn til að uppfylla hina settu skilmála afdráttarlaust, „og eins að þèr, eins og vera ber, hafið tilsjón með, að korn- „mat þeim, sem hver sveit um sig fær, verði útbýtt með til- „hlýðilegri nærgætni, þannig að hinir bágstöddustu sèu æfinlega „látnir ganga fyrir. Að endingu skal því við bætt, að það er „vitaskuld, að allur kostnaður, sem kann á að falla, eptir að „kornið er komið þangað, sem því er ætlað, t. a. m. leiga „fyrir geymsluhús, borgun fyrir að mæla kornið o. s. frv., er „stjórnarráðinu óviðkomandi, og verða sveitirnar, sem í hlut „eiga, að borga hann.

„Með því að stjórnarráðinu, rètt í því að verið var að af- „greiða þetta brèf, barst skýrsla frá amtmanninum í norður- og „austurumdæminu um ástandið í Eyjafjarðarsýslu, er fer því „fram, að hætt sè við hallæri þar í sýslunni að vetri komanda, „en stjórnarráðið ekki sèr sèr fært að senda þangað skip með „kornmat, höfum vèr ritað tèðum embættismanni, að hann megi „ráðstafa 150 tunnum af korni því, sem sent er hèr með til „Skagafjarðarsýslu, til þess að bæta úr vandræðunum í Eyja- „fjarðarsýslu, ef brýn nauðsyn þykir til bera, og eruð þèr því „beðnir um að útbýta ekki fyrst um sinn meiru en 350 tunnum „af korni þessu meðal hreppanna í Skagafjarðarsýslu, fyr en þèr „hafið fengið ítarlegri fyrirskipun frá amtmanninum um þær „150 tunnur, sem honum eru veitt umráð yfir."

Um leið og yður, herra amtmaður, er tilkynnt það sem hèr fer á undan, yður til leiðbeiningar, útaf brèfi yðar 17.

ágústmán. þ. á., skal yður til vitundar gefið útaf skýrslu yðar 1867.
12. f. m., er hingað barst í gær, um ástandið í Eyjafjarðar- 4. október.
sýslu, þar sem þèr biðið um rentulaust lán til þess að kaupa og senda upp til Eyjafjarðarsýslu 300 tunnur af allskonar kornmat, að, ef að þèr ætlist til með þessum tillögum yðar, að nú í haust skuli sent skip til Eyjafjarðarsýslu með korni á kostnað stjórnarinnar, þá getur stjórnarráðið — sem að öðru leyti verður að álíta eptir skýrslum þeim, er það hefir fengið hjá kaupmönnunum Guðmann og Hoepfner, og bera með sèr, að 300 tunnur af kornmat hafi verið fluttar til Akureyrar nú í haust, að vandræðum þeim, sem þèr óttist fyrir, sè borgið með því — ekki sèð sèr fært að verða við áskorun yðar, en aptur á móti skal yður veitt heimild til að ráðstafa allt að 150 tunnum af kornvörum þeim, sem getið er um hèr að framan og sendar voru til Skagafjarðarsýslu, til þess að afstýra hallæri í Eyjafjarðarsýslu ef þar að kemur, og brýn nauðsyn ber til, og skal því við bætt, að korn það, sem kann að verða útbýtt samkvæmt þessu meðal hreppanna í Eyjafjarðarsýslu, skal lánað með þeim kjörum, sem sett eru hèr að framan.

Vèr búumst við að fá með fyrstu ferð hingað skýrslu um, hverjar ráðstafanir þèr gjörið í þessu efni.

---

52. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um veitingu Miðgarða brauðs í Grímsey. 19. október.

Eptir að málefnið um veitingu Grímseyjar brauðs í norður- og austurumdæminu á Íslandi hefir, samkvæmt brèfi stjórnarráðsins 8. júnímán. þ. á., verið lagt fyrir sýnódus í Reykjavík, og síðan verið fengið álit brauðamatsnefndarinnar um það, hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, getið þess í brèfi 15. ágústmán. þ. á., að þèr hljótið að fallast á

1867. 19. október.

það álit sýnódusar og brauðamatsnefndarinnar, að ef ekki fengist neinn hæfilegur maður til að sækja um brauðið, mundi vera betur til fallið að taka mann, sem hefði fengið nokkra skólamenntun, þó hún væri ófullkomin, til að veita brauðinu forstöðu, en að snúa sèr í því tilliti að leikmanni, og hafið þèr stungið uppá fyrst og fremst, að Grímseyjar brauði verði útveguð svo mikil launaviðbót, að hæfilegur maður yrði til að sækja um það, en launaviðbót sú mætti að yðar hyggju ekki vera minni en 300 rd. á ári. En ef svo færi, að stjórnarráðið sæi sèr ekki fært að útvega slíka launaviðbót, og þess vegna yrði að taka til sèrstaklegra úrræða, til þess að sjá brauði þessu fyrir sálusorgara, hafið þèr bent á einn af lærisveinunum í Reykjavíkur skóla, Pètur Guðmundsson, er þèr álitið bezt til fallinn að veita prestakalli forstöðu af þeim mönnum, sem ekki hafa hina lögboðnu hæfilegleika til að vera prestar, einkum ef honum gæfist áður kostur á að æfa sig á barnaspurningum og að semja ræður með tilsögn æfðs geistlegs manns. En af því að ekki yrði hjá því komizt, til þess að fá hlutaðeiganda til að takast tèð ætlunarverk á hendur, að gefa honum von um, að hann geti búizt við að fá eitt af meðalbrauðunum á Íslandi eptir nokkurra ára t. a. m. 6 ára góða þjónustu, hafið þèr stungið uppá til vara, að stjórnarráðið leiti konungsúrskurðar, er veiti stiptsyfirvöldunum heimild til að gefa hlutaðeiganda slíkt fyrirheit.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið hlýtur að álíta það árangurslaust að fara þess á leit, að Grímseyjar brauði verði veitt önnur eins launaviðbót, og þèr hafið stungið uppá, en að vèr aptur á móti eptir atvikum ekki erum því móthverfir, að leita konungsúrskurðar til samþykkis uppástungu yðar, að skipa greindan Pètur Guðmundsson til prests í Grímsey með því fyrirheiti um betra brauð, er þèr hafið vikið á. En með því að áður yrði að vera óhult um, að hlutaðeigandi sè fús á að þiggja þetta boð, eruð þèr beðnir um, áður en frekara verður gjört, að semja við hann um þetta og skýra stjórnarráðinu frá árang-

urnum af því, og þykir rèttast, ef samkomulag kemst á, að hann byri tafarlaust á æfingum þeim í að spyrja börn og semja ræður, er þèr hafið vikið á. 1867. 19. október.

---

53. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um gjald þeirra, sem fá veitingu fyrir skárri brauðum á Íslandi, til fátækra prestsekkna og latínuskólans. 19. október.

Útaf því, að tilskipunin 15. desembermán. 1865, er nákvæmar ákveður ýmislegt viðvíkjandi prestaköllunum á Íslandi, ekki hefir neina ákvörðun inni að halda um greiðslu gjalds þess, sem þeir, er fengið hafa veitingu fyrir sumum brauðum á Íslandi, hafa borgað hingaðtil, samkvæmt konungsbrèfi 5. júnímán. 1750 og tilskipun 3. maímán. 1743 til fátækra prestsekkna og til latínuskólans, hafið þèr, háæruverðugi herra, í brèfi dagsettu 8. ágústmán. þ. á. beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins um, hvernig eigi að að fara í þessu efni nú, er greind tilskipun hefir öðlazt lagagildi 6. júnímán. þ. á.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar, er fer því fram, að í líking við reglur þær, sem farið hefir verið eptir hingað til, skuli framvegis sá, sem fengið hefir veitingu

1. fyrir aðalbrauði, gjalda
   til fátækra prestsekkna . . . . . 2 rd. 12 sk.
   - latínuskólans. . . . . 2 — 12 —
   alls . . . 4 rd. 24 sk.
2. fyrir betra meðalbrauði, gjalda
   til fátækra prestsekkna . . . . . 1 rd. 6 sk.
   - latínuskólans. . . . . 1 — 6 —
   alls . . . 2 rd. 12 sk.

1867. 19. október. 3. fyrir lakara meðalbrauði, gjalda til fátækra prestsekkna . . . . . 1 rd. 6 sk.

en að sá, sem hefir fengið veitingu fyrir fátæku brauði, ekki skuli greiða neitt slíkt gjald.

---

22. október. **54. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um skoðun fjárins í Hafnahrepp í Gullbringusýslu.**

Nú er stjórnarráðið hefir fengið álitsskjal yðar, herra stiptamtmaður, dagsett 10. júlímán. þ. á. um bænarskrá, er hingað hafði borizt beina leið, frá Vilhjálmi sjálfseignarbónda Hákonarsyni í Kirkjuvogi í Hafnahrepp í Gullbringusýslu, þar sem hann lætur í ljósi óánægju sína yfir ráðstöfunum þeim, sem gjörðar hafa verið um skoðun fjárins í tèðum hrepp, og fer þess á leit, að bændunum þar sè leyft að hafa sjálfir umsjón þá, sem með þarf, með heilbrigðisástandi fjár síns o. fl., skal yður kunngjört sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þèr birtið það, að þó að stjórnarráðið kunni að meta rèttilega framtakssemi Vilhjálms sjálfseignarbónda í fjárkláðamálinu, þá verði samt, eins og búast má við að hann sjái sjálfur, hvorki hann nè hinir aðrir Hafnarhrepps búar undanþegnir ráðstöfunum þeim, sem yfirvöldin gjöra, samkvæmt tilskipun 5. janúarm. 1866, um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.

---

28. október. **55. Brèf dómsmálastjórnarinnar til Snorra Jónssonar, lærisveins á dýralæknaskólanum, um styrk til að halda námi sínu áfram.**

Eptir að fengin hefir verið skýrsla frá forstöðumanninum fyrir dýralækninga- og búnaðarháskólanum útaf bænarskrá, er hingað hafði borizt, frá Gísla Brynjúlfssyni, stip. arnamagn., þar sem hann sækir um, að dómsmálastjórnin veiti yður styrk

þann, er þèr þurfið til þess að ljúka við nám yðar á tèðum skóla, hefir stjórnarráðið veitt yður á þessu fjárhagsári 250 rd. styrk í þessu skyni, og verður yður borgaður helmingurinn 125 rd., fyrir mánuðina apríl til september, í íslenzku stjórnardeildinni, og hinn helmingurinn mánaðarlega úr aðalfèhirzlu ríkisins, 20 rd. 80 sk. við lok hvers mánaðar, fyrsta skipti við lok þessa mánaðar. 1867. 28. október.

---

56. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um veð fyrir andvirði nokkurra seldra þjóðjarða. 31. október.

Nú er stjórnarráðinu hafa borizt með brèfi yðar, herra stiptamtmaður, 29. desembermán. f. á., eptirrit af skuldabrèfum þeim, sem gjörð hafa verið áður fyrri fyrir eptirstöðvum af andvirði jarðanna Hvassahrauns, Miðhúsa og Laugarness, og laxveiðinnar í Elliðaánum, skal fyrst og fremst vekja athygli yðar á því, að skuldabrèf það, sem Ditlev kaupmaður Thomsen hefir gefið 11. desembermán. 1853 fyrir andvirði tèðrar laxveiði, ber ekki með sèr, að það hafi verið þinglesið, en aptur á móti er á því áritun, dagsett 6. marzmán. 1854, eptir hlutaðeiganda sýslumann, um að þess hafi verið getið til bráðabirgða í veðsetningabók Gullbringu- og Kjósar-sýslu, og að staðfest eptirrit af skuldabrèfinu muni verða lagt fram á næsta manntalsþingi í Seltjarnarnesshrepp, og að því er snertir spurningu þá, er reikningastjórnardeildin hefir hreift, um það, hvort veðin, er sett eru, veiti nægilega tryggingu, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að með því að kaupendurnir hafa uppfyllt skilmála þá, er settir voru, þá er kaupin gjörðust, um að borga skyldi þriðjung andvirðisins, og ekkert er fram komið, er gefi tilefni til að ætla, að trygging sú, er veðin veittu upphaflega, og þá var álitin nægileg, hafi rýrnað síðan, finnst stjórnarráðinu ekki vera ástæða til að krefjast þess, að borgað sè meira uppí það, sem eptir stendur af andvirðinu.

1867. 31. október. Að því er þessu næst snertir það atriðið, hvernig færðar verði sönnur á, eins og vera ber, að jörðum þessum sè haldið í góðu standi, álítur stjórnarráðið, eptir að það hefir skrifazt á við reikningastjórnardeild konungsríkisins um það, að fullkomin trygging geti fengizt í þessu efni, ef að, eins og stungið er uppá í brèfi yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu 15. júnímán. f. á., lögð er fram fimta hvert ár lögmæt virðingargjörð á veðunum, og ef að hvers árs reikningi er látið fylgja vottorð frá hlutaðeiganda sýslumanni, um að ekki hafi orðið eigandaskipti að veðunum umliðið ár, að minnsta kosti ekki með þinglesnu heimildarskjali, og að veðið hafi ekki honum vitanlega rýrnað að neinum mun umliðið ár, og ætti enn fremur að vera skýrt frá í vottorðinu, hvort borgaðir hafi verið skattar og önnur gjöld af veðunum. Eruð þèr því beðnir, herra stiptamtmaður, að gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf samkvæmt þessu.

---

4. nóvember. **57. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamtmannsins og biskupsins yfir Íslandi, um aðstoðarfè, er veitt er í fjárhagslögunum til að launa ýmsum sýslunarmönnum við skólann.**

Með brèfi dagsettu 18. ágústmán. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, sent hingað uppástungu um gjöld handa prestaskólanum og latínuskólanum í Reykjavík fjárhagsárið 1868—69, og er stungið uppá í áætluninni um gjöld latínuskólans, að hækka sumpart ýmsar undirdeildir í upphæð þeirri, sem veitt er í 20. gr. VI B 4 „önnur útgjöld til skólanna" í fjárhagslögunum, sumpart „aðstoðarfè" það, sem veitt er í fjárhagslaganna 20. gr. VI B 2 b, og hafið þèr enn fremur farið þess á leit, að beðið verði um, að veittir verði 400 rd. til þess að kaupa fyrir rúm og rúmfatnað, svo að lærisveinum þeim, sem búa í skólanum, verði fjölgað um 10.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar,

að eins og stjórnarráðið hlýtur að álíta árangurslaust að fara þess á leit, að undirdeildir þær í 20. gr. VI B 4 í fjárhagslögunum, sem þèr hafið vikið á, verði hækkaðar — nema einungis „fyrir prestsverk við skólann", sem naumast verður ætlað, að átt hafi að lækka í þessa árs fjárlögum — þar sem að ríkisþingið neitaði að veita allar viðbæturnar við sömu liðina í frumvarpinu til fjárhagslaganna fyrir fjárhagsárið, sem nú er að líða, eins virðist stjórnarráðinu ástæðulaust að fara þess á leit, að „aðstoðarfè" það, 800 rd. að upphæð, sem veitt er í 20 gr. VI B 2 b í fjárhagslögunum verði hækkað um 80 rd., og út af því, sem þar um er sagt í brèfi yðar, skal stjórnarráðið geta þess, sem hèr fer á eptir. 1867. 4. nóvember.

Í lögunum 19. janúarmán. 1863 um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi 2. grein var „aðstoðarfè" það, sem veitt er meðal útgjalda handa Íslandi, er snerta kirkju- og kennslustjórnina, fært upp í 1100 rd., og voru 300 rd. af því ætlaðir til þóknunar fyrir að hafa á hendi umsjónarstörf í latínuskólanum, og samkvæmt því var ákveðið í brèfum stjórnarráðsins 13. febrúarm. 1863 og 23. októberm. s. á., að einum af kennurum skyldi falin á hendur umsjónarstörfin í skólanum fyrir 300 rd. þóknun, að söngkennarinn og organleikarinn skyldi fá 230 rd., fimleikakennarinn 200 rd. og dyravörðurinn 300 rd., og að þeim 70 rd., sem afgangs yrðu, skyldi skipt niður milli söngkennarans og fimleikakennarans. Með brèfi stjórnarráðsins 7. maímán. 1864 var ákveðið, að aðstoðarfènu skyldi skipt eins niður fjárhagsárið 1864—65, en með því að yfirstjórn skólans hafði skýrt frá, að hún gæti ekki fengið neinn af kennurunum til að taka að sèr umsjónarstörfin í skólanum, leyfði stjórnarráðið í brèfi 15. októbermán. s. á., að öllum kennurunum í sameiningu væri falin umsjónarstörfin á hendur fyrir 30 rd. þóknun handa hverjum þeirra, og þar á ofan var, meðan umsjónarstörfunum væri þannig háttað, söngkennaranum veitt 100 rd. viðbót og fimleikakennaranum 50 rd. viðbót það fjárhagsárið, en um leið skýlaust tekið fram, að þar af mætti ekki leiða, að þessar viðbætur yrðu veittar framvegis. Fyrir fjárhagsárin 1865—66 og 1866—67 var sama skipting á aðstoð-

1867. 4. nóvember.

arfènu — þó þannig, að fimleikakennarinn hið síðarnefnda fjárhagsárið að eins átti að fá 200 rd. af því — samþykkt með brèfum stjórnarráðsins 26. febrúarmán. 1866 og 22. júnímán. s. á., með því ekki hafði tekizt ennþá að koma því skipulagi á um umsjónarstörfin, sem ætlazt var til upprunalega. En nú, er búið er samkvæmt úrskurði stjórnarráðsins 4. októbermán. f. á. að setja fastan umsjónarmann við skólann með 500 rd. launum, hvar af 300 rd. eru teknir af hinu fyrra „aðstoðarfè", er það alveg samkvæmt lögunum 19. janúarmán. 1863 og öllum úrskurðum stjórnarráðsins, sem nefndir eru hèr að framan, að upphæð þessari hefir þetta fjárhagsárið verið skipt í 300 rd. til umsjónarstarfa og 800 rd. „til aðstoðar", með því að það er vitaskuld, að launaviðbætur þær, sem söngkennaranum og fimleikakennaranum voru veittar um stundarsakir, meðan allir kennararnir í sameiningu höfðu umsjónarstörfin á hendi fyrir 150 rd. þóknun alls, verða að falla burtu undir eins og þessi störf eru falin föstum umsjónarmanni á hendur fyrir 300 rd. þóknun þá, sem upprunalega var ætluð til þess, og að þessvegna á að skipta niður aðstoðarfè því, sem veitt er fyrir þetta fjárhagsárið, á þann hátt, sem fyrir er skipað í brèfum stjórnarráðsins 13. febrúarm. og 23. októberm. 1863, það er segja þannig, að söngkennarinn og organleikarinn fær 230 rd., fimleikakennarinn 200 rd., dyravörðurinn 300 rd. og þeim 70 rd., sem eptir verða, sè skipt niður milli söngkennarans og fimleikakennarans á þann hátt, sem yfirstjórn skólans álítur hentastan; og á að skipta launaviðbótinni eptir kornverði af aðstoðarfènu niður milli þessara sýslunarmanna eptir sama hlutfalli og nú var sagt.

Að endingu skal því við bætt, að með því að fjárstjórnin hefir verið því mótmælt, að 400 rd. þeir, sem getið er um hèr að ofan, til þess að kaupa fyrir rúm og rúmfatnað handa 10 nýjum heimasveinum, sè teknir í frumvarpið til fjárhagslaganna fyrir næsta fjárhagsár, hefir stjórnarráðið ekki getað gjört neitt frekara í því efni.

58. **Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi um það, eptir hverri verðlagsskrá eigi að reikna vegabótagjaldið.** 1867. 9. nóvember.

Í brèfi dagsettu 6. júnímán. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins útaf ágreiningi millum yðar og sýslumannsins í Rangárvallasýslu um það, hvort að eigi að reikna vegabótagjald það, sem lögboðið er í tilskipuninni um vegina á Íslandi 15. marzmán. 1861 16. grein, eptir þeirri verðlagsskrá, sem er í gildi um það leyti, er hreppstjórarnir eiga að semja og senda sýslumönnum nafnaskrár yfir alla verkfæra menn í hreppnum, eða eptir verðlagsskránni fyrir það árið, er gjaldið er heimtað saman á manntalsþingunum.

Nú er stjórnarráðið hefir skrifazt á við hina amtmennina um þetta málefni, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að gjald það, er hèr ræðir um, ber að reikna eptir verðlagsskránni fyrir undanfarið ár.[1]

---

59. **Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um húsið handa bókasafni latínuskólans í Reykjavík.** 9. nóvember.

Með brèfi dagsettu 22. ágústmán. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, sent hingað bæði eptirrit af skoðunargjörð, sem framfór 13. s. m., þá er bókahús það, sem byggt hefir verið fyrir gjöf Charles Kelsalls, var afhent yfirstjórn Reykjavíkur skóla, og reikning, 12 rd. 94 sk. að upphæð, fyrir að festa upp í téðu bókahúsi minnisspjald það, er sent var með brèfi stjórnarráðsins 12. aprílmán. þ. á., og hafið þèr farið þess á leit, að upphæð greinds reiknings verði borguð yður, og að manni þeim, sem þèr hafið falið á hendur að hafa tilsjón með byggingu húss þessa, þorvaldi

1) Sama dag var hinum amtmönnunum tilkynntur þessi úrskurður.

1867. 9. nóvember. Stephensen bæjarfulltrúa, verði veitt 100—150 rd. þóknun fyrir þann starfa sinn. Þèr hafið jafnframt skýrt frá, að þèr hafið afhent skólameistaranum hið nýja bókahús og falið umsjónarmanni skólans á hendur að hafa daglega umsjón á húsinu, og að þèr hafið leyft um stundarsakir, að nokkrum af bókum stiptsbókasafnsins sè raðað upp í bókahúsinu, og að nokkuð af rúminu uppi á loptinu verði haft til að geyma þar það sem alþingi á óselt af alþingistíðindunum, með því móti, að alþingi sjálft borgi það, sem gengur til að koma loptsrýminu í það lag, sem til þessa þarf, og að endingu hafið þèr beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins um, hvernig eigi að borga kostnað þann, sem gengur til viðhalds optnefnds bókahúss eptirleiðis.

Eptir að skrifazt hefir verið á við fjárstjórnina um hið síðasta atriðið í brèfi yðar, skal yður til vitundar gefið, að landfógetanum hefir verið skrifað í dag um að borga yður upphæð ofannefnds reiknings, þegar þèr krefist þess, að kostnaður sá, sem kann að ganga eptirleiðis til viðhalds bókahússins, skal greiddur af fè því, sem veitt er í fjárhagslögunum á ári hverju til viðhalds skólahússins og þess, sem því fylgir, og að stjórnarráðið ekki hefir neitt á móti því, að þèr hafið boðið umsjónarmanni skólans að hafa á hendi umsjón yfir bókahúsinu, nè heldur að þèr hafið gefið stiptsbókasafninu og alþingi leyfi til að nota fyrst um sinn nokkuð af húsinu, en samt því að eins, að leyfi það sè ekki því til fyrirstöðu, að bókasafni prestaskólans verði komið þar fyrir, því eins og stjórnarráðið álítur sjálfsagt, að það eigi að geyma hið síðast nefnda bókasafn í hinu nýja bókahúsi, eins álítum vèr nauðsynlegt, að þeir 20 rd., sem hingað til hafa verið veittir í fjárhagslögunum á ári hverju til leigu fyrir húsrúm handa bókum prestaskólans, verði látnir falla burtu framvegis, en vèr höfum samt ekki viljað gjöra frekara í því efni, fyr en vèr með næstu ferð höfum fengið skýrslu yðar um það.

Að því er loksins snertir uppástungu yðar, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, um þóknun handa manni þeim, sem þèr hafið falið á hendur umsjónina með byggingu bókahússins, þá virðist stjórnarráðinu ekki vert að leggja neinn úr-

skurð á það, fyr en vèr einnig með næstu ferð höfum fengið álit yðar útaf skjali því, er hingað hefir borizt síðan og fylgir brèfi þessu, þar sem Klentz timburmeistari, er áður hefir sókt um að fá endurgoldinn skaða þann, er hann hefir haft af að byggja bókahúsið, sendir stjórnarráðinu tvö vottorð, sem einnig fylgja í staðfestu eptirriti með brèfi þessu, um þann hluta skaðans, sem leiðir af að hann tók við grjóti því, er Sverrir Runólfsson, steinhöggvari, hafði lagt til. 1867. 9. nóvember.

---

60. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um skilning á tilskipuninni um vegina á Íslandi 15. marzmán. 1861.

12. nóvember.

Í brèfi dagsettu 9. októbermán. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, skýrt frá ástandi veganna í suðuramtinu, og um leið vikið á ýmsa galla, er yður virðast vera á ákvörðununum í vegatilskipuninni 15. marzmán. 1861, er lúta að því að koma á nýtilegum þjóðvegum í landinu, og einkum á það, hversu æskilegt það væri, að uppástungurnar um aðgjörð á þjóðvegunum skuli samdar fyrir hvert amt um sig, en ekki hverja sýslu, og að vegabótagjaldið úr öllum sýslunum skuli renna í sameiginlegan vegabótasjóð, og að amtmönnunum væri leyft að taka fè til láns, til þess að koma þjóðvegunum eins fljótt og verður í það horf, sem tilskipunin ákveður. Hafið þèr sèr í lagi tekið fram, að ein sýsla í suðuramtinu, það er að segja Gullbringu- og Kjósarsýsla, sè mjög illa stödd að því er snertir þjóðvegi þá, sem liggja um hana, og að þèr fáið ekki sèð, að þessari sýslu muni nokkurntíma takast að koma þjóðvegum sínum í lögboðið horf, nema hún fái aðstoð af vegabótagjaldinu úr hinum sýslunum, en að yður, eptir yðar skilningi á ákvörðununum í tilskipuninni frá 1861, virðist ísjárvert að veita slíka hjálp, á meðan ekki er búið að koma öllum þjóðvegunum í hinum sýslunum í það stand, sem lögboðið er.

1867. 12. nóvember. Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að eins og þegar er tekið fram í úrskurðum dómsmálastjórnarinnar 28. febrúarmán. og 10. maímán. 1862 veitir 4. grein í tilskipuninni 15. marzmán. 1861 amtmönnunum, hverjum í sínu umdæmi, nægilega heimild til að verja vegabótagjaldinu til að vinna þau verk innan hvers umdæmis um sig, sem álíta má mest áríðandi, án þess að þeir sèu einskorðaðir við að láta þá upphæð, sem kemur úr hverri sýslu um sig, verða henni einni að góðu, og, ef það kæmi fyrir að taka þyrfti fè til láns, eins og þèr hafið vikið á, herra stiptamtmaður, þá virðist ekki þörf á að fá sèrstaka lagaákvörðun til þess.

---

14. nóvember. **61. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um að tveim bændum hafi verið veittur heiðurspeningur.**

Útaf brèfum yðar, herra stiptamtmaður, 9. marzmán. og 15. ágústmán. þ. á., hefir hans hátign konunginum þóknazt, samkvæmt þegnlegum uppástungum dómsmálastjórnarinnar 25. f. m., allramildilegast að veita Kristjáni Sigurðssyni frá Hvítárvallakoti í Borgarfjarðarsýslu og Runólfi Sverrissyni, fyrrum hreppstjóra, á Maríubakka í Skaptafellssýslu, heiðurspening þann, sem með konungsúrskurðum 28. febrúarmán. 1829 og 12. júlímán. 1840 er ætlaður handa duglegum Íslendingum sem „ærulaun iðni og hygginda."

Þetta er yður hèrmeð kunngjört, herra stiptamtmaður, til þess, að þèr tilkynnið hlutaðeigendum það til bráðabirgða, og skal því við bætt, að heiðurspeningarnir skulu sendir yður, undir eins og búið er að slá þá.

---

62. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um að Eiríki Björnssyni á Þursstöðum hafi verið veittur heiðurspeningur. 1867. 14. nóvember.

Samkvæmt þegnlegri uppástungu dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknazt 25. f. m. allramildilegast að veita Eiríki Björnssyni á Þursstöðum í Mýra- og Hnappadalssýslu heiðurspening þann, sem með konungsúrskurðum 28. febrúarmán. 1829 og 12. júlímán. 1840 er ætlaður handa duglegum Íslendingum sem „ærulaun iðni og hygginda".

Þetta er yður hèrmeð kunngjört, herra amtmaður, til þess að þèr tilkynnið hlutaðeiganda það til bráðabirgða, og skal því við bætt, að yður mun verða sendur heiðurspeningurinn, undir eins og búið er að slá hann.

---

63. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um leiðarmerki fyrir skip við Helgusker fyrir utan Hafnarfjörð. 31. desember.

Samkvæmt því, sem sjóliðsstjórnin hefir skýrt frá, hefir forstöðumanninum fyrir sjókortasafninu verið tilkynnt, að við Helgusker í Hafnarfjarðar mynni hafi verið lögð út veifa með vendi á, til þess að veifa þessi verði merkt á sjóar-uppdrættina kringum Ísland, og hefir tèð stjórnarráð bætt því við, að merki fyrir tunnu þeirri, sem lögð var við Akureyjar rif árið 1855, sè þegar til fært á greindum uppdráttum.

Þetta skal yður hèrmeð kunngjört, herra stiptamtmaður, til framhalds brèfi hèðan 2. þ. m.

1868.

1868. 11. janúar. **1. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um sölu á ýmsum borðbúnaði, er konungsfulltrúi hafði haft við alþingisveizlur.**

Í brèfi dagsettu 18. októbermán. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, mælt fram með, að yður verði veitt heimild til að láta selja við uppboð ýmsa muni, er heyra til borðbúnaðar, og Melsteð sálugi amtmaður hafði keypt á kostnað stjórnarinnar til þess að hafa við veizlur á alþingi þegar hann var konungsfulltrúi, með því að borðbúnaður þessi hvorki er svo úr garði gjör nè svo fullkominn, að hann verði notaður til þess sem hann var ætlaður, og hafið þèr stungið uppá, að bókasafni alþingis verði gefið andvirðið.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið fellst á tillögur yðar í þessu efni.

---

11. janúar. **2. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um þóknun fyrir afgreiðslu pósts í Suðursveit.**

Útaf bænarskrá til stiptamtsins frá síra Þorsteini Einarssyni, presti að Kálfafellsstað í Austur-Skaptafellssýslu, um, að honum verði veitt þóknun fyrir starfa þann að vera póstafgreiðslumaður á póstferðunum milli Kirkjubæjarklausturs og Eskifjarðar, er hann nú hefir haft á hendi í mörg ár, hafið þèr, herra stiptamtmaður, mælt fram með í brèfi dagsettu 20. septembermán. f. á., að síra Þorsteini Einarssyni verði veitt 4 rd. þóknun á ári fyrir þenna starfa hans.

Um þetta skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið það, að stjórnarráðið hefir ekki neitt á móti, að síra Þorsteini Einarssyni sè veitt 4 rd. þóknun á ári fyrir þetta ómak sitt, frá 1. aprílmán. 1868, og hefir landfógetanum á Íslandi verið skrifað í dag um að borga upphæð þessa úr jarðabókarsjóðnum. 1868. 11. janúar.

---

3. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um kirkjugjöldin í Víðihóls sókn. 14. janúar.

Eptir að kirkju- og kennslustjórnin hafði borið upp fyrir konungi málefni það, sem um er rædt í brèfi yðar, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, dagsettu 18. septembermán. f. á., hefir hans hátign þóknazt samkvæmt þegnlegum uppástungum stjórnarráðsins 3. þ. m. að fallast á, að frá því að Skinnastaða prestakall næst verður laust megi allar lögboðnar kirkjutekjur af bæjunum í Víðihóls sókn og frá ábúendum þeirra renna til Víðihóls kirkju í stað Skinnastaða kirkju, en að Skinnastaða kirkja aptur frá sama tíma skuli verða laus við skuldbindingu þá, sem á hana er lögð í konungsúrskurði 24. októbermán. 1859 3. lið[1].

Þetta skal yður hèr með til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það.

---

4. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um sölu á jörðinni Grímstungu. 14. janúar.

Með brèfi dagsettu 17. septembermán. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, sent hingað bænar-

---

[1]) sjá brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar 24. desbr. 1859, Stjórn. tíð. I, 321—322.

1868. 14. janúar.

skrá með meðmælingum hlutaðeigandi sóknarprests og prófasts, þar sem ábúandinn á lènsjörðinni Grímstungu, Jón sjálfseignarbóndi Skúlason, sækir um að fá tèða jörð til kaups, annaðhvort fyrir 3500 rd. og þannig, að hann sè laus við að gjalda hlutaðeigandi sóknarpresti hálfar kúgildaleigur, eða fyrir 3200 rd. án þess að leysast undan leignagjaldinu. Hafið þèr getið þess, að jarðirnar Kot og Káradalstunga, sem eru eign Grímstungu kirkju, en ekki liggja undir jörðina Grímstungu sjálfa, ættu ekki að fylgja henni í kaupinu, heldur leggjast undir Undirfells kirkju, eins og í raun og veru hefir átt sèr stað síðan að brauðin voru sameinuð, og hafið þèr lagt fram með, að beiðandinn fái jörðina til kaups fyrir hið fyrra boð sitt.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að jafnvel þó að vèr sèum yður samdóma um, að það væri hlutaðeigandi prestakalli í hag, að jörðin Grímstunga með kirkjunni þar væri seld eins og stungið er uppá, þá stendur þar í vegi grundvallarregla sú, sem látin er í ljósi í konungsbrèfi 30. júnímán. 1786: að þegar seld sè jörð, þar sem kirkja stendur, þá eigi allar hinar jarðirnar, sem liggja til kirkjunnar, að fylgja með í kaupinu og megi aldrei seljast undan henni, svo að stjórnarráðið treystist ekki að leggja til með, að konungur fallist á söluna, meðan að skilmálarnir fyrir henni eru þeir, að jarðirnar Kot og Káradalstunga, sem eptir því sem sagt er í áðurnefndu brèfi yðar verða að álítast eign Grímstungu kirkju sjálfrar, en ekki brauðsins, skuli teknar undan Grímstungu kirkju og lagðar undir Undirfells kirkju, og sè svo, að kirkjan á Grímstungu eigi jarðir þessar, verður það ekki álitið rètt, að þær hafa verið lagðar undir Undirfells kirkju, síðan að bæði brauðin voru sameinuð, því að tekjurnar af jörðunum hefðu átt að renna í sjóð Grímstungu kirkju og leggjast til portionar hennar.

5. **Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk handa bónda, er hafði misst gripi úr bráðasótt.** 1868. 18. janúar.

Útaf tillögum sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu við yður, herra stiptamtmaður, um, að Guðmundi bónda Einarssyni á Middal í Mosfellssveit verði veittur styrkur úr opinberum sjóði útaf fjármissi þeim, sem hann beið árin 1866 og 1867 af bráðasótt, sem kom í skepnur hans þessi árin, hafið þèr tekið fram í brèfi dagsettu 17. októbermán. f. á., að með því að skepnunum ekki var slátrað eptir yfirvalds boði, sè hinu opinbera ekki beinlínis skylt að endurgjalda eigandanum fjártjón það, sem hann beið af þessu, er ekki verður metið minna en 600 rd., en að yður samt virðist sanngjarnt, að honum verði veittur styrkur í þessum notum, og hafið þèr mælt fram með, að stjórnarráðið veiti tèðum Guðmundi Einarssyni 100 rd. styrk af fè því, er það hefir til umráða.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið hefir ekki neinn sjóð til umráða, er það gæti veitt slíkan styrk úr, sem hèr er um að ræða, en að stjórnarráðið fyrir sitt leyti hefir ekki neitt á móti því, að 100 rd. sèu greiddir úr jafnaðarsjóði suðuramtsins til þessa augnamiðs, ef að þeir mega missast.

---

6. **Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamtmannsins og biskupsins yfir Íslandi, um íslenzka kennslubók í latínu handa Reykjavíkurskóla.** 13. febrúar.

Í brèfi dagsettu 28. októbermán. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, skýrt frá, að bæði skólameistarinn og kennararnir í latínu í Reykjavíkur lærða skóla hafi mælt fram með, að gefin verði út, samkvæmt uppástungu stjórnarráðsins í brèfi 8. júnímán. s. á., lítil kennslubók í latínu, með latínsku orðasafni með íslenzkum þýðingum aptanvið, handa neðstu bekkjunum í skólanum, og að kennararnir í latínu,

1868. 13. febrúar. Gísli aðjunkt Magnússon og Jón aðjunkt Þorkelsson, hafi sagzt fúsir á að takast á hendur að semja kennslubókina fyrir 16 rd. þóknun fyrir hverja örk, og hafi þeir ætlazt á, að hún mundi verða hèrumbil 6 arkir að stærð og orðasafnið 3 eða 4 arkir, svo að kverið allt yrði 9 eða 10 arkir. Að því er snertir prentun kennslubókarinnar hafið þèr hugsað yður, að ef stiptsprentsmiðjan fengi handritið veitt gefins, mundi hún verða skaðlaus af að taka að sèr að gefa kverið út, og geta selt það með sanngjörnu verði, og hafið þèr því stungið uppá, að kennslubókin verði gefin út á þenna hátt, þó með þeim skilmála, að hún megi ekki fara fram úr 10 örkum alls, og að borgun fyrir prófarkalestur verði einnig fólgin í hinni umgetnu 16 rd. þóknun fyrir örkina.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þèr gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, að stjórnarráðið fellst á tillögur yðar í þessu efni, og skal greiða þá 160 rd., sem til þessa þarf, af þeim 4000 rd. til óvissra gjalda handa Íslandi, er væntanlega munu verða veittir í fjárhagslögunum fyrir fjárhagsárið 1868—69.

---

29. febrúar. **7. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um skuld útgefanda „Íslendings" til prentsmiðjunnar í Reykjavík.**

Með brèfi dagsettu 21. nóvembermán. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, sent hingað danska útleggingu af nýju sáttaboði, er útgefendur „Íslendings" hafa gjört til lúkningar skuldar þeirra við landsprentsmiðjuna í Reykjavík; fer boð þetta fram á, að þeir skuldbindi sig til að borga prentsmiðjunni 100 rd. hver, áður en ár sè liðið frá því að þeir hafi fengið fregn um, að fallizt sè á sáttaboð þeirra, en að það sem enn er óselt af blaðinu og allar óborgaðar skuldir hjá kaupendum þess verði aptur þeirra eign. Hafið þèr lagt fram með, að yður verði veitt heimild til að ganga að sáttaboði þessu fyrir hönd prentsmiðjunnar, þannig, að kvitta

megi fyrir skuld þá, er hún á hjá útgefendum „Íslendings", 1868.
og 28. septembermán. f. á. var komin niður í 956 rd. 34 sk., 29. febrúar.
undir eins og búið er að borga prentsmiðjunni upphæð þá, sem boðin er, alls 700 rd.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þér gjörið ráðstafanir þær, sem með þarf, að stjórnarráðið eptir atvikum er því ekki mótfallið, að útgefendur „Íslendings" komist úr skuld sinni við landsprentsmiðjuna á þann hátt, að þeir skuldbindi sig á löglegum sáttafundi einn sem allir og allir sem einn til að greiða prentsmiðjunni 700 rd. áður en ár sè liðið frá því að sáttasamningurinn var gjörður, og má þá kvitta fyrir skuld þeirra til prentsmiðjunnar, þegar þeir eru búnir að greiða henni téða upphæð.

---

8. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um fjölgun póstferðanna í hans umdæmi. 12. marz.

Útaf brèfi yðar, herra amtmaður, dagsettu 5. nóvembermán. f. á., um fjölgun póstferðanna í umdæmi því, er þèr eruð settir yfir, hefir stjórnarráðið í dag ritað stiptamtmanninum yfir Íslandi á þá leið, er sjá má á meðfylgjandi eptirriti.

Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins:

Í brèfi dagsettu 15. októbermán. 1866, er fylgir hèr með í eptirriti, sókti amtmaðurinn yfir vesturumdæminu um leyfi til að koma á bæði þremur nýjum póstgöngum á ári milli Stykkishólms og Ísafjarðarsýslu, og líka sex póstgöngum á ári milli prestssetursins Kvennabrekku í Dalasýslu og Hlaðhamars í Strandasýslu, og ætlaðist hann á, að kostnaðurinn til þessara póstferða mundi verða hèrumbil 120 rd. á ári. Útaf bænarskrá, er alþingismennirnir fyrir Ísafjarðar-, Barðastrandar-, Stranda- og Dalasýslu höfðu sent téðum embættismanni, um fjölgun póstgangnanna milli Stykkishólms og Ísafjarðarsýslu, og um nýja póstgöngu um Vestur-Ísafjarðarsýslu og milli Hrútafjarðar og Barðastrandar-

1868. 12. marz. sýslu og Dalasýslu, hefir hann í brèfi 5. nóvembermán. f. á., er einnig fylgir hèr með í eptirriti, borið málefni þetta á ný upp fyrir stjórnarráðinu, og hefir hann sèrílagi tekið fram, hversu áríðandi það sè, að póstgöngunum milli Stykkishólms og Ísafjarðar verði fjölgað, og að aukapóstur sè látinn ganga í hvert skipti milli Bíldudals kauptúns, þar sem sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu býr í grennd við, og einhvers bæjar, þar sem pósttaskan verði opnuð, á póstgöngunum milli Stykkishólms og Ísafjarðar.

Eins og nú er ástatt, hefir dómsmálastjórnin að vísu ekki haldið, að búizt verði við, að nein viðbót fáist við fè það, sem veitt er árlega í fjárhagslögunum til póstgangnanna á Íslandi, og nýlega hefir verið fært upp úr 800 rd. í 1000 rd., en með því að fjölgun sú á póstgöngunum í vesturumdæminu, sem amtmaðurinn þar hefir farið fram á, virðist vera mjög svo nauðsynleg, og stjórnarráðinu finnst vera sannsýnilegt, að fè það, sem veitt er í fjárhagslögunum til póstgangnanna á Íslandi, komi öllum þremur umdæmunum nokkurnveginn jafnt í hag, eruð þèr beðnir, herra stiptamtmaður, að íhuga, og ef yður svo sýnist, ráðgast skriflega um það við hina amtmennina, hvort ekki mætti skipta þessum 1000 rd. þannig milli allra þriggja umdæmanna, að fè það fengist, er þarf til að fjölga póstgöngunum í vesturumdæminu eins og Thorberg amtmaður hefir farið fram á.

Vèr búumst við að fá skýrslu yðar, herra stiptamtmaður, um hvað úr þessu verður.

---

19. marz. **9. Brèf dómsmálastjórnarinnar til allra amtmannanna á Íslandi, um hvalaveiðar útlendra þjóða of nærri landi.**

Útaf því, að stjórnendur fiskiveiðafèlagsins danska höfðu kært fyrir dómsmálastjórninni, að það sjáist á skýrslum frá skipum fèlagsins, að tvö hvalaveiðaskip, sem voru á hvalaveiðum

meðfram ströndum Íslands í fyrra með ensku flaggi, hafi ekki látið sèr nægja að veiða hvali úti á rúmsjó, heldur hafi þau einnig gjört það inni á fjörðunum, og annarsstaðar innan takmarkanna fyrir yfirráðunum yfir sjónum, skoraði dómsmálastjórnin á sjóliðsstjórnina að hafa tillit til kæru þessarar í erindisbrèfinu handa foringjanum fyrir herskipi því, sem í ár á að hafa stöðvar við Ísland. Sjóliðsstjórnin hefir sagt sig fúsa á að verða við þessari áskorun, en um leið vakið athygli á, að menn geti ekki búizt við, að danska herskipið geti staðið slík hvalaveiðaskip að veiðum inni á fjörðunum, eða innan takmarka þeirra, sem sett eru í samningum þjóða á milli, því að það sè vitaskuld, að þau muni varast allar veiðar inni á fjörðunum eða innan tèðra takmarka um það leyti, sem þau vita, að herskipið muni vera í grennd við sig. 1868. 19. marz.

Vegna þessa eruð þèr, herra stiptamtmaður (amtmaður), beðnir að skipa sýslumönnunum í umdæmi yðar, þar sem verið getur að slík lagabrot verði framin, að leitast við að fá sannanir um þau, því þá gæti herskipið æfinlega seinna skorizt í leikinn.

---

10. Lög um, að endurskoðuninni á lögunum frá 19. degi janúarmánaðar 1863, um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi, skuli enn fremur skotið á frest. 20. marz.

Vèr Kristján hinn Níundi o. sv. frv., Gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi, og Vèr staðfest þau með samþykki Voru.

Endurskoðuninni á lögunum frá 19. degi janúarmánaðar 1863, um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi, sem skipað er fyrir um í tèðum lögum, smbr. lög 16. febrúarmánaðar 1866, skal enn á ný skotið á frest í tvö ár, þannig að þau, ef til þess kemur, skulu endurskoðuð fyrir lok fjárhagsársins 1869—70.

1868. Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.
20. marz. Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað, Kaupmannahöfn 20. dag marzmánaðar 1868.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Ástæður fyrir lögum þessum.

Samkvæmt 5. grein í lögunum frá 19. janúarmán. 1863 um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi, hefði átt að endurskoða lög þessi fyrir lok fjárhagsársins 1865—66. En sökum þess, að óvissa sú um fjárhagssamband Íslands við hinn hluta ríkisins, er hafði leidt ríkisþingið til að láta lög þessi koma fram sem bráðabirgða-lög framar en ætlazt var til í frumvarpi stjórnarinnar, var enn hin sama um lok fjárhagsársins 1865—66, var ákveðið með lögum 16. febrúarmán. 1866, að endurskoðuninni á lögunum 19. janúarmán. 1863 skyldi skotið á frest, þannig, að hún ætti að fara fram fyrir lok fjárhagsársins 1867—68.

Eins og nú er ástatt, þar sem stjórnarskipunarmál Íslands er komið svo langt áleiðis, að fyrir síðasta íslenzka alþingi hefir verið lagt frumvarp til stjórnarskipunarlaga handa Íslandi, og alþingi hefir fallizt á frumvarp þetta, að vísu með nokkrum breytingum og þeim sumum hverjum verulegum, hlýtur dómsmálastjórnin samt sem áður, hvort sem stjórnarskipunarmálinu verður ráðið til lykta á þann hátt, sem alþingi stingur uppá, eður ekki, að álíta miður heppilegt að fara nú að endurskoða tèð lög frá 19. janúarmán. 1863, því að, verði hið fyrra ofaná, virðist sjálfsagt að geyma hinu tilvonandi löggefanda íslenzka fulltrúaþingi að gjöra út um endurskoðunina, og verði hið síðara ofaná virðist sjálfsagt að skjóta henni á frest, þangað til menn vita með vissu, hvort að allt verður óbreytt. Stjórnarráðinu hefir því virzt rèttast að stinga uppá, að endurskoðuninni á lögum þessum verði enn á ný skotið á frest í 2 ár, þannig, að hún fari fram fyrir lok fjárhagsársins 1869—70, ef þar að kemur.

11. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um þóknun fyrir endurskoðun nýju sálmabókarinnar. 1868. 24. marz.

Í brèfi dagsettu 27. nóvembermán. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, skýrt frá, að til þess að verða við almennri ósk manna um, að nýr viðbætir við hina íslenzku evangelisk-kristilegu sálmabók, sem gefinn var út árið 1861 sèr á parti, verði tekinn í sálmabókina, hafið þèr, háæruverðugi herra, fengið síra Ólaf Pálsson, prófast og dómkirkjuprest, og síra Stefán Thorarensen, sóknarprest að Kálfatjörn, til þess undir umsjón yðar að koma skipulagi á sálmasöfn þessi og velja úr nýja sálma, og hafið þèr, sökum þess að nú þegar hefir verið varið talsverðum tíma og ómaki til starfa þessa, og enn mun þurfa að verja tíma til hans, áður hann sè fullgjörður, mælt fram með, að verja megi 100 rd. af efnum prentsmiðjunnar í Reykjavík, sem ætlazt er til að gefi sálmabókina út, og sem væntanlega mun hafa gróða af því, til þess að skipta þeim milli síra Ólafs prófasts Pálssonar og síra Stefáns Thórarensens, sem þóknun fyrir starfa þeirra; en aptur á móti vilið þèr, háæruverðugi herra, ekki hafa neina þóknun fyrir ómak yðar í þessu efni. Að endingu hafið þèr mælzt til, að megi láta hreinskrifa handritið á kostnað landsprentsmiðjunnar.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og frekari framkvæmda, að stjórnarráðið fellst hèrmeð á uppástungur yðar í þessu efni.

---

12. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um að sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu megi flytja bústað sinn til Reykjavíkur. 25. marz.

Með brèfi dagsettu 3. janúarmán. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá frá Clausen, sýslumanni í Gullbringu- og Kjósarsýslu, um að hann megi flytja búferlum

1868. 25. marz. til Reykjavíkur, sökum þess að hann fái ekki að vera lengur en þangað til að sumri komanda í húsi því í Hafnarfirði, er hann nú býr í, og hann geti ekki fengið sèr neinn hæfilegan bústað annarstaðar í tèðu kauptúni.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að stjórnarráðið vegna þessara sèrstöku kringumstæða er því ekki mótfallið, að Clausen sýslumaður taki sèr bólfestu í Reykjavík fyrst um sinn, en samt með því skilyrði, að hann fái áreiðanlegan mann í Hafnarfirði til að rannsaka og rita á skipaskjöl.

---

26. marz. **13. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um ólöglegar síldarveiðar inni á Eyjafirði.**

Í brèfi því, er fylgir hèr með í eptirriti, hefir Stefán Thórarensen, bæjarfógeti á Akureyri og sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu, skýrt frá, að A. Johannessen, skipherra á norskri skonnortu, Auróra, hafi veidt síld inni á Eyjafirði í ágústmánuði f. á., sumpart alveg upp í landsteinum, sumpart á bátum, og sumpart með því að draga veiðina upp á land, og hefir tèður embættismaður getið þess, að með því að ekki sè til neinar laga-ákvarðanir um, hver hegning liggi við slíku lagabroti, hafi sèr fundizt rèttast að skjóta til stjórnarráðsins að gjöra ráðstafanir þær, sem með þyrftu, til að útkljá um málefni þetta.

Um leið og þèr, herra amtmaður, eruð beðnir að láta Stefán sýslumann Thórarensen vita, að skoðun sú, sem hann hafi látið í ljósi, að ekki sè lögð nein hegning í löggjöfinni við slíkum lagabrotum, sè röng, þar sem tilskipun 13. júnímán. 1787 2. og 4. gr., sem að því leyti verða að álítast gildar enn þá, leggur þá hegningu við ólögmætum fiskiveiðum, að skip og vörur skuli upptækt, skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þèr birtið Stefáni sýslumanni Thórarensen

það, að dómsmálastjórnin hefir í dag ritað utanríkisstjórninni um, að fara þess á leit við stjórnina í Noregi, að skora á tèðan skipherra, að greiða sjálfviljugur eptir málavöxtum 50 ríkisdala sekt fyrir þetta lagabrot sitt. 1868. 26. marz.

---

14. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um brúkun eitraðra skeyta við hvalaveiðar. 27. marz.

Útaf auglýsingu frá danska fiskiveiðafèlaginu, er stóð í 7.—8. blaði þjóðólfs frá 23. desembermán. f. á., sem kemur út í Reykjavík, um að fiskifèlagið ætli sèr nú í ár að hafa þesskonar skeyti til að drepa hvali með, er gjöri þá óæta bæði fyrir menn og skepnur, og eru allir því varaðir við að færa sèr þá hvali í nyt, er drepnir verða á þenna hátt, hafið þèr, herra stiptamtmaður, í tveim brèfum, öðru dagsettu 29. og hinu 30. desembermán. f. á., skotið til stjórnarráðsins að gjöra ráðstafanir þær, er geti verndað líf og heilbrigði landsmanna, þeirra er búa meðfram ströndunum, fyrir hættu þeirri, er þeim virðist vera búin, ef að það er áform tèðs fèlags að drepa hvalina með eitruðum vopnum.

Stjórnarráðið leitaði skýrslu fiskifèlagsins um þetta áform þess, og skýrði það frá í brèfi 7. f. m., er fylgir hèr með í eptirriti, að fèlagið því að eins, að öll önnur viðleitni til að gjöra hvalaveiðarnar arðsamar mistakist, ætli sèr að gjöra tilraunir með skeytum fylltum með eitri, og ef að það reynist af tilraunum á skepnum að vera hættulegt að neyta kjötsins af hvölum, sem drepnir eru á þenna hátt, þá muni fèlagið gefa frá sèr að drepa þá á eitri. Stjórnarráðið fèkk því næst skýrslu frá hinu konunglega heilbrigðisráði, er einnig fylgir í eptirriti með brèfi þessu, og skoraði það á stjórnarráðið að gjöra allt hvað það gæti til að sporna við, að slík veiðiaðferð væri höfð á þeim stöðvum, er búast mætti við, að dauðir hvalir kynnu að reka þaðan upp á strendur, þar sem eru mannabygðir og

1868. 27. marz. sèrílagi upp á strendurnar á Íslandi, með því heilbrigðisráðið álítur mjög svo hættulegt að neyta kjöts af hvölum, sem drepnir eru á þenna hátt, og finnst ekki nægileg trygging í því boði fiskifèlagsins, að gjöra fyrst tilraunir á skepnum með kjötinu. Stjórnarráðið lèt síðan fiskifèlaginu í ljósi álit heilbrigðisráðsins á málefni þessu og gat þess um leið, að stjórnarráðið efaðist ekki um, að fiskifèlagið í tilefni af því mundi slá frá sèr að brúka eitruð skeyti til hvalaveiðanna í kringum Ísland. Fiskifèlagið svaraði þessu samt sem áður í brèfi 22. f. m., er fylgir hèr með í eptirriti, á þá leið, að enn sem komið væri gæti sèr ekki fundizt tilefni til að gefa frá sèr tilraunir þær, sem það hafði boðað í þessu efni, og leitaðist um leið við að færa sönnur á, að þessi veiðiaðferð væri hvorki í sjálfri sèr þess eðlis, að hún að sinni hyggju gæti stofnað Íslendingum í neinn lífsháska, og því síður, þegar fèlagið hefði undirbúið málefnið, eins og það hefði gjört. Loks gaf stjórnarráðið heilbrigðisráðinu færi á að láta í ljósi álit sitt um svar fiskifèlagsins, og skýrði heilbrigðisráðið þá frá í brèfi 14. þ. m., er fylgir hèr með í eptirriti, að það fyndi ekki fyrir það ástæðu til að breyta áliti því, er það hafði áður látið í ljósi um málið, að því leyti sem það frá sínu sjónarmiði ætti að leggja dóm á það. Að endingu hefir stjórnarráðið í dag beðið generalprókúrörinn um að segja álit sitt um, hvort og að hve miklu leyti stjórninni geti álitizt heimilt að banna fiskifèlaginu danska að hafa veiðiaðferð þá, sem hèr er um rædt.

Jafnframt og yður, herra stiptamtmaður, er gefið þetta til vitundar, skal því skotið til yðar, hvort yður finnst tilefni til að gjöra inntakið í framannefndum skýrslum heyrum kunnugt.

Fylgiskjöl.

1. Brèf fiskiveiðafèlagsins danska til dómsmálastjórnarinnar, dagsett 7. febrúarmánaðar.

Útaf brèfi hins háa stjórnarráðs 1. þ. m. leyfum vèr oss, jafnframt og vèr sendum aptur skjöl þau, er því fylgdu, að fara nokkrum orðum um málefni það, sem þar er um rædt, að

drepa hvali á eitri, og skýra frá, hverskonar eitur haft er í hyggju að brúka. 1868. 27. marz.

Með því að hvalaveiðarnar ekki heppnuðust fèlaginu vel í fyrra, varð það að taka til íhugunar að beita hverju því bragði, er líklegt þækti að styddi að því, að áformið hefði betri árangur, og þar á meðal bar á góma, ef til vildi, að brúka eitur. Academie des sciences á Frakklandi gaf árið 1866 nákvæma skýrslu um eitrið og brúkun þess, og sèst á henni, að þessi aðferð til að drepa hvali hefir heppnazt vel við strendurnar á byggðum löndum í öðrum heimsálfum, t. a. m. Kalíforníu, Kamschatka og Ástralíu, án þess að hún hafi ollað neinum slysum, hvorki mönnum þeim, hem hafa brúkað eitrið til þess að drepa hvalina með, nè heldur, að menn vita, þeim, sem hagnýta sèr hvali, er reka upp á strendurnar, og ekki hefir heldur stjórninni í neinu af hinum miklu sjóveldum fundizt ástæða til að banna þessa aðferð að drepa hvali. Vegna þessa gat fèlagið ekki vílað fyrir sèr, meðal annara veiðibragða, er það hugsaði sèr að hafa við til þess að framkvæma áform sitt, að brúka eitur, ef svo bæri undir, en þó ekki fyr en í síðustu lög.

En þegar sá okkar undirskrifaðra, sem er framkvæmdarforstjóri fiskifèlagsins, fór frá Íslandi í haust, var honum ekki fullkunnugt um áhrif slíks eiturs, þá er það hefði læst sig um hvalina, og hann áleit það því skyldu sína, að minnsta kosti áður en farið væri að brúka eitrið, að gjöra það heyrum kunnugt á Íslandi, og að borga landsmönnum út í peningum andvirðið fyrir þann hluta af hvölunum, er reka á land, sem er eign þeirra. Þegar hann talaði við menn í þeim hèruðum landsins, þar sem hann dvaldi, um málefni þetta, lètu þeir í ljósi, að þeir væru ánægðir með 3 rd. í peningum fyrir hverja alin af hvölunum, þar sem menn fengju þessa borgun án þess að þurfa að vanrækja aðra vinnu, sem á lægi, og án annarar fyrirhafnar, en að festa hvalinn á land og gefa vitneskju um það.

Á frèttum þeim, sem nýlega eru komnar frá Íslandi, sèst samt, að menn í öðrum hèruðum landsins, bæði embættismenn-

1868. 27. marz.

irnir og landsmenn hafa orðið næsta áhyggjufullir útaf auglýsingunni. Framfarir og hagur Íslands er eitt af augnamiðum fèlagsins, og það mundi spilla hinu góða samkomulagi, sem vèr einnig eptirleiðis viljum að viðhaldist meðal vor og Íslendinga, ef vèr nú færum að ráðast í nokkuð það, er gæti skert hagsmuni landa okkar þar norðurfrá. En það er á hinn bóginn mjög líklegt, að það muni svo lítið um eitur það, er á þenna hátt læsir sig um hvalina, að það geti ekki haft nein skaðsamleg áhrif á þá, sem neyta kjötsins. Ef vèr gætum alveg komizt hjá að brúka eitur, þá er það vitaskuld, að vèr mundum kjósa það helzt, því sè nokkrum háski búinn af því, þá er líklegt að það sè helzt þeim, er brúka það til að drepa með. Ef að hvalirnir ekki nást, þá volkast þeir nokkra daga fram og aptur í sjónum, áður en þeir reka á land, og á meðan mun eitrið, eins og salt sem rennur (viðlíka og matreiðslusalt), að mestu leyti vera búið að skolast út í vatnið, svo að það verður að öllum líkindum háskalaust að neyta kjötsins. Ef að öll viðleitni til að fá góðan árangur af hvalaveiðunum misheppnast, sem vèr þó vonum að ekki verði, er það því áform vort, undir eins og vèr erum komnir til Íslands, að gjöra tilraun til að drepa nokkra hvali á eitri, og ef það tekst, mun verða rannsakað, hvort kjötið er eitrað, með því að láta skepnur, t. a. m. hesta, kýr eða hunda eta það, því hægt er að fá þær til þess. Reynist það hættulaust, eins og öll líkindi eru til, ætlum vèr að gefa mönnum vísbendingu um það, en reynist það háskalegt, þá munum vèr slá frá oss að drepa hvali á eitri, þó að fèlagið leggi mikið í sölurnar með því, og óðara auglýsa það.

Eitur það, sem vèr ætlum að brúka við stærstu hvalina, samanstendur af 27,5 grömmum af strykníni og 2,5 grömmum af kúrare, hvorttveggja mulið í dupt, og þeirrar tegundar, sem fljótast rennur og samlagast vatni.

2. Brèf hins konunglega heilbrigðisráðs til dómsmálastjórnarinnar, dagsett 18. febrúarmánaðar.

Í brèfi 11. þ. m. hefir hið heiðraða stjórnarráð skýrt heilbrigðisráðinu frá, hvað fram hefir farið útaf því, að danska fiskifèlagið ætlar sèr, eptir því sem það segir í auglýsingu í

blaðinu Þjóðólfi, er kemur út í Reykjavík, að brúka eitur í skeytum þeim, sem ætluð eru til að drepa hvali með, og vegna hættu þeirrar, er menn eru hræddir um að búin sè mönnum og skepnum, þeim er neyta kjötsins af hvölum, sem drepnir eru á þenna hátt, hefir stjórnarráðið beiðzt álitsskjals frá heilbrigðisráðinu um málefni þetta. 1868. 27. marz.

Um leið og heilbrigðisráðið sendir aptur skjöl þau, er það fèkk, skal þess getið, að í eiturblöndu þeirri, sem á að nota við hvalaveiðarnar samkvæmt skýrslu fiskifèlagsins, er að vísu ekki svo mikið af aðalefninu, strykníni, í samanburði við líkamsstærð dýra þeirra, sem eiturblandan er ætluð, að neinn háski gæti væri búinn af að neyta kjötsins af því dýri, sem drepið væri með þessu eitri, og meira að segja, menn mundu varla kenna eitursins að neinum mun, ef búizt yrði við, að það samlagaðist alveg líkama dýrsins og dreifðist um hann allan. En hèr er svo varið, sèrílagi vegna aðferðar þeirrar, sem á að hafa til að koma eitrinu inn í líkama hvalanna, að engin vissa er um, að það samlagist á þenna hátt og dreifist um hvalinn, það er jafnvel líklegt, að meiri hluti eitursins haldist saman sumstaðar, og þá einkum í sárinu sjálfu og í kringum það, og eptir lögun þeirri, sem búast má við að verði á sárinu, sem púðurkúlan myndar þegar hún springur, er enganveginn víst, að sjórinn skoli allt eitrið burtu úr því. Það getur því orðið jafnvel mjög svo hættulegt að neyta kjötsins af dýrinu þar sem það er svona eitrað, og menn geta ekki reidt sig á, að remmubragðið verði æfinlega nógu fráfælandi. Hitt efnið í eiturblöndunni, kúrare, er mjög háskalegt eitur fyrir þann, sem sker í kjöt, er eitrað er með því, og mönnum er enn ókunnugt um, hversu lítið þarf af því, til þess að það verði þeim manni banvænt, er meingast af því.

Þó að menn hafi ekki fengið fregnir frá ströndunum á Kamschatka, Kalíforníu og Ástralíu, þar sem menn vita til að þessi aðferð hafi verið höfð, um að hún hafi haft neinar háskalegar afleiðingar, þá er vitaskuld að það er engin sönnun um að hún sè hættulaus, og ekki er heldur nægileg trygging í því boði fiskifèlagsins, að gjöra fyrst tilraunir á nokkrum

1868. 27. marz. hvölum; það mundi þurfa langa runu af tilraunum og mjög yfirgripsmikla reynslu til að komast að fastri niðurstöðu í þessu efni.

Heilbrigðisráðið hlýtur því að skora á stjórnina, að gjöra það sem í hennar valdi stendur til þess að stemma stigu fyrir, að þessi veiðiaðferð verði höfð um þær stöðvar, þaðan sem búizt verður við að hvalir reki á land þar sem eru mannabyggðir, eða sèrílagi uppá strendurnar á Íslandi.

3. Brèf fiskifèlagsins til dómsmálastjórnarinnar, dagsett 22. febrúarmánaðar.

Nú er vèr höfum kynnt oss inntakið í brèfi hins háa stjórnarráðs frá 20. þ. m. skulum vèr leyfa oss til frekari skýringar á málefni því, sem þar er um rædt, að bæta enn þá ítarlegri skýringum við skýrslu vora frá 7. febrúarmánaðar.

Þar sem vikið er á í umkvörtunum þeim, sem stjórninni hafa borizt frá Íslandi útaf því, að haft er í hyggju að brúka eitur til að drepa hvali með, að vèr með því mundum gjöra þjóðarvelmegun landsmanna of tilfinnanlegt tjón og svipta þá fæðu, er þeim þykir góð og þeir hingað til hafa haft mikil not af, það er að segja rengi, þá er þessi framburður sprottinn af röngum skilningi á málavöxtunum, eins og þeir í raun rèttri eru.

Í sögunum er að vísu getið um, að fyrrum hafi verið stundaðar hvalaveiðar frá Íslandi, eða að minnsta kosti verið gjörðar tilraunir til þess, en nú hefir ekki í margar aldir verið átt neitt við hvalaveiðar af hálfu Íslendinga(!). Þessi mikla þýðing, sem hvalirnir hafa fyrir Ísland, hefir í mörg hundruð ár næstum eingöngu verið í því fólgin, að hafísinn frá Grænlandi, sem rekur á vorin inn undir land að norðan og austan, endrum og sinnum króar hvali inni undir landi og inni á fjörðunum og rekur þá upp á land, því hvalirnir þora ekki að leita út inn undir ísinn, og þegar þeir verða varir við, að þeir eru króaðir inni af ísnum, kjósa þeir heldur að láta fyrir berast milli íssins og lands, meðan auðið er, þangað til ísinn kreppir svo að þeim, að þeir taka botn, og brjótast þar um þangað til þeir drepast eptir marga klukkutíma, og þá fyrst er það, að þeir verða eign

Íslendinga. Á þessum hvölum hafa Íslendingar allra mesta hag, ekki að eins spikið og mörinn í lýsi, heldur einnig rengið og þvestið til matar. Áður en Vesturheimsmenn og félag vort byrjaði á hvalaveiðunum við Ísland, voru það einkum þessir hvalir, sem höfðu mikla þýðingu fyrir Íslendinga, því að það bar mjög sjaldan við, ef til vill einu sinni annað hvort eða þriðja hvert ár, að sjálfdauðan úldinn hval ræki á land, og þareð hann var búinn að volkast um langan tíma var kjötið alltaf orðið svo morkið og úldið, að jafnaðarlega var ekki annað eptir en spikið, í öllu falli byrjar ólgan í dauðum hvalskrokki svo fljótt, að þvestið, ekki spikið nè rengið, eptir tvo eða þrjá sólarhringa er hèrumbil orðið alveg úldið og næstum óæti fyrir menn og skepnur. Það eru þá, eins og áður er sagt, þeir hvalir, sem vegna íssins ráku upp á Íslandi, sem hingað til höfðu mikla þýðingu fyrir Íslendinga. Að sú þýðing er ekki lítil, getur hið háa stjórnarráð ráðið af því, að oss vitanlega rak, eingöngu vegna íssins, 16 stóra hvali árið 1866 á Skagaströnd, við Húnaflóa, við Horn og á nokkrum öðrum stöðum norðan á Íslandi, og árið 1867 11 stóra hvali í Norðfirði, Miðfirði og Seyðisfirði. Það getur ekki átt sèr stað, að menn villist á þessum hvölum, sem koma lifandi á land, brjótast sjálfir um til dauðs og sem landsmenn hafa gætur á, og á rekahvölum, sem kunna að vera drepnir á eitri úti á rúmsjó; og það eru þessir hvalir, sem í mörg ár hafa haft og ennþá hafa nokkra þýðingu fyrir þjóðar-velmegunina á Íslandi, og sem landsmenn vegna afstöðu landsins og landshátta eiga eðlilegan rètt á að eignast, af því að þeir, eins og komizt er að orði, eru gjöf frá drottni, án þess að sjálfir þeir þurfi að hafa fyrir að ná þeim eða drepa þá. Nú er Vesturheimsmenn og Danir eru byrjaðir á hvalaveiðum við Ísland, eru þær að vísu orðnar þýðingarmeiri fyrir Íslendinga, þar sem þeir, auk hinna áður nefndu reknu hvala, hafa fengið mjög marga ferska rekahvali af hvölum þeim, sem komast undan frá oss særðir til ólífis, og deyja skömmu eptir, án þess að vèr höfum neina hagsmuni af þeim. Þó að nú allir þessir hvalir væru eitraðir og óætir fyrir Íslendinga, þá geta þeir ekki barmað sèr yfir neinu, með

1868. 27. marz.

1868. 27. marz.

því að vèr ekki með því að neinu skerðum hinn venjulega tilflutning af hvölum, sem ísinn hefir í för með sèr, og á þeim verður, eins og áður er sagt, ekki villzt og hvölum þeim, sem vèr drepum; og þeim mun minni ástæðu hafa þeir til að bera sig upp undan oss, þar sem vèr þar á ofan bjóðum þeim borgun í peningum út í hönd fyrir að afsala sèr að hagnýta sèr hvali þá, sem þeir ekki hafa átt neinn þátt í að drepa, og sem einasta er þesskonar viðbót við ágóða þann af hvölum, er Ísland frá alda öðli hefir haft, sem er viðleitni vorri að þakka og komin er undir tilviljun. Svona er málefninu varið, ef vèr í raun og veru eitruðum alla þá hvali, sem vèr drepum. Jafnvel þó að svo væri, fáum vèr ekki sèð, að Íslendingar hafi neitt að barma sèr yfir. Nú skulum vèr líta á málefnið, eins og það að öllum líkindum mun verða vaxið.

Árið 1866 skýrði l'academie des sciences ítarlega frá um tilraunir þær, er af Frakka hálfu hafa verið gjörðar til þess að drepa hvali með eitruðum sprengikúlum. Eitrið var tilbúið úr sömu efnum og eptir sama hlutfalli, og vèr höfum til fært. Vísindamaður sá, sem var með á ferðinni, og gaf gætur að tilraununum, skýrir frá, að meðan hann var á hvalaveiða-skipinu hafi verið skotið eitruðum sprengikúlum á 10 hvali, og að þeir hafi allir drepizt eptir nokkrar mínútur. Af 6 af hvölum þessum fèkkst lýsi og skíði, og menn, sem voru með rifur og jafnvel nýja skurði í höndunum, komu við og unnu að hvölunum, án þess að nein slys vildu til af því. Tèðum vísindamanni farast enn fremur orð hèrumbil á þessa leið:

> „Þar sem þessir tíu hvalir, sem hafa verið skotnir með eitruðum sprengikúlum, allir hafa drepizt innan skamms, þá er sannreynt, að áhrif eitursins eru heilladrjúg, þegar þau eru borin saman við þau mörgu sár, sem þessar skepnur eru særðar með lensum og almennum sprengikúlum, án þess mönnum hafi tekizt að bana þeim".

Hið háa stjórnarráð sèr á þessu, að það er mjög svo ólíklegt, að menn missi af hval, sem hefir verið drepinn á eitri, ef rètt er farið með það. Það má enn fremur sjá á þessu, að ef að fèlagið afsalar sèr kost á að nota þessa aðferð, þá

byrgir það fyrir sèr veg til að komast að marki sínu, sem eptir annara reynslu virðist vera viss. Með því að hin miklu sjóveldi hafa aðferð þessa, þá vonar félagið, að stjórnarráðið fari ekki að leggja bann fyrir, að vèr einnig að voru leyti notum hana, því að, ef illa tækist til, gæti það komið félaginu á kaldan klakann, og vèr Danir yrðum svo miklu harðara úti undan slíku banni, þar sem frakkneskum hvalveiðamönnum og öðrum útlendingum varla mundi verða bannað að drepa hvali úti á rúmsjó umhverfis strendurnar á Íslandi. Sè háskinn í raun og veru nokkur, þá mundi Íslendingum vera hann búinn mestur þaðan, því slíkir útlendingar mundu stunda veiði sína, án þess að láta neina auglýsingu eða aðvörun fara á undan, þar sem vèr aptur vegna landa vorra þar norðurfrá meir en missiri á undan ekki að eins höfum látið út ganga auglýsingu og aðvörun, heldur þar á ofan lofað þóknun í peningum, er samsvari þeim parti af reknum hval, sem er eign strandabyggjanna. 1868. 27. marz.

Auglýsing var látin ganga út í fyrra, bæði á austurlandinu og vesturlandinu á Íslandi, og hver sem veit, með hvílíkum flýti þesskonar fregnir breiðast út á Íslandi, einkum um þann tíma árs, þegar allir vegir eru færir, þarf ekki að efast um, að hún hefir komið til eyrna hvers eins Íslendings, sem á heima nálægt sjó. Að fara nú, áður en nein tilraun hefir verið gjörð, að gefa þetta frá sèr, og koma með nýja auglýsingu, mundi vera næsta árangurslaust, að því er snertir Íslendinga, og ef til vill hættulegt, þar sem þó ekki verður spornað við, að útlendir menn brúki eitur. Á vorin liggur landið undir snjó, í ánum er vatnavöxtur og allar samgöngur hartnær ómögulegar. Þeir sem byggja útkjálkana á Íslandi munu, þó vèr nú tækjum auglýsinguna aptur, halda að hver hvalur, sem kann að reka, sè eitraður og hegða sèr eptir því. Úr því svona er ástatt, virðist það vera gagnslaust að skuldbinda sig nú þegar til að hætta við að gjöra tilraunir þær, sem vèr höfum áskilið oss í brèfi voru 7. þ. m., og það því fremur sem þessar tilraunir, samkvæmt því sem hèr að framan er sagt, ekki munu stofna einum einasta manni á Íslandi í minnsta lífsháska, og það skulum vèr leyfa oss að sýna enn ítarlegar fram á. Þar sem heilbrigðis-

1868. 27. marz. ráðið segir, að boð félagsins um að gjöra fyrst tilraunir með nokkrum hvölum sé ekki full-tryggjandi, af því að það mundi þurfa langa runu af tilraunum og mjög yfirgripsmikla reynslu, til þess að komast að fastri niðurstöðu í þessu efni, þá verður ekki komið með neinar mótbárur á móti því, þegar litið er á málið frá heilbrigðisráðsins sjónarmiði, en allt öðru máli er að gegna fyrir félagið. Vér leyfum oss því oss í hag að skýrskota til þeirra orða heilbrigðisráðsins: „að í eiturblöndu þeirri, sem á að nota við hvalaveiðarnar, sé ekki svo mikið af aðalefninu, stryknín, í samanburði við líkamsstærð dýra þeirra, sem hún er ætluð, að neinn háski geti verið búinn af að neyta kjötsins af dýri því, sem drepið væri, og meira að segja, að menn mundu varla kenna eitursins að neinum mun, ef búizt yrði við, að það alveg samlagaðist líkama dýrsins og dreifðist um hann allan". Það sem gæti orðið hættulegt er þá að eins kjötið í sárinu og í kringum það, þar sem eitrið að heilbrigðisráðsins hyggju kynni að safnast fyrir. En ef nú yrði sýnt fram á, að það kjöt getur heldur ekki orðið hættulegt, þá verður ekki eptir nein hætta af að brúka eitrið. Sárið verður annaðhvort opið, ef að kúlan springur nokkuð utarlega, eða lokað, ef að hún springur innarlega í hvalnum.

Sé sárið lokað, byrjar rotnanin fjarskalega fljótt, einkum þar um, sem kúlan hefir sprungið og púðrið hefir gjört mikið að.

Sé sárið opið kemst sjórinn tálmunarlaust að og skolar burtu eiturögnunum, sem renna mjög fljótt.

Rotnanin byrjar svo miklu fljótar í þessum skepnum, þó að þær volkist um í sjónum, sökum þessa ógnarlega hita, sem myndast innan í þeim vegna stærðarinnar. Þegar vér höfum skorið hvali, höfum vér komizt að raun um, að hitinn innan að er svo mikill, að áður en sólarhringur er liðinn frá því að hvalurinn var drepinn, er kjötið að innanverðu reglulega brunnið, svo að það er orðið að ösku-graut. Það getur ekki verið umtalsmál að hagnýta sér þetta kjöt, og því síður kjötið kringum sárið, þar sem kúlan hefir sprungið, sem enn þá meiri rotnan er í. Þegar Íslendingar hagnýta sér kjötið af reknum hval, skera þeir einungis hið yzta af, sem enn þá er stinnt og

nokkurnveginn ferskt, en sá hlutinn, sem vèr höfum talað um og orðinn er úldinn, er látinn verða eptir, og snerta hann hvorki menn nè skepnur. Það leiðir af þessu, að þó að Íslendingum þrátt fyrir aðvörun vora og auglýsingu dytti í hug að borða kjöt af svona eitruðum hval (en það gjöra þeir samt ekki), þá er ekki hætt við, að þeir nokkurn tíma borði það, sem mest er eitrað. Ef að skýrsla heilbrigðisráðsins um eitrið þannig er borin saman við skýringar vorar, sem eru áreiðanlegar og byggðar á eigin reynslu, þá verður niðurstaðan sú, að Íslendingum er ekkert tjón að því, að hvalaveiðarnar sèu stundaðar á þann hátt, sem vèr höfum hugsað oss. 1868. 27. marz.

Eptir því, hvernig vèr höfum undirbúið málefni þetta og tekið í það til þessa, erum vèr sannfærðir um, að þó að tilraunir þær, sem rædt er um, sèu gjörðar, verði ekki með neinu móti lífi eins einasta Íslendings stofnað í minnsta háska, og vèr vonum því, að hinu háa stjórnarráði virðist sanngjarnt, að vèr ekki álítum vera nægar ástæður til að gefa alveg frá oss að brúka eitruð skeyti, en skýrskotum til þess, sem vèr höfum lofað í því efni í brèfi 7. þ. m.

Að endingu leyfum vèr oss að geta þess, að vèr vonum, að áhöld þau, er vèr nú förum með á hvalaveiðarnar, sèu í því standi, að það verði ekki umtalsmál að brúka eitur, en, á meðan málinu er svo komið sem nú er, að fara að skuldbinda sig til að brúka það ekki, væri árangurlaust fyrir Íslendinga, en kynni á hinn bóginn, ef til vill, að verða fèlaginu til mikils hnekkis.

4. Brèf hins konunglega heilbrigðisráðs til dómsmálastjórnarinnar, dagsett 14. marzmánaðar.

Heilbrigðisráðið sendir hèrmeð aptur brèf það, er því barst frá hinni heiðruðu dómsmálastjórn 3. þ. m., þar sem fiskifèlagið danska skýrir ítarlega frá um brúkun eitraðra skeyta til hvalaveiðanna í höfunum kringum Ísland, er það hefir í hyggju að taka upp.

Með því að hið heiðraða stjórnarráð hefir æskt álits heilbrigðisráðsins um þessa skýrslu fèlagsins, leyfir það sèr að geta þess, að það var búið, áður en það lèt uppi hið fyrra álitsskjal sitt 18. f. m., að kynna sèr skýrslu þá, sem stendur

1868. 27. marz. í tíðindum (comptes rendues) vísindafèlagsins í París árið 1866, og sem er mjög ófullkomin að því er snertir það atriði málsins, sem heilbrigðisráðinu þykir mest í varið, svo að heilbrigðisráðið finnur ekki ástæðu til fyrir það, sem nú á ný er komið fram frá fiskiveiðafèlaginu, að breyta áliti því, sem það hefir áður látið í ljósi um málið, að því leyti sem það frá sínu sjónarmiði á að leggja dóm á það.

---

28. marz. **15. Lög um fjárveiting til bráðabirgða, fjárhagsárið 1868—69.**

Vèr Kristján hinn Níundi o. s. frv., Gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi og Vèr staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Þangað til að ríkisþingið er búið að ræða frumvarp það, er fyrir það hefir verið lagt, til fjárhagslaga fyrir fjárhagsárið frá 1. aprílmán. 1868 til 31. marzmán. 1869, og í síðasta lagi þangað til 1. maímán. þ. á., skal stjórninni veitt heimild til að láta til bráðabirgða borga öll nauðsynleg gjöld, sem uppá koma, samkvæmt ákvörðunum þeim, sem gilt hafa hingað til, en þó svo, að ekki sè farið út yfir aðalupphæðir þær og sèrstakar gjaldagreinir, sem til eru færðar í tèðu lagafrumvarpi, og eins til að láta heimta saman skatta þá og gjöld, sem nú eru.

2. grein.

Lög þessi öðlast lagagildi 1. aprílmán. 1868.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað, Kaupmannahöfn 28. marzmánaðar 1868.

---

16. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um ráðstafanir til að sporna við því, að menn láti fènað sinn horfalla sökum heyleysis. 1868. 28. marz.

Í brèfi 16. októbermán. f. á. hafið þèr skýrt frá, herra amtmaður, að þèr hafið reynt á seinni árum með ymsum ráðstöfunum[1] að koma á betri hirðing á skepnum í umdæmi því,

---

1) Erindisbrèf fyrir hreppsnefndirnar í N. N. sýslu um fjárhirðingu og ásetning o. s. frv.

1.

Til þess að vaka yfir fjárhirðingu bænda og hyggilegum ásetningi, skal í hverjum hrepp vera nefnd manna undir umsjón hlutaðeigandi hreppstjóra; hreppsnefndinni má skipta í deildir eptir víðáttu hvers hrepps og fjárfjölda.

2.

Það er ætlunarverk hreppsnefndanna að álíta heybirgðir manna á hverjum bæ, fènaðarfjölda, húsavist fjárins og hirðingu, sem og að leggja á ráðin með ásetning og hvað eina, sem ábótavant mætti vera með tilliti til fènaðarhalds og hirðingar.

3.

Til þess að fullnægja ætlunarverki þessu, skulu skoðunarmenn þrem sinnum fara yfir hrepp þann eða hreppsdeild, sem þeir eru kjörnir í, og skal fyrsta skoðunin gjörast laust eptir veturnætur, önnur við þorrakomu og hin þriðja um sumarmál.

4.

Á fyrstu umferð sinni skulu skoðunarmenn aðgæta nákvæmlega allan fènað hjá hverjum bónda, og einkum líta eptir því, hvort í honum eru óþrif eður lús. Svo skulu þeir og athuga, hvort tóbakslögur eður annað meðal við óþrifum hafi vandlega verið borið í hverja kind.

Þá skulu þeir og álíta, hvort bændur hafi nógar heybirgðir fyrir fènað sinn, til þess að geta mætt vetri í harðara lagi, og er þá ekki einungis að líta á heymagn og peningsfjölda, heldur einnig á heygæði og landgæði, útlit og undirbúning fjárins. Fái þá skoðunarmenn að aðgættum öllum kringumstæðum álitið einhvern óbirgan með heyföng, skulu þeir fastlega áminna hann um að farga strax svo mörgum skepnum, að hann sè birgur fyrir hinar, og skal þá jafnan lóga þeim kindum, sem minnstur bagi er að farga.

Einnig skulu skoðunarmenn aðgæta fjárhúsin á hverjum bæ

1868. 28. marz. sem þér eruð settir yfir, og sèrílagi að koma því til leiðar, að menn á haustin seti skepnurnar skynsamlega á eptir heyafla sínum, til þess að forðast afleiðingarnar af heyskorti, en að ráðstafanir þessar hafi reynzt árangurslausar, og að þèr þess vegna hafið í haust, er var, skrifað öllum sýslumönnunum[1] og brýnt

---

og líta eptir, hvort húsrýmindi sèu nógu mikil, góðir gluggar á mæni og dyraumbúningur svo vandaður, að hann geti varið súgvindi; sè eitthvað áfátt í þessu, skulu þeir áminna hlutaðeigendur um að bæta úr því. Þá skulu þeir líka, þar sem þurfa þykir, vanda um að hafa við þrifnað í fjárhúsunum, einkanlega að láta gólfin hvorki vera of blaut eða með ofmikilli mylsnu o. s. frv.

5.

Á annari umferð sinni skulu skoðunarmenn jafn vandlega og í fyrra skipti álíta og aðgæta fènað manna, heybirgðir og fjárhúsin, komast eptir, hvort ráðleggingum þeirra hafi verið hlýdt og með ráði og dáð bæta úr því, er ábótavant þykir.

6.

Við þriðju skoðun skal einnig aðgæta hverja sauðkind og taka eptir holdum og útliti fjárins; þá skal og einnig athugað, hvernig heyin hafa enzt hjá hverjum bónda.

7.

Allt það, sem framfer og aðgjörist við hverja skoðunarferð, riti nefndarmenn í bók hjá sèr og skal hreppstjóri að aflokinni hverri skoðun senda sýslumanni sínum eptirrit af bókinni.

Skrifstofu norður- og austuramtsins 30. sept. 1858.

Havstein.

[1]) Brèf amtmannsins í norður- og austuramtinu til allra sýslumanna í amtinu, dagsett 25. septembermán. 1867.

Jafnvel þó reynsla undanfarinna ára hafi nógsamlega vottað, að ógætilegur heyásetningur er hið versta átumein allrar velmegunar og hagsældar þessa umdæmis, og þótt ýmsar ráðstafanir einkum á seinni tímum hafi verið gjörðar af hálfu hins opinbera til að afstýra þessari voðalegu óreglu, þá samt hefir næstliðinn vetur með órækum rökum sýnt og sannað, að almenningur er næsta skammt á veg kominn í nauðsynlegri fyrirhyggju, hvað heyforða snertir, þar sem fjöldi manna missti skepnur sínar úr hor, og margir hlutu að verja svo miklum korngjöfum til þess að halda lífinu í skepnum sínum, að þeir nú ekki geta fengið lífsbjargar nauðsynjar sínar sökum kornskulda í kaupstöðunum.

Til þess nú, ef mögulegt væri, að koma í veg fyrir þenna háskalega heyásetning, sem of margir búendur hafa tamið sèr að

fyrir þeim opið brèf 29. ágústmán. 1862 um hegningu fyrir illa meðferð á skepnum, og látið kunngjöra, að hver sá, sem á vetri komandi eða framvegis verður heylaus vegna óskynsamlegs ásetnings, og annaðhvort horfellir skepnur sínar eða sker þær niður aðfram komnar af fóðurskorti, muni vægðarlaust verða lögsóktur fyrir illa meðferð á skepnum. Hafið þèr þar á ofan skotið því til sýslumannanna, hvort ekki mundi vera tiltækilegt að svipta þá fjárforráðum sínum á lögskipaðan hátt, er þiggja af sveit, en vilja ekki hlýðnast góðum ráðum hreppstjóra sinna hvað heyásetning snertir, og hafið þèr að endingu beiðzt álits dómsmálastjórnarinnar um ráðstafanir þessar. 1868. 28. marz.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, að eins og stjórnarráðið hlýtur að álíta það alveg átyllulaust að heimfæra ákvarðanirnar í opnu brèfi 29. ágústmán. 1862 uppá tilfelli þau, sem hèr er um að ræða, eins getur

---

undanförnu, vildi eg þènustusamlega mega mælast til, að þèr, herra (tit.) brýnið alvarlega fyrir sýslubúum yðar, bæði með brèfum til hreppstjóranna og á annan hátt, þýðingu opins brèfs frá 29. ágústmán. 1862, og látið sèrilagi hreppstjórana taka það skýlauslega fram við almenning, að höfðað verði vægðarlaust mál gegn hverjum þeim, sem á í hönd farandi vetri og eptirleiðis fyrir óhyggilegan ásetning kemst í heyþrot, og annaðhvort drepur skepnur sínar úr hor, eða sker þær aflvana og aðfram komnar af fóðurskorti; bið eg yður einnig að skipa hreppstjórunum að tilkynna yður undandráttar- og tafarlaust, þegar slíkt að höndum ber, eins og þèr líka verðið að taka það fram í brèfum yðar til hreppstjóranna, að sektir þær, sem áðurnefnt lagaboð leggur við hordauða, verði eptir lögum þeim, sem nú gilda hèr á landi, afplánaðar með líkamlegri hegningu, þar sem engin geta er til, að sektirnar verði greiddar.

Að endingu vil eg leyfa mèr að skjóta því til yðar, herra (tit.), hvort ekki mundi vera tiltækilegt að svipta þá fjárforráðum sínum á lögskipaðan hátt, er þiggja af sveit, en vilja ekki hlýðnast góðum ráðum hreppstjóra sinna hvað heyásetning snertir, svo hreppstjórar gæti sèð um heyásetning hjá þeim, sem skipaðir fjárhaldsmenn þeirra.

Um aðgjörðir yðar í þessu efni vona eg að fá frá yður ávísun hið allra bráðasta.

Havstein.

1868. 28. marz. stjórnarráðið með engu móti fallizt á, að þèr, herra amtmaður, hafið skotið til sýslumannanna, hvort ekki ætti að svipta þá fjárforráðum sínum, sem lagt er af sveit, og skeyta ekki ráðum hreppstjóranna um ásetning skepna.

---

17. apríl. **17. Lög um að útlendum skipum verði gefinn kostur á að flytja vörur hafna á milli á Íslandi og milli Íslands og Danmerkur.**

Vèr Kristján hinn Níundi o. s. frv., Gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi, og Vèr staðfest þau með samþykki Voru:

Stjórninni skal heimilt, ef að jafnrètti kemur á móti, að leyfa skipum úr útlendum ríkjum, sem hafa forrèttindi í verzlunarviðskiptum sínum við Danmörku, að flytja vörur hafna á milli á Íslandi án tillits til lestatals þeirra, og eins milli Íslands og konungsríkisins — að Færeyjum meðtöldum — fram og aptur; skal samt gætt hinna almennu ákvarðana, er gilda um slíkar siglingar.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað, Kaupmannahöfn 17. dag aprílmánaðar 1868.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Ástæður fyrir lögum þessum.

Samkvæmt opnum brèfum 1. septembermán. 1819 og 5. septembermán. 1820 var skipum danskra þegna einum geymdur rèttur á að flytja vörur hafna á milli í konungsríkinu og eins áður fyrri milli konungsríkisins og hertogadæmanna Slèsvíkur og Holtsetalands á skipum, sem voru 15 kaupskipalestir að rúmmáli eða þaðan af minni, en með lögum 14. aprílmán. 1865 var stjórninni veitt heimild til, ef jafnrètti kæmi á móti, að leyfa skipum úr útlendum ríkjum, sem hafa forrèttindi í verzlunarviðskiptum sínum við Danmörku, að flytja vörur hafna á

milli í konungsríkinu án tillits til lestatals þeirra, þannig, að gætt væri hinna almennilegu ákvarðana, sem gilda um slíkar siglingar. En eins og kunnugt er, þá er lagt í 3. grein laganna 15. aprílmán. 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi líkt bann á móti því, að utanríkisskip 15 lesta og þaðan af minni sè höfð til vöruflutninga hafna á milli á Íslandi og milli Íslands og konungsríkisins, eins og bann það, sem stjórninni í fyr nefndum lögum 14. aprílmán. 1865 er veitt heimild til að leysa undan með samningum við útlend ríki. Og með því að hlotizt gæti af því, ef slíkir samningar, sem gjörðir kunna að vera, ekki mættu ná til vöruflutninga milli Íslands og Danmerkur, að skip með dönsku flaggi yrðu þá af hagsmunum þeim, sem þau annars gætu orðið aðnjótandi fyrir slíka samninga, skrifaðist aðalskatta-stjórnin á við fjárstjórnina um málefni þetta, og stakk því næst uppá við dómsmálastjórnina, að hún leitaðist við að bæta úr þessum meinbugum með því að bera málið undir alþingi og koma á stað lagaboði, er lèti heimild þá, sem stjórninni er veitt í lögunum 14. aprílmán. 1865, að minnsta kosti líka ná til vöruflutninga milli Íslands og konungsríkisins. Samkvæmt þessu, og af því að dómsmálastjórninni fyrir sitt leyti virtist ástæða sú, sem aðalskattastjórnin hafði tekið fram, mæla fram með að láta heimild þessa einnig ná til vöruflutninga hafna á milli á Íslandi, og það því fremur, sem með þessari fyrir huguðu ráðstöfun að eins er stigið einu feti lengra í þá stefnu, sem gengið hefir verið í með hinum fyrri lagaboðum, sem hafa lotið að að leysa íslenzku verzlunina úr höptum þeim, sem hún hefir verið bundin — þá var fenginn konungsúrskurður um, að leggja mætti lagafrumvarp það, sem hèr er að framan, fyrir alþingi. 1868. 17. apríl.

Samkvæmt þessu var lagafrumvarpið með ástæðum lagt fyrir alþingi árið sem leið, og í þegnlegu álitsskjali[1] sínu um frumvarpið hefir þingið mælt fram með, að það verði gjört að lögum, og að eins stungið uppá tveim lítilvægum orðabreytingum í íslenzka textanum.

En með því, að lagafrumvarp þetta ekki að eins á við

[1]) Sjá Tíðindi frá alþingi 1867, II, 249.—50. bls.

1868. 17. apríl. vöruflutninga sjóleiðis hafna á milli á Íslandi, heldur einnig við slíka flutninga frá höfnum á Íslandi til hafna í konungsríkinu fram og aptur, hefir þókt nauðsynlegt að leggja frumvarpið fyrir ríkisþingið til samþykktar.

---

17. apríl. **18. Opið brèf handa Íslandi, um það, hvernig borga eigi kostnað þann, er rís af flutningi á þurfamönnum.**

Vèr Kristján hinn Níundi o. s. frv., Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til opins brèfs handa Íslandi um það, hvernig borga eigi kostnað þann, er rís af flutningi á þurfamönnum, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Þegar á að flytja þurfamenn hreppa á milli í sömu sýslu, skal sýslumaðurinn eptir reikningum þeim, er hann fær frá hlutaðeigandi hreppstjórum, og leggur sjálfur úrskurð á, jafna niður kostnaði þeim, sem gengið hefir til flutningsins, á alla hreppana í sýslunni eptir tölu tíundarbærra lausafjárhundraða hvers hrepps, og skal síðan gjalda hluta þann, sem kemur á hvern hrepp, úr fátækrasjóði hans. Sè nokkur óánægður með niðurjöfnun sýslumannsins, getur hann kært það fyrir amtmanni, og skal standa við úrskurð þann, sem hann leggur á málið. Sè kaupstaður í sýslunni, á sýslumaður að senda amtmanni skýrslu um upphæð kostnaðarins til flutningsins, áður en hann jafnar honum niður á hreppana, og skal amtmaður þá leita álits bæjarstjórnarinnar um málið og ákveða síðan, hversu mikill hluti kostnaðarins eigi að koma á kaupstaðinn, og skal því næst gjalda þenna hluta úr bæjarsjóðnum.

2. grein.

Sè þurfamaður fluttur landveg sýslna á milli eða um fleiri sýslur, skal hver sýsla um sig borga þann kostnað, sem leiðir af flutningi þurfamannsins í sýslunni. Sè þurfamaðurinn aptur

á móti fluttur sjóveg sýslna á milli, skal kostnaðinum skipt jafnt niður á sýslur þær, sem í hlut eiga. Þeim hluta kostnaðarins, er kemur á hverja sýslu, skal síðan skipt niður á sveitirnar samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 1. grein. 1868. 17. apríl.

3. grein.

Þetta opna brèf öðlast lagagildi 1. júlímán. 1868, og skal næstsíðasti liður 8. greinar í reglugjörð 8. janúarmán. 1834 frá því úr lögum numinn.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað, Kaupmannahöfn 17. dag aprílmánaðar 1868.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Samkvæmt konungsúrskurði 31. maímán. 1867 var lagt fyrir alþingi það ár frumvarp til opins brèfs um það, hvernig borga eigi kostnað þann, er rís af flutningi á þurfamönnum; er frumvarp þetta með ástæðum stjórnarinnar fyrir því prentað í Tíðindum frá alþingi 1867 II, 154.—158. bls. og álitsskjal þingsins til konungs á 381.—387. bls. Í álitsskjali þessu biður þingið um, að frumvarpið fái lagagildi með þeim breytingum, er nú skal greina:

1, að fyrir orðin í 1. grein: „eptir efnahag þeirra og öðrum ástæðum" komi: „eptir tölu tíundarbærra lausafjárhundraða hvers hrepps".

2, að 2. grein verði þannig orðuð: „Nú er þurfamaður fluttur sýslna á milli eða um fleiri sýslur, og skal kostnaðinum jafnað niður á þær, hverja um sig, sem fyrir er mælt í 1. grein";

3, að sett verði inn í 3. grein: „1. júlímán. 1868".

Í álitsskjali sínu um málefni þetta lagði konungsfulltrúi fram með, að breytingin, sem til er færð í 1. tölulið, væri tekin til greina, með því að hún setti nýtilega reglu, er stemmir stigu fyrir að nokkur sèrdrægni geti komið fram í niðurjöfnuninni, og þar á ofan verði það auðveldara fyrir sýslumennina í hverju

1868. 17. apríl.

einstöku tilfelli að fara eptir henni. Dómsmálastjórnin áleit ekki heldur fyrir sitt leyti, að næg ástæða væri til að vera mótfallinn breytingu þessari, þó að hún stundum verði orsök í, að einstakir hreppar verði hart úti, en hjá því hefði mátt komast, ef reglu frumvarpsins hefði verið haldið, sem var tekin eptir bænarskrá þeirri, er alþingi sendi stjórninni árið 1865, og sem þingið virtist hafa fallizt á. Konungsfulltrúi hafði ekki heldur neitt að finna að breytingunni, sem til er færð í 2. tölulið, þar sem hún að hans hyggju mundi sporna við ósanngirni, er gæti komið fram samkvæmt reglu frumvarpsins, þegar þurfamaður er fluttur um aðra sýsluna endilanga og að eins um stuttan spöl í hinni sýslunni. En af því að 2. grein, eins og alþingi hefir stungið uppá að orða hana, er miður heppilega orðuð, stakk konungsfulltrúi uppá að breyta henni svo, að hún tæki hugsun alþingis ljósar fram. Þegar dómsmálastjórnin lagði málið fyrir konung, sagði hún um þessa breytingu, að hvaða reglu sem svo væri farið eptir, þyrfti ekki að hugsa til, að kostnaðinum yrði skipt svo niður, að fullkominn jöfnuður yrði, og að því leyti hefði regla sú, er alþingi hefði stungið uppá, ekki neitt fram yfir reglu stjórnarfrumvarpsins. Sem ljóst dæmi uppá þetta, mætti benda á það tilfelli, að flytja ætti þurfamann úr austasta hrepp í Rangárvallasýslu í syðsta hrepp í Suðurmúlasýslu. Samkvæmt reglu alþingis ætti Skaptafellssýsla, sem þurfamaðurinn verður að fara um endilanga, en það er meira en 6 þingmannaleiðir, í þessu tilfelli að greiða næstum allan flutningskostnaðinn, en hinar sýslurnar aptur á móti, sem þó eru mest við málefnið riðnar, Rangárvallasýsla, af því að hún kemur af sèr þurfamanninum, og Suðurmúlasýsla, af því að hann á þar sveit, komast af með að gjalda lítilræði, er engu nemur. En af því að hèr er að eins um þau gjöld að ræða, er ekki dregur neitt talsvert um, og sjaldan koma uppá, og þar á ofan verða þeim mun síður tilfinnanleg, sem ætlazt er til að þeim skuli skipt niður á tvö eða fleiri stór hèruð (sýslurnar), virtist í sjálfu sèr ekki vera mikið undir því komið, eptir hvaða reglu farið væri. En það er annar og verulegri anmarki á uppástungu alþingis, það er að segja sá, að regla

sú, sem hún fylgir fram, að stjórnarráðsins hyggju ekki verður notuð, þegar svo stendur á, að þurfamaður er fluttur sjóleiðis, sumpart vegna þess, að orðin „um fleiri sýslur" eiga við landflutning, sumpart vegna þess, að það getur ekki verið umtalsmál að draga takmarkalínu milli sýslna úti á sjó. Ef að menn þannig hafa fyrir augum dæmi það, sem tekið var fram við umræðurnar á alþingi, að þurfamaður sè fluttur úr Reykjavík sjóveg uppá Akranes í Borgarfjarðarsýslu, eða, eins og ekki er óhugsandi, úr Reykjavík sjóveg norður á Akureyri, þá virðist lagafrumvarpið, eins og alþingi hefir orðað það, ekki hafa neina reglu inni að halda um það, hvernig eigi að jafna kostnaðinum niður, þegar svona stendur á. Af því mundi leiða, að þó að flutningur sjóleiðis sè bæði miklu fljótlegri og ódýrari, mundi það ekki verða notað, heldur mundu menn halda áfram eins og hingað til að flytja þurfamennina landveg hrepp úr hrepp. Ef að því fallizt er á þessa breytingu, en dómsmálastjórninni virtist ekki vera ástæða til að vera henni mótfallin, þá er nauðsynlegt að bæta við ákvörðun um, hvernig eigi að jafna kostnaðinum niður þegar þurfamaður er fluttur sjóveg, og af því að regla sú, sem alþingi stakk uppá, á ekki við þau tilfelli, þókti rèttast að halda reglunni í stjórnarfrumvarpinu um það, þannig, að kostnaðinum sè skipt til jafnaðar á sýslur þær, sem í hlut eiga. Að endingu skal þess getið, að ekkert þókti því til fyrirstöðu að lagaboðið fengi gildi 1. júlímán. 1868, eins og alþingi hafði stungið uppá.

1868. 17. apríl.

---

19. Brèf dómsmálastjórnarinnar til Deildar hins íslenzka bókmenntafèlags í Kaupmannahöfn, um styrk til að gefa út Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands.

20. apríl.

Samkvæmt brèfi dómsmálastjórnarinnar 23. aprílmán. 1864 skal það hèr með kunngjört Deild hins íslenzka bókmenntafèlags í Kaupmannahöfn, að stjórnarráðið hefir veitt fèlaginu

1868. 20. apríl. 150 rd. styrk til að halda áfram að gefa út „Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands", og hefir í dag verið hlutazt til, að fé þetta verði greidt fèhirði deildarinnar, Stephensen etazráði, úr aðalfèhirzlu ríkisins.

---

1. maí. **20. Samningur milli dómsmálastjórnarinnar og hins sameinaða gufuskipafèlags, um gufuskipsferðir milli Kaupmannahafnar, Færeyja og Íslands.**

1. grein.

Vèr undirskrifaðir, „hið sameinaða gufuskipafèlag", skuldbindum oss til að hafa í förum sem póstskip milli Kaupmannahafnar, Færeyja og Íslands, skrúfugufuskip úr fyrsta flokki gufuskipa, sem sè að stærð hèrumbil 400 enskar lestir, og láta það fara árið 1868 fimm, og annars á ári hverju sex, ferðir milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur, samkvæmt reglum þeim, er nákvæmar verða settar hèr í þessum samningi, og skal ferðum þessum hagað eptir áætlun, er gufuskipafèlagið semur fyrir hvert ár, og dómsmálastjórnin eða yfirvald það, er að því leyti kynni að koma í hennar stað, samþykkir. Sè ekki alkunnir viðburðir í náttúrunni því til fyrirstöðu, má aldrei ákveða, að fyrsta ferðin frá Kaupmannahöfn skuli byrjuð seinna en 1. marzmánaðar.

2. grein.

Skipið skal á hverri ferð koma við báðar leiðirnar í Þórshöfn og á Vestmannaeyjum, til að skila af sèr og taka við póstbrèfum og farþegum, á Vestmannaeyjum samt því að eins, að engin töf orsakist af því, og því verði komið við eptir áliti skipstjóra; enn fremur skal komið við báðar leiðirnar á Berufirði eða Eskifirði, á báðum stöðum samt því að eins, að því verði við komið. Geti skipið ekki hættulaust lagt inn í Reykjavík, annaðhvort sökum storma eður annara óumflýjanlegra hindrana, skal skila póstsendingunum í Hafnarfirði, og skulu

þær þá á kostnað stjórnarinnar fluttar þaðan til Reykjavíkur. 1868.
Að öðru leyti er útgjörðarmönnum heimilt, bæði á leiðinni til 1. maí.
Íslands og þaðan aptur, að koma við á öðrum stöðum, svo og að koma við annarstaðar á Íslandi en í Reykjavík.

3. grein.

Á hverri leið skal ætlað nægilegt rúm handa póstsendingunum til Færeyja og Íslands og þaðan aptur.

Allt til þess að komið verður á burðareyri undir póstsendingar annaðhvort til Færeyja eða Íslands, skal sem póstsendingar að eins talið: konungleg erindismál, sendibréf og blöð, en aptur á móti eru bögglar samningi þessum óviðkomandi, og skal að eins tekið við þeim fyrir borgun eptir verðlagi, sem útgjörðarmennirnir setja.

Frá því að búið er að koma á burðareyri, skal enn fremur telja með póstsendingum peninga og böggla allt að 5 punda þunga.

4. grein.

Kostnaðurinn til að flytja póstsendingarnar af skipi og á skal vera gufuskipafèlaginu óviðkomandi.

Í Kaupmannahöfn skal hin íslenzka stjórnardeild eða hvert það yfirvald, er að því leyti kann að koma í hennar stað, látin vita að minnsta kosti með 8 daga fyrirvara, hvenær skipið á að fara af stað; svo skal og skipstjóri, ekki seinna en sólarhring eptir að hann er kominn til Reykjavíkur, gefa hinum æðsta embættismanni þar, sem í hlut á, áþekka vísbendingu, og eiga yfirvöld þessi þá að sjá um, að póstsendingarnar sè komnar út á skipið á hinum tiltekna tíma.

Þar á móti skulu póstsendingarnar komnar út á skip í Þórshöfn og á Berufirði, eða Eskifirði ef til þess kemur, innan þriggja stunda eptir að skipið er þangað komið, án nokkurrar sèrstaklegrar aðvörunar.

Fari svo, að skipið nokkuru sinni verði að bíða eptir póstsendingunum, skal hinu sameinaða gufuskipafèlagi greidt fyrir slíka bið 150 ríkisdalir fyrir hvern sólarhring, og eptir tiltölu fyrir skemmri tíma.

1868.
1. maí.

5. grein.

Ef að skipið ekki skyldi vera ferðbúið hèðan á þeim tímum, sem ákveðið er að það skuli fara hèðan af stað, erum vèr skuldbundnir til að láta annaðhvort sama skipið eða annað óaðfinnanlegt gufuskip fara hèðan innan hálfs mánaðar og þar að auki til að greiða bætur, eptir því sem óvilhallir menn ákveða, ef drátturinn er oss að kenna.

6. grein.

Í hvert skipti sem skipið fer frá Kaupmannahöfn til Færeyja og Íslands, skal það skylt til, ef stjórnarráðið krefst þess, að taka þrjá farþega, og á leiðinni frá Íslandi og Færeyjum eptir ósk hlutaðeigandi amtmanna tvo frá Íslandi og einn frá Færeyjum, fyrir 25 ríkisdala borgun fyrir hvern farþega til Íslands og þaðan, og 20 ríkisdala borgun fyrir hvern farþega til Færeyja og þaðan. Borgun fyrir kost er ekki með talin.

7. grein.

Á ferðunum frá Kaupmannahöfn til Færeyja og Íslands skal stjórnarráðið og hafa rètt á að ráða yfir allt að 48 enskra lesta (tons) rúmi í skipinu samtals fyrir allar ferðirnar, og skal það vera komið undir samkomulagi milli stjórnarráðsins og gufuskipafèlagsins, hversu miklu skuli tekið við í hverri ferð. En á leiðinni frá Íslandi og Færeyjum geta hlutaðeigandi amtmenn að eins ráðið yfir fjögra enskra lesta rúmi kauplaust á hverri ferð skipsins til Kaupmannahafnar, og skal amtmaðurinn á Færeyjum ætíð hafa rètt til að ráða yfir einni enskri lest að minnsta kosti.

Allt það rúm í skipinu, sem ekki er áskilið stjórninni eptir því, sem nú var sagt, getur fèlagið notað sjálft, þó svo, að skipið sè lètt og haganlega hlaðið og yfir höfuð að tala svo, sem hentast er á þeim tíma ársins, er hver ferð er farin. Stjórnarráðið eða áður nefndir amtmenn eiga ekki með að leigja burt neitt af rúmi því í skipinu, sem þeim er áskilið, þar á móti skal fèlaginu heimilt að hagnýta það af rúmi þessu, sem ekki er notað í þarfir hins opinbera.

8. grein.

1868. 1. maí.

Afferma skal og ferma á svo hentugum stað, sem við má koma, og ber skipstjóra að gæta vandlega póstsendinganna; hann skal og gæta þess, að skipverjar fari svo varlega, sem vera ber, með vörur þær og góz, sem flytja skal á skip og af og stjórnarráðið sendir eða nokkurt annað af yfirvöldum þeim, sem nefnd eru í næstu grein, svo að ekkert skemmist fyrir hirðulausa meðferð.

9. grein.

Skipsleigan fyrir allar ferðirnar á ári hverju er 15,000 ríkisdalir ríkismyntar. Fyrir árið, sem nú er að líða, fær félagið 15,000 rd. fyrir að flytja póstsendingarnar, en þó skal draga þar frá kostnað þann, sem stjórnarráðið hefir af að láta Fyllu fara með póstsendingarnar fyrstu ferðina, en samt því að eins, að hann ekki fari fram úr 2,500 ríkisdölum. Skipsleigan skal borguð með ávísunum á aðalfèhirzlu ríkisins eptir tiltölu fyrir hverja ferð, er skipið er komið aptur til Kaupmannahafnar. Við lok hverrar ferðar skal einnig endurgjalda gufuskipafèlaginu lestagjald það, sem það eptir framlögðum reikningi hefir orðið að greiða fyrir skipið bæði hèr og á Færeyjum.

10. grein.

Týnist skipið eða verði það fyrir haftjóni, skal um það farið eptir lögum og venju.

11. grein.

Beri slík tilfelli að höndum, að skipinu sè hætta búin að verða fyrir óskunda sökum ófriðar, skal annaðhvort láta af ferðunum um stundarsakir, eða stjórnarráðið tekur þá að sèr að ábyrgjast alla hættu fyrir slíkum óskunda, eða endurgeldur gufuskipafèlaginu gjaldið fyrir ábyrgð á honum.

12. grein.

Fararsamningur þessi gildir um 5 ár, þangað til 31. desembermán. 1872; þó áskilja sèr báðir málspartar, er samninginn gjöra, að segja honum upp innan 31. desembermán. á hverju ári, og er það vitaskuld, að skuldbinding stjórnarráðsins

1868. 1. maí. er undir því komin, að ríkisþingið veiti fé það, sem þörf er á.

Þannig skrifað í tvennu lagi í dómsmálastjórninni 1. dag maímánaðar 1868.

Dómsmálastjórnarherrann
Th. Rosenörn-Teilmann.

Sem útgjörðarmenn,
fyrir hönd hins sameinaða gufuskipafèlags.
C. P. A. Kock,
framkvæmdar-forstjóri.

---

11. maí. **21. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um umburðarbrèf frá aðalskattastjórninni áhrærandi skipamælingar.**

Um leið og yður, herra stiptamtmaður (amtmaður), eru send 3 exemplör af umburðarbrèfi frá aðalskattastjórninni dagsettu 7. septembermán. f. á. áhrærandi skipamælingar, eruð þèr beðnir um að senda bæjarfógetanum í Reykjavík og sýslumanninum á Vestmannaeyjum (sýslumanninum í Snæfellsnessýslu og bæjarfógetanum á Ísafirði) (bæjarfógetanum á Akureyri og sýslumanninum í Suðurmúlasýslu) sitt exemplarið hvorum, og jafnframt sèr í lagi að leiða athygli þeirra að ákvörðunum þeim, sem settar eru í greinunum *l* og *m* í umburðarbrèfinu, að því er snertir reikninginn á gjaldinu fyrir íslenzk leiðarbrèf.

Fylgiskjal.

l. Um það, hvernig breyta eigi tons-rúmmáli í kaupskipalesta-rúmmál.

a. Þegar á að reikna út gjöld af skipum, skal breyta hundraðabrotum tons-rúmmálsins í brot úr tons á þann hátt er nú segir:

Öll hundraðabrot, sem eru minni en $^{26}/_{100}$ úr ton, skulu felld burtu (samt skal hundraðabrotunum haldið, þegar um mjög litla báta er að ræða, sem eru minni en $^{26}/_{100}$ úr ton að rúmmáli); frá $^{26}/_{100}$ að $^{75}/_{100}$ úr ton skal talið $^1/_2$ ton, og $^{76}/_{100}$ og þaðan af meira talið heill ton.

b. Ávallt þegar verður að breyta tons-rúmmálinu í samsvarandi kaupskipalesta-rúmmál til þess að reikna út skipagjald, en það er gjört þannig, að tons-rúmmálinu er skipt með 2, skal breyta hundraðabrotinu, er þá kemur fram, í brot úr lest, á þann hátt er nú segir:

1, þegar rúmmálið fer ekki fram úr 10,00 lestum, skulu öll hundraðabrot, sem eru minni en 0,13, felld burtu; frá 0,13 að 0,37, að báðum meðtöldum, talið $^1/_4$ úr lest; frá 0,38 að 0,62, að báðum meðtöldum, $^1/_2$ lest; frá 0,63 að 0,87, að báðum meðtöldum, $^3/_4$ úr lest; og 0,88 og þaðan af meira talið heil lest.

2, þegar aptur á móti rúmmálið verðar meira en 10,00 lestir, skulu þau hundraðabrot, sem eru minni en 0,26, felld burtu; frá 0,26 að 0,75 talið hálf lest; og 0,76 og þaðan af meira talið heil lest.

---

m. Um að breyta rúmmáli útlendra skipa í danskt tons-rúmmál.

Þegar svo ber til, að útlend skip ekki eru mæld, skal tons-rúmmálið fundið á þann hátt, að rúmmáli útlendu skipanna, eins og það er samkvæmt skýrteinum þeim (skrásetningar-skýrteini, mælingarbréf, leiðarbréf eða annað samsvarandi skjal), sem skipið hefir heimanað, og heimta verður að sýnd séu, skal breytt í danska tons. Sé skorazt undan því, skal mæla skipið eptir vanalegum reglum, og eins skal það ávallt gjört, þegar skipstjóri krefst þess.

Samkvæmt rannsóknum þeim, sem gjörðar hafa verið í því efni, skal danskur ton fyrst um sinn álitinn jafn:

1868. 11. maí.

1,00 enskum *tons register* á enskum skipum yfir höfuð að tala;
1,00 ameríkönskum (í bandafylkjunum) *tons register* á skipum frá Norðurameríku yfir höfuð að tala;
1,00 frakkneskum *tonneaux registre* á frakkneskum skipum yfir höfuð að tala;
1,00 spönskum *tonnelades* á spönskum skipum yfir höfuð að tala;
1,00 grískum *tonnes* á grískum — — — - —
1,05 belgiskum *tonneaux* á belgiskum — — — - —
1,10 ítölskum *tonelate* á ítölskum — — — - —
1,20 portúgölskum *tonelades* á portúgölskum — — — - —
1,22 austurríkskum *tonnen* á austurríkskum — — — - —
1,05 hollenzkum *tonnen* eða
0,55 — lestum á hollenzkum — — — - —
0,52 rússneskum og finnskum lestum á rússneskum — — — - —
0,33 sænskum nýjum lestum á sænskum seglskipum — — - —
0,25 — — — - gufuskipum fyrir farþega — — - —
0,48 norskum kaupskipalestum á norskum skipum — — - —
0,67 prússneskum skipalestum á prússneskum — — — - —
0,45 hannóverskum kaupskipalestum á skipum frá Hannover — — - —
0,51 slèsvíkskum og holsteinskum kaupskipalestum á skipum frá Slèsvík og Holtsetalandi — — - —
0,38 meklenborgskum lestum á meklenborgskum skipum — — - —
0,65 oldenborgskum eða brimskum skipalestum á oldenborgskum eða brimskum skipum — — - —
0,42 hamborgskum skipalestum á hamborgskum skipum — — - —
0,60 lýbekkskum skipalestum á lýbekkskum skipum — — - —

22. Brèf íslenzku stjórnardeildarinnar til fiskiveiðafèlagsins í Mandal, um ýmsa skilmála fyrir síldarveiðum þess á Íslandi.

1868. 16. maí.

Í brèfi dagsettu 7. marzmán. þ. á. hefir fiskiveiðafèlagið í Mandal skýrt frá, að það ætli sèr að stunda fiskiveiðar við Ísland, og sèr í lagi síldarveiðar, og á þann hátt, að einn af hlutareigendum fèlagsins öðlist borgararètt á Íslandi og taki sèr þar bólfestu, að maður þessi fari með eitt eða tvö norsk skip, er eptirleiðis verði gjörð að danskri eign, til að hafa ásamt með minni bátum til fiskiveiðanna, að áformað sè að flytja á norskum skipum tunnur, salt og áhöld handa saltbúðunum eingöngu til afnota í þarfir fiskiveiðanna, og þannig, að skip þessi ekki verði höfð til neinna fiskiveiða, nè heldur fiskur verði verkaður í þeim, og hefir fèlagið þar á ofan spurt um:

1, hvort að útlend skip þurfi, til þess að verða dönsk eign, að útvega sèr fyrir fram þjóðernis-skýrteini í Danmörku, eða hvort það fáist á Íslandi;

2, hvort norskt skip megi, er það hefir keypt íslenzkt leiðarbrèf þar sem þau fást á Íslandi, sigla þaðan með farm sinn, tunnur, salt og áhöld til fiskiveiða og afferma annarstaðar, þar sem saltbúðirnar eru reistar, eða yfir höfuð að tala hvar svo sem menn vilja afferma, og hvort það skip megi ferma fiskinn verkaðan frá saltbúðunum; og

3, hvort annars nokkuð muni vera því til fyrirstöðu, að fèlagið reki iðn sína á þann hátt, sem að framan er á vikið.

Nú er vèr höfum skrifað aðalskattastjórninni um þetta málefni, og vèr höfum fengið svar frá henni, dagsett 13. þ. m., skulum vèr svara spurningunum hèr að framan á þessa leið:

Um 1. spurningu. Ráðstafanir þær, sem með þarf til þess að veita útlendu skipi danskan þjóðernisrètt, má gjöra allt eins vel á Íslandi og í Danmörku, en að öðru leyti hefir aðalskattastjórnin, sem hefir á hendi úrslit slíkra málefna, tekið fram, að ef að hlutafèlagið ekki verði álitið eiga heima á

1868. 16. maí. Íslandi, þá verði það ekki leyft samkvæmt akvörðunum þeim, er áður giltu um þetta efni í konungsríkinu og enn gilda um það á Íslandi, að skip þau, sem fèlagið á, megi sigla með dönsku flaggi, og að það í öllu falli mundi koma í bága við ákvarðanir þær, sem settar eru fyrir konungsríkið í skrásetningarlögum 13. marzmán. þ. á. 1. grein, en þessi ákvörðun verður einnig gild á Íslandi, undir eins og búið er að lögleiða skrásetningarlögin á Íslandi, eins og gjört er ráð fyrir í 30. grein.

Um 2. spurningu. Það er ekkert því til fyrirstöðu, þegar útlent skip er búið að kaupa íslenzkt leiðarbrèf, að það þá komi með farm sinn við á löggiltum verzlunarstöðum á Íslandi, leggi hann upp og taki annan farm, en aptur á móti er ekki nein almenn heimild í íslenzkum lögum til að sigla upp aðrar hafnir á Íslandi en hin löggiltu kauptún, til þess að bera þar vöru upp eða út, smbr. Opið brèf 19. maímán. 1854, er fylgir hèr með.

Um 3. spurningu. Stjórnardeildin fær ekki sèð, að neitt sè að öðru leyti því til fyrirstöðu, að fiskiveiðafèlagið hagi sèr í tèðu efni á þann hátt, sem það hefir vikið á.

---

6. júní. **23. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um skuld Höfða kirkju til bús síra Ólafs Þorleifssonar.**

Með brèfi dagsettu 28. marzmán. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, sent hingað bænarskrá frá síra Gunnari Ólafssyni, sóknarpresti að Höfða í Þingeyjarsýslu í norður- og austurumdæminu á Íslandi, og Guðrúnu Jónasdóttur, ekkju föður hans og formanns í brauðinu, síra Ólafs Þorleifssonar, og fylgdi álitsskjal hlutaðeigandi prófasts með bænarskránni; sækja þau þar um, að sèr sem erfingjum síra Ólafs Þorleifssonar, formannsins í brauðinu, verði endurgoldið

smátt og smátt af hinum árlegu tekjum Höfða kirkju 336 rd. 93 sk. skuld, sem síra Ólafur átti hjá kirkjunni, útaf því, að hann árið 1862, skömmu áður en hann dó, hafði látið reisa þar timburkirkju af nýju. Og hafið þèr lagt til með, samkvæmt uppástungu prófastsins, að beiðendunum verði endurgoldnir af tekjum kirkjunnar allt að 150 rd. af skuldinni, og að upphæð þessi verði smátt og smátt færð til sem gjald í ársreikningum kirkjunnar, þannig, að prófastur ákveði eptir tilliti til hinna nauðsynlegu gjalda kirkjunnar, hversu mikið skuli endurgoldið á hverju ári. 1868. 6. júní.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að stjórnarráðið eptir atvikum ekki er mótfallið tillögum yðar í þessu efni.

---

24. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lán handa Reykjavíkur kaupstað til vegagjörðar. 12. júní.

Í brèfi dagsettu 5. febrúarmán. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, beiðzt samþykkis dómsmálastjórnarinnar til þess, að þèr samkvæmt bænarskrá frá bæjarstjórninni í Reykjavík til stiptamtsins hafið leyft, að taka megi að láni handa bæjarfèlaginu allt að 400 rd. með þeim kjörum, að í næstu 28 ár verði borgaðir 24 rd. á ári, bæði sem vextir af láninu og uppí innstæðuna, þannig, að það að þeim tíma liðnum verði alborgað; er svo til ætlazt, að láni þessu verði varið til þess að gjöra veg um jörðina Hlíðarhús, sem er eign kaupstaðarins, og líka til þess, að gjöra ýmsar endurbætur á tèðri jörð, svo að þar megi úthluta lóðum til húsabygginga, sem svo mikill skortur er á í bænum. Og hafið þèr takið fram í þessu efni, að einu leytinu að þessi ráðstöfun sè ekki að eins íbúum kaupstaðarins, sem nú eru, í hag, heldur einnig niðjum þeirra, og að þar á ofan sè búið að taka 800 rd. á fjárhagsáætlun bæjarfèlagsins

1868. 12. júní. fyrir þetta ár til vegabóta, að öðru leytinu, að málefnið hafi þurft bráðra úrslita, þar sem bæjarstjórnin var búin að setja vegargjörðina til uppboðs, meðal annars uppá þann skilmála, að hún skyldi af hendi leyst innan 15. júlímán. þ. á.

Um þetta skal yður kunngjört yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið hèr með fellst á aðgjörðir yðar í þessu efni.

---

15. júní. **25. Útdráttur úr brèfi dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um aukaútsvar kaupmanns á Akureyri.**

Í brèfi 6. júlímán. f. á. beiddist dómsmálastjórnin álits yðar, herra amtmaður, um brèf frá bæjarfógetanum á Akureyri, er hingað hafði borizt beina leið, þar sem hann, útaf því að Popp kaupmaður hafði tekið sèr bólfestu í kaupstaðnum sem verzlunarmaður, skömmu eptir að búið var að jafna niður aukaútsvarinu fyrir fardagaárið 1866—67, biður um úrskurð stjórnarráðsins um, hvort að bæjarfulltrúarnir í tèðum kaupstað eigi með að jafna útsvari til fátækra á þá, sem taka sèr bólfestu í bænum, eptir að hinni almennu niðurjöfnun er aflokið, og ber sig sumpart upp undan því, að þèr hafið skorazt undan að leggja úrskurð á málefni þetta, — — — — — — — — —. Nú hafið þèr, herra amtmaður, skýrt frá í brèfi 14. aprílmán. þ. á. að bæði sè það, að spurningu þeirri, sem greindur embættismaður hefir borið upp, verði ekki svarað á þann hátt, að gefin sè regla, er eigi við öll tilfelli, heldur verði í hvert skipti að fara eptir öllum atvikum, sem að liggja, og að þèr heldur ekki hafið getað lagt úrskurð á það tilfelli, sem hèr ræðir um, þar sem yður var ókunnugt um efnahag Popps kaupmanns og ástæður yfir höfuð að tala — — — —.

Um þetta skal yður, hvað málefnið sjálft snertir, til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að það liggur beinlínis í eðli álaganna til bæjar- og sveitarþarfa,

og í aðferðinni við niðurjöfnun slíkra gjalda, að það getur ekki verið umtalsmál að setja menn, sem koma í bæinn eða sveitina, eptir að hinni almennu árlegu niðurjöfnun er aflokið, sèrstaklega í skatt, og skylda þá þannig til þess að greiða tillag til bæjar- eða sveitargjaldanna —. 1868. 15. júní.

26. Brèf dómsmálastjórnarinnar til Jóns Sigurðssonar skjalavarðar, um styrk handa jarðyrkjumanni. 16. júní.

Yður skal hèr með kunngjört, að dómsmálastjórnin samkvæmt bænarskrá yðar 16. f. m. hefir veitt Ólafi Björnssyni frá Staðarbakka í Húnavatnssýslu í norður- og austurumdæminu á Íslandi, sem nú er á landbúnaðarskóla í Noregi, 100 rd. styrk í viðbót, til þess að ljúka af námi sínu á skóla þessum, og skal því við bætt, að hèðan er hlutazt um, að yður verði borgað fè þetta úr aðalfèhirzlu ríkisins.

27. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir lækningu á franzós. 19. júní.

Með brèfi 30. marzmán. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað skjal nokkurt frá sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu, þar sem farið er fram á, að greiða megi úr jafnaðarsjóði suðuramtsins kostnað þann, er gengið hefir til að lækna mann, sem hefir legið í franzós í sjúkrahúsinu í Reykjavík, og hafið þèr beiðzt úrlausnar dómsmálastjórnarinnar um, hvort að eigi að greiða kostnað þenna úr tèðum sjóði, eða að leitast við að fá hann endurgoldinn hjá sjúklingnum sjálfum og, ef til þess kemur, hjá framfærsluhreppi hans.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar

1868. 19. júní. og frekari framkvæmda, að kostnað þann, sem orsakazt hefir af þessu, ber að greiða úr jafnaðarsjóði þeim, sem í hlut á.

---

20. júní. **28. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skipti á Víðidalsfjalli fyrir Fremstagil.**

Með brèfi 27. febrúarmán. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað skjal nokkurt frá Ásgeiri Einarssyni, eiganda þingeyraklausturs í Húnavatnssýslu, þar sem hann lýsir yfir, að hann gangi að því að hafa jarðaskipti á Víðidalsfjalli, eign ríkissjóðsins, og jörðinni Fremstagili í Langadal eða annari jafngóðri jörð, með 20 hundraða dýrleika, sumpart með skilmálum þeim, sem settir eru í brèfi dómsmálastjórnarinnar til amtsins 24. aprílmán. f. á., það er að segja, að ef svo kynni að fara, að ríkissjóðurinn gæti ekki heimilað honum landið fyrir þá sök, að álitið er í dómi landsyfirrèttarins á Íslandi 11. aprílmán. 1859, að nokkrar af þingeyraklausturs umboðsjörðum eigi tilkall til selstöðu í Víðidalsfjalli, þá skuli skaðabæturnar fyrir heimildar-skortinn vera í því fólgnar, að jarðaskiptin rjúfist, án þess að gjört verði tilkall til neins peningagjalds úr ríkissjóðnum, sumpart með því skilyrði, að þegar ábúandaskipti verða á greindum umboðsjörðum, þá skuli með berum orðum tekið fram í byggingarbrèfum hinna nýju leiguliða, að þeir megi ekki hafa í seli í fjallinu.

Útaf þessu eruð þèr beðnir, herra amtmaður, að gjöra ráðstafanir þær, sem með þarf, til þess að framkvæma jarðaskipti þessi með kjörum þeim, sem að framan er á vikið, og vonumst vèr á síðan eptir skýrslu frá yður um það, sem gjörist í þessu efni. — Eitt fylgiskjal er sent aptur.

---

29. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um styrk handa uppgjafaprestum og prestsekkjum á Íslandi.

1868. 22. júní.

Samkvæmt uppástungum yðar, háæruverðugi herra, er bárust stjórnarráðinu með brèfi yðar 22. f. m., um það, hvernig úthluta skuli þeim 500 rd., sem veittir voru í fjárlögum þessa fjárhagsárs til styrks handa fátækum uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi, hefir stjórnarráðið veitt þeim, er nú skal greina, styrk þann, sem tilfærður er við hvern prest og prestsekkju um sig:

Uppgjafapresti	Guðlögi Sveinbjarnarsyni frá Hvammi	15 rd.
—	Sveinbirni Sveinbjarnarsyni frá Staðarhrauni	55 —
—	Jóni Sigurðssyni frá Söndum	60 —
—	Stefáni Hanssyni á Valstrítu	15 —
Prestsekkju	Helgu Jónsdóttur	30 —
—	Helgu Guðmundsdóttur	10 —
—	Salbjörgu Jónsdóttur	20 —
—	Helgu Arnfinnsdóttur	5 —
—	Guðrúnu Vernharðsdóttur	15 —
—	Oddnýju Ingvarsdóttur	20 —
—	Þóru Auðunardóttur	20 —
—	Elínu Einarsdóttur	30 —
—	Marenu Havstein	10 —
—	Guðbjörgu Aradóttur	10 —
—	Valgerði Einarsdóttur	5 —
—	Guðríði Helgadóttur	10 —
—	Sigríði Jónsdóttur	10 —
—	Guðlögu Guttormsdóttur	10 —
—	Guðrúnu Ingvarsdóttur	20 —
—	Guðnýju Jónsdóttur	15 —
—	Solveigu Markúsdóttur	10 —
—	Kristínu Eiríksdóttur	12 —
—	Þorbjörgu Jónsdóttur	18 —
—	Margrètu Narfadóttur	40 —

1868. Prestsekkju Guðlögu Eiríksdóttur . . . . . 15 rd.
22. júní. — Guðrúnu Jónsdóttur . . . . . 10 —
— Þórunni Ásgrímsdóttur . . . . . 10 —

Þetta skal yður hèr með til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það þeim, sem hlut eiga að máli, og um leið og vèr vísum til brèfs stjórnarráðsins 15. júlímán. 1865, skal því við bætt, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

---

22. júní. **30. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um borgun láns, er Grunnavíkur hreppur hafði fengið.**

Með brèfi 17. febrúarmán. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað álitsskjal frá sýslumanninum í Ísafjarðar sýslu, um borgun láns þess, 100 rd. að upphæð, sem Grunnavíkur hreppur hefir fengið úr hinum íslenzka styrktarsjóði til þess að kaupa korn fyrir, og er þar látið mjög illa yfir ástandinu í tèðum hrepp. Hafið þèr getið þess, að þèr fyrir yðar leyti sèuð mjög vonardaufur um, að hreppurinn geti borgað nokkuð uppí lán þetta, meðan ástandið þar batnar ekki, og að yður því sè næst geðið að leggja til með, að skuldin sè gefin hreppnum upp, en, ef að ekki verður fallizt á þessa uppástungu yðar, hafið þèr lagt fram með, að hreppurinn verði leystur undan að gjalda vexti af láninu, með því skilyrði, að hann borgi það aptur á 10 árum, töldum frá 1. janúarmán. 1869, tíunda hluta á hverju ári.

Útaf þessu skal yður kunngjört yður til leiðbeiningar og til þess að þèr gjörið ráðstafanir þær, sem með þarf, að stjórnarráðið sèr sèr ekki fært að gefa Grunnavíkur hrepp skuldina upp, eða að leysa hann undan að borga vexti af henni, en að hreppnum þar á móti skal veittur gjaldfrestur fyrst um sinn í 5 ár með að borga uppí innstæðuna með því skilyrði, að vextir

sèu borgaðir af henni, 4 af 100 á ári, talið frá 1. janúarmán. 1868. 1868, og eruð þèr, herra amtmaður, beðnir um, þegar þar að 22. júní. kemur, að koma fram með nýja uppástungu, hvernig skuli kveða á um borgun skuldarinnar smásaman.

---

31. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um sölu á Hlíðarhólma, eign Sauðanes kirkju. 23. júní.

Nú er kirkju- og kennslustjórnin hefir borið upp fyrir konungi málefni það, sem um er rædt í brèfi yðar, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, 16. marzmán. þ. á., hefir hans hátign þóknazt samkvæmt uppástungum stjórnarráðsins allramildilegast að fallast á, 12. þ. m., að hólmi nokkur, sem Sauðanes kirkja í Þingeyjarsýslu í norður- og austurumdæminu á Íslandi á, og kallaður er Hlíðarhólmi, og liggur í stöðuvatni rètt hjá bænum Hlíð í Þingeyjarsýslu, megi seljast, og að Torfi bóndi Illugason, sem á jörðina Hlíð, megi fá hann til kaups fyrir 600 rd., og að stiptsyfirvöldunum á Íslandi sè boðið að annast um, að upphæð þessi verði gjörð arðsöm annaðhvort á þann hátt, að keypt sèu fyrir hana ríkisskuldabrèf, er hljóði uppá nafn Sauðanes kirkju, eða hún sè lánuð móti veði í fasteign með fyrsta veðsetningarrètti og fyrir 4 af 100 í vexti.

Þetta skal yður hèr með til vitundar gefið, til þess að þèr kunngjörið það og gjörið ráðstafanir þær, sem með þarf.

---

32. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um sölu á Brimnesi, eign Eyða prestakalls. 23. júní.

Samkvæmt þegnlegum uppástungum kirkju- og kennslustjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknazt allramildi-

1868. 23. júní. legast að fallast á, 12. þ. m., að Flóvent Halldórsson, leiguliði á Brimnesi í Seyðisfjarðar hrepp, eign Eyða prestakalls í Norður-múlasýslu í norður- og austurumdæminu á Íslandi, megi fá jörð þessa til kaups fyrir 2500 rd., þannig, að 1500 rd. af andvirðinu verði borgaðir um leið og kaupbréfið er af hendi látið, og að þeir 1000 rd., sem eptir eru, standi óborgaðir móti veði í jörðinni með fyrsta veðsetningarrètti og 4 af 100 í vexti á ári, og með því skilyrði, að undanþága sú frá skattgjaldi, er jörðin hingað til hefir notið, falli burtu eptir söluna, og að stiptsyfirvöldunum á Íslandi verði boðið að annast um, að sá hluti kaupverðsins, sem borgaður verður í peningum, verði gjörður arðsamur fyrir Eyða brauð, annaðhvort á þann hátt, að keypt verði fyrir hann ríkisskuldabréf, er hljóði uppá nafn brauðsins, eða hann verði settur á leigu móti veði í fasteign.

Þetta skal yður hèrmeð til vitundar gefið, til þess að þèr kunngjörið það og gjörið ráðstafanir þær, sem með þarf.

---

23. júní. **33. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um einkennismerki handa hreppstjórunum í Eyrarsveit.**

Með brèfi 3. marzmán. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað bænarskrá ásamt álitsskjali sýslumanns um hana; fara hreppstjórarnir í Eyrarsveit í Snæfellsnessýslu þar þess á leit, að þeir verði látnir fá einkennismerki sem lögreglumenn, og marghlaupaðar skammbyssur, til þess að þeir geti sýnt frakkneskum fiskimönnum, sem hleypa inn á höfnina í Grundarfirði, sem liggur þar í sveitinni, merki uppá embættisvald sitt og líka til þess að geta varið sig, ef á þarf að halda. Hafið þèr getið þess, að yður virðist ísjárvert að leggja fram með, að hreppstjórar þessir verði látnir fá skammbyssur á opinberan kostnað, því að það kynni að leiða til blóðsúthellingar, en hins vegar beðið um, að tvö einkennismerki verði útveguð handa hreppstjórunum, þannig, að kostnaðurinn til þessa verði borgaður úr

jafnaðarsjóði amtsins, ef að ekki má gjalda hann úr ríkis- 1868.
sjóðnum. 23. júní.

Útaf þessu skal yður kunngjört yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðinu eins og yður, herra amtmaður, hlýtur að virðast ísjárvert að láta ofannefnda sýslunarmenn fá marghlaupaðar skammbyssur, eins og þeir hafa beðið um, en að vèr aptur á móti höfum eptir beiðni yðar látið útvega tvö einkennismerki handa þeim, sem lögreglumönnum, og eru þau send yður með brèfi þessu. Eruð þèr beðnir að borga í jarðabókarsjóð Íslands úr jafnaðarsjóði amtsins 9 rd. 32 sk., sem borgaðir hafa verið úr aðalfèhirzlu ríkisins fyrir einkennismerki þessi.

---

34. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um að skipum frá Belgíu og Norður-Þýzkalandi sè leyft að flytja vörur hafna á milli á Íslandi. 25. júní.

Eptir að samningar höfðu farið fram milli utanríkisstjórnarinnar, sendiherra Belgíu konungs og sendiherra hins norður-þýzka sambands við hirð hans hátignar konungsins, hefir stjórnin samkvæmt heimild þeirri, sem henni er veitt í lögum 17. aprílmán. þ. á., um að útlendum skipum verði gefinn kostur á að flytja vörur hafna á milli á Íslandi og milli Íslands og Danmerkur, veitt skipum frá Belgíu og Norður-Þýzkalandi rètt á að flytja vörur hafna á milli á Íslandi, án tillits til lestatals þeirra, og eins milli Íslands og konungsríkisins að Færeyjum meðtöldum.

Þetta skal yður hèrmeð kunngjört, herra stiptamtmaður (amtmaður), yður til leiðbeiningar, og til þess að þèr auglýsið það.

1868. 25. júní. **35. Brèf dómsmálastjórnarinnar til sýslumannsins í Suðurmúlasýslu, um borgun fyrir að flytja póstsendingar á Berufirði af skipi og á.**

Í brèfi dagsettu 3. þ. m. hafið þèr, herra sýslumaður, skýrt frá, að Weywadt verzlunarstjóri á Berufirði hafi tekizt á hendur að annast um, í hvert skipti sem gufupóstskipið hleypir þar inn á höfnina, að póstsendingarnar verði sóktar út á skip og fluttar út á skip án nokkurrar sèrstakrar þóknunar, einasta að hann fái endurgoldið það sem hann borgar fyrir flutninginn, og hafið þèr þess utan beðið um, að fá leyfi frá stjórnarráðinu til að mega borga fè það, sem til þessa gengur, og færa það til sem gjald í sýslureikningi eða póstreikningi yðar.

Útaf þessu skal yður kunngjört yður til leiðbeiningar og til þess að þèr gjörið ráðstafanir þær, sem með þarf, að stjórnarráðið fellst á, að kostnaður sá, sem til þessa gengur, verði færður til meðal gjaldanna í póstreikningi þeim, sem þèr semið á ári hverju.

---

1. júlí. **36. Brèf dómsmálastjórnarinnar til sjóliðsstjórnarinnar, um lestagjald af kolafarmi handa dönskum herskipum.**

Í brèfi dagsettu 22. f. m. hefir sjóliðsstjórnin krafizt endurgjalds á 147 rd., sem H. P. Kromann, skipherra á skipinu Zampa, hafði goldið í lestagjald af kolafarmi, er hann hafði lagt upp í Reykjavík handa skrúfu-gufuskipinu Fylla, og hefir hið heiðraða stjórnarráð tekið fram, að ákvarðanirnar um að kaupa íslenzk leiðarbrèf geti að sinni hyggju ekki átt við um þenna farm, þar sem hann eingöngu sè ætlaður handa þeim herskipum, er hafi stöðvar sínar undir Íslandi til þess að vernda rèttindi landsmanna.

Útaf þessu skal dómsmálastjórnin leyfa sèr að leiða athygli sjóliðsstjórnarinnar að því, að lestagjald það, sem skipað er fyrir um í lögunum 15. aprílmán. 1854, er ekki tekjugrein,

sem Ísland fær útaf fyrir sig, heldur rennur það í hinn almenna danska ríkissjóð og kemur að mestu leyti í stað tollgjaldsins, sem hèr er lögboðið. Að svo miklu leyti, sem hið heiðraða stjórnarráð geldur hèr toll af vörum þeim, sem fluttar eru hingað frá útlöndum og ætlaðar eru handa skipahernum, virðist dómsmálastjórninni eins mikil ástæða vera til að heimta á Íslandi lestagjald af kolafarmi, sem fluttur er þangað frá útlöndum handa herskipum þeim, er hafa stöðvar sínar við Ísland. En ef að sjóliðsstjórnin samt, eptir að hafa fengið þessar upplýsingar, heldur fram kröfu sinni um að fá upphæð þessa endurgoldna, þá mun nákvæmar verða yfirvegað, hvort dómsmálastjórnin álíti sèr heimilt eptir atvikum að láta borga aptur gjald það, sem greidt hefir verið. 1868. 1. júlí.

---

37. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir póstafgreiðslu í Austur-Landeyjum. 6. júlí.

Í brèfi 18. maímán. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að þèr, til þess að styðja að reglubundinni póstafgreiðslu milli Vestmannaeyja og meginlandsins, hafið falið síra Sveinbirni Guðmundssyni á Krossi í Austur-Landeyjum á hendur fyrst um sinn, að veita móttöku og afgreiða brèf þau, er fara milli lands og eyja, og hafið þèr þar að auki lagt til með, að honum verði veitt fyrir þenna starfa 4 rd. þóknun á ári, líkt og öðrum póstafgreiðslumönnum á Íslandi er veitt.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að stjórnarráðið hefir ekki neitt að því að finna, að síra Sveinbirni Guðmundssyni sè veitt 4 rd. þóknun á ári fyrir þenna starfa, frá 1. degi aprílmán. þ. á., og hefir landfógetanum verið skrifað í dag um, að borga fè þetta úr jarðabókarsjóðnum.

1868. 24. júlí.

38. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um framfærsluhrepp sveitarómaga.

Með brèfi dagsettu 25. aprílmán. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað skjal nokkurt, þar sem hreppstjórarnir í Rangárvallahrepp í Rangárvallasýslu skjóta til úrslita stjórnarráðsins úrskurði yðar 23. júlímán. f. á., er ákveður, að Gunnar og Kristín Einars börn skuli eiga framfæri á tèðum hrepp, og gjörir honum að skyldu að endurgjalda Dyrhólahrepp í Skaptafellssýslu fátækrastyrk þann, er stjúpfaðir barnanna Jakob Sigurðsson, sem á sveit á Rangárvallahrepp, hafði fengið þar.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að úrskurður sá, er þèr hafið lagt á málið, skal standa óraskaður[1].

---

[1]) Úrskurður sýslumannsins í Rangárvallasýslu, dagsettur 20. septembermán. 1861.

Útaf því, að eg í brèfi mínu 11. f. m. hafði mælt svo fyrir, að bráðabirgða-styrkur sá, er Jakob Sigurðsson frá Loptsölum, sem á sveit í Rangárvallahrepp, hefir fengið úr sveitarsjóð Dyrhólahrepps, skuli endurgjaldast af Rangárvallahrepp, hafa hinir heiðruðu hreppstjórar í brèfi 19. þ. m. látið það álit sitt í ljósi, að Rangárvallahreppur sè ekki skyldur að veita tèðum Jakob Sigurðssyni styrk til uppeldis stjúpbarna hans, því að samkvæmt fátækrareglugjörðinni 8. janúarmán. 1834 6. grein fylgi skilgetin börn, yngri en 16 ára, föðursins framfærslu-áthögum.

Þetta virðist mèr vera misskilningur. Reglugjörðin ræðir ekki á þeim stað, sem til er vitnað, um þau börn, sem eiga stjúpföður eður annan mann, er lögum samkvæmt er skyldur til að standa straum af þeim, og þá skyldu hefir stjúpfaðirinn við stjúpbörn sín, því að með því að giptast ekkju tekst maðurinn þá skyldu á herðar að standa straum af henni og börnum hennar eins og börnum sjálfs sín, og við það hafa ekkjan og börn hennar öðlazt sama framfærsluhrepp og maðurinn, og þegar maðurinn ekki getur fullnægt skyldu sinni að annast konu sína og stjúpbörn, hlýtur framfærsluhreppur hans að taka þessa skyldu hans að sèr. Bæði liggur þetta í hlutarins eðli og er samkvæmt anda laganna og berum orðum löggjafans, þó það ekki sè tekið fram í íslenzku fátækralöggjöfinni. Eg hlýt því hèr með að ítreka fyrirmæli mín í brèfi 11. f. m. um, að bráðabirgða-styrkur sá, er greindur Jakob Sigurðsson

39. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um lán af opinberu fè gegn veði í lausum aurum. 1868. 1. ágúst.

Í brèfi 29. júnímán. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, mælt fram með bænarskrá frá síra Þorláki Stefánssyni, sóknarpresti að Undirfelli og Grímstungu, um að fá að láni gegn veði í lausafè upphæð ríkisskuldabrèfs, er tèð prestakall á, dagsetts 12. febrúarmán. 1847, uppá 110 rd., og hafið þèr sent skuldabrèfið hingað, til þess að bann það, er áður hefir verið á það ritað um að eigi megi láta það af hendi, verði af numið.

Um leið og greint ríkisskuldabrèf er sent aptur, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að með því að veð það, sem fram er boðið, ekki er lögmætt, hlýtur stjórnarráðinu að þykja ísjárvert að veita samþykki sitt til, að lánið veitist.

---

hafði fengið úr sveitarsjóð Dyrhólahrepps, verði goldinn hreppnum aptur.

Úrskurður stiptamtmannsins yfir Íslandi dagsettur 23. júlímán. 1867.

Með þóknanlegu brèfi 2. þ. m. hafið þèr, herra sýslumaður, lagt fyrir amtið til úrskurðar kæru frá hreppstjórunum í Rangárvallahrepp, dagsetta 4. f. m., útaf úrskurði yðar 20. septembermán. 1864, er fer fram á, að tèður hreppur sè skyldur að endurgjalda Dyrhólahrepp það, sem þaðan er skotið til fyrirfram til framfærslu stjúpbarna Jakobs Sigurðssonar, sem ennþá eru of ung til að standa sjálf straum af sèr. Sem ástæðu fyrir þessari kæru sinni hafa hreppstjórarnir tekið fram, að börn þessi, sem eru fædd í hjónabandi, séu samkvæmt reglugjörð 8. janúarmán. 1834 sveitlæg á Dyrhólahrepp, framfærsluhrepp föður þeirra sáluga.

Útaf þessu skal stiptamtið þènustusamlega biðja yður um, að gefa hreppstjórunum í Rangárvallahrepp til kynna, að með því að ástæður þær, sem þèr hafið byggt áðurnefndan úrskurð á, bæði eru samkvæmar hlutarins eðli og þar á ofan í líkum tilfellum eru teknar fram í úrskurðum dómsmálastjórnarinnar 28. febrúarmán. 1862 og 1. septembermán. 1863, skal úrskurður yðar standa óraskaður.

1868. 3. ágúst. **40. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um kornlán til að afstýra hallæri í suðurumdæminu.**

Í brèfi dagsettu 11. f. m. hafið þèr, herra stiptamtmaður, samkvæmt áskorun dómsmálastjórnarinnar, skýrt nákvæmlega frá ástandinu í suðurumdæminu, og með því að yðar hyggju er mikil ástæða til að búast við hallæri að vetri komandi í öllum þeim sveitum, þar sem menn einkum verða að lifa á sjávarafla, hafið þèr ítrekað tillögur yðar um, að yður verði veitt til umráða allt að 5000 rd. til þess að lána fátækustu sveitunum það til kornkaupa með þeim kjörum, að í vexti af láninu verði borgaðir 4 af 100 og höfuðstóllinn borgaður aptur innan þess tíma, er stjórnarráðið nákvæmar tiltekur.

— — — — — — — — — — — — — — — — —

— — — — — — — — — — — — — — — — —

Með því að það virðist nauðsynlegt, eptir því sem segir í hinni síðustu skýrslu yðar, að gjöra sèrstaklegar ráðstafanir til þess að afstýra hættu þeirri fyrir hallæri, er vofir yfir í þeim sveitum í suðurumdæminu, sem þèr hafið til greint, álít eg mèr fært að takast á herðar ábyrgð þá, að veita yður í von um samþykki ríkisþingsins til umráða allt að 5000 rd. úr jarðabókarsjóðnum, til þess að þeim verði varið með þeim kjörum, er þèr hafið stungið uppá[1], til láns til kornkaupa handa þeim sveitum í suðurumdæminu, þar sem slíkt virðist vera óumflýjanlega nauðsynlegt.

Að öðru leyti vil eg ekki undanfella að vekja athygli yðar á því, að verð á kornvörum fer nú svo mjög lækkandi, að t. a. m. rúgtunnan fæst hèr nú fyrir $7\frac{1}{2}$ til 8 rd.

---

[1]) þ. e. að borgaðir verði 4 af 100 í vexti af láninu, og að höfuðstóllinn verði borgaður aptur innan 31. marzmán. 1874.

41. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um læknakennsluna í Reykjavík.

1868. 3. ágúst.

Samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknazt 3. þ. m. allramildilegast að fallast á:

1) að borgun sú, sem landlæknum á Íslandi er veitt með konungsúrkurði 29. ágústmán. 1862 úr læknasjóðnum íslenzka fyrir kennslu í læknisfræði, skuli færð upp í 500 rd. á ári;

að í læknisumdæmi landlæknis megi setja kandídat í læknisfræði frá háskólanum í Kaupmannahöfn sem „praktíserandi“ lækni, er sè skyldur að taka að sèr að vera settur hèraðslæknir í þeim hluta tèðs læknisumdæmis, er nákvæmar mun verða ákveðinn, allt með þeim kjörum, sem sett eru í konungsúrkurði 10. maímán. f. á., og að honum ennfremur verði á hendur falið, að eiga þátt með landlæknum í læknakennslunni í Reykjavík, fyrir 500 rd. þóknun á ári, úr læknasjóðnum;

að til styrktarfjár handa þeim, sem stunda læknisfræðina, skuli ákveðnar þrjár ölmusur, 100 rd. hver, þannig, að enginn lærisveinanna megi fá meira en eina ölmusu á ári og ekki halda henni lengur en í 3 ár; og

að greiða megi úr læknasjóðnum allt að 100 rd. á ári í borgun fyrir húsnæði, eldsneyti og ljósmat handa læknakennslunni, og til þess að kaupa nauðsynleg áhöld handa henni; og

2) að dómsmálastjórninni skuli að öðru leyti falið á hendur, að setja nákvæmari ákvarðanir um læknakennsluna.

Um leið og yður, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, er tilkynnt þetta yður til leiðbeiningar og til frekari framkvæmda, skal því við bætt, að stjórnarráðið samkvæmt ósk þeirri, er þèr, herra stiptamtmaður, hafið látið í ljósi í álitsskjali yðar sem konungsfulltrúa á alþingi 1867 um málefni þetta, hefir sett háskólakandídat í læknisfræði, Jónas Jónassen, frá 1. þ. m. sem „praktíserandi“ lækni í læknisumdæmi land-

1868. 3. ágúst. læknis, og jafnframt gjört honum að skyldu að eiga þátt í læknakennslunni í Reykjavík með þeim kjörum, sem hèr eru tiltekin, en með því að ekki verður vitað ennþá, í hve miklum hluta af læknisumdæmi landlæknis eigi að fela honum hèraðslæknis störfin á hendur, verðum vèr að láta á yðar valdi, herra stiptamtmaður, að kveða nákvæmar á um það. Að því er snertir ítarlegri reglur um læknakennsluna, þá hefir stjórnarráðið ekki neitt að mæla móti því, að báðum kennurum, eins og þèr, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, hafið stungið uppá, verði látið á sjálfs valdi að skipta kennslunni á milli sín með samþykki stiptsyfirvaldanna, og að þrjú ár sè sett sem almennur kennslutími, með þriggja mánaða hlè á sumrin, frá 1. júlímán. til 30. septembermán. á ári hverju. Aptur á móti virðist dómsmálastjórninni ekki vera þörf á, að gjöra lærisveinunum í læknisfræði að skyldu, að leysa af hendi próf í undirbúnings-vísindagreinunum (propædeutiske Videnskaber), áður en þeir leggi sig undir próf í læknisfræði, því að þá mundi þriggja ára kennslutími naumast hrökkva til, og hefir hið konunglega heilbrigðisráð verið dómsmálastjórninni samdóma um það.

---

3. ágúst. **42. Brèf hinnar íslenzku stjórnardeildar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um bókasendingu frá hinu konunglega bókasafni til stiptsbókasafnsins.**

Samkvæmt konungsúrskurði 23. júlímán. 1845 hefir kirkju- og kennslustjórnin veitt samþykki sitt til, að taka megi úr hinu mikla konunglega bókasafni bækur, sem fleiri en eitt exemplar er til af, handa stiptsbókasafninu í Reykjavík. Nú er búið er að velja úr hèrumbil 2800 bindi, hafa verið fengnir til láns hjá herstjórninni kassar til að láta bækurnar í, og fylgja þær nú með brèfi þessu í 7 kössum, merktum með S, ásamt skrá yfir bækurnar. Skrá þessa eruð þèr beðnir, samkvæmt tilmælum konunglega bókasafnsins, að senda aptur, undir eins og búið er

að taka eptirrit af henni, ásamt játningu um að þèr hafið tekið við bókunum, og sömuleiðis eruð þèr beðnir að senda kassana frá herstjórninni hingað aptur með næstu ferð. 1868. 3. ágúst.

---

43. Bráðabirgðalög um ríkisstjórnina í fjærveru konungs. 10. ágúst.

Vèr Kristján hinn Níundi o. s. frv. Gjörum kunnugt: þareð Vèr ætlum að takast ferð á hendur til útlanda, og með því að lög þau, sem boðuð eru í 8. grein grundvallarlaganna, um ríkisstjórnina þá er konungur ekki er fulltíða, eða er hann er veikur eða fjærverandi, ekki hafa birzt ennþá, höfum Vèr áformað, samkvæmt 25. grein grundvallarlaganna, að láta út ganga bráðabirgðalög um ríkisstjórnina í fjærveru Vorri, og eru þau samhljóða lögunum frá 14. marzmán. 1867.

Fyrir því bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

Meðan konungur er í burtu á ferð þeirri til útlanda, sem hann nú ætlar að taka sèr fyrir hendur, hefir konungsefnið ríkisstjórnina á hendi í nafni konungs.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað, Kaupmannahöfn 10. dag ágústmánaðar 1868.

---

44. Tilskipun um breytingu á ákvörðununum um gjald spítalahlutanna, er svo eru nefndir, á Íslandi. 10. ágúst.

Vèr Kristján hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um breytingu á ákvörðununum um gjald spítalahlutanna, er svo eru nefndir, á Íslandi, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Af öllum bátum og skipum, sem gjörð eru út og höfð til

1868. 10. ágúst. fiskiveiða á Íslandi, skal hèreptir goldinn spítalahlutur samkvæmt reglum þeim, sem hèr fara á eptir:

a) af hverju tólfræðu hundraði af þorski, ísu, steinbít og háfi, sem aflast, skal goldin hálf alin, og að því skapi af því, sem ekki nær hundraði;

b) af hverri lýsistunnu, sem aflast, skal goldin ein alin og að því skapi af því, sem minna er.

2. grein.

Gjaldið rennur í læknasjóðinn íslenzka, og skal í fyrsta skipti heimtað saman eptir þessari tilskipun 12. maímán. 1870; skal það goldið í peningum eptir meðalverði á hvoru um sig, fiski og lýsi, í verðlagsskrá hvers árs.

3. grein.

Skipseigandi skal greiða spítalagjaldið af hendi, ef hann er innanhrepps, ella formaður. Eigi fleiri skip saman og sèu eigi allir innanhrepps, þá skulu þeir gjalda, sem innanhrepps eru. Sè formaður sá, er gjalda skal, utansveitarmaður, skal hann hafa greidt hreppstjóra eða lögreglustjóra gjaldið, áður hann fer burtu úr hreppnum. Greiðandi hefir rètt til endurgjalds af öllum þeim, er hlut taka af skipi því, að hlutfalli rèttu.

4. grein.

Hreppstjórarnir og bæjarstjórnin í kaupstöðunum skulu halda nákvæma skrá um alla báta, opin skip og þilskip, sem höfð eru til fiski-eða hákallaveiða í hreppnum eður umdæmi bæjarins á tímabilinu frá 12. maímán. árið fyrir til sama tímabils árið eptir; skal þar skýrt frá eigendum skipa og báta, og afla-upphæð þeirra, eptir skýrslu hlutaðeigandi formanna, gefinni undir eiðs tilboð.

Skrá þessa skal leggja fram fyrir sýslumann eða bæjarfógeta ekki seinna en viku fyrir næstu manntalsþing; heimtir hann þar saman gjaldið eptir skránni, er hann hefir yfirlitið hana og rannsakað eins og þarf.

Reynist skýrslan um afla-upphæðina ósönn, skal sá, sem hlut á að máli, gjalda til læknasjóðsins sekt, er sè fimmföld við gjald-upphæð þá, er dregin var undan. Mál þau, er rísa

af ósönnum skýrslum, skal farið með sem opinber lögreglumál, nema ástæða sé til að höfða sakamál útaf atferli hlutaðeiganda. 1868. 10. ágúst.

5. grein.

Sýslumaður eða bæjarfógeti eiga fyrir lok októbermánaðar á hverju ári að senda stiptsyfirvöldunum reikning, og með honum tèðar skrár hreppstjóranna eður bæjarstjórnarinnar, um alla spítalahluti í sýslunni eða kaupstaðnum það ár, og borga þeim fèð um leið.

6. grein.

Um spítalahluti af fuglatekju, að lundatekju meðtalinni, skulu ákvarðanir þær, sem settar eru í konungsbrèfi 26. maímán. 1824, gilda framvegis eins og hingað til.

Eptir þessu eiga hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Gefið á Amalíuhöll 10. dag ágústmánaðar 1868.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Ástæður fyrir lagaboði þessu.

Samkvæmt konungsúrskurði 31. maímán. 1867 var lagt fyrir alþingi það ár frumvarp til tilskipunar um breytingu á ákvörðununum um gjald spítalahlutanna, er svo eru nefndir, á Íslandi; er frumvarp þetta með ástæðum stjórnarinnar fyrir því prentað í tíðindum frá alþingi 1865 II, 159.—165. bls., og álitsskjal þingsins til konungs á 537.—546. bls. Í álitsskjali þessu biður þingið um, að frumvarpið fái lagagildi með þeim breytingum, er nú skal greina:

1) að í 1. grein verði sett í staðinn fyrir staflið a-d:
   „a) af hverju tólfræðu hundraði af þorski, ísu, steinbít og háfi, sem aflast, skal goldin hálf alin;
   b) af hverri lýsistunnu, sem aflast, skal goldin ein alin.“
2) að á eptir 2. grein verði bætt inn nýrri grein svolátandi:
   „Skipseigandi skal greiða spítalagjaldið af hendi, ef hann er innanhrepps, ella formaður. Nú eiga fleiri skip saman, og eru eigi allir innanhrepps, og skulu þeir þá gjalda sem innanhrepps eru, en sé enginn þeirra innanhrepps, skal formaður gjalda, sem fyr segir. Nú er formaður

1868. 10. ágúst.

sá, er gjalda skal, utansveitarmaður, og skal hann hafa greidt hreppstjóra eða lögreglustjóra gjaldið, áður hann fer burtu úr hreppnum. Greiðandi hefir rètt til endurgjalds af öllum þeim, er hlut taka af skipi, að hlutfalli rèttu.“

3) að bætt verði inn í 3. grein frumvarpsins ákvörðun um, að skýrslur þær, sem þar ræðir um, nái einnig yfir aflaupphæðina á hverju skipi eptir skýrslu hlutaðeigandi formanna, gefinni undir eiðs tilboð, og að breytt verði til um tímann, er skýrslurnar skulu ná yfir, eða færður til 12. maímán. ár hvert.

4) að fjórða grein frumvarpsins verði felld úr, og að í þess stað verði bætt við 3. grein þess: „að því búnu skal hann heimta saman gjaldið eptir skránni.“

5) að enn fremur verði bætt við 3. grein frumvarpsins svofelldri ákvörðun: „Nú reynist skýrsla formanns ósönn um aflaupphæð hans, og varðar honum það við lög, sem tíundarsvik“.

6) að í 5. grein frumvarpsins verði felld úr þessi orð: „og reikninga“ og þessi „sem heimtaðir hafa verið saman“, en í stað orðsins „gjaldkerans“ komi: „bæjarstjórnarinnar“, og að sömuleiðis fyrir orðin „um leið inn fé það, sem hjá þeim er“ komi: „þeim fèð um leið“.

Konungsfulltrúi á alþingi sagði í álitsskjali sínu um málefni þetta, að því snertir aðalbreytingu þá, er þingið hafði stungið uppá á frumvarpi stjórnarinnar, það er að segja þá, að spítalagjaldið skuli greidt af aflanum, en ekki af hverjum bát, sem gjörður er út til fiskiveiða, að að einu leytinu sè sá kostur við þessa uppástungu, að skattgjald þetta komi þá jafnara niður á gjaldendur eptir skattmegni þeirra, og eins að hún sè samkvæmari þeirri reglu, er hingað til hefir verið gildandi, en á hinn bóginn sè sá galli á henni, að það verði erfiðara að hafa umsjón með, að gjaldið verði rèttilega greidt, heldur en eptir reglu frumvarpsins, þar sem að verði að leggja framtal gjaldendanna sjálfra til grundvallar þegar gjaldið er ákveðið, og einasta leiðrèttingin, sem getur átt sèr stað þegar vafi er á, er

eiðurinn. Hið sama sè samt eptir gildandi lögum að segja um öll hin önnur helztu gjöld í opinberar þarfir á Íslandi, og að hyggju konungsfulltrúa er ekki eins hætt við ósönnu framtali hèr, eins og þegar telja á fram til tíundar, skatts o. s. frv., því að ákvörðun sú, að skipseigandi eða formaður eigi að greiða spítalagjaldið af hendi og fá aptur endurgjald af öllum, sem hlut taka af skipi, muni leiða af sèr, að greiðandinn jafnaðarlega heimti af hinum, er eiga hlut af skipinu, þeirra hluta af gjaldinu eptir hinni sönnu aflaupphæð, áður en hann segir til hennar, svo að ekki geti farið svo fyrir honum, að hann verði sjálfur að gjalda líka af hlutum hinna, ef að seinna kynni að komast upp, að skýrsla hans um aflaupphæðina væri ósönn, og þegar svo væri, megi búast við, að hinir hlutareigendurnir muni hjálpa til að koma sannleikanum upp, ef að gjaldandi á eptir drægi nokkuð undan, eða með öðrum orðum, að það muni sjaldnar bera við, að dregið verði undan af opinberum gjöldum, þegar því ekki verður við komið, nema því að eins, að margir sèu í vitorði með. Konungsfulltrúi tók enn fremur fram, að að sinni hyggju sè sèrílagi ástæða til að fara að ráðum alþingis, þegar um skattalög er að ræða, og að gjaldmáti sá, sem alþingi stingur uppá, muni verða miklu vinsælli af alþýðu en sá, sem frumvarpið fylgir fram; lagði hann því til með, að þessi uppástunga alþingis væri tekin til greina, og sömuleiðis að hinar aðrar breytingar, sem þingið hafði stungið uppá, væri teknar í lagaboðið, þegar það birtist, lítið eitt lagaðar. 1868. 10. ágúst.

Þegar dómsmálastjórnin bar málið upp fyrir konungi, fór það þessum orðum um breytingu þá, sem til er færð í fyrsta tölulið.

Það verður ekki á móti því borið, og það er þegar játað í ástæðunum fyrir frumvarpi stjórnarinnar, að spítalagjaldið muni koma talsvert misjafnt niður á gjaldendur, þegar það er heimtað saman eingöngu eptir stærð skipanna og engin hliðsjón höfð af aflaupphæðinni, en þessi aðferð var samt kosin, af því að hún er hægust, vissust og að með henni er auðveldast að sjá um, að ekki verði dregið undan, og að síðustu vegna þess, að þó að gjaldið þá ekki kæmi jafnt niður á gjaldendur, mundi það ekki

1868. 10. ágúst.

verða neinum þungbært, þar sem það var sett næsta lágt; þar við bættist enn, að bæði nefnd sú, sem sett var í Reykjavík til að ræða málið, og allir amtmennirnir, höfðu verið samhuga um að mæla fram með henni. En úr því að nú er komið fram, að alþingi, og sèrílagi allir bændurnir á þinginu, sem einkanlega eiga að greiða gjaldið af hendi, eru alveg mótfallnir reglu þeirri, sem sett er í frumvarpi stjórnarinnar, sökum þess, hversu ósanngjörn hún er, virðist stjórnarráðinu ísjárvert að halda henni óbreyttri, með því að þar af kynni að spretta óvild og óánægja meðal gjaldenda, er sneyða verður hjá eins og unnt er. Að vísu verður ekki á móti því borið, að á uppástungu alþingis er sá mikilsverði galli, að eptir henni verður ekki höfð nein umsjón með, að gjaldið verði rèttilega greidt, þar sem menn að öllum jafnaði verða að láta sèr lynda framtal gjaldendanna sjálfra, en sama má segja yfirhöfuð að tala um hvern tekjuskatt, og með því að gjaldið í sjálfu sèr er lágt og sanngjarnt, og sett er talsverð hegning við ósönnum skýrslum um aflaupphæðina, má búast við, að ekki muni verða dregið svo mikið undan, að gjaldið verði að nokkrum mun minna fyrir það. Stjórnarráðið hlýtur því að álíta, að ekki sè næg ástæða til að vera mótfallinn þessari breytingu, sem konungsfulltrúi líka hefir mælt fram með, en samt hefir virzt rèttast að bæta við skýlausri ákvörðun um, að gjaldið skuli einnig greidt af minna en stóru hundraði af þorski og einni lýsistunnu, og sömuleiðis virðist það leiða beinlínis af breytingu þeirri, sem alþingi hefir stungið uppá í 1. grein, að 2. grein verður einnig að breyta þannig, að gjaldið skuli greidt í peningum eptir meðalverði á þeirri vörutegund, sem það er goldið af.

Eptir hinni staðfestu útleggingu á dönsku af hinu nýja frumvarpi, sem alþingi hafði fallizt á, var ekki stungið uppá öðrum breytingum á 1. grein stjórnarfrumvarpsins; en ef að íslenzki textinn á frumvarpi alþingis er borinn saman við íslenzka textann á stjórnarfrumvarpinu, sèst, að í stað orðanna „gjörð eru út“ í fyrstu línu greinarinnar stendur í frumvarpi alþingis „eru höfð.“ Þegar fljótt er á litið, virðist þetta að eins vera orðabreyting, sem, eptir því sem segir í álitsskjali alþingis,

stungið er uppá til þess að sýna, að það sè ekki nóg, að skipið sè gjört út, heldur eigi það einnig að hafa verið haft til fiskiveiða. En orðin: „gjörð eru út á fiskiveiðar á Íslandi“ voru sett með ásettu ráði, til þess að sýna, að það er að eins af þeim skipum og bátum, sem gjörð eru út í landinu sjálfu á fiskiveiðar, að gjaldið átti að greiðast, en að aptur á móti ekki átti að gjalda það af skipum þeim, sem send eru frá Danmörku til Íslands á fiskiveiðar, og ástæðan til þessa var sú, að það væri ósanngjarnt að krefjast gjaldsins af þess konar skipum, sem líka hafa hingað til verið laus við það, þar sem þegar er búið að greiða hið vanalega lestagjald af þeim, 2 rd. fyrir hverja kaupskipalest. Eins og greinin er orðuð í íslenzka textanum á frumvarpi alþingis, heyra þessi skip einnig undir lagaboðið, en með því ekki virðist hafa verið til þess ætlazt, að minnsta kosti er alls ekki vikið á það í umræðunum, þókti rèttast, til að byrgja fyrir allan misskilning, að breyta þessari málsgrein þannig: „sem gjörð eru út og höfð til fiskiveiða á Íslandi“. 1868. 12. ágúst.

Þessum orðum í öðrum kafla hinnar nýju greinar, sem alþingi stakk uppá (3. grein): „en sè enginn þeirra innanhrepps, skal formaður gjalda, sem fyr segir“, var sleppt úr sem óþörfum, af því að það er vitaskuld, að reglan í enda fyrstu málsgreinar einnig hlýtur að eiga við um þetta tilfelli. Að öðru leyti var greinin tekin óbreytt, og var þess þó getið einkum um ákvörðunina í þriðju málsgreininni, að hún að vísu væri að mörgu leyti móthverf hinni almennu reglu, sem sett er í 4. grein, en að það virtist samt rèttast að setja það ekki fyrir sig, með því að ákvörðunin væri vel til fallin í sjálfri sèr.

Stjórnarráðinu þókti ekki neitt á móti því, að fallast á breytingar þær, sem til eru færðar í 3. og 4. staflið; samt virtist betur til fallið, eins og konungsfulltrúi hafði stungið uppá, að ákveða að iskrár þær, sem um er rædt í 3. grein frumvarpsins (4. grein hjá alþingi) skuli lagðar fram fyrir sýslumennina ekki seinna en viku fyrir manntalsþingin, svo að þeim veitist nægur tími til að yfirlíta þær og rannsaka.

Þar sem alþingi stakk uppá (5. staflið hèr að framan), að ákvarðanir þær, sem gilda á Íslandi um tíundarsvik, og opið

1868. 12. ágúst. brèf frá 1. septembermán. 1786 hefir inni að halda, skyldu eiga við um ósannar skýrslur um aflaupphæðina, virtist það ekki vel til fallið að heimfæra þær ákvarðanir uppá tilfelli þau, sem hèr ræðir um, enda eru þær í sjálfu sèr nú orðnar fremur á eptir tímanum. Það þókti því rèttara að setja sem hegningu fyrir ósannar skýrslur um aflaupphæðina sekt, er sè fimmföld við það, sem undan er dregið, og láta sektina renna óskerta inn í læknasjóðinn; þar að auki var bætt við ákvörðun um, að með slík mál skuli farið sem opinber lögreglumál, nema því að eins, að ástæða sè til að höfða sakamál.

Breytingar þær, sem til færðar eru í 6. tölulið, leiða beinlínis af því, að alþingi hefir stungið uppá, að sýslumennirnir skuli heimta spítalagjaldið saman, og var því sjálfsagt að taka þær til greina. Sömuleiðis var orðinu „aðalreikning“ í 5. grein stjórnarfrumvarpsins breytt í „reikning“, með því að ekki á að gjöra nema einn reikning samkvæmt uppástungu alþingis, það er þann, sem sýslumaður eða bæjarfógeti semur; þar að auki mátti stytta frest þann, sem settur er í greininni fyrir borgun gjaldsins, til októbermánaðar loka, eins og konungsfulltrúi hafði stungið uppá, vegna breytinga þeirra, sem gjörðar voru á ákvörðunum frumvarpsins um heimtu gjaldsins.

Loks virtist ástæða til, samkvæmt uppástungu konungsfulltrúa, að taka í lagaboðið ákvörðun um, hvenær gjaldið skuli í fyrsta skipti heimtað saman eptir því, og með því að ekki varð búizt við, að lagaboðið yrði þinglesið á Íslandi fyr en á manntalsþingunum vorið 1869, verður ákvörðunum þess ekki beitt fyr en uppá gjald það, er fellur til 12. maímán. 1870. Fyrir því var ákvörðun, er að þessu laut, tekin í 2. grein frumvarpsins.

---

21. ágúst. **45. Konungleg Auglýsing um ríkisstjórnina, meðan konungur er í burtu á ferð til Rússlands.**

Vèr Kristján hinn Níundi o. s. frv., Gjörum kunnugt: þar eð Vèr ætlum Oss að heimsækja Vora ástkæru dóttur, hennar keisaralegu tign, Maríu Feodorownu stórfurstainnu af Rússlandi,

höfum Vèr 10. þ. m., samkvæmt 25. grein grundvallarlaganna, látið út ganga bráðabirgðalög um ríkisstjórnina í þessari fjærveru Vorri. 1868. 12. ágúst.

Samkvæmt þessu kunngjörum Vèr Vorum kæru og trúu þegnum hèr með, að Vor ástkæri sonur, hans konunglega tign Kristján Friðrik Vilhjálmur Karl, konungsefni, tekst frá því í dag á hendur ríkisstjórnina í Voru nafni.

---

46. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um líðun um borgun á láni, er nokkrar sveitir í Snæfellsnessýslu höfðu fengið úr styrktarsjóðnum íslenzka. 15. ágúst.

Samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknazt 3. þ. m. allramildilegast að fallast á, að þessum sveitum í Snæfellsnessýslu: Neshrepp innan Ennis, Neshrepp utan Ennis, Eyrarsveit, Staðarsveit og Breiðuvíkurhrepp skuli veitt lausn í 3 ár, talin frá 1. janúarmán. þ. á. frá að gjalda neitt uppí skuld þá, er styrktarsjóðurinn íslenzki átti hjá sveitum þessum 31. desembermán. f. á., og eins frá að borga leigur af skuldinni.

Þetta skal yður hèr með kunngjört herra amtmaður, útaf brèfi yðar 16. maímán. þ. á., sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þèr birtið það.

---

47. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um erfðafestu-sölu á ýmsum túnpörtum kringum Reykjavík. 15. ágúst.

Samkvæmt reglugjörð 27. nóvembermán. 1846 24. grein hafið þèr, herra stiptamtmaður, í brèfi 27. marzmán. þ. á., sókt um samþykki stjórnarráðsins til þess, að nokkrir túnblettir í

1868. 15. ágúst. kringum Reykjavíkur kaupstað, sem eru álitnir eign kaupstaðarins, hafa á opinberu uppboðsþingi verið seldir til erfðafestu fyrir árlegt afgjald, eins og nú skal greina:

1)	parturinn nr. 2 af Hlíðarhúsatúni fyrir .	116 álnir.
2)	— - 3 - — - .	119 —
3)	Ullarstofutún	101 —
4)	Hólakots- eða Biskupsstofutún	72 —
5)	Melshúsatún (Melkotstún)	104 —
6)	sefsítak í tjarnarenda	25 —

Sökum þess að vafi hefir leikið á, hvort tún þau, sem til færð eru með staflið 3—5, væru eign Reykjavíkur bæjarfélags eða ríkissjóðsins, hefir dómsmálastjórnin skrifazt á við fjárstjórnina um málið og borið það síðan upp fyrir konungi, og hefir hans hátign þóknazt samkvæmt tillögum dómsmálastjórnarinnar 3. þ. m. allramildilegast að fallast á, að sleppa megi Reykjavíkur bæjarfélagi í hag öllu því tilkalli, er ríkissjóðurinn kann að hafa til þessara þriggja túnbletta. Þareð nú enginn vafi um eignarréttinn til túnanna getur lengur verið því til fyrirstöðu, að þau séu seld kaupstaðnum í hag, og dómsmálastjórnin ekki að öðru leyti hefir neitt að mæla móti sölunni á ofan nefndum túnblettum, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörið það, að stjórnarráðið veitir hér með samþykki það, sem um er beðið.

---

15. ágúst. **48. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um að prentsmiðjunni á Akureyri skuli heimilt að prenta bækur þær, er Hólaprentsmiðja hin forna hafði prentrètt til.**

Til síðasta alþingis hafði komið bænarskrá nokkur um, að prentsmiðju norður- og austurumdæmisins yrði veitt jöfn prentunarheimild við stiptsprentsmiðjuna að bókum þeim, sem Hólaprentsmiðja hin forna átti prentunarheimild á, og var bænarskránni vísað forseta-veginn með meðmælingu þingsins til yðar,

herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra. Útaf þessu hafið þér í brèfi dagsettu 2. desembermán. f. á. látið í ljósi álit yðar um, hvort að stiptsprentsmiðjan yfir höfuð að tala hafi nokkur einkarèttindi til að prenta bækur þær, sem hèr ræðir um, og sè svo, þá til hverra bóka einkarèttindin nái, og hafið þèr skýrt frá, að nú sem stendur sè það að eins 5 bækur alls, það er að segja: Handbók presta, Hallgrímskverið, Passíusálmarnir, Fæðingarsálmarnir og Sturms hugvekjur, sem að stiptsprentsmiðjan gefur út á sinn kostnað af bókum þeim, sem áður fyrri voru prentaðar á Hólum, og að ágóði sá, sem stiptsprentsmiðjan hefir af að gefa út bækur þessar, verði ekki metinn meira en 45 til 50 rd. á ári. Hafið þèr því mælt fram með, að bænarskránni verði veitt áheyrn. 1868. 15. ágúst.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að stjórnarráðið fellst hèr með á, að prentsmiðja norður- og austurumdæmisins skuli hafa jafnrètti við stiptsprentsmiðjuna til að prenta bækur þær, sem Hólaprentsmiðja hin forna hafði prentunarheimild á.

---

49. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til cand. mag. Benidikts Gröndals, um styrk til að semja kennslubók í landaskipunarfræði. 21. ágúst.

Útaf bænarskrá yðar dagsettri 25. f. m. hefir stjórnarráðið veitt yður fyrst um sinn 100 ríkisdala styrk til þess að semja kennslubók á íslenzku í landaskipunarfræði, er notuð yrði við kennsluna í latínuskólanum í Reykjavík, og væri sèrílagi sniðin eptir kennslubókum Ingerslevs í landafræði. Undir eins og þèr sendið stjórnarráðinu svo mikið af handritinu, að það nemi 6 eða 7 prentuðum örkum, þá mun skólameistara Reykjavíkurskóla verða sent það, til þess að hann segi álit sitt um það, og ef að hann leggur þann dóm á handritið, að það verði notað sem kennslubók í skólanum, getið þèr búizt við að fá frekari styrk til þess að halda handritinu áfram, en þó má styrkurinn ekki

1868. 21. ágúst. fara fram úr 600 rd. alls, því að stjórnarráðið ætlast til, að kennslubókin eigi ekki að vera lengri en hèrumbil 30 arkir. Því skal við bætt, að þeir 100 rd., sem nefndir eru hèr að framan, munu að tilhlutun stjórnarráðsins verða borgaðir yður úr aðalfèhirzlu ríkisins.

---

25. ágúst. **50. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um framfærslurètt sveitarómaga.**

Með brèfi dagsettu 25. júnímán. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað skjal nokkurt, þar sem hreppstjórinn í Kolbeinstaðahrepp í Mýra- og Hnappadalssýslu, H. J. Hjaltalin, fer þess á leit, að úrskurður vesturamtsins, uppkveðinn 16. janúarmán. 1861, er ákveður að ekkja og börn Jóns nokkurs Jónssonar skuli eiga framfærslurètt á fæðingarhrepp hans, Kolbeinstaðahrepp, verði rannsakaður á ný vegna nokkurra nýrra upplýsinga, sem tèður hreppstjóri hefir útvegað, og eiga að leiða rök að því, að ofan nefndur Jón Jónsson hafi dvalið í 5 ár samfleytt í Neshrepp innri í Snæfellsnessýslu og þannig áunnið sèr þar framfærslurètt, en ef að þèr, herra amtmaður, treystist ekki til að breyta amtsúrskurðinum sjálfur, að þèr þá komið málinu á framfæri til stjórnarinnar til úrslita.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að með því að það ekki er sannað með þeim upplýsingum, sem ofan nefndur hreppstjóri hefir útvegað og hann skýrskotar til, að Jón þessi Jónsson hafi áunnið sèr framfærslurètt í Neshrepp innri, og það er ekki heldur sannað, að hann hafi áunnið sèr framfærslurètt í neinni annari sveit, þá skal amtsúrskurðurinn 16. janúarmán. 1861[1], sem nefndur er hèr að framan, standa óhaggaður.

---

[1]) Amtsúrskurðurinn er svolátandi:

Með brèfi dagsettu í dag hafið þèr, herra sýslumaður, sent hingað brèf til yðar frá sýslumanninum í Mýra og Hnappadals sýslu, dag-

51. Konungleg Auglýsing um, að konungur hafi aptur tekið við ríkisstjórninni.

1868. 1. septbr.

Vèr Kristján hinn Níundi o. s. frv. Gjörum konnugt: Nú er Vèr erum aptur heim komnir úr ferð Vorri til útlanda, kunngjörum Vèr Vorum kæru og trúu þegnum hèr með, að Vèr höfum Sjálfir í dag tekið við ríkisstjórninni, er í fjærveru Vorri hefir verið falin á hendur Vorum ástfólgna syni, hans konunglegu tign Kristjáni Vilhjálmi Friðriki Karli konungsefni, samkvæmt bráðabirgðalögum 10. f. m.

---

sett 4. f. m., um framfærslurètt ekkjunnar Margrètar Jónasdóttur frá Grímstöðum í Breiðuvík; játar hinn síðast nefndi embættismaður þar að vísu, að maður Margrètar, Jón sálugi Jónsson, sè fæddur á Snorrastöðum í Kolbeinstaðahrepp, en biður þó um, að áður en lagður sè úrskurður á málið fyrir fullt og allt, verði gjörð ítarlegri rannsókn um dvöl Jóns annarstaðar, einkum á Skarðsströnd í Dalasýslu, og hafið þèr því æskt þess, að ef að ekki megi nú þegar leggja úrskurð á málið fyrir fullt og allt, þá verði því þó fyrst um sinn ráðið svo til lykta, að Margrèt Jónasdóttir fái framfærslu af Kolbeinstaðahrepp, og að honum verði gjört að skyldu að endurgjalda styrk þann, er hún hefir fengið fyrirfram af Breiðuvíkurhrepp, 24 vættir 20 fiska að upphæð.

Útaf þessu læt eg ekki hjálíða að tilkynna yður, herra sýslumaður, það sem hèr fer á eptir, til þess að þèr gjörið ráðstafanir þær, sem við þarf:

Eptir að amtið samkvæmt áskorun yðar hafði boðið sýslumanninum í Dalasýslu með brèfi 1. okt. f. á., að halda reglulegt próf um dvöl Jóns heitins Jónssonar í Skarðsstrandarhrepp, þar sem líklegt var af mörgum ástæðum að hann hefði áunnið sèr framfærslurètt, hefir tèður sýslumaður með brèfi 31. s. m., er eg tók við 17. nóv. þar á eptir, sent hingað eptirrit af prófinu ásamt nokkrum öðrum fylgiskjölum um þetta mál. Með þessu prófi verður nú að álíta sannað, að opt nefndur Jón Jónsson hafi átt dvöl í Skarðsstrandarhrepp sem kaupamaður um sláttinn sumarið 1841, og farið þaðan aptur um haustið suður í Snæfellsnessýslu, þaðan sem hann var kominn, og að hann næsta vor 1815 hafi farið vistferlum í Skarðsstrandarhrepp, þar hafi hann verið sem hjú sam-

1868. 4. septbr.

52. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um sekt fyrir ólögmætar fiskiveiðar.

Til framhalds brèfum dómsmálastjórnarinnar 26. marzmán. og 19. júnímán. þ. á. skal yður hèr með kunngjört, herra amtmaður, að utanríkisstjórnin nú hefir sent hingað 50 rd., er

---

fleytt þangað til á einmánuði 1849, eða í 4 ár, er hann flutti sig með allt sitt suður í Snæfellsnessýslu. Amtið gat þannig ekki með úrskurði sínum dæmt hyski Jóns sáluga sveitlægt á Skarðsstrandarhrepp, en af því leiðir aptur, að fæðingarhreppnr Jóns Jónssonar — þareð hann samkvæmt skýrslum þeim, sem hingað hafa komið um verustaði hans, ekki neinstaðar annarstaðar hefir dvalið svo lengi samfleytt, eins og þarf til að vinna sèr sveit — verður að annast hyski hans framvegis, og að endurgjalda styrk þann, er það hefir fengið fyrirfram af Breiðuvíkurhrepp.

Þareð það nú verður að álítast fullsannað samkvæmt framangreindu brèfi sýslumannsins í Mýra- og Hnappadalssýslu, að tèður Jón Jónsson sè fæddur á Snorrastöðum í Kolbeinstaðahrepp, og því eru enn fremur til stuðnings skýrteini, er hingað hafa borizt frá þremur áreiðanlegum mönnum í Breiðuvíkurhrepp og Staðarsveit, er verður að álíta óvilhalla, því fremur, sem aldrei hefir verið umtalsmál að Jón sálugi ætti tilkall til að vera sveitlægur í hvorugum þeirra hreppa, þá úrskurðar amtið hèr með, að Margrèt Jónasdóttir á Grímstöðum, ekkja Jóns heitins Jónssonar, skuli ásamt börnum sínum eiga sveit á Kolbeinsstaðahrepp í Hnappadalssýslu, og að hreppurinn skuli endurgjalda bráðabirgðastyrk þann, 24 vættir og 20 fiska að upphæð, sem ekkjunni hefir verið hjálpað um af Breiðuvíkurhrepp í Snæfellsnessýslu, og verður sveitarstjórnin í Breiðuvíkurhrepp að fara hinni mestu sanngirni fram í heimtingu kröfu þessarar, þareð það, bæði vegna þess að hinn umræddi bráðabirgðastyrkur er orðinn allmikill, og vegna hins bágborna ástands hreppanna hèr um allt, sem kemur af undanförnum harðærum, verður ómögulegt fyrir Kolbeinstaðahrepp að ljúka allri skuldinni í einu.

Af þessum úrskurði hefir amtið sent sýslumanninum í Mýra- og Hnappadalssýslu eptirrit í dag, og skorað á hann að gjöra allar þær ráðstafanir, er með þarf, til þess að tekið verði við Margrètu Jónasdóttur og börnum hennar í Kolbeinstaðahrepp.

A. Jóhannesson, skipherra á skonnortunni Áróru frá Mandal, hefir goldið í sekt fyrir ólögmætar fiskiveiðar sínar í fyrra á Eyjafirði, og að fè þetta hefir verið greidt í aðalfèhirzluna hèr í bænum, sem íslenzk tekjugrein, er rennur í ríkissjóðinn. 1868. 4. septbr.

---

53. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um styrk handa borgaraliði Vestmannaeyinga til verðlauna. 4. septbr.

Í brèfi því, er hèr með fylgir í eptirriti og borizt hefir hingað beina leið, hefir Bjarni Magnússon, sýslumaður á Vestmannaeyjum skýrt frá, að nú í ár hafi verið skotið saman 30 rd. til framfara og þroska hinu sjálfviljuga borgaraliði á Vestmannaeyjum, og hafi J. P. T. Bryde, íslenzkur kaupmaður, er það hefir valið sèr til foringja, ábyrgzt, að sama upphæð skuli goldin framvegis á hverju ári, meðan hann er foringi liðsins. Hefir sýslumaðurinn þar á ofan sókt um, að tèðu borgaraliði verði veittir, samkvæmt loforði stjórnarráðsins í brèfi 8. nóvembermán. 1866, 20 til 30 rd. á ári til verðlauna handa þeim af liðsmönnum, sem skara fram úr öðrum að skotfimi eða í heræfingum.

Útaf þessu skal yður kunngjört, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess að þèr birtið það, að stjórnarráðið veitir þessu sjálfviljuga liði 20 rd. styrk í þessu skyni fyrir fjárhagsárið, sem nú er að líða, og skal styrkurinn greiddur af fè því, sem ætlað er í fjárhagslögunum til óvissra gjalda handa Íslandi. Landfógetanum á Íslandi hefir verið skrifað um þetta í dag.

1868. 4. sept.

54. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um það, hver eigi að fá helminginn af sektum og gjöldum, þeim er borguð eru á Ísafirði eptir tilskipun 26. maímán. 1863.

Í brèfi dagsettu 23. júnímán. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, skýrt frá, að þèr 16. marzmán. f. á. hafið lagt þann úrskurð á fyrirspurn frá bæjarfulltrúunum á kaupstaðnum Ísafirði, að þeim beri ekki neinn hluti af gjöldum þeim, sem borguð eru þar í kaupstaðnum fyrir leyfisbrèf til að vera lausamenn. En með því að tèðir bæjarfulltrúar að nýju hafa spurt um, hvort úrskurður dómsmálastjórnarinnar 4. júlímán. 1866, þar sem segir, að svo verði að álíta, að fátækraforstjórarnir í Reykjavík eigi heimting á helmingnum af gjöldum þessum, verði ekki heimfærður uppá sig, hafið þèr skotið málinu til úrskurðar stjórnarráðsins, og látið um leið það álit yðar í ljósi, að með því að ákvörðunin í 15. grein tilskipunarinnar 26. maímán. 1863 verði ekki beinlínis heimfærð uppá bæjarfulltrúana á Ísafirði, og með því að þeir að því leyti hafi ekki öll hin sömu störf á hendi og hreppstjórarnir — hvernig svo sem er um fátækrastjórana í Reykjavík — þá eigi þeir ekki heimting á neinum hluta af tèðum gjöldum.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að það þèrkunn gjörið, að stjórnarráðiðfellst á skoðun yðar á málinu, og skal því úrskurður yðar 16. marzmán. f. á. um þetta efni standa óbreyttur.[1]

---

[1]) Í úrskurði amtmannsins er svo kveðið á, að gjöld þau og sektir, sem ber að greiða á Ísafirði samkvæmt tilskipun 26. maímán. 1863, skuli renna afdráttarlaust í bæjarsjóðinn, og að þeim skuli varið til framfæris þurfamönnum.

55. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður og austurumdæminu, um afgreiðslu pósts í Húnavatnssýslu.

1868. 7. septbr.

Í brèfi dagsettu 17. aprílmán. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, skýrt frá, að þèr hafið veitt Ólafi dannebrogsmanni Jónssyni, eptir beiðni hans, lausn frá sýslan þeirri, er honum hefir verið á hendur falin, sem póstafgreiðslumanni í Húnavatnssýslu, og að þèr hafið skipað Björn Skaptason á Hnausum til að taka þenna starfa að sèr. Þar að auki hafið þèr beiðzt samþykkis dómsmálastjórnarinnar til þess, að þèr hafið lofað tèðum Birni Skaptasyni vegna harðærisins, sem nú gengur, 10 rd. þóknun á ári fyrir starfa hans í þessu efni.

Útaf þessu skal yður kunngjört til leiðbeiningar og til þess að þèr birtið það, að stjórnarráðinu finnst ekki næg ástæða til að veita hinum nýja póstafgreiðslumanni hærri þóknun fyrir þessa sýslun en formaður hans fèkk, það er að segja 6 rd. á ári, og hefir landfógetanum verið skrifað í dag um, að borga honum þessa upphæð úr jarðabókarsjóðnum.

---

56. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um fjárveitingu til að afstýra hallæri.

16. septbr.

Í brèfi dagsettu 10. f. m. með fylgiskjölum hafið þèr, herra amtmaður, skýrt frá um bjargarskort þann, er víða á sèr stað á Vesturlandi, og hafið þèr sèrílagi tekið fram, að í 4 hreppum í Snæfellsnessýslu, það er Staðarsveit, Breiðuvíkurhrepp, Neshrepp innan Ennis og Neshrepp utan Ennis, þar sem fátæktin einlægt hefir verið að fara í vöxt sökum fiskileysis hvert árið eptir annað, hafi menn, vegna þess að í vetur og í vor er var fiskaðist enn þá verr en að jafnaði, saltfiskurinn var í svo litlu verði og kornmaturinn svo dýr, átt ennþá erfiðara en undanfarin ár með að fá sèr nægan forða af matvælum fyrir veturinn, sem í hönd fer,

1868. 16. septbr. og að því geti varla hjá því farið, að menn deyi úr hungri í sjávarsveitunum, ef að ekki fiskast að vetri. Með því að hinum bágu afleiðingum af þessum skorti að yðar áliti, herra amtmaður, ekki verður afstýrt nema fyrir aðstoð hins opinbera, hafið þér beiðzt leyfis hjá stjórnarráðinu til þess að mega, þegar í ítrustu nauðir rekur, fá að láni í kauptúnunum í Snæfellsnessýslu að minnsta kosti 100 tunnur af kornmat með þeim kostum, að borgunin fyrir þær verði greidd úr opinberum sjóði sem lán handa bágstöddustu sveitunum.

Þareð nauðsyn virðist til reka samkvæmt skýrslu yðar, herra amtmaður, að sveitum þessum verði veitt aðstoð sú, sem beðið er um, ef að á þarf að halda, þá ræðst dómsmálastjórnin, í von um samþykki ríkisþingsins, í að veita yður til umráða allt að 1500 rd. úr jarðabókarsjóðnum, til þess að þér megið verja þeim samkvæmt tillögum yðar í lán til kornkaupa handa þeim sveitum í vesturumdæminu, þar sem það virðist vera óumflýjanlega nauðsynlegt; skulu sveitir þær, sem fá lán, borga 4 af 100 í leigur af því á ári og vera búnar að borga það aptur innan 31. marzmán. 1874. Landfógetanum á Íslandi hefir verið skrifað í dag um að borga yður fé þetta úr jarðabókarsjóðnum, þegar þér krefist þess.

---

19. oktbr. **57. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lán handa Reykjavík til vegagjörðar.**

Í brèfi dagsettu 31. júlímán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, beðið um samþykki dómsmálastjórnarinnar til þess, að þér hafið veitt jákvæði til, að handa bæjarsjóð Reykjavíkur verði teknir 800 rd. að láni til þess að ljúka við aðalveginn, er liggur upp úr bænum; skuli borgaðir 4 af 100 í vexti af láni þessu, og innstæðan borguð aptur á 4 árum, 1870—73, fjórði partur á ári.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til frekari birtingar, að stjórnarráðið samþykkist aðgjörðir yðar í þessu efni. 1868. 16. oktbr.

---

58. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir Íslandi, um að húss- og bústjórnarfèlagið verði ekki undanþegið að gjalda burðareyri með póstum.

20. oktbr.

Í brèfi dagsettu 24. júlímán. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, leitað samþykkis dómsmálastjórnarinnar til þess, að þèr fyrst um sinn hafið undanþegið húss- og bústjórnarfèlag suðuramtsins frá að gjalda burðareyri undir brèf þau, er það sendir með sunnanlandspóstinum út um amtið, og eins undir brèf þau, sem fèlaginn berast frá fulltrúum þess eða öðrum.

Um þetta skal yður kunngjört yður til leiðbeiningar, að stjórnarrráðið sèr sèr ekki fært að veita samþykki sitt til þessarar ráðstöfunar, bæði sökum þess, að hún er ekki samkvæm ákvörðununum í konungsbrèfi 8. júlímán. 1779, og líka vegna þess, að hún kynni marga dilka eptir sèr að draga.

---

59. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um bann gegn því, að veiða lunda í net á Vestmannaeyjum.

21. oktbr.

Útaf því, að sýslumaðurinn á Vestmannaeyjum hafði leitað samþykkis stiptamtsins til þess, að hann 23. septembermán. f. á. hafði látið út ganga lögreglu-auglýsingu, er lagði bann fyrir að hafa net til þess að veiða í lunda, hafið þèr, herra stiptamtmaður, getið þess í brèfi dagsettu 31. júlímán. þ. á., að þar yður yrði að virðast vafasamt, hvort að þessi ráðstöfun er þess eðlis, að hún verði gjörð með lögregluauglýsingu, hafið þèr álitið yður skylt að veita ekki samþykki yðar til hennar, en aptur

1868. 21. oktbr. hafið þèr látið halda próf til sönnunar því, hvort slíkt bann væri hagfelt fyrir sýsluna og um afleiðingar þess, og álitið svo rèttast að leggja málið undir atkvæði dómsmálastjórnarinnar. Hafið þèr gjört að álitum, hvort tilefni mundi vera til að setja reglur um lundaveiði, og ef svo virðist, þá að annaðhvort verði lagt frumvarp fyrir alþingi til lagaboðs um þetta efni, ellegar að settar verði af umboðsstjórninni reglur handa Vestmannaeyjum um lundaveiðina í byggingarbrèfum þeim, sem leiguliðarnir á jörðunum þar fá eptirleiðis.

Eins og það nú samt kynni að vera vafasamt, hvort bann gegn því að veiða lunda á þenna hátt, er ætti að ná um allt land (og þá yrði að vera sett með lagaboði) væri hagfelt, þar sem þessi aðferð einmitt mun vera höfð sumstaðar til þess að uppræta lundann, af því hann spillir æðarvarpinu, eins mælir það á móti hinum öðrum útveg, er þèr hafið bent á, herra stiptamtmaður, það er að segja að banna þessa aðferð á Vestmannaeyjum á þann hátt, að taka skilyrði um það í byggingarbrèfin framvegis, að þá liði langur tími áður en þessi ráðstöfun væri komin algjörlega í kring, auk þess að leiguliðarnir yrðu ekki allir sömu kjörum undirorpnir, en það ætti að forðast.

Það hefir því verið íhugað, hvort ekki væri annað ráð til þess, að koma þessari ráðstöfun í kring umboðsstjórnarveginn í einu lagi fyrir allar jarðir á Vestmannaeyjum.

Eptir því sem skýrt er frá í fylgiskjölunum, er yður hèr með eru send aptur, verður að álíta, að jarðirnar á Vestmannaeyjum spillist talsvert, er lundatekjan, sem er hlunnindi, er fylgir jörðinni, rýrnar eða ef til vill verður smámsaman engin vegna aðferðarinnar, sem nú er höfð til að veiða lundann. Þareð nú allar jarðir á Vestmannaeyjum eru ríkiseign, virðist margt mæla fram með því, að ríkið sem landsdrottinn eigi heimild á að banna leiguliðunum að hafa þá aðferð í frammi, er að mun rýrir verð jarðarinnar, á líkan hátt og bannað er að drepa æðarfugl, höggva skóg um of o. s. frv., og að byggja þeim út, ef þeir hlýða ekki banninu.

En áður lengra er farið útí þetta eruð þèr beðnir, herra

stiptamtmaður, að skýra stjórnarráðinu frá áliti yðar um það, og skal þess getið um leið, að það er vitaskuld, að mikið er undir komið því, hvernig komizt er að orði í byggingarbréfum leiguliðanna. 1868. 21. oktbr.

---

60. Brèf dómsmálastjórnarinnnar til reikningastjórnardeildar konungsríkisins, um eptirstöðvar af jarðarafgjöldum á Vestmannaeyjum. 28. oktbr.

Með brèfi dagsettu 17. f. m. hefir reikningastjórnardeild konungsríkisins sent hingað eptirrit af útásetningunum um reikninginn fyrir tekjunum af jarðagózinu á Vestmannaeyjum fjárhagsárið 1866—67; er þar vikið á reglurnar um formið fyrir því, hvernig eigi að tilfæra skuldir hjá leiguliðunum í reikningnum, um heimildina, sem útheimtist til að skuldir megi hverfa úr reikningnum, og um aðferðina, er á að hafa við að heimta skuldirnar saman. Reikningastjórnardeildin hefir þar næst látið álit sitt í ljósi um ýmsa galla á skipulagi því, sem nú er á þessu, og skotið til úrlausnar stjórnarráðsins, sumpart hvort sá, er reikninginn semur, megi láta skuldir þær falla, er sannað verður um með staðfestu eptirriti af fógetabókinni, að ekkert hafi fundizt hjá hlutaðeiganda gjaldþegni til að gjöra í fjárnám, sumpart hvort nokkrar skuldir frá árunum 1865—66 og 1866—67, hinar fyrri 330 rd. 82. sk. og hinar síðari 185 rd. 89 sk. að upphæð, megi falla niður.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að þeirri spurningu, hvort þær skuldir megi hverfa úr reikningunum, er til ónýtis hefir verið reynt að heimta með fjárnámi, skal svarað með jákvæði, og er það enn fremur álit stjórnarráðsins, að það verði að vera á valdi umboðsmanns að tiltaka eptir öllum atvikum, hvenær fjárnámið skuli gjört, einasta að hið lögboðna 2 ára tímabil sè ekki umliðið, og að það sömuleiðis eigi að vera á hans valdi að ráða úr, eptir því hvað ríkissjóðnum er mest í hag í hvert skipti, hvort leiguliðum þeim, sem ekki eru fullveðja og ekki geta sett veð eða ábyrgð fyrir skuldum

1868. 28. oktbr. sínum, skuli byggt út, því að ef sú regla væri sett, að öllum leiguliðum, er svona væri ástatt fyrir, skyldi byggt út tafarlaust, þá gæti svo farið, ef nokkur fiskileysisár kæmu hvert ofaná annað, að mikill hluti leiguliðanna yrði að fara burt af býlum sínum. Um leið og leyft skal, að hinar ófáanlegu skuldir frá árunum 1865—66 og 1866—67, sem um er getið hèr að framan, megi falla niður, skal því að endingu við bætt, að stiptamtmanninum yfir Íslandi hefir verið skrifað í dag um, hvort ekki þækti tiltækilegt að gjöra ráðstafanir til, að Opið brèf 14. maímán. 1834 um heimtingu skulda, sem eiga forgöngurètt, verði leidt í lög á Íslandi.

---

20. nóvbr. **61. Brèf dómsmálastjórnarinnar til fjárstjórnarinnar, um gufuskipsferðirnar millum Kaupmannahafnar, Færeyja og Íslands.**

Um leið og vèr sendum aptur álitsskjal það með fylgiskjali, er hingað barst með brèfi fjárstjórnarinnar 16. þ. m., frá aðalforráðamanni póstferðanna, þar sem lagt er til með þeirri uppástungu, er dómsmálastjórnin hafði borið upp, að leggja gufuskipsferðirnar milli Kaupmannahafnar, Færeyja og Íslands undir yfirstjórn póststjórnarinnar, og er þar ítarlega lagt niður, hvernig skipulagið ætti að vera, skulum vèr svara því, að dómsmálastjórnin hefir ekki fyrir sitt leyti neitt á móti skipulagi því, sem þar er um rædt, en þó þykir vert að leiða athygli að þeim atriðum, er nú skal greina:

að þar sem svo er fyrir mælt í samningnum við „hið sameinaða gufuskipafèlag" um gufuskipsferðirnar, að honum skuli sagt upp innan ársloka, þykir dómsmálastjórninni mikils um vert, að hið nýja skipulag verði komið í kring áður en þetta ár er liðið;

að á næsta fjárhagsári að minnsta kosti eins og að undanförnu (smbr. t. a. m. frumvarpið til fjárhagslaganna, sem nú er hjá ríkisþinginu, 20. gr. VIII B) verður að hugsa um að

fá veitt fé til að greiða lestagjaldið af gufupóstskipinu, sem skipað er fyrir um í færeysku og íslenzku verzlunarlögunum, en það er 3 rd. hverja ferð fram og aptur fyrir hvern ton af öllu rúmmáli skipsins; skal þess samt getið, að ef fjárhagur Íslands og Danmerkur verður sundurskilinn, virðist nauðsynlegt annaðhvort að koma á þeirri breytingu á íslenzku verzlunarlögunum, að gufupóstskipið skuli undanþegið að greiða lestagjald til Íslands, eða að mæla svo fyrir, að lestagjaldið af gufupóstskipinu skuli ekki á síðan renna inn í hinn íslenzka landssjóð; og 1868. 20. nóvbr.

að þar sem svo er til ætlazt, að komið skuli við einhverstaðar austantil á Íslandi, helzt á Berufirði, þá verður, er fjárhagsaðskilnaðurinn er kominn í kring, að gjöra samning með póststjórninni og hinni væntanlegu sèrstaklegu umboðsstjórn á Íslandi, um að endurgoldinn skuli af Íslands hálfu sá hluti af kostnaðinum til póstferðanna — þ. e. því, sem útgjöldin eru meiri en tekjurnar —, er hlýzt af því, að þar er komið við, því að leiðina frá Berufirði til Reykjavíkur og frá Reykjavík til Berufjarðar verður að skoða sem kafla úr póstgöngunum á Íslandi, en samkvæmt frumvarpinu um fjárhagsmál Íslands, er lagt hefir verið fyrir ríkisþingið, eiga þær, þegar þar að kemur, að vera á kostnaði Íslands, og snerta því ekki sjóð konungsríkisins.

---

26. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um mælingu skipa frá Bretlandi hinu mikla. 24. nóvbr.

Aðalskattastjórnin hefir skýrt dómsmálastjórninni frá, að hún hafi veitt stjórn drottningarinnar á Bretlandi hinu mikla loforð um, að öll skip, sem þar eiga heima og hafa brezk skrásetningarskýrteini (*certificates of registry*), skuli undanþegin

1868. 24. nóvbr. að vera mæld upp aptur í Danmörk eða hjálendunum, en að farið skuli eptir rúmmáli því í tons, sem stendur í tèðum skýrteinum.

Jafnframt því að þetta er tilkynnt yður, eruð þèr beðnir um að birta það öllum, sem í hlut eiga, og taka um leið fram við þá, að þegar tons-rúmmálinu, sem stendur í brezku skrásetningarskýrteinunum, er breytt í kaupskipalestir, skal telja tvo tons jafna einni lest, og þar sem brot koma fyrir, skal farið með þau, eins og nú segir:

1) þegar búið er að skipta tons-rúmmálinu með 2, og lesta-rúmmálið verður ekki meira en 10,00 lestir, skal öllum hundraðabrotum, sem eru minni en 0,13, sleppt; frá 0,13 til 0,37, að báðum meðtöldum, skal talið 1/4 úr lest; frá 0,38 til 0,62, að báðum meðtöldum, talið 1/2 lest; frá 0,63 til 0,87 3/4 úr lest og 0,88 og það an af meira heil lest.
2) þegar rúmmálið aptur á móti verður meira en 10,00 lestir, skal sleppa öllum hundraðabrotum, sem eru minni en 0,46; frá 0,26 til 0,75 skal talið hálf lest og 0,76 og það an af meira heil lest.

---

12. desbr. **63. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um eignarrètt til vogreks.**

Í brèfi 2. septembermán. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, beiðzt úrlausnar dómsmálastjórnarinnar á því, hvort andvirðið fyrir tvær tunnur með steinolíu í, sem rekið hafa, önnur á Álfhóla fjöru í Rangárvallasýslu og hin á Loptstaða fjöru í Árnessýslu, eigi að renna í ríkissjóðinn, eða fjörueigendur eigi það með því skilyrði, að þeir taki uppá sig alla ábyrgð, ef eigendurnir kynnu að koma með nokkra kröfu útaf þessu.

Nú er skrifazt hefir verið á við fjárstjórnina um þetta, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr

kunngjörið það, að vèr fáum ekki betur sèð, en að vogrek þessi eigi undir ákvarðanirnar í opnu brèfi 4. maímán. 1778 1. gr., og að ríkissjóðurinn því eigi heimting á andvirðinu, ef að enginn eigandi gefur sig fram, en af því hèr er um slíkt lítilræði að gjöra, lætur stjórnarráðið eptir, að lóðareigendurnir fái andvirðið með því skilyrði, að þeir taki uppá sig alla þá ábyrgð, sem annars kynni að lenda á ríkissjóðnum, ef eigendurnir kæmu fram með nokkrar kröfur í þessu efni. 1868. 12. desbr.

---

64. Auglýsing dómsmálastjórnarinnar um, að stjórn á fjármunum læknasjóðsins íslenzka skuli eptirleiðis fengin í hendur stiptsyfirvöldunum á Íslandi. 31. desbr.

(Með konungsúrskurði 12. ágústmán. 1848, birtum með opnu brèfi dómsmálastjórnarinnar 23. s. m., var allramildilegast ákvarðað, að þeir fjórir spítalar handa holdsveikum í mönnum á Íslandi: Kaldaðarnes spítali og Hörgslands spítali í suðurumdæminu, Hallbjarnareyrar spítali í vesturumdæminu og Möðrufells spítali í norður- og austurumdæminu, sem stofnaðir voru með konungsbrèfi 10. maímán. 1651 og reglugjörð 27. maímán. 1746, skyldu ekki lengur vera sjúkrahús handa holdsveikum mönnum, heldur skyldi stofna sjóð úr jörðum þeirra, tekjum og fè því, er þeim hafði safnazt; skyldi sjóður sá ætlaður til að betra læknaskipunina á Íslandi, en þó skyldi framvegis fyrst um sinn hafa eignir hvers spítala sèrílagi á sama hátt og að undanförnu. Með konungsbrèfi 12. maímán. 1652 var yfirstjórn spítalanna fengin í hendur biskupinum og lögmanninum í hverju stipti um sig, en nú, er lögmanns embættin eru af numin með tilskipun 11. júlímán. 1800, og Hóla biskupsstóll er lagður niður með konungsbrèfi 2. októbermán. 1801, hefir biskupinn yfir Íslandi og amtmaðurinn í því amti, sem spítalinn er hver um sig, stjórn þeirra á hendi. En með því að seinna þráfaldlega hófst ágreiningur um reikningsgjörð fyrir tekjum spítalanna, og um það, hvernig ætti að skipta niður á þá kostnaðinum til læknakennslunnar hjá landlæknum m. fl., hlutaðist stjórnarráðið til um, að nefnd sú, sem sett var í Reykjavík árið 1864 til þess að ræða sumpart um breytingu á ákvörðununum um innheimtu spítalatekjanna, og um hvernig þeim skyldi varið í peninga, sumpart um nýjar tekjugreinir handa spítölunum, tók einnig það atriði til íhugunar, hvort ekki væri ástæða til að gjöra þá breyting á yfirstjórn læknasjóðsins, að hún væri fengin stiptsyfirvöldunum í hendur um allt land.

1868. 31. desbr.

Í álitsskjali sínu um málefnið sagði nefndin um þetta atriði, að það mundi vera mjög þarflegt fyrir læknasjóðinn, eins og það líka væri réttast í sjálfu sér, að yfirstjórn spítalanna eða læknasjóðsins væri fengin stiptsyfirvöldunum í hendur, hvort sem settar yrðu sömu reglur um innheimtu tekjanna um allt land — eins og nú er orðið með tilskipun 10. ágústmán. 1868 — eður ekki, því að það atvik, að tekjum spítalanna nú er safnað saman í einn læknasjóð handa öllu landinu, svo að nú eru þær sem ein heild, virðist eiga að hafa í för með sér, að eigum sjóðsins sè stjórnað í einu lagi og af sömu embættismönnum, en ekki í þrennu lagi; það hefði getað verið mjög rètt, á meðan spítali var í hverju amti, en nú sè það ekki hent eptir þá breytingu, sem á er komin. Dómsmálastjórnin fellst á þessa skoðun nefndarinnar, og í ástæðunum til frumvarpsins til tilskipunarinnar 10. ágústmán. 1868, sem lagt var fyrir alþingi 1867, var tekið fram, að það væri áformað, að stiptsyfirvöldin skyldu eptirleiðis hafa á hendi yfirstjórn læknasjóðsins, og í tilskipuninni sjálfri, einkum 5. gr., þar sem segir, að stiptsyfirvöldunum skuli gjörður reikningur fyrir spítalahlutunum og goldnir þeir, er gjört ráð fyrir, að þau hafi yfirstjórnina á hendi. En hinsvegar átti ekki ákvörðunin um þetta atriði heima í tilskipuninni, sem einasta mælir fyrir um gjald sjálfra spítalahlutanna; það er umboðsstjórnin, sem á að gjöra út um stjórn læknasjóðsins, og um það, hvernig honum skuli varið.

Samkvæmt þessu var málið borið upp fyrir konungi og er hann hafði lagt úrskurð á það, var úrskurðurinn birtur með opnu brèfi því, er hèr er á eptir):

Samkvæmt þegnlegri uppástungu dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknazt 29. þ. m. allramildilegast að fallast á, að stjórn á fjármunum og tekjum íslenzka læknasjóðsins skuli eptirleiðis falin á hendur stiptsyfirvöldunum á Íslandi.

Þetta birtist hèr með öllum, sem hlut eiga að máli, til eptirbreytni.

Í dómsmálastjórninni 31. dag desembermánaðar 1868.

Embætta veitingar, nafnbætur o. s. frv. árin 1854—68.

1854.

7. jan.: Oddi á Rangárvöllum veittur síra Ásmundi Johnsen, dómkirkjupresti í Reykjavík.

2. febr.: Skagafjarðarsýsla veitt Kristjáni kammerráði Kristjánssyni.

27. marz: staðfest veitingarbréf stiptsyfirvaldanna, dagsett 1. nóvembermán. 1850, handa síra Gísla Gíslasyni fyrir Staðarbakka í Húnavatnssýslu.

s. d.: staðfest veitingarbréf stiptamtmannsins, dagsett 5. maímán. 1849, handa síra Halldóri Jónssyni fyrir Hofi í Vopnafirði.

30. apríl: Suðurmúlasýsla veitt cand. juris Jónasi Thorstensen.

s. d.: Snæfellsnessýsla veitt cand. juris Boga Thórarensen.

s. d.: Strandasýsla veitt examin. juris Vigfúsi Thórarensen.

14. júní: Lenharði bónda Þorsteinssyni á Gufuskálum í Gullbringusýslu,
Jóni bónda Jónssyni á Grjóteyri í Kjósarsýslu,
Birni bónda Þorlákssyni á Fornhaga í Eyjafjarðarsýslu, og
Jóni hreppstjóra Sveinssyni á Sauðanesi í Húnavatnssýslu
veittur heiðurspeningurinn „ærulaun iðni og hygginda."

22. s. m.: Barðastrandarsýsla veitt examin. juris Jóni Thóroddsen.

26. s. m.: Reykjavíkur dómkirkjubrauð veitt síra Hallgrími Jónssyni, presti að Hólmum og prófasti í Suðurmúlasýslu.

27. júlí: Ísafjarðarsýsla veitt examin. juris Erlendi Þórarinssyni.

10. septbr: Reykjavíkur dómkirkjubrauð veitt síra Ólafi Pálssyni, presti að Stafholti og prófasti í Mýrasýslu.

s. d.: staðfest veitingarbréf stiptsyfirvaldanna, dagsett 12. desembermán. 1853, handa síra Birni Halldórssyni fyrir Laufási í Þingeyjarsýslu.

28. s. m.: Jörgen Pètri Havstein, amtmanni yfir norður- og austurumdæminu, veitt lausn frá að vera konungkjörinn þingmaður á alþingi.

6. oktbr.: Vilhjálmur Finsen, landfógeti á Íslandi og bæjarfógeti í Reykjavík, sæmdur virkilegs kansellíráðs nafnbót.

s. d.: Arnór Árnason, sýslumaður í Húnavatnssýslu, sæmdur virkilegs kammerráðs nafnbót.

s. d.: Jón Árnason, hreppstjóri á Leirá í Borgarfjarðarsýslu,
Árni Jónsson, hreppstjóri á Stóra-Hofi í Rangárvallasýslu,
Loptur Guðmundsson, fyrrum hreppstjóri og sáttasemjari á Hálsi í Kjósarsýslu,

6. oktbr.: Eiríkur Helgason, fyrrum hreppstjóri og sáttasemjari í Kampholti í Árnessýslu,
Ólafur Jónsson, hreppstjóri á Sveinstöðum í Húnavatnssýslu, og
Þorleifur Þorleifsson, spítalahaldari á Hallbjarnareyri í Snæfellsnessýslu,
sæmdir heiðursmerki dannebrogsmannanna.

1855.

28. marz: C. Willemoes, sýslumanni í Mýra- og Hnappadalssýslu, veitt lausn í náð frá embætti sínu
13. apríl: Páll Melsteð, amtmaður yfir vesturumdæminu, skipaður konungsfulltrúi á alþingi sumarið 1855.
2. maí: staðfest veitingarbréf stiptsyfirvaldanna, dagsett 9. marzmán. 1854, handa síra Þórarni Böðvarssyni fyrir Vatnsfirði í Ísafjarðarsýslu.
11. s. m.: Mýra- og Hnappadalssýsla veitt Boga Thórarensen, sýslumanni í Snæfellsnessýslu.
s. d.: Strandasýsla veitt examin. juris Jóhannesi Guðmundssyni.
6. júlí: staðfest veitingarbréf stiptsyfirvaldanna, dagsett 30. októbermán. 1854, handa síra Lauritz Michael Johnsen fyrir Skarðsþingum í Dalasýslu.
18. septbr.: Jón Hjaltalín, dr. med. og batalljónskírúrg, skipaður landlæknir á Íslandi og héraðslæknir í hinu syðra læknisumdæmi í suðuramtinu.
s. d.: staðfest veitingarbréf stiptsyfirvaldanna, dagsett 31. janúarmán. 1855, handa síra Einari Sæmundssyni Einarsen fyrir Stafholti í Mýrasýslu.
s. d.: staðfest veitingarbréf stiptsyfirvaldanna, dagsett. 31. janúarmán. 1855, handa síra Stefáni Stephensen fyrir Holti í Önundarfirði.
s. d.: staðfest veitingarbréf stiptsyfirvaldanna, dagsett 19. marzmán. 1855, handa síra Jóni Benediktssyni fyrir Setbergi í Snæfellsnessýslu.

1856.

1. jan.: Síra Ásmundur Johnsen, prestur að Odda og prófastur í Rangárþingi, og
Bjarni Johnsen, skólameistari í Reykjavík
sæmdir riddarakrossi dannebrogsorðunnar.
s. d.: Sigurður Helgason, fyrrum hreppstjóri á Fitjum í Skorradal, og

Tómas Bjarnason, hreppstjóri á Fallandastöðum í Húnavatnssýslu,
sæmdir heiðursmerki dannebrogsmannanna.

15. febr.: staðfest veitingarbréf stiptsyfirvaldanna, dagsett 1. maímán. 1855, handa síra Stefáni Þorvaldssyni fyrir Hítarnesþingum í Mýrasýslu.

31. marz: Þórður Jónasson, jústizráð, skipaður háyfirdómari, og
Jón Pètursson fyrsti yfirdómari í yfirdóminum á Íslandi.

s. d.: Snæfellsnessýsla veitt cand. juris Árna Thorsteinson.

s. d.: Jón Constant Finsen, cand. med. & chir., skipaður héraðslæknir í Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslu.

s. d.: Jósep læknir Skaptason skipaður héraðslæknir í Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu.

10. júlí: staðfest veitingarbréf stiptsyfirvaldanna, dagsett 14. desembermán. 1855, handa síra Páli Jónssyni Mathiesen fyrir Hjarðarholti í Dalasýslu.

23. júlí: Reinhart With, kansellisti í dómsmálastjórninni, skipaður fullmektugur í hinni íslenzku stjórnardeild.

6. oktbr.: Þórður Jónasson, háyfirdómari í yfirdóminum á Íslandi, sæmdur riddarakrossi dannebrogsorðunnar.

15. s. m.: staðfest veitingarbréf stiptsyfirvaldanna, dagsett 26. maímán. 1856, handa síra Guðmundi Einarssyni Johnsen fyrir Arnarbæli í Ölfusi.

1857.

30. apríl: Páll Melsteð, amtmaður yfir vesturumdæminu, skipaður konungsfulltrúi á alþingi 1857;
Vilhjálmur Finsen, kansellíráð og land- og bæjarfógeti, og Bjarni Johnsen, skólameistari,
skipaðir konungkjörnir þingmenn, og
Þorsteinn Johnsen, sýslumaður í Norðurmúlasýslu skipaður konungkjörinn varaþingmaður.

3. júlí: staðfest veitingarbréf stiptsyfirvaldanna, dagsett 9. júlímán. 1856, handa síra Þórði Þórðarsyni Jónassen fyrir Möðruvallaklaustri í Eyjafjarðarsýslu.

s. d.: staðfest veitingarbréf stiptsyfirvaldanna, dagsett 31. júlímán. 1856, handa síra Páli Ingimundarsyni fyrir Gaulverjabæ í Árnessýslu.

19. nóvbr: staðfest veitingarbréf stiptsyfirvaldanna, dagsett 10. nóvbr. 1856, handa síra Einari Brynjólfssyni Sivertsen fyrir Gufudal í Barðastrandarsýslu.

s. d.: staðfest veitingarbréf stiptsyfirvaldanna, dagsett 23. aprílmán. 1857, handa síra Jóni Jónssyni Reykjalín fyrir Heydölum í Suðurmúlasýslu.

19. nóvbr.: staðfest veitingarbrèf stiptsyfirvaldanna, dagsett 17. júlímán. 1857, handa síra Stefáni Thórarensen fyrir Kálfatjörn í Gullbringusýslu.

6. desbr.: Magnúsi Stephensen, kammerráði og sýslumanni í Rangárvallasýslu, veitt lausn í náð frá embætti sínu og sæmdur virkilegs jústizráðs nafnbót.

31. desbr.: Oddgeir Stephensen, etazráð og forstöðumaður hinnar íslenzku stjórnardeildar, sæmdur riddarakrossi dannebrogsorðunnar.

1858.

17. apríl: Rangárvallasýsla veitt Eggert Ólafi Briem, sýslumanni í Eyjafjarðarsýslu.

15. maí: staðfest veitingarbrèf stiptsyfirvaldanna, dagsett 12. nóvbr. 1857, handa síra Jóni Hávarðssyni fyrir Heydölum í Suðurmúlasýslu.

26. maí: Borgarfjarðarsýsla veitt cand. juris Jóni Snæbjörnssyni.

9. júní: Jóhannesi Clausen, hèraðslækni í hinu nyrðra læknisumdæmi vesturamtsins, veitt lausn í náð frá embætti sínu.

30. júní: staðfest veitingarbrèf stiptsyfirvaldanna, dagsett 15. aprílmán. 1858, handa síra Helga Hálfdánarsyni fyrir Görðum á Álptanesi.

30. júlí: cand. juris Hermann Elías Johnsen og examin. juris Jón Guðmundsson settir af dómsmálastjórninni málaflutningsmenn við yfirdóminn í Reykjavík.

7. oktbr.: síra Árni Helgason, stiptprófastur, sæmdur biskups nafnbót.

22. oktbr.: Eyjafjarðarsýsla veitt cand. juris Stefáni Thórarensen.

1859.

1. janúar: Jón Sigurðsson, skjalavörður, og
síra Ólafur Sivertsen, prestur í Flatey og prófastur í Barðastrandarsýslu,
sæmdir riddarakrossi dannebrogsorðunnar.

s. d.: Halldór Andrèsson, húsmaður á Tjarnarkoti í Gullbringusýslu, sæmdur heiðursmerki dannebrogsmannanna.

17. janúar: Gísli Hjálmarsson, hèraðslæknir í austurumdæminu, sæmdur virkilegs kansellíráðs nafnbót.

s. d.: Sigfús Schulesen, sýslumaður í Þingeyjarsýslu, sæmdur virkilegs kammerráðs nafnbót.

s. d.: Þorsteinn umboðsmaður Daníelsson á Skipalóni í Eyjafjarðarsýslu.
Ari umboðsmaður Sæmundsson á Akureyri,
Einar hreppstjóri Sighvatsson á Skála í Rangárvallasýslu, og
Jón hreppstjóri Jónsson á Hrauni í Gullbringusýslu,
sæmdir heiðursmerki dannebrogsmannanna.

17. janúar: Jón hreppstjóri Einarsson á Hóli í Borgarfjarðarsýslu,
Filippus bóndi Þorsteinsson á Bjólu í Rangárvallasýslu,
Árni bóndi Einarsson á Vilborgarstöðum á Vestmannaeyjum, og
Sigurður bóndi Árnason í Hvammi í Skaptafellssýslu,
sæmdir heiðurspeningnum „ærulaun iðni og hygginda".

28. janúar: Ísafjarðarsýsla veitt cand. juris Stefáni Björnssyni.

27. febr.: staðfest veitingarbréf stiptsyfirvaldanna, dagsett 1. júnímán. 1858, handa síra Birni Jónssyni fyrir Stokkseyri og Kaldaðarnesi í Árnessýslu.

s. d.: staðfest veitingarbréf stiptsyfirvaldanna, dagsett 12. marz 1858, handa síra Hinrik Hinrikssyni fyrir Skorrastað í Suðurmúlasýslu.

s. d.: staðfest veitingarbréf stiptsyfirvaldanna, dagsett 18. júnímán. 1858, handa síra Pétri Jónssyni fyrir Valþjófstað í Norðurmúlasýslu.

5. maí: Páll Melsteð, amtmaður yfir vesturamtinu, skipaður konungsfulltrúi á alþingi 1859.
Þórður Jónasson, háyfirdómari í yfirdóminum,
Helgi Thordersen, biskup yfir Íslandi,
Pétur Pétursson, prófessor og dr. theol.,
Vilhjálmur Finsen, kansellíráð og land- og bæjarfógetí.
Jón Pétursson, yfirdómari, og
Jón Hjaltalín, landlæknir og dr. med.,
skipaðir konungkjörnir alþingismenn;
Þorsteinn Johnsen, sýslumaður í Norðurmúlasýslu, og
síra Þórarinn Kristjánsson, prófastur í Strandasýslu,
skipaðir konungkjörnir varaþingmenn.

s. d.: cand. juris Benedikt Sveinsson, skipaður annar yfirdómari í yfirdóminum.

14. júlí: Páll Melsteð, amtmaður yfir vesturumdæminu, sæmdur kommandörkrossi dannebrogsorðunnar, og
Vilhjálmur Finsen, kansellíráð og land- og bæjarfógeti, sæmdur riddarakrossi dannebrogsorðunnar.

17. ágúst: Síra Skúla Gíslasyni, presti að Stóranúpi í Árnessýslu, veittur Breiðabólstaður í Fljótshlíð.

21. septbr.: staðfest veitingarbréf stiptsyfirvaldanna, dagsett 13. maímán. 1859, handa síra Þorkeli Eyjólfssyni fyrir Borg á Mýrum.

s. d.: staðfest veitingarbréf stiptsyfirvaldanna, dagsett 6. aprílmán. 1859, handa síra Friðriki Eggerz fyrir Skarðsþingum í Dalasýslu.

10. oktbr.: Kristjáni kammerráði Magnusen, sýslumanni í Dalasýslu, veitt lausn í náð frá embætti sínu.

13. nóvbr.: staðfest veitingarbréf stiptsyfirvaldanna, dagsett 23. septbr. 1858, handa síra Jakob Finnbogasyni fyrir Staðarbakka í Húnavatnssýslu.

27. desbr.: staðfest veitingarbréf stiptsyfirvaldanna, dagsett 30. marz 1859, handa síra Guðmundi Vigfússyni fyrir Melstað í Húnavatnssýslu.

1860.

1. janúar: Jón Hjaltalín, dr. med., landlæknir og hèraðslæknir í Borgarfjarðar-, Kjósar- og Gullbringusýslu, sæmdur justizráðs nafnbót.
s. d.: Þorsteinn Johnsen, sýslumaður í Norðurmúlasýslu, sæmdur virkilegs kansellíráðs nafnbót.
s. d.: Jón Illugason, fyrrum hreppstjóri, á Djúpalæk í Norðurmúlasýslu, og
Jakob umboðsmaður Pètursson, fyrrum hreppstjóri á Breiðumýri í Þingeyjarsýslu,
sæmdir heiðursmerki dannebrogsmannanna.
9. janúar: Hallgrímur Scheving, dr. philos. og fyrrum yfirkennari við Reykjavíkurskóla, sæmdur riddarakrossi dannebrogsorðunnar.
s. d.: Konráð Gíslason, prófessor í Norðurlanda málum við háskólann í Kaupmannahöfn, sæmdur riddarakrossi dannebrogsorðunnar.
22. marz: Gísla Hjálmarssyni, kansellíráði og hèraðslækni í austurumdæminu, veitt lausn í náð frá embætti sínu.
8. maí: Húnavatnssýsla veitt Kristjáni kammerráði Kristjánssyni, sýslumanni í Skagafjarðarsýslu.
s. d.: Dalasýsla veitt Boga Thórarensen, sýslumanni í Mýra- og Hnappadalssýslu.
17. maí: staðfest veitingarbrèf stiptsyfirvaldanna, dagsett 9. nóvbr. 1859, handa síra Ólafi Thorberg fyrir Breiðabólstað í Vesturhópi.
6. ágúst: staðfest veitingarbrèf stiptsyfirvaldanna, dagsett 5. oktbr. 1859, handa síra Magnúsi Þórðarsyni fyrir Rafnseyri í Ísafjarðarsýslu.
s. d.: staðfest veitingarbrèf stiptsyfirvaldanna, dagsett 9. janúar 1860, handa síra Eiríki Kúld fyrir Helgafelli í Snæfellsnessýslu.
s. d.: staðfest veitingarbrèf stiptsyfirvaldanna, dagsett 26. marz 1860, handa síra Daniel Halldórssyni fyrir Hrafnagili í Eyjafjarðarsýslu.
6. oktbr.: Skapti Skaptason, tómthúsmaður í Reykjavík, sæmdur heiðursmerki dannebrogsmannanna.
23. oktbr.: staðfest veitingarbrèf stiptsyfirvaldanna, dagsett 15. maímán. 1860, handa síra Benedikt Kristjánssyni fyrir Múla og Nesi í Þingeyjarsýslu.
s. d.: staðfest veitingarbrèf stiptsyfirvaldanna, dagsett 30. maímán. 1860, handa síra Sæmundi Jónssyni fyrir Hraungerði í Árnessýslu.
18. nóvbr.: staðfest veitingarbrèf stiptsyfirvaldanna, dagsett 3. ágústmán. 1860, handa síra Brynjólfi Jónssyni fyrir Vestmannaeyjum.

22. nóvbr.: A. C. Baumann, sýslumanni í Gullbringu- og Kjósarsýslu, veitt lausn í náð frá embætti sínu.

1861.

11. febr.: Sigfúsi kammerráði Schulesen, sýslumanni í Þingeyjarsýslu, veitt lausn í náð frá embætti sínu.

18. s. m.: Árni Thorsteinson, sýslumaður í Snæfellsnessýslu, skipaður landfógeti á Íslandi og bæjarfógeti í Reykjavík.

s. d.: Skagafjarðarsýsla veitt Eggert Ólafi Briem, sýslumanni í Rangárvallasýslu.

s. d.: Mýra- og Hnappadalssýsla veitt Jóhannesi Guðmundssyni, sýslumanni í Strandasýslu.

s. d.: Vestmannaeyjasýsla veitt cand. juris Bjarna Einari Magnússyni.

12. apríl: Páll Melsteð, amtmaður yfir vesturumdæminu, skipaður konungsfulltrúi á alþingi 1861.

s. d.: Vilhjálmi Finsen, kansellíráði, yfirdómara í Vebjörgum, veitt lausn frá að vera konungkjörinn alþingismaður;
Þorsteinn kansellíráð Johnsen, sýslumaður í Norðurmúlasýslu, skipaður konungkjörinn þingmaður, og
Benedikt yfirdómari Sveinsson konungkjörinn varaþingmaður.

25. maí: Þingeyjarsýsla veitt Þorsteini kansellíráði Johnsen, sýslumanni í Norðurmúlasýslu.

s. d.: Rangárvallasýsla veitt Hermanni Elías Johnsen, settum málaflutningsmanni við yfirdóminn.

s. d.: Borgarfjarðarsýsla veitt Jóni Thóroddsen, sýslumanni í Barðastrandarsýslu.

3. oktbr.: staðfest veitingarbréf stiptsyfirvaldanna, dagsett 23. nóvbr. 1860, handa síra Sveinbirni Guðmundssyni fyrir Landeyjaþingum í Rangárvallasýslu.

s. d.: staðfest veitingarbréf stiptsyfirvaldanna, dagsett 30. marz 1861, handa síra Árna Böðvarssyni fyrir Setbergi í Snæfellsnessýslu.

12. oktbr.: Gullbringu- og Kjósarsýsla veitt cand. juris Haraldi Hugo Eðvarði Clausen.

1862.

21. janúar: Páll Melsteð, examin. juris, settur af dómsmálastjórninni málaflutningsmaður við yfirdóminn.

10. febr.: Birni Gunnlaugssyni, yfirkennara við Reykjavíkurskóla, veitt lausn í náð frá embætti sínu.

8. ágúst: staðfest veitingarbréf stiptsyfirvaldanna, dagsett 24. febrúar 1862, handa síra Birni Þorvaldssyni fyrir Holti undir Eyjafjöllum.

s. d.: Jens Sigurðsson, kennari við Reykjavíkurskóla, skipaður yfirkennari við skólann.

6. oktbr.: Oddgeir Stephensen, etazráð og stjórnardeildarforingi, riddari dannebrogsorðunnar, sæmdur heiðursmerki dannebrogsmannanna.

s. d.: Skúli Thórarensen, héraðslæknir í hinu eystra læknisumdæmi í suðuramtinu, sæmdur riddarakrossi dannebrogsorðunnar.

s. d.: Ólafur Stephensen, sekreteri, í Viðey, sæmdur jústizráðs nafnbót.

s. d.: Ásgeir Finnbogason, fyrrum hreppstjóri, á Lambastöðum í Gullbringusýslu,
Pètur Ottesen, sjálfseignarbóndi á Ytrahólmi í Borgarfjarðarsýslu,
Árni Pálsson, hreppstjóri á Syðraholti í Eyjafjarðarsýslu, og
Kristján Ebenezersson, hreppstjóri í Reykjarfirði í Ísafjarðarsýslu,
sæmdir heiðursmerki dannebrogsmannanna.

15. oktbr.: staðfest veitingarbréf stiptsyfirvaldanna, dagsett 7. janúarmán. 1862, handa síra Þorvarði Jónssyni fyrir Kirkjubæjarklaustri á Síðu.

6. nóvbr.: staðfest veitingarbréf stiptsyfirvaldanna, dagsett 28. aprílmán. 1862, handa síra Jóni Þorvarðssyni fyrir Reykholti í Borgarfjarðarsýslu.

21. desbr.: Jón Þorkelsson, cand. philologiæ, skipaður kennari við Reykjavíkurskóla.

1863.

22. janúar: staðfest veitingarbréf stiptsyfirvaldanna, dagsett 11. ágústmán. 1862, handa síra Jóni Kristjánssyni fyrir Þingeyraklaustri í Húnavatnssýslu.

19. apríl: C. E. F. Reinhardt, fullmektugur í dómsmálastjórninni, skipaður skrifstofuforingi í hinni íslenzku stjórnardeild.

5. maí: Þórður Jónasson, háyfirdómari, skipaður konungsfulltrúi á alþingi 1863.

31. maí: staðfest veitingarbréf stiptsyfirvaldanna, dagsett 16. ágúst 1862, handa síra Jakob Björnssyni fyrir Gufudal í Barðastrandarsýslu.

30. júní: Suðurmúlasýsla veitt cand. juris Valdimar Kristjáni Bohn Olivarius.

8. júlí: Stefán Thórarensen, sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu, jafnframt skipaður bæjarfógeti á Akureyri.

25. júli: Snæfellsnessýsla veitt cand. juris Preben Theódór Emanúel Böving.
s. d.: Strandasýsla veitt cand. juris Sigurði Eiríkssyni Sverrisen.
6. septbr.: Norðurmúlasýsla veitt cand. juris Ola Worm Smith.
11. oktbr.: Magnús Stephensen, cand. med. & chir., skipaður héraðslæknir á Vestmannaeyjum.

1864.

27. júní: staðfest veitingarbréf stiptsyfirvaldanna, dagsett 18. septbr. 1862, handa síra Ólafi Guðmundssyni fyrir Höskuldsstöðum í Húnavatnssýslu.
s. d.: staðfest veitingarbréf stiptsyfirvaldanna, dagsett 4. desbr. 1863, handa síra Benedikt Þórðarsyni fyrir Selárdal í Barðastrandarsýslu.

1865.

6. febr.: Barðastrandarsýsla veitt cand. juris Gunnlaugi Pétri Blöndal.
s. d.: Þorvaldur Jónsson, settur héraðslæknir, skipaður héraðslæknir í nyrðra læknisumdæminu í vesturamtinu.
8. maí: Sören Hilmar Steindór Finsen, justizráð, fyrrum borgmeistari, skipaður stiptamtmaður yfir Íslandi og amtmaður yfir suðurumdæminu.
s. d.: Bergur Thorberg, cand. juris, settur amtmaður yfir vesturumdæminu.
11. maí: Þórður Jónasson, háyfirdómari, sæmdur kommandörkrossi dannebrogsorðunnar af fyrsta flokki.
s. d.: Þórður Jónasson, háyfirdómari, skipaður konungsfulltrúi á alþingi 1865.
s. d.: Helgi Thordersen, biskup yfir Íslandi,
Pétur Pétursson, prófessor og dr. theol.,
Jón Hjaltalín, justizráð og landlæknir,
Jón Pétursson, yfirdómari,
Bergur Thorberg, settur amtmaður yfir vesturumdæminu, og
Halldór Kristján Friðriksson, kennari við Reykjavíkurskóla,
skipaðir konungkjörnir alþingismenn;
Árni Thorsteinson, land- og bæjarfógeti, og
síra Ólafur Pálsson, prófastur og dómkirkjuprestur,
skipaðir konungkjörnir varaþingmenn.

1866.

23. febr.: Helga Thordersen, biskupi yfir Íslandi, veitt lausn í náð frá embætti sínu.

s. d.: Pètur Pètursson, prófessor og dr. theol., forstöðumaður prestaskólans í Reykjavík, skipaður biskup yfir Íslandi.

26. febr.: Stefán Björnsson, sýslumaður í Ísafjarðarsýslu, jafnframt skipaður bæjarfógeti á Ísafirði.

25. júní: Sigurður Melsteð, fyrsti kennari við prestaskólann í Reykjavík, skipaður forstöðumaður hans.

29. júní: síra Halldór Jónsson, prestur að Hofi í Vopnafirði og prófastur Norðurmúlasýslu, og
síra Ólafur Pálsson, dómkirkjuprestur í Reykjavík og prófastur í Gullbringu- og Kjósarsýslu
sæmdir riddarakrossi dannebrogsorðunnar.

10. ágúst: Bergur Thorberg, settur amtmaður yfir vesturumdæminu, skipaður amtmaður yfir því.

12. septbr.: Jón Erlendsson, hreppstjóri í Vatnsleysustrandarhrepp í Gullbringusýslu, sæmdur heiðurspeningnum fyrir björgun manna úr lífsháska og honum leyft að bera hann.

14. nóvbr.: staðfest veitingarbrèf stiptsyfirvaldanna, dagsett 26. marz 1866, handa síra Birni Jónssyni fyrir Reynivöllum í Kjós.

s. d.: staðfest veitingarbrèf stiptsyfirvaldanna, dagsett 11. júnímán. 1866, handa síra Helga Sigurðssyni fyrir Setbergi í Snæfellsnessýslu.

s. d.: staðfest veitingarbrèf stiptsyfirvaldanna, dagsett 7. júlí 1866, handa síra Stefáni Þorvaldssyni fyrir Stafholti í Mýrasýslu.

1867.

11. janúar: staðfest veitingarbrèf stiptsyfirvaldanna, dagsett 3. maímán. 1866, handa síra Páli Jónssyni fyrir Höskuldsstöðum í Húnavatnssýslu.

s. d.: staðfest veitingarbrèf stiptsyfirvaldanna, dagsett 23. maímán. 1866, handa síra Páli Jónssyni Mathiesen fyrir Stokkseyri í Arnessýslu.

s. d.: staðfest veitingarbrèf stiptsyfirvaldanna, dagsett 7. júlímán. 1866, handa síra Jóni Guttormssyni fyrir Hjarðarholti í Dalasýslu.

s. d.: staðfest veitingarbrèf stiptsyfirvaldanna, dagsett 23. ágústmán. 1866, handa síra Jóni Melsteð fyrir Hítarnesþingum í Mýra- og Hnappadalssýslu.

15. febr.: Grenjaðarstaður í Þingeyjarsýslu veittur síra Magnúsi Jónssyni.

19. febr.: Þórði Guðmundssyni, kammerráði og sýslumanni í Árnessýslu, veitt lausn í náð frá embætti sínu.

22. maí: síra Helgi Hálfdanarson, prestur að Görðum á Álptanesi, skipaður fyrsti kennari við prestaskólann í Reykjavík.

26. maí: Jón Hjaltalín, landlæknir, justizráð og dr. med., sæmdur riddarakrossi dannebrogsorðunnar.

s. d.: Kristján Kristjánsson, kammerráð og sýslumaður í Húnavatnssýslu, sæmdur justizráðs nafnbót.

s. d.: Jósep Skaptason, héraðslæknir í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslu, sæmdur virkilegs kansellíráðs nafnbót.

s. d.: Bjarni Johnsen, skólameistari í Reykjavíkurskóla, sæmdur prófessors nafnbót.

s. d.: Árni Thorsteinson, land- og bæjarfógeti, sæmdur virkilegs kansellíráðs nafnbót.

s. d.: Bjarni Brynjólfsson, fyrrum hreppstjóri, á Kjaranstöðum í Borgarfjarðarsýslu,
Guðmundur Halldórsson, fyrrum hreppstjóri, á Stóra-Dunhaga í Eyjafjarðarsýslu,
Guðmundur Jónsson, hreppstjóri, á Hnúki í Dalasýslu,
Jón Jónsson, umboðsmaður, á Höfðabrekku í Skaptafellssýslu, og
Jón Sigurðsson, bóndi á Gautlöndum í Þingeyjarsýslu,
sæmdir heiðursmerki dannebrogsmannanna.

31. maí: Hilmar Finsen, stiptamtmaður yfir Íslandi, skipaður konungsfulltrúi á alþingi 1867.

7. júní: Árnessýsla veitt Þorsteini kansellíráði Johnsen, sýslumanni í Þingeyjarsýslu.

9. ágúst: staðfest veitingarbréf stiptsyfirvaldanna, dagsett 7. janúar 1867, handa síra Þórarni Kristjánssyni fyrir Reykholti í Borgarfjarðarsýslu.

11. oktbr.: Þingeyjarsýsla veitt cand. juris Lauritz Eðvarði Sveinbjörnssyni.

18. oktbr.: staðfest veitingarbréf stiptsyfirvaldanna, dagsett 5. nóvbr. 1866, handa síra Jóni Thorlacíus fyrir Saurbæ í Eyjafjarðarsýslu.

s. d.: staðfest veitingarbréf stiptsyfirvaldanna, dagsett 9. maímán. 1867, handa síra Jóni Björnssyni fyrir Hítarnesþingum í Mýra- og Hnappadalssýslu.

25. oktbr.: Eiríkur Bjarnason, bóndi á Þurstöðum í Mýrasýslu,
Kristján Sigurðsson, bóndi á Hvítárvallakoti í Borgarfjarðarsýslu, og
Runólfur Sverrisson, fyrrum hreppstjóri, á Maríubakka í Skaptafellssýslu,
sæmdir heiðurspeningnum „ærulaun iðni og hygginda.“

31. oktbr.: Þorsteinn Jónsson, settur héraðslæknir, skipaður héraðslæknir á Vestmannaeyjum.

31. oktbr.: Hjörtur Jónsson, settur héraðslæknir, skipaður héraðslæknir í syðra læknisumdæminu í vesturamtinu.

1868.

1. febr.: Garðar á Álptanesi veittur síra Þórarni Böðvarssyni í Vatnsfirði, prófasti í Norður-Ísafjarðar prófastsdæmi.

7. marz: stiptsyfirvöldunum veitt heimild til að veita Pétri Guðmundssyni, skólapilti, Miðgarða í Grímsey.

12. maí: Dalasýsla veitt cand. juris Lárusi Þórarni Blöndal.

3. ágúst: Jónas Þórðarson Jónassen, cand. med. & chir., skipaður af dómsmálastjórninni aðstoðarmaður landlæknis við læknakennsluna, og settur héraðslæknir í nokkrum hluta af umdæmi hans.

12. ágúst: Halldór Jónsson, bóndi á Hrauntúni í Árnessýslu, og Páll Steinsson, bóndi á Tjörnum í Eyjafjarðarsýslu, sæmdir heiðurspeningnum „ærulaun iðni og hygginda".

12. septbr.: Borgarfjarðarsýsla veitt Preben Theódor Emanúel Böving, sýslumanni í Snæfellsnessýslu.

1869.

1. **Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun til 3 utansveitarmanna, er kvaddir voru til að sjá um lækningu fjárins í Grafningshrepp árið 1867.** 1869. 12. janúar.

Í skjali nokkru, er hingað hafði borizt beina leið, hefir Jón Ögmundsson, hreppstjóri í Grafningshrepp í Árnessýslu, fyrir hönd hreppsbúa sinna borið sig upp undan því, að 3 menn úr Ölfushrepp hafi verið skipaðir með úrskurðum stiptamtsins, dagsettum 2. desemberm. 1866 og 28. janúarmán. 1867, til þess að sjá um böðun fjárins í Grafningshrepp, þrátt fyrir það þó að til hafi verið að hans hyggju hæfir menn til þessa í Grafningshrepp, og að síðan hafi hreppurinn verið krafinn um 90 rd. handa umsjónarmönnum þessum. Eptir áskorun dómsmálastjórnarinnar hafið þèr þessu næst, herra stiptamtmaður, skýrt frá í brèfi dagsettu 27. ágústmán. f. á., að það eigi að yðar hyggju að skilja heimild þá, sem amtmönnunum er veitt í 2. grein tilskipunarinnar 5. janúarmán. 1866, til að kveðja til menn hreppstjórunum til aðstoðar til þess að koma fram ráðstöfunum þeim, er tilskipunin mælir fyrir um, á þá leið, að aðstoðarmenn þessir verði ekki að eins að hafa þá þekkingu, sem með þarf, en að þeir verði þar á ofan að vera svo áreiðanlegir menn, að háyfirvaldið geti reidt sig á, að skýrslur þeirra sè sannar. En af því að varla verði að öllum jafnaði búizt við, að þeir menn, sem sjálfir eru við málið riðnir, sè svona áreiðanlegir, þá hafið þèr veturinn 1866—67, þegar átti að framkvæma ákvarðanirnar í tèðri tilskipun, alstaðar í hverjum þeim hrepp, þar sem kláðinn var, kvadt menn úr öðrum hrepp hreppstjórunum til aðstoðar. Að því er snertir

1869. 12. janúar. Grafningshrepp sèr í lagi, hafið þèr, herra stiptamtmaður, tekið fram, að svo fjærri fari, að nein ástæða hafi verið til að bregða útaf þessari reglu hans vegna, að hann hafi einmitt veturinn 1866—67 reynzt óáreiðanlegri en nokkur annar hreppur í suðuramtinu, og að Grafningsmenn hafi þar á ofan gjört þeim tveimur umsjónarmönnum, sem skipaðir voru úr Ölfushrepp í desembermánuði 1866, svo erfitt fyrir, að það hafi orðið nauðsynlegt að bæta þriðja umsjónarmanninum við.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess að þèr auglýsið það, að, þó að það geti verið vafasamt, hvort skilningur sá á ákvörðuninni í 2. grein í tilskipun 5. janúarmán. 1866, sem þèr fylgið fram, sè rèttur almennt, þá hlýtur dómsmálastjórnin að álíta eptir þeim skýrslum, sem fram eru komnar, að í því tilfelli, sem hèr er um að ræða, hafi verið ástæða til að kveðja til utansveitarmenn til að hafa umsjón með heilbrigðisástandi fjárins í Grafningshrepp og böðun þess. Samkvæmt þessu verður Grafningshreppur ekki leystur undan að gjalda kostnað þann, sem af því hefir leidt, en hins vegar skal leyft eptir atvikum, að gjaldinu sè skipt niður á 2 ár, þannig að helmingurinn verði greiddur á manntalsþingunum vorið 1869 og hinn helmingurinn á manntalsþingunum vorið 1870.

---

12. janúar. **2. Brèf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um fiskiveiðar útlendra þjóða við strendur Íslands.**

Konungsfulltrúi á alþingi Íslendinga 1867 hefir sent hingað bænarskrá frá alþingi um fiskiveiðar útlendra manna við strendur Íslands, er fylgir í eptirriti með brèfi þessu ásamt eptirriti af kafla úr álitsskjali konungsfulltrúa, og er þess farið á leit í bænarskránni:

1) að stjórn konungs mætti halda áfram samninga tilraunum sínum við stjórnina á Frakklandi og Bretlandi um fiskiveiðar

þeirra við strendur Íslands, á þann hátt, er hún sèr Íslend- 1869.
ingum hentugast eptir málavöxtum og kringumstæðum þeirra, 12. janúar.
og sèr í lagi, að hún reyni að fá hina síðarnefndu til að
senda herskip til Íslands á hverju sumri, er hafi eptirlit með
athæfi brezkra sjómanna við strendur landsins, og

2) að stjórnin reyni í samningum sínum við Frakka og Breta að fara því á flot, að fiskiskip þeirra fari eigi til fiskiveiða inn á Faxaflóa nè Breiðafjörð fyrri en um vertíðarlok (12. maímán.), ef hún fær eigi stjórn þessara landa til að samþykkja þau veiðitakmörk í Faxaflóa og á Breiðafirði, er liggja fyrir utan vanaleg fiskimið landsmanna.

Jafnframt og dómsmálastjórnin enn fremur skal leyfa sèr að senda með brèfi þessu eptirrit af kafla úr skýrslu, sem Albeck kapteinn, foringi fyrir herskipinu Fylla, sem hafði stöðvar sínar við Ísland í sumar, er leið, hefir sent sjóliðsstjórninni um samninga sína við frakkneska herskipaforingjann um fiskiveiðar Frakka við strendur Íslands, skulum vèr útaf ósk þeirri, sem alþingi hefir borið upp í fyrra niðurlagsatriðinu í bænarskránni, að reynt verði að koma því til leiðar við ensku stjórnina, að hún sendi á hverju ári vopnað skip til Íslands til að hafa gætur á hegðun ensku fiskimannanna, leyfa oss að mælast til, að utanríkisstjórnin láti skýra ensku stjórninni frá umkvörtunum Íslendinga yfir yfirgangi þeim, er ensku fiskimennirnir hafi haft í frammi, og að tekið verði fram um leið við hana, að þó að danska stjórnin kannist við, að það sè skylda hvers ríkis að halda uppi lögum og reglu innan takmarka ríkisins og að sjá rèttindum þegnanna borgið fyrir yfirgangi, þá þækti henni miklu skipta — sökum þess hversu erfitt er vegna landsháttanna, víðáttu strandanna og fólksfæðarinnar, að halda uppi eins góðri reglu, og vera ber, með fram ströndum Íslands, — ef að enska stjórnin gæti komið því við, eptir því hvernig flotanum er ráðstafað, að senda vopnað skip til Íslands í þessu skyni, þó ekki væri á hverju ári, þá samt endrum og sinnum.

Þar sem alþingi því næst hefir farið þess á leit, að samningunum við frakknesku og ensku stjórnina um fiskiveiðarnar við Ísland verði haldið áfram, þá treystir dómsmálastjórnin því,

1869. 12. janúar. að utanríkisstjórnin hlutist um, að samningunum, sem lengi hafa staðið yfir, um að ákveða takmarkalínu fyrir fiskiveiðum Frakka inni á Faxaflóa og ef til vill inni á Breiðafirði, verði fylgt fram í þá stefnu, sem seinast er vikið á í brèfi dómsmálastjórnarinnar 22. októbermán. 1866[1], og viljum vèr þar að auki bera undir álit utanríkisstjórnarinnar, hvort ekki mætti taka það varaatriði inn í samningana, að frakknesku fiskimennirnir megi ekki fara inn á Faxaflóa eða Breiðafjörð til að fiska, fyr en vetrarvertíð Íslendinga er lokið (12. maímán.), eður þá að minnsta kosti, að frakkneska stjórnin seti það sem skilyrði fyrir, að nokkurt fiskiskip geti fengið verðlaun þau, sem sett eru fyrir fiskiveiðar, að það hafi ekki fiskað inni á téðum flóum fyr en eptir vetrarvertíðar lok.

---

29. janúar. **3. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um endurgjald fyrir útgjöld á embættisferð.**

Í brèfi dagsettu 19. nóvembermán. f. á. hafið þèr, herra amtmaður, sókt um, að yður verði veitt hæfilegt endurgjald fyrir kostnað þann, sem þèr auk sjálfs ferðakostnaðarins hafið haft á embættisferð yðar í fyrra til Barðastrandarsýslu og Ísafjarðarsýslu, sem stóð yfir í 13 daga. Útaf þessu skal dómsmálastjórnin leiða athygli yðar að því, að samkvæmt konungsúrskurði 16. maímán. 1829, smbr. brèf innanríkisstjórnarinnar til vesturamtsins 21. septembermán. 1849 um vísitassíuferðir biskupsins, bera amtmönnunum ekki fæðispeningar á embættisferðum þeirra, heldur endurgjald allt að 100 rd. á ári hverju fyrir allan þann kostnað, sem þeir í raun og veru hafa haft á ferðinni eptir nákvæmum reikningi með fylgiskjölum, ef á þarf að halda. Þèr eruð því beðnir, herra amtmaður, að senda

[1]) Smbr. brèf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar 10. ágústmán. 1864 hèr að framan.

hingað reikning, er saminn sè samkvæmt því, sem nú var sagt, um útgjöld yðar á tèðri embættisferð, þau er ekki verða heimfærð undir ferðakostnað, og mun þá upphæð þeirri, sem yður ber, verða ávísað eins og þèr hafið beðið um. 1869. 29. janúar.

---

4. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lán til vegabóta í suðuramtinu. 29. janúar.

Í brèfi dagsettu 2. septembermán. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, skýrt frá um viðgjörð þá á helztu þjóðvegunum í suðuramtinu, sem byrjað var á árið 1868; má þaraf sjá, að af þjóðveginum, sem liggur úr Reykjavík austur að ferjunni á Laugardælum, er búið að koma hèr um bil fjórða eða fimmta partinum í lögboðið stand, og að til þessa hefir gengið helmingurinn af öllu vegabótagjaldinu úr amtinu árið 1868. Þareð ekki getur eptir þessu orðið lokið við þenna þjóðveg á skemmri tíma en 2 eða 3 árum með þeim efnum, sem vegabótasjóðurinn hefir til umráða, en það þó hins vegar væri mjög svo æskilegt, að honum nú þegar í ár yrði komið í lögboðið stand, þá hafið þèr, herra stiptamtmaður, farið þess á leit, að yður verði veitt heimild til, ef nógir fást vinnukraptar, og veður verður til að gjöra meiri vegabætur að vori komandi á þessum þjóðvegi, heldur en efni vegabótasjóðsins sjálfs hrökkva til að borga, þá að taka allt að 2000 rd. að láni fyrir hönd vegabótasjóðsins annaðhvort hjá einstökum mönnum, eða, ef það fæst ekki, þá úr jarðabókarsjóðnum, með því skilyrði að borga 4 af 100 í leigur á ári og 500 rd. uppí höfuðstólinn 4 næstu árin.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að úr jarðabókarsjóðnum verður ekki tekið fè til láns, án þess fengið hafi verið leyfi til þess með fjárhagslögunum, en að stjórnarráðið hinsvegar ekki hefir neitt á móti því, að fengið verði lán í þessu skyni hjá einstökum mönnum eða af efnum opinberra stofnana með þeim kjörum, sem þèr hafið vikið á.

1869. 11. febrúar. **5. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um leyfi til að verzla við frakkneska fiskimenn.**

Með brèfi dagsettu 30. októbermán. f. á. hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað bænarskrá, þar sem Hákon Bjarnason, verzlunarstjóri á Þingeyri við Dýrafjörð í Ísafjarðarsýslu, sækir um leyfi til að mega koma upp sölubúð á Sveinseyrarodda, sem liggur við sama fjörðinn, og selja frakknesku fiskimönnunum þaðan ýmsa hluti, sem þeir þyrftu með, einkum alls konar tóbak, kaffi, sikur, áfenga drykki, tjöru, hamp, steinkol og annað sem þyrfti til skipanna, og vetlinga og sokka handa skipshöfnunum.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess að þèr auglýsið það, að samkvæmt lögum þeim, sem nú eru í gildi, verður slíkt leyfi ekki veitt.

---

11. febrúar. **6. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk handa skotmannafèlaginu í Reykjavík til bissukaupa.**

Með brèfi dagsettu 15. nóvembermán. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá, þar sem skotmannafèlag nokkurt, sem stofnað hefir verið í Reykjavík, sækir um að fá nokkrar „Minie"-bissur með sömu kjörum og skotmannafèlögin hèr í landi. Hafið þèr lagt fram með, að skotmannafèlaginu annaðhvort verði útvegaðar 10 til 20 „Minie"-bissur að láni hjá herliðsstjórninni, með því skilyrði, að þeim verði skilað aptur óskemmdum, þegar þess verður krafizt, eða að fèlaginu verði veittur 100 rd. styrkur til þess að kaupa sèr „Minie"-bissur, með þeim skilmála, að, ef lærisveinunum í Reykjavíkur skóla seinna meir kynni að verða veittur kostur á að efa sig á að fara með bissur, fèlagið láti þá borgunarlaust fram bæði bissurnar, sem það kaupir, og skotbraut þá og skothýsi, sem það hefir komið upp, til afnota við slíkar æfingar.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess að þèr auglýsið það, að stjórnarráðið veitir skotmannafèlagi því, sem stofnað hefir verið í Reykjavík, 100 rd. til þess að kaupa „Minie"-bissur fyrir, með þeim skilmála, sem þèr, herra stiptamtmaður, hafið vikið á, og skal því við bætt, að landfógetanum hefir í dag verið boðið að borga upphæð þessa af fè því, sem veitt er til óvissra útgjalda handa Íslandi. 1869. 11. febrúar.

---

7. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um foringja fyrir dönskum herskipum, er hafa stöðvar við Ísland. 11. febrúar.

Um leið og þèr, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúi á alþingi árið 1867 hafið sent hingað bænarskrá frá þinginu um fiskiveiðar útlendra manna við strendur Íslands, hafið þèr í álitsskjali yðar um téða bænarskrá, dagsettu 26. septembermán. 1867, álitið tilefni til að vekja athygli á því, að það mundi vera mjög svo æskilegt, að fyrir herskip það, sem þèr treystið að sent verði á ári hverju til Íslands vegna þess, hversu áríðandi það er, að danskt herskip hafi stöðvar við Ísland, að því er snertir umsjón með yfirgangi útlendra fiskimanna, verði settur sami yfirforingi og sami annar foringi fleiri ár samfleytt, því að, þegar þeir fyrsta árið eru búnir að koma við á ýmsum fjörðum í landinu og hafa kynnzt embættismönnunum og vel metnum mönnum á hinum viðáttumiklu ströndum landsins, þá mundu þeir hin árin á eptir verða miklu færari um, að hafa umsjón með fiskimönnunum kringum landið.

Nú er dómsmálastjórnin hafir farið þess á leit við sjóliðsstjórnina, að hún framvegis, þegar hún skipar yfirforingja og annan foringja yfir herskipi því, sem hefir stöðvar við Ísland, taki þessa ósk yðar, herra stiptamtmaður, til greina, eins og verða má, þá hefir sjóliðsstjórnin að einu leytinu lýst yfir, að hún kannist við, að það sè mjög svo æskilegt, að sent verði á

1869. 11. febrúar. hverju ári herskip til Íslands til þess að hafa stöðvar þar, og að hún fyrir þá sök muni fara þess á leit, að veitt verði fé til þessa í upphæð þeirri, sem ætluð er á ári hverju til skipabúnaðar, en hins vegar hefir sjóliðsstjórnin skýrt frá, að þar sem þèr æskið þess, að sami yfirforingi og annar foringi verði settur yfir herskipið, sem fer til Íslands, fleiri ár samfleytt, þá sjái hún sèr því miður ekki fært að verða við þessari ósk yðar, því að æfing sú, sem yfirmönnunum í sjóliðinu verður látin í tè á ári hverju, sè af svo skornum skamti, að stjórnarráðið, sèr í lagi þar sem kapteinarnir eiga í hlut, geti ekki skipað sama manninn í sömu yfirforingjastöðu mörg ár samfleytt, án þess að skerða rèttindi hinna yfirmannanna.

Þetta álítum vèr oss skylt að tilkynna yður, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar, og skal því um leið við bætt, að um niðurlagsatriðin í ofan nefndri bænarskrá eru byrjaðir samningar við stjórnir þær, sem í hlut eiga.

---

23. febrúar. **8. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um kostnað nokkurra hreppa í Eyjafjarðarsýslu til að sækja korn vestur á Hofsós.**

Með brèfi dagsettu 11. nóvembermán. f. á. hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað eptirrit og útleggingu af bænarskrá með fylgiskjölum frá síra Arnljóti Ólafssyni og Páli hreppstjóra Magnússyni, þar sem þeir í umboði 6 hreppa í Eyjafjarðarsýslu sækja um, fyrst og fremst, að hlutazt verði til um, að tèðir hreppir fái endurgoldinn hjá Guðmann og Hoepfner, kaupmönnum, kostnað þann, 503 rd. 32 sk. að upphæð, sem gekk til að láta sækja 135 tunnur af kornmat þeim, sem að tilhlutun stjórnarráðsins var sendur haustið 1867 til Hofsóss, með því að greindir kaupmenn virðist hafa komið því til leiðar með að líkindum ósönnum skýrslum um aðflutninga af korni til Akureyrar, að stjórnarráðið var ófáanlegt til að senda 300

tunnur af kornmat sama haustið til Akureyrar til útbýtingar meðal bágstöddustu hreppanna, og til vara, ef að þetta fengist ekki án lögsóknar, að sèr þá verði veitt gjafsókn til að lögsækja ofan nefnda kaupmenn. 1869. 23. febrúar.

Um leið og yður eru send aptur 6 fylgiskjöl, skal yður til vitundar gefið um þetta efni yður til leiðbeiningar og til þess að þèr auglýsið það, að stjórnarráðinu ekki þykir neitt tilefni til að taka bænarskrá þessa til greina, hvorki aðalatriði hennar nè vara-atriði.

---

9. Brèf domsmálastjórnarinnar til landfógetans á Íslandi, um áritanir á konungleg ríkisskuldabrèf. 25. febrúar.

Fjárstjórnardeild ríkisskulda- og eptirlaunamálanna hefir skýrt dómsmálastjórninni frá, að þèr, herra kansellíráð, hafið farið þess á leit í brèfi dagsettu 1 desembermán. f. á., — — — — — — — — — að, þar eð það sè svo miklum kostnaði, áhættu og erfiðleikum bundið að senda ríkisskuldabrèfin hingað til þess að skrá þau í bækur ríkisskuldaskrifstofunnar, þá yrði leyft í þetta eina skipti, að bæði þessi ríkisskuldabrèf og tvö önnur, sem eru nákvæmar tiltekin í skjali frá nótaríus, er fylgdi brèfi yðar, og þar sem lýst er yfir, að á nokkur af þessum 5 ríkisskuldabrèfum sè ritað, að þau sè eign sjúkrahússins í Reykjavík, og hin sè afsöluð því, verði rituð í bækur ríkisskuldaskrifstofunnar sem eign tèðs sjúkrahúss.

Samkvæmt tilmælum ofan nefndrar stjórnardeildar — — — — — — — — — skal yður til vitundar gefið, herra kansellíráð, að fjárstjórnin sèr sèr ekki fært að verða við tilmælum yðar um að láta skrá þessi 5 ríkisskuldabrèf í bækur ríkisskuldaskrifstofunnar sem eign sjúkrahússins í Reykjavík, þareð ekkert verður ritað í bækurnar um ríkisskuldabrèf, nema því að eins að embættismenn þeir, sem sá starfi er falinn á hendur, hafi á undan rannsakað, að ríkisskuldabrèfin sè ófölsuð, og að áritanirnar á þau sè gildar, og að þessir embættismenn

1869. 25. febrúar. riti á skuldabrèfin sjálf vottorð um, að þau hafi verið skráð í bækurnar.

---

25. febrúar. **10. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um ráðstöfun fjár þess, sem veitt er úr ríkissjóði til póstferða á Íslandi.**

Samkvæmt áskorun stjórnarráðsins hafið þèr, herra stiptamtmaður — er þèr áður hafið skrifazt á við hina amtmennina — í brèfi dagsettu 10. desembermán. f. á. skýrt frá áliti yðar um, hvernig fè því, 1000 rd. að upphæð, sem veitt er á ári hverju í fjárhagslögunum til póstferðanna á Íslandi, yrði fyrst um sinn, þangað til komið verður í kring betra skipulagi á póstgöngunum á Íslandi, sem svo lengi hefir verið í undirbúningi, skipt svo niður milli allra þriggja amtanna, að þar við ynnist það fè, sem með þyrfti til að fjölga póstgöngunum í vesturamtinu. Um þetta efni hafið þèr stungið uppá, að ofan nefndri upphæð verði fyrst um sinn skipt niður milli amtanna á þann hátt, að suðuramtið fái 225 rd. á ári, vesturamtið 375 rd. og norður- og austuramtið 400 rd., að amtmönnunum verði þar að auki veitt heimild til að leggja til úr jafnaðarsjóðunum það sem á kynni að vanta, að upphæðin, sem ætluð er hverju amti um sig, hrökkvi til útgjalda þess til póstganganna á hverju ári, eða til vara, að amtmönnunum verði boðið að bera upp hver fyrir sitt amt uppástungu um, að það, sem þannig kynni að á vanta, yrði veitt með fjáraukaveitingu, og að endingu að þessu skipulagi verði komið á frá 1. aprílmán. þ. á.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið fellst hèr með á, að upphæð þeirri, sem veitt er á ári hverju til póstganganna á Íslandi, verði frá byrjun næsta fjárhagsárs skipt niður á milli allra þriggja amtanna á þann hátt, sem þèr hafið stungið uppá, herra stiptamtmaður, og treystir stjórnarráðið því, að amtmennirnir, hver fyrir sitt amt, láti sèr annt um, eins og verða má, að upphæð sú, sem hverju amti þannig er ætluð, hrökkvi til. En skyldi sú raunin

á verða, að ekki yrði hjá því komizt einstöku ár að fara út yfir þessar upphæðir, eiga amtmennirnir að bera upp fyrir stjórnarráðinu uppástungu um það sérstaklega, til þess að íhugað verði, hvort leyfa megi, að það sem á vantar verði lagt til úr jafnaðarsjóði þess amts, sem í hlut á[1]. 1869. 25. febrúar.

---

11. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um „praktísèrandi" lækni í Borgarfjarðarsýslu og Mýrasýslu. 25. febrúar.

Í brèfi dagsettu 21. nóvembermán. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, leitað samþykkis dómsmálastjórnarinnar til þess, að þèr hafið veitt Páli Jakopi Blöndal, kandídat í læknisfræði, sem hefir sezt að í Borgarfjarðarsýslu sem „praktísèrandi" læknir, og sem stiptamtið hefir sett fyrir hèraðslækni í tèðri sýslu, styrk þann úr læknasjóðnum íslenzka, sem ákveðinn er í konungsúrskurði 10. maímán. 1867, með kjörum þeim, sem tiltekin eru í konungsúrskurðinum, upp frá þeim degi, að hann hefir tekið sèr bólfestu annaðhvort í Guðrúnarkoti á Akranesi eða í Höfn í Leirár- og Melasveit, þó svo að styrkurinn haldist því að eins, að ef bústaður hans kynni að þykja óhagkvæmur fyrir íbúa þeirra hèraða, sem honum kynnu að verða falin á hendur hèraðslæknisstörfin í, þá taki hann sèr bústað, sem betur liggur.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið fellst hèr með á, að Páli Blöndal, kandídat í læknisfræði, sè veittur styrkur sá, sem um er rædt í konungsúrskurði 10. maímán. 1867, en þó að eins með því skilyrði, að hann takist á hendur hèraðslæknisstörfin ekki einasta í Borgarfjarðarsýslu heldur líka í Mýrasýslu, og að hann útvegi sèr bústað einhvernstaðar þar, sem hentugast er fyrir

---

[1]) Sama dag var hinum amtmönnunum tilkynnt inntak þessa brèfs.

1869. 25. febrúar. íbúa þessara sýslna, og sem nákvæmar verði tiltekið með samkomulagi millum yðar, herra stiptamtmaður, og amtmannsins í vesturumdæminu, og þar að auki yrði að fá yfirlýsing frá héraðslæknunum í syðra umdæmi vesturamtsins um, hvort hann sè því samþykkur, að Páll Blöndal takist á hendur að gegna héraðslæknisstörfunum í Mýrasýslu.

---

26. febrúar. **12. Opið brèf um að alþingi, sem nú er, skuli leyst upp.**

Vèr Kristján hinn Níundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt: þar eð Vèr ekki höfum sèð Oss fært, samkvæmt þegnlegum tillögum alþingis að veita frumvarpi því til stjórnarskipunarlaga handa Íslandi, sem þingið fèllst á á fundi sínum 1867, Vora konunglega staðfesting, höfum Vèr álitið rèttast að leggja stjórnarskipunarmálið að nýju fyrir alþingi, og láta nýjar kosningar fyrst fara fram í því skyni, og fyrir því að leysa upp alþingi það, sem nú er. Því bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

Alþingi, sem nú er, er leyst upp.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

---

26. febrúar. **13. Opið brèf um nýjar kosningar til alþingis, og að því skuli stefnt saman til fundar í ár.**

Vèr Kristján hinn Níundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt: Með því að Vèr með opnu brèfi Voru dagsettu í dag höfum leyst upp alþingi, sem nú er, þá er það allrahæstur vilji Vor, að nýjar kosningar skuli nú í ár fara fram til alþingis fyrir næstu 6 ár. Fyrir því bjóðum Vèr og skipum bæði öllum kjörstjórum og öðrum, sem eiga að styðja að kosningunum, að sjá svo um, að kosningarnar til alþingis fari fram sem fyrst, samkvæmt ákvörðunum þeim, sem settar eru í til-

skipun 8. marzmán. 1843 smbr. tilskipun 6. janúarmán. 1857, og svo að þeim geti orðið lokið í síðasta lagi fyrir lok næstkomandi júnímánaðar. Svo bjóðum Vèr og bæði þeim mönnum, er Vèr munum kveðja til setu á alþingi, og hinum þjóðkjörnu alþingismönnum að koma til Reykjavíkur 27. dag júlímánaðar næstkomandi. Verður þeim þar skýrt frá því, sem að öðru leyti með þarf. 1869. 26. febrúar.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

---

14. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um endurskoðun brauðamatsins frá 1853. 2. marz.

Með brèfi dagsettu 16. septembermán. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, sent hingað, samkvæmt brèfi stjórnarráðsins dagsettu 30. desembermán. 1865, skýrslur um tekjurnar af öllum brauðum á Íslandi eptir meðaltali þau 5 árin, 1862—67, sem hlutaðeigandi prestar hafa samið eptir skýrsluformi, er búið hefir til í því skyni; eiga skýrslur þessar að vera undirstaða undir endurskoðun þeirri, sem mælt er fyrir um í tilskipun 15. desembermán. 1865, á mati því á öllum brauðum á Íslandi, sem staðfest er af konungi sama dag. Þèr hafið þar að auki sagt álit yðar um starfa þann, er þannig hefir verið af hendi leystur, og sumpart bent á ýmsar reikningsvillur og ónákvæmni í skýrslunum, sumpart tekið fram ýmsa ósamkvæmni í skýrslunum um tekjur þeirra brauða, þar sem presturinn hefir arðinn af hlunnindum, til að mynda æðarfuglavarpi, selveiði, reka eða því um líku, og loks borið upp uppástungur um að breyta matinu á sumum af brauðum þessum.

Nú er stjórnarráðið hefir látið rannsaka og endurskoða skýrslur þessar og að öðru leyti grandgæfilega íhugað málefni þetta, skal þess getið, sem hèr fer á eptir yður til leiðbeiningar.

Þar sem nú að einu leyti ber að taka til greina leiðrètt-

1869. 2. marz. ingar þær, sem þèr, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, hafið látið gjöra, þar sem reikningsvillur og ónákvæmni hefir fundizt í sumum skýrslunum, og um leið hafa hliðsjón af þeim breytingum, sem endurskoðunin hèr gefir tilefni til, þá virðist stjórnarráðinu á hinn bóginn ísjárvert að fallast á uppástungur yðar um breytingu á matinu á sumum af brauðum þeim, þar sem presturinn hefir arðinn af hlunnindum, sem liggja undir prestssetrið eða brauðið. Eins og þèr hafið vikið á, hafa virðingarmennirnir skilið reglu þá, sem tekin er fram í ofan nefndu skýrsluformi, að hlunnindin skuli metin í einu lagi ásamt með tekjunum af sjálfu prestssetrinu, á ýmsan hátt, þar sem sumir hafa metið hlunnindin í einu lagi með prestssetrinu, sumir hafa metið þau sèr á parti, og sumir ekki hafa haft neitt tillit til þeirra. Þetta hefir valdið mikilli ósamkvæmni í matinu og mörgum villum, sem þèr samt hafið reynt að leiðrètta á þann hátt, að þèr, sumpart eptir kunnugleik sjálfra yðar á hlutaðeigandi brauði, sumpart eptir almennings áliti á gæðum þess, hafið lagt ákveðið mat á arðinn af hlunnindum þess, en samt á þann hátt, að þèr ávallt hafið tekið hið minnsta, sem álíta má að hlunnindið gefi af sèr, einkum þegar það hefir verið dúntekja, og dregið frá því kostnaðinn til notkunar hlunnindisins, en hann hafið þèr eptir áætlun stundum gjört helminginn og stundum þriðjunginn af öllum afrakstrinum. Stjórnarráðið fær nú samt ekki betur sèð, en að þessi aðferð, sem ekki hefir neina fasta undirstöðu við að styðjast, sè svo óáreiðanleg, að menn geti ekki byggt á henni breytingar á matinu, og að stjórnarráðsins hyggju fæst ekki í þessu efni nein áreiðanleg vissa á annan hátt en þann, að láta meta tekjurnar af þessum prestaköllum upp aptur þannig, að arðurinn af prestssetrinu sjálfu sè metinn sèr á parti (landskuld og kúgildaleigur) og arðurinn af hlunnindunum sèr á parti; ætti þá fyrst að skýra frá öllum afrakstrinum af hlunnindunum þau 5 árin, 1862—67, og frá kostnaðinum til notkunar þeirra, reikna svo arðinn, sem eptir verður, eptir verðlagsskrár verði á þeim vörutegundum, sem um er að ræða, eða þar sem svo stendur á, að því verður ekki við komið, eptir almennu söluverði, og leggja hann síðan

við tekjur brauðsins, líkt og farið hefir verið að um Stafafells brauð. 1869. 2. marz.

Þèr eruð því beðnir, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, að hlutast um, að nýtt mat, eins og að framan er á vikið, fari fram á brauðum þeim, sem nefnd eru í 1.—5. og 7.—13.[1] staflið í ofan nefndu brèfi yðar, og enn fremur á brauðunum, Helgafelli í Snæfellsnessýslu og Sauðanesi í Þingeyjarsýslu. — — —

1869. 6. marz. skattheimtu og reikninga, virðist einnig eiga að fara eptir reglu þeirri, sem þar er sett um, í hvaða sjóð sektir þær, sem þar er um rædt, eigi að renna. En með því að fátækrasjóður rentukammersins nú er runninn inn í ríkissjóðinn, og fyrir því ber að greiða hèr í konungsríkinu sektir þær, sem ættu að renna í tèðan fátækrasjóð, í ríkissjóðinn, þá ber samkvæmt því að greiða alla þessa sekt í jarðabókarsjóðinn, og hefir stjórnarráðið hlutazt um, að henni verði veitt þar móttaka.

---

6. marz. **16. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um bókaskrá yfir bókasafn Reykjavíkur skóla.**

Í brèfi dagsettu 26. nóvembermán. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, lagt fram með:

1, að í sumar, er kemur, þegar bókasafn Reykjavíkur skóla verður flutt í hið nýja bókahús, verði allt bókasafnið vandlega rannsakað, og bókunum skipað niður og raðað í hillurnar þannig, að framvegis verði auðvelt að halda þeim í góðri reglu, og að það megi láta semja bókaskrá um allt það, sem bókasafninu hefir bætzt síðan 1862, þegar samin var skrá yfir bókasafnið eins og það þá var, og

2, að Jóni Árnasyni, umsjónarmanni í skólanum, verði falið starf þetta á hendur fyrir 150 til 200 rd. þóknun, og að stjórnarráðið fari þess á leit, að þessi upphæð verði veitt auk þess, sem veitt verður í fjárhagslögunum fyrir fjárhagsárið 1869—70 til útgjalda handa skólunum, eða að það megi verja 150 til 200 rd. til þessa af fè því, sem væntanlega verður veitt í tèðum fjárhagslögum til bókakaupa handa skólanum.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til frekari framkvæmda, að stjórnarráðið fellst eptir atvikum á tillögur yðar, en samt svo, að þóknun sú,

sem veitt verður fyrir þenna starfa, fari ekki fram úr 100 rd., og að hún verði tekin af fé því, sem veitt verður til bókakaupa handa skólanum. 1869. 6. marz.

---

17. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um laun organleikarans í Reykjavíkur dómkirkju. 9. marz.

Í brèfi dagsettu 7. nóvembermán. f. á. hafið þèr, háæruverðugi herra, skýrt frá, hversu æskilegt það væri, að organleikaranum í dómkirkjunni í Reykjavík yrði útveguð viðbót við laun sín, sem nú eru að eins 80 rd. úr ríkissjóðnum fyrir þann starfa, og borið upp fyrir stjórnarráðinu, hvort því ekki fyndist vera tilefni til að reyna að koma til leiðar, að það verði ákvarðað með konungsúrskurði, að, þangað til málefni þessu verður komið fyrir með lagaboði, skuli annaðhvort söfnuðurinn greiða organleikaranum 120 rd. launaviðbót á ári, eða honum skuli veitt slík viðbót á einhvern annan hátt. Með álitsskjali dagsettu 14. desembermán. s. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað ofan nefnt brèf yðar, háæruverðugi herra, og lagt til með, að ákveðin verði föst laun handa organleikaranum með konungsúrskurði, og sèr í lagi, að honum verði veitt 120 rd. launaviðbót á ári, er að yðar hyggju mætti útvega annaðhvort á þann hátt, að helmingur hennar væri greiddur af árstekjum dómkirkjunnar og hinn helminginn gildi söfnuðurinn, eða á þann hátt, að söfnuðinum væri gjört að skyldu að borga alla launaviðbótina.

Um leið og þess fyrst skal getið, að organleikarinn í Reykjavík er ekki verr staddur, að því er snertir þóknun hans fyrir þenna starfa, en allflestir embættisbræður hans hèr í konungsríkinu, þar sem organleikarastarfið að öllum jafnaði er að eins skoðað sem aukaatvinna, er maður ekki geti haft ofanaf fyrir sèr með, nema hann hafi aðra betur launaða atvinnu jafnframt — skal yður til vitundar gefið um þetta yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðinu ekki hefir virzt tilefni til að fallast á neina af

1869. 9. marz. uppástungum þeim, er bornar hafa verið upp í þessu efni, og að sèr í lagi getur ekki verið umtalsmál, eins og þegar er tekið fram í brèfi stjórnarráðsins 23. nóvembermán f. á., að koma því til leiðar, að veitt verði úr ríkissjóðnum nein viðbót í þessu skyni nè heldur úr sjóði kirkjunnar, en það kemur í sama stað niður, þar sem hún er eign ríkisins. Hinsvegar verður stjórnarráðið að láta það vera á yðar valdi, hvort yður virðist vera tilefni til að fara þess á ný á leit við sveitarstjórnirnar í Reykjavíkur sókn, að þær leggi fram tillag á ári til þess að bæta kjör organleikarans. Þar sem að ofan nefnt brèf yðar, herra stiptamtmaður, ber með sèr — en það hefir stjórnarráðinu allt til þessa verið ókunnugt um — að það hefir verið álitin skylda organleikarans að leika á organið og sjá um sönginn í brúðkaupum, við líkfarir og þess konar, borgunarlaust, þá skal stjórnarráðið nota þetta tækifæri til þess að taka skýrt fram, að þóknun sú, sem organleikaranum er veitt úr ríkissjóðnum, að eins á við störf hans við sjálfa guðsþjónustugjörðina í kirkjunni, og að það er vitaskuld, að honum er heimilt að krefjast sèrstakrar borgunar fyrir öll önnur störf sín við kirkjulegar athafnir hjá þeim, sem í hlut eiga; skal þar að auki borið undir yður, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, til íhugunar, hvort ekki kynni að vera tilefni til að semja reglugjörð um, hversu mikil þóknun organleikanum ber fyrir hverja slíka athöfn um sig.

---

9. marz. **18. Kafli úr brèfi dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skipstrand.**

— — — — — — — — — — — — — — —

— — — — — — — — — — — — — — —

Þar sem þèr, herra amtmaður, hafið ritað á fylgiskjölin með reikningnum um skipstrandið, hvernig ætti að yðar hyggju að færa hvert einstakt atriði í útgjöldunum niður, en um leið tekið fram, að yður virðist vafasamt, hvort þèr ættuð með að leggja

úrskurð á það, með því að tilskipun 28. desembermán. 1836 ekki er leidd í lög á Íslandi, skal þess getið, að samkvæmt almennum reglum um sambandið milli undirgefinna og yfirboðinna yfirvalda getur enginn efi leikið á, að amtið hefir vald til þess, sem hèr er um að ræða, og eruð þèr því beðnir, að færa reikningana niður, ef þess þykir þurfa — — —

1869. 9. marz. bæjarstjórnin, að eptir því sem hafi samizt milli sín og stiptamtmannsins, hafi hún haft fulla ástæðu til að halda, að framfærsluhreppurinn, sem í hlut á, og sem kannaðist við, að Jón Þorláksson væri þar sveitlægur, hafi ekki verið því mótmæltur, að hann væri sendur til átthaga sinna. Það sè almenn regla, sem sè viðurkennd bæði fyrir Ísland og hina aðra hluta Danmerkur, að framfærsluhreppurinn sè skyldur að endurgjalda sveitinni, þar sem ómaginn hefir dvalið, allan kostnað, sem hún hefir haft af honum, nema eitthvað sè undan skilið með skýlausum lagaákvörðunum. Að því er Ísland snertir, sè ekki gjörð nein undantekning frá þessari almennu reglu í tilliti til þess atriðis, sem hèr ræðir um, og því virðist að sinni hyggju beinlínis leiða af henni, að sveitarfèlögin á Íslandi eigi að öllum jafnaði að greiða kostnaðinn til þess að flytja ómaga, sem þar eru sveitlægir, til átthaga þeirra frá hèruðum í Danmörk sjálfri. Hún fái heldur ekki sèð, hvernig áður nefnd lög 14. marzmán. 1867, sem alls ekki gilda á Íslandi, verði heimfærð uppá þetta beinlínis nè óbeinlínis, á þann hátt að sveitarfèlag á Íslandi fyrir þau skyldi losast undan skyldum þeim, sem á því hvíla, og að endingu skuli hún geta þess, að eins og hún fyrir sitt leyti aldrei mundi skorast undan að borga kostnaðinn, er risi af flutningi þurfamanns, sem ætti framfærslurètt í Kaupmannahafnar bæjarfèlagi, hingað frá Íslandi, eins hafi, að menn viti, aldrei áður neitt sveitarfèlag á Íslandi, sem hefir kannazt við að vera skylt að endurgjalda styrk, sem Íslendingi hefir verið veittur, skorazt undan að endurgjalda kostnaðinn til flutnings hans heimleiðis. Samkvæmt álitsskjali þessu hefir innanríkisstjórnin sagt svo, að það sè engin heimild fyrir, allrasízt í lögum 14. marzmán. 1867, að gjöra bæjarfèlagi Kaupmannahafnar að skyldu að greiða kostnað þann, sem hèr ræðir um, hvorki að öllu nè að nokkru leyti, heldur eigi að sinni hyggju framfærsluhreppur sveitarómagans að borga hann samkvæmt reglu þeirri, er ávallt hefir verið álitið að gilti í þessu efni, smbr. opið brèf 14. desembermán. 1810, 9. gr.

Um leið og yður er kunngjört þetta, herra stiptamtmaður, skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og

til þess að þèr auglýsið það og gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, að dómsmálastjórnin fyrir sitt leyti álítur þeim mun minni ástæðu til að hika sèr við að fallast á álit bæjarstjórnarinnar í Kaupmannahöfn og innanríkisstjórnarinnar, sem með þessu er kannazt við, að minnsta kosti að því er snertir Kaupmannahöfn, og innanríkisstjórnin hefir ekki mótmælt því, að eitt skuli ganga yfir Ísland og Danmörk í þessu efni, þó það sè í gagnstæða átt við það, sem þèr hafið hugsað yður, herra stiptamtmaður, og ber því framfærsluhreppnum, sem í hlut á, að greiða fè það, sem hèr er rædt um, 49 rd. að upphæð. 1869. 9. marz.

---

20. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um að eptirgjaldið af Snæfellsnessýslu sè fært niður. 9. marz.

Útaf bænarskrá þeirri, sem barst hingað með brèfi yðar, herra amtmaður, dagsettu 19. maímán. f. á., þar sem P. Böving, sýslumaður í Snæfellsnessýslu, sækir um uppgjöf á eptirgjaldinu af tèðri sýslu, hefir dómsmálastjórnin skrifazt á við fjárhagsstjórnina og síðan leitað samþykkis ríkisþingsins í frumvarpinu til fjárhagslaganna fyrir fjárhagsárið 1869—70 — smbr. athugasemdirnar við frumvarpið, sem prentaðar eru, 56. bls. — til þess að eptirgjaldið af Snæfellsnessýslu verði sett niður um helming, og er nú veitt í fjárhagslögunum fyrir næsta fjárhagsár, sem voru staðfest af konungi 26. f. m., að færa megi niður eptirgjaldið af opt nefndri sýslu í 40 rd. á ári.

---

21. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um formið á skýrslum um aðgjörðir yfirdómsins á Íslandi. 9. marz.

Með brèfi dagsettu 13. nóvembermán. f. á. hafið þèr, herra

1869. 9. marz. stiptamtmaður, sent hingað skrá um öll þau mál, sem hinn konunglegi yfirdómur á Íslandi hefir dæmt árið 1867, og hafið þèr leidt athygli að því, að skrá þessi sè ekki samin samkvæmt skýrsluformi því, sem mælt er fyrir um með konungsúrskurði 14. maímán. 1808. Um það efni hafið þèr tekið fram:

1) að skráin nái að eins yfir þau mál, sem hafa verið dæmd það árið, þar sem formið þó á við öll mál, sem hafa verið tekin til meðferðar á sama tímabili;

2) að úrskurðurinn ákvarði, að dómendurnir í yfirdóminum skuli senda skrá þessa til kansellísins, og sè þá væntanlega svo til ætlazt, að allir dómendurnir í yfirdóminum riti nöfn sín undir hana, en aptur á móti sè skrá sú, sem hèr ræðir um, gjörð af skrifara yfirdómsins einum, og háyfirdómarinn hafi ritað á hana vottorð um, að hann hafi ekki neitt útá hana að setja; og

3) loks, að þar sem í forminu eru dálkar með fyrirsögnum um hvert einstakt skeið, sem sèrhvert mál verður að renna, meðan það er fyrir yfirdóminum, og fyrir þá sök má hafa umsjón með, bæði hversu greidt málunum miðar áfram, og hversu opt hver af dómendunum hafi verið forfallaður frá að sitja sjálfur í dóminum, þá skýri þessi skrá að eins frá, hvaða dag málið hafi verið dæmt, og hvort settur dómari hafi dæmt málið í stað einhvers af dómendunum í yfirdóminum.

Með því að atriði þau, sem þannig hafa verið tekin fram, sèr í lagi þau, sem vikið er á í 1. og 3. tölulið, eru mjög svo áríðandi umsjónarinnar vegna, hafið þèr, herra stiptamtmaður, lagt fram með, að það verði brýnt fyrir yfirdóminum að hegða sèr eptir áður nefndum konungsúrskurði 14. maímán. 1808 í þessu efni, og hafið þèr þar að auki vakið máls á, hvort það mundi þykja hagfelt, að formið hefði inni að halda skýrslu um, hvenær dómsgjörðirnar í opinberum málum hafi verið sendar háyfirvöldunum.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið yfirdóminum það, að stjórnarráðið fellst á tillögur yðar, þannig að í athuga-

semda-dálkinum í forminu, sem ofan nefndur úrskurður hefir mælt fyrir um, sè skýrt frá því, sem þèr hafið vakið máls á. 1869. 9. marz.

---

22. **Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um skipting á Eyjafallahrepp í tvo hreppa.** 9. marz.

Með brèfi dagsettu 28. ágústmán. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá, þar sem tveir prestar og tveir hreppstjórar í Eyjafjallahrepp í Rangárvallasýslu sækja um, að tèðum hrepp verði skipt í tvo hreppa, er hvor hafi sín fátækramálefni og sinn þingstað útaf fyrir sig. Hafið þèr skýrt frá, að óskin um, að hreppnum verði skipt, hafi kviknað í vesturhluta hans, það er að segja í Holts og Stóradals sóknum, en aptur mæli austurhlutinn, Eyvindarhóla, Skóga og Steina sóknir fastlega á móti þessari skiptingu. En samkvæmt skýrslum þeim, sam þèr hafið fengið um málefnið, verðið þèr samt að álíta mjög vel til fallið, að hreppnum verði skipt, því að mörg atvik sè til þess — þèr hafið einkum tekið fram hinn mikla fólksfjölda, yfir 1100 manns, stærðina á hreppnum, óánægju og flokkadrátt meðal hreppsbúa í hvorum hluta hreppsins fyrir sig, og loksins fátæktina — að það skipulag, sem nú er á sveitarstjórninni gjörist óhagfelt, eins og það líka virðist sanngjarnt, að eystri hlutinn beri sjálfur þyngslin af fátæktinni, sem þar er altaf að fara í vöxt, og að nokkru leyti er því að kenna, að hreppsbúar þar skipta jörðunum í smábýli meir en góðu hófi gegnir. Þèr hafið enn fremur sagt álit yðar um, eptir hvaða hlutfalli ætti að skipta eigum og skuldum hreppsins, ef þar að kæmi, því um það hefir ekki orðið komið á neinu samkomulagi milli beggja hluta hreppsins, heldur en um sjálfa skiptinguna á honum, og um þingstaðinn, sem þeir eiga saman og er í Steina sókn, hafið þèr getið þess, að eptir því, sem samizt hefir þar um, geti að eins orðið umtalsmál að

1869. 9. marz. skipta verðinu á timbrinu í hellinum, sem er hafður fyrir þinghús. Af þessum ástæðum hafið þér lagt fram með:

1) að Eyjafjallahrepp verði skipt í tvo hreppa, er hvor um sig eptirleiðis verði þingsókn útaf fyrir sig, skuli annar þeirra heita Vestur-Eyjafjallahreppur og hinn Austur-Eyjafjallahreppur, og að í Vestur-Eyjafjallahrepp verði Stóradals og Holts sóknir og í Austur-Eyjafjallahrepp Steina, Eyvindarhóla og Skóga sóknir eptir hinum náttúrlegu takmörkum milli sókna þessara;

2) að skiptingin fari fram með fardögum 1871 og fái fullt gildi frá þeim tíma;

3) að öllum skuldbindingum og sveitarþyngslum, sem hvíla á hreppnum, sem nú er, og öllum eigum hans verði þá skipt niður á báða nýju hreppana eptir hlutfallinu 4 : 3, þannig að Vestur-Eyjafjallahreppur hljóti $^4/_7$ af þeim og Austur-Eyjafjallahreppur $^3/_7$;

4) að þurfamönnum þeim, sem hafa áunnið sèr framfærslurètt í hreppnum í einu lagi, skuli skipt niður á báða hreppana eptir því hlutfalli, sem nú var sagt, og að eins verði farið að um þá, sem ekki eru enn þá þurfandi fyrir fátækrastyrk, en sem eiga, eða, ef skiptingin hefði ekki farið fram, hefðu áunnið sèr framfærslurètt í hreppnum í einu lagi, af því að þeir höfðu áunnið sèr þennan rètt annaðhvort með lögboðinni samfleyttri dvöl í honum eingöngu, áður en skiptingin fór fram, eða með samfleyttri dvöl í honum og, eptir skiptinguna, í öðrum hvorum nýju hreppanna, eða loks af því að þeir eru fæddir í hreppnum óskiptum fyrir fardaga 1871, ef að þeir síðar meir kynnu að verða þurfandi fyrir fátækrastyrk, og þeir, áður en það bar að höndum, ekki hafa áunnið sèr framfærslurètt annaðhvort í öðrum hvorum nýju hreppanna eður annarstaðar.

5) að þinghúsið handa Vestur-Eyjafjallahrepp verði byggt á hans eigin kostnað á jörðinni Hvammi; og

6) að allt það sem snertir fèlagsskap beggja nýju hreppanna, meðan hann getur átt sèr stað samkvæmt skiptingar-

skilmálunum, skuli útkljáð á sameiginlegum fundi með hreppstjórunum úr báðum nýju hreppunum. 1869. 9. marz.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að stjórnarráðið, samkvæmt skýrslum þeim, sem brèf yðar hefir inni að halda, fellst hèr með á tillögur yðar hèr að framan.

---

23. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi og amtmannsins yfir vesturumdæminu, um skil og reikninga fyrir sýslugjöldum. 9. marz.

Útaf því að amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu hefir borið þá fyrirspurn upp fyrir stjórnarráðinu, hverjar ráðstafanir eigi að gjöra af amtsins hálfu til lúkningar á því, sem eptir stendur hjá sýslumönnunum samkvæmt reikningum þeirra um tekjur ríkissjóðsins, hefir stjórnarráðið í dag álitið tilefni til að mæla svo fyrir við tèðan embættismann, að, þegar slíkt beri við, þá skuli hann setja þeim, sem í hlut á, mátulega stuttan frest til þess að borga skuldina, og gefa honum um leið í skyn, að ef hann láti þenna frest líða hjá, þá muni amtið víkja honum um stund úr embætti hans þannig, að sá, sem settur verður í hans stað, fái helminginn af tekjum embættisins, og sè skyldur til að ráðstafa hinum helmingnum til lúkningar á skuldinni, áður en hann megi borga embættismanninum, sem vikið hefir verið frá, nokkuð af honum. Þar að auki hefir stjórnarráðið sömuleiðis lagt á við greindan amtmann að brýna fyrir öllum sýslumönnunum í umdæmi því, sem hann er settur yfir, að þeir eigi að vera búnir að senda sýslureikningana í síðasta lagi fyrir 31. maímán. á hverju ári, og að útaf því megi ekki bregða, en skyldi nokkur samt sem áður láta þenna ákveðna tíma hjá líða, þá skuli þröngva þeim, sem í hlut, til að senda reikninginn, með hæfilegum sektum, er amtið á kveður.

Jafnframt og yður er kunngjört það, sem hèr er að framan,

1869. herra stiptamtmaður (amtmaður), eruð þèr beðnir, ef ske kynni
9. marz. að sýslumennirnir í umdæmi því, sem þèr eruð settir yfir, kæmust í skuldir við ríkissjóðinn fyrir sýslugjöldum, þá að fara að á sama hátt og hèr er mælt fyrir, og eins eruð þèr beðnir að leggja ríkt á við sýslumennina að senda sýslureikninga sína fyrir hinn ákveðna tíma, og ef útaf því bregður, að fara að eins og að framan er sagt.

---

9. marz. **24. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmansins yfir Íslandi, um afgjöld af umboðsjörðum Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklausturs.**

Með brèfi dagsettu 14. desembermán. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað skjal nokkurt frá Jóni Jónssyni, umboðsmanni yfir Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklausturs umboði, þar sem hann fer þess á leit, að leiguliðunum á tèðum umboðsjörðum verði leyft, sökum hinnar almennu peningaeklu í Skaptafellssýslu, fyrst um sinn í 1 eða 3 ár að gjalda jarðarafgjöldin, sem áskilin eru í byggingarbrèfunum — sèr í lagi þann hlutann, sem ekki er goldinn í peningum 8 skildinga alinin — í hestum, sauðfè, ull, smjöri, tólk eða skinnum, í staðinn fyrir í peningum, og að síðan megi selja skepnur þessar og vörur á opinberu uppboðsþingi á kostnað umboðssjóðsins. Hafið þèr lagt fram með, að greindum leiguliðum verði gefinn upp tíundi parturinn af þeim hluta landskuldarinnar og kúgildaleigunnar, sem ekki er goldinn í peningum 8 skildinga alinin, ef þeir gjalda níu tíundu parta af afgjöldunum í peningum, og að þeim af leiguliðunum, sem þetta er um megn, verði leyft að gjalda jarðarafgjöldin afdráttarlaust í þeim landaurum, sem umboðsmaðurinn hefir vikið á, að landaurarnir verði síðan seldir á uppboðsþingi, ef fyrir þá fæst, að öllum kostnaði frádregnum, níu tíundu partar af verðlagsskrár verði á þeim, en að þeir að öðrum kosti verði fluttir í kaupstað og reynt að koma þeim út þar.

Nú er skrifazt hefir verið á við reikningastjórnardeild konungsríkisins um málefni þetta, skal yður til vitundar gefið, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörið það, að dómsmálastjórnin getur ekki með neinu móti fallizt á að koma til leiðar, að gjaldmátanum á jarðarafgjöldunum af tèðum umboðsjörðum verði breytt um stundarsakir, á neinn þann hátt, að það yrði á kostnað ríkissjóðsins að koma landaurum, sem ekki hefir verið samið um, í peninga til lúkningar á afgjöldunum, og að dómsmálastjórnin, sökum þess að ástand það á umboðsjörðunum, sem skýrskotað er til sem ástæðu fyrir þessu, er ekki fáheyrðara en svo, að það má búast við, að það komi þá og þegar aptur uppá, sèr sèr yfir höfuð að tala ekki fært, að veita neina almenna ívilnun í þessu efni, hvort sem hún nemur meira eða minna. Aptur á móti er dómsmálastjórnin eptir málavöxtum ekki mótfallin því, að umboðsmanni sè veitt heimild til í þeim tilfellum, þar sem sèrlegar ástæður eru fyrir hendi, að veita hlutaðeigandi leiguliðum frest með að gjalda landskuldina, sem samið hefir verið um, þangað til eptir lestir, til þess að þeim á meðan geti hafa tekizt að hafa einhver ráð með að útvega sèr peninga til að borga landskuldina með. 1869. 9. marz.

---

25. Brèf dómsmálastjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um skyldu prestsekkna að gjalda tíund til kirkju. 31. marz.

Útaf því að Guðríður Jónsdóttir, prestsekkja á Hörgsdal í Vestur-Skaptafellssýslu, hefir borið sig upp við yður, háæruverðugi herra, um að hlutaðeigandi umboðsmaður hafi krafizt af sèr tíundar til Prestbakka kirkju, hafið þèr lagt fram með í brèfi dagsettu 28. nóvembermán. f. á., að tèð prestsekkja verði leyst undan að greiða tíundargjald þetta, eða að málefninu að öðrum kosti verði skotið til úrlausnar dómstólanna, og hafið þèr um það efni skýrskotað til reglugjörðar 17. júlímán.

1869. 31. marz. 1782 6. gr., smbr. kansellíbrèf 1. ágústmán. 1801 og rentukammerbrèf 22. marzmán. 1826.

Nú er álits reikningastjórnardeildarinnar hefir verið leitað um málefni þetta, hefir hún svarað á þá leið, að þar sem 6. gr. í reglugjörð 17. júlímán. 1782 ákvarðar með berum orðum, að það sè eingöngu prestar og andlegrar stèttar menn, sem þjóna opinberum embættum, er ekki eigi að gjalda tíund til annara en fátækra, þá verði ekki ráðið af því, að hið sama sè einnig um prestsekkjur, því að í raun og veru sè ákvörðunin miklu fremur þeim skilningi til stuðnings, að prestsekkjur sè ekki undanþegnar að gjalda tíund til kirkju, og þegar skattur og gjaftollur eru nefndir í niðurlagi tèðrar greinar sem dæmi uppá gjöld, er prestsekkjur eru undanþegnar, þá er líka með því skorið úr, að það sè sjálfir skattarnir og gjöldin til ríkissjóðsins, sem slíkar ekkjur eru leystar undan, en alls ekki kirkjutíundin, því hinar lögboðnu tekjur kirkjunnar verði ekki teknar af henni með konungsúrskurði. Kansellíbrèf 1. ágústmán. 1801 og rentukammerbrèf 22. marzmán. 1826 sè líka þessu áliti til stuðnings.

Samkvæmt því, sem reikningastjórnardeildin þannig hefir tekið fram, sèr dómsmálastjórnin sèr ekki fært að leysa ofan nefnda ekkju undan því að gjalda kirkjutíund þá, sem krafizt hefir verið af henni, en hinsvegar er það vitaskuld, að það er á hennar sjálfrar valdi að fá úrskurð dómstólanna um, hvort þessi skylda hvíli á henni eður eigi.

---

31. marz. **26. Brèf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um skilmála fyrir að útlendir menn megi stunda fiskiveiðar á Íslandi.**

Með brèfi dagsettu 1. þ. m. hefir utanríkisstjórnin sent hingað eptirrit af brèfi frá Jourdan skipaútgjörðanmanni í Granville til hins konunglega verzlunarstjóra í Havre, þar sem hann lætur í ljósi þá ósk sína, að fá vitneskju um, hvers útlendir menn eigi að gæta, til þess að þeir megi stofna fiskiútveg á Íslandi

o. fl., og hefir utanríkisstjórnin beðið um vísbendingar þær, sem með þurfa til að leysa úr þessari fyrirspurn. 1869. 31. marz.

Dómsmálastjórnin skal leyfa sèr að skýra frá um þetta efni, að, til þess að útlendir menn geti stundað fiskiveiðar frá Íslandi og sett fiskiútveg á stofn þar, verða þeir að taka sèr bólfestu á Íslandi og öðlast þar borgararètt, og sömuleiðis verður að útvega skipum þeim, sem á að hafa til fiskiveiðanna, danskan þjóðernisrètt; en við það er athugavert, að ef skipin eru eign hlutafèlags, þá verður hlutafèlagið sjálft að eiga heima á Íslandi eður annarstaðar í löndum Danakonungs, til þess að skipin geti öðlazt danskan þjóðernisrètt og siglt með dönsku flaggi.

---

27. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um brot gegn íslenzkum lögum um verzlun og fiskiveiðar. 31. marz.

Útaf brèfi yðar, herra amtmaður, dagsettu 18. septembermán. f. á., skrifaði dómsmálastjórnin utanríkisstjórninni og bað hana um að láta skora á S. Allenou í Paimpol, sem útgjörðarmann fiskiskipa þeirra, er undanfarin ár hafa brotið á móti íslenzkum lögum um verzlun og fiskiveiðar, sèr í lagi með því að ferma og skipa upp salti og veiðarfærum inni á kauptúninu Grundarfirði í Snæfellsnessýslu, að greiða af sjálfsdáðum hið lögboðna lestagjald af tèðum skipum, og þar á ofan sekt fyrir lagabrot þetta, er dómsmálastjórnin eptir málavöxtum þóktist geta ákveðið til 10 rd. fyrir hvert skip, en það er minnsta hegningin, sem 9. grein í lögunum 15. aprílmán. 1854 til tekur. Utanríkistjórnin hefir nú svarað, að hún hafi gjört þær ráðstafanir, sem með þurftu, í þessu efni, og hafi nú fengið skýrslu frá hinum konunglega verzlunarstjóra í Nantes um, að hann hafi tvívegis skrifað S. Allenou um áskorun þessa, en ekkert svar fengið, enda þótt hann viti með vissu, að seinna brèfið að minnsta kosti hafa borizt tèðum skipsútgjörðarmanni til handa.

Jafnframt og yður er kunngjört þetta, herra amtmaður, eruð

1869. 31. marz. þèr beðnir — fyrst að nú má ganga að því vísu, að útgjörðarmaður skipa þeirra, sem hafa framið hið um rædda lagabrot, sè ófáanlegur til að fullnægja kröfum dómsmálastjórnarinnar í þessu efni af sjálfsdáðum, þó að þær, þegar athugað er, að tilskipun 13. júnímán. 1787 1. kap. 2. gr. smbr. opið brèf 18. ágústmán. 1786 eru enn í gildi, megi álítast mjög svo vægar —, ef að náð yrði í skip þessi, að gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf, til þess að því verði til leiðar komið, að bæði lestagjöldin af skipunum og eins sektir þær, sem að ofan er getið um, verði goldnar.

---

31. marz. **28. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austur-umdæminu, um framfærsluhrepp sveitarómaga.**

Í brèfi dagsettu 13. nóvembermán. f. á., er hingað hefir borizt beina leið, hefir bæjarstjórnin í kaupstaðnum Akureyri skotið til dómsmálastjórnarinnar úrskurði, sem þèr, herra amtmaður, hafið kveðið upp 23. marzmán. s. á., um að Jón Tómasson snikkari skuli með hyski sínu eiga framfærslurètt í kaupstaðnum Akureyri.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess að þèr kunngjörið það, að úrskurður sá, sem þèr hafið lagt á málið, skal standa óraskaður.[1]

---

[1]) Úrskurður amtmannsins er svo látandi:

Í brèfi frá 23. desember f. á. hefir bæjarfógeti S. Thórarensen, líklega með ráði bæjarfulltrúa, skotið því til amtsins úrlausnar, hvort snikkari Jón Tómasson ætti að álítast sveitlægur á Akureyri eða í Helgastaðahrepp.

Eg hefi síðan leitað upplýsinga um verustaði Jóns og fengið meðal annars skýrslu, sem hann hefir gefið undir eiðs tilboð, bæði

29. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um framfærsluhrepp sveitarómaga.

1869. 31. marz.

Með brèfi dagsettu 30. septembermán. f. á. hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað skjal nokkurt frá Magnúsi hreppstjóra

---

um verustaði sína og efnahag yfir höfuð, því brèf bæjarfógetans fór svo laust og óglöggt yfir mörg aðalatriði málsins, og hermdi þar að auki svo skakkt frá sumu, að ekki var hægt að byggja á því nokkurn úrskurð.

Það má nú í þessu máli álíta sýnt og sannað, að Jón snikkari Tómasson settist að á Akureyri 29. maímán. 1851 og var þar upp frá því stöðugt í 10 ár; veturinn 1860—61 fótbrotnaði Jón og lá lengi veikur, var honum þá lánað af fátækrafè hins fyrra Hrafnagilshrepps 31 rd. 16 sk., en hann þverneitar, að hann sjálfur hafi beðið um styrk þenna, og segir, að læknir Finsen muni hafa útvegað sèr hann, en hann kveðst hafa þegið styrkinn, þegar hreppstjóri hafi boðið sèr hann fram, með því skilyrði, að styrkurinn væri ekki innfærður í sveitarreikninginn fyrir fardaga 1861, en hèti prívat lán frá Ólafi hreppstjóra, er hann ætlaði sèr að skila aptur, og er ekki hægt að fá vissu fyrir því, hvort lánið var veitt í marz, apríl eða maí mánuði 1861. En fremur er það upplýst, að Jón á þeim tíma, er lánið var veitt, átti íveruhús, kú og nauðsynleg smíðatól, sem voru frá 40—50 rd. virði.

Það, sem nú ræður úrslitum þessa máls, er það atriði, hvort lán það, sem Jóni var boðið og hann þáði, er rèttnefndur og rèttveittur sveitarstyrkur, því ella getur lánið ekki tálmað því, að Jón áynni sèr sveit með veru sinni á Akureyri í hinum fyrri Hrafnagilshrepp. Í þessu atriði kemur þá til íhugunar grundvallarregla sú, sem tekin er fram í 9. grein reglugjörðar 8. janúar 1834 smbr. 4. og 6. grein, og virðist þá lán þetta hafa verið veitt alveg gegn reglum þeim, sem settar eru um að veita öðrum fátækrastyrk, þareð hvorki er leitazt eptir eður grennslazt um, hvort vinir Jóns eður vandamenn vildi eður gæti styrkt hann, engin rannsókn um ástand hans er gjörð af sveitarstjórninni, heldur er lánið veitt eins og útí bláinn gagnstætt lögum, sjá 9. grein í reglugjörð 8. jan. 1834; hèr við bætist nú, að ekki sèzt, að lánsins hafi verið opinberlega krafizt af fæðingarsveit Jóns, Helgastaðahrepp,

1869. 31. marz. Jónssyni á Ytraálandi, þar sem úrskurði yðar 24. marzmán. s. á., er ákveður, að stúlkan Ingibjörg Bjarnadóttir skuli frá 16. aldursári sínu álitin sveitlæg á Svalbarðshrepp í Þingeyjarsýslu, er skotið til dómsmálastjórnarinnar.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörið það, að úrskurður sá, sem þér hafið lagt á málið, skal standa óraskaður.[1]

---

sem einmitt þó átti að vera, ef hlutaðeigendur vildu fá það endurgoldið, þar sem það var veitt af fátækrafé.

Með því nú Jón snikkari Tómasson hefir dvalið samfleytt 10 ár á Akureyri, eður frá 29. maí 1851 til sama tíma 1861, og ekki á þessu tímabili þegið neinn löglega veittan sveitarstyrk, sem tálmað geti honum frá að vinna sér framfærisrétt, úrskurðast hann með hyski sínu, samkvæmt reglugjörð 8. janúar 1834 6. grein og með hliðsjón af dómsmálastjórnarbréfum frá 2. sept. 1858 og 17. sept. 1867 sveitlægur í Akureyrar kaupstað, smbr. samning um fjáraðskilnað frá 17. apríl 1863 milli Hrafnagilshrepps og Akureyrar kaupstaðar.

[1]) Úrskurður amtmannsins er svo látandi:

Í bréfi frá 28. janúar þ. á. hefir hreppstjórinn í Presthólahrepp áfrýjað úrskurði kansellíráðs Th. Johnsens frá 24. okt. 1865, sem ákveður, að stúlkan Ingibjörg Bjarnadóttir skuli vera sveitlæg í Presthólahrepp, jafnvel þó móðir hennar, það ár, sem hún ól barnið, væri vistráðið hjú á Sjávarlandi í Svalbarðshrepp.

Það má nú í þessu máli álíta fullsannað, að móðir Ingibjargar, Arndýs, var lögráðið hjú Gísla bónda á Sjávarlandi í Svalbarðshrepp það ár, sem Ingibjörg fæddist, og að hreppstjórinn í Svalbarðshrepp, gagnstætt lögum, reif hana upp úr vistinni og flutti hana um haustið eða að hálfnuðu vistarárinu inn í Presthólahrepp.

Eins og það nú er lögbannað, sjá kansellibréf frá 19. ágúst 1820, að reka stúlkur, þótt þær annaðhvort komi í vistina ólèttar, eða verði þar vanfærar, úr vistinni, þannig bakar það hlutaðeigandi hreppstjóra ábyrgð og lögsókn, ef þeir eru ollandi, að slíkar persónur af þeim ástæðum missa umsamdrar vistar.

Með því nú Arndýs, móðir Ingibjargar Bjarnadóttur, var vistráðið hjú á Sjávarlandi, árið sama og hún ól Ingibjörgu, og alveg lögum gagnstætt var rifin upp úr vistinni og flutt á Presthólahrepp,

30. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, er nemur af forboð gegn því að selja kvikasilfursáburð án fyrirsagnar frá lækni.

1869. 31. marz.

Eptir að dómsmálastjórninni hafði gefizt tilefni til að skrifast á við hið konunglega heilbrigðisráð útaf broti gegn forboði því, sem umburðarbrèf kansellísins 11. marzmán. 1820 hefir inni að halda gegn því að selja kvikasilfursáburð *(ungventum neapolitanum)* án fyrirsagnar frá lækni, hefir dómsmálastjórnin samkvæmt tillögum heilbrigðisráðsins álitið hentast að nema þetta forboð af eptirleiðis, að því er Ísland snertir, þegar áburðurinn er hafður til dýralækninga.

Um leið og yður er tilkynnt þetta sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess að þèr kunngjörið það, eruð þèr þó beðnir að leggja ríkt á við hlutaðeigandi lyfsölumenn, að vara bændurna við, er þeir láta kvikasilfursáburðinn af hendi, að hafa hann ekki til annars en dýralækninga.

---

31. Brèf dómsmálastjórnarinnar til Deildar hins íslenzka bókmenntafèlags í Kaupmannahöfn, um styrk til at gefa út Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands.

10. apríl.

Samkvæmt brèfi dómsmálastjórnarinnar 23. aprílmán. 1864 skal það hèr með kunngjört Deild hins íslenzka bókmenntafèlags

---

svo fæðingarhreppur Ingibjargar er að lögum Svalbarðshreppur, úrskurðast, að Ingibjörg Bjarnadóttir, samkvæmt 7. grein í reglugjörð 8. jan. 1834 og kansellíbrèfi 19. ágúst 1820, frá því hún er 16 ára, skuli eiga sveit á Svalbarðshrepp, og bið eg yður, herra sýslumaður, að annast um, að Svalbarðshreppur skuli eptir rèttum reikningi endurgjalda Presthólahrepp það, sem lagt hefir verið með Ingibjörgu, frá því hún var 16 ára að aldri.

Úrskurð þenna bið eg yður, herra sýslumaður, að birta hreppstjórunum í Presthóla og Svalbarðs hreppum.

1869. 10. apríl. í Kaupmannahöfn, að stjórnarráðið hefir veitt fèlaginu 150 rd. styrk til að halda áfram að gefa út „Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands", og hefir í dag verið hlutazt til, að fè þetta verði greidt fèhirði deildarinnar, Stephensen etazráði, úr aðalfèhirzlu ríkisins.

---

15. apríl. **32. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um að maður, sem kann til vatnsveitinga, verði sendur til suðuramtsins.**

Með brèfi dagsettu 10. desembermán. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá frá stjórn húss- og bústjórnarfèlags suðuramtsins um, að gjörðar verði ráðstafanir til þess, að maður, sem kann til vatnsveitinga á engjar og af þeim, verði sendur með styrk úr opinberum sjóði til Reykjavíkur með annari gufuskipsferðinni, til þess að standa fyrir þess konar störfum fyrir þá bændur í suðuramtinu, sem vilja skuldbinda sig fyrir þetta til að hýsa hann og fæða og hafa til handa honum næga vinnukrapta til þess að framkvæma slík störf á jörðum þeirra, og hefir húss- og bústjórnarfèlagið þar að auki dregizt á um að leggja til af efnum sínum 100 rd. að minnsta kosti til þessa áforms.

Nú er dómsmálastjórnin hefir skrifazt á við hið konunglega landbústjórnarfèlag um þetta, hefir það útvegað mann, er kann til vatnsveitinga og framskurðar, Niels Jörgensen, og fer hann nú af stað til Íslands með gufupóstskipinu, sem nú er í búnaði, og verður þar til hausts, bæði til þess að standa fyrir jarðabótum þeim, sem húss- og bústjórnarfèlagið hefir vikið á, og eins, ef menn vilja, til þess að leiðbeina við slátt einkum í því að brúka danska ljái. Með því að gjört er ráð fyrir, að tèður jarðyrkjumaður verði hýstur og fæddur, meðan hann dvelst á Íslandi, á þeim heimilum, þar sem tilsögn hans verður notuð, svo að dómsmálastjórnin og hið konunglega landbústjórnarfèlag hafi engan kostnað af því, að honum hefir verið lofað viðurværi ókeypis, og að húss- og bústjórnarfèlagið muni borga áhöld

þau, er hann hefir með sèr, að svo miklu leyti sem þau verða ekki dýrari en 100 rd., hefir honum verið lofað, auk viðurværis og ferðakostnaðar fram og aptur, 40 ríkisdölum á mánuði í laun upp frá þeim degi, að hann fer af stað hèðan og þangað til að hann er kominn hingað aptur, á þann hátt að stjórnin borgar ferðakostnaðinn með póstskipinu og helminginn af launanum, og hið konunglega landbústjórnarfèlag hinn helminginn af launanum, og hefir það þar að auki lofað, ef að áhöldin verða dýrari en 100 rd., þá að borga það sem fram yfir verður. 1869. 15. apríl.

Jafnframt og yður er kunngjört þetta, herra stiptamtmaður, og að hið konunglega landbústjórnarfèlag hefir lagt fyrir tèðan jarðyrkjumann að fara á yðar fund, undir eins og hann sè kominn til Reykjavíkur, til þess að fá vísbendingu um, hvert hann eigi að fara, eruð þèr beðnir að hlutazt til, að laun þau, sem honum hefir verið heitið, eins og áður var sagt, 40 rd. á mánuði, verði borguð honum úr jarðabókarsjóðnum, og senda síðan, þegar þar að kemur, skýrslu um, hversu mikið hefir verið borgað smátt og smátt. Skal því við bætt, að jarðyrkjumanninum hefir verið borgað fyrir fram uppi launin fyrsta mánuðinn 20 ríkisdalir.

---

33. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um erfðafestusölu á túnparti við Reykjavík. 15. apríl.

Með brèfi dagsettu 19. janúarmán. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá í útleggingu á dönsku, er stiptamtinu hafði borizt frá bæjarstjórninni í Reykjavík; er þar sókt um samþykki til þess, að selja megi til erfðafestu túnblettinn nr. 4 á Hlíðarhúsalóðinni fyrir 43 álna afgjald á ári eptir verðlagsskrár meðalverði. Jafnframt og þèr hafið getið þess, að meðalalin eptir verðlagsskránni 1868—69 hafi verið 21⅔ skild., og að afgjaldið, sem um hefir verið samið, verði eptir því 9 rd.

1869. 15. apríl. 68 sk. á ári, hafið þèr lagt fram með, samkvæmt reglugjörð 27. nóvembermán. 1846 24. gr., að veitt verði samþykki til þess, að það megi selja tèðan túnblett til erfðafestu með þeim kjörum, sem vikið er á í brèfi bæjarstjórnarinnar.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess að þèr kunngjörið það, að dómsmálastjórnin veitir hèr með samþykki sitt til þess, sem um hefir verið sókt.

---

15. apríl. **34. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um þóknun fyrir lækningar.**

Nú er dómsmálastjórnin hefir fengið brèf yðar, herra amtmaður, dagsett 28. janúarmán. þ. á., hefir Tegner, lækni af gufuhvalaveiðaskipinu „Thomas Roys", verið veitt 150 rd. þóknun fyrir það, að hann í fyrra, þegar skipið hefir komið við á fjörðunum á Austurlandi, hefir hjálpið landsmönnum með lækningum sínum, án þess að þiggja neina borgun fyrir það. Þetta skal yður hèr með til vitundar gefið, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar, og til þess að þèr kunngjörið það sýslumönnunum í Múlasýslunum, W. Olivarius og O. Smith.

---

15. apríl. **35. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um ótta fyrir hallæri í norður- og austuramtinu.**

Í brèfi dagsettu 20. febrúarmán. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, skýrt frá ástandinu í norður- og austuramtinu, og látið það álit yðar í ljósi, að, þrátt fyrir það, að undanfarinn vetur var góður og vorið eins, og sumarið var hagstædt bæði fyrir skepnuhöld og heyskap, þá vofi mikið hallæri yfir í mörgum hèruðum í amtinu, nema þeim verði veitt hjálp á einhvern hátt,

og sè það einkum að kenna slæmu verði á verzlunarvörum og líka því, að landsmenn sè svo tregir á að slátra nógu mörgum skepnum til vetrarforða. 1869. 15. apríl.

Jafnframt og þess skal getið, að, þareð þèr, herra amtmaður, hvorki hafið tekið til þau hèruð í norður- og austuramtinu, þar sem mest ástæða er til að óttast hallæri, nè heldur vikið á, hverjar ráðstafanir mundu vera hagfeldastar til að afstýra því, þá er það eitt næg orsök til, að stjórnarráðið sèr sèr ekki fært að gjöra neitt í því skyni með aðstoð ríkissjóðsins, skal yður til vitundar gefið, að stjórnarráðið hefir sent nefndinni hèr í bænum, sem sett hefir verið til að afstýra hallæri í suður- og vesturamtinu, eptirrit af ofan nefndri skýrslu yðar, og vakið máls á við hana, hvort hún treysti sèr ekki til að láta mönnum í norður- og austuramtinu einhverja hjálp í tè í þessu skyni.

---

36. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um samsteyping á Stórutjörnum og Litlutjörnum í Þingeyjarsýslu. 15. apríl.

Með brèfi dagsettu 11. nóvembermán. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað skjal nokkurt í útleggingu á dönsku ásamt með álitsskjali hlutaðeigandi sýslumanns um það; í því fer Eggert Gunnarsson, umboðsmaður yfir norðurhluta Múkaþverárklaustursjarða, þess á leit, að þegar næst verða leiguliðaskipti á Litlutjörnum, þá megi steypa þeim saman við Stórutjarnir í eina jörð — en báðar þessar jarðir liggja undir tèð umboð — á þann hátt, sem vikið er á í skoðunargjörð, er einnig fylgdi með brèfi yðar, það er að segja, að húsin á Litlutjörnum verði rifin niður, og að timbrinu úr þeim verði varið til að fjölga húsunum á Stórutjörnum. Hafið þèr lagt til með, að þessi uppástunga verði tekin til greina á þann hátt, að afgjaldið af jörðunum sameinuðum verði ákveðið til 240 álna, þ. e. 140 álna landskuld og 100 álnir í kúgildaleigur.

Nú er skrifazt hefir verið á við reikningastjórnardeild kon-

1869. 15. apríl. ungsríkisins um málefni þetta, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess að þèr kunngjörið það, að stjórnarráðið hefir að vísu ekki í raun og veru neitt á móti því, að jörðum þessum verði steypt saman, eins og stungið hefir verið uppá, en samt að eins með því skilyrði, að ríkissjóðurinn missi einkis í af afgjöldunum, eins og þau hafa verið til þessa. Sökum þessa getur stjórnarráðið ekki fallizt á uppástungu yður, herra amtmaður, um að afgjaldið af jörðunum, þegar búið væri að sameina þær, verði ákveðið til 240 álna, því að þetta afgjald verður ekki meira í peningum en 61 rd. 24 sk., þegar alinin er 24½ skild., en afgjöldin af báðum jörðunum, eins og þau nú eru, samkvæmt umboðsreikningnum fyrir 1867—68, eru í peningum 74 rd. 14 sk.

---

24. apríl. **37. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í vesturumdæminu, um byssur handa skotmannafèlagi í Stykkishólmi.**

Með brèfi dagsettu 16. nóvembermán. f. á. hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað bænarskrá, þar sem þrír menn í Stykkishólmi, sem vilja stofna skotmannafèlag þar í verzlunarstaðnum, sækja um, að honum verði gefnar 20 fótgönguliðs-byssur með byssu-stingjum og ýms önnur vopn handa fèlagi þessu, og hafið þèr skotið því til stjórnarráðsins, hvort því virðist tilefni til að útvega verzlunarstaðnum byssur þær, sem beðið er um, til þessa áforms.

Nú er skrifazt hefir verið á við herstjórnarráðið um þetta, hefir það látið dómsmálastjórnina fá 20 gamlar fótgönguliðsbyssur með byssustingjum, og eru þær nú sendar yður, herra amtmaður, í kassa merktum V. A., til þess að skotmannafèlag það, sem haft er í hyggju að stofna, fái þær til afnota. Skal því við bætt, að stjórnarráðið hefir leyft, að kostnaðurinn til að kaupa byssurnar o. s. frv. verði borgaður af fè því, sem veitt er til óvissra útgjalda handa Íslandi.

---

38. **Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um endurskoðun nýju sálmabókarinnar.** 1869. 28. apríl.

Með brèfi dagsettu 11. marzmán. þ. á. hafið þèr, háæruverðugi herra, skýrt frá, að endurskoðun sú á hinni íslenzku evangelisk-kristilegu sálmabók, sem síra Ólafi Pálssyni, prófasti og dómkirkjupresti, og síra Stefáni Thórarensen, sóknarpresti að Kálfatjörn, hefir verið falin á hendur undir umsjón og með aðstoð yðar, sè nú leidd til lykta, og að handritið sè búið undir prentun, og hafið þèr þar að auki farið þess á leit, að það megi inn leiða þessa endurskoðuðu, íslenzku evangelisk-kristilegu sálmabók og hafa hana við hina opinberu guðsþjónustugjörð.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess að þèr gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, að stjórnarráðið leyfir hèr með, að þessi endurskoðaða sálmabók verði inn leidd og notuð við hina opinberu guðsþjónustugjörð alstaðar á Íslandi, þar sem presti og söfnuði kemur saman um það.

---

39. **Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um borgun fyrir að semja verðlagsskrár fyrir vesturamtið.** 5. maí.

Eptir áskorun dómsmálastjórnarinnar hafið þèr, herra amtmaður, látið í ljósi í brèfi dagsettu 15. febrúarmán. þ. á. álit yðar um, hversu mikla þóknun væri hæfilegt að veita prófastinum, sem nú er í Snæfellsnessýslu, síra Sveini Níelssyni, sóknarpresti að Staðarstað, fyrir hlutdeild hans í að semja hinar árlegu verðlagsskrár fyrir vesturamtið, og hafið þèr getið þess um það efni, að þóknun þessi hafi hingað til verið misjöfn, eptir því hversu langt hafi verið á milli skrifstofu amtsins og bústaðar prófastsins, og leikið á milli 15 og 35 rd., en að því er snertir síra Svein Nielsson, þá megi hún ekki vera minni en 25 rd., því að til ferðarinnar fram og aptur milli Staðarstaðar og Stykkis-

1869. 5. maí. hólms og verunnar í Stykkishólmi muni æfinlega ganga að minnsta kosti 7 dagar, og ef að í hvert skipti ætti að borga honum hæfilega fæðispeninga og ferðakostnað samkvæmt reikningi, þá mundi þóknunin fara fram úr þessari upphæð. Jafnframt og þér, herra amtmaður, þess vegna hafið lagt til með, að síra Sveini Níelssyni framvegis verði veitt 25 rd. þóknun á ári fyrir þenna starfa, meðan hann er búandi á Staðarstað, hafið þér enn fremur sókt um samþykki stjórnarráðsins til þess, að þér árin 1867 og 1868 hafið borgað honum sömu upphæð úr jafnaðarsjóði amtsins fyrir hlutdeild hans í að semja verðlagsskrárnar fyrir þau árin.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið samþykkir hér með útborgun þá, sem hefir átt sér stað árin 1867 og 1868 í þessu skyni, eins og stjórnarráðið líka fellst á, að síra Sveini prófasti Níelssyni verði framvegis veitt 25 rd. þóknun á ári fyrir ómak hans og kostnað útaf þessum starfa, á meðan hann er búandi á Staðarstað og skrifstofa amtsins er í Stykkishólmi.

---

12. maí. **40. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um bann gegn því að veiða lunda í net á Vestmannaeyjum.**

Útaf skýrslum þeim, sem fengnar höfðu verið frá Vestmannaeyjum um hinar skaðvænlegu afleiðingar af því, að hafa net til að veiða í lunda þar á eyjunum, leitaði dómsmálastjórnin álits yðar, herra stiptamtmaður, um það, hvort ríkið, sem eigandi allra jarðanna á Vestmannaeyjum, ekki mundi eiga með, eptir því hvernig komizt er að orði í byggingarbrèfum leiguliðanna, að banna þeim að hafa þá veiðiaðferð í frammi, er getur orðið þess ollandi, að lundaveiðin, hlunnindi, sem fylgir jörðinni, rýrni að mun, og að byggja þeim út, ef þeir hlýða ekki banninu. Nú hafið þér, herra stiptamtmaður, látið það álit yðar í ljósi í brèfi dagsettu 19. febrúarmán. þ. á., að ákvarðanirnar í

byggingarbrèfunum hafi ekki næga heimild inni að halda, til þess að banna leiguliðunum að gjöra sèr fuglatekjuna eins arðsama, og auðið er, og að það því, að yðar hyggju, mundi verða árangurslaust, að banna leiguleiðunum að veiða fuglinn í netum, og láta það varða útbyggingu. Aptur á móti álítið þèr, að hinu sama mundi mega koma til leiðar með samningum, því að það megi gjöra ráð fyrir eptir skýrslum þeim, sem fram eru komnar, að allir reglusamir og duglegir leiguliðar sè fúsir á að ganga undir þessa einskorðun í tilliti til lundatekjunnar, og hinir óduglegari leiguliðarnir, sem kynnu að vilja standa á móti slíkri einskorðun, rjúfi jafnaðarlega á hverju ári byggingarskilmálana svo mjög, að það mætti byggja þeim út. 1869. 12. maí.

Útaf þessu eruð þèr, herra stiptamtmaður, samkvæmt tillögum yðar beðnir, að einu leytinu að sjá svo um, að í öll byggingarbrèf leiguliðanna á konungsjörðunum á Vestmannaeyjum verði framvegis tekin ákvörðun um, að fuglatekja með netum sè með öllu bönnuð, og að hver, sem útaf því bregður, bæði hafi fyrirgjört byggingarrètti sínum og sè skyldur að endurgjalda skaða þann, er jörðin hafi orðið fyrir útaf því, eptir áliti óvilhallra manna, og að hinu leytinu að leggja á við hlutaðeigandi umboðsmann, að reyna að koma því til leiðar við leiguliðana, sem nú eru, með samkomulagi, að viðauka-ákvörðun sama efnis verði bætt inn í byggingarbrèf þeirra.

---

41. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um nýja skoðunargjörð og nýtt mat á klaustrajörðum og Flögujörðum í Vestur-Skaptafellssýslu. 12. maí.

Með brèfi dagsettu 4. septembermán. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað í útleggingu bænarskrá, er komið hafði til alþingis árið 1867, og konungsfulltrúi samkvæmt ályktun alþingis hafði sent stiptamtinu til frekari ráðstafana. Í bænarskrá þessari fara 113 bændur í Vestur-Skaptafellssýslu þess á

1869. 12. maí.

leit, að á opinberan kostnað verði höfð ný skoðunargjörð á öllum klaustrajörðum og Flögujörðum í tèðri sýslu, og að settur verði nýr dýrleiki á þær samkvæmt skoðunargjörðinni, sem og að landamerki jarðanna verði nákvæmlega ákveðin, svo að sem allra-fyrst geti komizt á hæfilegur og sanngjarn jöfnuður á afgjöldum jarðanna og gjaldmátanum. Einnig hafið þèr sent hingað álitsskjal um tèða bænarskrá, er þèr hafið fengið frá umboðsmanninum yfir Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklaustri og Flögujörðum.

Með því að álitsskjal umboðsmannsins og athugasemdir þær, er þèr, herra stiptamtmaður, hafið gjört um það, bera með sèr, að það fer svo fjærri, að afgjöld þau, sem áskilin eru af jörðum þessum, þegar þær eru byggðar, sè of há, að þær þvert á móti eru byggðar að öllum jafnaði með betri kjörum en samsvarandi bændaeignir, og að ekki er heldur neinn óvanalegur misjöfnuður á afgjöldunum af jörðunum þegar þau eru borin saman, hlýtur stjórnarráðið, er það hefir skrifazt á við reikningastjórnardeildina um málefni þetta, að vera yður samdóma um, að ekki sè nægar ástæður til að láta slíka skoðunargjörð á jörðum þessum og breytingu á afgjöldunum samkvæmt henni fara fram, sem stungið er uppá í bænarskránni, og eins verður stjórnarráðið að álíta, að það mundi vera alveg tilgangslaust að fara að ákveða landamerki milli jarðanna, eins og beðið er um — sem vitaskuld er, að ekki hefði neitt lagalegt gildi — því að það mundi fara svo fjærri, að slík ráðstöfun girti fyrir allan vafa og þrætur, að hún einmitt mundi verða þeirra ollandi.

Jafnframt og yður er gefið þetta til vitundar, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar, og til þess að þèr kunngjörið það, eruð þèr beðnir — útaf því, að þess er getið í ofan nefndu brèfi yðar, að einhver helzta orsökin til þess, að margir af leiguliðunum á jörðum þessum eru svo fátækir, sè sú, að það sè búið smátt og smátt að skipta jörðunum í smábýli svo ótilheyrilega, að það sè ómögulegt fyrir margan bónda að fæða heimili á þeim jarðarparti, sem hann hefir til ábúðar — að sjá um, að jörðum ríkisins verði ekki skipt svona skaðsamlega í sundur framvegis.

42. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um skuldir leiguliðanna á Vestmannaeyjum uppí jarðarafgjöld.

1869. 12. mai.

Með brèfi dagsettu 25. marzmán. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá ásamt álitsskjali hlutaðeigandi sýslumanns um hana, þar sem sveitarstjórnin á Vestmannaeyjum fer þess á leit, að þeim af leiguliðunum á konungsjörðunum þar á eyjunum, sem eru svo bágstaddir, að þeir geta ekki borgað landskuld af ábýlisjörðum sínum, nema þeir fái styrk úr sveitarsjóðnum, verði gefin hún upp þangað til efnahagur þeirra batnar, eða þangað til efnahagur sveitarinnar er kominn í það horf, að hún getur styrkt þá, eins og með þarf, til að gjalda landskuldina. Þèr hafið kveðið það satt að vera, sem sagt er í bænarskránni, um að fátæktin sè altaf að fara í vöxt á Vestmannaeyjum, en látið það álit yðar í ljósi, að úrræði það, sem vikið er á í bænarskránni, til að bæta úr hinu auma ástandi á eyjunum, mundi varla leiða til þess, sem ætlað er; aptur mundi því fremur verða komið til leiðar á þann hátt, að lagt væri á við umboðsmanninn, að jafnframt og hann gjörði allt, sem í hans valdi stendur, til að heimta saman jarðarafgjöldin, sem eptir standa, þá ætti hann að hafa sem mesta vægð í framni í því að byggja þeim af leiguliðunum út, sem einasta sökum hallæris hafa ratað í slíkar skuldir, þrátt fyrir ástundunarsemi þeirra og góða hegðun að öðru leyti, en hinsvegar ætti, að yðar hyggju, að beita minni vægð við þá af leiguliðunum, sem hafa bakað sèr þessar skuldir, ef til vill, engu síður með breytni sjálfra þeirra t. a. m. drykkjuskap, leti og þess konar, en vegna harðæris.

Útaf þessu eruð þèr beðnir, herra stiptamtmaður, samkvæmt tillögum yðar, að segja umboðsmanninum yfir konungsjörðunum á Vestmannaeyjum fyrir í þá átt, að þegar það kemur til orða, hvort að eigi að byggja leiguliða út, þá skuli hann sèr í lagi taka alla breytni hans að öðru leyti til greina, og þegar hann að öðru leyti er reglusamur og duglegur landseti, svo að bágindi hans eru honum ekki sjálfum að kenna, þá skuli umboðsmaður bera upp fyrir stiptamtinu, hvort hann megi halda byggingu

1869. 12. maí. sinni fyrir jörðinni enn þá eitt ár, þó hann hafi ekki getað staðið í skilum fyrir landskuldinni eða nokkrum hluta hennar, og veitir stjórnarráðið stiptamtinu þá heimild til, þegar fengnar hafa verið skýrslur þær, sem með þarf um það efni, að veita slíka lenging á byggingarrèttinum.

---

13. maí. **43. Brèf dómsmálastjórnarinnnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um frest á borgun uppí kornlán.**

Í brèfi dagsettu 28. janúarmán. þ. á. með fylgiskjali hafið þèr, herra amtmaður, sókt um samþykki dómsmálastjórnarinnar til þess, að þèr, samkvæmt bænarskrá til yðar frá hreppstjórunum í Glæsibæjar, Skriðu og Arnarness hreppum í Eyjafjarðarsýslu, til bráðabirgða hafið veitt tèðum hreppum frest til 1. janúarmán. 1870 á að borga sjöunda hlutann uppí skuld þá, sem á þeim hvílir fyrir kornmat, er þeir höfðu fengið, samtals 85 tunnum, af þeim 500 tunnum af rúgi, er sendar voru að ráðstöfun stjórnarráðsins til Hofsóss haustið 1867, á þann hátt að þeir 1. janúarmán. 1870 greiði sjöunda hluta skuldarinnar og leigur fyrir eitt ár og hálft annað missiri.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess að þèr gjörið ráðstafanir þær, sem með þarf, að stjórnarráðið, afleiðinganna vegna og af því engin sèrstakleg ástæða er til að veita tèðum hreppum þessa ívilnan, álítur sèr ekki fært að veita samþykki það, sem um er beðið.

---

13. maí. **44. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um afgjöld af konungsjörðum og þurrabúðum á Vestmannaeyjum.**

Með brèfi dagsettu 3. septembermán. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað í útleggingu bænarskrá, er komið

hafði til alþingis árið 1867, og það hafði vísað til stiptamtsins. 1869.
Í bænarskrá þessari fara nokkrir búendur á Vestmannaeyjum 13. maí.
þess á leit, að afgjaldið af öllum konungsjörðum og þurrabúðum þar á eyjunum verði framvegis greidt annaðhvort eptir meðalverði allra meðalverða eða eptir verlagsskrár verðlagi á saltfiski, í stað þess að það nú er goldið eptir verðlagsskrár verðlagi á hörðum fiski. Bænarskrá þessi er sèr í lagi byggð á því, að með því að það nú sè orðið almennt að verka fiskinn, sem fiskast á Vestmannaeyjum, sem saltfisk, í stað þess að hann áður var verkaður sem harður fiskur, þá virðist það vera bæði óeðlilegt og ósanngjarnt að reikna jarðarafgjöldin eptir verðlagi á hinni síðar nefndu vörutegund, sem jafnaðarlega ekki er lengur til.

Þar sem nú að ýðar áliti, herra stiptamtmaður, ekki getur komið til orða, að því er snertir Vestmannaeyjar, þar sem verðið á jörðunum er komið undir verðlaginu á þeim tveimur aðal-vörutegundum, sem aflast með fiskiveiðum og fuglatekju, að fallast á þá uppástungu, sem gjörð hefir verið um, að setja meðalverð allra meðalverða í staðinn fyrir verðlagið á hörðum fiski, þá mæli aptur meira fram með hinni uppástungunni, að reikna jarðarafgjöldin eptir verðlagi á saltfiski, því að sú vörutegund sè í sama flokki í verðlagsskránni, og sè ekki að eins skyldust harða fiskinum, heldur sè sama varan, verkuð á annan hátt. Verðlagið á þessum tveimur tegundum af fiski sè því mjög sjaldan misjafnt, svo neinu muni; mismunurinn á þeim verði eptir meðalverðlagi á Vestmannaeyjum í seinustu í 48 ár ekki meiri en svo, að meðalverðlagið á hörðum fiski verður $19^{11}/_{16}$ skild. og á saltfiski 19 skildingar. Með því að saltfiskurinn samt sem áður á seinni árum er orðinn aðal-verzlunarvaran, sè menn að mestu leyti hættir að verka harðan fisk á Vestmannaeyjum, og af því hafi orsakazt, að hin síðar nefnda vörutegundin, sem samt enn sem fyr er algengasta fæðan á íslenzkum heimilum, hafi hækkað í verði meir að tiltölu en saltfiskur. Þó er þessi misjöfnuður, eptir því sem þèr hafið skýrt frá, herra stiptamtmaður, ekki staðfastari en svo, að eptir verðlagsskránni, sem gildir á Vestmannaeyjum, var árið 1865—66 sama verðlag á hörðum fiski og saltfiski, og árið 1866—67 var það

1869. 13. maí. jafnvel lægra, en aptur hefir það árin 1867—68 og 1868—69 verið talsvert hærra, og það má ætla, eð fiskimennirnir muni smátt og smátt læra aptur að verka þann harða fisk, sem þeir þurfa til heimilisins, eða að hafa saltfisk til fæðis á heimilum sínum í staðinn fyrir harðan fisk, og ef það kæmist á, mundi verðlagið á hörðum fiski, að yðar hyggju, eins opt verða lægra eins og hærra en verðlagið á saltfiski, en jafnaðarlega verða þar á borð við. Með því að mismunur sá, sem nú á sér stað á verðlaginu á þessum tveimur vörutegundum, samkvæmt þessu ekki verður álitinn að vera nema um stundarsakir, þá er það álit yðar, herra stiptamtmaður, að það mundi hvorki vera hagfelt, nè leiguliðunum fortakslaust í hag, að koma á þeirri breytingu á gjaldmátanum, sem nú er, að afgjöldin verði framvegis reiknuð eptir verðlagi á saltfiski. Samt sem áður hafið þèr vakið máls á, að þegar svo beri við, að laus jörð á Vestmannaeyjum verður ekki byggð fyrir sama afgjald, sem hingað til, þá kynni að vera ástæða til að veita stiptamtinu heimild til að samþykkja, að slík jörð verði byggð með þeim kjörum, að afgjaldið verði goldið eptir verðlagsskrár verðlagi á saltfiski, eða eptir meðalverði hennar á fiski, eða loksins helmingurinn eptir öðru hvoru þessu verðlagi, og hinn helmingurinn eptir verðlaginu í verðlagsskránni á fiðri.

Nú er stjórnarráðið hefir íhugað málefni þetta, og skrifazt á um það við reikningastjórnardeild konungsríkisins, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess að þèr kunngjörið það, að stjórnarráðinu hefir þókt þeim mun minni ástæða til að taka ofan nefnda bænarskrá til greina, sem það er augljóst eptir því, sem þèr einnig hafið skýrt frá, herra stiptamtmaður, að, þó að afgjöldin af jörðunum á Vestmannaeyjum framvegis verði reiknuð eingöngu eptir verðlagi á hörðum fiski, þá verða þau samt engan veginn of há, eins og það líka ætti miður vel við nú að fara að gjöra breytingu á þessum gjöldum.

45. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um fæðingarhúsið á Vestmannaeyjum.

1869. 20. maí.

Útaf bænarskrá, sem stiptamtinu hafði borizt frá Þorsteini Jónssyni, hèraðslækni á Vestmannaeyjum, þar sem hann sækir um, að sèr verði útvegað leyfi til að kaupa húsrúm það, sem þar er, og byggt var áður fyrri við hús Markússens snikkara og konu hans Solveigar Markússen, yfirsetukonu, og notað var fyrir fæðingarhús, hafið þèr, herra stiptamtmaður, skýrt frá í brèfi dagsettu 17. nóvembermán. f. á., að þareð búið sè að taka fæðingarhús þetta af, eptir að hætt hafði verið að nota það fyrst um sinn samkvæmt brèfi dómsmálastjórnarinnar 23. júlímán. 1858, og þareð nú má ætla, að barnaveikindi þau, sem voru aðal-tilefnið til að fæðingarhúsið var stofnað, ginklofinn, sè nú hætt, og þareð loksins aðal-skilyrðið fyrir því, að húsrúmið yrði notað sem fæðingarhús, var það, að Solveig Markússen, yfirsetukona, hèldi áfram að vera eigandi að húsi því, sem fæðingarhúsið er byggt við, en hún nú er flutt búferlum til Reykjavíkur, og ætlar sèr að selja sinn hluta af húsinu, þá sè að yðar hyggju engin ástæða til þess, að sveitarfèlagið á Vestmannaeyjum, er menn eptir skýrslum þeim, sem fram eru komnar, verða að álíta, að sè eigandi að þessum viðbæti við hús Solveigar, verði að láta fæðingarhúsið, sem var, standa óhaggað, til þess að það seinna meir geti orðið notað til sama áforms. Af þessum ástæðum hafið þèr því lagt fram með, að sveitarstjórninni verði leyft að selja hús þetta og öll áhöld, sem því fylgja, með þeim kjörum, sem sveitinni eru mest í hag, og sem ætti að fela fátækranefndinni á hendur að ákveða með samþykki stiptamtsins.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar, og til þess að þèr kunngjörið það þeim, sem hlut eiga að máli, að dómsmálastjórnin eptir málavöxtum hefir ekki neitt á móti uppástungum yðar.

1869. 22. maí. **46. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um leigur af kornláni til suðuramtsins.**

Í brèfi dagsettu 9. marzmán. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, skýrt til bráðabirgða frá, hvernig þeim 5000 rd., sem veittir voru með brèfi dómsmálastjórnarinnar 3. ágústmán. f. á. til þess að afstýra hallæri í suðuramtinu á Íslandi, hafi verið varið, og hafið þèr sókt um samþykki stjórnarráðsins til þess, að leigan er reiknuð í skuldabrèfum þeim, sem hlutaðeigandi sveitir hafa gefið fyrir kornlánum, er þær hafa fengið, frá þeim degi, er skuldabrèfin eru dagsett, jafnvel þó að sá dagur hafi ekki altaf borið uppá sama dag og peningarnir hafa verið borgaðir úr ríkissjóðnum.

Útaf þessa skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að samkvæmt því, sem þèr hafið fært til, hefir dómsmálastjórnin ekki neitt á móti ákvörðun yðar um þetta efni.

---

29. maí. **47. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um það, hvort málaflutningsmenn megi mæta í umboði málspartanna fyrir sáttanefndum.**

Með brèfi dagsettu 18. marzmán. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað skjal nokkurt, þar sem háyfirdómarinn í yfirdóminum á Íslandi, Þórður Jónasson, biður um vísbendingu frá dómsmálastjórninni um, hvort málaflutningsmönnum í Danmörku sè leyft í öðrum tilfellum, en þeim, sem sèrstaklega eru undan skilin, að mæta fyrir sáttanefndunum í umboði þeirra málsparta, sem eru viðstaddir í sáttanefndar-umdæminu, og, sè svo, hvort málaflutningsmönnunum, sem eru settir við yfirdóminn á Íslandi á líkan hátt sè heimilt að mæta fyrir sáttanefnd Reykjavíkur kaupstaðar. Hafið þèr borið undir dómsmálastjórnina, hvort henni virðist tilefni til að gefa yfirdóminum vísbendingu um, hvort málaflutningsmönnunum í Danmörk hefir verið veitt almennt leyfi til at mæta fyrir sáttanefndun-

um, eða hvort ákvörðunin í 38. grein í tilskipun 10. júlímán. 1795 sè enn þá í gildi sem almenna reglan um þetta. 1869. 28. maí.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess að þèr kunngjörið það, að ákvörðunin í 38. grein í tilskipun 10. júlímán. 1795 smbr. opið brèf 31. desembermán. 1823 er enn sem fyr hin almenna regla, sem gildir um þetta efni í konungsríkinu.

---

48. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skilmála fyrir því, að útlend skip geti öðlazt danskan þjóðernisrètt. 29. maí.

Í brèfi dagsettu 14. nóvembermán. f. á. hafið þèr, herra amtmaður, skýrt frá, að jaktskipinu „Livana", eign Mandals fiskiveiðafèlags í Noregi, hafi verið veittur þjóðernisrèttur á Akureyri sem danskri eign, og skírt „Síldin", og þareð jaktin reyndist 21 kaupskipalest að rúmmáli, þegar hún var mæld, þá hafi samkvæmt 49. grein í tilskipun 1. maímán. 1838 verið borgaðir 147 rd. í aðkaupsgjald; síðan hafi bæði formaðurinn á jaktinni og starfstjóri tèðs fèlags, sem er kominn til Akureyrar og hefir leigt sèr lóð á Oddeyri, fengið borgararètt í kaupstaðnum. Í brèfi dagsettu 2. desembermán. s. á. hafið þèr þar að auki skýrt frá, að búið sè að greiða aðkaupsgjald þetta í jarðabókarsjóðinn á Íslandi.

Útaf þessu hefir dómsmálastjórnin skrifazt á við aðalskattastjórnina, og hefir hún skýrt frá, að þareð þau skip að eins verði álitin dönsk, og geti fyrir þá sök orðið aðnjótandi verndar dönsku stjórnarinnar, sem sannað er, að sè eingöngu eign dönsku stjórnarinnar eður danskra þegna, án þess að löggjöfin veiti heimild til að gjöra í því efni mun á einstökum mönnum og fèlögum nè á ýmsum tegundum af fèlögum, þá hefði ekki átt að veita tèðri jakt þjóðernisrètt sem danskri eign, þar sem fiskiveiðafèlag Mandals á hana eptir því, sem frá er skýrt, og

1869. 29. maí. geti það því ekki komið til greina, að starfstjóri félagsins hefir fengið borgararétt á Íslandi.

Samkvæmt þessu verður dómsmálastjórnin að biðja yður, herra amtmaður, að láta ónýta þessa veiting þjóðernisréttar, á þann hátt, að markið „dönsk eign" sé numið burt, og þjóðernisskýrteininu sé skilað aptur, og að láta síðan borga hlutaðeiganda aptur aðkaupsgjald það, sem hann hefir greidt. Því skal við bætt, að landfógetinn hefir fengið héðan í dag skipun um að borga upphæð þá, sem um er að ræða, úr jarðabókarsjóðnum, þegar þér beiðist þess.

---

29. maí. **49. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um borgun skuldar, er prestsekkja á hjá kirkju.**

Með brèfi dagsettu 5. f. m. hafið þér, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, sent hingað bænarskrá, þar sem ekkja síra Hinriks sáluga Hinrikssonar, prests að Skorrastað í Suðurmúlasýslu, Margrèt Magnúsdóttir, sækir um að fá borgaða skuld þá, 453 rd. 74 sk. að upphæð, sem maður hennar sálugi átti hjá Skorrastaða kirkju fyrir það hann hafði byggt hana upp, og hafið þér lagt fram með, að það megi borga 200 rd. af skuld þessari, þannig að greiddir verði 15 rd. 37 sk. á ári af tekjum Skorrastaðar kirkju frá næstu fardögum 1869, hvort sem ekkjan verður á lífi eða andast meðan verið er að borga þessa 200 rd.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess að þér kunngjörið það, að stjórnarráðið hefir eptir málavöxtum ekki neitt á móti uppástungum yðar í þessu efni.

---

50. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um skiptingu á Þingeyjar prófastsdæmi í tvö. 1869. 29. maí.

Þá er kirkju- og kennslustjórninni hafði borizt brèf yðar, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, dagsett 27. marzmán. þ. á., bar hún málefni það, sem þar er um rædt, upp fyrir konungi, og hefir hans hátign þóknazt að fallast á 26. þ. m. samkvæmt tillögum stjórnarráðsins, að skipta megi Þingeyjar prófastsdæmi, sem nú er, í tvö prófastsdæmi, þannig að þessi fimm brauð: Garður í Kelduhverfi, Skinnastaðir, Presthólar, Svalbarð í Þistilfirði og Sauðanes verði eptirleiðis prófastsdæmi útaf fyrir sig, er heiti Norður-Þingeyjar prófastsdæmi, og hin 11 brauðin í prófastsdæminu verði annað prófastsdæmi, er heiti Suður-Þingeyjar prófastsdæmi.

Þetta skal yður hèr með kunngjört, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, yður til leiðbeiningar og til þess að þèr gjörið ráðstafanir þær, sem með þarf.

---

51. Brèf kirkju og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um styrk handa uppgjafaprestum og prestsekkjum á Íslandi. 29. maí.

Samkvæmt uppástungum yðar, háæruverðugi herra, er bárust stjórnarráðinu með brèfi yðar 1. þ. m., um það, hvernig úthluta skuli þeim 500 rd., sem veittir voru í fjárlögum þessa fjárhagsárs til styrks handa fátækum uppgjafaprestum og prestsekkjum á Íslandi, hefir stjórnarráðið veitt þeim, er nú skal greina, styrk þann, sem tilfærður er við hvern prest og prestsekkju um sig:

Uppgjafapresti Guðlögi Sveinbjarnarsyni frá Hvammi . 15 rd.
— Sveinbirni Sveinbjarnarsyni frá Staðarhrauni . . . . . 50 -
— Jóni Sigurðssyni frá Söndum. . . . 50 -

1869.	Uppgjafapresti	Stefáni Hanssyni úr Fljótshlíðarþingum	15 rd.
29. maí.	Prestsekkju	Helgu Jónsdóttur	30 -
	—	Helgu Guðmundsdóttur	10 -
	—	Salbjörgu Jónsdóttur	20 -
	—	Helgu Arnfinnsdóttur	5 -
	—	Guðrúnu Vernharðsdóttur	15 -
	—	Oddnýju Ingvarsdóttur	20 -
	—	Þóru Auðunardóttur	20 -
	—	Elínu Einarsdóttur	30 -
	—	Marenu Níelsdóttur	10 -
	—	Guðbjörgu Aradóttur	10 -
	—	Valgerði Einarsdóttur	5 -
	—	Guðríði Helgadóttur	10 -
	—	Sigríði Jónsdóttur	10 -
	—	Guðlögu Guttormsdóttur	10 -
	—	Kristínu Gunnarsdóttur	7 -
	—	Margrètu Magnúsdóttur	8 -
	—	Guðrúnu Ingvarsdóttur	20 -
	—	Guðnýju Jónsdóttur	15 -
	—	Solveigu Magnúsdóttur	10 -
	—	Kristínu Eiríksdóttur	12 -
	—	Þorbjörgu Jónsdóttur	18 -
	—	Margrètu Narfadóttur	40 -
	—	Guðlögu Eiríksdóttur	15 -
	—	Guðrúnu Jónsdóttur	10 -
	—	Þórunni Ásgrímsdóttur	10 -

Þetta skal yður hèr með til vitundar gefið, háæruverðugi herra, yður til leiðbeiningar, og til þess að þèr kunngjörið það þeim, sem hlut eiga að máli, og um leið og vèr vísum til brèfs stjórnarráðsins 15. júlímán. 1865, skal því við bætt, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

52. Brèf dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa á alþingi, um ráðstafanir til að afstýra hallæri á Íslandi sökum matarskorts. 1869. 29. maí.

Útaf því, að undanfarin ár hefir hvað eptir annað í ýmsum hèruðum á Íslandi verið svo mikil ekla á matvælum, að það hefir verið hætt við hallæri og orðið að gjöra sèrstaklegar ráðstafanir gegn slíkri hættu, eruð þèr beðnir, herra stiptamtmaður, að taka til íhugunar, og ef yður svo sýnist, sem konungsfulltrúi á alþingi, er nú fer í hönd, að veita þinginu færi á að ræða og láta uppi álit sitt um það atriði, hverjar ráðstafanir geti orðið gjörðar til þess að komast hjá framvegis, að slík neyð beri að höndum.

---

53. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um útbýtingu árgjaldsins af sumum brauðum á Íslandi handa uppgjafaprestum og prestsekkjum. 31. maí.

Í tilskipun 15. desembermán. 1865 7. grein er svo mælt fyrir, að hið lögboðna árgjald af sumum brauðum á Íslandi til styrks handa fátækum uppgjafaprestum og prestsekkjum skuli sent biskupi, og að því skuli skipt niður á sýnódus fundi á ári hverju, en áður fyrri var höfð sú aðferð með árgjaldið, að upphæðum þeim, sem komu úr hvoru af stiptunum, sem áður voru, Skálholts stipti og Hóla stipti, var ekki slengt saman, heldur hafðar hvor útaf fyrir sig, og útbýtt eingöngu meðal uppgjafaprestanna og prestsekknanna í því stiptinu, sem hvor um sig hafði goldizt úr. Þar að auki var höfð sín aðferðin í hvoru stiptinu við útbýtinguna, því að fyrir Skálholts stipti fór hún fram á sýnódus fundi, en fyrir Hóla stipti skipti biskupinn árgjaldinu niður eptir uppástungum hlutaðeigandi hèraðsprófasta, og þannig, að, þegar enginn fátækur uppgjafaprestur var til í tèðu stipti, var árgjaldinu, er galzt úr því, safnað í sjóð, er

1869. 31. maí. settur var á vöxtu. Útaf þessu hafið þèr, háæruverðugi herra, borið þá fyrirspurn upp fyrir stjórnarráðinu í brèfi dagsettu 19. septembermán. f. á., hvort að ofan nefnd ákvörðun í 7. grein tilskipunar 15. desembermán. 1865 eigi að ná yfir allt land, eða hvort að eigi fyrir Hóla stipti að halda framvegis sömu aðferðinni í þessu efni, og áður.

Um þetta skýrði stjórnarráðið yður frá í brèfi 14. janúarmán. þ. á., að það fengi ekki sèð, að gagnvart ákvörðuninni í 7. grein tilskipunar 15. desembermán. 1865, er mælir öldungis almennt fyrir, að árgjöldum þessum skuli skipt niður á sýnódus fundi, geti verið umtalsmál að hafa aðra aðferð við útbýtinguna á því fè, sem greiðist með árgjöldunum af brauðunum í Hóla stipti hinu forna, en þá, sem tilskipunin skipar fyrir um, en að frá stjórnarráðsins hálfu væri samt ekki neitt því til fyrirstöðu, að hèraðsprófastarnir í Hóla stipti hinu forna sendi yður, háæruverðugi herra, eins og hingað til, í tækan tíma, áður en sýnódus er haldinn, uppástungur um útbýtinguna, og að þessar uppástungur verði lagðar fyrir sýnódus, honum til leiðbeiningar og eptirsjónar við útbýtinguna. Að því er snertir aðalreglu þá, er ætti að fylgja fram við útbýtinguna, lèt stjórnarráðið í sambandi við þetta það álit sitt í ljósi, að það sè samkvæmast bæði eðli málsins og ákvörðununum í tèðri tilskipun, að öll sú upphæð, sem greiðist með árgjöldunum af brauðunum á Íslandi, sè skoðuð sem ein heild, og sè skipt niður meðal allra fátækra uppgjafapresta og prestsekkna á landinu eptir fátækt þeirra og verðleikum, en án þess að neitt tillit sè haft til þess, hvar þeir eða þær eiga heimili. En samt bað stjórnarráðið yður, ef þèr kynnuð að vera því ósamdóma um þetta efni, að skýra því frá skoðun yðar og koma fram með uppástungur, er þar að lytu.

Með því að þèr, háæruverðugi herra, nú í brèfi dagsettu 19. f. m. hafið fallizt á skoðun þá, sem stjórnarráðið þannig hafði látið í ljósi, þá skal útbýting árgjaldanna framvegis fara fram samkvæmt því, sem hèr segir að framan.

Þar sem að stjórnarráðið þar að auki hafði beðið um nákvæmari skýrslur um heimildina fyrir því, að af árgjöldunum af

brauðunum í Hóla stipti hinu forna hefir verið safnað í sèrstakan sjóð til styrks handa uppgjafaprestum í tèðu stipti, og um uppástungur yðar um, hvernig ætti að verja þessum sjóð eptirleiðis, hafið þèr getið þess, að ekki verði fundið, að fengið hafi verið æðra leyfi til að stofna sjóð þenna, sem um lok fyrra árs var 687 rd. 59 sk., en að yður virðist, að heimildin fyrir honum sè fólgin í kringumstæðunum, vegna þess að árgjöldunum af hvoru stiptinu um sig, sem áður voru, var ekki steypt saman, og að stundum bar við, að enginn fátækur uppgjafaprestur átti heima í Hóla stipti, sem að eins nær yfir 4 sýslur. Þèr hafið þar að auki skýrt frá, að sömuleiðis sè til sjóður, sem safnað hefir verið í, til styrks handa fátækum uppgjafaprestum í Skálholts stipti hinu forna, 269 rd. 19 sk. að upphæð, og að vöxtunum af honum sè útbýtt á ári hverju á sýnódus fundi. 1869. 31. maí.

Samkvæmt þeim skilningi á 7. grein í tilskipun 15. desembermán. 1865, sem framvegis á að fylgja fram, hlýtur stjórnarráðinu að virðast samkvæmast aðalreglunni, að báðum þessum sjóðum verði steypt saman í einn sjóð, og að vöxtunum af honum verði útbýtt á ári hverju á sýnódus fundi eptir sömu reglum og árgjöldunum af brauðunum, og ef sjóðirnir standa á vöxtum í jarðabókarsjóðnum, þá ætti, að stjórnarráðsins hyggju, heldur að kaupa fyrir þá ríkisskuldabrèf með 4 af 100 í leigur, því að það mundi auka árstekjurnar af þeim ekki alllítið. En, áður en lengra er farið útí þetta, eruð þèr beðnir, háæruverðugi herra, að veita bæði sýnódus í sumar og próföstunum í Hóla stipti hinu forna færi á að segja álit sitt um það, og senda síðan hingað öll álitsskjölin ásamt tillögum sjálfs yðar.

---

54. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um jarðaskipti á kirkjujörð og bændaeign. 31. maí.

Með brèfi dagsettu 5. aprílmán. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, sent hingað bænarskjal frá

1869. 31. maí. Kristjáni bónda Kröyer, leiguliða á Hvanná, eign Hofteigs brauðs í Norðurmúlasýslu; sækir hann þar um, að fá jörð þessa til eignar í jarðaskiptum fyrir jörðina Stóra-Bakka í Tungusveit í sömu sýslu og 1000 rd. milligjöf, og hafið þèr skotið þessu til úrskurðar stjórnarráðsins.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess að þèr kunngjörið það, að beiðandanum verður ekki veitt það, sem hann sækir um.

---

25. júní. **55. Almenn hegningarlög handa Íslandi.**

Vèr Kristján hinn Níundi o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til almennra hegningarlaga handa Íslandi, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

Fyrsti kapítuli.

Ákvarðanir til inngangs.

1. grein.

Eigi skal hegna neinum manni eptir lögum þessum, utan hann hafi orðið brotlegur í einhverju því, sem hegning er lögð við í lögunum, eða er öldungis samkynja einhverju því verki, sem þar er afbrot talið.

2. grein.

Lögin eiga við um öll þau afbrot, sem framin eru á Íslandi, án þess tillit sè haft til þess, hvar sá á heima, sem valdur er að verkinu.

3. grein.

Einnig skal refsað eptir lögum þessum fyrir afbrot, sem drýgð eru á skipum, er eiga heima á Íslandi, nema því að eins að skipið sè þar á sjó, sem hegningarlög einhvers annars lands ná til.

4. grein. 1869.

Ef að nokkur af þegnum konungs, sem á heima á Íslandi, 25. júní.
til þess að komast undan lagaforboði, sem þar gildir, fremur erlendis verk það, er bannað er og hegning við lögð í lögum, þá skal hann sæta hinni sömu refsing, eins og hefði hann unnið verkið á Íslandi.

5. grein.

Það er einnig brot á hegningarlögum Íslands, ef nokkur af þegnum konungs, sem þar á heima, verður brotlegur erlendis við hið danska ríki með landráðum eða drottinssvikum við konung, falsar danska peninga eða býr til eptirmynd þeirra, gjörir á hluta nokkurs dansks embættismanns, er skipaður er í öðru ríki, í nokkru því, sem snertir embætti hans, eða hann á nokkurn annan hátt misbrýtur gegn hollustu þeirri og hlýðni, er hann sem þegn er skyldur að sýna.

Sama er og, ef einhver sá, sem er embættismaður á Íslandi, drýgir embættisafbrot utan lands, og eins ef nokkur af þegnum konungs, sem á heima á Íslandi, annaðhvort með því að leysa sviksamlega af hendi starfa, sem honum er trúað fyrir, eða á nokkurn annan hátt, sem hegning er við lögð í þessum lögum, meðan hann er utan lands, rýfur nokkra þá skuldbinding, er hann hefir tekizt á hendur við mann, sem er á Íslandi.

6. grein.

Hafi annars nokkur af þegnum konungs, sem á heima á Íslandi, drýgt afbrot í öðru ríki, þá skal stiptamtmanninum yfir Íslandi heimilt að láta höfða mál á móti honum þar, og skal þá dæma sakamanninn eptir þessum lögum.

7. grein.

Sè höfðað mál á móti manni á Íslandi fyrir misgjörning, og sannist það, að honum hefir verið refsað fyrir hann í öðru ríki, eiga dómstólarnir að hafa tillit til refsingar þeirrar, sem á hann hefir verið lögð utan lands, og er þeim heimilt eptir málavöxtum að gjöra hegninguna vægari en lögákveðið er, eða jafnvel að láta alla hegning falla niður.

8. grein.

Hafi maður drýgt afbrot bæði á Íslandi og í konungsríkinu

1869. 25. júní.

Danmörk, og mál er höfðað á móti honum á Íslandi útaf öllum þeim afbrotum, sem hann þannig hefir framið, þá skal ákveða hegninguna fyrir þau í einu eptir íslenzkum lögum.

Sömuleiðis skal beita íslenzkum lögum, þegar maður, sem er á Íslandi, hefir drýgt afbrot í konungsríkinu, en verður ekki handtekinn fyrir það og sendur þangað sem verkið var unnið, og vegna þessa er höfðað mál á móti honum á Íslandi eptir beiðni yfirvalds þess í konungsríkinu, sem í hlut á, eða sá, sem misbrotið er við, sækir hann á varnarþingi hans á Íslandi, þegar svo er, að það eptir íslenzkum lögum er komið undir honum að hefja málssókn útaf afbrotinu.

9. grein.

Um sendiboða annara ríkja, útlend herskip og herflokka, og um embættisafbrot drýgð af útlendum embættismönnum, sem skipaðir eru á Íslandi, skal farið eptir hinum almennu reglum í þjóðarèttinum.

Annar kapítuli.

Um refsingarnar.

10. grein.

Hegningar þær, sem má dæma menn í eptir lögum þessum, eru: líflát, hegningarvinna, fangelsi, sektir og missir embættis, sýslunar eða kosningarrètts. Karlmenn á aldursskeiði fra 15 til 18 ára má dæma í hýðing með reyrpriki og börn í hýðing með vendi.

11. grein.

Taka skal menn af opinberlega með öxi, og skal síðan grafa lík hins aftekna í kyrrþey. Eigi að taka fleiri en einn af, á enginn þeirra að vera við staddur við aftöku hinna.

12. grein.

Hegningarvinna er tvenn, typtunarhúsvinna og betrunarhúsvinna.

Í typtunarhúsvinnu má dæma menn annaðhvort æfilangt eða tiltekinn áratíma ekki skemur en 2 ár og ekki lengur en 16 ár; í betrunarhúsvinnu má ekki dæma menn nema tiltekinn

tíma, ekki skemur en 8 mánuði og ekki lengur en 6 ár (smbr. þó 64. og 65. grein). 1869. 25. júní.

Sè hegningartíminn jafnlangur, ber að álíta, að báðar þessar hegningarvinnu tegundir samsvari hvor annari.

13. grein.

Sè svo, að færa eigi niður í tilteknu hlutfalli refsingu þá, er lögð er við einhverju afbroti, skal líflát talið jafnt 24 ára hegningarvinnu, og æfilöng hegningarvinna jöfn 18 ára hegningarvinnu.

14. grein.

Hegningarvinnu skal úttaka í hegningarhúsi, er til þess er ætlað, samkvæmt reglum þeim, sem um það eru settar.

Þeir, sem dæmdir eru í betrunarhúsvinnu, eiga að öllum jafnaði að úttaka refsinguna með því að vinna einir sèr í kompu og vera í henni dag og nótt, og skal þá hegningartíminn styttur þannig, að þegar maður er dæmdur í 8 mánaða vinnu, skal færa vinnutímann niður í 6 mánuði, og sè maður dæmdur í vinnu um lengri tíma, skal stytta 3 fyrstu árin um þriðjung og þann tímann, sem um fram er, um helming. Þó skal stjórn hegningarhússins heimilt með samþykki stiptamtmannsins að ákveða, að maður, sem er dæmdur í betrunarhúsvinnu, úttaki hegninguna að öllu eða nokkru leyti samkvæmt ákvörðunum þeim, sem settar eru um typtunarhúsvinnu, án þess að hegningartíminn sè styttur, þegar svo er, að það af einhverjum sèrlegum orsökum er álitið skaðlegt fyrir hann að úttaka refsinguna í kompu útaf fyrir sig, eða það að öðru leyti þykir óhentugt. Sè maður ekki látinn vinna einn sèr í kompu nema nokkurn hluta hegningartímans, sem á hann er dæmdur, skal að eins stytta hegningartímann að tiltölu við þann tíma, er hann hefir setið í kompu einn sèr 60 daga samfleytt eða lengur, og skal hvert tímabil, er þetta hefir átt sèr stað samfleytt, stytt útaf fyrir sig eptir reglu þeirri, sem hèr er að ofan. Ekki skal sá tími tekinn til greina til að stytta hegningartímann, er maður hefir settur verið í kompu einn sèr til refsingar reglusemis vegna fyrir eitthvað, sem hann hefir látið sèr yfirsjást í hegningarhúsinu.

1869. 25. júní.

15. grein.

Þegar svo er fyrir skipað í einhverri ákvörðun um hegningu, að dómstólarnir megi kjósa um typtunarhúsvinnu og betrunarhúsvinnu, á að beita hinni síðarnefndu hegningunni, er það þykir líklegt, þegar litið er á aldur sakamannsins, hegðun hans að undanförnu og eðli afbrots þess, er hann hefir drýgt, að einvera og fráskilnaður frá öðrum föngum muni hafa góð áhrif á hann, en aptur á móti á að dæma sakamenn þá, sem eldri eru og harðsvíraðri, í typtunarhúsvinnu, og sèr í lagi þá, sem áður hafa úttekið slíka hegningu, eða margra ára eða ítrekaða betrunarhúsvinnu.

16. grein.

Eigi maður að úttaka samfleytt fleiri en eina betrunarhúsvinnu hegningu, er hann hefir verið dæmdur í með fleiri en einum dómi, á að skoða þær sem eina heild þegar stytta skal hegningartímann fyrir þá sök, að hegningin er úttekin í kompu útaf fyrir sig. Jafnaðarlega má ekki láta neinn mann sitja einan sèr í kompu lengur en $3^1/_2$ ár, og á hann því að úttaka þann hluta alls hegningartímans, sem er um fram 6 ár, samkvæmt ákvörðunum þeim, sem settar eru um typtunarhúsvinnu, og án þess sá tíminn sè styttur. Fari sá, sem í hlut á, þess á leit, og sè það sannað með læknisskýrslu, að ekkert sè því til fyrirstöðu vegna heilsufars hans, má stjórn hegningarhússins samt leyfa með samþykki stiptamtmannsins, að hann úttaki líka þann hluta hegningarinnar, sem eptir er, í kompu einn sèr, og sè sá tíminn þá styttur um helming.

17. grein.

Hafi útlendur maður, sem ekki hefir verið að staðaldri í löndum Danakonungs 5 seinustu árin, orðið brotlegur til hegningarvinnu, á einnig að dæma hann til að verða fluttur af landi burt að hegningartímanum afloknum. Eptir atvikum og einkum eðli misgjörningsins má slíkt hið sama einnig eiga sèr stað, þegar útlendur maður er dæmdur til hegningar í fangelsi við vatn og brauð og honum hefir áður verið refsað á Íslandi eða annarstaðar fyrir misgjörninga.

Komi útlendir menn, sem reknir hafa verið úr löndum Danakonungs samkvæmt dómi, til Íslands í leyfisleysi, þá skal þeim refsað með fangelsi eða með betrunarhúsvinnu, allt að einu ári, og skal því næst reka þá aptur úr landi. 1869. 25. júní.

Þegar maður er rekinn úr landi, á að brýna fyrir honum, hverju það varði, ef hann komi aptur í leyfisleysi, og skal það bókað í dómsgjörðabókina.

18. grein.

Þessum fangelsis-hegningum má beita:

einföldu fangelsi,

fangelsi við venjulegt fangaviðurværi,

fangelsi við vatn og brauð,

ríkisfangelsi.

Allar fangelsis-hegningar skal úttaka í opinberu fangelsi samkvæmt því, sem fyrir er mælt um varðhald á mönnum.

19. grein.

Í einfalt fangelsi má ekki dæma mann skemmri tíma en 2 daga og ekki lengur en 2 ár (smbr. þó 64. gr.). Sá, sem dæmdur er í slíkt fangelsi, þarf ekki að láta sèr nægja venjulegt fangaviðurværi.

20. grein.

Í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi má ekki dæma skemmri tíma en 2 daga og ekki lengri en 6 mánuði. Sá, sem dæmdur er í slíkt fangelsi, má ekki fá aðra fæðu en þá, sem tiltekin er í ákvörðununum um varðhald.

21. grein.

Í fangelsi við vatn og brauð má ekki dæma skemur en 2 daga og ekki lengur en 30 daga. Sá, sem dæmdur er í slíkt fangelsi, má ekki neyta annars en vatns og brauðs og salts við brauðinu. Reykja tóbak má hann ekki.

22. grein.

Þá, sem eru yngri en 18 ára, má ekki dæma í fangelsi við vatn og brauð, en í stað þess á að refsa þeim, sem eru yngri en 15 ára, með einföldu fangelsi ekki lengur en 60 daga eða með vandar hýðingu, og þeim, sem eru 15 til 18 ára,

1869. 25. júní. annaðhvort með fangelsi við venjulegt fangaviðurværi helmingi lengur, eða með hýðingu með reyrpriki.

23. grein.

Sè maður dæmdur í fangelsi við vatn og brauð í 5 daga eða skemur, á hann að úttaka hegninguna án nokkurs millibils, en sè hegningartíminn 5 dagar, tvisvar sinnum eða optar, skal veitt 2 daga millibil eptir fimmta og tíunda daginn, 3 daga millibil eptir fimmtánda og tuttugasta daginn, og 4 daga millibil eptir tuttugasta og fimmta daginn. Sè hegningartíminn 6 dagar, skal vera 1 dags hlè á hegningunni, þegar 3 fyrstu dagarnir eru liðnir, en sè hann 7, 8 eða 12 dagar, skal sakamaðurinn úttaka 4 daga í einu, en hafa hlè fimmta daginn.

Þó má stytta millibil þessi, ef sakamaðurinn æskir þess, og læknirinn álítur, að heilsu hans sè ekki hætta búin af því, eða sleppa þeim alveg, þegar hegningartíminn er ekki lengri en 8 dagar. Þegar hegningartíminn er 5 dagar þrisvar eða optar, má hins vegar lengja millibilin allt að 4 dögum, ef hinn dómfelldi æskir þess, og læknirinn álítur, að ástæða sè til þess.

Þá dagana, sem hlè er á hegningunni, skal sakamaðurinn hafður í varðhaldi, nema því að eins að óhult sè um, að hann fari ekki burtu, því sè svo, skal hann látinn laus.

24. grein.

Þá, sem eru yfir sextugt, þegar þeir byrja að úttaka hegninguna, á í stað fangelsis við vatn og brauð að setja í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fjórum sinnum lengri tíma, en þeir hefðu átt að þola hina hegninguna. En ef þeir kjósa heldur að þola fangelsis-hegninguna við vatn og brauð, sem þeir eru dæmdir í, skal það leyft, ef læknirinn álítur, að heilsu þeirra sè engin hætta búin af því.

Einnig skal í öðrum tilfellum, er menn vegna heilsufars síns annaðhvort alls ekki þola að úttaka fangelsis-hegningu við vatn og brauð, eða ekki allan tímann, breyta hegningunni í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fjórum sinnum lengri tíma, og á það einnig við um ólèttar konur og konur, sem barn hafa á brjósti, þó skulu þær auk venjulegs viðurværis fá helming þess í viðbót bæði í brauði og peningum.

25. grein. 1869.

Eigi maður að úttaka fangelsi við vatn og brauð lengur en 25. júní.
30 daga í senn, af því fleiri en einn dómur hefir fallið á hann, skal hann settur í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi þann tímann, sem um fram er, eptir hlutfalli því, sem ákveðið er í 26. grein.

Eigi að setja mann, sem verið hefir í fangelsi við vatn og brauð, skömmu seinna í hið sama fangelsi eptir nýjum dómi, skal leita læknis álits um, hvort leggja megi á hann hegninguna þegar í stað eða ekki fyr en nokkur tími er liðinn. Segi læknirinn, að maðurinn þoli ekki að úttaka fangelsis-hegningu við vatn og brauð á ný, fyr en eptir lengri tíma, á að breyta hegningunni í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

26. grein.

Þegar fangelsis-hegning er nefnd í lögum þessum, án þess að nákvæmar sè tiltekið um hana, mega dómstólarnir kjósa um þær tegundir þessarar hegningar, sem um er rædt í 19.—25. grein. Ef að bætt er við ákvörðun um, hvert sè hið lægsta stig af einföldu fangelsi, sem beita megi, á samsvarandi takmörkun einnig við um hinar aðrar tegundir af fangelsis-hegningu.

Fjögra daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 6 daga einfalt fangelsi samsvarar eins dags fangelsi við vatn og brauð.

27. grein.

Þegar fangelsis-hegningu er beitt, merkir dagur sama sem sólarhring eða 24 stundir, og mánuður rímmánuð. Þess ber einnig að gæta, að maðurinn sè látinn laus um sama leyti dags og hann var settur inn.

28. grein.

Ríkisfangelsi er annaðhvort tiltekinn tíma, ekki skemur en 6 mánuði og ekki lengur en 10 ár, eða æfilangt. Þá hegningu skal úttaka í konungsríkinu samkvæmt ákvörðunum þeim, sem þar gilda, þangað til öðruvísi verður fyrir mælt.

[redacted]9. grein.

Ríkisfangelsi og einfalt fangelsi um jafnlangan tíma sam-

1869. 25. júní. svara hvort öðru. Eins mánaðar hegningarvinna er jöfn 5 daga fangelsi við vatn og brauð.

30. grein.

Líkamlegar refsingar eru tvenns konar: hýðing með reyrpriki og hýðing með vendi.

Til hýðingar með reyrpriki skal hafður spansreyr, er sé hálfur annar þumlungur ummáls og ekki lengri en hálf önnur alin, skal þeirri refsingu beitt við karlmenn, sem eru frá 15 til 18 ára að aldri, ef að álíta má, að þeir geti þolað þá refsingu, og læknis álits hefir verið leitað um það. Í dómnum skal ákveðið, hversu mörg höggin skuli vera, þó mega þau ekki vera færri en 10 og ekki fleiri en 25.

Drengir, sem eru 10 til 15 vetra, og stúlkur, sem eru 10 til 12 vetra, skulu hýdd með vendi að fóetanum ásjáandi, og skal sömuleiðis ákveðið í dómnum, hversu mörg höggin eigi að vera, en ekki mega þau vera færri en 10 og ekki fleiri en 25. Börn, sem einstök ónáttúra er í, má dæma í tvenn 25 vandarhögg, og skal þá jafna hýðingunni niður á 2 daga.

Við fangana í hegningarhúsinu skal beitt líkamlegum refsingum, þeim sem fyrir verður mælt um í lögunum um hegningarhúsið.

31. grein.

Dæma má í sektir frá 1 rd. allt að 1000 rd., og renna þær í hinn sama sjóð og landstekjurnar. Sé fleiri samsekir í einhverju því verki, er sektum varðar, skal hver þeirra um sig dæmdur í sektina.

Fari svo, að maður, sem sektaður hefir verið eptir lögum þessum, borgi ekki alla sektina í ákveðinn tíma, skal í stað sektarinnar koma einfalt fangelsi, er ákveðið hafi verið í sama dóminum, og skal um stærð þeirrar hegningar farið eptir stöðu hins seka og öðrum málavöxtum; þó má ekki ákveða lengra fangelsi en í 30 daga fyrir hverra 50 ríkisdala sekt. Fari sá, sem dæmdur hefir verið, þess á leit við fóeta, og heilsufar hans er því ekki til fyrirstöðu, skal breyta einfalda fangelsinu í fangelsi við vatn og brauð jafnlengi að tiltölu.

Hafi sektaður maður verið dæmdur jafnframt í einfalt

fangelsi skemur en 12 daga, má samt ekki setja skemmra fangelsi við vatn og brauð í stað þess en 2 sólarhringa. Hafi hann verið dæmdur í einfalt fangelsi lengur en 12 daga, og dagtölunni verði ekki fullskipt með 6, fellur afgangurinn burtu, ef hann er minni en 3 dagar, en skal álitinn jafn dags fangelsi við vatn og brauð, ef hann er 3 dagar eða meira. 1869. 25. júní.

32. grein.

Hinar almennu refsingar koma hver á eptir annari í þessari röð: líflát, hegningarvinna, fangelsi við vatn og brauð, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, einfalt fangelsi, sektir.

33. grein.

Þegar svo er fyrir mælt í lögunum, að hækka eigi eða lækka einhverja hegningu, en það verður ekki gjört innan þeirra takmarka, er þeirri refsingar-tegund eru sett, þá skal beita þeirri refsingu, sem er næst fyrir ofan í röðinni, er hækka á hegninguna, en þeirri, sem næst er fyrir neðan, er lækka skal (smbr. 64. gr.)

34. grein.

Hafi maður framið eitthvert afbrot, er sú hegning er við lögð, að missa embætti sitt eða sýslun, en hann er ekki lengur, þegar dómurinn er upp kveðinn, í embætti því eða sýslun, sem hann hefir orðið brotlegur í, þá skal honum refsað með fangelsi, ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi eða með betrunarhúsvinnu, eða, ef hann eptir það hefir komizt í annað embætti eða sýslun, þá með missi þess embættis eða sýslunar, eptir því sem ástatt er.

Eigi að færa niður hegningu þá að missa embætti sitt eða sýslun, sem tiltekin er í lögunum, skal einnig álíta refsingu þessa jafna fangelsis hegningu, er ekki sè vægari en 3 mánaða einfalt fangelsi, eða betrunarhúsvinna.

35. grein.

Hluti þá, sem orðið hafa til fyrir misgjörning, eða hafðir hafa verið eða ætlaðir til að drýgja afbrot með, má gjöra upptæka með dómi, ef það þykir nauðsynlegt í þarfir hins opinbera. Einnig má kveða á með dómi, að þeir munir skuli

1869. 25. júní. gjörðir upptækir, er fengizt hafa fyrir glæp, og enginn á löglegt tilkall til.

Þriðji kapítuli.

Um sakhæfi, neyðarvörn og neyðartilfelli.

36. grein.

Eigi er hegning lögð við verkum, er börn vinna, sem ekki eru orðin 10 ára gömul. Samt getur hið opinbera gjört ráðstafanir til betrunar slíkum börnum eða til þess að engin háskavon sè af þeim, ef þess þykir þörf.

37. grein.

Hafi einhver sá, sem orðinn er fullra 10 ára, en ekki er enn orðinn 15 ára gamall, drýgt afbrot, skal honum refsað því að eins, að ætla megi eptir eðli glæpsins, til að mynda þegar það er dráp, töluverð spjöll á líkama eða heilsu, þjófnaður, rán eða brenna, eða eptir þeim skilningsþroska og því uppeldi, sem sá, er hlut á að máli, hefir fengið, að hann hafi vitað, að verk hans var hegningarvert, og hann í annan stað hefði orðið fyrir þyngri refsingu en sektum eða einföldu fangelsi, ef hann hefði verið orðinn fullra 18 ára. Hegningin fyrir börn á þessum aldri má ekki vera þyngri en 2 ára betrunarhúsvinna. Sè annars svo ástatt, að líkindi sè til að það mætti bæta barnið og koma því á réttan veg með öðrum ráðstöfunum, þá skal stiptamtmanninum vera heimilt að ákveða, að málssókn skuli niður falla, ef að lægsta stig hegningarinnar fyrir hinn sama glæp væri ekki nema betrunarhúsvinna, ef fullorðinn maður hefði drýgt hann.

38. grein.

Drýgi maður, sem er 15 til 18 ára að aldri, afbrot, þá skal færa niður hegningu þá, sem lögákveðin er, og það allt að helmingi eptir málavöxtum. Þó má með engu móti leggja þyngri refsingu en 8 ára hegningarvinnu á menn á þessum aldri.

39. grein.

Þau verk eru vítalaus, sem vitstola menn vinna, eða þeir menn, er skilningur þeirra er svo lítt þroskaður eða svo sljófg-

aður eða ruglaður, að ekki verður álitið, að þeir hafi verið sèr þess meðvitandi, að verkið var hegningarvert, eða þeir menn, sem voru rænulausir, þá er þeir unnu verkið. 1869. 25. júní.

Sè höfðað mál útaf slíku, má ákveða í dóminum, að gjöra megi þær ráðstafanir, að enginn háski verði að manninum, þó má valdstjórnin nema þær af aptur, ef þær þykja ekki lengur nauðsynlegar, og læknis álits hefir verið leitað um það.

40. grein.

Vægari refsing en þeirri, sem lögákveðin er, skal beita við bjána eða aðra þá menn, sem, þó ekki vanti þá alla sjálfsmeðvitund, vegna einhvers sèrlags ástands eða ásigkomulags, sem hefir áhrif á sjálfræði þeirra, ekki verður álitið um, að þeir hafi verið svo fullkomlega með sjálfum sèr, þegar þeir unnu verkið, að þeim verði gefið það að sök á sama hátt og fullorðnum mönnum og heilum á sálu.

41. grein.

Það er vítalaust verk, er menn gjöra af neyðarvörn, þegar og að svo miklu leyti sem það hefir verið nauðsynlegt til þess að standa á móti eða afstýra ólögmætri árás, sem byrjuð er eða vofir yfir, á mann sjálfan eða á annan mann, á æru eða góss, þó skal ekki leyfilegt nema til varnar lífi, heilbrigði eða velferð að beita þeim varnarmeðölum, er þeim, sem á ræðst, er bersýnilegur lífsháski búinn af.

Hafi maður farið út yfir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar, verður að meta, hvort honum eptir atvikum verði gefin sök á því, eða hann verði ekki sakfelldur fyrir það vegna þess að hann hafi orðið svo skelfdur og forviða, að hann hafi ekki fullkomlega getað gáð sín. Verði honum gefin sök á því, skal þó ekki hinni almennu lögboðnu hegningu fortakslaust beitt fyrir skaða þann, er hann gjörði þeim, sem á rèðist, heldur má dæma hann í vægari hegningu, er miðuð sè við það, hversu langt hann hefir farið út yfir það, sem leyfilegt var.

42. grein.

Taki maður eða spilli eign annars manns til þess að frelsa sjálfan sig eða aðra úr hættu, sem vofir yfir lífi eða heilbrigði,

1869. 25. júní.

skal það verk vítalaust, ef svo er, að hann ekki hafði annað úrræði til bjargar.

43. grein.

Eigi leysir það mann undan hegningu, þó hann ekki þekki hegningarlögin, eða hann hafi ranglega haldið, að verk, sem fyrirboðið er í lögum, sé leyfilegt eða jafnvel boðið í samvizkunnar eða trúarinnar lögmáli, eða hins vegar að það, sem boðið er í lögum, sé óleyfilegt af sömu ástæðu, né heldur það, hvað honum hafi til gengið og hvað hann hafi ætlað sér með verkinu.

44. grein.

Fyrir gáleysis-verk skal ekki refsað nema því að eins, að skýlaus heimild sé til þess í hegningarlögunum.

Fjórði kapítuli.

Tilraunir til að drýgja misgjörninga.

45. grein.

Ekki ber að álíta neitt afbrot fullkomnað fyr en allt það er framkvæmt, sem til þess afbrots heyrir að lögum, þó maður sá, er verkið vann, hafi gjört allt það, sem hann ætlaði sér að gjöra til þess að koma fram þeim ásetningi sínum að drýgja afbrotið.

46. grein.

Hafist maður að nokkurt það verk, er miðar til að vinna að því eða koma því til leiðar, að afbrot verði fullkomnað, skal honum, þegar afbrotið ekki er fullkomnað, refsað fyrir tilraun til afbrotsins.

Refsingin fellur samt niður, ef hann af sjálfsdáðum en ekki vegna tálmana eða einhverrar annarar tilviljunar lætur af ásetningi sínum að drýgja afbrotið, og hann þar að auki, sé hann búinn að hafast að nokkur þau verk, sem gætu komið til leiðar, að afbrotið fullkomnist, hefir aptrað því, eða, hafi hann haldið, að hann hafi hafzt slík verk að, þá hefir gjört þær ráðstafanir, sem hann áleit til þess fallnar að aptra, að glæpurinn fullkomnist.

Sé verk þau, sem framin hafa verið, í sjálfu sér afbrot, skal beita þeirri hegning, er við þeim liggur.

47. grein. 1869.

Þegar ekki er öðruvísi fyrir mælt um einstök afbrot, skal 25. júní.
refsað fyrir tilraun til afbrots með vægari refsingu að tiltölu, en sakamaðurinn hefði tilunnið ef afbrotið hefði verið fullkomnað. Þá er refsingin er ákveðin, skal sèr í lagi hafa tillit til, hvort tilraunin á lengra eða skemmra í land til þess að afbrotinu yrði að öllu framgengt, en þó má refsingin aldrei fara fram yfir þrjá fjórðu parta af refsingu þeirri, sem í lögum er lögð við afbrotinu.

Fimmti kapituli.

Um hlutdeild í misgjörningum.

48. grein.

Hafi tveir menn eða fleiri hjálpast til að framkvæma afbrot, skal hverjum þeirra um sig refsað, sem hann sè verksins valdur. En hafi nokkur hluttakari einasta veitt forgöngumanninum liðsinni, er minna er í varið, þá er hann framkvæmdi afbrot sitt, skal beita vægari hegningu að tiltölu, og sè hún ekki minni en helmingur hinnar vægustu og ekki meiri en þrír fjórðu partar hinnar þyngstu hegningar, sem lögð er við afbrotinu í lögum.

49. grein.

Álíka vægari hegning á við um hvern þann, sem með ráðum eða í verki hefir veitt þeim, sem valdur er að afbrotinu, liðsinni til þess, áður en það er framkvæmt. Þó má færa niður hegningu slíks aðstoðarmanns allt að þriðjungi af lægsta stigi hegningar þeirrar, sem í lögum er lögð við glæp þeim, er aðstoðarmaðurinn hafði í hyggju.

50. grein.

Sè afbrotið ekki fullkomnað, eiga reglur þær, sem settar eru í 48. og 49. grein, við á þann hátt, að hegningin skal ákveðin að tiltölu við hegningu þá, sem verðskulduð er fyrir tilraun til afbrotsins.

51. grein.

Sè maður búinn að veita liðsinni til afbrots, en afstýri framkvæmdinni af sjálfsdáðum með því að koma forgöngumann-

1869. 25. júní.

inum til að láta af glæpnum eða á annan hátt, er hann vítalaus. Hafi hann árangurslaust leitazt við að afstýra glæpnum, má færa hegninguna niður fyrir takmark það, sem sett er í 49. grein.

52. grein.

Hafi maður, án þess hann hafi unnið til þyngri refsingar eptir næstu grein, reynt með loforðum, upphvatningum eða öðrum fortölum að koma því til leiðar, að afbrot verði framkvæmt, til að mynda með því að styrkja áform annars manns, sem áður er til orðið, eða telja hann af að hætta við það, þá skal hegning hans ákveðin eptir því sem fyrir er mælt í 49.—51. grein.

53. grein.

Hafi maður með loforðum, hótunum eða öðrum fortölum unnið annan mann til að drýgja afbrot, og það verður fullkomnað, skal hann sæta sömu refsingu, eins og væri hann sjálfur valdur að glæpnum. Verði glæpurinn ekki fullkomnaður, skal honum refsað, eins og hefði hann gjört sig sekan í tilraun til glæpsins. Vægari hegning að tiltölu á við, þegar hvatamanninum ekki tekst að koma hinum til að ráða af að drýgja afbrotið.

54. grein.

Ef sá, sem unnið hefir annan mann til að drýgja afbrot, fær hann til að hætta við það, er hann vítalaus. Sama er og, ef hvatamanninum að vísu ekki hefir tekizt að fá hinn til að hætta við framkvæmdina, en hann samt hefir afstýrt afbrotinu á annan hátt. Hafi hann ekki afstýrt því, skal honum refsað eins og fyrir er mælt í 49. grein; þó má færa hegninguna niður, ef hann hefir leitazt við að afstýra glæpnum.

Þeim manni, sem lofað hefir öðrum að framkvæma afbrot, en er ekki enn búinn að gjöra neitt það, er að því lýtur, skal refsað eptir ákvörðununum í 50. grein smbr. 49 grein. Taki hann loforð sitt aptur, áður en hann hefir hafzt nokkuð að því til framkvæmdar, er hann vítalaus ef hann afstýrir glæpnum; að öðrum kosti má færa hegningunna niður, eða jafnvel láta hana falla alveg burt þegar svo stendur á.

55. grein. 1869.

Hafi tveir menn eða fleiri orðið ásáttir um að hjálpast að að drýgja afbrot (samtök), skal þeim öllum refsað eins og væru þeir hver fyrir sig valdir að glæpnum, ef hann er fullkomnaður, eða byrjað hefir verið á honum, og það þó að þeir ekki hafi hjálpað til hans með öðru en því að taka þátt í áforminu. Sé ekki byrjað að framkvæma glæpinn, skal refsað fyrir hlutdeild í áforminu eins og fyrir tilraun til glæpsins. 25. júní.

Hafi allir hluttakendur af sjálfsdáðum slitið samtökunum, áður en nokkurt afbrot er drýgt, eru þeir vítalausir. Gangi einhver einstakur hluttakandi úr, er hann sömuleiðis vítalaus, ef hann afstýrir afbrotinu; að öðrum kosti skal refsa honum eptir ákvörðuninni í 49. grein, þó má færa hegninguna niður, ef hann hefir leitazt við að aptra glæpnum.

56. grein.

Sá maður, sem, eptir að búið er að fullu að framkvæma afbrot, verður samsekur í því, án þess að hafa lofað neinu um það fyrir fram skýlaust eða þegjandi, með einhverri þeirri athöfn, er miðar til þess að hjálpa þeim, sem drýgt hefir afbrotið, til þess að geta haldið ábata þeim, er hann hefir aflað á ólöglegan hátt, eða verða sjálfur hluttakandi í ábatanum, eða til þess að halda fram á annan hátt hinu ólöglega ástandi, sem glæpurinn er ollandi, skal sæta refsingu, er ekki fari út yfir helminginn af hinni þyngstu, og ekki sé minni en fjórði parturinn af hinni vægustu hegningu, sem lögð er við glæpnum í lögum.

57. grein.

Hafi gipt kona, sem er saman við mann sinn, af hlýðni við hann látið leiðast til þess að taka þátt í afbroti með honum, má færa hina venjulegu hegningu niður, sem í lögum er lögð við þeirri hlutdeild, og ef að líklegt er, að hún, hefði hún neitað beiðni hans, hefði orðið fyrir illri meðferð af honum, eða neyðzt til að fara frá honum, má jafnvel eptir málavöxtum hlífa henni alveg við refsingu.

Slíkt hið sama er og um aðra, sem eru háðir þeim, sem þeir eru hjá og fá hjá viðurværi sitt án þess endurgjald komi fyrir, og vegna þessa hafa látið tæla sig til að taka þátt í glæp

1869. 25. júní.

með þeim, og sömuleiðis um börn, sem eru yngri en 15 ára, og hafa látið þá, sem eldri eru og ætla má að hafi eitthvert sérlegt vald yfir þeim vegna stöðu þeirrar, er þeir standa í við þau, koma sér til að veita þeim liðsinni til misgjörnings. — Ekki skulu börn, sem eru yngri en 15 ára, sæta refsingu fyrir hlutdeild þá í afbrotum, sem um er rædt í 56. grein.

Sjötti kapítuli.

Um það, hvernig eigi að tiltaka hegninguna og færa hana niður, þegar svo stendur á, og um ítrekun misgjörnings.

58. grein.

Þá er hegningin er tiltekin innan takmarka þeirra, sem sett eru í lögum þessum, á einkanlega að taka til greina bæði hversu mikil hætta er búin af verkinu, sér í lagi með tilliti til þess, hvenær, hvar og hvernig það er framkvæmt, hversu mikilvægt það er, sem afbrotið hefir beinzt að, og hversu yfirgripsmiklu og stóru tjóni það hefir valdið, og eins hitt, hversu styrkur og einbeittur vilji glæpamannsins hefir verið, hvað honum hefir gengið til verksins, uppeldi hans, aldur og hegðun að undanförnu, hver vandi honum er á hendi við þann, sem hann hefir misgjört við, og hvernig hann hefir farið að ráði sínu eptir að hann hafði unnið verkið.

59. grein.

Hafi sakamaðurinn verið hafður langan tíma í varðhaldi, og það er ekki því að kenna, hvernig hann hefir hagað sér meðan á málinu stóð, skal það tekið til greina honum til málsbóta, þá er hegningin er ákveðin. Reynist það, að hann hafi ekki unnið til þyngri refsingar en einfalds fangelsis eða fangelsis við venjulegt fangaviðurværi um stuttan tíma, mega dómstólarnir jafnvel kveða svo á, að varðhald það, sem hann hefir setið í, skuli koma í stað hegningar.

60. grein.

Þegar sekta upphæð er tiltekin, á sér í lagi að taka til greina efnahag sakamannsins.

61. grein. 1869.

Hafi sakamaðurinn, eptir að afbrotið er drýgt, gjört sèr mikið far um að afstýra því, að það hafi skaðlegar afleiðingar eða að minnsta kosti að minnka þær svo sem verður, skal dómstólunum heimilt, þegar annað fleira er honum til málsbóta, að færa hegninguna niður fyrir lægsta stigið, sem lög ákveða, en þó ekki niður fyrir helming þess. Slíkt hið sama er og, ef maður af sjálfsdáðum gefur sig fram sem sekan eða samsekan í glæp nokkrum, og segir frá öllu eins og það er. 25. júní.

62. grein.

Þegar lögin leggja þyngri hegningu við ítrekun glæps en þá almennu, sem ákveðin er, má þó ekki dæma glæpamanninn í hina þyngri hegningu nema því að eins, að hann hafi verið dæmdur í hinu danska ríki fyrir hinn fyrra glæpinn áður en hann varð brotlegur í annað sinn, og hann þar að auki hafi verið fullra 18 ára, þegar hann drýgði hinn fyrra glæpinn.

Þegar liðin eru 10 ár, frá því að hann hefir úttekið hina fyrri hegninguna, og þangað til að hann drýgir hið nýja afbrot, skal farið eptir hinum almennu reglum í 58. grein um það, hvernig tiltaka skuli hegninguna, í stað ákvarðananna um ítrekun.

Sjöundi kapítuli.

Um það, er afbrotum lendir saman og um einstök tilfelli, er breyta má hegningunni.

63. grein.

Verði maður, meðan á sama málinu stendur, uppvís að því að hafa drýgt fleiri afbrot en eitt, skal ákveða hegninguna fyrir þau í einu lagi, og svo, að þau sè öll tekin til greina, þá er tiltekin er stærð refsingarinnar; en liggi líflát eða hegningarvinna æfilangt við hinu mesta afbrotinu, sem hann hefir drýgt, er ekki um frekari hegningu að ræða fyrir hin afbrotin.

Eigi sama hegningar-ákvörðun við um öll afbrotin, má ekki fara út fyrir hæsta stig hennar; eigi þau undir fleiri hegningar-ákvarðanir, skal refsingin sömuleiðis að öllum jafnaði vera innan takmarkanna í þeirri ákvörðuninni, sem setur þyngsta hegningu, en þó má þyngja hana svo eptir málavöxtum, að

1869. 25. júní. bætt sè við hana allt að helmingi hennar, ef fleiri en eins konar afbrot hafa drýgð verið og athöfnin er ekki hin sama.

Þó skal dómstólunum heimilt, þegar á að dæma sakamann undir eins bæði fyrir stóran glæp og annan, sem að tiltölu er lítilræði eitt, að bregða útaf þessari reglu og beita jafnvel hinu lægsta stigi þeirrar hegningar, sem lögð er við hinum stóra glæpnum, ef að álíta má, að það eptir málavöxtum sè ærið alls.

64. grein.

Þegar hin lögákveðna hegning við glæpnum ekki yrði þyngd samkvæmt næstu grein á undan, nema farið væri út fyrir takmörk þau, sem sett eru hverri hegningar-tegund um sig, skal breyta allri hegningunni í þá hegningar-tegund, sem næst er og þyngri, eptir hlutfalli því, sem kveðið er á um í 2. kapítula.

Takmörk þau, sem typtunarhúsvinnu um tiltekinn áratíma eru sett í 12. grein í 2. kapítula skulu þó ekki vera því til fyrirstöðu, að maður, þegar svona stendur á, sè dæmdur í typtunarhúsvinnu allt að 24 árum; slíkt hið sama er um einfalt fangelsi, og má lengja það allt að 3 árum.

65. grein.

Verði maður, sem búið er að dæma fyrir eitt afbrot eður fleiri, uppvís að að hafa drýgt aðra glæpi, áður en hann var dæmdur, á að höfða nýtt mál og dæma hann í hegningarauka, er samsvari þeirri þyngingu hegningarinnar, sem afbrotin, er seinna komust upp, hefðu verðskuldað, ef þau hefðu verið tekin með í hinu fyrra málinu. Hafi refsing sú, sem sakamaðurinn áður var dæmdur í, verið hegningarvinna, og hann er ekki búinn að úttaka hana, þegar dómur er upp kveðinn í hinu nýja málinu, má dæma hann í hegningarvinnu í viðbót skemmri tíma, en skemmstur er ákveðinn annars í 12. gr. í 2. kap. um hvora tegund hegningarvinnu um sig.

66. grein.

Um afbrot, sem fangar drýgja í hegningarhúsinu, á að fara eptir lögunum um hegningarhúsið; sömuleiðis eiga hegningarákvarðanirnar í þeim lögum við, er maður, sem dæmdur er í typtunarhúsvinnu æfilangt, og honum er ekki hegningin upp gefin, drýgir afbrot að nýju utan hegningarhúss, og ekki liggur líflát við.

Áttundi kapítuli.

1869. 25. júní.

Um fyrningu sakar.

67. grein.

Ef sakamál er höfðað, og það sannast, að liðin eru 2 ár frá því að afbrotið var framið og þangað til að mál var höfðað útaf því við dómstólana, eða að mál að vísu hefir verið höfðað en það hefir ónýtt verið og ekki tekið upp að nýju áður en tèður frestur var liðinn, skal falla niður refsing sú, sem til er unnið, ef hún ekki hefði orðið þyngri en sektir, einfalt fangelsi eða hýðing með vendi.

Af þessu leiðir, að ekki skal höfða mál á móti manni til refsingar, þegar liðin eru 2 ár frá því að hann varð brotlegur, og afbrotið á undir hegningarákvörðun, þar sem ekki er sett þyngri hegning en sektir, einfalt fangelsi eða hýðing með vendi.

Þó eiga ákvarðanirnar í þessari grein ekki við um afbrot þau, sem rædt er um í 13. kapítula.

68. grein.

Hegningin fyrir afbrot, sem ekki ber að höfða mál útaf af hálfu hins opinbera, eða hið opinbera því að eins á að fylgja málinu fram, að sá æski þess, sem misgjört er við, fellur ekki að eins niður samkvæmt hinni almennu reglu, sem sett er í 67. grein, heldur einnig þegar sá, sem misgjört er við, lætur líða 1 ár frá því að hann komst að, hver gjört hefir á hluta hans, án þess að höfða mál útaf afbrotinu eða krefjast, að það sè höfðað. Hafi sá, sem misgjört er við, að vísu hafið málssóknina í tækan tíma, en málið hefir ónýtt verið eða hann hefir hætt við það, getur hann ekki höfðað mál að nýju, þegar 3 mánuðir eru liðnir frá því að fyrra málið var ónýtt eða hætt var við það, ef að tèður 1 árs frestur þá er á enda.

69. grein.

Um afbrot, sem börn hafa framið yngri en 15 ára, skal ekki hefja málssókn, ef að það ekki hefir gjört verið, áður en sá, sem í hlut á, er orðinn 18 ára, og það þó hegningin yrði þyngri en kveðið er á í 67. grein. Sè höfðað mál á móti manni, sem er orðinn 18 ára, og það sannast, að hann hefir

1869. 25. júní. framið afbrot það, sem um er að ræða, áður en hann varð fullra 15 ára, fellur hegningin niður.

70. grein.

Sé ekki höfðað mál útaf afbrotum, sem ungir menn á aldursskeiði frá 15 til 18 ára hafa framið, fyr en sá, sem í hlut á, er orðinn 25 ára, fellur niður hegning sú, sem hann hefir unnið til, ef að sú verður niðurstaðan, að, ef átt hefði að kveða dóminn upp, áður en hann var orðinn fullra 18 ára, hefði hegningin ekki orðið meiri en hýðing með reyrpriki eða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Eigi verkið undir hegningar-ákvörðun, sem ekki hefði heimilað þyngri hegningu en hýðingu með reyrpriki eða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, ef að hefði átt að kveða dóminn upp, áður en sá var orðinn fullra 18 ára, sem í hlut á, skal ekki höfða mál til refsunar, ef að málssóknin ekki hefir verið byrjuð, áður en hann var orðinn fullra 25 ára.

71. grein.

Sök fyrnist ekki í öðrum tilfellum en þeim, sem um er rædt í 67.—70. grein. Þó skal stiptamtmanninum yfir Íslandi heimilt að láta sleppa að höfða mál útaf afbroti, þegar liðin eru 10 ár frá því að það var drýgt. Hafi verið haldið rannsóknarpróf, þegar svo er ástatt, sem nú var sagt, á vegna þessa að senda stiptamtmanninum það, og sker hann úr, hvort hefja skuli málssókn; en komist ekki upp, fyr en búið er að höfða mál á móti grunuðum manni, að 10 ár voru liðin frá því að afbrotið var drýgt áður en honum var birt stefnan, á dómstóllinn að skýra stiptamtmanninum frá málinu, og ákveður hann, hvort að eigi að dæma málið. Sé liðin 10 ár frá því að hegningardómur var upp kveðinn, má ekki framkvæma hann nema að boði stiptamtmannsins.

Níundi kapituli.

Um landráð.

72. grein.

Vekji maður uppreisn eða gjöri samsæri við önnur ríki í þeim tilgangi að koma hinu danska ríki eða nokkrum hluta þess

undir yfirráð annara, eða brjóta nokkurn hluta þess undan Danmerkur krónu, hefir hann fyrirgjört lífi sínu. 1869. 25. júní.

Hver sem tekur þátt í þvílíkri uppreisn, skal sæta hegningarvinnu ekki skemur en 3 ár.

73. grein.

Gjöri maður í öðrum tilgangi en um ræðt í 72. grein samtök við stjórn í öðru ríki til þess að stofna til fjandsamlegra tiltækja eða ófriðar við hið danska ríki, þá varðar það lífláti eða typtunarhúsvinnu æfilangt, ef byrjað er á fjandsamlegum tiltækjum eða ófriður hefir hafizt, en að öðrum kosti hegningarvinnu ekki skemur en 4 ár.

En gjöri maður hinu danska ríki til miska eða tjóns, samtök við stjórn í öðru landi til þess að koma henni til að hlutast um málefni ríkisins eða fara fram á kröfur við það, þá varðar það hegningarvinnu eða, þegar málsbætur eru, ríkisfangelsi allt að 10 árum.

74. grein.

Hver sá, sem opinberlega í ræðu eða riti mælir fram með því, eða á annan hátt en um er rædt í 72. og 73. grein stuðlar til þess, að önnur ríki byrji á fjandsamlegum tiltækjum við hið danska ríki eða hlutist heimildarlaust um málefni þess, skal sæta hegningarvinnu eða ríkisfangelsi allt að 6 árum eða, þegar miklar málsbætur eru, öðru fangelsi, en þó ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi, og því að eins að hann ekki hafi unnið til þyngri refsingar eptir reglum þeim, sem settar eru í 4. og 5. kapítula.

75. grein.

Hver sá, sem, þegar ófriður er í landi, svíkur kastala eða aðra varnarstaði, herskip eða herlið, opinbera sjóði, hertýgjabúr, forðabúr eða forða af vopnum eða öðru, sem til hernaðar þarf, í hendur fjandmannanna, eða skýrir þeim frá fyrirætlunum hershöfðingjanna, ásigkomulagi eða ástandi kastala eða annara varnarstaða, eða segir þeim frá orðtaki eða bendingum í hernaði, og sömuleiðis hver sá, sem tælir hermennina til uppreisnar eða til þess að slást í lið við fjandmennina eða til þess að yfirgefa stöðu, sem þeim er trúað fyrir, safnar liði handa fjand-

1869. 25. júní.

mönnunum eða ber þeim njósnir — skal sæta líflåti eða typtunarhúsvinnu æfilangt eða, þegar málsbætur eru, ákveðinn áratíma, þó ekki skemur en 10 ár.

Veiti nokkur maður, þegar ófriður er, fjandmönnunum liðsinni á annan hátt í orði eða verki, þá varðar það hegningarvinnu ekki skemur en 3 ár.

76. grein.

Beri nokkur danskur þegn, þegar ríkið á í ófriði, vopn á móti því eða bandamönnum þess, þá varðar það líflåti, ef mjög miklar sakir eru, en annars hegningarvinnu eða, þegar málsbætur eru, ríkisfangelsi ekki skemur en 3 ár.

77. grein.

Ráði maður í óleyfi konungs menn til útlendrar herþjónustu, en án þess að 75. grein geti átt við um það, þá varðar það hegningarvinnu allt að 6 árum, ef ríkið á í ófriði, en annars fangelsi, ekki vægara en 2 mánaða einföldu fangelsi eða betrunarhúsvinnu allt að 2 árum.

Hver sá af þegnum konungs, sem í óleyfi hans lætur ráða sig í útlenda herþjónustu þegar ríkið á í ófriði, en þó ekki hjá fjandmönnum þess, skal sæta fangelsi eða eptir málavöxtum betrunarhúsvinnu allt að 1 ári.

Undir eins og nokkur maður er ráðinn í útlenda herþjónustu, eiga hegningarákvarðanirnar í þessari grein við.

78. grein.

Hver sá, sem tælir nokkurn liðsmann í herliðinu eða skipaliðinu til þess að strjúka eða hjálpar honum til þess, en án þess að 75. grein eigi við um það, sæti hegningarvinnu allt að 8 árum, ef ríkið á í ófriði, og annars fangelsi, ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi, eða betrunarhúsvinnu allt að 3 árum.

79. grein

Verði nokkur maður, sem skyldur er til landvarnar, uppvís að að hafa lemstrað sjálfan sig eða gjört sig á annan hátt óhæfan til herþjónustu, þá varðar það fangelsi, eða, ef miklar sakir eru, einkum ef ríkið á í ófriði eða á von ófriðar, betrunarhúsvinnu allt að 1 ári.

80. grein. 1869.

Sè manni á hendur falið í erindagjörðum ríkisins að semja 25. júní.
eða gjöra út um eitthvað við annað ríki, og hann breytir af ásettu ráði á móti hag ríkisins í erindagjörðum þessum, þá varðar það hegningarvinnu 3 ár til 16 ára.

81. grein.

Ef að nokkur sá, sem vegna embættisstöðu sinnar hefir færi á að þekkja leynilega samninga ríkisins, ráðagerðir eða ályktanir um málefni, sem heill þess eða rèttindi gagnvert öðrum ríkjum eru undir komin, segir frá þeim, eða kunngjörir eða lætur uppi við óviðkomandi menn skjöl, sem hann hefði átt að leyna eða geyma, þá varðar það hegningarvinnu eða, þegar málsbætur eru, ríkisfangelsi, þó ekki skemur en 3 ár.

Fái nokkur annar maður vitneskju um þess konar samninga, ráðagerðir eða ályktanir, og segi frá þeim, eða komist hann yfir þess konar skjöl og birti þau, þó að hann ekki geti verið þess óvitandi, að þetta átti leynt að fara, þá varðar það ríkisfangelsi, eða, þegar miklar sakir eru, hegningarvinnu allt að 8 árum.

82. grein.

Hver sá, sem falsar, ónýtir eða á annan hátt spillir skilríkjum eða öðrum skjölum, sem heill ríkisins eða rèttindi gagnvert öðrum ríkjum eru undir komin, skal skal sæta hegningarvinnu 3 ár til 16 ára, ef hann vegna embættisstöðu sinnar hafði færi á að komast að þeim, en hafi hann komizt yfir þau á annan hátt, varðar það ríkisfangelsi eða þegar miklar sakir eru hegningarvinnu allt að 8 árum.

83. grein.

Vinni maður nokkurt það verk, sem miðar til þess að ráða útlendum landshöfðingja, sem er í vinfengi við konung, bana, þá varðar það líflàti eða hegningarvinnu æfilangt eða, þegar málsbætur eru, tiltekinn áratíma, þó ekki skemur en 3 ár.

Ráðist nokkur maður annars á slíkan útlendan landshöfðingja, varðar það hegningarvinnu eða ríkisfangelsi eitt ár eða fleiri eptir því hvernig glæpurinn er vaxinn.

Hver, sem hótar útlendum landshöfðingja, sem er í vinfengi við konung, að ráðast á hann, veður uppá hann með illyrðum eða

1869. 25. júní. ávarpar hann á annan hátt, sem honum er misgjörð í, skal sæta betrunarhúsvinnu, ríkisfangelsi eða öðru fangelsi, þó ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi.

En meiði maður útlendar þjóðir, sem eru í vináttu við konung, með orðum, bendingum eða myndauppdráttum, einkum á þann hátt að lasta og smána þá, sem ríkjum ráða, í prentuðum ritum eða drótta að þeim ranglátum og skammarlegum athöfnum án þess að tilgreina heimildarmann sinn, þá varðar það fangelsi eða, þegar málsbætur eru, 20 til 200 ríkisdala sektum.

84. grein.

Ráðist maður á sendiherra annars ríkis við hirð konungs, þá varðar það betrunarhúsvinnu eða ríkisfangelsi allt að 2 árum eða öðru fangelsi, ef ekki hinar almennu ákvarðanir í lögum þessum heimila þyngri refsingu.

Hóti maður slíkum sendiherra árás, vaði uppá hann með illyrðum eða ávarpi hann á annan hátt, er honum er misgjörð í, þá varðar það fangelsi.

Meiði nokkur annars sendiherra með orðum, bendingum eða myndauppdráttum, þá varðar það einföldu fangelsi eða, þegar málsbætur eru, 20 til 200 ríkisdala sektum.

85. grein.

Útaf afbrotum þeim, sem um er rædt í 83. og 84 grein, nema þeim sem talað er um í 1. og 2. kafla 83. greinar, skal ekki höfðuð málssókn af hálfu hins opinbera, nema stjórn sú eða sendiherra, sem í hlut á, krefjist þess, og sè svo, þá að bóði dómsmálastjórnarinnar.

Tíundi kapítuli.

Afbrot gegn stjórnarskipuninni.

86. grein.

Hafist maður nokkuð það að, sem miðar til þess að svipta konunginn lífi, frelsi eða konungdómi, þá hefir hann fyrirgjört lífi sínu.

Vekji maður uppreisn í þeim tilgangi að breyta stjórnarskipuninni eða ríkiserfðunum, eða komi til leiðar á annan hátt

eða stýri ofbeldisverkum, er miða til að koma fram slíkri breyt- 1869.
ingu, þá varðar það lífláti eða typtunarhúsvinnu æfilangt. 25. júní.

Hver, sem tekur þátt í þess konar uppreisn eða ofbeldi, sæti hegningarvinnu ekki skemur en 3 ár.

87. grein.

Leitist maður við á annan ólöglegan hátt að koma til leiðar breytingu á stjórnarskipuninni eða ríkiserfðunum, þá varðar það hegningarvinnu, eða ríkisfangelsi ef málsbætur eru.

88. grein.

Sömu refsingu, en samt ekki lengur en í 8 ár, skal sá maður sæta, er með ofbeldi, hótunum um ofbeldi eða á annan ólöglegan hátt leitast við að aptra því, að kosningar fari fram til alþingis, eða að alþingi komi saman eða gegni störfum sínum á tilsettum tíma án þess að 86. grein samt eigi við um athæfi hans.

Ellefti kapituli.

Afbrot gegn konungi og ættingjum konungs o. fl.

89. grein.

Verði nokkrum manni sú óhæfa að ráðast á konunginn, þá varðar það typtunarhúsvinnu, ef að hinar almennu ákvarðanir í lögum þessum ekki heimila þyngri refsingu.

90. grein.

Vaði maður uppá konunginn með hótunum, illyrðum eða annari svívirðing eða ávarpi hann á annan hátt, sem honum er misgjörð í, þá varðar það hegningarvinnu eða ríkisfangelsi í 1 ár og allt að 8 árum.

91. grein.

Ef að nokkur maður annars með hótunum, smánunum eða annari óhæfilegri aðferð misbrýtur gegn lotningu þeirri, sem ber að sýna konunginum, þá varðar það fangelsi, ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi, eða betrunarhúsvinnu.

92. grein.

Vinni maður nokkurt það verk, sem miðar til þess að svipta drottninguna, konungsefnið eða ekkju konungs líf eða frelsi, þá varðar það líflát eða typtunarhúsvinnu.

1869. 25. júní.

93. grein.

Ráðist maður annars á drottninguna, konungsefnið eða ekkju konungs, þá varðar það hegningarvinnu, ef hinar almennu ákvarðanir í lögum þessum ekki heimila þyngri refsingu.

94. grein.

Verði maður brotlegur við drottninguna, konungsefnið eða ekkju konungs í nokkru því athæfi, sem um er rædt í 90. og 91. grein, skal færa niður hegningar þær, sem þar eru settar, eptir málavöxtum allt að helmingi.

95. grein.

Sè nokkurt af afbrotum þeim, sem um er rædt í 89.—91. grein, drýgt á móti nokkrum öðrum prinzi, sem arfgengur er eptir lögunum um ríkiserfðir, eða nokkurri prinzessu af dönsku konungsættinni, sem á heima í Danmörku, skal auka hinar almennu hegningar, sem settar eru í lögum þessum, allt að helmingi eptir málavöxtum.

96. grein.

Hver, sem ræðst á alþingi, svo að því eða sjálfræði þess er hætta búin, eða lætur boð út ganga, er að því lýtur, eða hlýðir slíku boði, skal sæta hegningarvinnu eða ríkisfangelsi, eigi afbrotið ekki undir 86. grein.

97. grein.

Til sömu hegningar vinnur hver sá, er á sama hátt misbrýtur við ríkisráðið, þegar það hefir stjórnina á hendi samkvæmt grundvallarlögunum, eða við ríkisrèttinn eða hæstarètt.

98. grein.

Útaf afbrotum þeim, sem um er rædt í 89.—95. grein skal að eins höfðað mál að skipun dómsmálastjórnarinnar.

Tólfti kapítuli.

Um brot á móti valdstjórninni og á alls herjar reglu.

99. grein.

Hver, sem ræðst á embættismann, þegar hann er að embættisverki eða útaf embættisverki, með ofbeldi eða hótunum um

ofbeldi, og eins sá, sem á sama hátt leitast við að neyða embættismann til að gjöra nokkurt embættisverk eða aptra honum frá að gjöra það, skal sæta hegningarvinnu allt að 6 árum, eða fangelsi, þegar málsbætur eru, ekki samt vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi, nema að afbrotið sé svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því. 1869. 25. júní.

Ef að maður annars gjörir embættismanni tálmanir í að gegna embættisstörfum sínum, þá varðar það fangelsi eða sektum.

Þeir menn, er sitja í sveitastjórnar-ráðum, og aðrir þess háttar menn, sem kosnir eru til að hafa sýslun á hendi af hálfu hins opinbera, standa jafnfætis embættismönnum að þessu leyti, þegar þeir eru að gegna sýslu sinni.

100. grein.

Hver, sem verður sekur um ofbeldi eða hótanir um ofbeldi við varðmenn, varðflokka eða aðra hermenn, sem skipaðir eru í sendifarir, eða tálmar þeim að reka erindi sitt, skal sæta refsingu eptir ákvörðununum í 99. grein, þó má færa hegninguna niður eptir málavöxtum allt að mánaðar einföldu fangelsi, þegar eins er ástatt og gjört er ráð fyrir í fyrsta lið greinarinnar.

101. grein.

Sýni maður sig í nokkurri þess konar mótgjörð, sem vikið er á í 99. grein, við minni háttar réttarþjóna eða lögregluþjóna, tollþjóna, hreppstjóra, stefnuvotta eða aðra þess háttar sýslunarmenn hins opinbera, þá varðar það betrunarhúsvinnu allt að 2 árum, fangelsi, eða sektum ef málsbætur eru.

Jafnfætis téðum sýslunarmönnum standa þeir menn, sem dómari eða yfirvald boðar sér til aðstoðar við rekstur opinberra starfa.

102. grein.

Hver, sem verður uppá embættismann eða nokkurn þann mann, sem nefndur er í 99.—101. grein, með smánunum, skammaryrðum eða öðrum meiðandi orðum þegar hann er að gegna embætti sínu eða sýslun eða útaf því, sæti fangelsi eða sektum.

1869.
25. júní.

103. grein.

Þegar á að kveða á um refsingar þær, sem settar eru í 99.--102. grein, ber að taka til greina til málsbóta, ef embættismaðurinn eða sýslunarmaðurinn, sem í hlut á, hefir með röngu atferli sínu gefið tilefni til þess, sem gjört var, og má jafnvel færa fangelsishegningu niður í sektir þegar svo er.

104. grein.

Hafi mannsöfnuður látið opinberlega í ljósi í orði eða verki, að þeir ætli sèr að hjálpast að að neyða yfirvaldið til þess að gjöra eitthvað eða láta eitthvað ógjört, eða að veitast að að setja sig með ofbeldi upp á móti einhverri ályktun yfirvaldsins, þá skal forgöngumönnunum refsað með hegningarvinnu allt að 6 árum, ef haft hefir verið í frammi ofríki við menn eða fjármuni manna, og öðrum hluttakendum með fangelsi ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi eða með betrunarhúsvinnu allt að 2 árum.

Hafi ekki verið haft í frammi ofbeldi við menn eða fjármuni manna, en mannsöfnuðurinn ekki hefir viljað hlýðnast áskorun yfirvaldsins að sundrast (105. grein), skal forgöngumönnunum refsað með fangelsi ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi eða með betrunarhúsvinnu allt að 2 árum, og hinum öðrum hluttakendum með fangelsi. En hafi mannsöfnuðurinn rofizt annaðhvort af sjálfsdáðum eða eptir áskorun yfirvaldsins, án þess að óskundi hafi verið gjörður mönnum eða á fjármunum manna, skal að eins refsa forgöngumönnunum, með fangelsi eða með betrunarhúsvinnu allt að 1 ári.

105. grein.

Þegar yfirvaldið hefir skorað á mannsöfnuð, er saman hefir þyrpzt á almannafæri, þrisvar sinnum í nafni konungs og laganna að sundrast, skal þeim, sem ekki hlýðnast þessari skipun, refsað með sektum eða fangelsi.

Hafi nokkur maður þar að auki ofbeldi í frammi við menn eða fjármuni manna, án þess að 104. grein geti átt við um það, skal hann sæta fangelsi, eða betrunarhúsvinnu allt að 1 ári ef miklar sakir eru.

106. grein. 1869.

Taki maður heimildarlaust burtu auglýsingu, sem fest hefir verið upp að yfirvalds ráðstöfun, eða skemmi hana, þá varðar það sektum eða fangelsi. 25. júní.

107. grein.

Sömu refsingu skal hver sá sæta, sem heimildarlaust tekur burt eða skemmir af ásettu ráði innsigli eða merki, sem einhver opinber yfirboðari hefir sett á eitthvað í embættis nafni, nema að athæfi hans sè eitthvert annað afbrot útaf fyrir sig.

108. grein.

Hver, sem tekur sèr eitthvert opinbert vald, sem hann ekki hefir, og sem þeir einir geta beitt, sem hafa eitthvert opinbert embætti, sýslun eða umboð á hendi, skal sæta sektum eða einföldu fangelsi allt að 1 ári, ef að verk hans ekki er svo vaxið, að til þyngri hegningar sè unnið.

109. grein.

Frelsi maður fanga úr valdi yfirvalds eða dómara, eða útvegi honum það sem með þarf til að komast undan eða færi á því, þá varðar það fangelsi eða betrunarhúsvinnu, og ef beitt hefir verið ofbeldi eða hótunum um ofbeldi við gæzlumennina, eða ef sá, sem frelsar fangann, lætur hann fá verkfæri til að komast undan með þess konar ofbeldi, getur hegningin komizt upp í 4 ára betrunarhúsvinnu.

Hverjum þeim, sem frelsar mann, sem búið er að handtaka, eða útvegar honum það sem þarf til að komast undan eða færi á því, skal refsað með sektum eða fangelsi, og getur hegningin komizt upp í 2 ára betrunarhúsvinnu, ef beitt hefir verið ofbeldi.

110. grein.

Hafi maður fengið áreiðanlega vitneskju um nokkurn þann glæp á móti konungi, föðurlandi sínu eða stjórnarskipuninni, sem um er rædt í 72., 73., 75. og 86. grein, og segi yfirvöldunum ekki frá því, þó að hann hefði getað gjört það, án þess að lífi eða velgengni sjálfs hans eða neins þeirra, sem honum eru nánastir, sè nein hætta búin, þá varðar það fangelsi, eða ríkis-

1869. 25. júní. fangelsi eða betrunarhúsvinnu, ef að glæpurinn verður framkvæmdur.

Með sama skilyrði skal hverjum þeim, sem hefir fengið áreiðanlega vitneskju um, að morð, rán eða annar glæpur, sem lífi manna er hætta búin af, sé fyrirætlaður, refsað með fangelsi eða betrunarhúsvinnu, ef að hann ekki gjörir allt sem í hans valdi stendur til þess að afstýra glæpnum, með því að gjöra þann, sem hætta er búin, varan við eða með einhverju öðru móti, sem við á eptir því hvernig á stendur, og ef nauðsyn krefur með því að gefa yfirvöldunum það til vitundar.

Ákvarðanirnar í þessari grein eiga þó ekki við um börn yngri en 15 ára, og ekki skal heldur manni eða konu þess, sem misgjörir, systkinum hans, né heldur þeim sem honum eru skyldir eða tengdir í beinan ættlegg upp eða niður, né fósturforeldrum né uppeldisbörnum refsað, þó þau hafi látið fyrir farast að segja yfirvöldunum frá.

111. grein.

Hver, sem felur mann, sem hann veit að er strokinn fangi, eða að honum er veitt eptirför að hálfu hins opinbera fyrir glæpi, eða hjálpar honum til að flýja, skal sæta sektum eða fangelsi. Fangelsi, eða sektum ef málsbætur eru, skal sá sæta, sem gjörir ummerki glæps að engu eða dylur þau rètt eptir að nýbúið er að drýgja glæpinn, eða þegar verið er að komast fyrir hann af hálfu hins opinbera.

Samt skal ekki refsa hjónum, systkinum, þeim sem skyldir eru eða tengdir í beinan ættlegg upp eða niður, fósturforeldrum né uppeldisbörnum fyrir þess konar athöfn.

112. grein.

Föngum, sem settir eru til hegningarvinnu, skal refsað fyrir strok og samblástur og fyrir glæpi, er þeir misbrjóta við embættismennina eða þjónana, sem skipaðir eru við hegningarhúsið, eptir þeim ákvörðunum, sem um það eru í lögunum um hegningarhúsið.

Hafi aðrir fangar tekið sig saman um að hjálpast að að strjúka, þá varðar það einföldu fangelsi allt að 2 mánuðum eða öðru fangelsi jafnlengi að tiltölu.

113. grein. 1869.

Ef nokkur maður með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi 25. júní.
tálmar þinghaldi, fundum embættismanna í sveitastjórninni eða öðrum lögboðnum samkomum um opinber málefni, þá varðar það fangelsi eða betrunarhúsvinnu allt að 1 ári.

Sömu hegningu eða sektum eptir málavöxtum skal sá sæta, sem með ofbeldi eða á annan slíkan hátt slítur eða glepur störfin eða umræðurnar á þess konar fundi eða samkomu.

114. grein.

Raski nokkur kosningarfrelsi manna með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi, annaðhvort á þann hátt, að meina manni að neyta kosningarréttar síns til alþingis eða að neyða mann til að greiða atkvæði svo eður svo, þá varðar það betrunarhúsvinnu eða fangelsi.

Rangfæri nokkur vísvitandi atkvæðagreiðsluna, þá er kosningar fara fram til alþingis eða kaupi atkvæði manns, þá varðar það fangelsi.

115. grein.

Hver, sem selur atkvæði sitt, þá er kosningar fara fram til alþingis, gjaldi sektir og fyrirgjörir kosningarrétti sínum í fyrsta skipti um 5 ár, í annað sinn fyrir fullt og allt.

116. grein.

Sè nokkuð af því, sem um er rædt í 114. grein, aðhafzt við kosningar í sveitastjórn, þá varðar það fangelsi, eða sektum ef málsbætur eru.

Selji maður atkvæði sitt við kosningar í sveitastjórn, þá varðar það sektum og hefir hann fyrirgjört kosningarrètti sínum í þeim málefnum í fyrsta skipti um 5 ár og í annað sinn fyrir fullt og allt.

117. grein.

Taki maður sèr sjálfur ólöglega þann rètt, er hann hefði átt að leita dómstólanna um, þá varðar það sektum, ef ekki hefir verið unnið til þyngri refsingar eptir öðrum lagaákvörðunum. Útaf slíkri sjálftöku skal ekki höfða opinbera málssókn.

1869.
25. júní.

Þrettándi kapítuli.

Um afbrot í embættisfærslu.

118. grein.

Ef nokkur embættismaður heimtar, tekur á móti eða lætur lofa sèr gjöfum eða öðrum ávinningi, sem hann ekki á tilkall til, fyrir embættisverk sín, en hann þó ekki að öðru leyti með því brýtur í neinu á móti embættisskyldu sinni, þá varðar það sektum ekki minni en 25 rd., einföldu fangelsi eða embættismissi.

119. grein.

Ef að nokkur embættismaður heimtar, tekur á móti eða lætur lofa sèr gjöfum eða öðrum ávinningi fyrir að brjóta á móti embættisskyldu sinni í einhverju, þá varðar það embættismissi og fangelsi, ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi, eða betrunarhúsvinnu.

120. grein.

Hver sem gefur, lofar eða býður embættismanni gjafir eða annan ávinning til þess að fá hann til að gjöra eitthvað eða láta eitthvað ógjört, er hann með því brýtur á móti embættisskyldu sinni, skal sæta fangelsi eða sektum.

121. grein.

Hverjum þeim dómara, er í dómarastörfum sínum heimtar, tekur á móti eða lætur lofa sèr gjöfum eða öðrum ávinningi, sem hann ekki á tilkall til, skal refsað með embættismissi, og þar á ofan, ef miklar sakir eru, með fangelsi ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi eða með betrunarhúsvinnu.

Verði dóm-nefndarmaður brotlegur í hinu sama í þeim störfum sínum, þá varðar það betrunarhúsvinnu eða fangelsi.

122. grein.

Hverjum, sem mútar eða leitast við að múta dómara eða dóm-nefndarmanni, skal refsað með fangelsi, eða með betrunarhúsvinnu allt að 2 árum ef mjög miklar sakir eru, ef að hann hefir ekki unnið til þyngri hegningar eptir öðrum lagaákvörðunum.

123. grein.

Í tilfellum þeim, sem um er rædt í 118.—122. grein skal

dæma sjóði þeim, sem landstekjurnar renna í, gjafir þær eða ávinning, sem látið hefir verið í tè, eða jafnvirði þess. 1869. 25. júní.

124. grein.

Gjöri dómari sig vísvitandi sekan í nokkru ranglæti í dómarastörfum sínum, þá varðar það embættismissi og hegningarvinnu allt að 10 árum, eða fangelsi ef málsbætur eru, ekki skemur en 1 ár.

125. grein.

Embættismanni, sem beitir embættisvaldi sínu til þess að neyða nokkurn mann á ólöglegan hátt til þess að gjöra eitthvað, þola eitthvað eða láta eitthvað ógjört, skal refsað með einföldu fangelsi, eða með embættismissi þegar miklar sakir eru, ef athæfi hans ekki að öðru leyti er svo vaxið, að þyngri refsing liggi við því.

126. grein.

Embættismanni, sem beitir höggum og barsmíði eða öðru ofbeldi, þegar hann er að gegna embættisstörfum sínum, skal refsað með sektum eða einföldu fangelsi eða embættismissi, ef að verkið ekki að öðru leyti er svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því.

127. grein.

Ef að rannsóknardómari í sakamáli beitir ólöglegri þvingun til þess að kúga mann til játningar eða sagna, þá varðar það einföldu fangelsi eða embættismissi, eða sektum ef málsbætur eru.

128. grein.

Dómara, sem setur eða lætur setja mann í fangelsi ólöglega, eða heldur honum þar að ólögum lengur en vera ber, skal refsað með einföldu fangelsi ekki skemur en mánuð eða með embættismissi, ef að verk hans ekki er svo vaxið, að þyngri refsing liggi við því.

129. grein.

Hver sá embættismaður, sem að ólögum setur mann fastan, rannsakar heimili manns eða tekur til sín brèf eða önnur skjöl og rannsakar þau, eða lætur gjöra nokkuð af þessu, skal sæta

1869. 25. júní. sektum eða einföldu fangelsi, eða missa embætti sitt ef miklar sakir eru.

130. grein.

Verði svo fyrir mælt í íslenzkum stjórnarskipunarlögum, að hver sá maður, sem handtekinn er, skuli færður fyrir dómara áður en tiltekinn tími sè liðinn, að einnig skuli kveða upp dómsúrskurð innan tiltekins tíma um það, hvort handteknum manni skuli haldið í varðhaldi, að ekki megi setja mann í fangelsi til gæzlu fyrir yfirsjónir, sem ekki varða miklu, og að til rannsóknar á heimili manns eða kyrrsetningar og rannsóknar á brèfum og öðrum skjölum þurfi dómsúrskurð, nema eitthvert lagaboð heimili undantekning frá því, þá skal sá gjalda sektir, er útaf því bregður, ef að verkið ekki að öðru leyti er svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því.

131. grein.

Ef að embættismaður kemur til leiðar, ályktar eða heldur áfram sakamáls rannsókn á móti manni, sem hann veit að er sýkn saka, þá varðar það embættismissi og fangelsi ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi, eða betrunarhúsvinnu ef miklar sakir eru.

Sömu hegningu skal sá embættismaður sæta, sem vísvitandi lætur framkvæma á manni refsingu eptir dómi án þess að skeyta um það sem fyrirskipað er í lögum um að skjóta dóminum til æðra dóms eða um eptirgjöf hegningarinnar af konungi.

Hafi hin síðarnefnda yfirsjónin orðið af gáleysi, þá varðar það sektum eða einföldu fangelsi.

132. grein.

Ef að embættismaður, sem er í því embætti, að hann á að stuðla til að halda uppi hegningarvaldinu, lætur af ásettu ráði farast fyrir að hefja málssókn útaf hegningarverðu verki eða gjörir eða vanrækir eitthvað til þess að koma til leiðar, annaðhvort að maður verði dæmdur sýkn eða í vægari refsingu eða til að hlífa manni við að taka út hegningu, sem á hann hefir verið lögð, þá varðar það einföldu fangelsi eða embættismissi,

eða sektum ef málsbætur eru, ef að verkið að öðru leyti ekki er svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því. 1869. 25. júní.

133. grein.

Hafi embættismaður, sem á að gæta fanga, af ásettu ráði látið fangann komast undan eða stuðt að því að hann komist undan, þá skal hann missa embætti sitt, og, ef miklar sakir eru, þar á ofan sæta fangelsi eða betrunarhúsvinnu.

Hafi það orðið af gáleysi eða hirðuleysi, þá varðar það sektum, einföldu fangelsi eða embættismissi.

134. grein.

Hafi nokkur embættismaður, sér eða öðrum í hag eða öðrum til meins, tilgreint nokkuð í bókum þeim, sem fylgja embætti hans, er aldrei hefir gjörzt, eða tilgreinir eitthvað öðruvísi, en það hefir gjörzt, semur skjöl, sem hann á að gjöra eptir embættisbókum sínum, svo að efnið raskast, falsar, ónýtir eða aflagar á annan hátt skjöl, sem honum er trúað fyrir eða hann kemst að vegna embættisstöðu sinnar, þá varðar það embættismissi og þar á ofan hegningarvinnu allt að 6 árum, eða fangelsi ef málsbætur eru, ekki vægara en 6 mánaða einföldu fangelsi, ef að verkið ekki er svo vaxið að öðru leyti að þyngri hegning liggi við því.

135. grein.

Hafi embættismaður gjört nokkuð af því, sem um er rædt í 134. grein, án þess að athæfi hans þó geti átt undir ákvarðanir greinarinnar, eða hafi hann annars látið uppi í embættisnafni rangt vitnisburðarbréf eða ranga skýrslu, eða af ásettu ráði látið hjá líða að geta í vitnisburðarbréfinu eða skýrslunni um atvik, sem verður að álíta að skipti miklu málefni það, er um er verið að ræða, þá varðar það embættismissi, einföldu fangelsi, ekki skemur en mánuð, eða sektum ef málsbætur eru.

136. grein.

Verði nokkur embættismaður, sem hefir opinbert fé undir höndum og er í ábyrgð fyrir því, uppvís að því að það vanti hjá honum uppá það, sem á að vera í sjóðnum, þá hefir hann fyrirgjört embætti sínu. Sé miklar sakir, skal hann þar á ofan sæta betrunarhúsvinnu, og hafi hann strokið með nokkuð af fé

1869. 25. júní.

því, sem honum er trúað fyrir, eða hafi reynt til þess, getur hegningin aukizt allt að 8 ára hegningarvinnu.

Til hinnar síðast nefndu hegningarinnar hefir hann líka unnið, ef hann hefir leitazt við á sviksamlegan hátt að leyna sjóðþurrðinum, til að mynda ef eitthvað er af ásettu ráði ranghermt í bókum þeim, sem ætlaðar eru til að rita í þær tekjurnar eða gjöldin eða til þess að umsjón verði höfð með tekjum og gjöldum, eða í skrám eða reikningum, eða ef eitthvað af þessu er falsað eða því hefir verið skotið undan, eða ef lagðir hafa verið fram rangir reikningar eða röng reikningságrip eða önnur röng fylgiskjöl með þeim, eða ranghermt er um hversu mikið eða hvað sè í tunnum, pokum eða bögglum.

Það sem nú hefir sagt verið um bresti að því er snertir peninga eða peningamuni, sem embættismanni er trúað fyrir, á einnig við að því er snertir korn, fóður, efnivið og aðra þess konar muni.

Ef að bætt er í sjóðinn því sem í hann vantaði, áður en 3 sólarhringar eru liðnir frá því að það komst upp, má sleppa að höfða málssókn, ef að aðrar fleiri málsbætur eru, og stjórnarráð það, sem í hlut á, veitir samþykki til þess.

137. grein.

Hver sá bókunarmaður, endurskoðunarmaður, sjóðumsjónarmaður eða annar embættismaður, sem hilmir yfir með skattheimtumanni, sem hann á að hafa umsjón með, eða að öðru leyti er bendladur við afbrot hans, er undir sömu ábyrgðina og hegninguna seldur eins og hann.

138. grein.

Ef að embættismaður, sem á að taka við sköttum eða öðrum opinberum gjöldum, heimtar eða tekur sèr til ávinnings við þess konar sköttum eða gjöldum, sem hann veit að gjaldandi annaðhvort alls ekki er skuldugur um eða að hann skuldar minna, þá skal hann missa embætti sitt, og ef miklar sakir eru sæta þar á ofan fangelsi eða betrunarhúsvinnu.

139. grein.

Ef að nokkur embættismaður, sem hefir póstmálefni á hendi, heimildarlaust rífur upp, ónýtir eða skýtur undan brèfum

eða bögglum, sem afhent er til flutnings með pósti, eða ef hann er vísvitandi öðrum liðsinntur í þess konar athæfi, þá skal hann missa embætti sitt og ef miklar sakir eru þar á ofan sæta fangelsi eða betrunarhúsvinnu, ef að verkið ekki að öðru leyti er svo vaxið, að þyngri hegning liggi við. 1869. 25. júní.

140. grein.

Hver sá embættismaður, sem segir frá nokkru, er snertir embætti hans og á að fara leynt, skal sæta sektum, einföldu fangelsi eða embættismissi, ef að verkið ekki að öðru leyti er svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því.

141. grein.

Embættismaður sá, sem tælir eða leitast við að tæla embættismenn þá, sem undir honum eru, til embættisafbrota, skal sæta þeirri hegningu, sem lögð er við þessum afbrotum, og má þar á ofan eptir atvikum dæma hann til að hafa fyrirgjört embætti sínu, þegar afbrotið sjálft er ekki svo vaxið, að sú hegning sé við því lögð.

142. grein.

Ef að embættismaður í öðrum tilfellum, en getið er um hèr að framan, notar embættisstöðu sína ranglega sèr til ávinnings, eða til þess að gjöra nokkuð það, er hallar rèttindum einstakra manna eða hins opinbera, þá varðar það sektum, einföldu fangelsi eða embættismissi, ef að verkið ekki að öðru leyti er svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því.

143. grein.

Sá embættismaður, sem synjar eða af ásettu ráði lætur farast fyrir að gjöra það, sem honum er boðið á löglegan hátt, sæti sektum, einföldu fangelsi eða embættismissi.

144. grein.

Fyrir vanrækt eða hirðuleysi í embættisrekstri, sem ekki er lögð nein sèrstök hegning við í lögum, skal sömuleiðis refsað, ef nokkrum verður það opt á eða ef hann sýnir af sèr stórkostlega vanrækt eða hirðuleysi, með sektum eða einföldu fangelsi, eða embættismissi, ef miklar sakir eru.

145. grein.

Það sem fyrir er mælt hèr að framan um embættismenn og

1869. 25. júni.

um embætti á einnig við um sýslunarmenn og sýslanir þær, sem þeim er trúað fyrir, en samt þannig, að það má færa hegninguna niður að tiltölu, og að við sýslunarmenn má beita fangelsi eða sektum eptir atvikum í stað embættismissis.

Ákvarðanirnar hèr að framan eiga þar að auki ekki að eins við um þá, sem fyrir fullt og allt eru skipaðir í embætti eða sýslan, heldur einnig um þá, sem falið er á hendur að veita embætti eða sýslan forstöðu um stundarsakir eða að reka einhvern starfa sem þar að lýtur, en samt þannig, að ef að hefði átt að dæma embættið eða sýslanina af embættismanniuum eða sýslunarmanninum, skal fangelsi eða sektir koma í stað þess.

Fjórtándi kapituli.

Meinsæri og aðrir glæpir, sem eiga skylt við það.

146. grein.

Það vitni, sem fyrir rètti ber falsvitni og vinnur eið að því, hvort sem að eiðurinn er tekinn af því eptir framburð þess, eða að það ber vitni samkvæmt áður unnum eiði, skal sæta hegningarvinnu ekki skemur en 2 ár og allt að 10 árum, ef að ekki tjón það, sem vitnið olli eða ætlaði sèr að koma til leiðar með falsvitni sínu, er svo vaxið að það hafi unnið til þyngri refsingar. Ef að vitnið af sjálfsdáðum tekur falsvitni sitt aptur, má beita hegningarvinnu á vægara stigi, og ef miklar málsbætur eru má jafnvel beita hegningu í fangelsi við vatn og brauð ekki samt skemur en 4 sinnum 5 daga.

147. grein.

Hafi maður borið falsvitni fyrir rètti en ekki verið tekinn eiður af honum, þá varðar það fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en tvenna 5 daga, eða betrunarhúsvinnu; samt má beita hegningu í einföldu fangelsi ekki skemur en 2 mánuði, ef honum er margt og mikið til málsbóta. Ef að hann tekur falsvitni sitt aptur af sjálfsdáðum, má færa hegninguna niður í 8 daga einfalt fangelsi, eða jafnvel láta hana falla alveg niður ef sèrlegar málsbætur eru.

148. grein.

Hafi maður borið falsvitni í opinberu sakamáli, en það

sannast, að málefnið varðaði hann sjálfan, eða að hann hafði ástæðu til að halda, að svo væri, skal honum ekki refsað, ef hann ekki hefir sannað framburð sinn með eiði; hafi hann verið látinn vinna eið, má refsa honum með fangelsi. — Sannist það annars, þegar einhver hefir borið falsvitni fyrir rètti, að það hefði ekki átt að krefja hann vitnisburðar vegna þess að hann er viðriðinn við málið eða málspartana, á að færa niður hegningar þær, sem settar eru í 146. og 147. grein, og má jafnvel beita sektum að eins, ef hann ekki hefir verið látinn vinna eið og málsbætur eru. 1869. 25. júní.

149. grein.

Hafi vitni af eintómu athugaleysi látið hjá líða að segja frá því, sem hann vissi málinu til skýringar, þá varðar það fangelsi, eða sektum ef miklar málsbætur eru.

150. grein.

Ef að menn, sem skipaðir eru af dómi, yfirvaldi eða öðrum sem hefir opinbert vald á hendi, til þess að halda skoðunar-, álits- eða virðingargjörðir, láta með eiði eða skýlaust samkvæmt áður unnum eiði uppi þvílíka skoðun, álit eða virðingu á móti sannfæringu sinni, skal þeim refsað sem falsvottum.

Verði slíkum mönnum afbrigði, sem minna er í varið, þá varðar það fangelsi, eða sektum ef miklar málsbætur eru.

151. grein.

Hafi málspartur sannað sögu sína fyrir rètti með röngum eiði, skal honum refsað sem falsvotti. En hafi hann að eins ætlað að koma sjálfum sèr undan hegningu með þessum ranga eiði, má færa hegninguna niður eptir atvikum, jafnvel niður í betrunarhúsvinnu á vægasta stigi, eða niður í fangelsi við vatn og brauð í tvenna 5 daga ef eins stendur á og gjört er ráð fyrir í 2. kafla 146. greinar.

152. grein.

Ef að nokkur maður, sem á að sanna nokkuð með eiði fyrir einhverjum, sem hefir opinbert vald á hendi, í öðrum tilfellum en nú hafa nefnd verið, verður sekur í meinsæri, þá varðar það betrunarhúsvinnu. Kalli hann af sjálfsdáðum aptur falssögn sína,

1869. 25. júní.

má færa hegninguna niður í fangelsi við vatn og brauð í tvenna 5 daga ef málsbætur eru.

153. grein.

Það sem fyrir er mælt hèr að framan á einnig við um ranga skriflega vottun samkvæmt áður unnum eiði, svo og um þvílíka vottun með eiði, þar sem skriflegan eið má við hafa eptir lögum.

154. grein.

Sömuleiðis eiga hegningar-ákvarðanirnar hèr að framan við um þá, sem annaðhvort vinna eið á annan hátt en hinn venjulega, sem skipað er fyrir um í lögum, eða sanna sögu sína á einhvern annan hátt, sem kemur í stað eiðs.

155. grein.

Hver sem lýsir einhverju yfir og býðst til að vinna eið að því, eða gjörir það uppá æru sína og trú, og það er í þeim tilfellum, þar sem slíkt er boðið eða leyft í lögum, skal sæta fangelsi, ef það reynist rangt, sem hann hefir lýst yfir, eða sektum ef málsbætur eru, nema einhver önnur hegning sè við lögð í sèrstaklegum lagaákvörðunum.

156. grein.

Ef að nokkur maður annars lætur uppi ranga skriflega yfirlýsingu eða ber skriflegt vottorð um eitthvað, sem hann ekki veit neitt um, og þetta er ætlað til að vera notað í málefnum, sem varða hið opinbera, þá skal hann sæta sektum eða fangelsi, ef að verkið ekki er svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því.

Fimmtándi kapítuli.

Afbrot gegn trúarbrögðunum.

157. grein.

Hver sem gjörir gis að eða smánar trúarlærdóma eða guðsdýrkun nokkurs trúarbragðafèlags, sem er á Íslandi, skal sæta fangelsi ekki vægara en 1 mánaðar einföldu fangelsi, eða sektum ef miklar málsbætur eru.

158. grein.

Ef að nokkur maður aptrar með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi, að haldin sè guðsþjónustugjörð eða önnur opinber

kirkjuleg athöfn, þá varðar það fangelsi eða betrunarhúsvinnu allt að ári. 1869. 25. júní.

Hver sem tálmar eða truflar guðsþjónustugjörðina eða einstakar guðrækilegar athafnir með því að gjöra skarkala eða óreglu, skal sæta sektum eða fangelsi.

159. grein.

Hver sem raskar grafarhelginni skal sæta fangelsi, ef athæfi hans er ekki að öðru leyti svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því.

Sextándi kapítuli.

Afbrot á móti skírlífi.

160. grein.

Hver sem drýgir hórdóm skal sæta fangelsi, eða ef hjónabands sambúðinni er slitið og aðrar málsbætur eru, þá sektum.

Opinber málssókn skal því að eins höfðuð, að það hjónanna, sem misgjört er við, krefjist þess.

161. grein.

Ef að kvæntur maður eða gipt kona gengur að eiga aðra konu eða annan mann, þá varðar það hegningarvinnu ekki skemur en 2 ár og allt að 6 árum. Þegar miklar málsbætur eru má samt færa hegninguna niður í betrunarhúsvinnu á vægasta stigi, eða ef hjónabands sambúðinni hefir lengi verið slitið eptir leyfisbréfi til skilnaðar að borð og sæng, svo og ef maðurinn eða konan hafði ástæðu til að halda, að kona sín eða maður væri dáinn, þá niður í fangelsi við vatn og brauð ekki samt skemur en 4 sinnum 5 daga. Ókvæntur maður eða ógipt kona, sem gengur að eiga gipta konu eða kvæntan mann, þó að hann eða hún viti, að svo er, skal sæta betrunarhúsvinnu allt að 2 árum, eða fangelsi við vatn og brauð ef miklar málsbætur eru, ekki samt skemur en tvenna 5 daga. En ef maðurinn eða konan, sem áður var ókvæntur eða ógipt, vissi ekki um hjónaband hins, þegar hann eða hún gekk að eiga hana eða hann, en heldur samt áfram hjónabands sambúðinni eptir að hann eða hún er orðinn þess vísari, þá varðar það fangelsis hegningu.

1869.
25. júní.

162. grein.

Holdlegt samræði milli foreldra og barna og milli annara ættingja í beinan ættlegg varðar foreldrana hegningarvinnu í 4 ár og allt að 10 árum og börnin betrunarhúsvinnu, eða fangelsi við vatn og brauð ef málsbætur eru, ekki skemur en 4 sinnum 5 daga.

163. grein.

Hver maður eða kona, sem hefir holdlegt samræði við stjúpdóttur sína eða stjúpson sinn eða við nokkurn af niðjum þeirra, eða við tengdadóttur sína eða tengdason sinn eða nokkurs ættingja síns í beinan ættlegg niður á við, skal sæta hegningarvinnu allt að 6 árum. Og ef maður eða kona hefir holdlegt samræði við stjúpu sína eða stjúpa sinn eða nokkurs af foreldrum sínum, eða við móður eða föður konu sinnar eða manns síns eða nokkurn af ættingjum þeirra í beinan ættlegg upp á við, þá varðar það betrunarhúsvinnu allt að 2 árum; þó má færa hegninguna niður, þegar um stjúpbörn og niðja þeirra er að ræða, í fangelsi ef málsbætur eru, ekki samt vægara en 2 mánaða einfalt fangelsi.

164. grein.

Holdlegt samræði milli þeirra, sem eru eins nátengd og sagt er í næstu grein á undan, en tengdirnar eru sprottnar af holdlegu samræði utan hjónabands, varðar fangelsi ekki samt vægara en 1 mánaðar einföldu fangelsi.

165. grein.

Holdlegt samræði milli alsystkina og hálfsystkina varðar hegningarvinnu allt að 6 árum, þó má færa hegninguna niður í fangelsi, ekki vægara en 2 mánaða einfalt fangelsi, ef þau ekki eru skilgetin systkin, og ekki heldur hafa alizt upp á sama heimili.

166. grein.

Ef að maður og kona, sem eru svo náskyld eða nátengd, að þau mega ekki giptast án leyfisbréfs, drýgja holdlegt samræði, þá varðar það fangelsi eða sektum. Sömu hegningu skulu þau, sem eru þannig náskyld eða nátengd, sæta, ef þau giptast án þess að fá fyrst leyfi það, sem til þess þarf.

167. grein. 1869.

Ef að maður misbeitir stöðu sinni til þess að tæla til legorðs fósturdóttur sína eða stúlku, er hann er fjárhaldsmaður hennar, eða honum hefir verið trúað fyrir henni til kennslu eða fósturs, þá varðar það hegningarvinnu allt að 6 árum, eða fangelsi við vatn og brauð ef málsbætur eru, ekki skemur en tvenna 5 daga. Hegningin fellur samt alveg niður, ef þau giptast. 25. júní.

168. grein.

Ef að yfirstjórnari, forstjóri eða umsjónarmaður í fangelsi, hegningarhúsi, ómagahúsi, uppfæðsluhúsi, lækningahúsi eða annari slíkri stofnan fremur saurlífi við kvennmann, sem hann á að hafa umsjón með, þá varðar það fangelsi, eða hegningarvinnu allt að 2 árum ef miklar sakir eru.

169. grein.

Hver, sem þröngvar kvennmanni, er ekki hefir neitt óorð á sèr, til samræðis við sig með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi þegar í stað, sem henni mundi búinn lífsháski af, skal sæta hegningarvinnu ekki skemur en 4 ár, eða lífláti ef mjög miklar sakir eru. Sè slík meðferð höfð á kvennmanni, sem óorð er á, þá skal beitt vægari hegningu að tiltölu, ekki samt vægari en 2 ára betrunarhúsvinnu.

170. grein.

Komist maður yfir kvennmann með hótunum, sem að vísu ekki verða heimfærðar undir 169. grein, en sem þó er ástæða til að halda að mundu stofna lífi, heilbrigði eða velferð sjálfrar hennar eða þeirra, sem henni eru nánastir, í hættu, þá varðar það hegningarvinnu allt að 8 árum.

171. grein.

Hver, sem kemst yfir kvennmann, sem er í því ástandi, að hún er svipt sjálfræði sínu eða að hún ekki getur staðið á móti samræðinu, skal sæta sömu refsingu og sett er í 169. grein, ef að hann hefir sjálfur komið henni í þetta ástand til þess að komast yfir hana; að öðrum kosti varðar það hegningarvinnu allt að 8 árum, eða fangelsi við vatn og brauð ef óorð er á konunni og málsbætur eru.

1869. 25. júní.

172. grein.

Ef að maður fær kvennmann á vald sitt með brögðum eða ofríki til þess að koma henni til að hafa holdlegt samræði við sig, þá varðar það hegningarvinnu allt að 8 árum, samt má færa hegningu þessa niður í fangelsi við vatn og brauð, ef óorð er á kvennmanninum og málsbætur eru, en ekki skemur en ferna 5 daga. Hafi það verið gjört til þess að fá hana til að ganga að eiga sig, þá má færa hegninguna niður allt að helmingi eptir málavöxtum.

173. grein.

Tæli maður kvennmann til holdlegs samræðis með því að telja henni trú um, að þau hafi gipzt á lögmætan hátt, eða með því að færa sèr í nýt, að hún er í einhverri annari villu, svo að hún heldur að þau hafi samræði í hjónabandi, þá varðar það hegningarvinnu allt að 8 árum.

174. grein.

Fremji maður saurlífi með stúlkubarni, sem ekki er orðin 12 ára gömul, þá varðar það hegningarvinnu allt að 8 árum, ef að verkið ekki að öðru leyti er svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því.

175. grein.

Hver sem tælir stúlkubarn, sem er á aldursskeiði frá 12 til 16 ára, til saurlífis, skal sæta fangelsi, ekki vægara en 2 mánaða einföldu fangelsi, eða hegningarvinnu allt að 4 árum ef miklar sakir eru. Opinbera málssókn skal samt því að eins hefja, að foreldrar eða forráðamaður krefjist þess.

176. grein.

Nemi maður ógipta stúlku, sem ekki er orðin 18 ára, á burtu að vilja hennar, en í óleyfi foreldra hennar eða forráðamanns, til þess að fremja saurlífi með henni eða til þess að ganga að eiga hana, þá varðar það fangelsi ekki vægara en 1 mánaðar einföldu fangelsi, eða þá betrunarhúsvinnu allt að 1 ári ef tilgangurinn var sá að fremja saurlífi og aðrar miklar sakir eru. Opinbera málssókn skal samt ekki hefja nema foreldrar eða forráðamaður krefjist þess og fellur hún niður, ef sá,

sem í hlut á, gengur að eiga stúlkuna með samþykki foreldra eða forráðamanns. 1869. 25. júní.

177. grein.

Ef að nokkur maður, þegar svo er ástatt sem gjört er ráð fyrir í 162.—171., 174. og 175. grein, fremur saurlifnaðarverk, en án þess að holdlegt samræði eigi sèr stað, þá skal beita vægari hegningu að tiltölu.

178. grein.

Samræði gegn náttúrlegu eðli varðar betrunarhúsvinnu.

179. grein.

Ef að karlmaður og kvennmaður halda áfram hneyxlanlegri sambúð, þó að yfirvöldin hafi áminnt þau um að skilja, skulu þau sæta fangelsi.

180. grein.

Ef að kvennmaður ranglega kennir manni barn, skal hún sæta fangelsi, eða sektum ef málsbætur eru. Sömu hegningu skal sá karlmaður sæta, sem ranglega gengst við barni, svo og kvennmaður sá, sem ranglega lætur vera móðir að barni annars kvennmanns.

181. grein.

Kvennmenn, sem leita sèr atvinnu með saurlífi þrátt fyrir áminningu lögreglustjórnarinnar, skulu sæta fangelsi.

182. grein.

Ef að nokkur karlmaður eða kvennmaður, sem veit eða grunar að hann eða hún hafi franzós, fremur holdlegt samræði við kvennmann eða karlmann, þá varðar það fangelsi, eða betrunarhúsvinnu ef miklar sakir eru.

183. grein.

Þeir, sem koma saman körlum og konum til samlags, og þeir, sem leyfa karlmanni og kvennmanni inn í híbýli sín fyrir borgun til þess að fremja þar saurlífi, eða í forboði lögreglustjórnarinnar hafa kvennmenn í húsum sínum, sem hafa ofanaf fyrir sèr með lauslæti, skulu sæta betrunarhúsvinnu eða fangelsi við vatn og brauð.

184. grein.

Foreldrar, forráðamenn, kennarar eða aðrir, sem tæla til

1869. 25. júní. lauslætis börn sín, eða þá, sem þeir eru forráðamenn fyrir eða þeim er trúað fyrir til umsjónar eða fósturs, skulu sæta hegningarvinnu allt að 6 árum.

Ef kvæntur maður þröngvar konu sinni til holdlegs samræðis við aðra menn eða útvegar þeim færi á að komast yfir hana fyrir utan vitorð hennar eða vilja, þá varðar það betrunarhúsvinnu. Hvetji hann í ávinnings skyni konu sína til þess að hafa holdlegt samræði við aðra menn, skal hann sæta fangelsi við vatn og brauð.

185. grein.

Hver, sem birtir á prenti klámrit, skal sæta fangelsi eða sektum. Sömu hegningu skal sá sæta, sem selur, útbýtir eða dreifir á annan hátt út klámmyndum, eða hefir þær opinberlega til sýnis.

186. grein.

Hver, sem með sauruglegu athæfi særir blygðunarsemi manna eða er til almenns hneyxlis, skal sæta fangelsi við vatn og brauð eða betrunarhúsvinnu.

Sautjándi kapítuli.

Um manndráp.

187. grein.

Hver sá, sem af ásettu ráði tekur annan mann af lífi, skal sæta typtunarhúsvinnu 8 ár eður fleiri eða æfilangt, eða lífláti ef miklar sakir eru.

188. grein.

Hafi banamaðurinn unnið verkið í ákaflegri bræði, sem hinn, er drepinn var, hafði vakið hjá honum með misþyrmingu eða stórri mótgjörð við sjálfan hann eða þá, sem honum eru nánastir, má færa refsinguna niður í 2 ára betrunarhúsvinnu, eða fangelsi ef mjög miklar málsbætur eru, ekki samt skemur en 1 ár.

189. grein.

Hafi maður af ásettu ráði veitt öðrum manni líkamlegar meiðingar og þær hafi leidt hann til bana, þá skal sá er misgjörði sæta hegningarvinnu í 2 ár eða fleiri allt að 12 árum,

þó hann ekki hafi viljað dauða hins, ef hann samt hlaut að sjá fyrir, að það væri líklegt eða ekki ósennilegt, að tiltekt sín mundi verða hinum að bana. 1869. 25. júní.

190. grein.

Hafi maður af ásettu ráði veitt öðrum manni líkamlegar meiðingar, er leiða hann til bana, og hann hefir unnið verkið í ákaflegri bræði, sem hinn, er drepinn var, hafði vakið hjá honum með misþyrmingu eða stórri mótgjörð við sjálfan hann eða þá sem honum eru nánastir, má færa hegninguna niður jafnvel í fangelsi ef aðrar fleiri málsbætur eru, ekki samt vægara en 6 mánaða einfalt fangelsi.

191. grein.

Hver, sem tekur annan mann af lífi með ráðnum huga, hefir fyrirgjört lífi sínu.

192. grein.

Ef að maður af ásettu ráði drepur föður sinn eða móður eða annan ættingja sinn í beinan ættlegg upp á við, eða ef maður drepur konu sína eða kona mann sinn, og þau eru samvistum, þá varðar það lífláti eða typtunarhúsvinnu æfilangt. Samt má færa hegninguna niður í typtunarhúsvinnu í 8 ár ef sérlegar málsbætur eru, og jafnvel niður í 2 ára hegningarvinnu, ef svo er ástatt sem gjört er ráð fyrir í 188. grein.

193. grein.

Ef að móðir af ásettu ráði deyðir barn sitt óskilgetið í fæðingunni eða undir eins og það er fædt, þá skal hún sæta 2 til 12 ára hegningarvinnu; en hafi hún verið búin að ásetja sér á undan fæðingunni að deyða barnið og framkvæmt það síðan, skal beita hegningarvinnu í 4 ár eða fleiri eða æfilangt.

194. grein.

Ólèttur kvennmaður, sem af ásettu ráði eyðir burði sínum eða deyðir hann í móður kviði, skal sæta hegningarvinnu allt að 8 árum.

Sömu hegningu skal sá sæta, sem í sama tilgangi brúkar meðöl við móðurina að vilja hennar, og það hefir sömu afleiðingar.

Sè það gjört án vitorðs hennar eða vilja, þá varðar það

1869. 25. júní. hegningarvinnu í 4 ár og allt að 16 árum, eða æfilangt ef mjög miklar sakir eru.

195. grein.

Ef kvennmaður, sem hefir orðið barnshafandi utan hjónabands, elur barn í dulsmáli, og það reynist á eptir, að barnið er daudt, en það verður þó ekki sannað, að það hafi dáið á undan fæðingunni, þá skal hún sæta betrunarhúsvinnu, ef ekki liggur að öðru leyti þyngri hegning við athæfi hennar, eða þá fangelsi ef málsbætur eru, ekki samt vægara en 4 mánaða einföldu fangelsi.

196. grein.

Ef að kvennmaður, sem hefir orðið barnshafandi utan hjónabands, annars fer óviðurkvæmilega að ráði sínu í barnsburðinum, og það reynist á eptir, að barnið er daudt, en það verður þó ekki sannað, að barnið hafi dáið á undan fæðingunni, þá skal hún sæta betrunarhúsvinnu allt að 2 árum, eða fangelsi ef málsbætur eru, ekki samt vægara en 2 mánaða einföldu fangelsi.

197. grein.

Hver, sem deyðir annan mann fyrir brýna beiðni hans, skal sæta betrunarhúsvinnu eða fangelsi ef mjög miklar málsbætur eru, ekki samt vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi.

Ef nokkur hjálpar öðrum manni til þess að bana sjálfum sèr, þá skal hann sæta fangelsi.

198. grein.

Beri maður út nýfædt barn eða yfirgefi mann, sem hann átti að sjá um, í því ástandi, að hann getur enga björg sèr veitt, þá varðar það betrunarhúsvinnu, eða ef málsbætur eru, einkum ef það verk eigi hefir valdið lífi eða heilbrigði þess, er fyrir hefir orðið, hættu, þá fangelsi ekki vægara en 2 mánaða einföldu fangelsi. Hafi það hlotizt af athöfn þessari, að barnið, sem borið var út, eða maðurinn, sem yfirgefinn var, hafi beðið bana eða töluverða líkamlega skemmd (206. grein), án þess þó að til þess væri ætlazt, má færa hegninguna upp allt að 12 ára typtunarhúsvinnu.

199. grein. 1869.

Sömu hegningu skal sá sæta, sem annaðhvort úthýsir ferða- 25. júní.
manni eða segir honum rangt til vegar þegar svo er ástatt, að hann hefði átt að geta séð, að ferðamaðurinn af því mundi komast í það ástand, að hann gæti enga björg sér veitt.

200. grein.

Ef að manns bani hlýzt af gáleysi annars manns, þá varðar það fangelsi ekki vægara en hálfs mánaðar einföldu fangelsi eða sektum ekki minni en 10 rd., ef að verkið ekki er svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því. Sé mjög miklar sakir, má beita betrunarhúsvinnu allt að 2 árum.

201. grein.

Láti nokkur farast fyrir að koma manni til hjálpar, sem er staddur í lífsháska, þó hann gæti gjört það án þess að stofna lífi eða heilbrigði sjálfs síns í háska, þá varðar það fangelsi eða sektum, ef maðurinn bíður bana. Sömu hegning skal sá maður sæta, sem ekki annast um, að neytt sé þeirra bjargarmeðala, sem fyrir hendi eru, til þess að lífga hengda menn eða druknaða eða þá sem á annan hátt eru eins og dauðir.

Átjándi kapítuli.

Um líkamlegt ofbeldi og líkamlegar meiðingar.

202. grein.

Hver, sem veður uppá annan mann með höggum og barsmíði eða öðru líkamlegu ofbeldi, en veitir honum samt ekki áverka eða annan skaða, skal gjalda sektir, ef sá, sem misgjört er við, höfðar mál og krefst þess; þó má beita fangelsis-hegningu eptir málavöxtum, einkum ef ofbeldið hefir verið fyrirhugað.

203. grein.

Sé slíkt ofbeldi haft í frammi við foreldra eða aðra ættingja í beinan ættlegg uppá við, þá varðar það fangelsi, ekki vægara en 4 mánaða einföldu fangelsi, eða betrunarhúsvinnu allt að 2 árum.

204. grein.

Ef maður misþyrmir konu sinni eða kona manni sínum,

1869. 25. júní. og þau eru samvistum, þá varðar það fangelsi þó ekki hljótist áverki eða annar skaði af því, eða betrunarhúsvinnu allt að 2 árum ef miklar sakir eru.

Sömu hegningu skal sá sæta, sem misþyrmir börnum sínum eða annara börnum, sem honum er trúað fyrir til umönnunar.

205. grein.

Veiti nokkur öðrum manni áverka eða heilsutjón, en það kveður þó ekki eins mikið að því, eins og gjört er ráð fyrir hèr á eptir í 206. grein, þá varðar það fangelsi, eða hegningarvinnu ef miklar sakir eru, og í tilfellum þeim, sem um er rædt í 203. og 204. grein má beita hegningarvinnu allt að 4 árum. Hafi ofbeldisverkið ekki verið framið af fyrirhuguðu ráði, má færa hegninguna niður í sektir ef aðrar málsbætur eru, ekki samt minni en 10 rd.

Í tilfellum þeim, sem hèr er rædt um, má málssókn falla niður, ef sá krefst þess, sem misgjört er við, og ekki hefir orðið neitt tjón að marki.

206. grein.

Ef maður limlestir annan mann, blindar hann eða gjörir heyrnarlausan, eða gjörir honum svo mikinn skaða, að honum verður ónýt hönd eða fótur, auga eða annar limur jafnaríðandi eða að líkams- eða sálarkraptar hans veikjast svo mjög að öðru leyti, að hann er óhæfur til að gegna embættisskyldum sínum eða hversdagslegum störfum annaðhvort fyrir fullt og allt ellegar um langan ótiltekinn tíma, þá varðar það hegningarvinnu allt að 12 árum, ef ofbeldismaðurinn annaðhvort vildi gjöra hinum slíkan skaða, eða hann hlaut að sjá fyrir, að það væri líklegt eða ekki ósennilegt, að slíkt hlytist af verki hans.

207. grein.

Hafi maður framið annað eins ofbeldisverk, og um er rædt í 206. grein, í ákaflegri bræði, er sá, sem fyrir ofbeldinu varð, hafði vakið hjá honum með misþyrmingu eða annari stórri misgjörð við sjálfan hann eða þá, sem eru honum nánastir, má færa hegninguna niður í fangelsi ef aðrar málsbætur eru, ekki samt vægara en 3 mánaða einfalt fangelsi.

208. grein. 1869.

Ef að tveir menn eða fleiri berja hver á öðrum eða hafa í frammi hver við annan annað ofbeldi, sem 202. grein á við um, og höfðuð er málssókn útaf því, þá má hegningar tilverknaður annars málspartsins eða beggja falla niður eptir því hvernig á stendur. 25. júní.

Ef manni er í áflogum gjörður annar eins skaði og 206. grein ræðir um, má færa hegninguna niður jafnvel í 2 mánaða einfalt fangelsi ef málsbætur eru að öðru leyti.

209. grein.

Ef önnur eins líkamleg meiðing, og um er rædt í 206. grein, hlýzt af gáleysi annars manns, þá varðar það fangelsi eða sektum.

Nítjándi kapítuli.

Um einvígi.

210. grein.

Hver, sem heyjir einvígi, skal sæta einföldu fangelsi. Ef maður vegur annan mann eða veitir honum töluverðan áverka í einvígi (206. grein), þá varðar það að minnsta kosti 3 mánaða fangelsi. Hafi þeir komið sèr saman um að halda einvíginu áfram þangað til annarhvor þeirra biði bana, má færa hegninguna upp allt að 5 ára ríkisfangelsi.

Hafi nokkur í einvíginu með því af ásettu ráði að brjóta á móti siðvenju eða samkomulagi valdið bana hins eða veitt honum áverka, þá skal beita hinni almennu lögákveðnu hegningu, sem við á eptir málavöxtum.

211. grein.

Einvígisvottar skulu sæta einföldu fangelsi ekki skemur en 2 mánuði, ef það var á þeirra vitorði, að halda skyldi einvíginu áfram þangað til annaðhvor biði bana, og þeir hafa ekki staðið á móti því, að slíku samkomulagi væri fram fylgt, eða ef þeir af ásettu ráði brjóta á móti skyldum þeim, er hvíla á þeim eptir siðvenju eða samkomulagi.

1869. 25. júní.

Tuttugasti kapítuli.

Um að raska frelsi manna.

212. grein.

Ef að maður með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi ólöglega neyðir annan mann til að gjöra eitthvað, þola eitthvað eða láta hjá líða að gjöra eitthvað, þá varðar það sektum eða fangelsi, eða betrunarhúsvinnu allt að einu ári ef miklar sakir eru, ef að breytni hans ekki er svo vaxin, að þyngri hegning liggi við henni.

213. grein.

Hver, sem heimildarlaust bindur mann eða byrgir hann inni eða á annan hátt sviptir hann frelsi sínu, skal sæta fangelsi, eða betrunarhúsvinnu allt að 2 árum ef miklar sakir eru. Hafi þetta athæfi valdið því, að maður hafi verið sviptur frelsi sínu um nokkuð langan tíma, eða það hafi haft skaðleg áhrif á geðsmuni hans eða heilsufar, eða ef maður er fluttur burtu í önnur lönd, eða settur á afskekktan stað, svo að hann getur ekki komizt burtu þaðan af sjálfs síns rammleik, eða fenginn mönnum á vald, sem ekki eiga neinn rjett á því, þá má beita hegningarvinnu á hærra stigi, og ef miklar sakir eru getur hegningin jafnvel orðið 12 ára typtunarhúsvinna.

214. grein.

Í tilfellum þeim, sem um er rædt í 212. grein og fyrri kafla 213. greinar, skal því að eins höfða opinbera málssókn, að álíta megi, að unnið sè til þyngri hegningar en sekta eða einfalds fangelsis. Hafi verið höfðuð opinber málssókn, og dómendurnir álíta, að ekki sè unnið til þyngri refsingar, skal því að eins kveðið á um hegningu, að sá, sem misgjört er við, krefjist að hinn sè dæmdur, sem málið er höfðað á móti.

215. grein.

Ef að nokkur með brögðum eða valdi sviptir foreldra eða aðra vandamenn barni, sem er yngra en 15 ára, eða heldur því fyrir þeim, þá varðar það fangelsi ekki vægara en 2 mánaða einföldu fangelsi, eða hegningarvinnu allt að 8 árum ef miklar

sakir eru, einkum er það er gjört í ábata skyni eða í ósiðsömum tilgangi. 1869. 25. júní.

216. grein.

Að því er snertir refsingu fyrir að verzla með svertingja og hlutdeild í þeim glæp, skal standa við það, sem fyrir er mælt í tilskipun 3. júlímán. 1835, er hún er borin saman við 2. kap. 12.—17. grein í lögum þessum.

Tuttugasti og fyrsti kapituli.

Um ærumeiðingar.

217. grein.

Ef maður meiðir æru annars manns, annaðhvort með því að drótta að honum ástæðulaust, að hann hafi framið þau verk, sem mundu gjöra hann óverðugan virðingar samþegna hans, eða nefna hann þeim nöfnum, sem að eins væri heimild til, ef hann hefði breytt þannig, þá varðar það sektum frá 10 rd. til 200 rd. eða einföldu fangelsi í hálfan mánuð eða lengur allt að 6 mánuðum.

218. grein.

Sè þetta gjört á prenti eða á annan þann hátt, að ærumeiðingin breiðist út, eða á þeim stað eða tíma, að það eykur mjög það sem meiðandi er í orðunum, þá varðar það einföldu fangelsi ekki skemur en 3 mánuði, eða sektum ekki minni en 50 rd.

219. grein.

Fyrir annan ástæðulausan áburð, sem hlýtur að verða virðingu þess, er fyrir verður, til hnekkis, og fyrir ókvæðisorð eða skammaryrði, svo og fyrir hverja móðgun í látæði eða annari athöfn, sem lýsir óvirðingu, skal gjalda sektir allt að 200 rd. eða það varðar einföldu fangelsi allt að 6 mánuðum.

220. grein.

Í tilfellum þeim, sem um er rædt í 217.—219. grein, á þar á ofan að dæma hin óviðurkvæmilegu orð ómerk, ef sá krefst þess, sem misboðið er.

221. grein.

Ef að móðguninni er snúið uppá þann, sem móðgar, sjálfan,

1869. 25. júní. mega dómendurnir annaðhvort dæma báða málsparta eða annan þeirra í vægari hegningu eða jafnvel láta hegninguna falla alveg niður eptir málavöxtum.

222. grein.

Að skýra svo frá opinberlega um hagi einstakra manna og heimilisástæður, að það raski friði manna á milli, varðar sektum frá 5 rd. til 100 rd. eða einföldu fangelsi allt að 3 mánuðum.

223. grein.

Hver, sem raskar friðhelgi heimilisins með því að ryðjast heimildarlaust inn í híbýli annars manns, eða að synja að fara út úr þeim, þegar skorað er á hann að gjöra það, skal sæta sektum allt að 100 rd. eða einföldu fangelsi allt að 3 mánuðum.

224. grein.

Sömu hegningu skal sá sæta, sem heimildarlaust hnýsist í brèf annars manns.

225. grein.

Útaf athæfi því, sem um er rædt í þessum kapítula, getur enginn höfðað málssókn nema sá, sem misboðið er, eða sá, sem að lögum hefir heimild til að vera fyrir hans hönd. Sè sá dáinn, sem meiðyrtur er, þá á það hjónanna, sem eptir lifir, foreldrar, börn eða systkin rètt á að höfða málssókn útaf meiðyrðunum, hvort sem þau hafa verið látin uppi að honum lifandi eða eptir að hann var dáinn.

Tuttugasti og annar kapítuli.

Um rangar sakargiptir og kærur.

226. grein.

Hver, sem kemur því til leiðar með röngum uppljóstri um að lagabrot sè framið, að hið opinbera fer að gjöra gangskör að að komast fyrir það, skal sæta fangelsi eða sektum, ef að hann ekki hefir ætlað sèr að koma neinu öðru illu á stað með því.

227. grein.

Hver, sem móti betri vitund segir yfirvaldi frá um mann, að hann hafi drýgt glæp, sem hann er saklaus af, skal sæta

fangelsi, eða hegningarvinnu allt að 6 árum eptir málavöxtum, einkum ef líflát eða hegningarvinnu er í lögum lögð við glæp þeim, sem sagt var, að drýgður hafi verið. 1869. 25. júní.

228. grein.

Hver, sem ber bersýnilega rangar kærur upp við konung, stjórnarráðin eða yfirvöldin eða við alþingi, skal sæta fangelsi eða sektum, eða betrunarhúsvinnu allt að 1 ári ef miklar sakir eru, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt niðurlagsákvörðuninni í 227. grein. Sè það málaflutningsmaður eða einhver annar embættismaður, sem verður brotlegur á þenna hátt, eða tælir aðra eða hjálpar þeim til þess, þá skal dæma hann þar á ofan eptir atvikum af embættinu.

229. grein.

Ef að maður hefir óviðurkvæmileg eða ósæmileg orðatiltæki í bænarskrá eða kæruskjali til konungs, stjórnarráðanna eða yfirvaldanna eða til alþingis, þá varðar það sektum.

Sömu hegningu skal sá sæta, sem hefir ritað á bænarskrá eða kæruskjal, að hann hafi samið það, en það er ósatt.

Tuttugasti og þriðji kapítuli.

Um þjófnað og gripdeild.

230. grein.

Hver, sem verður brotlegur í einföldum þjófnaði, skal í fyrsta skipti sæta fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en 5 daga, samt má þyngja hegninguna allt að 2 ára betrunarhúsvinnu ef miklar sakir eru, einkum ef það, sem stolið er, er mikils virði, ef að innsigli hefir verið brotið, eða hirzla brotin eða stungin upp, eða henni verið lokið upp með þjófalykli eða stolnum lykli, ef stolið hefir verið frá skipbrotsmönnum, í eldsvoða eða þess konar misferlum, eða ef þjófurinn var í þjónustu þess, sem hann stal frá, eða hann að öðru leyti hafði sèrlegt færi á að drýgja þjófnaðinn, vegna einhvers þess, sem þeir áttu saman að sælda.

231. grein.

Stórþjófnaður varðar hegningarvinnu allt að 8 árum í fyrsta skipti sem hann er framinn; en það er stórþjófnaður:

1869. 25. júní.

1. ef maður stelur hestum, nautpeningi eða sauðfé útá víðavangi eða úr hesthúsum eða búfjárhúsum;
2. ef maður stelur úr kirkju munum, sem til kirkjunnar heyra eða eru til þess ætlaðir að vera notaðir við einhverja kirkjulega athöfn, svo og ef maður brýtur gjafastokk kirkjunnar upp og stelur úr honum;
3. ef maður stelur nokkru því, sem sent er með pósti, meðan það er undir umsjón póststjórnarinnar, og heyrir þar undir einnig brèfaþjófnaður;
4. ef að þjófurinn hefir með ofbeldi, eða stingtólum, þjófalyklum eða stolnum lyklum komizt inn í hús, garð, er til þess heyrir, herbergi, lokuð loptsrúm eða kjallararúm eða niður í skip, eða hann hefir gjört það með því að klifra yfir hús, múr eða einhverja aðra slíka girðingu, eða með því að fara inn um glugga, reykhafa eða önnur þess konar op, sem ekki eru ætluð til að ganga inn um. Hafi þjófurinn á einhvern þann hátt, er nú var sagt, á næturþeli komizt inn á einhvern þann stað, er menn búa, eða herbergi, sem þar eru og menn búa í, eða hann hefir læðzt þar inn til þess að geta stolið á næturþeli, á að hafa tillit til þess þegar hegningin er ákveðin henni til þyngingar;
5. ef þjófurinn hefir verið undir það búinn, að taka til vopna eða annara þess konar háskalegra verkfæra sèr til varnar.

232. grein.

Hver, sem einu sinni hefir verið dæmdur fyrir þjófnað, og verður síðan brotlegur í einföldum þjófnaði, skal sæta fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en þrenna 5 daga, eða betrunarhúsvinnu allt að 4 árum.

Sè það stórþjófnaður, sem hann nú verður brotlegur í, þá varðar það hegningarvinnu 8 mánuði og þaðan af lengur allt að 10 árum.

233. grein.

Hafi maður tvisvar verið dæmdur fyrir þjófnað og verði þar á eptir brotlegur í einföldum þjófnaði, skal hann sæta hegn-

ingarvinnu allt að 6 árum. Sè það stórþjófnaður, sem hann nú verður brotlegur í, skal hann sæta hegningarvinnu í 1 ár og þaðan af lengur allt að 12 árum. 1869. 25. júní.

234. grein.

Steli maður í 4. sinn eða optar, þá varðar það hegningarvinnu í 1 ár og þaðan af lengur allt að 10 árum, ef seinasti þjófnaðurinn er einfaldur, en ef það er stórþjófnaður þá í 2 ár eða lengur allt að 16 árum, eða æfilangt ef mjög miklar sakir eru.

235. grein.

Ef barn stelur, sem er 10 til 15 ára, skal því refsað með hýðingu með vendi eða einföldu fangelsi eða báðum þeim refsingum saman.

236. grein.

Fyrir að taka burt rótföst trè eða nokkuð af þeim skal refsað eins og fyrir annan þjófnað.

237. grein.

Ef að hluturinn, sem tekinn er, er svo lítils virði og honum að öðru leyti er svo varið, og atvikunum, þá er hann var tekinn, var svo sèrstaklega háttað, að verkið fyrir þessar sakir verður ekki nærri því eins saknæmt og þjófnaður almennt — t. a. m. ef maður tekur aldin í garði annars manns eða á akri hans, eða matvæli eða drykk til þess að neyta þess þegar í stað, og engin önnur atvik eru, sem gjöra málsstað hans verri — þá varðar það sektum allt að 25 rd. eða einföldu fangelsi allt að 1 mánuði. Opinbera málssókn skal því að eins höfða, að sá krefjist þess, sem misgjört er við.

238. grein.

Ef að maður tekur hlut annars manns á ólöglegan hátt án þess að ætla sèr að kasta eign sinni á hann eða svipta eigandann honum, heldur að eins til þess að nota hann til einhvers um tíma, þá varðar það fangelsi eða sektum. Opinbera málssókn skal því að eins höfða, að sá krefjist þess, sem misgjört er við.

239. grein.

Hver, sem verður brotlegur í gripdeild, skal sæta sömu hegningu og fyrir þjófnað.

1869. 25. júní.

240. grein.

Verði maður brotlegur í hylmingu með því að kaupa eða taka á annan hátt við þjófstolnum munum eða leggja launung á þá, en hann hefir þó ekki gjört það eptir samkomulagi á undan, þá varðar það í fyrsta skipti fangelsi við vatn og brauð eða betrunarhúsvinnu allt að 1 ári, í annað skipti fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en 5 daga eða betrunarhúsvinnu allt að 2 árum, þriðja skipti fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en tvenna 5 daga eða betrunarhúsvinnu allt að 3 árum, og verði honum það optar, þá fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en ferna 5 daga eða hegningarvinnu allt að 6 árum.

241. grein.

Ef maður leggur í vana sinn að kaupa eða taka á annan líkan hátt við þjófstolnum munum, eða hann hefir það fyrir atvinnuveg, þá skal hann í fyrsta skipti sæta fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en ferna 5 daga eða hegningarvinnu allt að 4 árum og má þyngja hegninguna allt að 8 árum, ef hann verður optar brotlegur.

242. grein.

Verði maður annars samsekur með öðrum í þjófnaði, skal honum refsað eptir því sem fyrir er mælt í 5. kap. laga þessara, á þann hátt að, ef hann hefir verið dæmdur áður fyrir þjófnað eða hlutdeild í þjófnaði einu sinni eða optar, skal ákveða hegninguna að tiltölu við refsingar þær, sem lagðar eru við þjófnaði drýgðum í annað skipti eða optar.

Verði maður, sem áður hefir verið dæmdur fyrir aðra hlutdeild í þjófnaði en hylmingu, brotlegur í þjófnaði, má ekki dæma hann í vægari hegningu en þó að hann nú hefði aptur orðið brotlegur í þess konar hlutdeild.

243. grein.

Þeir dómar, sem áður hafa verið lagðir á mann fyrir þjófnað eða aðra hlutdeild í þjófnaði en hylmingu, skulu teknir til greina til þyngingar hegningunni, ef hann á eptir verður brotlegur í hylmingu, eins og hefði hann þá verið dæmdur fyrir hylmingu.

Hafi maður, sem nú á að dæma fyrir þjófnað eða hlutdeild

í þjófnaði, áður verið dæmdur fyrir hylmingu, má að minnsta kosti ekki dæma hann í vægari hegningu, en þó að hið nýja afbrotið væri hylming. 1869. 25. júní.

244. grein.

Ef maður hefir komizt ráðvandlega að þjófstolnum munum, en leggur launung á þá, þegar þeim er lýst, og það er líklegt eptir málavöxtum, að honum hafi ekki gengið annað til en uppburðarleysi í svipinn eða hræðsla, skal hann að eins sæta sektum eða einföldu fangelsi, og má hegningin jafnvel falla alveg niður, ef hann kemur sjálfkrafa með munina.

Tuttugasti og fjórði kapituli.

Um rán og hótanir.

245. grein.

Hver, sem með líkamlegu ofbeldi eða hótunum um að beita því þegar í stað, tekur af manni eða neyðir útúr manni peninga, fjármuni, skriflega skuldbinding eða annað skjal, sem er undirstaða réttinda, eða gæti bakað þeim, sem á er ráðizt, eða öðrum skuldbindingar eða svipt hann eða aðra réttindum, svo og hver sá, sem hefir slíkt ofbeldi eða hótanir í frammi til þess að fullkomna að komast yfir eign annars manns eða til þess að koma því, sem hann hefir tekið, á vissan stað, skal sæta hegningarvinnu í 1 ár og þaðan af lengur allt að 10 árum. Hafi manni verið misþyrmt að marki, eða sérlegur háski að öðru leyti verið búinn af verkinu, og ef sá, sem misgjörir, hefir áður verið dæmdur fyrir rán, stórþjófnað eða margítrekaðan þjófnað, getur hegningin komizt upp í 16 ára typtunarhúsvinnu, og sé mjög miklar sakir þá í typtunarhúsvinnu æfilangt.

246. grein.

Gjöri maður sig brotlegan í ránskap á sjó eða gjöri út skip til þess, þá varðar það typtunarhúsvinnu æfilangt, eða lífláti eptir málavöxtum einkum ef manns bani hefir hlotizt af atlögunni.

247. grein.

Hver, sem hótar manni tjóni á lífi, limum, frelsi, æru eða fjármunum í því skyni að afla sér eða öðrum ávinnings, en

1869. 25. júní. athæfi hans verður samt ekki heimfært undir 245. grein, skal sæta hegningarvinnu allt að 6 árum, eða fangelsi ef málsbætur eru, ekki samt vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi.

248. grein.

Ef að maður, sem áður hefir verið dæmdur samkvæmt 245.—247. grein, þar á eptir verður brotlegur í þjófnaði, þá skulu þeir dómar hafa sömu áhrif, og hefðu þeir verið þjófnaðardómar.

Enn fremur skulu áfellisdómar fyrir hlutdeild í ráni og fyrir hylming og aðra hlutdeild í þjófnaði settir jafnfætis hvorir öðrum að því er snertir áhrif þau, er ítrekun glæpa hefir samkvæmt 240., 242. og 243. grein.

Tuttugasti og fimmti kapituli.

Um ólögmæta meðferð á fundnum fjármunum og ýmsar misgjörðir samkynja.

249. grein.

Hver, sem ekki lýsir munum, sem hann finnur, skal sæta fangelsi, og má færa hegninguna upp allt að 2 ára betrunarhúsvinnu ef mjög miklar sakir eru, sèr í lagi ef það verður optar en einu sinni. Hins vegar má færa hegninguna niður í sektir eða jafnvel láta hana falla alveg niður ef hluturinn, sem fannst, er lítils virði og öll atvik að öðru leyti eru til afbötunar.

250. grein.

Ákvarðanirnar í næstu grein á undan eiga einnig við um þann mann, sem leggur launung á eða kastar eign sinni á fjármuni annars manns, sem á annan hátt eru komnir af hendingu í vörzlu hans.

251. grein.

Dragi maður undir sig fjármuni af skipbroti eða fari á annan hátt óráðvandlega með þá, skal hann sæta fangelsi við vatn og brauð, eða einföldu fangelsi eða sektum ef málsbætur eru; samt má færa refsinguna upp allt að 4 ára hegningarvinnu ef miklar sakir eru.

252. grein. 1869.

Ræni maður lík, en athæfi hans er samt svo vaxið, að 25. júní.
það ekki verður álitið þjófnaður, þá varðar það fangelsi, eða betrunarhúsvinnu allt að 2 árum ef miklar sakir eru.

Tuttugasti og sjötti kapituli.

Um svik.

253. grein.

Ef að nokkur hefir af öðrum manni peninga eða fjármuni með því að segjast vera annar en hann er, eða með því að látast hafa heimild til að reka erindi annars manns, eða ef nokkur tekur sviksamlega við því, sem annar maður heldur að hann sè skyldur til að borga eða selja honum í hendur, af því að sá maður hefir ekki rètta vitneskju um, hvernig á stendur, eða ef nokkur tælir annan mann með rangri sögusögn til þess að kaupa eða taka við hlut, er hann heldur sè allur annar eða miklu meira virði en hann er, eða ef nokkur tekur vörur að láni, og ætlar sèr ekki að borga þær, þá varðar það fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en 5 daga eða betrunarhúsvinnu allt að 2 árum, og má þyngja refsinguna allt að 6 ára hegningarvinnu ef mjög miklar sakir eru, og eins ef manni verður sá glæpur á optar.

254. grein.

Sömu hegningu skal hver sá sæta, sem til þess að halda fyrir manni, því sem hann hefir lögmætt tilkall til, synjar að hafa tekið við því, sem honum hefir verið trúað fyrir að láni, hvort sem það er peningar eða annað, eða til leigu eða geymslu eða að veði eða á annan slíkan hátt, sömuleiðis hver sá, sem í sviksamlegum tilgangi þrætir fyrir að honum hafi verið skilað einhverju aptur eða borgað eitthvað, sem þó hefir verið gjört, eins hver, sem dregur undan og undir sig fjármuni dánarbús, eða dregur dulur á kröfu, sem því ber, og hann er skyldur að segja til, eða kemur fram með ósannar kröfur í dánarbúi eða í öðru því tilfelli, er vænta má að þær verði teknar gildar af því að þeir, sem í hlut eiga, vita ekki hvernig á stendur, eða sviptir mann í sviksamlegum tilgangi því, sem hann þarf til að

1869. 25. júní. koma fram lögmætri kröfu eða verjast rangri kröfu, með því að ná frá honum skjölum eða eyðileggja þau eða gjöra þau einkis nýt, eða selur eða veðsetur muni sína til mála myndar til þess að svipta skuldaheimtumenn sína færi á að fá það, sem þeim ber.

255. grein.

Sömu hegningu skal enn fremur hver sá sæta, sem í sviksamlegum tilgangi selur eða veðsetur eða tekur undir sig á annan sviksamlegan hátt, svo eignarréttindi hins rétta eiganda gætu farizt, einhverja þá fjármuni, sem honum hefir verið trúað fyrir að láni eða leigu eða til geymslu eða umráða eða að veði, eða annar maður hefir eignazt eitthvert það tilkall til, að réttindi þau, sem téður gjörningur hefði átt að veita, ekki verða rýmd saman við það, svo og hver sá, sem sviksamlega flytur burtu eða felur kyrrsetta fjármuni.

256. grein.

Hafi maður heimildarlaust notað annars manns peninga í sjálfs síns þarfir, en ekki samt komizt að þeim til þess að geta notað þá með því að brjóta upp innsigli eða lás fyrir þeim, og hann heldur ekki sviksamlega ber á móti því, að hann hafi tekið við þeim, þá er það komið undir þeim, sem misgjört er við, hvort að hann vill láta höfða málssókn útaf því og eins getur hann, þangað til dómur er upp kveðinn, fallið frá að láta halda málinu lengra áfram, og ef að sá sem misgjörði bætir það upp, sem hann hefir eydt, áður en dómur hefir verið lagður á málið fyrir lægsta dómstóli, þá fellur allur tilverknaður til hegningar niður.

257. grein,

Hegningu þeirri, sem sett er í 253. grein, skal sömuleiðis hver sá sæta, sem hefir svik í frammi í spilum, og eins sá, sem hefir af manni peninga eða fjármuni með signingum, þulum, særingum, spám eða fyrir önnur slík hindurvitni.

258. grein.

Ef að svo lítið kveður að svikum, sem annars hefði átt að refsa eptir 253. grein, eða ef atvikum þeim, er að því liggja, er að öðru leyti svo sérstaklega varið, að þau eru miklu minna

hegningarverð en svik jafnaðarlega, má beita hegningu í einföldu fangelsi allt að 2 mánuðum, eða sektum allt að 25 rd. ef sérlegar málsbætur eru. Opinberri málssókn má sleppa, ef sá er því samþykkur, sem misgjört er við. 1869. 25. júní.

259. grein.

Sviksamlegar athafnir, sem eru áþekkar þeim, sem um er rædt í 253.—257. grein, en ekki verða samt álitnar þeim alveg jafnar, varða sektum eða fangelsi. Opinberri málssókn má sleppa, ef sá er því samþykkur, sem misgjört er við.

260. grein.

Hver, sem dregur undir sig sviksamlega nokkuð, sem sent er með pósti, og er undir umsjón hans, skal sæta hegningarvinnu allt að 8 árum.

261. grein.

Hver sá, sem hefir nokkur svik í frammi, er hann festir sér eða hefir fest sér ábyrgð á tjóni á sjó eða af eldsvoða eða öðru tjóni, skal sæta hegningarvinnu allt að 6 árum eða fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en tvenna 5 daga, hvar svo sem ábyrgðin er fengin.

262. grein.

Ef að bú manns er tekið til skipta sem þrotabú, og hann eptir það eða um þær mundir, er hann hlaut að sjá fyrir, að gjaldþrotið vofði yfir, hefst af sèrdrægni nokkuð það að, er miðar til þess, að lögmætar eigur eða kröfur búsins ekki renni inn í það, eða að komið verði fram með rangar kröfur við búið, eða ef nokkur maður um það leyti, er síðast var á vikið, útvegar sèr ný lán í sama tilgangi, þá varðar það hegningarvinnu allt að 6 árum eða fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en tvenna 5 daga.

263. grein.

Ef að nokkur maður, sem svo er ástatt fyrir, sem segir í næstu grein á undan, hefst nokkuð það að, er miðar til að draga ólöglega taum sumra skuldaheimtumannanna hinum til tjóns, en án þess að ætla sjálfur að ábatast á því, t. a. m. með því að selja muni fyrir of lítið andvirði að tiltölu, eða með því að nota það, sem hann hefir undir hendi, til þess að borga

1869. 25. júní.

sumum skuldaheimtumönnunum fremur öðrum, eða með því að gefa út skjöl, er ættu að gefa sumum af skuldaheimtumönnunum rèttindi fram yfir hina þá er þrotabúinu er skipt, þá varðar það fangelsi við vatn og brauð, eða einföldu fangelsi ef málsbætur eru, ekki samt skemur en 1 mánuð.

264. grein.

Ef að nokkur maður, sem er skyldur að hafa verzlunarbækur, og bú hans hefir verið tekið til skipta sem þrotabú, verður uppvís að að hafa falsað bækur þessar, komið þeim undan eða ónýtt þær, eða fært óráðvandlega til í þær, eða látið í sviksamlegum tilgangi hjá líða að færa til í þær, þá varðar það fangelsi við vatn og brauð eða betrunarhúsvinnu allt að 2 árum.

Hafi sá, sem orðinn er gjaldþrota, sýnt sig í stórkostlegri óreglusemi að því, hvernig hann hefir haldið verzlunarbækur sínar, skal honum refsað í einföldu fangelsi allt að 6 mánuðum.

265. grein.

Ef að nokkur maður, er bú hans er tekið til skipta sem þrotabú, verður uppvís að að hafa bakað skuldaheimtumönnum sínum mikilvægt tjón með eyðslusamlegum lifnaði, með því að spila um mikið fé, með hættulegum fyrirtækjum, sem eru efnahag hans ofvaxin, eða með annari þess konar gálauslegri breytni, þá skal honum refsað í fangelsi, ef nokkur, sem á skuld að heimta í búinu, fer fram á það.

Tuttugasti og sjöundi kapítuli.

Um peningafals, um að skrifa eptir skjölum eða falsa þau og um annað fals.

266. grein.

Hver, sem býr til eptirmynd danskra peninga eða seðla þjóðbankans, skal sæta 2 til 12 ára hegningarvinnu, og hver, sem falsar þá, 1 til 6 ára hegningarvinnu.

Glæpurinn er fullkomnaður undir eins og búið er að búa til eða falsa peninginn eða seðilinn, þó ekki sè búið að láta hann úti.

267. grein.

Hver, sem býr til eptirmynd útlendra peninga eða útlendra

brèfpeninga, skal sæta hegningarvinnu í 1 ár og allt að 8 árum, þó ekki hafi átt að láta þá úti á Íslandi, og hver, sem falsar þá, skal sæta hegningarvinnu allt að 4 árum. 1869. 25. júní.

268. grein.

Eigi nokkur maður þátt í peningafalsi, sem drýgt hefir verið erlendis með þeim atvikum, að frumkvöðlinum ekki verður refsað í hinu danska ríki, og hlutdeild hans er í því fólgin að koma út falspeningunum á Íslandi, skal hann sæta sömu refsingu og hefði hann sjálfur búið peningana til.

269. grein.

Ef að nokkur maður lætur úti peninga, sem hann veit eða hefir grun um að sè eptirmyndaðir eða falsaðir, en breytni hans verður samt ekki álitin hlutdeild í sjálfu peningafalsinu, þá varðar það betrunarhúsvinnu allt að 2 árum eða fangelsi. Hafi hann sjálfur haldið, að peningarnir væru ósviknir, þegar hann fèkk þá, skal hann sæta fangelsi eða sektum.

270. grein.

Hver, sem skrifar ranglega annars manns nafn undir erfðaskrá, samning, skuldabrèf, framsal, ávísun, ábyrgð, umboðsbrèf, kvittun eða annað þess konar skjal, sem miðar til að veita einstökum mönnum rèttindi eða losa þá undan skuldbindingum, skal sæta 1 til 8 ára hegningarvinnu; samt má færa hegninguna niður í fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en ferna 5 daga, ef um lítilræði er að tefla, eða mjög miklar málsbætur eru að öðru leyti, einkum ef sá, sem misgjörir, hvorki hefir bakað öðrum tjón, nè ætlað sèr að gjöra það.

271. grein.

Sè það ríkisskuldabrèf, víxlbrèf eða annað þess konar skjal, ætlað til að ganga manna á meðal, sem glæpurinn hefir komið fram á, þá varðar það 1 til 12 ára hegningarvinnu.

Sömu hegningu varðar það, ef nokkur maður á sama hátt ranglega býr til stjórnarráðs eða yfirvalds úrskurð, dómsgjörðir eða nokkurt annað opinbert skjal, er ætti að setja skuldbindandi reglu eða gjöra út um eitthvað, eða þá hafa lagasönnun í sèr fólgna.

1869. 25. júní.

272. grein.

Skrifi nokkur annars manns nafn ranglega undir bænarskrár, vottorð, vegabréf eða önnur skjöl, sem eptir eðli sínu eru ekki eins mikils varðandi og skjöl þau, sem getið er um í 270. og 271. grein, þá varðar það fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en tvenna 5 daga eða hegningarvinnu allt að 4 árum.

273. grein.

Samt má færa niður hegningar þær, sem settar eru í 270.—272. grein, um helming eptir málavöxtum, ef að skjal það er falsað var, hefir ekki verið sérlega hættulegt sökum bersýnilegra galla, sem á því eru.

274. grein.

Hver, sem skrifar eptir nafni konungs, skal sæta hegningarvinnu, ekki samt skemur en í 2 ár.

275. grein.

Hver, sem ranglega fyllir eyður í skjali, sem gjört er í nafni annars manns og hann hefir ritað nafn sitt undir en ekki enn þá ætlazt til að væri látið af hendi, eða setur innsigli á það, er þess þarf við til þess að skjalið hafi fullt gildi, skal sæta sömu hegningu, eins og hefði hann ritað nafn ranglega undir það.

276. grein.

Sá, sem falsar efni nokkurs skjals, skal einnig sæta sömu hegningu, og ef hann hefði ritað ranglega nafn annars manns undir það. Sé fölsunin svo auðsèð, að menn ekki gætu blekkzt af henni nema af stakri óvarkárni, má færa hegninguna niður allt til helminga eptir málavöxtum.

277. grein.

Ef maður ritar undir skjal nöfn, er hann finnur sjálfur upp, eiga við það ákvarðanir þær, sem settar eru um að rita ranglega nafn annars manns undir skjal af sama tagi, en þannig, að hegningin sè færð niður að tiltölu allt að helmingi eptir málavöxtum.

278. grein.

Afbrot þau, sem um er rædt í 270.—277. grein, ber að álíta fullkomnuð, undir eins og falsarinn hefir notað skjalið eða látið það frá sèr til þess að annar maður noti það, án þess að

tillit sè haft til þess, hvort nokkur maður hefir verið svikinn á því. 1869. 25. júní.

279. grein.

Hver, sem í sviksamlegum tilgangi býr til ranga mæla, kvarða eða vogir eða breytir réttum mælum, kvörðum eða vogum, og eins hver, sem notar þess konar röng eða fölsuð áhöld til þess að svíkja menn með þeim, skal sæta fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en 5 daga eða betrunarhúsvinnu allt að 2 árum. Ef að mjög miklar sakir eru, og eins ef glæpurinn er ítrekaður, má þyngja hegninguna allt að 6 ára hegningarvinnu.

Hver, sem notar í atvinnuvegi sínum vogir eða mæla eða kvarða, sem ekki eru löggiltir á réttan hátt eða hafa breytzt með tímanum eða af sliti, skal sæta sektum allt að 50 rd. í fyrsta skipti, og hærri sektum eða fangelsi ef optar verður.

280. grein.

Sömu hegningu og sett er í fyrra lið næstu greinar á undan skal enn fremur hver sá sæta, sem falsar vörur, eða ranglega setur á vörur eða aðra hluti opinberan stimpil eða mark, sem á að vera sönnun fyrir því, að þær sè ósviknar eða góðar, eða með svikum kemur því til leiðar, að slíkur stimpill eða mót sè sett á hluti, sem ekki eru til þess fallnir, eða setur heimildarlaust mark eða stimpil annars manns á vörur, sem eru miklum mun lakari en stimpillinn eða markið með sèr ber.

Sè vörur þær, sem stimpill eða mark annars manns hefir verið sett heimildarlaust á, ekki að neinu marki lakari, skal beita hegningu þeirri, sem sett er í seinna lið 279. greinar, og skal þar að auki ekki höfða málssókn útaf því, nema sá krefjist þess, sem orðið hefir fyrir órètti með því. Hegningar-ákvörðun sú, er nú var nefnd, skal einnig eiga við um lítils varðandi vörufalsanir, er koma fyrir í smáverzlun, og manni að eins hefir verið gjört lítið tjón með.

281. grein.

Hver, sem í sviksamlegum tilgangi flytur, setur niður eða tekur burtu markasteina ellegar falsar nokkurt annað mark, sem

1869. 25. júní. lýsir takmörkum fasteigna eða rèttindum, sem þeim fylgja, skal einnig sæta hegningu eptir fyrra lið 279. greinar.

Tuttugasti og áttundi kapítuli.

Um brennu.

282. grein.

Ef að maður leggur eld í hús eða skip, hvort sem það er hans eign eða annars manns, þegar svo er ástatt að hann hlaut að sjá, að mönnum var af því bersýnilegur lífsháski búinn, eða það er gjört til þess að stuðla til uppreisnar, ráns eða annars athæfis, sem raskar skipulagi mannlegs fèlags, eða til þess að koma til leiðar yfirgripsmikilli eyðingu, þá varðar það typtunarhúsvinnu ekki skemur en 8 ár, samt getur hegningin orðið líflát, ef nokkur hefir týnzt í eldsvoðanum.

283. grein.

Leggi maður eld í hús eða skip annars manns, þegar öðruvísi er ástatt, þá varðar það hegningarvinnu í 2 ár og það an af fleiri allt að 12 árum.

Sömu hegning skal hver sá sæta, sem til þess að svíkja brunabóta ábyrgðina eða í öðrum hegningarverðum tilgangi leggur eld í hús eða skip sjálfs síns eða hús eða skip annars manns að beiðni hans eða með samþykki hans; þó má færa hegninguna niður þegar svo er ástatt, sem nú var sagt, í 1 árs hegningarvinnu ef málsbætur eru, einkum ef húsið er afskekkt og enginn annar býr í því.

Til húsa skal telja ekki að eins þau hús, sem menn búa í eða að öllu eða nokkru leyti eru ætluð til íbúðar, ásamt með útihúsum þeim, sem til þeirra heyra, heldur einnig kirkjur, mylnur, verksmiðjur, forðabúr og öll önnur hús, sem þar eru á borð við.

284. grein.

Hafi verið lagður eldur í skóg, mómýri, heiði, akur eða engi, timbur- eða viðarbyrgðir, korn- eða heyhlaða, kofa eða byrgi, ellegar aðra þess konar hluti, þá varðar það hegningarvinnu allt að 8 árum; samt má færa hegninguna niður í fang-

elsi við vatn og brauð, ekki skemur en tvenna 5 daga, ef það, sem kveikt hefir verið í, er mjög lítils virði og málsbætur eru að öðru leyti. 1869. 25. júní.

Hafi verið svo ástatt, þegar eldurinn var lagður í, að sá, sem verkið vann, hlaut að sjá, að mönnum var af því bersýnilegur lífsháski búinn, eða hafi það gjört verið til þess að koma til leiðar öðru eins tjóni eða eyðingu, og um er rædt í 282. grein, þá skal beita hegningar-ákvörðuninni í þeirri grein.

285. grein.

Glæpir þeir, sem um er rædt í 282.—284. grein, eru fullkomnaðir, undir eins og kviknað er í þeim hlut, sem glæpurinn er fólginn í að leggja eld í, án þess að það komi til greina, hvort eldurinn hefir læst sig út meira eða minna.

286. grein.

Hver, sem veldur eldsvoða með því að gæta ekki almennrar varkárni, skal sæta fangelsi, en þó fellur sú refsing niður, ef hann bætir skaðann.

Tuttugasti og níundi kapituli.

Um verk, er skipbrot, flóð eða annað mikið misferli getur hlotizt af.

287. grein.

Hver, sem í þeim tilgangi að villa farmenn eða gjöra þeim skaða, ónýtir, tekur burt eða skemmir vita, sjávarljósker eða annað merki eða mið, sem sett er upp farmönnum til leiðbeiningar, slekkur vita eða sjávarljósker, setur upp villu-merki eða mið, eða fyllir uppí eða stíflar rètta siglingarleið á sjó eða í vatnsfalli, skal sæta hegningarvinnu ekki skemur en 4 ár.

Sè nokkuð af því, sem nú var nefnt, að vísu gjört af ásettu ráði en ekki í tèðum tilgangi, skal sá, sem misgjörir, sæta fangelsi, eða betrunarhúsvinnu allt að 2 árum ef miklar sakir eru.

288. grein.

Ef maður veldur skipbroti, eða að skipi hlekkist á á sjó á annan hátt, og svo er ástatt, að mönnum með því er stofnað í

1869. 25. júní. í bersýnilegan lífsháska, þá varðar það typtunarhúsvinnu ekki skemur en 8 ár, og getur hegningin orðið líflát, ef nokkur maður ferst af því. Verði það með öðrum atvikum, skal beita hegningarvinnu á vægara stigi.

289. grein.

Hver, sem ónýtir eða skemmir vatnsveitustokka eða lætur opið sýki, flóðgarð eða flóðgáttarstíflu eða annað þess konar vatnsvirki með þeim huga að hleypa vatnsflóði yfir, skal sæta hegningarvinnu allt að 8 árum, samt má hegningin verða þyngri, ef mikill skaði hlýzt af því, og jafnvel líflát, ef nokkur maður ferst af því.

Sè það gjört með ásettu ráði en ekki í þeim tilgangi að hleypa vatnsflóði yfir, þá varðar það fangelsi, eða betrunarhúsvinnu allt að 2 árum ef miklar sakir eru.

290. grein.

Hver sá, sem af ásettu ráði skemmir járnbraut, flutningstilfærurnar eða hin önnur tæki brautarinnar, leggur eitthvað eða fleygir einhverju á brautina, færin járnsporin úr skorðum, hermir eptir bendingunum, kemur gufuvögnum eða öðrum brautarvögnum heimildarlaust á stað, eða hefst nokkuð annað að, er gæti stofnað flutningnum á brautinni í háska, skal sæta hegningarvinnu allt að 8 árum; samt má hegningin verða þyngri, ef mikill skaði hlýzt af því, og jafnvel líflát ef nokkur maður bíður bana.

Ef að athöfn hans var svo vaxin, að hún gat ekki stofnað flutningnum í neinn verulegan háska, eða ef ætla má, að það þó hafi verið fjærri hyggju hans og áformi, þá skal hann sæta fangelsi, eða betrunarhúsvinnu allt að 1 ári ef mjög miklar sakir eru, ef að engin önnur hegningar-ákvörðun leggur við þyngri refsingu.

291. grein.

Hafist nokkur maður af gáleysi nokkuð það að, sem um er rædt í 287.—290. grein, þá varðar það fangelsi eða sektum.

292. grein.

Hafi nokkur maður eitruð eða önnur hættuleg efni í vörur, sem ætlaðar eru til sölu eða til þess að aðrir noti þær, þannig

að heilbrigði manna sè þaraf hætta búin, þá varðar það fangelsi, eða betrunarhúsvinnu ef miklar sakir eru, einkum ef að nokkur hefir beðið tjón af því ellegar jafnvel látizt, nema að þyngri hegning liggi við eptir einhverri annari hegningar-ákvörðun. 1869. 25. júní.

Sömu refsingu skal hver sá sæta, sem hefir vörur á boðstólum, er hann veit að þess konar efni hafa verið höfð í á tèðan hátt.

Verði slíkt af gáleysi, þá varðar það sektum.

293. grein.

Hver, sem veldur næmum sjúkdómi ellegar því, að hann dreifist út, með því að brjóta á móti lagaákvörðunum, sem settar eru, eða varúðarreglum, sem yfirvöldin hafa skipað fyrir um til þess að afstýra næmum sjúkdómum eða útbreiðslu þeirra, skal sæta fangelsi, eða betrunarhúsvinnu allt að 2 árum ef miklar sakir eru.

294. grein.

Verði nokkur maður uppvís að að dreifa út af ásettu ráði næmum sjúkdómi í húsdýrum, þá varðar það hegningarvinnu allt að 8 árum.

Hver, sem brýtur á móti lagaákvörðunum þeim, sem settar eru, eða varúðarreglum þeim, sem yfirvöldin hafa skipað fyrir um til þess að afstýra útbreiðslu næms sjúkdóms í húsdýrum, og með því gefur tilefni til, að slíkur sjúkdómur dreifist út, skal sæta fangelsi eða sektum ekki minni en 20 rd.

295. grein.

Hver, sem af ásettu ráði tekur burtu, ónýtir eða skemmir brýr, ferjur, brunna, vatnsveitustokka, landfestar eða merki, handrið eða annað, sem sett er til þess að afstýra eða vara við hættu á vegi, götu eða öðrum stað, þar sem allir mega koma, skal sæta fangelsi eða sektum.

Þrítugasti kapítuli.

Um það, er menn ónýta eða skemma eigur annara og um illa meðferð á skepnum.

296. grein.

Hver, sem af ásettu ráði tekur burtu, ónýtir eða skemmir

1869. 25. júní.

opinber minnismerki eða hluti, sem ætlaðir eru til almennings nota t. a m. gróðursett trè, girðingar, ljósker til að lýsa á strætum eða vegum, leiðarvísa, vörður eða mílustikur, skal sæta sektum eða fangelsi.

297. grein.

Hver, sem af ásettu ráði annaðhvort skemmir refsegulþráð eða tæki þau, sem til hans heyra, ellegar gjörir nokkuð það, er stöðvar eða veikir straum rafsegulmagnsins eða tálmar notkun tilfæringanna, skal sæta fangelsi, eða sektum ef málsbætur eru, ekki samt minni en 25 rd., nema að verkið sè svo vaxið, að þyngri refsing liggi við því.

Verði það af gáleysi, varðar það sektum allt að 50 rd. eða einföldu fangelsi allt að 1 mánuði. Samt getur refsingin fallið niður ef að sá, sem í hlut á, samstundis skýrir næsta lögreglustjóra, eða einhverjum af embættismönnum þeim eða þjónum, sem skipaðir eru til umsjónar vegum eða hraðfrèttum, frá hvernig farið hafi.

298. grein.

Ef að nokkur maður annars af ásettu ráði ónýtir eða skemmir eigur annars manns, skal hann sæta sektum eða fangelsi, ef að breytni hans ekki á undir aðra þyngri hegningarákvörðun. Opinbera málssókn skal því að eins höfða, að almennum friði hafi verið raskað eða brotið á móti ákvörðunum um lögreglu.

299. grein.

Hver, sem verður brotlegur í þrælslegri misþyrmingu eða annari grimmdarfullri og miskunarlausri meðferð á skepnum, einkum húsdýrum, skal sæta sektum allt að 100 rd. eða einföldu fangelsi allt að 4 mánuðum.

Þrítugasti og fyrsti kapítuli.

Um málssókn útaf misgjörningum, varnarnauðung, skaðabætur og fl.

300. grein.

Útaf misgjörningum þeim, sem um er rædt í lögum þessum,

skal höfða opinbera málssókn, nema öðruvísi sè sèrstaklega fyrir mælt. 1869. 25. júní.

Hafi verið drýgð yfirsjón, sem ekki liggur við þyngri refsing en sektir eptir því sem fyrir er mælt í lögum þessum, skal samt amtmanni þeim, sem í hlut á, heimilt að láta málssókn niður falla, ef að sá, sem misgjörir, býður fram og greiðir fèsekt, sem er innan takmarka sektar þeirrar, er lögð er við yfirsjóninni í lögunum, og amtmanni finnst hæfileg eptir málavöxtum, og hann þar á ofan geldur kostnað þann, sem á kann að hafa fallið útaf rannsókninni.

301. grein.

Ef nokkur heitist við annan mann, eða hótar honum brennu eða öðrum óförum, þá eiga yfirvöldin, ef að heitingin eða hótunin ekki á undir neina af hegningar-ákvörðununum í lögum þessum, og ef sá krefst þess, sem í hlut á, að hlutast um að ákveðið sè með dóms-úrskurði, hvort heitingarmaðurinn á að setja veð útaf því, og ef svo er, þá hversu mikið, eða, ef hann ekki gjörir það, hvort að eigi að setja hann í gæzluvarðhald á opinberan kostnað. Hafi maður verið dæmdur á þenna hátt til að setja veð, og hann álítur seinna, að nú eigi að leysa sig undan því, af því að málavextir sè orðnir aðrir, á að höfða aptur opinbera málssókn og sami dómstóllinn að skera úr því, nema að sá, sem heitzt var við, lýsi því yfir fyrir fóeta, að hann sè því samþykkur, að veðsetningin sè gefin upp.

302. grein.

Hver, sem verður brotlegur í glæp, er skyldur að gjalda þeim, sem bíður tjón, skaðabætur.

303. grein.

Sá, sem veitir öðrum manni líkamlega meiðing af ásettu ráði, eða af því að hann gætir ekki tilhlýðilegrar varkárni, er ekki að eins skyldur að bæta honum upp lækningarkostnað og atvinnumissi, heldur má dæma hann þar á ofan til að gjalda þeim, sem fyrir skaðanum varð, þóknun, er tiltekin sè í dóminum, bæði fyrir þjáningar þær, sem hann hefir tekið út, og fyrir óhægindi þau, lýti og óprýði, er leiða kunna af skaða þeim, sem hann hefir beðið.

1869. 25. júní.

304. grein.

Sömuleiðis má, ef þess er krafizt, dæma þann, sem veldur dauða annars manns á þann hátt, að honum verður gefin sök á því, til að gjalda manni eða konu hins dána eða börnum hans bætur fyrir missi þess, sem átti að standa straum af þeim, og skal ákveða í bæturnar annaðhvort tiltekna upphæð eitt skipti fyrir öll eða framfærslutillag, er haldist um tiltekinn tíma.

305. grein.

Á sama hátt má eptir atvikum dæma þann, sem hefir meidt æru annars manns eða orðið brotlegur í misgjörningum þeim, sem um er rædt í 167.—176. grein smbr. 177. grein í 16. kap. laga þessara, til að gjalda þeim, sem misgjört er við, hæfilega þóknun fyrir, að hann með því hefir farið með eða raskað stöðu hans eða högum.

306. grein.

Hver, sem hefir ofbeldi í frammi við foreldra sína eða ættingja í beinan ættlegg upp á við, hefir fyrirgjört arftökurètti sínum eptir þann, er hann á þann hátt hefir misgjört við, nema sá, sem í hlut á, lýsi yfir þeim skýlausum vilja sínum, að erfðirnar engu að síður skuli standa óhaggaðar.

Verði nokkur uppvís að því að hafa orðið brotlegur við þessa ættingja sína í stórmótgjörðum þeim, sem um er rædt í 217. og 218. grein í 21. kap. laga þessara, þá skal sömuleiðis, ef gjörð er rèttarkrafa um það, dæma hann til að hafa fyrirgjört arftökurètti sínum eptir þann, sem hann misgjörði við.

Í báðum þessum tilfellum má samt með testamentisgjörð að öllu eða nokkru leyti veita þeim, sem misgjörði, aptur arftökurètt þann, sem hann hefir fyrirgjört.

Þrítugasti og annar kapítuli.

Um það, hvenær lög þessi verði gild, um rèttarskiptin og það, hverjar eldri ákvarðanir sè úr lögum numdar.

307. grein.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágústmán. 1870. Þangað til að búið er að koma upp hegningarhúsi á Íslandi og fangelsum þeim,

sem með þurfa, skal þó í þeim tilfellum, þar sem lögin setja annaðhvort hegningarvinnu í 2 ár eða skemur eður fangelsis-hegningu, hýðing og sektir koma í þess stað samkvæmt því sem fyrir er mælt í tilskipun 24. janúarmán. 1838 4. og 5. grein, en aptur skal hegningarvinna lengri tíma en 2 ár úttekin í hegningarhúsunum í Danmörku eins og að undanförnu. Til hins sama tíma skal ekki beita ákvörðununum í öðrum og þriðja kafla 31. greinar í lögum þessum, en þar á móti skal um borgun sekta eptir dómi og afplánun þeirra, ef til þess kemur, farið eptir 9. grein í téðri tilskipun. Konungi er áskilinn rèttur á að ákveða með tilskipun, hvenær þessar ákvarðanir um stundarsakir skuli falla úr gildi. 1869. 25. júní.

308. grein.

Ef að glæpur að vísu hefir verið drýgður fyrir þann tíma, sem um er rædt í 307. grein, en ekki búið að upp kveða ályktardóm í málinu útaf honum, þá skal kveða á um hegninguna eptir lögum þessum, ef að hún verður vægari eptir þeim, en eptir eldri lögunum.

309. grein.

Ef að maður, sem áður hefir verið dæmdur í hegningu eptir hinum fyrri lögum fyrir glæp, sem lögð er við aukin refsing í lögum þessum, ef hann er ítrekaður, aptur verður brotlegur í sama glæp, þá skal dæma hann í sömu refsing og ef hinn fyrri dómurinn hefði verið kveðinn upp eptir þessum lögum.

310. grein.

Upp frá þeim tíma, sem nefndur er í upphafi 307. greinar, falla þær ákvarðanir í dönsku lögum Kristjáns konungs V., er nú skal greina, úr gildi, að því leyti sem það ekki áður er orðið:

úr 1. bók 4. kap. 6. art., 5. kap. 3. art., 8. kap. 7. og 8. art., 9. kap. 11. art., 13. kap. 9. og 10. art., 14. kap. 1. art., 19. kap. 3. og 6. art., 21. kap. 17. art., 23. kap. 1. art., 24. kap. 4.—7., 10.—16., 29., 48.—50. art., 25. kap. 29. art.;

úr 2. bók 10. kap. 4. art., að því er snertir þá, sem fyrirfara sjálfum sèr;

1869. 25. júní.

úr 3. bók 1. kap. 6. art., 10. kap. 4. art., 16. kap. 7. art., 9. art. 8. gr. og 16. art. 9. gr., 20. kap. 3. art.;
úr 4. bók 3. kap. 2. art.;
úr 5. bók 2. kap. 87. og 89. art., 3. kap. 11. art., 7. kap. 15. art., 8. kap. 3. og 4. art., 9. kap. 2. og 5. art.;
úr 6. bók 1. kap. 1. og 3.—13. art., 4.—9. kap., 10. kap. 1. art., 11. kap., 12. kap. 1.—7. 9. og 10. art., 13. kap. 1., 6.—18., 22.—30. art., 14. kap. 1.—6. og 8.—19. art., 15. kap. 1—8., 13.—22. art., 16. kap., 17. kap. 3., 12., 20.—30. og 32.—41. art., 18. kap., 19. kap. 1—5. art., 20. kap. 1—3. art., 21. og 22. kap.

En fremur hegningar-ákvarðanirnar í þessum artíkulum í dönsku lögum Kristjáns konungs V.:

í 1. bókar 1. kap. 1., 5. og 6. art., 5. kap. 9. art., 8. kap. 4., 5. art. og 10. art. niðurlagið, 13. kap. 11. og 20. art., 19. kap. 5. og 9. art., 23. kap. 6. art., 24. kap. 9., 35., 43. og 55. art., 26. kap. 1. art.;
í 2. bókar 3. kap. 8. art., 5. kap. 20. art., 9. kap. 26. art., 17. kap. 22. art.;
í 3. bókar 1. kap. 2. art., 4. kap. 6. art., 16. kap. 9. art. 7. gr. og 16. art. 2. gr.;
í 4. bókar 2 kap. 13. art., 4. kap. 4. og 5. art., 5. kap. 3. art., 6. kap. 6. art.;
í 5. bókar 2. kap. 78. art., 3. kap. 34. og 37. art., 8. kap. 12. art., 11. kap. 7 art.;
í 6. bókar 13. kap. 2. og 3. art., 14. kap. 7. art., 15. kap. 9., 10. og 12. art., 17. kap. 11. og 15. art.

311. grein.

Enn fremur fellur úr gildi frá þeim tíma, sem nefndur er í upphafi 307. greinar, það sem nú skal greina af lagaákvörðunum, sem eru yngri en dönsku lög Kristjáns konungs V., og ekki eru áður úr lögum numdar:

tilsk. 4. marzm. 1690 um hegningu þjófa og ótrúrra þjóna;
— 6. febr. 1694 um að aptra og afstýra óskunda og manndrápi;

tilsk. 31. ágústm. 1695 um vitnisburði og ábyrgð fyrir hjónahandi; 1869. 25. júni.

— 21. sept. 1695 um þá, sem láta menn handtekna fyrir morð eða manndráp sleppa úr varðhaldi;

— 16. okt. 1697 um refsingu á stórum morðingjum;

bann 23. okt. 1700 gegn því að gefa gjafir og taka við þeim;

tilsk. 21. marzm. 1705 um meðferð á strönduðum skipum og fjármunum 2 gr.;

opið brèf 21. maím. 1726 um danska þegna, sem eru í útlendri herþjónustu;

tilsk. 23. desb. 1735 um temere litigantes m. fl. 4. og 5. gr.;

— 9. ágústm. 1737 um aftöku og greptrun sakamanna;

— 27. jan. 1738 um þyngri refsingu á stórum morðingjum;

— 17. marzm. 1741 um einvígis-boð og hólmgöngur;

— 9. júlím. 1745 um kennara, sem barna stúlkur, er þeir kenna;

— 2. sept. 1745 um legorð, framin af ófermdum eða með þeim;

— 7. febr. 1749 er skýrir nákvæmar ofan nefnda tilsk. 16. okt. 1697;

— 19. marzm. 1751 um hegning fyrir lauslæti;

— 19. nóv. 1751 um húðstrýkta menn og brunamerkta;

— 1. febr. 1757 um ofnautn brennivíns 7 gr.;

— 18. des. 1767 um hegningu sakamanna, sem deyða aðra menn til þess að sæta líflåti;

— 21. okt. 1791 um aftöku með öxi.

— 31. jan. 1794 um það, að menn ætla að óvirðing sè í að flá skepnur 3. grein.;

opið brèf 15. júlím. 1801 um skemmdir á landfestabringum og fl.;

— 19. apr. 1805 um útlenda menn, sem dæmdir eru í hegningarvinnu;

reglugj. 21. nóv. 1810 um yfirsetukonur 41. gr.;

tilsk. 12. júním. 1816 um hegningu í fangelsi við vatn og brauð;

1869. 25. júní. tilsk. 11. marzm. 1818 um bandingja, sem komast út úr hegningarhúsunum o. fl. 4. og 5. gr.;
— 9. júním. 1819 um ólöglegan liðsafnað;
— 4. ágústm. 1819 um skyldu manna að bjarga mönnum, er sýnast dauðir, og fl. 4. gr.;
opið brèf 6. okt. 1819 um yfirsjónir gegn sóttvörnum;
tilsk. 15. des. 1820 um bænarskrár og kæruskjöl 4.—7. gr.;
— 24. sept. 1824 um búshluta missis hegningu o. fl.;
— 20. apr. 1825 um hegningu fyrir ránskáp á sjó 1. og 2. gr.;
aukatekjureglugjörð 10. sept. 1830 82 gr.;
tilsk. 21. des. 1831 II. um aftekning útlegðar straffsins að fráskildu niðurlagi 2. greinar og 9. grein.;
— 4. okt. 1833 um þau afbrot, er miða til að meiða annara manna líkama og frelsi;
— 28. des. 1836 um skipströnd 37. gr. IV. nr.;
— 24. jan. 1838 viðvíkjandi misgjörningamálum á Íslandi 3., 4. og 5. (hinar tvær síðast nefndu greinir samt ekki fyr, en þessi lög öðlast fullkomlega lagagildi, smbr. 307. gr.) 6.—8., 9. (hin síðast nefnda greinin heldur ekki fyr, en þessi lög öðlast fullkomlega lagagildi) 10. (samt að eins að því er snertir yfirsjónir þær, sem um er rædt í þessum lögum) 11. og 12. gr.;
— 11. apr. 1840 viðvíkjandi straffi fyrir þjófnað, svik o. fl.
— 15. apr. 1840 viðvíkjandi straffi fyrir meinsæri að 14. gr. frá skilinni;
— 26. marzm. 1841 um straff fyrir illverkisbrennur;
opið brèf 24. sept. 1841 um hald á stolnum munum;
tilsk. 9. maím. 1855, sem lögleiðir á Íslandi með nokkrum breytingum lög 3. jan. 1851 um prentfrelsi 5.—10. og 12. gr.;
opið brèf 4. jan. 1861, sem lögleiðir á Íslandi með nokkrum breytingum lög 30. nóv. 1857 áhrærandi nákvæmari ákvarðanir um betrunarhúsvinnu;
tilsk. 15. marzmán. 1861 um vegina á Íslandi 30. grein;

opið brèf 29. ágústm. 1862, er lögleiðir á Íslandi lög 21. jan. 1857 um hegningu fyrir illa meðferð á skepnum. 1869. 25. júní.

312. grein.

En fremur falla hegningarákvarðanirnar í þessum lögum úr gildi, að svo miklu leyti sem þær eru enn gildar:

tilsk. 21. marzm. 1705 um meðferð á strönduðum skipum og fjármunum 3.—5. og 7. gr.;

— 15. maím. 1705 um afnám ýmsra ósiða á Íslandi 7. gr.;

konungsbr. 24. des. 1710 um hlýðni við skipanir konungs;

kammerrèttar tilskipunin 18. marzm. 1720 1. kap. 12. og 18. gr., 2. kap. 9. gr. 2. nr.;

opið brèf 6. febr. 1722 um vín- og veitingahús;

tilsk. 5. marzm. 1734 um börnun og heimting hjónabands útaf henni 7. gr.;

— 26. febr. 1739 um hegningu ótrúrra reikningamanna;

— 31. júlím. 1739 um hina konunglegu embættismenn 1. grein;

hæztarèttar-reglugjörð 7. des. 1771 13. gr.;

opið brèf 7. marzm. 1787 um íslenzka sjópassa 7. gr. að því er snertir hegninguna fyrir að láta hjálíða að segja frá yfirsjónum þeim, sem þar er um rædt;

tilsk. 30. jan. 1793 um skattheimtu og reikninga o. fl. í Danmörku 9., 20. og 32. gr.;

— 3. júním. 1796 um rèttarfarið 26. gr.;

opið brèf 27. maím. 1808 um skýrslur um uppkomu næmra sjúkdóma 1. og 5. gr.;

tilsk. 7. nóv. 1809 um latínuskólana 69. gr.;

— 27. marzm. 1831 um hafnsögumenn 31. gr. 2. og 3. málsgrein;

— 21. des. 1831 V. er nákvæmar ákveður um d. l. 6.—13.—3.

313. grein.

Loks fellur úr gildi frá þeim tíma, sem nefndur er í upphafi 307. greinar, allt það, sem annars kann að koma í bága við

1869. 25. júní. efni þessara laga í þeim lögum og tilskipunum, sem hingað til hafa verið gild.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Skýrsla dómsmálastjórnarinnar til konungs, um að frumvarp til almennra hegningarlaga handa Íslandi öðlist konunglega staðfesting.

Samkvæmt allrahæstum úrskurði yðar hátignar 27. maímán. 1867 var frumvarp það til almennra hegningarlaga handa Íslandi [1], sem fylgir hèr með prentað, lagt fyrir alþingi á fundi þess það ár til álita. Þingið setti 7 manna nefnd til að íhuga málefni þetta, ræddi það síðan á tveimur aðalfundum, og hefir því næst látið uppi álitsskjal um það [2], er fylgir hèr með bæði á frummálinu og í staðfestri útleggingu á dönsku.

Í þessu álitsskjali sínu hefir þingið kannazt skýlaust við, að það væri harla mikill ávinningur fyrir Ísland, ef hegningarlög áþekk frumvarpinu yrðu leidd þar í lög, en hefir þó engu að síður þókzt verða að fallast á ákvörðunina, sem 307. grein frumvarpsins hefir inni að halda, sem sè, að lögin ætti eigi að ná lagagildi, fyr en skilyrðin fyrir því, að þeim verði beitt, og sèr í lagi fangelsin, sem með þarf, eru til orðin. Að vísu kom fram á þinginu uppástunga um, að lögin skyldu fá gildi fyrr, á þann hátt að, þangað til skilyrðum þessum yrði komið í kring, þá skyldi í þeim tilfellum, þar sem hegningin er annaðhvort fangelsi eður hegningarvinna í 2 ár eða skemur, farið eptir reglunum í 4. gr. tilskipunar 24. janúarmán. 1838, þannig að sektir og vandarhagga-refsing kæmu í staðinn; en það áleit þingið ógjörning vegna andstyggðar þess á hýðingunni. Úr því nú þannig að bið hlyti að verða á því, að frumvarpið gæti orðið að lögum, og hin brýnasta nauðsyn virtist bera til, að

---

[1]) Smbr. Tíðindi frá alþingi 1867 II, 51.—157. bls.

[2]) Smbr. Tíðindi frá 1867 II, 598.—611. bls.

lögin samkvæmt eðli þeirra yrðu vönduð sem mest, bæði að orðfæri og efni, áleit alþingi mjög æskilegt, að frumvarpið yrði á ný borið upp fyrir það, og þá haft tillit til breytinga þeirra, er þingið æskti eptir. En fremur hefir þingið borið upp þá skoðun sína, að á meðan ekki er búið að koma á sannkallaðri þjóðlegri stjórnarskipun á Íslandi, nè heldur almennu trúarbragðafrelsi, þá tjáði ekki að láta 9., 10., 11. og 15. kapítula og fyrsta kafla 110. greinar vera óbreytta, og fyrir þá sök látið þá ósk sína í ljósi, að, ef ákvörðunum þessum yrði breytt samkvæmt þessari skoðun, þá fái þingið að segja álit sitt um þær breytingar, áður en þær væru leiddar í lög. Auk þess að fara fram á ýmsar breytingar á nokkrum greinum í frumvarpinu, er eg seinna ítarlegar skal taka fram, hefir alþingi samkvæmt þessu beðið um: 1869. 25. júní.

að frumvarp þetta komi eigi út sem lög (með 16. atkv. gegn 8), heldur að það allramildilegast aptur megi verða lagt fyrir þingið jafnframt því sem skilyrðunum fyrir lagagildi þess verður framgengt (13 atkv. gegn 9), endurskoðað og bætt að málinu til (með 17 atkv. gegn 6); og

að jafnhliða þessu frumvarpi verði lagt fyrir alþingi glöggt og greinilegt yfirlit yfir það:

1) hver hinna eldri sakalaga sè að öllu úr lögum numin, og

2) hver þeirra sè úr lögum numin að nokkru leyti, og fylgi skrá aptan við lögin um þessi lagaboð og þá staði alla, er enn verða í gildi eptir löggildingu þessa lagafrumvarps (með 17 atkv. gegn 7).

Í sambandi við þetta hefir þingið beiðzt:

1) að fangelsi verði sett sem fyrst í hverri sýslu á landinu og hegningarhús í Reykjavík (með 13 atkv. gegn 5), og

2) að fram fyrir næsta alþingi verði lagt frumvarp um tilhögun fangelsa þessara og hegningarhúss og um kostnað til þeirra (með 18 atkv.).

Konungsfulltrúi á alþingi hefir í álitsskjali sínu um málefni þetta sagt um aðaluppástungu þingsins hèr að framan, að hún, að því er röksemdafærzluna snertir, sè byggð á því, að þingið hafi villzt á því tvennu, að lögin birtist og að þau fái gildi;

1869. 25. júní. því að þar sem sjálfsagt mætti koma því í kring, áður en lögin öðlast gildi samkvæmt ákvörðuninni í 307. grein frumvarpsins, að leita álits alþingis á ný um frumvarpið í heild þess, ef að annars kynni að vera tilefni til þess eptir eðli málsins, þá sè á hinn bóginn að sinni hyggju engin ástæða til að skjóta því á frest, að láta lögin birtast, þangað til að þau öðlast fullt gildi. Það sem, að áliti konungsfulltrúa, sèr í lagi á að taka til greina, þegar um er að ræða, hvort að eigi að fallast á þessa uppástungu alþingis, er það atriði, hvort búizt verði við, að frumvarpið fái djúpsærri og betri frágang, ef það yrði lagt fyrir þingið á ný, og hvort að lögin mundu verða þeim mun betur úr garði gjörð, ef alþingi fengi að ræða þau á ný, að það vægi upp á móti kostnaðinum, er meðferð svo yfirgripsmikils málefnis hefir í för með sèr. Í því efni verði að gefa gætur að því, að frumvarpi þessu geti ekki eptir eðli málsins orðið breytt eins mikið eins og öðrum frumvörpum, sem eru lögð fyrir þingið, eptir breytingaratkvæðum þeim, er þingið kynni að gjöra við það, meðan Ísland á æðsta dómstól sinn saman við hina hluta ríkisins, því að þessu hljóti að vera samfara, að Ísland og Danmörk hafi sömu hegningarlög í öllum aðalatriðum, eins og verið hefir þangað til „Almindelig borgerlig Straffelov" 10. febrúarmán. 1866 birtist. Það sè eingöngu þær breytingar, sem eru öldungis nauðsynlegar vegna sèrstaklegra landshátta á Íslandi, er búizt verði við, að teknar verði til greina, þegar gengið verður frá lögunum að fullu og öllu, en að hinsvegar muni frábrugðnar skoðanir alþingis á einstökum grundvallarreglum, sem ákvarðanir frumvarpsins eru byggðar á, og á því, á hvern hátt þeim yrði bezt fylgt fram í lögunum, varla geta vegið svo mikið, að þær verði teknar til greina, þegar lögin eru sett. Í sambandi við þetta hefir konungsfulltrúi leidt athygli að því, að þó að það að vísu sè mjög áríðandi, að fangelsishegningar komi sem fyrst, og einkum um leið og hin fyrirhugaða endurbót allra hegningarlaganna, í stað hýðingarinnar, sem nú tíðkast Íslandi, þá fari samt fjærri, að það sè eina verulega endurbótin, sem á að koma á og verður komið á með hinum nýju almennu hegningarlögum; en að, þó að ómögulegt væri, sem stendur, að koma á fangelsum á Ís-

landi, mundu lögin hafa miklar framfarir í för með sèr í mörgum greinum, sem ætti að koma í kring sem fyrst, jafnvel þó að landið gæti ekki undir eins orðið allra þeirra gæða aðnjótandi, sem af þeim leiða. Nú hafi meira hluta alþingis að vísu fundizt, að 307. grein frumvarpsins gæfi tilefni til að bera þá ósk upp, að allri rèttarbótinni verði skotið á frest, þangað til búið er að koma fangelsunum upp, og ef að aðalniðurlagsatriðið um, að frumvarpið verði lagt fyrir þingið á ný, yrði tekið til greina, þá væri ekki óhugsandi, að ýmsir erfiðleikar, sem kynni að hafa mátt komast hjá að öðrum kosti, verði á fyrirkomulaginu á fangelsunum, að minnsta kosti að svo miklu leyti sem hlutdeild alþingis væri álitin nauðsynleg til þess að útvega fè það, er til þessa þarf. En eins og konungsfulltrúi ekki álítur þetta atriði næga ástæðu til að skjóta á frest að láta lögin birtast, ef að aðrar ástæður mæltu ekki fram með því, eins mundi það vera mikil hvöt fyrir alþingi til þess að gjöra ekki erfitt fyrir, með að fyrirkomulagi fangelsanna á Íslandi verði flýtt sem mest, ef að fallizt væri á uppástunguna, sem hrundið var á alþingi, um að hegningarlögin skyldu öðlast gildi nú þegar bráðlega, en þannig, að ákvarðanirnar í 4. grein tilskipunar 24. janúarmán. 1838 hèldu gildi sínu, þangað til búið væri að koma fangelsunum upp. Þar sem að alþingi loks hefir fundizt ísjárvert að lögleiða á Íslandi, nú sem stendur, ákvarðanirnar í 9., 10., 11. og 15. kapítula og fyrsta lið 110. greinar óbreyttar, tekur konungsfulltrúi fram, að væntanlega megi búast við, að það ástand, sem eigi að valda þessum tormerkjum, muni breytast áður en langt um líður, og að, þó að það yrði ekki, þá fái hann ekki sèð, að munurinn á stjórnarforminu, sem gildir á Íslandi, og því, sem gildir í hinum hlutum ríkisins, sè svo mikill, að það hljóti að vera öldungis nauðsynlegt, að breyta þeim ákvörðunum í hegningarlögunum, sem standa í sambandi við það, og, að því er snertir 15. kap. sèrstaklega, þá mætti, ef þess þækti þörf, taka inn í ákvarðanirnar um stundarsakir einhverja einskorðun um það efni. 1869. 25. júní.

Dómsmálastjórnin hlýtur nú fyrir sitt leyti að vera konungsfulltrúa alveg samdóma um það, að hin væntanlegu íslenzku hegn-

1869. 25. júní.

ingarlög mundu varla að efninu til hafa neinn ábata á, að verða lögð fyrir alþingi á ný, og það virðist enn frekar hafa staðfeszt við meðferð málsins á síðasta þingi, þar sem efnisbreytingar þær, sem alþingi hefir stungið uppá, eins og seinna skal sýnt fram á, flestallar eru óheppilegar, og ekki til þess fallnar, að verða teknar til greina. Reyndar má segja, eins og getið var um í umræðunum á alþingi, að, ef málið yrði lagt fyrir á ný, þá hefði landsmönnum á því millibilinu gefizt færi á að glöggva sig betur á því, en eins og málið er vaxið, verður samt naumast búizt við öðrum árangri af því, en enn þá fleiri uppástungum í sömu stefnu og seinast. Þar sem alþingi hyggur, að það sè nauðsynlegt að breyta ákvörðununum í frumvarpinu um hegningarnar fyrir landráð, ef að stjórnarskrá Íslands birtist ekki á undan hegningarlögunum eða um leið og þau, þá er sú skoðun nógsamlega hrakin bæði af konungsfulltrúa og eins áður fyrri í ástæðunum fyrir frumvarpinu. Að því leyti sem alþingi loks hefir tekið fram, að málið á íslenzka textanum á frumvarpinu sè svo úr garði gjört, að nauðsyn beri til, að þingið endurskoði það á ný, skal eg leyfa mèr allraþegnsamlegast að geta þess, að þó að alþingi hafi að því leytinu verið fremur venju vandlætingasamt við frumvarpið og stungið uppá fjölda af orðabreytingum á íslenzka textanum, þá eru breytingar þessar samt enganveginn mikils verðar, allflestar standa í sjálfu sèr ekki á neinu, og að eins á einum stað eða í mesta lagi á tveimur stöðum eru þær til skilningsauka. Með því að alþingi þar á ofan, eins og vikið er á, hefir farið mjög grandgæfilega yfir útlegginguna, og stungið uppá orðabreytingum þeim, sem því hafa þókt við eiga, virðist heldur ekki málsins vegna vera nein ástæða til að láta frumvarpið fara til þingsins aptur, því að það má fallast á allflestar af breytingum þeim, sem stungið hefir verið uppá að því leyti, sumar, af því að þær eru meinlausar, og einstaka, af því þær eru í raun og veru til bóta. Þar sem að þannig engin bót yrði að því, að stjórnarráðsins hyggju, að leggja málið fyrir alþingi á ný, þá kynni á hinn bóginn, ef til vill, að geta leidt af því, að þingið taki í málið á þann hátt, sem nefndin á síðasta þingi hafði stungið uppá, og

sem þingið sjálft felldi með einasta eins atkvæðis mun, það er að segja, að hrinda frumvarpinu í heilu lagi, þangað til að lagt yrði fyrir þingið fullkomið frumvarp um fyrirkomulag fangelsanna, eða, það sem virðist vera undir niðri, þangað til þingið hafi fengið löggjafarvald. 1869. 25. júní.

Þegar nú kemur til umtals, frá hvaða tíma að lögin þá ættu að öðlast gildi, þá er að vísu gjört ráð fyrir í 307. grein frumvarpsins, að það skuli ekki verða fyr en búið sé að koma upp fangelsum þeim, sem með þarf, og það verður heldur ekki á móti því borið, að bæði er það ekki sem viðkunnanlegast og jafnframt sjálfu sèr fremur ósamkvæmt, að beita hegningu, sem er eins andstæðileg mannlegri tilfinningu, og hýðingin, þegar eins mannúðleg og væg hegningarlög, eins og frumvarpið, eru búin að öðlast gildi á Íslandi. Samt sem áður er mèr næst geði að fallast á þá skoðun, að yfirgnæfandi ástæður mæli fram með því, að láta lögin öðlast gildi nú þegar, því, þó að hýðingunni sè haldið, sem er orðin síður hneyxlanleg fyrir Íslendinga, af því þeir eru orðnir vanir henni, en fyrir aðra, þá munu lögin hafa svo margt og mikið gott í för með sèr, að það væri varla afsakanlegt að fresta að láta landsmenn á Íslandi verða þess aðnjótandi, þangað til að það getur auðnazt, að koma fangelsunum, sem með þarf, á stofn. Þessari skoðun er ekki að eins það til stuðnings, að hin nýju hegningarlög hafa í sjálfu sèr miklu mannúðlegri ákvarðanir inni að halda og samkvæmari aldarháttum þessa tíma um refsingar fyrir afbrot, en hegningarlögin, sem nú gilda, heldur einnig hitt, að það er mjög svo áríðandi, að hinn mikli mismunur, sem nú er á lögum Íslands og lögum konungsríkisins um glæpamál, og sem meðal annars mun hafa þá afleiðing, að það verður að skjóta mjög mörgum sakamálum frá Íslandi til hæstarèttar til þess að fá á eptir linun á hegningunni fyrir náðun konungs, hverfi sem fyrst, og bætist hèr við enn, að hegningarlögin munu nema af þá óvissu, sem nú er um meðferð og refsingu margra yfirsjóna, einkum í embættisrekstri. Eg get því ekki annað en ráðið yðar hátign allra|þegnsamlegast til, bæði að láta frumvarpið birtast nú þegar sem lög, og að láta lögin öðlast gildi svo bráðlega, sem auðið

1869. 25. júní. er, með ákvörðuninni, sem konungsfulltrúi hefir lagt fram með, um að reglurnar í 4. grein tilskipunar 24. janúarmán. 1838 skuli halda gildi sínu, þangað til að skilyrðin fyrir, að hegningarlögunum verði fullkomlega beitt, eru til orðin.

Breytingar þær á einstökum ákvörðunum í frumvarpinu, sem alþingi hefir fallizt á, og að ofan er á vikið, fara, að því leyti sem ekki er búið að gjöra grein fyrir þeim hèr að framan, því fram, er nú skal segja:

Við 6. grein: að aptan við greinina verði þessu bætt: „ef brotið heyrir undir 4. eða 5. grein, en annars eptir lögum þess landsins, hvar hegningin er mildari," af því að það að þingsins hyggju væri óeðlileg harka gegn hinum brotlega, að hegna honum í slíku tilfelli eptir íslenzkum lögum, sem hann, eptir því sem gjört er ráð fyrir, ekki hefir missèð sig við, svo framarlega sem vægari hegning er lögð við brotinu á þeim stað, þar sem það var drýgt. Eins og konungsfulltrúi tekur fram, gjörir viðbætir sá, sem hèr er stungið uppá, ráð fyrir, að dómendunum á Íslandi ávallt sè ýmisleg hegningarlög annara ríkja svo kunn, að þeir sè færir um að beita þeim í hverju einstöku tilfelli, sem að höndum ber, en honum þykir svo hæpið að gjöra ráð fyrir slíku, að hann getur ekki lagt fram með þessari uppástungu, og dómsmálastjórnin álítur, að hún fyrir sitt leyti geti látið sèr nægja, að segjast vera samdóma konungsfulltrúa í því, sem hann hefir vikið á í þessu efni.

Við 31. grein: að í staðinn fyrir „ríkissjóðinn" verði sett „hinn sama sjóð og landstekjurnar", vegna þess að vonandi sè, að Ísland innan skamms fái fjárforráð sín. Móti þeirri breytingu virðist ekki verða höfð nein mótbára.

Við 58. grein: að eptir orðin „sem sett eru í lögum" verði bætt: „þessum". Það er vitaskuld, að ekki er heldur nein ástæða til að vera því mótfallinn.

Við 77. grein: að aptan við greinina verði bætt: „Meðan landvarnarskylda ekki er lögtekin á Íslandi, má færa niður hegningu þá, sem nefnd er í fyrsta kafla greinar þessarar, á fyrra staðnum til 4 ára hegningarvinnu, og á síðara staðnum til einfalds fangelsis, eður betrunarhúsvinnu allt að einu ári; og

á meðan er líka brot það, sem nefnt er í öðrum kaflanum, vítalaust." Þingið fær, sem sè, ekki betur sèð, en að, eins og það hljóti að vera, meðan engin herskylda hvílir á Íslendingum, langt um minni yfirsjón eptir hlutarins eðli, að ráða menn á Íslandi til útlendrar herþjónustu, þegar það eigi er móti Danmörk, en þegar menn eru ráðnir til herþjónustu í konungsríkinu, eins geti það á meðan engin yfirsjón verið, að láta ráða sig í slíka herþjónustu, þegar svo er ástatt, sem hèr er gjört ráð fyrir. Konungsfulltrúi hefir fyrir sitt leyti lagt fram með þessari breytingu, af því að hún, að hans hyggju, sè samkvæmari almennum grundvallarreglum fyrir hegningarlögum og þeim blæ, sem er á öllu frumvarpinu, heldur en 77. grein þess, og hefir hann þar að auki leitazt við að hrekja það, sem stendur í ástæðunum, bæði um, að tilskipun 9. júnímán. 1819 verði að álítast einnig gild á Íslandi, og um, að ákvörðun sú í tilskipun þessari, sem samsvarar 77. grein frumvarpsins, eigi við um það, að ráða í herþjónustu eins þá menn, sem eru skyldir til landvarnar, eins og þá, sem ekki eru það. En með því að dómsmálastjórnin eptir sem áður hlýtur að álíta þá skoðun eina rètta, sem fylgt er fram í ástæðunum fyrir frumvarpinu, og skal eg við það, sem þar segir, bæta því, að það leiðir beinlínis af ákvörðuninni í 1. grein tilskipunar 24. janúarmán. 1838, að tèð tilskipun frá 1819 er einnig gild á Íslandi, verð eg allraþegnsamlegast að ráða til þess, að greinin haldist óbreytt. 1869. 25. júní.

Við 121. grein: að bætt verði inn í upphaf annars kafla greinarinnar eptir upphafsorðið: „verði" þessum orðum: „gjörðamaður eða", og eins

Við 122. grein: að eptir orðið „dómara" varði sett inn í „gjörðarmann". Konungsfulltrúi kvaðst ekki hafa neitt að þessum uppástungum að finna; en það er vafalaust engin ástæða til að setja gjörðarmann jafnfætis dómara eða dómnefndarmanni að því leyti, sem þessar greinir eiga við. Dómarinn er sem sè skipaður af ríkisstjórninni til þess að kveða á, hvað rètt sè málspartanna á meðal, innan takmarka þeirra, sem valdi hans eru sett, og dómnefndarmaðurinn er einnig skipaður af ríkisstjórninni, þó að það sè að eins í einu einstöku máli, til þess

1869. 25. júní.

að segja álit sitt um, hvort maður sè sekur eður eigi, en aptur á móti er gjörðarmaðurinn ekki á neinn slíkan hátt skipaður af hálfu hins opinbera. Taki hann við gjöfum af öðrum hvorum málspartanna, eða leitist annar hvor þeirra við að fá hann með gjöfum til þess að dæma sèr í vil, þá getur, ef til vill, staðið svo á, að umtalsmál geti verið um, að svik hafi verið höfð í frammi, eða um tilraun til svika, en hèr, þar sem um embættisafbrot er að ræða, getur það atvik engan veginn átt heima, og eiga því ákvarðanir frumvarpsins að minni hyggju að standa óbreyttar.

Við 123. grein: að í stað „ríkissjóðsins" verði sett „sjóð þann, sem landstekjurnar renna inn í". Að þessari breytingu hefi eg, eins og eg vèk á að framan við 31. grein, ekkert að finna.

Við 129. grein: að bætt verði aptan við greinina: „þó má leita þjófaleit, eins og tíðkanlegt hefir verið, þegar nauðsyn krefur". Um þessa breytiugu segir alþingi, að það hafi lengi verið venja á Íslandi og sè heimilað í Jónsbók, að leita þjófaleit á bæjum, er einhverju hefir verið stolið, og líkindi eru til, að þjófnaðurinn á þann hátt geti komizt upp, að þjófaleitir opt sè einasta ráðið til að koma upp þjófnaði þar á landi, þar sem lögregluvaldið er svo veikt, en að þess konar rannsóknir kynni að verða álitnar ólögmætar eptirleiðis, ef þessu væri ekki bætt við greinina. Konungsfulltrúi hefir fyrir sitt leyti ekki fengið betur sèð, en að viðbætir sá við greinina, sem hèr er stungið uppá, sè óþarfur, með því sú rannsókn á híbýlum manna, sem hèr er átt við, á ekki undir hegningarlögin, og að hann að minnsta kosti eigi alls ekki við hèr, þar sem um afbrot í embættisfærslu eingöngu er að ræða. Þessu er dómsmálastjórnin að öllu leyti samdóma.

Við 139. grein: að bætt verði aptan við greinina: „en sè ekki þessi staða sameinuð embætti hans, eður sè hann embættislaus, varðar brotið hálfu minni hegning". Þessu til stuðnings hefir alþingi tekið fram, að hegning sú, sem nefnd er í greininni, eigi að eins við um póstmeistara, sem svíkja embættisskyldu sína, en á Íslandi, þar sem tíðast er, að sá starfi að

opna pósttöskur o. s. frv. er falinn á hendur prestum, bændum eða öðrum fyrir litla sem enga borgun, eigi hegningin að þingsins áliti að vera talsvert vægari. Þareð það er vitaskuld, að greinin að eins á við þá menn, sem hafa aðalatvinnu sína í þjónustu póststjórnarinnar, en þeir sýslunarmenn, sem alþingi vill láta viðbætinn vera til góðs, hljóta að eiga undir 145. grein, er það að minni hyggju hvorki nauðsynlegt nè vel til fallið að bæta þessu aptan við greinina, en hins vegar hefir íslenzka textanum verið vikið lítið eitt við, svo að greinin verði alls ekki misskilin. 1869. 25. júní.

Við 176. grein: að fyrir orðin „18 ára" verði sett „16 ára". Alþingi tók fram í því efni, að greinin auðsjáanlega tali um það tilfelli, þegar stúlka er numin burtu, sem eigi er orðin ráðandi yfir verustað sínum eður persónu sinni, en með því að stúlkur á Íslandi fái þessi ráð 16 ára gamlar, verði að laga greinina samkvæmt uppástungunni, er konungsfulltrúi einnig álítur samkvæma vinnuhjúa tilskipuninni 26. janúarmán. 1866. En með því að það engan veginn er almenna reglan á Íslandi, að menn verði bærir að ráða sèr sjálfir, er þeir eru orðnir fullra 16 ára að aldri, þar sem d. l. 3.—17. —34. hefir samkvæmt tilskipun 21. desembermán. 1831 inni að halda hina almennu ákvörðun um það efni, og 1. grein í tilskipuninni frá 1866 að eins er sèrstök undantekning frá henni, er að minni hyggju rèttast að láta ákvörðun frumvarpsins haldast óbreytta.

Við 186. grein: að á eptir orðin „til almenns hneyxlis" verði bætt inn í: „með hegðun eða orðum". En með því eg ekki fæ sèð, að nein ástæða sè til í því efni að breyta til frá hinni samsvarandi grein í dönsku hegningarlögunum, sem naumast á við það, er blygðunarsemi manna er særð með ósiðsamlegum orðum, á ákvörðunin í frumvarpinu að minni hyggju að standa óbreytt að þessu leyti.

Við 212. grein: að fyrir framan orðið „neyðir" verði bætt: „ólöglega". Sá viðbætir virðist óþarfur og vera að eins til orðalengingar, og ætti því ekki að taka hann til greina.

Við 213. grein: að í stað orðanna „skaðleg áhrif á geðs-

1869. 25. júní. muni hans eða heilsufar" verði sett: „skaðleg áhrif á geðsmuni hans, heilsufar eða atvinnu". Þeirri breytingu verð eg sömuleiðis að vera mótfallinn, því að það er auðsætt, að, þó að það hafi verið atvinnu manns eða bjargræði til hnekkis, að hann var sviptur frelsi sínu, þá verður ekki tekið eins hart á því, eins og þegar hann hefir beðið heilsutjón á sálu eða líkama.

Við 237. grein: að greinin verði þannig orðuð: „ef hluturinn, sem tekinn er, nemur minna verði en 2 rd., og engin þau atvik eiga sér stað, sem nefnd eru í 231. grein, þá er það hvinnska og varðar brotið sektum allt að 25. rd. Opinbera málssókn" o. s. frv. (eins og frumvarpið). Þessari uppástungu til stuðnings hefir alþingi tekið fram, að það sé hugsunarháttur manna á Íslandi, að skoða það eigi sem reglulegan þjófnað, er hlutur sá, sem tekinn er ófrjálst, nemur litlu verði, og engar sérstaklega herðandi kringumstæður eru tökunni samfara, heldur hafi þetta brot sérskilt nafn í málinu og sé kallað „hvinnska" eða „hnupl". Þessi greinarmunur hafi verið gjörður bæði í Grágás og í Jónsbók, og hafi í rauninni ekki fallið burt fyr en við tilskipun 24. janúarmán. 1838, en hafi komið upp aptur við tilskipun 11. aprílmán. 1840 30. grein, sem að vísu gefi nokkuð aðra lýsingu á þeirri heimildarlausu töku, sem varðar sektum að eins, en sem liggur í „hvinnsku" hugmyndinni, en tilskipunin byggi samt þessa ákvörðun sína á hinum almenna hugsunarhætti, og á Íslandi sé það hugsunarháttur manna eins og áður er sagt, að greinarmunurinn á þjófnaði og hvinnsku sé eingöngu fólginn í verðinu á hlutnum, sem tekinn hefir verið. Alþingi skýrskotar að lyktum til hegningarlaga í ýmsum öðrum löndum, sem fari í sömu stefnu, og stingur uppá, að hvinnskan verði takmörkuð við 2 rd. En með því að þessi skoðun, sem þegar hafði verið haldið fram í álitsskjali yfirdómsins á Íslandi um breytingar þær, er ætti að gjöra á dönsku hegningarlögunum, er þau væru leidd í lög á Íslandi, hefir verið ítarlega og að minni hyggju fullkomlega hrakin í ástæðunum fyrir frumvarpinu, virðist ekki vera ástæða til að taka breytingar-uppástungu þessa til greina.

1869. 25. júní.

Við 238. grein: að aptan við grein þessa verði bætt: „Nú tekur maður annars manns hlut traustataki og er þá vítalaust". Um þetta ber alþingi fyrir sig, að það komi opt fyrir á Íslandi, að maður taki traustataki hlut annars manns, ef manni liggur mjög á og ómögulegt er að ná í eigandann til að fá leyfi hans, svo sem hest til að ríða yfir ár, bát annars manns til að bjarga skepnum sínum, sem í voða eru staddar o. s. frv.; þetta sè álitið með öllu vítalaust, og sá, sem traustatakið tekur, að eins skyldur til að svara eigandanum fullum skaðabótum, ef hluturinn skemmist, og jafnvel þóknun fyrir brúkunina. Þó að konungsfulltrúi hafi fyrir sitt leyti ekki haft neitt að finna að þessum viðauka við greinina, fæ eg ekki betur sèð, en að slík ákvörðun mundi hafa mjög ískyggilegar og hættulegar afleiðingar, og að hún sè því ekki til þess fallin að verða tekin til greina.

Við 258. grein: að eptir orðin „eptir 253. grein" verði bætt inn í: „að skaðinn ekki nemur 2 rd., skal brotið að eins sæta sektum allt að 25 rd.", og fyrir orðin „mjög miklar" verði sett: „verulegar". Eins og konungsfulltrúi víkur á, er þessi uppástunga svo nátengd breytingunni á 237. grein, að sama verður að ganga yfir báðar; en þó aldrei nema hefði verið ástæða til að fallast á uppástunguna við hina síðarnefndu greinina, þá hefði engan veginn leidt af því, að sama yrði að vera um þessa uppástungu, með því að það liggur í hlutarins eðli, að saknæmi svika er miklu minna komið undir því, hvort ávinningurinn er meiri eða minni, heldur sèr í lagi er komið undir öðrum atvikum.

Við 284. grein: að á eptir orðið „akur" í upphafi greinarinnar verði bætt inn í: „eða engi". Að því hefi eg ekkert að finna.

Við 296. grein: að fyrir orðin „leiðarvísa eður rastarstaura" verði sett: „leiðarvísa, vörður eða rastarstikur", sem heldur ekki er ástæða til að vera mótfallinn.

Við 307. grein: að í stað orðanna „og veitist stjórninni um þann tíma" verði sett: „og verður þá kunngjört með konungsúrskurði nákvæmar um þann tíma". Um þetta skal eg leyfa mèr að taka fram, að með orðinu „stjórnin" í frum-

1869. 25. júní. varpinu sjálfsagt er átt við konung og hlutaðeigandi ráðgjafa, og að ákvörðun sú, sem hèr er um að ræða, hefði, hver orðin sem höfð eru, orðið að verða til með konungsúrskurði. Að sá tími, er lögin öðlast gildi, skuli kunngjörður með konungsúrskurði, virðist aptur á móti næsta undarlegt, og það, sem alþingi hefir ætlazt til, yrði þá sjálfsagt bezt orðað þannig: „og skal þá nákvæmar ákveðið með konungsúrskurði um þann tíma". En að þessu slepptu má til að breyta þessari grein talsvert frá því, sem stendur í frumvarpinu, er lagt var fyrir alþingi. Ef að ýðar hátign fellst allramildilegast á þá skoðun, sem eg hefi skýrt frá hèr að framan, að lögin ættu, sem frekast má verða, að öðlast gildi eins fljótt og auðið er, þá er það í þessari grein, að setja ætti ákvarðanir þær, sem með þarf, um takmarkanir þær, sem nauðsynlegar eru, á því, að lögunum verði beitt þangað til að búið er að koma upp hegningarhúsi og fangelsum á Íslandi. Þessar reglur yrðu þá sumpart, samkvæmt uppástungum konungsfulltrúa og minni hluta þingsins, að mæla fyrir, að ákvörðununum í tilskipun 24. janúarmán. 1838 4. og 5. grein um hýðingu og sektir skuli beitt í öllum þeim tilfellum, þar sem hegningarlögin setja annaðhvort hegningarvinnu 2 ár eða skemmri tíma eður fangelsishegningu, sumpart að hegningarvinna lengur en 2 ár skuli eins og að undanförnu út tekin í hegningarhúsunum í Danmörku, sumpart að ákvörðuninni í 31. grein frumvarpsins um, að sá, sem dæmdur er í sektir, skuli líka til vara, ef hann kynni ekki að borga alla sektina, dæmdur í fangelsishegningu, skuli ekki beitt á þessu tímabili, og að farið skuli eptir 9. grein tilskipunarinnar frá 1838 um borgun sekta og afplánun þeirra, ef til þess kemur.

Þar sem alþingi hefir beðið um, að aptan við íslenzku hegningarlögin verði bætt, eins og við hin dönsku, skrá um þær ákvarðanir í eldri lögum, sem hin nýju lögin annaðhvort nema alveg af, eða að minnsta kosti að því er hegningar-ákvarðanirnar í þeim snertir, þá hefi eg álitið ástæðu til að láta það eptir þinginu, þó að mjög sè erfitt að semja slíka skrá, svo að hún verði fullkomin, en aptur á móti — og fyrir því þarf varla að færa ástæður — hefir mèr ekki þókt tilefni til að taka til

greina bæn alþingis um, að líka verði samin og tekin í lögin skrá um allar þær ákvarðanir í eldri lögum, sem hegningarlögin ekki snerta. 1869. 25. júní.

---

56. Tilskipun handa Íslandi um afplánun fèsekta í öðrum málum en sakamálum[1]. 25. júní.

Vèr Kristján hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til laga handa Íslandi um afplánun fèsekta í öðrum málum en sakamálum, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Ef að nokkur sá, sem samkvæmt dómi eða úrskurði fyrir utan sakamál ellegar samkvæmt sætt eða yfirvalds-úrskurði á að gjalda fèsekt í hegningar skyni, lætur farast fyrir að greiða hana að öllu eða nokkru leyti, þá skal hann afplána það, sem óborgað er — án þess að reynt sè áður að heimta það með aðförum — í einföldu fangelsi 1 dag fyrir hvern 1 ríkisdal upphæðarinnar allt að fullum 10 rd., 1 dag fyrir hvern 1½ rd. af þeim hluta upphæðarinnar, sem er milli 10 og 25 rd., og 1 dag fyrir hverja 2½ rd. af því, sem umfram er.

Fèsekt, sem ekki nær 2 rd., skal afplánuð með 2 daga einföldu fangelsi; en annars skal, þá er fèsektir afplánast, að eins tekinn til greina sá hluti þeirra, er samsvarar fangelsis-hegningu heilan dag.

Fari sá, sem misgjört hefir, þess á leit við fóeta, og heilsufar hans er því ekki til fyrirstöðu, skal breyta einfalda fangelsinu í fangelsi við vatn og brauð jafnlengi að tiltölu, þannig, að 1 dags fangelsi við vatn og brauð komi í stað einfalds fangelsis í 6 daga; ekki má maður samt sitja skemur en 2 daga í fangelsi við vatn og brauð til þess að afplána sektir. Eigi maður að sitja lengur en 12 daga í einföldu fangelsi, og daga-

[1]) Smbr. Tíðindi frá alþingi 1867 II., 166.—171. og 648.—650. bls.

1869. 25. júní.

tölunni þar á ofan ekki verður fullskipt með 6, fellur afgangurinn burtu, ef hann er minni en 3 dagar, en skal talinn jafn 1 dags fangelsi við vatn og brauð, ef hann er 3 dagar eða þar yfir.

2. grein.

Þegar svo er, að sá, sem misgjört er við, á að fá fèsektina, er það á hans valdi að láta taka hana hjá þeim, sem misgjört hefir, með lögtaki, en að öðru leyti eiga ákvarðanir þær, sem settar eru í 1. grein, við um afplánun þess hluta fèsektarinnar, sem ekki er borgaður eða næst með lögtaki, ef að sá, sem fengið hefir dóminn, leitar háyfirvaldsins útaf því.

3. grein.

Þegar manni er boðið með dómi eða yfirvalds-úrskurði lögum samkvæmt að gegna einhverri skyldu við hið opinbera, og lögð við áframhaldandi fèsekt, en hann hvorki vinnur verkið, nè geldur sektina, skal einnig afplána slíka fèsekt eptir ákvörðununum í 1. grein, ef að valdstjórn sú, sem á heimtingu á að dómnum eða úrskurðinum sè fullnægt, krefst þess; en þess ber samt að gæta, að afplánanin í fyrsta skipti ekki fari fram úr 1 mánaðar einföldu fangelsi, og að 4 vikur verða að líða frá því að búið er að úttaka þessa hegningu þangað til að láta má afplána að nýju, en þá má heimta, að öll sú sektar-upphæð, sem safnazt hefir saman frá því að hin fyrsta framkvæmd afplánunarinnar var á enda, sè afplánuð samkvæmt ákvörðununum í 1. grein, og svo framvegis á sama hátt, í hvert skipti sem 4 vikur eru liðnar frá því að hin síðasta afplánanin var á enda.

4. grein.

Ákvarðanirnar í 1. grein eiga einnig við þegar maður er skyldaður með yfirvalds-úrskurði til að greiða tillög, sem afplána skal ef þau ekki eru goldin, en samt skal, ef auðið er, heimta hið ógoldna tillag með fjárnámi hjá þeim, sem í hlut á, og verður þar á ofan aldrei krafizt að minna sè afplánað, en það sem ógoldið er fyrir eitt missiri, án þess að það komi til greina, þó áskilið hafi verið, að gjalda skyldi tillagið fyrir styttri tíma í hvert skipti.

5. grein. 1869.

Konungur tiltekur nákvæmar með tilskipun, hvenær laga- 25. júní.
boð þetta skuli öðlast gildi.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

---

57. Tilskipun handa Íslandi um skipa mælingar. 25. júní.

Vèr Kristján hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um lagafrumvarp, er fyrir það hefir verið lagt í þeim tilgangi, samkvæmt 26. grein í lögum um skipa mælingar 13. marzmán. 1867, að leiða þau í lög á Íslandi með nokkrum breytingum, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Öll skip og bátar, sem eiga heima á Íslandi, og eru meira en 12 tons að rúmmáli, og ekki hafa mælingarbrèf, gefið út á tolltökustað í Danmörku samkvæmt lögum 13. marzmán. 1867, skulu mæld, og rúmmál þeirra ákveðið eptir aðferð þeirri, sem ákvörðuð er hèr á eptir. Skal hún einnig við höfð, þegar önnur skip eru mæld, sem eiga að segja til farms síns í höfnum á Íslandi. Undanþegin mælingu þar eru öll dönsk skip, sem eiga annarstaðar heima en á Íslandi, og hafa lögmæt dönsk mælingarbrèf, sem og herskip og önnur stjórnarskip, dönsk og útlend, sem ekki eru höfð til vöruflutninga. Stjórnin kveður nákvæmur á um, að hve miklu leyti önnur útlend skip skuli mæld.

2. grein.

Að því leyti að ekki verður settur sèrstakur embættismaður til þess að mæla skip og reikna út rúmmál þeirra, þá skulu lögreglustjórarnir í þeim 6 verzlunarstöðum, sem nefndir eru í 2. grein laga 15. aprílmán. 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi, hafa starf það á hendi.

3. grein.

Mælingin skal fara fram í dönskum fetum og tugabrotum úr fetum.

1869.
25. júní.

4. grein.

Rúmmál skipsins, sem búið er að finna með mælingunni, skal tiltekið í tons öldungis af sömu stærð og enskir register-tons, eins og þeir nú eru.

5. grein.

Það er tilgangurinn með mælingunni, að finna eins nákvæmlega eins og verður stærð allra þeirra rúma í skipinu að teningsmáli, sem notuð verða, og skal hún framfara eptir hinni fullkomnu mælingar-aðferð, sem mælt er fyrir um í I. reglu; einungis þegar henni ekki verður komið við einhverra orsaka vegna, má við hafa mælingar-aðferð þá til bráðabirgða, sem um er rædt í II. reglu. Hina síðarnefndu mælingar-aðferð ber þannig jafnaðarlega að eins við að hafa um þau skip, sem að öllu eða nokkru leyti eru fermd, þegar á að mæla þau, eða ef að einhverjar aðrar sèrstaklegar tálmanir gjöra erfitt að mæla eptir fullkomnu aðferðinni.

6. grein.

I. regla. Þilfar það, sem efst er í skipum með ekki fleirum þilförum en tveim, og það sem er annað að neðan í skipum með fleirum þilförum en tveim, heitir „mælingarþilfarið". Rúmið fyrir neðan þetta þilfar skal skoðað og mælt sem ein samföst heild. Sè fleiri þilför, skulu rúmin, sem á milli þeirra verða, mæld hvert útaf fyrir sig. Sömuleiðis skulu þau rúm mæld útaf fyrir sig, sem eru á efsta þilfari skipsins.

Þegar stærð allra þessara rúma samtalinna er skipt með 91,59 fæst (aðal-)rúmmál alls skipsins. (91,59 dönsk teningsfet = 100 enskum teningsfestum = 1 register-ton).

A. Lengd skipsins skal mæld í beinni línu eptir yfirborði mælingar-þilfarsins frá innra fleti innri súðarinnar öðru megin við stafninn aptur að innra fleti skutviðanna miðskipa eða, þegar svo stendur á, að súðinni þar. Frá þessari lengd skal dregið eins mikið og samsvarar hallanum á kinnungnum og skutviðunum, eptir sem þilfarið er þykkt til, og hallanum á skutviðunum allt að $^1/_3$ af bugðunni á bitanum. Lengd þeirri, sem finnst með þessu móti, skal síðan skipt í eins marga jafna parta, og kveðið er á í töflu þeirri, er hèr fer á eptir:

1869. 25. júní.

1, skipum, er mælingarþilfar þeirra samkvæmt tèðri mælingu er 48,56 feta (50 ensk fet) langt eða minna, skal skipt í 4 jafna parta;

2, — fram yfir 48,56 fet en ekki yfir 116,53 fet (120 ensk fet) skal skipt í 6 jafna parta;

3, — fram yfir 116,53 fet en ekki yfir 174,80 fet (180 ensk fet) skal skipt í 8 jafna parta;

4, — fram yfir 174,80 fet en ekki yfir 218,51 fet (225 ensk fet) skal skipt í 10 jafna parta;

5, — fram yfir 218,51 skal skipt í 12 jafna parta.

B. Þver-skurður skipsins við hvern skurðarsting í lengdinni skal ákveðinn á þann hátt, er nú segir:

Dýptin skal mæld við hvern skurðarsting frá 1/3 af bugðunni á bitanum undir þilfarinu — eða, ef pallar eru á þilfarinu, þá frá beinni línu, er sè framlenging af þilfarinu — til efri brúnarinnar á kjalviðunum innanvert við kjalgólfið, og skal dregin frá meðalþykkt innri súðarinnar millum kjalborðsins og hvíluborðsins.

Sè dýptin við mið-skurðarsting lengdarinnnar ekki meiri en 15,54 fet (= 16 ensk fet) skal hverri dýpt skipt í 4 jafna parta, og hin lárètta breidd að innanverðu síðan mæld við hvern þessara þriggja skurðarstingja og eins við efri og neðri enda dýptarinnar, og skal ávallt mælt til meðal-þykktar þess hluta innri súðarinnar, sem er á milli mælingarstingjanna. Síðan skulu settar tölur á breiddir þessar og byrjað ofanað (þ. e. efsta breiddin verður: 1 og svo framvegis niður að neðstu breiddinni); 2. og 4. breiddin skal margfölduð með 4 og 3. breiddin með 2; þær tölur, sem þá koma út, skulu lagðar saman, og 1. og 5. breidd lögð við þá upphæð; talan, sem þá kemur út, skal margfölduð með þriðjunginum af hinu sameiginlega millibili milli breiddanna, og kemur þá fram flatarmál þver-skurðarins.

Sè miðdýptin aptur á móti meira en 15,54 fet, skal hverri dýpt um sig skipt í 6 jafna parta, og mæla síðan lárèttu breiddirnar, samkvæmt tilsögninni hèr á undan, við hvern af þessum 5 skurðarstingjum og við efra og neðra enda dýptarinnar, og

1869. 25. júní. setja síðan tölur á þær ofanað; 2., 4. og 6. breidd skal margfölduð með 4, og 3. og 5. með 2; tölurnar, er þá koma út, skulu lagðar saman, og við upphæð þeirra allra lögð 1. og 7. breidd. Talan, sem þá kemur út, skal margfölduð með þriðjungnum af hinu sameiginlega millibili milli breiddanna og kemur þá fram flatarmál þver-skurðarins.

C. Þegar búið er á þenna hátt að finna flatarmál þverskurðanna við hvern skurðarsting í lengd skipsins, skal reikningnum á rúmmáli skipsins haldið áfram, eins og nú segir:

Á þverskurðina skulu settar tölur í röð, þannig að 1 er við framenda lengdarinnar við stafninn.

Annar þverskurðurinn og allir þverskurðirnir, sem eru með jafnri tölu, hvort sem lengdinni er skipt eptir töflunni í 4 eða 12 parta eða þar á milli, skulu margfaldaðir með 4, og 3. þverskurðurinn og allir þverskurðirnir, sem eru með oddatölu, nema hinn fyrsti og síðasti, margfaldaðir með 2. Tölur þær, sem koma af margföldueinni, skulu lagðar saman, og fyrsti og síðasti þverskurðurinn, að svo miklu leyti þeir nema nokkru, lagður við upphæð þeirra; talan, sem þá kemur fram, skal því næst margfölduð með þriðjungnum af hinu sameiginlega millibili milli þverskurðanna. Kemur þá fram stærð rúmsins fyrir neðan mælingar-þilfarið að teningsmáli, og þegar henni er skipt með 91,59 kemur fram rúmmál skipsins fyrir neðan mælingar-þilfarið, tiltekið í tons.

D. Að því er snertir palla á þilfarinu, kompur eða önnur rúm á efsta þilfarinu, sem eru lokuð umhverfis, og verða höfð til að koma fyrir í farmi eða vistum eða til klefa eða hæginda handa farþegum, skal rúmmálið ákveðið eins og nú segir:

Meðallengd slíkra rúma að innanverðu skal mæld og henni skipt í 2 jafna parta; á hæðinni miðri skulu mældar 3 breiddir að innanverðu, það er að segja, sín við hvorn enda og ein á miðjunni á lengdinni; endabreiddirnar skulu lagðar saman, við það aptur lögð miðbreiddin fjórfölduð, og öll upphæðin síðan margfölduð með þriðjungnum af hinu sameiginlega millibili milli breiddanna; kemur þá fram hinn lárétti þverskurður rúma þessara miðja vega, og skal hann margfaldaður með meðalhæð

rúmsins. Þessari tölu skal síðan skipt með 91,59, og kvótinn, sem er rúmmál hlutaðeiganda rúms, lagður við rúmmálið fyrir neðan mælingar-þilfarið. 1869. 25. júní.

Þó skal ekki bætt við rúmmálið fyrir hýsi uppi á þilfari til skjóls handa þilfarsfarþegum, ef stjórnin samþykkir það.

Rúm, sem eingöngu eru gjörð til kompa handa skipshöfninni, hvort sem þau eru á þilfarinu eða undir því, má draga frá, þá er reiknað er rúmmál skipsins í tons, ef þau eru svo að stærð og fyrirkomulagi, sem stjórnin segir nákvæmar fyrir um. Einnig setur stjórnin reglur um, hvernig slík rúm skuli mæld, og hvernig séð verði um, að skilyrði þau, sem sett eru fyrir því, að þau verði dregin frá þegar reiknað er rúmmálið, ætíð sé fyrir hendi.

E. Sé 3 þilför í skipinu, skal rúmið milli efsta þilfarsins og mælingar-þilfarsins ákveðið eins og nú segir:

Lengd rúmsins að innanverðu skal mæld á hæðinni miðri frá innri súðinni öðru megin við stafninn aptur að súðinni á kjölviðunum. Lengd þessari skal skipt í jafnmarga jafna parta, eins og lengdinni á mælingar-þilfarinu er skipt. Breidd rúmsins að innanverðu við hvern skiptisting skal einnig mæld á miðri hæðinni ásamt breidd stafnsins og breiddinni við skutinn. Á breiddir þessar skulu settar tölur í röð og byrjað fram við stafninn; 2. breiddin og hinar breiddirnar, sem eru með jöfnum tölum, skulu margfaldaðar með 4, og hin 3. breiddin og hinar breiddirnar, sem eru með oddatölum, nema hin fyrsta og hin síðasta, með 2; tölur þær sem koma fram við margföldunina, skulu lagðar saman og þar við bætt fyrstu og síðustu breidd, öll upphæðin margfölduð með þriðjungnum af hinu sameiginlega millibili milli breiddanna, og kemur þá fram hinn lárétti þverskurður rúmsins miðja vega, tiltekinn í ferhyrningsfetum; sé hann margfaldaður með meðalhæð rúmsins, kemur fram stærð þess að teningsmáli. Skal henni skipt með 91,59, og kvótinn, sem er rúmmál rúms þessa, lagður við hitt rúmmál skipsins.

Sé fleiri þilför en 3 í skipinu, skal stærð hvers rúms milli þilfaranna fyrir ofan mælingar-þilfarið út af fyrir sig

1869. 25. júní. ákveðin á þann hátt, sem nú hefir verið sagt fyrir um, og lögð síðan við rúmmál skipsins.

F. Í öllum skipum, sem fara áfram með gufuafli eða öðru afli, er þarf rúms við til vélarinnar, skal slá af eptir stærðinni á rúmi því eða rúmum þeim, sem hreifingaraflið tekur upp, og skal það dregið frá aðalrúmmáli skipsins, er fundið er eptir framan skrifuðum reglum. Afgangurinn er rúmmál það, er sett skal á skipið. Stjórnin skal nákvæmar ákveða reglurnar um mælingu téðra rúma að teningsmáli.

G. Á opnum skipum ræður efri brún hástokksins línu þeirri, sem mælingin á að fara fram fyrir neðan. Dýptirnar skulu fyrir því mældar við hvern skurðarsting á lengdinni frá línu, sem dregin er um þvert skipið milli efri brúnanna á hástokkunum.

Á skipum af þessi tagi, sem fara áfram með gufuafli eða öðru afli, sem þarf vèla með, skal draga nokkuð frá, og ákveða stærð þess eins og vikið er á í F.

7. grein.

II. regla. Þegar skip er mælt til bráðabirgða, skal mæla: 1, lengd skipsins á efsta þilfarinu stafna á milli; 2, breidd miðja vega að lengdinni til á efsta þilfarinu milli innviðanna rètt ofan við gatbarðið; 3, dýpt frá efri brún efsta þilfarsins lóðrètt niður á ytri súðina í botninum við hliðina á kjölnum, svo mjög miðskipa sem verður, og ef að þarf á halda, þá gegnum dæluna. Þessi 3 mál skulu margfölduð hvert með öðru og tölunni, sem þá kemur fram, skipt með deili, sem getur leikið á milli 110 og 160 eptir lögun skipsins og eptir því, hvar dýptin er mæld, og skal nákvæmar kveðið á um deilinn í skipamælinga-reglugjörðinni.

Kvótinn verður sú tala af tons, sem skal álitin bráðabirgða-rúmmál skipsins, þegar búið er að leggja við hana rúmmál rúma þeirra, sem eru ofan á þilfarinu, og ber að mæla samkvæmt I. reglu, staflið D. Rúm þessi skulu mæld á þann hátt að margfalda saman meðal-lengd, -dýpt og -breidd þeirra og skipta því, sem þá kemur fram, með 91,59.

1869.
25. júní.

Á gufuskipum skal því næst frá aðalrúminu, sem fundið er, draga rúmmál vèlarrúmsins (I. regla, F).

8. grein.

Hinar ítarlegri ákvarðanir, sem með þurfa til þess að skýra betur mælingaraðferðirnar og koma þeim í verk, setur stjórnin í skipamælinga-reglugjörð. Enn fremur er stjórninni heimilt að breyta ákvörðununum í I. og II. reglu til og auka í þær eptir því sem reynslan sýnir að hagfelt er, og svo að ekki komi það í bága við grundvallarreglur þær, sem mælingin er byggð á samkvæmt tilskipun þessari.

9. grein.

Sèrhver mæling skal reiknuð nákvæmlega, svo ekki skakki $^1/_{100}$ úr ton, og skal hún yfirskoðuð af almennilegu æðra umsjónaryfirvaldi í Kaupmannahöfn. Stjórnin ákveður nákvæmar um það.

10. grein.

Um mælinguna skal gjört mælingarbrèf. Handa íslenzkum skipum skal mælingarbrèfið tekið upp í þjóðernis- og skrásetningar-skýrteinið.

Hafi mælingin farið fram eptir II. reglu, skal tekið fram í mælingarbrèfinu, hvers vegna I. reglu hafi ekki orðið komið við. Slíkt mælingarbrèf er ekki lengur gilt en þangað til að mæling getur farið fram eptir I. reglu.

11. grein.

Skip, sem smíðuð eru á Íslandi, skulu mæld undir eins og búið er að leggja þilfarið og innri súðina og áður en nokkrar tilfærur eru gjörðar í skipinu að innan, er geti verið því til fyrirstöðu, að það sè mælt á alla vegu eins og fyrirskipað er hèr að framan, og er skipasmiðurinn skyldur að segja embættismanni þeim, sem í hlut á, skriflega til þess í tækan tíma. Sè heimili embættismannsins lengra en 2 mílur frá stað þeim, er skipið er smíðað, má samt skjóta mælingunni á frest þangað til seinna.

Mælingarbrèfið skal ekki gefið út fyr en skipið er búið, og einnig er búið að mæla rúm þau, sem kann að verða komið fyrir uppi á þilfarinu.

1869. 25. júní.

12. grein.

Skip, sem aðflutt eru frá útlöndum, skulu mæld, er skipið kemur í fyrsta skipti inn á höfn á Íslandi, þar sem mæling getur farið fram eptir tilskipun þessari, nema þau hafi áður komið við í Danmörku og hafi verið mæld þar og fengið mælingarbréf.

13. grein.

Skipstjóri, eða þegar hann er ekki viðstaddur, þá eigandinn að hverju því skipi, sem á að mæla, er skyldur að láta embættismönnum þeim, sem mælingin er á hendur falin, í tè alla þá aðstoð og allar þær upplýsingar, sem þeir kunna að heimta, er þeir mæla skipið, annaðhvort sjálfur eða láta menn sína gjöra það. Einnig á hann tregðulaust að hlýðnast, ef tèðir embættismenn kunna að skora á hann að ryðja rúm í skipinu innanverðu, ef þess þarf með vegna mælingarinnar.

Enn fremur er það skylda skipstjóra á hverju slíku skipi, að ferma það ekki nè taka í það seglfestu, nema hann skýri hlutaðeiganda embættismanni frá því.

14. grein.

Þegar búið er einu sinni að mæla skip samkvæmt I. reglu í tilskipun þessari, og mælingarbrèf það, sem gjört hefir verið þar um, verður sýnt, þá er það gilt, meðan skipinu sjálfu ekki er breytt, og ekki heldur tilskipununum um mælinguna.

15. grein.

Sè skipi, sem hefir danskt mælingarbrèf eða útlent mælingarbrèf, sem er lagt að jöfnu við það, breytt, þegar það er smíðað upp aptur, og breytinganna er ekki seinna getið, eins og vera ber, í mælingarbrèfinu, skal skipasmiður sá, sem hefir staðið fyrir smíðinu, skýra embættismanni þeim, sem skipamælingar eru á hendur faldar, frá því, ef skipið hefir verið smíðað upp aptur á Íslandi, og hafi það verið gjört erlendis, þá skipstjóri; í hinu fyrra tilfellinu skal það gjört, þar sem skipið var smíðað um, og í síðara tilfellinu, þar sem skipið fyrst kemur innanlands, og mæling má fram fara. Sè skipið íslenzkt, hvílir sama skylda á eiganda skipsins.

Frá þessu skal ávallt skýrt svo tímanlega, að skipið verði mælt um tálmunarlaust.

16. grein.

1869. 25. júní.

Á sama hátt á skipstjóri eða eigandi skipsins að skýra frá öllum breytingum á stærð rúma þeirra, sem eru undantekin mælingu, eða eru dregin frá þegar rúmmálið er reiknað, og eins ef gjörð er breyting á notkun slíkra rúma.

17. grein.

Þegar skýrt er frá slíkum breytingum á skipi, eða þegar eigandi þess eða skipstjóri krefst þess, skal það mælt á ný, og nýtt mælingarbréf gefið út í staðinn fyrir hið eldra, sem haldið skal aptur. Samt má tilgreina á fyrra mælingarbréfinu, hvað breytzt hafi, ef að stærðin er hin sama á alla aðalvegu.

Hlutaðeigandi embættismönnum er einnig heimilt umsjónarinnar vegna að mæla skip um, þó þess sè ekki farið á leit. Verði sú raunin á, er skip þannig er mælt um, að gjörðar hafi verið breytingar en ekki sagt til þeirra, skal skipstjóri sá eða eigandi, sem í hlut á, borga allan kostnaðinn. Hafi ekki verið gjörð nein slík breyting, skal kostnaðurinn greiddur úr sjóði þeim, sem landstekjurnar renna inn í, og þyki þörf á að gefa út nýtt mælingarbréf, skal það gjört án nokkurs kostnaðar fyrir eiganda eða skipstjóra.

18. grein.

Eyrir mælinguna skal goldið í sjóð þann, sem landstekjurnar renna í:

a) þegar skipið hefir verið mælt eptir fullkomnu aðferðinni, og ekki hefir orðið skilað eldra mælingarbréfi, sem gefið hefir verið út samkvæmt þessari eða eldri tilskipunum . . . . . 8 sk.

b) í öllum öðrum tilfellum . . . . . 4 —

af hverjum ton, er mælingarbréfið hljóðar um.

19. grein.

Fari mælingin fram annarstaðar, en þar sem embættismaður sá eða embættismenn þeir, sem hlut eiga að máli og hafa störf þessi á hendi, eiga heima, lendir ferðakostnaður sá og fæðispeningar, sem af því hljótast, á skipinu. Ferðakostnaður skal reiknaður á sama hátt og í opinberum málum; í fæðispeninga bera embættismanninum 2 rd. á dag.

1869.
25. júní.

20. grein.

Bæði eigandi skipsins og skipstjóri eru í ábyrgð fyrir gjöldum þeim og kostnaði, sem rædt er um í 2 næstu greinunum hèr á undan.

21. grein.

Láti skipasmiður sá, sem hlut á að máli, fyrir farast að skýra í tækan tíma frá því, sem fyrir er mælt um í 11. grein, varðar það hann fèsekt allt að 25 rd.

22. grein.

Sömuleiðis varðar það allt að 25 rd. fèsekt, ef brugðið er útaf 13. grein í tilskipun þessari.

23. grein.

Farist fyrir að skýra frá því, sem mælt er fyrir um í 15. og 16. grein, þá varðar það, ef hlotizt hefir af breytingum þeim, sem gjörðar hafa verið, að rúmmál skipsins er orðið meira, fèsekt allt að 5 rd. fyrir hvern ton, er rúmmálið reynist hafa aukizt um; þar að auki á hlutaðeigandi að greiða gjöld þau, sem fyrir vanrækt hans eru dregin undan sjóði þeim, sem landstekjurnar renna í.

24. grein.

Eins og það er amtmaður, sem til tekur upphæð fèsektarinnar fyrir yfirsjónir þær, sem nefndar eru í 21.—23. grein, innan takmarka þeirra, sem þar eru sett, eins getur amtmaður einnig dæmt á hendur mönnum fèsekt allt að 10 rd. fyrir brot á ákvörðununum í tilskipun þessari, sem ekki er sèrstaklega lögð nein hegning við, sem og fyrir brot á móti reglum umboðslegs efnis, sem gefnar eru út og auglýstar opinberlega samkvæmt tilskipuninni og í samhljóðan við hana.

25. grein.

Ef að nokkur, sem krafizt er af fèsektar samkvæmt tilskipun þessari, fer fram á, að dómstólarnir dæmi um breytni sína, þá skal amtmaður hlutast um, að farið verði með málið sem almennt lögreglumál, og á dómstóllinn þá að skera úr, hvort hlutaðeigandi sè sekur, og hverri hegningu hann eigi að sæta, ef svo er.

Þar að auki er það amtmaður, sem ákveður, hvort málinu skuli skotið til æðra dóms af hálfu hins opinbera. 1869. 25. júní.

Fèsektirnar renna í sama sjóð og landstekjurnar.

26. grein.

Tilskipun þessi öðlast lagagildi 1. ágústmán. 1870.

27. grein.

Þegar á að reikna út gjöld, sem fara eptir lestatölunni samkvæmt tilskipunum þeim, er nú gilda, skulu 2 tons álitnir jafnir 1 kaupskipslest.

ÁKVARÐANIR UM STUNDARSAKIR.

28. grein.

Sèrhvert það skip, sem á heima á Íslandi, og búið er að mæla, þegar tilskipun þessi öðlast lagagildi, samkvæmt reglum þeim, sem gilt hafa hingaðtil, og gildi mælingarbrèfa þeirra er á enda, samkvæmt ákvörðunum þeim, sem gilda um slík mælingarbrèf, skal mælt um í fyrsta skipti, sem það hittist, enda þó skipið þá sè með farmi, og fyrir þá sök verði að mæla það eptir II. reglu.

Skip, sem hafa slík eldri mælingarbrèf, er enn þá eru gild, eptir að tilskipun þessi hefir öðlazt lagagildi samkvæmt ofangreindum ákvörðunum, má, ef útgjörðarmaður eða skipstjóri fer þess á leit, mæla um eptir ákvörðununum í tilskipun þessari ef að skipin vegna þessa eru rudd eins og með þarf.

Fyrir að mæla skipin um skulu í hvorutveggja tilfellinu greidd gjöld þau, er ákveðin eru í 18. grein.

29. grein.

Þangað til að búið er að mæla skipið um og því næst gefa út nýtt mælingarbrèf, heldur hið fyrra mælingarbrèfið gildi sínu.

30. grein.

Hlutaðeigandi skipasmiður skal tafarlaust segja til skipa þeirra, sem eru í smíðum á Íslandi, er tilskipun þessi öðlast laga-

1869. 25. júní. gildi, ef smíðið er komið lengra áleiðis, en tekið er til í 11. grein, svo að þau verði mæld, ella varðar það hegningu samkvæmt 21. grein.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Samkvæmt konungsúrskurði 31. maímán. 1867 var lagt fyrir alþingi það ár frumvarp til laga fyrir Island um skipamælingar [1], er samið hafði verið í dómsmálastjórninni og sniðið var eptir lögum fyrir Danmörku 13. marzmán. s. á. um skipamælingar. Alþingi ræddi málefni þetta á lögskipaðan hátt og lèt síðan uppi þegnlegt álitsskjal [2] um það, þar sem þingið rèði til, að frumvarpið yrði gjört að lögum, en samt með breytingum þeim, er nú skal greina:

1) að orðinu „ton", sem haft er í frumvarpinu um einingu hins nýja rúmmáls á skipum, verði hvervetna breytt í „ensk lest";
2) að á eptir orðunum: „sem eiga heima á Íslandi" í upphafi 1. greinar í frumvarpinu verði bætt inn í þessum orðum: „og ætluð eru einungis til ferða landa á milli";
3) að í staðinn fyrir orðin: „Öll skip og bátar" á sama stað verði sett: „öll þilskip og þiljubátar";
4) að í staðinn fyrir „4 tons" í sömu grein verði sett: „12 enskar lestir";
5) að niðurlag greinarinnar verði þannig orðað: „Að hve miklu leyti önnur útlend skip skuli mæld, verður nákvæmar ákveðið af stjórninni";
6) að niðurlag 5. greinar á eptir orðin: „þegar á að mæla þau" verði þannig orðað: „eða ef einhverjar aðrar sèrstaklegar tálmanir gjöra erfitt að mæla eptir fullkomnu aðferðinni";
7) að orðinu „ríkissjóðinn" í 18. og 25. grein verði breytt í: „sama sjóð og landstekjurnar";

---

[1]) Smbr. Tíðindi frá alþingi II, 179.—193. bls.
[2]) Smbr. Tíðindi frá alþingi II, 495.—498. bls.

8) að orðunum: „Auk mótunargjalds fyrir hið fullgilda mælingarbréf, sem tekið er uppí þjóðernis-skýrteinið handa dönskum skipum" í 18. grein verði sleppt. 1869. 25. júní.

9) að sektir þær, sem settar eru í 21.—24. grein, verði settar niður um helming, og

10) að lögin verði látin öðlast gildi frá 1. janúarmán. 1869.

Þá er dómsmálastjórninni hafði borizt álitsskjal alþingis um lagafrumvarp þetta, skrifaðist hún á við aðalskattastjórnina um málið og skal nú skýrt frá tillögum dómsmálastjórnarinnar um breytingar þær, er alþingi hafði stungið uppá.

Um 1. Konungsfulltrúi á alþingi hafði ráðið frá í álitsskjali sínu um málefni þetta, að breyting sú, sem þingið hafði stungið uppá á orðinu „ton" í „ensk lest", yrði tekin til greina, og eins lagði aðalskattastjórnin eindregið á móti þessari breytingu, sem þingið ekki hafði fært annað til stuðnings, en að orðið „ton" væri lítt kunnugt á Íslandi. Aðalskattastjórnin tók fram í því efni, að ástæða sú, sem alþingi hefði komið með, væri að sinni hyggju alveg þýðingarlaus, því að orðið „ton" mundi brátt verða tekið upp á Íslandi, undir eins og hinar nýju mælingarreglur væru komnar á, og þar á ofan mundi orðið „ensk lest" eiga miður vel við á ýmsum stöðum í frumvarpinu einkum til að mynda í 4. grein, sem þá yrði svo látandi: „Rúmmál skipsins — — — skal tiltekið í enskum lestum öldungis af sömu stærð og enskir register-tons eins og þeir nú eru". En aðal-annmarkarnir á breytingu þessari, sem aðalskattastjórnin hefir tekið fram, eru þeir, að við orðið lest er jafnaðarlega skilið einhver tiltekinn þungi, þar sem hinn enski register-ton og nú hinn danski ton er ákveðið tenings-rúmmál, að það sé ekki ólíklegt, að í þeim löndum, þar sem hið nýja skiparúmmál smátt og smátt verður tekið gilt, verði álitið vafasamt, hvort rúmmáls-einingin á dönskum skipum og á íslenzkum skipum sé í raun og veru hin sama, þegar nafnið á henni er ekki hið sama, og að ekki yrði hjá því komizt að gjöra samsvarandi breytingar á texta mælingarbréfanna og þjóðernisskýrteinanna handa skipum, sem eiga heima í Danmörku, því að það hafi ávallt verið viðurkennt í öllum löndum og á öllum

1869. 25. júní.

öldum, að þau skip, sem hafa sama flagg, eigi að hafa fullkomlega samsvarandi skýrteini, þau er eiga að vera til sönnunar um þjóðerni skipanna, nöfn þeirra og rúmmál. Samkvæmt því, sem aðalskattastjórnin þannig hafði sýnt fram á, virtist það vera réttast að halda orðinu „ton", sem haft hafði verið í frumvarpinu.

Um 2. Breytingu þá, sem hèr er til færð, hafði alþingi byggt á því, að aðaltilgangurinn með mælinguna væri að undirbúa, að skip geti fengi þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini, en að slík skýrteini að eins virðist nauðsynleg fyrir skip, sem fara landa á milli. Konungsfulltrúi og aðalskattastjórnin lögðu samt á móti þessari breytingu, af því að hún væri ónauðsynleg og henni yrði ekki komið við, og að það virtist eðlilegast, að takmörk skyldu þeirrar, að láta mæla skip sín, sè látin vera komin undir rúmmáli skipanna, en ekki undir yfirlýsingu eigandans eða ágizkun annara um, hvort skipið sè ætlað til að fara landa á milli eður eigi, enda mundi þá undir eins verða spurt um, hvernig ætti að fara með þau skip, sem bæði fara á milli hafna á Íslandi og líka til annara landa, en það megi búast við, að svo sè um flest íslenzk skip. Það virtist því heldur ekki eiga að taka þessa breytingu til greina.

Um 3. Konungsfulltrúi hafði lagt fram með þessari breytingu, og alþingi hafði tekið fram henni til stuðnings, að, þar eð mælingaraðferð sú, sem síðar er um rædt í frumvarpinu, einungis virðist hafa þilskip fyrir augum og mæling opinna skipa eigi heldur virðist vera nauðsynleg, eigi opin skip að sinni hyggju að vera undan skilin mælingar-skyldunni. En aðalskattastjórnin hefir vakið athygli á, að í 6. grein G í frumvarpinu sè með berum orðum mælt fyrir um, hvernig opin skip skuli mæld, og hefir lagt á móti, að þessi breyting sè tekin til greina, því að það virðist ekki vera nein ástæða til að gjöra neinn mun á meðferð þiljubáta og annara báta, og það því síður, sem það að sinni hyggju sè alveg rangt að smíða svo stóra opna báta, að þeir sè 12 tons — hèr um bil $6^1/_2$ kaupskipalest að rúmmáli — því að þeir sè ekki haffærir, og því eigi ekki að neinu leyti að láta þá sæta betri kjörum en

þiljubáta með sama rúmmáli. Þessu var dómsmálastjórnin alveg samdóma. 1869. 25. júní.

Um 4. Þessari breytingu til stuðnings hafði alþingi tekið fram, að það væri ávallt nokkrum erfiðleikum og kostnaði bundið að fá skip mæld, og þess vegna væri sanngjarnt, að eigendur þeir, er í hlut eiga, fengju að vera lausir við þessa byrði, þar sem um litla eign er að ræða. Konungsfulltrúi mælti fram með breytingu þeirri, sem alþingi hafði stungið uppá á þenna hátt í tilliti til mælingar-skyldunnar, og sýndi í því efni fram á, að skip og bátar, sem ekki eru 12 tons að rúmmáli, verði ekki hafðir til vöruflutninga hafna á milli á Íslandi, nema þær sé í sama flóanum eða firðinum, nè heldur milli hafna á Íslandi og útlanda, og að skipamælingar þar á ofan verði miklu meiri erfiðleikum bundnar að tiltölu á Íslandi en í Danmörku, einkum sökum þess, að þær geta ekki farið fram nema á sex stöðum á öllum hinum víðáttumiklu ströndum landsins. Með því aðalskattastjórnin hafði heldur ekki neitt að þessari breytingu að finna, þókti dómsmálastjórninni ekki ísjárvert að fallast á hana, einkum vegna þess, hversu afskekkt Ísland er.

Um 5. Að orðabreytingu þeirri, sem hèr var stungið uppá, virtist ekkert verða fundið.

Um 6. Þessa breytingu hafði alþingi byggt á því, að það mundi hafa mikla erfiðleika í för með sèr og tímaspilli, að þurfa að leita úrskurðar hjá stjórninni í Danmörku í hvert skipti sem einhverjar aðrar sèrstaklegar tálmanir en það, að skipið er fermt, gjöra erfitt að mæla eptir fullkomnu aðferðinni. Bæði konungsfulltrúi og aðalskattastjórnin fèllust á uppástungu alþingis um þetta efni og tók skattastjórnin fram, að það hafi aldrei verið svo til ætlazt, að í hvert skipti, er svona stendur á, skyldi leitað samþykkis stjórnarinnar til þess að mega hafa bráðabirgða mælingar-aðferðina, heldur hafi tilgangurinn verið sá, að þær ákvarðanir frá umboðsstjórninni, sem gilda fyrir tolltökustaðina í Danmörku um þetta efni, skyldu einnig verða hafðar til leiðbeiningar við skipamælingar á Íslandi með þeim breytingum, sem með þyrfti; þetta sè nauðsynlegt til þess að samkvæmnin haldist. Með því að breytingin samkvæmt þessu

1869. 25. júní.

skýrir betur það, sem til var ætlazt frá upphafi, þókti vel til fallið að taka hana til greina.

Um 7. Dómsmálastjórnin hafði ekki fyrir sitt leyti neitt að því að finna, að orðinu „ríkissjóðinn" í 18. og 25. grein væri breytt í „sama sjóð og landstekjurnar", en þá virtist líka rèttast, að sömu orðin væru höfð í 17. og 23. grein, þar sem í frumvarpinu stendur „ríkissjóðnum".

Um 8. Þar sem alþingi hafði stungið uppá, að mælingarbrèf, sem gjörð eru á Íslandi, skyldu undanþegin mótunargjaldi, hafði konungsfulltrúi tekið fram, að með því að mælingarbrèfin sè gjörð á Íslandi að fullu og öllu, jafnvel þó að mælingin sè endurskoðuð á aðalskrásetningar-skrifstofunni í Kaupmannahöfn, þá sè að sinni hyggju rèttast að láta þau skjöl vera undanþegin mótunargjaldi, eins og öll önnur skjöl, sem gjörð eru á Íslandi. Aðalskattastjórnin var á sama máli um þetta efni, og var því fallizt á þessa breytingu alþingis, þannig að mælingarbrèfið skuli sleppa hjá mótun, en ekki þjóðernisskýrteinið, sem ávallt skal samið á aðalskrásetningar-skrifstofunni í Kaupmannahöfn.

Um 9. Samkvæmt grundvallarreglu þeirri, sem kemur fram í 3. grein tilskipunar 24. janúarmán. 1838, virtist ekkert vera því til fyrirstöðu, að fallast á uppástungu alþingis um að færa sektir þær, sem mælt var fyrir um í frumvarpinu, og sem voru jafn stórar í lögunum fyrir Danmörku um skipmælingar, niður um helming.

Um 10. Með því að lagaboðið ekki gat orðið þinglesið fyr en á manntalsþingunum á Íslandi vorið 1870, varð það ekki látið öðlast lagagildi fyr en 1. ágústmán. s. á.

Auk breytinga þeirra, sem getið er um hèr að framan, á frumvarpinu, sem lagt hafði verið fyrir alþingi, var enn fremur nauðsynlegt, til þess að koma á samkvæmni þeirri, sem verður að vera á ákvörðununum um skipa mælingar á Íslandi og í Danmörku, að taka upp í íslenzku mælingarlögin ákvarðanirnar í lögunum fyrir Danmörku 15. maímán. 1868, sem hafa viðbæti við skipamælinga-lögin 13. marzmán. 1867 inni að halda, og þá að

breyta 6. grein D í frumvarpinu samkvæmt því. Einnig þókti rèttast að breyta orðinu „lög" í fyrirsögn frumvarpsins í „tilskipun". 1869. 25. júní.

---

58. Tilskipun handa Íslandi um skrásetning skipa.

Vèr Kristján hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt í þeim tilgangi, samkvæmt 30. grein í lögum um skrásetning danskra skipa 13. marzmán. 1867, að leiða þau í lög á Íslandi með nokkrum breytingum, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Til þess að skip geti með skrásetning á Íslandi öðlazt rètt á að hafa danskt flagg, verður eigandi þess að hafa rèttindi innborinna danskra manna og ekki hafa þólfestu fyrir utan lönd Danaveldis, eða eigandinn eða eigendurnir verða að vera orðnir danskir þegnar, með því að vera orðnir heimilisfastir á Íslandi eða í Danmörku. Sè skipið eign hlutafèlags, þá á fèlagið að vera undir íslenzkum eða dönskum lögum, og stjórn þess hafa aðsetur sitt á Íslandi eða í Danmörku og fèlagsmenn að fullnægja skilmálum þeim, sem settir eru hèr að framan.

2. grein.

Um öll skip, sem eiga heima á Íslandi, og heimilt er að hafa danskt flagg, og eiga að vera mæld samkvæmt tilskipuninni um skipa mælingar, skal höfð skipaskrá.

Um skrásetning skipsins á skipaskrána skal gefið út skjal, þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini, og skal það, meðan það er í gildi, ásamt merkjum þeim, sem sett eru á skipið (3. grein) vera til sönnunar og vera fullkomin sönnun um þjóðerni skipsins og hvert það er, hvenær sem þess er spurt.

Auk aðalskjals þessa þarf sèrhvert skrásett skip, bæði á friðar og ófriðar tímum, að eins að hafa farmskjöl þau, sem

1869. 25. júní.

með þarf, og skilríki þau um skipshafnir og afgreiðslu skipa, sem boðið er að skip skuli hafa.

Skip, sem að eins eru 30 tons á stærð og þaðan af minni og einasta eru höfð til vöruflutninga hafna á milli á Íslandi, eru undan þegin ákvörðununum hèr að framan um skrásetningar- og þjóðernis-skýrteini; skulu þau sett á skrá sèr og að eins fá mælingarskýrteini, og ákveður stjórnin, hvernig það skuli vera. Sè þess farið á leit, má samt skrásetja skip þessi algjörlega og láta þau fá þjóðernis-skýrteini, og eru þau þá undirgefin ákvörðununum í tilskipun þessari.

Ekkert íslenzkt kaupfar, sem ekki er stjórnarskip, má hèr eptir hafa neitt annað flagg fyrir þjóðernisflagg en hið almennilega danska verzlunarflagg, en það er kaupferðaflagg það, sem skipað er fyrir um í tilskipun 11. júlímán. 1748, 1. grein.

3. grein.

Á öllum skipum, sem eru skrásett samkvæmt 2. grein, skal ávallt vera markað þjóðernis-merkið „D. E." (þ. e. dönsk eign), talan, sem merkir rúmmál þess, og skrásetningarstafirnir á þiljubitann í aptari röndinni á stórlúkunni, eða ef því verður ekki komið við, þá einhverstaðar annarstaðar, þar sem hægt er að koma auga á það og vel fer á því.

Þegar merki þessi sjást ekki lengur, verður skip það, sem í hlut á, ekki viðurkennt sem skrásett danskt skip.

4. grein.

Skrásetning skipa er undir stjórn og umsjón yfirvalds þess, sem konungur skipar til þess, og á Íslandi skal hún fyrst um sinn að eins fram fara á þeim 6 verzlunarstöðum, sem nefndir eru í 2. grein í lögum 15. aprílmán. 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi, hjá lögreglustjóra þeim, sem í hlut á. Stjórnin ákveður stærð skrásetningarumdæmis þess, sem þannig verður lagt undir hvern verzlunarstað.

Á aðalskrá skrásetningarstofunnar í Kaupmannahöfn yfir skip þau, sem skrásett eru í ríkinu, skal einnig rita skip, sem skrásett eru á Íslandi, og skulu þjóðernis- og skrásetningar-

skýrteini þau, sem um er rædt í annari grein, gefin út á þeirri skrifstofu. 1869. 25. júni.

5. grein.

Á hverjum þessara staða skulu skipin í því hèraði sett á skrá og tala við hvert skip.

Sèrhver skipseigandi á rètt á að fá skip sitt skrásett í hverju umdæmi, sem hann vill, og skal það umdæmi álitið heimili skipsins. Ekki má rita á íslenzku skipaskrárnar skip þeirra dönsku þegna eða hlutafèlaga, sem eru heimilisfastir annarstaðar en á Íslandi, nema stjórnin veiti sèrstaklegt leyfi til þess.

Skrárnar skulu ritaðar í bækur, sem eru löggiltar til þess, og allt af skulu vera kyrrar á skrifstofu þeirri, sem í hlut á.

6. grein.

Stöfum þeim, sem skipið fær á aðalskránni, sem nefnd er í 4. grein og haldin er í Kaupmannahöfn, má ekki breyta, meðan skrásetningin er gild, og verða þeir skrásetningarstafir skipsins, sem eiga að vera markaðir á það.

7. grein.

Skrásetningar-bækurnar eiga að skýra frá í sèrstökum dálkum:

1) skrásetningarstöfum skipsins, nafni þess, hvar það eigi heima og hvar það sè smíðað;
2) hvers konar skip það sè, og skal nákvæmar lýst lögun þess og aðalmáli þess á alla vegu;
3) rúmmáli skipsins og skal tilgreint, með hverri aðferð það er reiknað út;
4) nafni, stöðu og heimildarbrèfi eiganda þess eða þeirra, sem skrásettir eru.

Sè fleiri en einn eigandi skrásettir, skal einnig tilgreint, hversu mikinn hlut hver eigi í skipinu.

Sè skipið hlutafèlags eign, skal bóka nafn fèlagsins, aðalaðsetur stjórnar þess og nafn útgjörðarmanns þess eða þeirra, sem hafa stjórn þess á hendi.

1869. 25. júní.

Um hvert skip skal tilgreina ár og dag, er það var fært inn í skrásetningarbókina.

8. grein.

Þegar skrásett skip er strikað út úr skrásetningarbókinni, á að bóka í hana orsökina til þess, og hvar og hvenær skilríki þau sè dagsett, sem eru því til sönnunar, annaðhvort að skipið sè ekki lengur til, eða að það hafi misst rètt á að vera álitið danskt skip, eða að það sè komið undir annað skrásetningarumdæmi. (16., 17. og 19. grein).

9. grein.

Eigandinn eða umboðsmaður hans skal segja skriflega til hvers skips, sem á að skrásetja, til skrásetningarskrifstofunnar í umdæmi því, sem skipið á heima, eða sè það þá, þegar á að skrásetja það, utan umdæmisins, þá til skrifstofunnar í umdæmi því, sem skipið er í.

Þegar sagt er til skipsins, skulu þessi skilríki fylgja með:

1) skipasmíðisskýrteinið og, ef skipið ekki er smíðað í hinu danska ríki, kaupbrèfið eða annað skjal, sem er því til sönnunar, að skipið sè hætt að vera útlend eign og orðið dönsk eign, og kvittun um, að aðkaupsgjaldið sè borgað. Skjöl þessi skulu lögð fram í frumriti og í eptirriti, og verður eptirritið kyrt í skjalasafni skrásetningarstofunnar;
2) skjal frá eiganda eða eigendum skipsins, er upplýsingar þær fylgja, sem með þarf, og þar sem þeir upp á æru og trú lýsa því yfir, að þeir sè þess konar menn, sem heimilt sè að eiga skip, er hefir danskt flagg, samkvæmt 1. grein, eða ef skipið er eign hlutafèlags, þá skrifleg yfirlýsing einnig upp á æru og trú frá stjórn fèlagsins um, að skilmálunum, sem settir eru í 1. grein fyrir því að eiga danskt skip, sè fullnægt. Í yfirlýsingum þessum skal einnig vera heitorð um, að þjóðernis- og skrásetningar-skýrteinið skuli ekki verða vanbrúkað til þess að útvega öðru skipi eða sama skipi í eign útlendra þegna sömu kjör og dönsk skip hafa.

Undir yfirlýsingu þessa á sá, sem í hlut á, annaðhvort að

rita nafn í viðurvist hlutaðeiganda skrásetningar-embættismanns eða að sjá um, að hún sè staðfest af nótaríus. 1869. 25. júní.

Verði ágreiningur um, hvort þeim, sem til skipsins segir, sè heimilt að eiga skip, er hefir danskt flagg, þá verður hann að sanna það með skýrteini frá yfirvaldinu þar, sem hann á heima.

Þegar sèrstaklega stendur á, getur stjórnin vægt til um skilríki þau, sem hèr eru heimtuð, ef að komið verður fram með upplýsingar þær, sem með þarf, á annan hátt, svo að nægir.

10. grein.

Þegar búið er á skrásetningar-skrifstofu þeirri, sem í hlut á, að rita það, sem með þarf um skrásetninguna og um mælinguna í skjal, sem gjört er þar um, skal senda það (með fylgiskjölum) þegar í stað til stiptamtmannsins, og þegar hann ekki hefir neitt fram að færa á móti því, að skipið sè viðurkennt sem danskt, gefur hann út handa því bráðabirgða þjóðernis-skýrteini, er samið sè eptir formála, sem stjórnin nákvæmar til tekur; sendir hann skrásetningarskrifstofunni það til þess, að hún skili því til skipsins, og ber henni um leið að sjá um, að markað sè á skipið þjóðernismerkið „D. E.“, rúmmálið og skrásetningarstafir þeir, sem stiptamtmaðurinn hefir tekið til. Áður en skipið er afgreitt, skal þar að auki á skrásetningarskrifstofunni rita nafn skipstjóra á skýrteinið. Skýrslu þá, sem stiptamtmaður hefir fengið frá skrásetningarskrifstofunni um gjörðina með fylgiskjölum, skal hann senda hlutaðeiganda stjórnarráði, til þess henni verði komið á aðalskrásetningarskrifstofuna í Kaupmannahöfn. Skal þar yfirskoða mælinguna og rannsaka skilríki þau, sem send hafa verið, og má, ef þess þykir þörf, krefjast þess, að skipið sè mælt um að öllu eða nokkru leyti, og að upplýsingar þær, sem komnar eru fram, sè gjörðar fullkomnari eða ítarlegar sannaðar. Þegar öll þessi skilríki eru fengin, skal skipið sett á aðalskrána samkvæmt þeim.

11. grein.

Þegar skrásetningin er búin, gefur aðalskrásetningarskrif-

1869. 25. júní.

stofan út þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini fyrir fullt og allt; skal það lagað eptir formála þeim, sem er aptan við tilskipun þessa, og mælingarskýrteinið vera ritað í það, og hafa allar þær upplýsingar inni að halda, sem tilgreindar eru í skránni samkvæmt 7. grein. Skýrteinið skal (ásamt skilríkjum þeim, sem send hafa verið) sent stiptamtmanni aptur hið bráðasta, til þess að hann þegar í stað sendi það til skrásetningarskrifstofu þeirrar, sem í hlut á, og skal þar síðan bóka það, sem með þarf, í skrárnar á hverjum stað um sig (5. grein) og leiðrètta þau missmíði, sem kunna að vera á mælingunni o. fl., og skal hlutaðeiganda skipi síðan skilað þessu fullgilda skýrteini, þá er búið er að rita nafn skipstjóra á það, móti því, að það skili aptur bráðabirgðaskýrteininu. Hið síðarnefnda skýrteinið skal sent stiptamtmanni ásamt með skýrslu um, að búið sè að láta hið fullgilda skýrteini úti.

Sè skip það, sem í hlut á, þegar skrásetningin á að fara fram, ekki í umdæmi því, þar sem beðið er um, að það sè skrásett, skal skrásetningarskrifstofa sú, sem hefir afhent þjóðernis- og skrásetningar-skýrteinið, senda skrifstofunni í því umdæmi, er skipið á að eiga heima, skilríki þau og aðrar upplýsingar, sem með þarf samkvæmt 9. grein, til þess að skipið geti komizt á skrána í hinu síðarnefnda umdæminu.

12. grein.

Skýrteinið skal ávallt fylgja skipinu og sýnt, nær sem danskt yfirvald heimtar það, hvort sem það er borgaralegt yfirvald eða hermaður eða danskur verzlunarfulltrúi.

Það er bannað, að neitt sè ritað á skýrteinið eða neinu breytt í því, nema það sè gjört af stiptamtmanninum eða á einhverri skrásetningarskrifstofu í Danmörku eða á Íslandi eða af verzlunarfulltrúa, og getur það varðað hegningu, ef út af þessu er brugðið, eptir atvikum jafnvel eins og fyrir fals.

13. grein.

Skip, sem smíðað er erlendis á kostnað íslenzks manns, eða er komið í „danska eign“, getur ekki orðið skrásett, fyrr en það er komið í danskt eða íslenzkt skrásetningarumdæmi.

Þó skal dönsku verzlunarfulltrúunum, þegar þannig stendur á, vera heimilt, þegar búið er að fá þeim skilríki þau, sem um er rædt í 9. greinar 1. og 2. tölulið, að gefa út þjóðernis-skýrteini til bráðabirgða, og skal það hafa sama gildi og fullkomið þjóðernis-skýrteini, þangað til skipið verður skrásett á lögboðinn hátt. 1869. 25. júní.

Þjóðernis-skýrteinið til bráðabirgða skal hafa þessar upplýsingar inni að halda:

1) nafn skipsins, og hvers konar skip það sè;
2) hvenær og hvar skipið sè keypt, og nafn hins íslenzka eða hinna íslenzku eiganda þess samkvæmt kaupbrèfinu eða öðru heimildarskjali;
3) nafn skipstjóra;
4) eins nákvæmar upplýsingar og fengizt geta eptir atvikum, um rúmmál þess, lögun og lýsingu á því;
5) hversu lengi skýrteinið sè gilt.

Undir eins og verzlunarfulltrúi sá, sem í hlut á, er búinn að láta úti slíkt þjóðernis-skýrteini til bráðabirgða, sendir hann eptirrit af því til hlutaðeiganda stjórnarráðs.

Slíkt bráðabirgða þjóðernis-skýrteini er samt ekki lengur gilt, en þangað til skipið í fyrsta sinni kemur inn á danska eða íslenzka höfn, — því þá á að skila því á skrásetningarskrifstofunni þar, — og aldrei lengur en í 2 ár, frá því að það er gefið út, ef að stjórnin veitir ekki sèrstaklega leyfi til þess.

Skipstjórinn á skrásettu íslenzku skipi, sem smíðað er upp aptur erlendis, getur krafizt af næsta verzlunarfulltrúa, að hann láti sig fá skýrteini, er veiti sèr heimild til að nota þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini sitt eptir sem áður, þangað til hann kemur inn á danska eða íslenzka höfn, þar sem má rannsaka, hvort skipinu sè breytt svo mjög, að gefa þurfi út nýtt þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini. Ekki getur slíkt skýrteini samt verið lengur gilt en í 2 ár frá því, að það er gefið út, nema stjórnin veiti leyfi til þess sèrstaklega.

14. grein.

Á sèrhverju skrásettu skipi á nafn þess og heimili að vera

1869. 25. júní.

ritað aptan til á því, þar sem hægt er að koma auga á það; skal það vera ritað með greinilegu letri ljósleitu með dökkum undirlit eða dökku letri með ljósleitum undirlit.

Ekki er leyfilegt að leyna nafni skipsins nè heimilis þess eða nema það burtu, nema í ófriði, til þess að forðast að fjandmennirnir taki það.

Ekkert skip má nefna öðru nafni, en því sem það er skrásett með.

Ekki má breyta nafninu á skrásettu skipi, nema eigandaskipti verði, og skal samþykki stjórnarinnar þá koma til. Sè nafninu breytt, skal gefa út nýtt þjóðernis- og skrásetningarskýrteini; skrásetningarstafirnir haldast óbreyttir.

15. grein.

Sè þess farið á leit við stjórnina, má í staðinn fyrir áður út gefið þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini láta koma nýtt skýrteini samhljóða, og skal þá skila hinu fyrra skýrteininu aptur.

Hafi þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini skrásetts skips glatazt, má láta úti nýtt skýrteini, ef þess sömuleiðis er farið á leit við stjórnina.

Í öllum þeim tilfellum, er nýtt skýrteini er gefið út, án þess að skipið um leið sè mælt um, þarf beiðandinn, sem í hlut á, ekki að gjalda neitt, nema að svo miklu leyti sem mótunargjald ber að greiða.

Týnist þjóðernis- og skrásetningar-skýrteinið erlendis, getur næsti verzlunarfulltrúi gefið út þjóðernis-skýrteini til bráðabirgða (13. grein), og skal þess getið með berum orðum, hverra orsaka vegna það sè gefið út. Þegar svo er, á sá, sem biður um skýrteinið, að gefa skýrslu um, hvernig það atvikaðist, að skýrteinið týndist.

16. grein.

Þegar skrásett skip ferst, er höggvið upp eða ónýtt á annan hátt, á sá, sem átti skipið, þegar í stað að skýra skrásetningarskrifstofu þeirri, sem í hlut á, skriflega frá því, til þess að skipið verði strikað út úr skipaskránni, og á hann einnig

að skila þjóðernis- og skrásetningar-skýrteininu aptur, eða færa sönnur á, að því verði ekki skilað aptur. 1869. 25. júní.

Hafi skipið farizt erlendis, skal dönskum verzlunarfulltrúa skýrt frá því eins og nú var sagt, og á sömuleiðis að skila honum skýrteininu.

Verzlunarfulltrúinn á síðan að senda hlutaðeiganda stjórnarráði skilríki þessi ásamt nákvæmari skýrslu um skiptapann.

17. grein.

Þegar manni, sem ekki fullnægir skilmálunum í 1. grein, er selt skip eða partur úr skipi, og skipið fyrir þá sök missir rètt sinn til að vera álitið danskt og hafa danskt flagg, á sá, sem átti skipið, þegar í stað að skýra skrásetningarskrifstofunni í umdæmi því, hvort sem það er danskt eða íslenzkt, þar sem skipið er, skriflega frá þessu, til þess að sèð verði um, að markið „D. E.“, verði höggvið burt. Sömuleiðis ber honum, áður en 4 vikur eru liðnar, frá því að hann fèkk að vita, að salan væri fullkomnuð, að skýra skrásetningarskrifstofu þeirri, þar sem skipið er skrásett, frá því og skila henni aptur skýrteininu.

Hafi salan farið fram erlendis, skal þegar í stað skýra danska verzlunarfulltrúanum frá henni og skila honum skýrteininu og hinum öðrum skjölum skipsins, og á verzlunarfulltrúinn að sjá um, að markið „D. E.“ sè höggvið burt, og senda hlutaðeiganda stjórnarráði skilríki þau, sem hann þannig hefir fengið í hendur. Þar sem enginn danskur verzlunarfulltrúi er, verður sá, sem átti skipið eða stýrði því, að útvega sönnun staðfesta af nótaríusi um söluna, og um að búið sè að höggva markið „D. E.“ burtu, og senda stiptamtmanninum skilríki þessi ásamt með skýrteininu, til þess að hann leiðbeini þeim til aðalskrásetningarskrifstofunnar í Kaupmannahöfn.

Þegar skrásett skip eða partur í því verður eign útlends manns, annaðhvort við sölu opinberlega eða að arfi, á rèttarþjónn sá, sem hefir látið söluna fara fram eða skipt búinu, eða ef það verður erlendis, þá næsti verzlunarfulltrúi að sjá um það, sem með þarf.

1869. 25. júní.

Þessar ákvarðanir eiga einnig við um þau tilfelli, er skip, sem heima á á Íslandi, verður dæmt upptækt erlendis, af því það sè óhaffært.

18. grein.

Verði nokkur breyting um eignarrèttindin yfir skipinu, en sem þó ekki snertir rètt þess að hafa danskt flagg, og eins verði breytingar á nokkru af atvikum þeim, sem skrásett eru samkvæmt 7. grein, þá ber eigandanum, og sè annar orðinn eigandi, þá nýja eigandanum, áður en 4 vikur eru liðnar frá því að breyting þessi varð, að skýra hlutaðeigandi skrásetningarskrifstofu frá því, og þurfi nokkrar sannanir fyrir þessu samkvæmt 9. grein, þá koma fram með þau skilríki, til þess að skráin verði leiðrètt eptir því.

Þó að eigandaskipti verði eða skipstjóraskipti, þá þarf ekki fyrir þá sök að gefa út nýtt þjóðernis-skýrteini, nema þess sè farið á leit, en þess skal að eins getið í skýrteininu.

Verði slíkar breytingar erlendis, skal næsti verzlunarfulltrúi rita á skýrteinið það, sem með þarf þar um, og verði eigandaskipti, senda skýrslu um þau.

Sè þar á móti nokkru skrásettu skipi breytt svo, að það svari ekki lengur til þess, sem stendur í þjóðernis- og skrásetningarskýrteininu um, hvers konar skip það sè, um rúmmál þess eða um lýsingu þess að öðru leyti, þá skal annaðhvort ritað á skýrteinið um breytingu þessa á skrásetningarskrifstofu þeirri, sem á í hlut, eða sjá um, ef það þykir hentara, það að sè skrásett að nýju og fái nýtt skýrteini.

Verði slíkar breytingar erlendis, skal næsti verzlunarfulltrúi rita á skýrteinið það, sem með þarf, og senda skýrslu um það (smbr. 13. grein).

Sèrhver skrásetningarskrifstofa á Íslandi skal tafarlaust senda stiptamtmanni, til þess hann komi henni á aðalskrásetningarskrifstofuna í Kaupmannahöfn, skýrslu um hverja þá breytingu, sem nefnd er hèr að framan, og orðið hefir um skip þau, er eiga heima í skrásetningarumdæminu.

19. grein. 1869.

Vilji maður flytja skrásett skip úr einu skrásetningarumdæmi yfir í annað, þá má gjöra það, ef að eigandinn eða eigendurnir beiðast þess skriflega á skrásetningarskrifstofunni, sem skipið var skrásett á. 25. júní.

Þegar svo er, skal skila þjóðernis- og skrásetningar-skýrteininu, sem fyr hefir verið gefið út, á skrásetningarskrifstofunni á hinu fyrra eða hinu nýja heimili skipsins, undir eins og orðið getur, til þess að nýtt skýrteini verði gefið út.

20. grein.

Sè þess farið á leit, má á hverri skrásetningarskrifstofu fá útdrátt af skrásetningarbókinni, ef goldinn er 1 rd. fyrir hvert skip, sem beiðzt er upplýsinga um.

Sömuleiðis má með sömu skilmálum fá hjá stiptamtmanninum eptirrit af þjóðernisskýrteini til bráðabirgða, sem fyr er útgefið og enn er gilt, og frá aðalskrásetningarstofunni í Kaupmannahöfn af fullgildu þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini; skal embættismaður sá, sem í hlut á, rita á eptirritið vottorð um, að það sè samhljóða frumritinu og skýra frá tilefninu til þess, að það var látið í tè.

21. grein.

Ef að eigandinn sèrstaklegra orsaka vegna æskir þess, að skip, sem á heima á Íslandi, megi áður en það er skrásett, fara úr einni íslenzkri höfn á aðra (íslenzka höfn), þá getur hlutaðeigandi háyfirvald, ef þess er farið á leit, leyft það með því að gefa út leiðarbrèf, sem hefir sama gildi innan tèðra takmarka eins og þjóðernis- og skrásetningarskýrteini.

22. grein.

Sèrhver athöfn, sem lýtur að því að svíkja út skrásetning á skipi, sem skilmálarnir, er nauðsynlegir eru eptir tilskipun þessari til þess að mega hafa danskt flagg, ekki eiga sèr stað um, varðar allt að 1 rd. fèsekt fyrir hvern ton af rúmmáli skipsins, ef að slík athöfn ekki er svo vaxin, að önnur og þyngri refsing liggi við henni.

23. grein.

Ef að það sannast, þegar búið er að gefa út og skila

1869. 25. júní. þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini, að það hefir verið svikið út handa skipi, sem ekki hefir rètt á því, þá skal goldin allt að 2 rd. fèsekt fyrir hvern ton af rúmmáli skipsins, auk hegningarinnar fyrir verk þau, sem kunna að hafa verið unnin til þess að koma þessu fram, og saknæm eru eptir hegningarlögunum.

Því skal lýst yfir með opinberri auglýsingu, að skýrteinið sè ógilt, og skal það gjört upptækt undir eins og verður.

24. grein.

Láti maður fyrir farast að skýra frá breytingum á skipi, er svipti það rètti til að hafa danskt flagg, þá varðar það fèsekt allt að 25 rd. Láti maður fyrir farast að skýra frá þessu, og það er gjört í því skyni, að nota sèr þjóðernis- og skrásetningarskýrteini, sem skipið ekki á rètt á að hafa, þá varðar það fèsekt allt að 2 rd. fyrir hvern ton af rúmmáli skipsins.

25. grein.

Láti maður fyrir farast að skila aptur þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini, eptir því sem fyrir er mælt í 16. og 17. grein, án þess að komið verði með neina gilda ástæðu fyrir því, og eins ef ekki er sèð um, að markið „D. E.“ sè höggvið burtu, eins og fyrir skipað er á sama stað, þá varðar það allt að 1 rd. fèsekt af hverjum ton af rúmmáli skipsins.

Skal því þá lýst yfir með opinberri auglýsingu, að skýrteinið — ef skipið er enn til — sè ógilt.

26. grein.

Eins og það er amtmaður, sem til tekur upphæð fèsektarinnar fyrir yfirsjónir þær, sem nefndar eru í 22.—25. grein, innan takmarka þeirra, sem þar eru sett, eins getur amtmaður einnig dæmt á hendur mönnum fèsekt allt að 10 rd. fyrir brot á ákvörðununum í tilskipun þessari, sem ekki er sèrstaklega lögð nein hegning við, sem og fyrir brot á móti reglum umboðslegs efnis, sem gefnar eru út og auglýstar opinberlega samkvæmt tilskipuninni og í samhljóðan við hana.

27. grein.

Fyrir fèsektum þessum er eigandinn, og sè þeir fleiri en einn, eigendurnir allir, sem á skrána eru ritaðir, í ábyrgð, eins

og væru þeir allir einn maður. Að því er snertir hlutafèlög, eru allir þeir, sem eru í stjórn fèlagsins, á sama hátt í ábyrgð fyrir fèsektunum. 1869. 25. júní.

28. grein.

Ef að nokkur, sem krafizt er af fèsektar samkvæmt tilskipun þessari, fer þess á leit, að dómstólarnir dæmi um breytni sína, þá skal amtmaður hlutast um, að farið verði með málið sem almennt lögreglumál, og á dómstóllinn þá að skera úr, hvort hlutaðeigandi sè sekur, og hverja hegningu hann eigi að þola, ef svo er. Þar að auki er það amtmaður sem ákveður, hvort að málinu skuli skotið til æðra dóms af hálfu hins opinbera.

Fèsektirnar renna í sama sjóð og landstekjurnar.

29. grein.

Reglugjörðir þær, sem þurfa til að fylgja tilskipun þessari fram, gefa embættismenn þeir út, sem nefndir eru í 4. grein.

30. grein.

Tilskipun þessi öðlast lagagildi 1. ágústmán. 1870, og skal ávallt eitt exemplar af henni látið úti með hverju skýrteini, sem veitt er nokkru íslenzku skipi.

ÁKVÖRÐUN UM STUNDARSAKIR.

31. grein.

Skip þau, sem eiga heima á Íslandi, og eru þegar dönsk eign, þá er tilskipun þessi öðlast lagagildi, og vegna þessa hafa á sèr þjóðernismerkið, sem hingað til hefir verið, og standa á skipaskrám þeim, sem verið hafa hingað til, en gildi mælingarbrèfs þeirra er á enda, samkvæmt ákvörðunum þeim, sem áður hafa gilt um það, *skulu* skrásett o. s. frv. samkvæmt ákvörðununum í tilskipun þessari.

Skip, sem hafa mælingarbrèf, er enn eru gild og gefin eru út samkvæmt reglum þeim, sem gilt hafa hingað til, *má*, ef þess er farið á leit skriflega við einhverja skrásetningarstofu, mæla um og skrásetja síðan eptir ákvörðunum tilskipunar þessarar, og skal þá um leið skila hinu fyrra mælingarbrèfi aptur.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

DANSKT ÞJÓÐERNIS- OG SKRÁSETNINGARSKÝRTEINI.

(Skjaldarmerki Danakonungs.)

Samkvæmt lögum þeim, sem gilda um það efni, er skrásett, að
eigi heima í og mælt og reiknað að rúmmáli
tons; er það ásamt merkinu „D. E.“ (þ. e. dönsk eign) og skrásetningarstöfunum höggvið á
og á ofanneínt skip rètt á að vera aðnjótandi verndar þeirrar og hagsmuna,
sem dönskum skipum ber.

Því til sönnunar er þetta skýrteini gefið út.

Á hinni konunglegu aðal-skrifstofu fyrir skrásetningu og mælingu skipa í
Kaupmannahöfn átján hundruð

forstjóri

Látið úti frá skrásetningarskrifstofunni í dag mán. 18

Whereas the called
the
belonging to the port of
in the Kingdom of Denmark, being Danish Property, has been duly registered, the said
is entitled to all the rights and privileges accorded to Danish vessels.

In Witness whereof she has been furnished with the above certificate of Nationality and has been marked on her main beam with:

D. E., Tons (skrásetningarstafirnir),

such letters being the official letters of the General Register of Danish Shipping, and the tons, her Register tonnage, equal to British tons register of 100 cub. feet each according to M, S, A, 1854, Part II, Rule 1.*)

The principal dimensions in English feet and decimals thereof being: Length on the Upper Deck from the Inside of the inner Plank at the Side of the Stem to the Inside of the Plank on the Midship Stern Timber = ; Inside Breadth at the Middle of the Length = Depth***) in Hold from the Upper Deck to Ceiling at Midship =

Attendu que

du port de dans la Royaume de Danemark, étant Propriété Danoise, a été dûment enregistré, ce navire est en droit de jouir de toute la protection ainsi que des priviléges et avantages accordés aux navires danois.

En foi de quoi il a été muni de l'Acte de Nationalité ci-dessus, et a été marqué sur le bau du grand panneau:

D. E., Tons (skrásetningarstafirnir).

qui sont les lettres officielles du Registre Général des navires danois, et les tons, le tonnage-registre, équivalent à

Registre Tons Anglais de 100 pieds cub.**)

Les mesures principales en mètres et centimè tres sont: la longueur en ligne droite sur le pont entre le bordage aboutissant á l'étrave et le bordage á milargeur du tableau = ;
la largeur intérieure à mi-longueur du pont = ;
la profondeur****) dans la cale, au milieu, mesurée de la partie infèrieure du bordage du pont jusqu'au bordage à côté de la carlinque =

Fyrir skip, mæld eptir bráðabirgða-aðferðinni, skal sett:

*) .... Danish Shipping. The tonnage is ascertained by the Danish Rule II for ships having cargo on board.
**) .... des navires danois. Le tonnage est fixé par le jaugeage provisoire des bâtiments chargés.
***) Dept from the Upper Deck to the outer Planking at Midship.
****) La profondeur, au milieu, mesurée du bordage du pont jusqu'au bordage extérieur.

1869. 25. júní.

1869. 25. júni.

MÆLINGARBRÈF.

Skrásetningar- og kenningarveifu-stafir	Skrásetningin dagsett . . . . .
Umdæmistala	

Nafn skipsins og tegund.	*Hvar og hvenær smíðað. Nafn og heimili yfirsmiðsins.*	*Heimili skipsins og skrásetningarumdæmi.*	*Um gufuskip:* Tala vèlanna og hestaafl. Nafn og heimili vèlasmiðsins.

Tala þilfaranna	Lýsing skipsins að framan . . . . .
Tala siglutrjánna	Smíðað á af . . . . .
Lögun skipsins að aptan	Innri súðin . . . . .

Aðalmálin.	Fet.	Tugabrot.
Lengd á þilfarinu (efsta) frá innri súðinni öðrumegin við stafninn aptur að skutsúðinni		
Breidd miðskipa milli innviða . . .		
Dýpt[1] í rúminu miðskipa frá (efsta) þilfars neðra fleti til innri súðarinnar		

Rúmmál. eptir hinni fullkomnu mælingaraðferð (I. reglu) [eða: eptir bráðabirgða mælingaraðferðinni (II. reglu)].	Teningsfet.	Tons.
Rúmið undir þilfarinu . . .		
Sèrstök rúm á þilfarinu, sem sè:		
Aðal-rúmmál skipsins		

Fyrir mælinguna o. s. frv. eru borgaðir sk. fyrir hvern ton, alls . . . . . rd. sk. Fyrir lögboðinn mótaðan pappír er borgað: fyrir mælingarbréfið rd. sk. fyrir hinsvegar ritað skýrteini — — = — —	*Um gufuskip*: vélarúm (lengd þess =) Önnur rúm . . .
dag mán. 18	Rúmmál sem gufuskip . . . . . , .
Nafn, staða og heimkynni *eigandans*, og hvenær og hvar heimildarskjalið sé dagsett og staðsett.	Nafn og heimili *skipstjóra*, og, ef til þess kemur, hvenær og hvar skipstjóra-skýrteinið sé dagsett.

Þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini verður ekki haft sem heimildarskjal í viðskiptum manna á milli.

---

[1]) Um skip mæld eptir bráðabirgða aðferðinni skal setja:
Dýpt frá (efsta) þilfars efra fleti niður að ytri súðinni í botninum.

1869. 25. júní. Samkvæmt konungsúrskurði 31. maímán. 1867 var lagt fyrir alþingi það ár frumvarp til laga fyrir Ísland um skrásetning skipa[1], er samið hafði verið í dómsmálastjórninni og sniðið var eptir lögum fyrir Danmörku 13. marzmán. s. á. um sama efni. Alþingi ræddi málefni þetta á lögskipaðan hátt og lèt síðan uppi þegnlegt álitsskjal[2] um það; rèði þingið til þess, að frumvarpið væri löggilt, en samt með efnisbreytingum þeim, er nú segir:

1) að 1. grein verði þannig orðuð: „Sèrhvert skip hefir „rètt að hafa danskt flagg, sè eigandi þess búsettur á „Íslandi. Sè skipið eign hlutafèlags, skal fèlagið vera „undir íslenzkum lögum, stjórn þess hafa aðsetur sitt í „landinu, og þeir fèlagsmenn, sem eigi eru búsettir á Ís„landi, hafa rètt innfæddra danskra manna og ekki hafa „bólfestu fyrir utan lönd Danaveldis";
2) að fyrir stafina D. E. (þ. e. dönsk eign) í 3. grein og hvar sem það kemur fyrir í frumvarpinu verði sett I. E. (þ. e. íslenzk eign);
3) að síðari kafli 4. greinar: „Á aðalskrá — — — — þeirri skrifstofu" orðist þannig: „Öll skip, sem skrásett „eru á Íslandi, skulu tekin upp á aðalskrá stiptamtmanns, „og skal stiptamtmaður gefa út öll þjóðernis- og skrásetn„ingarskýrteini þau, sem um er rædt í 2. grein";
4) að í 2. tölulið 9. greinar verði í staðinn fyrir: „að eiga danskt skip" sett: „að hafa danskt flagg", og að þessum orðum verði breytt á sama hátt, hvar sem þau koma fyrir annarstaðar í frumvarpinu;
5) að 10. grein verði þannig orðuð: „Þá er búið er að „rita á hlutaðeigandi skrásetningarskrifstofu það, sem með „þarf, um skrásetninguna og mælinguna á skjal, sem um „það er gjört, skal senda skjalið með fylgiskjölum til stipt„amtmannsins; skal hann yfirskoða mælinguna og rannsaka

[1]) Smbr. Tíðindi frá alþingi 1867 II, 194.—211. bls.
[2]) Smbr. Tíðindi frá alþingi 1867 II, 527.—535. bls.

„skilríki þau, sem honum hafa send verið; ef honum „þykir þörf, má hann krefjast þess, að skipið sè mælt „um, og heimta nákvæmari og fullkomnari skýringar. „Þá er öll skilríki eru fengin, svo stiptamtmanni þyki „nægjanlegt, skal hann taka skipið upp í aðalskrána; „síðan gefur hann út þjóðernisskýrteini samkvæmt sýnis„horni, er stjórnin semur, og sendir skrásetningarstofunni, „til þess að hún skili því til skipsins, og skal skrásetn„ingarstofan um leið sjá um, að markað sè á skipið þjóð„ernismarkið, rúmmálið og skrásetningarstafir þeir, sem „stiptamtmaður tekur til";

6) að fyrri málsgrein 11. greinar: „Þegar skrásetningin — — — — skýrteini úti" verði felld burtu;

7) að í öðrum kafla 12. greinar verði sett „amtmanni" í staðinn fyrir „stiptamtmanninum";

8) að í fyrsta kafla 13. greinar verði í staðinn fyrir: „danskt skrásetningarumdæmi" sett: „danskt eður íslenzkt skrásetningarumdæmi", og að í tveimur síðustu köflum sömu greinar verði sett: „danska eður íslenzka höfn" í staðinn fyrir „danska höfn";

9) að í fjórða kafla sömu greinar og í 16. grein verði sett: „stjórninni" í staðinn fyrir „hlutaðeiganda stjórnarráði";

10) að þriði kafli 15. greinar verði þannig orðaður: „Í öllum „þeim tilfellum, er nýtt skýrteini er gefið út, án þess að „skipið sè um leið mælt á ný, þarf beiðandinn enga „borgun að greiða";

11) að í upphafi 17. greinar verði fyrir orðin: „þegar manni — — — — danskt flagg" sett: „Nú er skip selt, og missir við það rètt að hafa danskt flagg, og á sá";

12) að þessum orðum í síðustu málsgrein 18. greinar: „til þess hann komi henni — — — — Kaupmannahöfn" verði sleppt;

13) að í síðari málsgrein 20. greinar í stað orðanna: „aðalskrásetningarstofunni í Kaupmannahöfn" verði sett „stiptamtmanni";

1869. 25. júní.

14) að í 22. grein og annarstaðar, þar sem það kemur fyrir, verði sett „ensk lest" í staðinn fyrir „ton";

15) að í 22.—26. grein verði upphæð sektanna sett niður hèr um bil um helming;

16) að í niðurlagi 27. greinar eptir orðin: „stjórn fèlagsins" verði bætt inn í: „á sama hátt":

17) að í stað niðurlags 28. greinar: „Fèsektirnar renna inn í ríkissjóðinn" verði sett: „Fèsektirnar renna inn í hinn sama sjóð og landstekjurnar"; og

18) að lagaboðið verði látið öðlast gildi 1. janúarmán. 1869.

Þá er dómsmálastjórninni hafði borizt álitsskjal alþingis, skrifaðist hún á við aðalskattastjórnina um málefni þetta, og lèt skattastjórnin í ljósi það álit sitt, er dómsmálastjórnin fyrir sitt leyti fèllst alveg á, að þar eð ákvarðanirnar í skrásetningarlögunum 13. marzmán. 1867 verða samkvæmt síðasta kafla 30. greinar í lögunum að eins leiddar í lög á Íslandi með þeim breytingum, sem kynnu að vera nauðsynlegar sökum sèrlegra landsháttа þar, verði ekki teknar ákvarðanir, sem gjöra verulegar breytingar á lögunum, sem gilda í konungsríkinu, inn í lagaboð það, sem á að gefa út handa Íslandi, nema því að eins að það sè borið undir ríkisþingið. Skal nú skýrt frá tillögum dómsmálastjórnarinnar um breytingar þær, er alþingi hafði stungið uppá.

Um 1. þessi breytingar-uppástunga alþingis var að þess hyggju að eins orðabreyting, en aðalskattastjórnin lagði eindregið á móti henni fyrir þá sök, að, ef fallizt væri á hana, væri farið út fyrir ákvarðanirnar um það efni í lögunum 13. marzmán. 1867, og veittur kostur á að koma skipi undir danskt flagg á Íslandi með miklu hægara og auðveldara móti en annarstaðar í löndum Danaveldis, þar sem skilmálarnir ættu ekki að vera aðrir, en að sá, sem í hlut á, væri „búsettur á Íslandi". Þetta mundi raska öllum þeim reglum, sem settar eru í Danmörku, og verða til þess, að, ef svo bæri undir, gæti öll sú óregla og öll þau missmíði smeygt sèr inn, sem ákvarðanirnar í lögunum fyrir Danmörku einmitt eiga að stemma stiga fyrir. Hèr við bætist, að fyrsta og önnur málsgrein 1. greinar mundu,

ef þær væru orðaðar eins og alþingi stingur uppá, komast undarlega í bága hvor við aðra og við það, sem fyrir er mælt í lögunum 13. marzmán. 1867, því samkvæmt fyrstu málsgrein ættu ekki að vera aðrir skilmálar fyrir að mega hafa danskt flagg, en að eigandi skipsins væri heimilisfastur á Íslandi, en aptur áskilur önnur málsgrein, að, ef skipið er eign hlutafèlags, verði þeir fèlagsmenn, sem eiga heima fyrir utan Ísland en í Danmörku, að hafa rètt innborinna danskra manna. Samkvæmt því, sem aðalskattastjórnin þannig hafði sýnt fram á, virtist dómsmálastjórninni ekki vera ástæða til að fallast á þessa breytingu alþingis á 1. grein, og það þeim mun síður, sem þingið, eptir því sem segir í álitsskjali þess, ekki hefir ætlað sèr með uppástungu sinni að breyta í neinu skilmálunum fyrir að mega hafa danskt flagg. 1869. 25. júní.

Um 2. Útaf þessari breytingar-uppástungu hafði þingið greinzt í meiri og minni hluta, og hafði minni hlutinn krafizt samkvæmt 61. grein alþingistilskipunarinnar 8. marzmán. 1843, að ástæður þær, er hann byggði skoðun sína á, væri teknar inn í álitsskjal þingsins. Meiri hluti þingsins tók fram, sinni uppástungu til stuðnings, að þar sem stafirnir D. E. sè kallaðir þjóðernismerki, þá eigi þeir ekki við eptir almennu máli, þar eð menn í þjóðernislegu tilliti gjöri mun á íslenzkri og danskri eign eins almennt eins og sèrstaklega. Ef að þjóðernismerkið því væri nauðsynlegt, þá ætti það að meiri hlutans hyggju að sýna eigi að eins þegnsrèttindin yfir höfuð að tala heldur og hið sèrstaka þjóðerni eigandans, og merkið á íslenzkum skipum ætti því að sýna, að skipið væri eign þeirra af þegnum Danakonungs, sem búa á Íslandi, úr því að Ísland er sèrstakur hluti í veldi Danakonungs, og Íslendingar og Danir eru tvær þjóðir eða menn með tvennum þjóðerniseinkennum, þó þeir sè þegnar sama konungs, en þenna greinarmun sýni merkið D. E. ekki. Meiri hlutinn fái ekki sèð, að merkið I. E. gæti valdið íslenzkum skipseigendum nokkrum hnekki í viðskiptum þeirra við aðrar þjóðir, því öðrum þjóðum, er íslenzk skip eiga viðskipti við, hljóti að vera það fullkunnugt, að Ísland er einn hluti af ríki Danmerkur konungs, og þar á ofan sanni þjóð-

1869. 25. júní. ernis- og skrásetningarskýrteinið nógsamlega, að skipið sé eign eins af þegnum Danakonungs, og hafi fullan rètt á að verða aðnjótandi allra þeirra hagsmuna, sem eru samfara rèttinum á að hafa danskt flagg. Loks gat meiri hlutinn þess, að, eptir því sem kunnugt er, þá sè ekki slík eða áþekk stafamerki heimtuð eða almenn í öðrum löndum, enda verði þau ekki álitin nein sèrleg trygging sem þjóðernismerki fremur en skrásetningarskýrteinið. Minni hlutinn gat með engu móti fallizt á þessa uppástungu meira hlutans, heldur varð að álíta sjálfsagt, að þjóðernismerkið D. E. eigi að vera á þeim skipum, sem eiga heima á Íslandi, eigi síður en á öðrum skipum, sem eiga heima í ríkinu, sem sýnilegt merki þess, að þau sè eign þegna Danakonungs og hafi rètt á að hafa hið danska flagg, eins og minni hlutinn einnig varð að álíta þetta að vera nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að skipin gæti orðið aðnjótandi þeirra rèttinda, sem dönsk skip hafa . Minni hlutinn gat þess enn fremur, að eptir sinni skoðun á þýðingu hins almenna þjóðernismerkis skipanna hafi sèr jafnvel þókt vafasamt, hvort hann ætti ekki að greiða atkvæði gegn frumvarpinu í heild þess af þeirri ástæðu, að hin um rædda breyting hafði öðlazt meiri hluta atkvæða, þar eð hann yrði að álíta ógjörlegt, að frumvarpið yrði gjört að lögum með slíkri breyting, en þar eð hann væri þess fullviss, að stjórnin muni sjá fyrir því, að Ísland geti öðlazt þá hagsmuni, sem lagaboðið getur veitt íbúum þess, hafi hann ekki álitið nauðsynlegt að greiða atkvæði gegn frumvarpinu. Bæði konungsfulltrúi og aðalskattastjórnin voru á því máli, að breyting sú, sem alþingi þannig hafði stungið uppá, væri alveg óhafandi, með því að þjóðernismerkið því að eins gæti orðið að nokkrum notum, að það kæmi fram í sama alþekkta formi á öllum dönskum skipum, og dómsmálastjórnin varð einnig fyrir sitt leyti að vera á sama máli.

Um 3. þessa breytingu hafði alþingi byggt á því, að allt fyrirkomulag þessa máls mundi verða einfaldara, ef þjóðernis- og skrásetningarskýrteinið væri gefið út á Íslandi af stiptamtmanninum í staðinn fyrir á aðalskrásetningarstofunni í Kaupmannahöfn, eins og það eigi virtist geta verið neinum sèrlegum

vandkvæðum bundið að fela stiptamtmanninum þenna starfa á hendur, og það því síður, sem honum eptir frumvarpinu hvort sem er væri ætlað að gefa skýrteini þetta út til bráðabirgða. Um þetta efni tók konungsfulltrúi fram, að slík breyting á ákvörðunum frumvarpsins, er fari því fram að koma á stofn fyrir Ísland aðalskrásetningarstofu útaf fyrir sig og fá stjórn hennar í hendur stiptamtmanni, sè að sinni hyggju ekki fallin til að verða tekin til greina, bæði vegna þess að endurskoðun sú á mælingunni, sem mælt er fyrir um í 10. grein, áður en skipið sè ritað á aðalskrána, verði ekki gjörð með nægilegri nákvæmni af stiptamtmanni, og sökum þess, að það sè svo mjög áríðandi, að öll þjóðernis- og skrásetningarskýrteini, sem eiga samkvæmt 2. grein frumvarpsins að vera hin einu skilríki handa skipinu ávallt þegar spurt verður um þjóðerni þess og nafn, bæði verði að vera eins úr garði gjörð að forminu til handa öllum þeim skipum, sem eiga að sanna heimild sína til að hafa danskt flagg, og eins að þau eptir hlutarins eðli verði að vera gefin út af sama embættisvaldi fyrir allt ríkið, en ekki af sínu embættisvaldinu í hverjum hluta ríkisins. Aðalskattastjórnin var konungsfulltrúa samdóma í því, sem hann hafði fundið að þessari breytingu alþingis, og tók þar á ofan fram, að þessi breytingaruppástunga þingsins komist alveg í bága við ákvörðunina í 9. grein frumvarpsins til íslenzku skipamælingalaganna, því að þar stendur, að sèrhver mæling skuli endurskoðuð af almennilegu æðra umsjónaryfirvaldi í Kaupmannahöfn, en þá ákvörðun hafi alþingi látið standa óhaggaða, enda mundi breytingaruppástungan leiða til þess, að það yrði að stofna sèrstakt embætti í Reykjavík undir stiptamtinu til þess að selja því þenna starfa í hendur, en það mundi hafa ekki alllítinn árlegan kostnað í för með sèr. Aðalskattastjórnin áleit því, að ákvarðanir frumvarpsins um þetta efni ættu að haldast óbreyttar, en stakk aptur uppá, að orðinu: „má" í öðrum kafla 4. greinar væri breytt í „skal", til þess að meiningin yrði skýrari. Dómsmálastjórnin fèllst á það, sem aðalskattastjórnin hafði sagt um þessa breytingaruppástungu frá alþingi.

1869. 25. júní.

Um 4. þar eð uppástungu alþingis um, að í staðinn fyrir

1869. 25. júní. „að eiga danskt skip" verði sett: „að hafa danskt flagg", væntanlega er nátengd breytingaruppástungunni, sem er tilfærð í öðrum tölulið, virtist ekki vera neitt tilefni til að taka hana til greina, en hins vegar yrði hugsunin ef til vill ljósar orðuð, ef að í staðinn fyrir: „að eiga danskt skip" væri sett: „að eiga skip, er hefir danskt flagg".

Um 5, 6, 12 og 13. Þær breytingar, sem eru tilfærðar í þessum tölulíðum, leiða allar af breytingaruppástungunni við 4. grein, er að framan er á vikið, og urðu þær því ekki teknar til greina.

Um 7. Það virðist mega ætla, að alþingi hafi af athugaleysi fallizt á þessa breytingu við atkvæðagreiðsluna, með því að annað breytingaratkvæði, sem hún leiddi af, var fellt. Konungsfulltrúi og aðalskattastjórnin lögðu á móti henni fyrir þá sök, að frumvarpið hafði enga ákvörðun inni að halda um, að amtmennirnir skyldu hafa neinn starfa á hendi, er snertir skrásetning skipa. Dómsmálastjórnin áleit því rèttast, að hún væri ekki tekin til greina.

Um 8. Að þessum breytingum hafði dómsmálastjórnin ekki neitt að finna, með því þær gjöra meininguna ljósari, og varð fyrir þá sök að gjöra samsvarandi breytingu á 17. grein frumvarpsins.

Um 9. Þessa breytingu gat dómsmálastjórnin aptur á móti ekki fallizt á, með því að hún virðist leiða af breytingaruppástungunni við 4. grein frumvarpsins.

Um 10. Uppástunga alþingis um að láta mótunargjald fyrir nýtt skrásetningarskýrteini falla burtu, þegar skipið ekki hefir verið mælt um, er samfara uppástungunni um, að skýrteinið skuli gefið út á Íslandi, en þar sem ákvarðanir frumvarpsins um, að skrásetningarskýrteinið skyldi gefið út á aðalskrásetningarstofunni í Kaupmannahöfn, voru látnar haldast óbreyttar, var dómsmálastjórnin samdóma konungsfulltrúa og aðalskattastjórninni um, að engin ástæða væri til þess að láta mótunargjaldið falla burtu. Hins vegar virtist vera tilefni til að orða þriðja kafla 15. greinar nokkuð öðruvísi, svo að þar stæði: „þarf beiðandinn, sem í hlut á, ekki að gjalda neitt, nema að svo miklu leyti sem mótunargjald ber að greiða".

Um 11. Aðalskattastjórnin lagði á móti þessari breyting- 1869.
aruppástungu fyrir þá sök, að hún kæmi ekki vel við, og að 25. júní.
hún færi ekki fullkomlega hinu sama fram og ákvörðunin í frumvarpinu. Þessu var dómsmálastjórnin samdóma.

Um 14. Þar sem alþingi hafði stungið uppá, að orðinu „ton" yrði breytt í „ensk lest", skal skýrskotað til þess, sem sagt er um samsvarandi breytingaruppástungu alþingis við frumvarpið um skipamælingar. Þessi breyting varð af sömu ástæðum ekki tekin til greina hèr.

Um 15—17. Á móti breytingum þeim, sem hèr var stungið uppá, hafði dómsmálastjórnin ekki neitt.

Um 18. Með því að ekki varð búizt við, að tilskipunin yrði þinglesin á Íslandi fyrr en á manntalsþingum vorið 1870, gat hún ekki orðið látin öðlast gildi fyr en 1. ágústmán. 1870.

Auk breytinga þeirra, sem getið er um hèr að framan, á frumvarpinu, er lagt hafði verið fyrir alþingi um skrásetningu íslenzkra skipa, bar aðalskattastjórnin upp, hvort ekki þækti henta að gjöra enn fremur þær breytingar á frumvarpinu, er nú skal greina:

1) að 1. grein yrði orðuð eins og 1. grein í samsvarandi frumvarpi fyrir dönsku eyjarnar í Vesturindíum, en hún er svolátandi:
„Til þess að skip geti öðlazt rètt á að hafa danskt flagg,
„verður eigandi þess eður eigendur að hafa rèttindi inn-
„borinna danskra manna og ekki hafa bólfestu erlendis,
„eða eigandinn eður eigendurnir verða að vera orðnir
„heimilisfastir í Danmörku eða á dönsku eyjunum í Vest-
„urindíum. Sè skipið eign hlutafèlags, þá á fèlagið að
„vera undir dönskum lögum, stjórn þess hafa aðsetur sitt
„í Danmörku eða á dönsku eyjunum í Vesturindíum, og
„fèlagsmenn að fullnægja skilmálum þeim, sem settir eru
„hèr að framan";
2) að í fjórða kafla 2. greinar í frumvarpinu yrði 20 tons fært uppí 30 tons, þannig að öll skip, sem eru 30 tons eða þaðan af minni fái að eins mælingarskýrteini, sem

1869. 25. júní.

eru gefin út og látin úti á þeim stað, þar sem skipið er mælt, því að sömu ástæður virðist mæla fram með þessari breytingu, eins og með því að hækka takmarkið fyrir mælingar-skyldunni, sem sett hafði verið í frumvarpinu til íslenzku mælingarlaganna, úr 4 tons upp í 12 tons, og þar að auki mundi, ef þessi hækkun yrði tekin upp, ávinnast það, að talsverð tímatöf og kostnaður sparaðist, en hins vegar gæti hvorki hið opinbera né einstakir menn haft neina hagsmuni af, að minni skip, sem einasta eru höfð til vöruflutninga hafna á milli innanlands, fái þjóðernis- og skrásetningarskýrteini;

3) að við annan kafla 5. greinar, sem fer því fram, að á íslenzku skipaskrárnar megi ekki rita skip þeirra dönsku þegna, sem eru heimilisfastir annarstaðar en á Íslandi, yrði bætt þessum orðum: „nema stjórnin veiti sèrstaklegt leyfi til þess";

4) að á eptir fyrstu málsgrein í 10. grein frumvarpsins yrði bætt inn í: „Áður en skipið er afgreidt, skal þar að auki „á skrásetningarskrifstofunni rita nafn skipstjóra og skýrslu „um heimild hans til að stýra skipi á skýrteinið", og að þessu samkvæmt yrði bætt aptan við aðra málsgrein 11. greinar þessum orðum: „þá er búið er samkvæmt því, „sem fyrir er mælt í 10. grein, að rita það sem með „þarf á skýrteinið um nafn skipstjóra o. s. frv.";

5) að fyrir framan orðið: „skrásetningarskrifstofu" í öðrum kafla 12. greinar yrði bætt inn í „danskri";

6) að síðari kafla 20. greinar yrði breytt svo, að þar stæði: „Sömuleiðis má með sömu skilmálum fá hjá stiptamt-„manninum eptirrit af þjóðernisskýrteini til bráðabirgða, „sem fyr er út gefið og enn er gilt, og frá aðalskrásetn-„ingarstofunni í Kaupmannahöfn af fullgildu þjóðernis- og „skrásetningarskýrteini; skal embættismaður sá, sem í „hlut á, rita á eptirritið vottorð um, að það sè samhljóða „frumritinu og skýra frá tilefninu til þess, að það var „látið í tè";

7) að í upphafi 21. greinar yrði í staðinn fyrir: „íslenzkt skip" sett: „skip, sem á heima á Íslandi". 1869. 25. júní.

Dómsmálastjórnin hafði ekki neitt að finna að breytingum þeim, sem aðalskattastjórnin hafði stungið uppá í 2., 3., 6. og 7. tölulið, nè heldur að efninu í breytingaruppástungunni í 5. tölulið, en þókti þó betur henta að orða það, sem til var ætlazt, svo, að bæta orðunum: „í Danmörku eða á Íslandi" inn í á eptir orðinu „skrásetningarskrifstofu" í öðrum kafla 12. greinar í frumvarpinu. Aptur á móti þókti stjórnarráðinu miður henta að fallast á þann hluta uppástungunnar í 4. tölulið, sem fer því fram, að á skrásetningarstofunni skuli rita á skýrteinið skýrslu um heimild skipstjórans til að stýra skipi, þar sem íslenzk lög ekki hafa neina ákvörðun inni að halda um, að menn þurfi að sanna neina sèrstaklega hæfilegleika til þess að mega stýra skipi, og af sömu ástæðu þókti rèttast að bæta inn í sýnishornið fyrir mælingarbrèfum, sem fest er aptan við tilskipunina, á undan orðunum: „hvenær og hvar skipstjóraskýrteinið sè dagsett" þessum orðum: „ef til þess kemur". Að því er loks snertir uppástunguna, sem er til færð í 1. tölulið, virtist stjórnarráðinu vel mega orða 1. grein tilskipunarinnar eins og þar er stungið uppá, nema að upphafið yrði orðað þannig: „Til þess „að skip geti meb skrásetning á Íslandi öðlazt rètt á að hafa „danskt flagg, verður eigandi þess eða eigendur að hafa rèttindi „innborinna danskra manna og ekki hafa bólfestu fyrir utan lönd „Danaveldis" o. s. frv. Þar að auki virtist rèttast að bæta inn í aðra málsgrein 5. greinar, á eptir „þegna", orðunum: „eða hlutafèlaga". Að endingu skal þess getið, að fyrirsögn lagaboðsins var látin vera: „Tilskipun handa Íslandi um skrásetning skipa".

---

59. Tilskipun um hundahald á Íslandi.

Vèr Kristján hinn Níundi o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, 25. júní.

1869. 25. júní. til tilskipunar um það, hvernig eigi að halda hunda á Íslandi, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Sèrhver húsbóndi skal skýra frá á ári hverju, í kaupstöðunum um fardaga og í sveitunum á hreppaskilaþingum á vorin, fyrsta sinn árið 1871, hversu margir hundar sè á heimili hans, hvort sem hann á þá sjálfur eða einhver annar. Fjölgi hundarnir á árinu, þá er hann skyldur að segja lögreglustjóranum í kaupstöðunum og hreppstjórunum til sveita til þess, áður 3 vikur sè liðnar. Að því er snertir hunda þá, sem heima aldir eru, skal frestur þessi talinn frá því, er þeir eru orðnir fullra 4 mánaða, og að því er snertir aðfengna hunda, frá þeim degi, er þeir komu á heimilið.

2. grein.

Lögreglustjórarnir í kaupstöðunum og hreppstjórarnir í sveitum skulu árlega á hreppaskilaþingum á vorin ásamt allt að 4 mönnum, sem kaupstaðar- eða hreppsbúar kjósa, ákveða, hversu marga hunda hver húsbóndi þurfi til þess að hirða nautpening sinn, hesta eða sauðfè og til þess að verja tún og engjar. Fyrir hvern hund, sem haldinn er fram yfir hina ákveðnu tölu, skal eigandi gjalda 2 ríkisdali, á ári.

3. grein.

Lögreglustjóri sá eða hreppstjóri, sem í hlut á, skal halda sèrstaka bók, og rita þar í tölu og nöfn allra húsbænda í kaupstaðnum eða hreppnum, og skal þar um leið tilgreint, hversu marga hunda hann haldi, og skýrt frá, hvort greiða eigi gjald fyrir hundana eður eigi. Svo skal hann og sjá vandlega um, að ekki sè neinstaðar í kaupstaðnum eða hreppnum haldnir aðrir hundar eða fleiri en þeir, sem leyfilegt er að hafa afgjaldslaust samkvæmt 2. grein, eða sem sagt hefir verið til til greiðslu hins lögboðna gjalds. Fyrir hvern annan hund, sem hittist, skal eigandinn gjalda 5 ríkisdala fèsekt; fær uppljóstrarmaðurinn annan helming sektarinnar, en sveitarsjóðurinn hinn helminginn, og ber eigandanum þar á ofan að greiða hið lögboðna gjald fyrir hundinn. Finnist enginn eigandi að slíkum hundi, skal hundurinn drepinn.

1869.
25. júní.

4. grein.

Skyldur er hver sá, sem lætur slátra skepnu, er sullir finnast í, að grafa þegar í stað slátur það, sem sullmeingað er, að með töldum hausum af höfuðsóttar-kindum, svo djúpt í jörð niður, að hundarnir geti ekki náð því, eða að brenna það. Brot gegn ákvörðun þessari varðar 1—5 rd. sekt, og fær sá annan helming sektarinnar, er upp ljóstrar, en sveitarsjóðurinn hinn.

5. grein.

Af upphæð gjalds þess, sem um er rædt í 2. grein, smbr. 3. grein, skal fyrst taka kostnaðinn til að útvega bók þá, sem nefnd er í 3. grein. Af afgangnum fær lögreglustjóri sá eða hreppstjóri, sem í hlut á, annan helminginn, en sveitarsjóðurinn hinn helminginn. Gjaldið skal greidt í fyrsta sinn árið 1872; gjalddagi þess er hinn sami og annara sveitargjalda, og má taka það með lögtaki, ef það ekki er greidt í tækan tíma.

6. grein.

Fyrir tekjum þeim, sem sveitirnar fá samkvæmt þessari tilskipun, skal gjörður sérstakur reikningur á hverju ári, og skal fylgja honum til sönnunar eptirrit af bók þeirri, sem getið er um í 3. grein; skal reikningur þessi vera fylgiskjal með aðalsveitarreikningnum.

7. grein.

Með mál þau, sem rísa útaf brotum á móti ákvörðununum í tilskipun þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

Samkvæmt konungsúrskurði 31. maímán. 1867 var lagt fyrir alþingi það ár frumvarp um það, hvernig eigi að halda hunda á Íslandi[1]. Alþingi ræddi frumvarpið á lögskipaðan hátt og lèt síðan uppi álitsskjal um það[2], þar sem beðið var um, að nýtt frumvarp, er þingið hafði samið og fylgdi með álitsskjalinu, yrði gjört að lögum.

[1]) Smbr. Tíðindi frá alþingi 1867 II, 172—178 bls.

[2]) Smbr. Tíðindi frá alþingi 1867 II, 555—560 bls.

1869. 25. júní.

Helztu breytingarnar, sem alþingi stakk uppá, á frumvarpi stjórnarinnar voru þessar:

1) á 1. grein: að orðin „heimilismaður hans" verði felld úr; að þegar hundar fjölga á árinu eptir að skýrt var frá um tölu þeirra, þá skuli fresturinn að segja til þess vera 3 vikur í stað 8 daga; og að frestur þessi, að því er snertir heimaalda hunda, skuli talinn frá því, er þeir eru orðnir fjögurra mánaða í stað tveggja mánaða.

2) á 2. grein: að ekki skuli tiltekið í lagaboðinu, hversu marga hunda megi halda gjaldlaust, heldur verði hreppstjórunum ásamt tveimur og allt að fjórum mönnum úr hreppnum, er hreppsbúar sjálfir kjósa, og í kaupstöðunum lögreglustjórunum með jafnmörgum mönnum falið á hendur að skera úr, hversu marga hunda hver húsbóndi þurfi eptir skepnufjölda hans og öðrum atvikum.

3) að 3.—7. grein verði felldar úr og í stað þeirra komi þessar 6 greinir:

3. grein.

Síðan skal lækna alla hunda, þá er eptir eru, á kostnað eigenda, eptir reglum þeim, sem þar um verða settar að ráðum landlæknis.

4. grein.

Lögreglustjórinn í kaupstöðunum og hreppstjórar í sveitum eru skyldir að annast um lækningar á hundum, en skyldir eru húsbændur að láta flytja hunda þá, sem á heimilum þeirra eru, á þá staði, sem lögreglustjóri eða hreppstjóri tiltekur.

5. grein.

Lögreglustjórar í kaupstöðum og hreppstjórar í sveitum skulu skyldir til að halda sèrstaka bók og rita þar í tölu og nöfn húsbænda í kaupstöðunum eða hreppunum, þeirra er hunda hafa, og þar að auki tilgreina, hversu margir hundar sè á heimili hvers, eptir að búið er að fækka þeim samkvæmt 2.

grein, og skal sömuleiðis í þessa bók inn fært, hversu mörgum hundum hafi verið gefið inn á hverju heimili samkvæmt 3. grein; skal lögreglustjóri í kaupstöðunum og hreppstjórar í sveitunum vandlega gæta, að enginn hundur sleppi undan lækningunum. 1869. 25. júní.

6. grein.

Auk þess, er læknismeðalið samkvæmt 3. grein og þar um settum reglum kann að kosta, ber hverjum að gjalda lögreglustjórunum í kaupstöðum en hreppstjórum í sveitunum 16 skildinga fyrir hvern hund árlega.

7. grein.

Skyldur er hver sá, sem lætur slátra heima hjá sèr því húsdýri, er sullir finnast í, að grafa þá alla þegar í stað djúpt í jörð niður eða brenna ella.

8. grein.

Brot gegn ákvörðunum þeim, sem gefnar eru eða gefnar kunna að verða um lækningu hunda, og eins gegn ákvörðuninni í næstu grein hèr á undan, varða 1—3 rd. sekt.

Konungsfulltrúi lagði í álitsskjali sínu um hið nýja frumvarp alþingis fram með breytingum þeim á frumvarpi stjórnarinnar, sem alþingi hafði stungið uppá, en samt með nokkrum tilbreytingum. Að því er snertir breytinguna, sem til er færð í 2. tölulið, var konungsfulltrúi smeykur um, að ekki mundi alstaðar verða farið fram sömu reglunum, þá er ætti að ákveða, hversu margir hundar væri nauðsynlegir, og hann býst við, að víða hvar muni verða álitið nauðsynlegt fyrir húsbændurna að hafa jafnmarga hunda, og hver þeirra um sig hefir haft hingað til, svo að hundaskatturinn kæmi að eins niður á þeim hundum, sem vinnufólkið á eða þeir menn, sem ekki eru við neinn búskap. Hann stakk því uppá, að við uppástungu alþingis yrði bætt þeim viðauka, að menn þeir, sem 2. grein ræðir um, skuli ákveða, hversu marga hunda hver húsbóndi þurfi til þess að hirða fènað sinn og verja tún og engjar. Þar sem alþingi hafði stungið uppá, að ákvörðun sú, sem frumvarp stjórnarinnar hafði inni að halda um, að hundarnir skyldi

1869. 25. júní. látnir ganga með lögreglu-teikn, tók konungsfulltrúi fram, að bæði mundi gagn það, sem lögreglu-teiknið, ætti að gjöra, í því skyni að tryggja borgun hundaskattsins, verða þýðingarminna á Íslandi, vegna hinna sèrstaklegu landshátta þar, heldur en annarstaðar, og eins mundi eigendunum veita mjög erfitt að sjá um, að hundarnir ávallt gangi með teiknið, þar sem kalla má, að þeir sè hálfvilltir. En með því að ákvarðanir þær, sem með þurfa til að tryggja borgun hundaskattsins, vanta í frumvarp alþingis, áleit konungsfulltrúi nauðsynlegt, að bætt væri aptan við 5. grein alþingis, akvörðun þessa efnis svo látandi: „Sömuleiðis eru þeir (þ. e. lögreglustjórarnir og hreppstjórarnir) skyldir að sjá vandlega um, að hvergi í sveitinni sè haldnir aðrir hundar eða fleiri en þeir, sem leyfilegt er að halda afgjaldslaust, samkvæmt 2. grein, eða sem sagt hefir verið til, svo að hið lögboðna gjald fyrir þá verði greidt. Fyrir hvern annan hund, sem hittist, ber eigandanum að gjalda 5 rd. sekt, og fær uppljóstrarmaðurinn annan helming sektarinnar, en hinn helmingurinn rennur í sveitarsjóðinn. Þar á ofan ber eigandanum að greiða hið lögboðna gjald fyrir slíkan hund. Verði ekki komizt fyrir, hver sè eigandi að hundinum, skal hundurinn drepinn". Loks lèt konungsfulltrúi það álit sitt í ljósi, að ekki væri nægar ástæður til að fella úr ákvörðunina um, að gjörður skuli sèrstakur reikningur fyrir hundaskattinum, og að því er snertir sektir þær, sem 8. grein hjá alþingi ræðir um, þá megi ekki minna vera, en að þær geti orðið 5 rd. þegar mest er.

Útaf breytingum þeim, sem alþingi hafði stungið uppá, virtist dómsmálastjórninni vera tilefni til að leita álits dýralækningaráðsins. Dýralækningaráðið veitti Dr. med. Krabbe, sem hafði fyrstur hvatt til að gjöra ráðstafanir þær, sem áformaðar voru með stjórnarfrumvarpinu, færi á að kynna sèr uppástungur alþingis og skýra frá áliti sínu um þær. Hann var á því máli, að ráðstafanir þær, sem alþingi hafði stungið uppá, kynnu að vísu að geta áorkað nokkru til að nema burtu orsakirnar til sullaveikinnar, en að það mundi vera ómögulegt

að hafa umsjón með, að þeim yrði fylgt fram, og að það því yrði að álítast óráðlegt að mæla fyrir um þær með lögum; hinsvegar ætti að hvetja menn til að gjöra líkar ráðstafanir sjálfkrafa. Hann tók þar að auki fram, að enda þótt lækningunum, sem alþingi hefði stungið uppá, yrði komið fyllilega í kring, þá mundi árangurinn af þeim samt hvergi nærri samsvara erfiðleikum þeim, sem þær yrðu bundnar, eins og það líka væri á engum rökum byggt, að halda, að mögulegt væri að útrýma alveg bandormunum, sem eru í íslenzku hundunum. Hið einasta, sem yrði áorkað með lögum til þess að reisa skorður við orsökunum til sullaveikinnar, væri því að sinni hyggju það, að fækka hundunum, en að minna væri undir því komið, hvort fækkuninni yrði komið í kring með þeim hætti, sem stjórnin hefði stungið uppá, eða þeim hætti, sem alþingi hefði stungið uppá. Dýralækningaráðið var í öllum aðalatriðum samdóma Krabbe lækni, og réði eindregið frá, að boðið væri með lögum fyrir um lækningar þær á hundunum, sem alþingi hafði stungið uppá, en aptur á móti mælti ráðið fram með, að tekin væri inn í lagaboðið ákvörðun um, að slátur það, sem sullir finnast í, skuli grafið í jörð niður. 1869. 25. júní.

Dómsmálastjórnin hafði ekki fyrir sitt leyti neitt að breytingum þeim, er alþingi hafði stungið uppá við 1. og 2. grein stjórnarfrumvarpsins, að finna, þegar búið væri að laga þær samkvæmt uppástungum konungsfulltrúa, sem getið er um hèr að framan. Stjórnarráðið hafði heldur ekki neitt á móti því, að teknar væru burt úr 3. grein stjórnarfrumvarpsins ákvarðanirnar, sem þar voru um lögregluteikn fyrir borgun hundaskattsins, og að tryggingu þessari yrði komið fyrir samkvæmt því, sem alþingi og konungsfulltrúi höfðu stungið uppá. Aptur á móti varð stjórnarráðið að vera því mótfallið, að teknar væru inn í lagaboðið ákvarðanir þær, sem alþingi hafði stungið uppá, um að lækna skyldi alla hunda á Íslandi fyrir ormum i innýflunum. Stjórnarráðið varð að því leyti að fylgja áliti dýralækningaráðsins og Dr. med. Krabbes, og enn þá eitt atriði, sem mælir á móti uppástungu alþingis, er það, að eptir

1869. 25. júní.

skýrslum þeim, sem stjórnarráðið hafði fyrir sèr, mátti búast við, að kostnaðurinn til slíkra lækninga um 5 ára tímabil mundi verða 6000 eða 7000 ríkisdalir. — Þar sem alþingi hafði stungið uppá, að ákvörðunin í 7. grein stjórnarfrumvarpsins um, að gjörður skyldi sèrstakur reikningur fyrir hundaskattinum, yrði felld úr, varð stjórnarráðið að vera konungsfulltrúa samdóma um, að til þess væri ekki nægar ástæður. Eins og dýralækningaráðið lagði fram með, að tekin væri upp í lagaboðið ákvörðun um, að slátur með innýflaormum í skyldi grafið í jörð niður, eins hafði dómsmálastjórnin ekki neitt verulegt að þeirri ákvörðun að finna, sem alþingi hafði fallizt á í því efni, en þókti að eins ástæða til að gjöra þessar smábreytingar: að orðunum „heima hjá sèr“ væri sleppt, af því að þau gjöra einskorðun á ákvörðuninni, sem virðist vera alveg ástæðulaus; að orðunum „þá alla“ væri sleppt og í staðinn fyrir sett: „slátur það, sem sullmeingað er“; að skipunin um að grafa slátrið niður væri sett skýrara fram, með því að bæta við þessum orðum: „svo djúpt, að hundarnir geti ekki náð því“; og loks að bætt væri við ákvörðun um, að eins skuli farið með hausa af höfuðsóttar-kindum.

Þó að dómsmálastjórninni þannig ekki þækti ráðlegt að fallast á aðalatriði það, er uppástungur alþingis voru fráhverfar frumvarpi stjórnarinnar um, virtist þó ekki vera nægar ástæður til að leggja málið að nýju fyrir alþingi, með því að þörfin á öðru skipulagi í þessu efni er svo mikil, að það hefði verið miður vel til fallið að skjóta úrslitum málsins á frest, og það þókti því síður ísjárvert að láta lagaboðið koma út eins orðað og vikið er á hèr að framan, sem alþingi ekki hafði beinlínis lagt á móti neinni af þeim ákvörðunum, sem lagaboðið mundi hafa inni af halda, nema að eins ákvörðuninni um sèrstakan reikning fyrir hundaskattinum, en sú ákvörðun virtist ekki vera svo áríðandi.

60. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um auglýsingu reikninganna um þjóðvegagjaldið. 1869. 25. júní.

Samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknazt að fallast á, 25. dag f. m.:

1. að amtmönnunum á Íslandi verði gjört að skyldu að auglýsa eptirleiðis árlega á prenti ágrip úr reikningunum yfir hið lögskipaða gjald til þjóðveganna í hverju amti, svo að þar af sjáist upphæð gjaldsins, og hvernig því hafi verið varið í hverri sýslu, og
2. að kostnaðurinn, sem af þessu leiðir, skuli goldinn úr vegabótasjóðunum, þannig, að honum sè jafnað niður að tiltölu við þá upphæð, sem á hverju ári gelzt í vegabótagjald úr hverri sýslu.

Um leið og yður er kunngjörður þessi konunglegi úrskurður, eruð þèr beðnir að gjöra þær ráðstafanir, sem þörf er á til að framfylgja honum.

---

61. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1867. 7. júlí.

Vèr Kristján hinn Níundi, o. s. frv., sendum Voru trúa alþingi kveðju guðs og Vora!

Af því, sem gjörzt hefir á alþingi árið 1867, höfum Vèr sèð með allrahæstri ánægju, hvernig alþingismenn Vorir hafa leitazt við að efla Vort gagn og hag landsins.

Vèr höfum vandlega látið íhuga tillögur Vors trúa alþingis um mál þau, er stjórnin bar undir álit þess árið 1867, og aðrar uppástungur þingsins, og munum Vèr nú skýra hèr í einu lagi frá, hvað í þeim efnum hefir af ráðið verið.

I.

Um þegnleg álitsmál, sem komin eru frá alþingi.

Þessar rèttarbætur hafa gjörðar verið um þau mál, sem Vèr höfum fengið um þegnlegar tillögur Vors trúa alþingis:

1869.
7. júlí.

1. Lög 17. aprílmán. 1868 um, að útlendum skipum verði gefinn kostur á að flytja vörur hafna á milli á Íslandi og milli Íslands og Danmerkur.

2. Opið brèf handa Íslandi sama dag um það, hvernig borga eigi kostnað þann, er rís af flutningi á þurfamönnum.

3. Tilskipun 10. ágústmán. 1868 um breytingu á ákvörðununum um gjald spítalahlutanna, er svo eru nefndir, á Íslandi.

4. Almenn hegningarlög handa Íslandi 25. júnímán. 1869.

5. Tilskipun handa Íslandi sama dag um afplánun fèsekta í öðrum málum en sakamálum.

6. Tilskipun sama dag um hundahald á Íslandi.

7. Tilskipun handa Íslandi sama dag um skipa mælingar.

8. Tilskipun handa Íslandi sama dag um skrásetning skipa.

Þegar lagaboð þessi hafa verið samin, hafa verið vandlega íhugaðar athugasemdir þær, er alþingi hefir gjört um þau, og hefir sumum þeirra eptir því verið breytt í ýmsu og ýmislegt verið nákvæmar ákveðið. Um hið mest áríðandi af ofan nefndum lagaboðum, sem er almenn hegningarlög handa Íslandi, skal þess þar að auki getið, að eins og stjórnin varð að álíta óþarft og jafnvel miður hagfellt, eptir hinn nákvæma undirbúning, sem frumvarpið hafði fengið af stjórnarinnar hendi, og hina ítarlegu meðferð, sem alþingi hafði látið því í tè, að leggja frumvarpið að nýju fyrir alþingi, þannig hefir virzt bezt henta, eptir vandlega íhugun allra málavaxta, að láta lögin öðlast gildi eins fljótt, og auðið er, með þeirri nákvæmari ákvörðun, að þangað til búið er að koma upp hegningarhúsi á Íslandi og fangelsum þeim, sem með þurfa, skuli í þeim tilfellum, þar sem lögin setja annaðhvort hegningarvinnu í 2 ár eða skemur eður fangelsishegningu, hýðing og sektir koma í þess stað samkvæmt því, sem fyrir er mælt í tilskipun 24. janúarmán. 1838 4. og 5. grein. en aptur skuli hegningarvinna lengri tíma en 2 ár úttekin í hegningarhúsunum í Danmörku eins og að undanförnu, og að ákvörðununum í öðrum og

þriðja kafla 31. greinar hegningarlaganna skuli til sama tíma ekki beitt, en þar á móti skuli um borgun sekta eptir dómi og afplánun þeirra, ef til þess kemur, farið eptir 9. grein í tèðri tilskipun. Það verður, því er það, ekki á móti því borið, að hin nýju hegningarlög hafa svo margt og mikið gott í för með sèr, þó að hýðingar-hegningunni sè haldið um stundarsakir, að það væri varla afsakanlagt, að fresta að láta landsmenn á Íslandi verða þeirra aðnjótandi, þangað til það getur auðnazt að koma upp fangelsum þeim, sem með þarf, en nú vanta þar alveg. Í þessu efni hefir þannig sèr í lagi orðið að taka til greina ekki að eins það, að hegningarlögin hafa yfir höfuð að tala inni að halda langtum mannúðlegri ákvarðanir og samkvæmari aldarháttum þessa tíma um refsingar fyrir afbrot, en hegningarlöggjöf sú, sem allt til þessa hefir verið í gildi á Íslandi, heldur einnig hitt, að það er mjög svo áríðandi, að sá mikli mismunur, sem nú er á lögum Íslands og lögum konungsríkisins um glæpamál, og sem meðal annars mun hafa þá afleiðing, að mjög mörgum sakamálum frá Íslandi verður skotið til hæstarèttar til þess að fá á eptir linun á hegningunni fyrir náðun konungs, hverfi sem fyrst, og bætist hèr við enn, að hegningarlögin nema burtu þá óvissu, sem nú er, um meðferð og refsingu margra yfirsjóna, einkum í embættisrekstri. 1869. 7. júlí.

En þar sem Vèr samt erum alþingi samdóma um, að nauðsynlegt sè, að hinum nýju hegningarreglum verði fylgt fram fullkomlega svo bráðlega sem unnt er, þá verður nú lagt fyrir alþingi samkvæmt ósk þess í álitsskjalinu um frumvarpið til almennra hegningarlaga, frumvarp til tilskipunar um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi o. fl.

Þar eð Vèr sökum breytinga, er alþingi samþykkti á frumvarpi því, sem lagt var fyrir það 1867, til stjórnarskipunarlaga handa Íslandi, ekki höfum sèð Oss fært að veita frumvarpinu með þessum breytingum allrahæsta staðfestingu Vora, hefir alþingi samkvæmt vara-uppástungu þess verið leyst upp með opnu brèfi 26. febrúarmán. þ. á.; hefir þar að auki með

1869. 7. júli. öðrn opnu brèfi sama dag verið mælt fyrir um, að nýjar kosningar skuli fram fara, og að hið nýkosna alþingi þar næst skuli koma saman 27. júlímán. næstkomanda, og munu þá verða lögð fyrir þingið frumvörp þau, sem þurfa til að koma skipulagi á stjórnarmálið.

II.

Um þegnlegar bænarskrár, er komið hafa frá alþingi.

1. Samkvæmt þegnlegri bænarskrá alþingis hafa tvö frumvörp, annað til tilskipunar handa Íslandi um eptirmyndan ljósmynda o. fl., hitt til opins brèfs handa Íslandi um, að þeir, sem senda inn bænarskrár og kæruskjöl, geti fengið álitsskjölin um málið, verið samin til þess að leggja þau fyrir alþingi, er nú fer í hönd.

2. Fulltrúi Vor mun skýra alþingi frá samningum þeim, sem stjórnin hefir byrjað á við stjórnina á Frakklandi og Englandi útaf þegnlegri bænarskrá alþingis um fiskiveiðar útlendra við strendur Íslands.

3. Sömuleiðis mun fulltrúi Vor skýra alþingi frá tilraunum þeim, sem stjórnin hefir gjört útaf þegnlegri bænarskrá alþingis um, að komið yrði á reglulegum gufuskipsferðum kringum Ísland, og verður ekki búizt við, eins og nú stendur á, að frekara verði gjört í þessu máli.

4. Þegnlegri bænarskrá alþingis, þar sem þess er farið á leit á ný, að þangað til nákvæmar verði ákveðið um fjárhag Íslands, verði veittur 300 rd. styrkur á ári úr ríkissjóðnum til forngripasafnsins í Reykjavík, hefir ekki orðið veitt áheyrsla af sömu ástæðum og fyrri, sjá konunglega auglýsing til alþingis 31. maímán. 1867 II., 7.

5. Alþingi hefir farið þess á leit í þegnlegri bænarskrá, að stofnaður verði læknaskóli í Reykjavík með áþekkri tilhögun og prestaskólinn, þannig að landlæknirinn sè skipaður yfirkennari og forstöðumaður skólans og fái fyrir þann starfa 500-600 rd. þóknun á ári auk launa þeirra, er hann nú hefir, en losist aptur við þau störf, er hann nú hefir sem hèraðs-

læknir; að líka sè settur annar kennari við skólann; að til þess sè kjörinn maður, sem hefir tekið embættispróf við Kaupmannahafnar háskóla; að hann byrji með 500 rd. launum og skuli þar að auki taka við læknisstörfunum í þeim sýslum, sem landlæknirinn nú hefir, fyrir sömu laun og aðrir hèraðslæknar; að kennaranum í nátturusögu í latínuskólanum verði falið á hendur að kenna lækna-efnunum í læknaskólanum efnafræði, grasafræði og eðlisfræði fyrir 300 rd. laun, að kostnaður sá, sem læknaskólinn hefir í för með sèr, verði greiddur úr læknasjóðnum, og, að því leyti sem tekjur hans ekki kynnu að hrökkva til, úr ríkissjóðnum. 1869. 7. júlí.

Það hefir að vísu ekki þótt nægt tilefni til að stofna slíkan fastan skóla, sem alþingi hefir vikið á, til uppfræðingar læknaefnum á Íslandi, bæði vegna þess, að efni læknasjóðsins eru ekki svo mikil, og eins hins vegna, að við því er að búast, eptir því sem ástatt er, að þeir, sem mundu læra í læknaskólanum, yrðu næsta fáir, en aptur á móti virtist æskilegt, að læknakennslan, sem nú fer fram hjá landlækninum samkvæmt konungsúrskurði 29. ágústmán. 1862, gæti fengið þann þroska, að bæði hefðist næg vissa fyrir að hún gæti við haldist og að hún einnig veitti tilhlýðilega trygging í tilliti til uppfræðslu læknaefnanna. Hvorutveggja þessu virtist mega koma til leiðar á þann hátt, að gjöra landlækninum fært að verja meiru af tíma sínum til kennslunnar með því að losa hann við nokkur af embættisstörfum þeim, er hann hefir haft á hendi, og veita honum nokkuð hærri þóknun fyrir kennsluna en hingað til, og með því að fela þar að auki öðrum manni, er til þess væri fallinn, á hendur að eiga þátt í kennslunni með honum, þar á meðal kennslunni í efnafræði og grasafræði.

Samkvæmt þessu höfum Vèr allramildilegast fallizt á með allrahæstum úrskurði 3. ágústmán. f. á.:

1. að borgun sú, sem landlækninum á Íslandi er veitt með konungsúrskurði 29. ágústmán. 1862 úr læknasjóðnum íslenzka fyrir kennslu í læknisfræði, skuli færð upp í 500 rd. á ári;

1869. 7. júlí.

2. að í læknisumdæmi landlæknis megi setja kandídat í læknisfræði frá háskólanum í Kaupmannahöfn sem „praktíserandi“ lækni, er sè skyldur að taka að sèr að vera settur hèraðslæknir í þeim hluta tèðs læknisumdæmis, er nákvæmar verður ákveðinn, allt með þeim kjörum, sem sett eru í konungsúrskurði 10. maímán. 1867, og að honum enn fremur verði á hendur falið að eiga þátt með landlækninum í læknakennslunni í Reykjavík, fyrir 500 rd. þóknun á ári úr læknasjóðnum; og

3. að dómsmálastjórninni skuli að öðru leyti falið á hendur að setja nákvæmari ákvarðanir um læknakennsluna.

Í sambandi við þetta hefir þar á ofan samkvæmt uppástungum stiptsyfirvaldanna allramildilegast verið fallizt á:

að til styrktarfjár handa þeim, sem stunda læknisfræðina, skuli ákveðnar 3 ölmusur, 100 rd. hver, þannig að enginn lærisveinanna megi fá meira en eina ölmusu á ári og ekki halda henni lengur en í 3 ár; og

að greiða megi úr læknasjóðnum allt að 100 rd. á ári í borgun fyrir húsnæði, eldsneyti og ljósmat handa læknakennslunni, og til þess að kaupa nauðsynleg áhöld handa henni.

6. Þegnleg bænarskrá, er komið hefir frá alþingi enn að nýju, um stofnun lagaskóla á Íslandi, hefir ekki orðið tekin til greina af ástæðum þeim, sem til eru færðar í auglýsingu Vorri til alþingis 31. maímán. 1867 II. 2.

7. Sama er að segja um þegnlega bænarskrá alþingis um, að stofnað verði í Reykjavík kennara-embætti í sögu Íslands og fornfræðum Norðurlanda.

8. Þar sem fallizt varð á aðalhugsunina í frumvarpi því, er kom frá alþingi, til viðaukatilskipunar við tilskipun 5. janúarmán. 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, þá hafði frumvarp þetta jafnframt ýmsar mikils varðandi ákvarðanir inni að halda, sem ekki varð gengið að. Fyrir því hefir þókt bezt henta að semja nýtt frumvarp um sama efni, og leggja uppástungur alþingis til grundvallar; verður þetta frumvarp nú lagt fyrir alþingi til álita. Þar sem alþingi einnig hefir farið

þess á lei að kostnaðurinn til varðarins, sem settur var við Botnsvog sumarið 1867, verði endurgoldinn sumpart úr jafnaðarsjóði suðuramtsins og sumpart úr jafnaðarsjóði vesturamtsins, þá hefir ekki þókt tilefni til, samkvæmt atvikum þeim, sem hlutaðeigandi amtmenn hafa skýrt frá, og einnig munu vera alþingi kunn, að veita þessari bæn áheyrslu. 1869. 7. júlí.

9. Alþingi hefir þegnsamlega beiðzt þess, að frumvarp, er það hafði samið, til tilskipunar um friðun á laxi á Íslandi, allramildilegast verði staðfest. Amtmönnunum í vesturamtinu og norður- og austuramtinu hefir síðan verið skrifað um málefni þetta, en af því að álitsskjal hins síðar nefnda embættismanns er enn ókomið, hefir málið ekki orðið leidt til lykta.

10. Þar sem alþingi hefir beðið um í þegnlegri bænarskrá, að ákveðið verði með lagaboði, að verzlunarviðskiptabækur á Íslandi skuli því að eins hafa það sönnunarafl, sem þeim er veitt í tilskipun 13. júnímán. 1787 II. 17. og 18. grein. að þær sè ritaðar á íslenzku, þá verður ekki á móti því borið, að það er í sjálfu sèr eðlileg ósk, að bækur þessar sè ritaðar á íslenzku. En með því að tilgangurinn með viðskiptabækur þessar, sem kaupmennirnir láta þá fá, sem við þá verzla, er sá, að þessir menn noti þær ekki að eins til að hafa eptirlit með viðskiptunum við kaupmennina, heldur líka sem sönnun gegn kröfum þeirra, þá væri það gagnstædt þessum tilgangi, ef að sönnunarafl bókanna yfir höfuð að tala væri látið vera undir því komið, að kaupmennirnir riti þær á íslenzku, og þar eð slík ráðstöfun þess vegna, í stað þess að vera til gagns, hæglega gæti spillt fyrir þeim hagsmunum, sem hún ætti að efla, hefir ekki þókt tilefni til að veita þessari bæn áheyrslu.

11. Samkvæmt þegnlegri bænarskrá alþingis höfum Vèr allramildilegast fallizt á, að amtmönnunum á Íslandi verði boðið að auglýsa eptirleiðis árlega á prenti ágrip úr reikningunum yfir hið lögskipaða gjald til þjóðveganna í hverju amti, svo að þar af sjáist upphæð gjaldsins, og hvernig því hafi verið varið í hverri sýslu, og að kostnaðurinn til þessa skuli goldinn úr vegabótasjóðunum, þannig að honum sè jafnað niður eptir tiltölu við þá upphæð, sem á hverju ári gelzt í vegabótagjald

1869. 7. júlí. úr hverri sýslu. Aptur á móti hefir ekki þókt ástæða til að veita því atriði í bænarskránni áheyrslu, er fer því fram, að yfirlitið skuli, eptir sem föng eru til, líka ná yfir reikningana um vegabótagjaldið þann tímann, sem liðinn er síðan tilskipun 15. marzmán. 1861 um vegina á Íslandi birtist.

Til staðfestingar allramildilegustum úrskurðum Vorum, þeim er nú hefir verið getið, höfum Vèr sent yður þessa auglýsing Vora, og heitum Vora trúa alþingi hylli Vorri og konunglegri mildi.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn 7. dag júlímánaðar 1869.

---

8. júlí. **62. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um yfirdóminn á Íslandi.**

— — — — — — — — — — — — — — — —
— — — — — — — — — — — — — — — —
— — — — — — — — — — — — — — — —

Að endingu skal því við bætt yður til leiðbeiningar og til þess að þèr auglýsið það, að hans hátign konunginum hefir þóknazt samkvæmt þegnsamlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar að fallast á, 25. dag f. m., að leyfi það, sem dómendunum í yfirdóminum á Íslandi er veitt með konungsbrèfi 14. maímán. 1808, að mega fyrst um sinn vera búsettir fyrir utan Reykjavíkur kaupstað, skuli numið af framvegis.

---

8. júlí. **63. Brèf dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa á alþingi, um fiskiveiðar útlendra þjóða kringum Ísland.**

Í sambandi við skýrslu þá, sem samkvæmt konungsúrskurði 28. maímán. þ. á. á að leggja fram fyrir alþingi um samninga þá, er

sendiherra Danakonungs í Lundúnum hefir reynt að koma á við stjórnina á Bretlandi hinu mikla útaf fiskiveiðum Englendinga við strendur Íslands, eruð þèr beðnir, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúi á alþingi, er fer í hönd, að skýra alþingi frá, að stjórnarráðið hefir seinna fengið frá utanríkisstjórninni skjöl þau, er fylgja í eptirriti með brèfi þessu, sem sè skýrslu frá sendiherra Danakonungs í Lundúnum með þrem fylgiskjölum. Skjöl þessi bera með sèr, að stjórnin á Bretlandi hinu mikla nú hefir lýst því yfir, að hún geti ekki fallizt á uppástungur þær, er fram hafa komið af danskri hálfu um þetta efni. Af Englendinga hálfu er því farið fram, að fiskiskipin frá Bretlandi hinu mikla sè í raun og veru fremur fá, að þau haldi sig mest við Færeyjar, sjaldnar við Ísland, og að þau, ef það ber við, fiski að eins við útsuður-strendur Íslands, aldrei við vestur- nè útnorður-strendurnar, og það í lok vertíðar sinnar, sem verður löngu eptir að vertíð Íslendinga er á enda, og loks að enskir fiskimenn aldrei fiski inni á Faxaflóa eður Breiðafirði. Sökum þessa álítur enska stjórnin, að ekki sè neitt tilefni til nú sem stendur að ráða neitt af um að láta herskip hafa stöðvar sínar við Ísland, ellegar til þess að semja um neina takmarkalínu í Faxaflóa eður Breiðafirði, en er annars fús á að taka málefni þetta til yfirvegunar að nýju, ef að danska stjórnin getur fært sönnur á, að það, sem Íslendingar segja um ástandið, sè í raun og veru rètt hermt. 1869. 8. júlí.

Fylgiskjöl.

1. Skýrsla frá sendiherra Danakonungs í Lundúnum, Generallieutenant J. Bülow, dagsett 23. maímán. 1869 (sbr. alþtíð. 1869 II, 117—124).

Útaf brèfum þeim, er eg hafði skrifað Clarendon lávarði 17. febrúarmánaðar og 16. aprílmán. um fiskiveiðarnar við strendur Íslands (smbr. brèf utanríkisstjórnarinnar 9. febrúarmán. og 10. aprílmán.) hefi eg nú fengið svar frá honum dagsett 4. þ. m., er fylgir í útleggingu með brèfi þessu.

Clarendon lávarður hefir fengið álitsskjal um málið frá verzlunar-stjórnarráðinu, er aptur hafði leitað upplýsinga um

1869. 8. júlí. það frá embættisvöldum þeim, sem nær standa, „the Scotch Board of Fisheries" og „the Commissioners of Customs", og er skýrt frá árangrinum af þeim í útdrætti þeim, er fylgir hèr með í útleggingu.

Á skjölum þessum má sjá, að umkvörtunum Íslendinga er svarað með því, að það, sem þeir hafa borið sig upp undan, sè að hyggju ensku stjórnarinnar gjörsamlega hrakið, þar sem því er farið fram:

að fiskiskip þau, sem sæki norður til Færeyja og Íslands á úri hverju, sè yfir höfuð að tala mjög fá; frá Skotlandi að meðaltali 45 fiskiskip, frá Englandi 29;

að þessi fiskiskip fari flestöll til Færeyja, færri til Íslands, og komi þar þá jafnaðarlega að eins að landsuður-ströndunum, aldrei að vestur- eða útnorður-ströndunum;

að skip þessi komi sjaldan til Íslands fyrri hluta fiskitímans, að líkindum um lok hans, og þá löngu eptir að vetrarvertíð Íslendinga er á enda; og loks

að skip frá Bretlandi hinu mikla fiski yfir höfuð að tala aldrei inni á Faxaflóa eður Breiðafirði.

Þau atriði, sem hèr er fylgt fram, hefir enska stjórnin fært til sem ástæður fyrir, að hún geti því miður ekki fallizt á uppástungur dönsku stjórnarinnar um málefni þetta, og, eins og von er, gat eg ekki svarað þeim nè hrakið þær. En eg skal þó leyfa mèr að leiða athygli að því, hversu vel Clarendon lávarður hefir tekið í málið í svari sínu, og sèr í lagi að niðurlagi þess, þar sem hann kveðst fús á að taka það að nýju til yfirvegunar, undir eins og danska stjórnin sèr sèr fært að koma fram með ítarlegri skýrslur og upplýsingar, er geti hrakið það, sem enska stjórnin fer fram.

Útaf því, að Clarendon lávarður segir í svari sínu: . . . „að þèr getið ekki til tekið nákvæmlega takmörk fiskimiða þeirra á Breiðafirði, sem danska stjórnin vill, að áskilin sè Íslendingum einum" . . . þá álít eg mèr skylt að skýra frá, hvað eg hefi skrifað Clarendon lávarði um þetta atriði. Í brèfi mínu 17. febrúarmán. stendur:

„Uppástungan er sú, að enska stjórnin viðurkenni und- 1868.
„antekningu (frá þjóðarèttinum) að því er snertir þessa tvo 8. júlí.
„flóa, með því að ákveða sèrstakar takmarkalínur, það er
„að segja: Í Faxaflóa: línu dregna fra punkti 3/4 úr
„mílu norður af Skaga að öðrum punkti 3/4 úr mílu vestur af
„Akranesi. Á Breiðafirði: línu, sem ætti að til taka ná-
„kvæmar, en sem ætti að fara í þá stefnu, að fiskimiðin
„í firðinum yrðu áskilin landsmönnum einum".

Í brèfi mínu til Clarendons lávarðar 16. aprílmán. vís-aði eg fyrst, að því er snertir Faxaflóa, til tveggja lína, sem voru dregnar á korti, er fylgdi með brèfinu, og sagði síðan um takmarkalínuna á Breiðafirði á þessa leið:

„Að því er Breiðafjörð snertir, þá hefir stjórnin ekki
„getað tekið takmarkalínuna nákvæmlega til á korti, en hún
„vonar, að þetta muni ekki verða til neinnar tálmunar fyrir
„samkomulagi því, sem hún stingur uppá, þar sem hèr er ekki
„um annað að ræða, en að sú grundvallarregla verði viður-
„kennd, að hinum fátæku landsmönnum verði einum áskil-
„inn rèttur á að fiska á fiskimiðunum á Breiðafirði,
„og að fiskimið þessi fyrir þá sök myndi línu eða eðlileg
„takmörk, sem útlendu fiskimennirnir megi ekki fara inn fyrir."

Ástæðan til þess, að eg ekki hefi skýrt frá þessu fyr en nú, er sú, að þessi málsgrein stendur í niðurlagi álitsskjalsins frá verzlunar-stjórnarráðinu:

„Tolltökumaðurinn segir enn fremur, að skip frá Bret-
„landi hinu mikla reki fiskiveiðar við strendur Íslands rètt
„við land og sèr í lagi inni á flóum og fjörðum á landsuður-
„ströndu Íslands, þar sem skjól er, en ekki á miðum lengra
„frá landi."

Þessi málsgrein á að vísu við landsuðurströndina, þar sem umkvartanir dönsku stjórnarinnar virðast sèr í lagi hafa utsuðnr-ströndina fyrir augum, en með því að þessi orð: „rètt við land" og „inni á flóum og fjörðum, þar sem skjól er" virðast vera viðurkenning þess, að ensku og skotsku fiskimennirnir hafi óskunda í frammi, þó það sè á öðru sviði, en kvartað er yfir af vorri hálfu, þá áleit eg bezt henta að fá upplýsingu um hinn

1869. 8. júlí. rètta skilning þessara orða, áður en eg sendi svarið frá mèr. Eg skrifaði Mr. Otway, aðstoðarmanni ráðherrans, þess vegna prívatbrèf og bað hann um að skýra fyrir mèr þá ósamkvæmni, sem virtist vera á milli þessarar síðustu málsgreinar, þar sem Englendingar virðast bera sökina á sjálfa sig, og hins hluta brèfsins. Mr. Otway hefir þókzt þurfa að fá skýringar sjálfur frá verzlunar-stjórnarráðinu, og gat ekki svarað mèr fyr en í gær; svar hans fylgir í eptirriti sem 3. fylgiskjal. Að vísu er brèf þetta prívatbrèf, en það sýnir þó nógsamlega fram á, hvernig hèr er tekið í málið, og má sjá á því, að enska stjórnin lætur dönsku stjórnina um að stemma stiga við þeim óskunda, er hún segir að framinn sè, en sem enska stjórnin neitar að hafi átt sèr stað; og að ekki verður búizt við, að neitt verði gjört af hálfu ensku stjórnarinnar, fyr en að lagðar verða fyrir hana umkvartanir, sem að minnsta kosti eru sannanir fyrir. Annars játar Mr. Otway í brèfi sínu að nýju það atvik, sem eg hafði tekið fram: „það kom einnig fram, að nokkrir sjómenn frá Bretlandi hinu miklu fiskuðu undir og rètt við landsuðurströndina seint á vertíð sinni."

Það er vitaskuld, að allt er undir því komið, að skýrt sè nákvæmlega frá, hvar fiskað hafi verið á þenna hátt („rètt við land"), og að sýna ítarlega fram á, að þetta „rètt við" sè nær en 3/4 úr mílu. Þó að öll líkindi sè til, að sá óskundi, sem þannig er kannazt við, að hafi framinn verið við landsuðurströndina, einmitt sè hinn sami, sem stjórnarráðið fer almennum orðum um í brèfi sínu 9. febrúarmán., þá hefir mèr ekki þókt hann nógu mikilsverður og ákveðinn til þess að halda áfram brèfaskriptum um hann nú sem stendur, og áður en eg fæ nákvæmari fyrirsögn. Rèttara hefir mèr þókt að bera það undir stjórnina, hvort ekki ætti að skjóta á frest að fylgja málinu eða umkvörtuninni fram, þangað til búið er að safna saman nægilega órækum skilríkjum, til þess að hrekja það, sem enska stjórnin heldur fram, og skýrslur þær, sem hún hefir sèr til afsökunar, og til þess að hafa þau til stuðnings nýjum kröfum um aðstoð ensku stjórnarinnar.

2. Brèf Clarendons lávarðar, ráðherra utanríkismálanna, til sendiherra Danakonungs í Lundúnum, dagsett 4. maímán. 1869. 1869. 8. júlí.

Eg hefi vandlega íhugað þau tvö brèf, er þèr hafið sýnt mèr þá æru að skrifa mèr 17. febrúarmán. og 16. f. m. um fiskiveiðarnar við Ísland.

Í hinu fyrra af brèfum þessum berið þèr yður upp undan þeirri ótilhlýðilegu hegðun, sem hinum ensku og skotsku fiskimönnum er borin á brýn, er sækja að ströndum Íslands, og leggið því næst til með, að brezkt herskip sè látið hafa stöðvar sínar þar, til þess að halda fiskiskipunum í skefjum; loks stingið þèr uppá, að grundvallarreglunni um 3 mílna takmarkið verði ekki fylgt fastlega fram, að því er snertir Faxaflóa og Breiðafjörð, en að Íslendingum einum verði áskilinn rèttur á að fiska í flóum þessum.

Í hinu síðara brèfinu skýrið þèr frá, að yður sè ómögulegt að tiltaka nákvæmlega takmörk fiskimiða þeirra á Breiðafirði, sem danska stjórnin óskar, að áskilin verði Íslendingum einum, eða að láta í tè skýrslu um fjölda og ásigkomulag skipa þeirra frá Bretlandi hinu mikla, sem reka fiskiveiðar við Ísland.

Með því að þessar skýrslur vantaði, hefi eg leitað liðsinnis hjá verzlunar-stjórnarráðinu, og eg læt fylgja hèr með, yður til leiðbeiningar, ágrip af skýrslum þeim, sem tèð stjórnarráð hefir útvegað. Eg vona að stjórn yðar kannist við, að stjórn hennar hátignar hefir einlægan vilja á að taka málefni þau til tilhlýðilegrar íhugunar, sem borin eru upp fyrir henni af hálfu yðar stjórnar. En jafnframt munuð þèr taka eptir því, að þau ensku fiskiskip, sem sækja til Íslands, eru fá í samanburði við skip þau, er koma frá Frakklandi og Belgíu, að þau fáu, sem koma til Íslands, að eins koma að landsuðurströndinni, og koma aldrei inn á hina flóana á vestur- og útnorðurströndinni á Íslandi, að þau fara ekki til Íslands fyr en á áliðnu sumri, löngu eptir að vetrarvertíð Íslendinga er á enda, og fiska yfir höfuð að tala aldrei inni á Faxaflóa eða

1869. 8. júlí. Breiðafirði, sem liggja að vestanverðu og útnorðanverðu á Íslandi.

Það er torvelt, að koma þessum skýrslum, sem má álíta fullkomlega áreiðanlegar, saman við áskorun dönsku stjórnarinnar, og, þegar svo er, getur stjórn hennar hátignar að eins látið í ljósi fúsleika sinn á að taka þær ítarlegri upplýsingar til greina, sem stjórn yðar kynni að geta komið fram með, um tölu skipa þeirra frá Bretlandi hinu mikla, sem sækja til Íslands, um það, hvar og hvenær þau fiski, og um yfirgang þann, þungar búsyfjar og erfiðleika, sem af þeim kynnu að hljótast. En allt þangað til og með þeim upplýsingum, sem nú eru fyrir hendi, mundi það vera of snemmt fyrir stjórn hennar hátignar að gjöra ráðstafanir til, að enskt herskip hafi stöðvar með fram ströndum Íslands, eða að fara inn á atriði það, sem þér hafið vakið máls á, um fiskihelgina í Faxaflóa eða á Breiðafirði.

3. Ágrip af skýrslunum frá verzlunar-stjórnarráðinu til utanríkis-stjórnarinnar um fiskiveiðar Englendinga og Skota við Ísland.

Verzlunar-stjórnarráðið skrifaði óðara hinni skotsku stjórnardeild fiskiveiðamálanna og tollstjórninni, og bað þær um að leggja fram fyrir Clarendon lávarð ágrip það, er hèr fer á eptir af upplýsingum þeim, er þær hafa fengið í þessu efni.

Hin skotska stjórnardeild fiskiveiða-málefnanna skýrir frá, að eptir meðaltali síðustu 5 árin megi ætla, að 45 skip fari árlega frá Skotlandi á fiskiveiðar við Færeyjar og Ísland, það ár, sem þau hafi verið flest, hafi þau verið 50, en fæst 42, en að megnið af þeim fari ekki lengra en til Færeyja, því að til Íslands fari ekki fleiri að meðaltali en 8; það ár, sem flest hafi farið þangað, hafi þau verið 12, en fæst 4. Stjórnardeildin getur þess, að flest af fiskiskipum þessum sè duggur, að eins tvö skonnortur, og að þau sè að lestarúmi frá 40 til 80 tons, með 10 til 14 manna skipshöfn hvert, sem því nær allir sè Hjaltlendingar, en þeir sè yfir höfuð að tala álitnir ódrykkfeldir, iðjusamir og friðsamir sjómenn.

Frá Englandi hafi skipin verið 29 að meðaltali á ári, því þau hafi verið 43 það árið, sem þau voru flest, og 21 það árið, sem þau voru fæst. Þau eru öll duggur, hið stærsta 62 tons og hið minnsta 43, hvert með 7 til 10 manna skipshöfn, en að meðal þeirra sè fleiri drengir en á skotsku skipunum. Formennirnir á hvorumtveggja, skotsku og ensku skipunum, sè fiskimenn, og hafi jafnaðarlega ekkert skipstjóra-skýrteini. 1869. 8. júlí.

Stjórnardeild fiskiveiða-málefnanna skýrir enn fremur frá, að frá Frakklandi sè árlega 300-400 skipa á fiskiveiðum undir Íslandi, frá marzmánaðarlokum til ágústmánaðarloka; þau eigi heima í Dunkerque, Boulogne, Fécamp o. s. frv., og sè — eins og Bülow general getur um — undir umsjón af hálfu frakknesku stjórnarinnar. Frá Belgíu sè einnig send norður þangað allt að 150 fiskiskip, og þau sè einnig undir umsjón herskips frá Belgíu.

Tollstjórnin hefir lagt fyrir verzlunarstjórnina skýrslu frá tollumsjónarmanni hennar í Lerwick, og ber hún með sèr, að þeir einu fiskimenn, sem sæki norður að ströndum Íslands, sè skipshafnir á fiskiskipunum frá Hjaltlandi og þeim ensku fiskiskipunum, sem eru skrásett í Grímsbæ og Lundúnum, og fiska á vertíðinni fyrir þá, sem verka saltfisk á Hjaltlandi og Orkneyjum, að óregla sú, sem kvartað er um, kynni fremur að hafa átt sèr stað á Færeyjum en við Ísland, að Færeyjar sè hèr um bil 180 mílur frá Hjaltlandi, en að Ísland liggi enn þá 510 mílum lengra burtu hinumegin við Færeyjar, að um vertíðina 1868 hafi hèr um bil 43 skip frá Skotlandi (með 550 manns á og með 43 tons lestarúmi að meðaltali) og hèr um bil 32 skip frá Englandi (með 330 manns á og með 40 tons lestarúmi að meðaltali), unnið fyrir saltfisksverkunarmennina á Hjaltlandi, þau hafi mestmegnis fiskað við Færeyjar, sjaldnar við Ísland.

Fiskiskipin fara 2 eða 3 ferðir á vertíðinni, en það er komið undir heppni þeirra, hversu margar ferðir þau fara. Þau koma mjög sjaldan til Íslands fyrri hluta vertíðarinnar, því þar er svo stormasamt með ströndunum. Árið, sem leið,

1869. 8. júlí. fóru hèr um bil 6 skip frá Hjaltlandi og af ensku duggunum fleiri, en vant var, til Íslands seinustu ferð sína á vertíðinni. Nokkrar af ensku duggunum fóru heim aptur beina leið til enskra hafna með lifandi fisk. Ef að Hjaltlendingar eða Englendingar hafa gjört Íslendingum nokkurt mein, eða brotið dönsk lög eður íslenzkar tilskipanir, þá hljóta þessar yfirsjónir að hafa verið drýgðar í þetta skipti.

Tolltökumaðurinn bætir því við, að fiskiskipin frá Bretlandi hinu mikla fiski við strendur Íslands rètt við land og sèr í lagi inni á fjörðum og flóum á landsuðurströnd Íslands þar sem skjól er, en ekki á fiskimiðum lengra frá landi, og þau fari heldur aldrei inn á hina flóana á vestur- og útnorðurströnd Íslands, eins og fiskiskip Frakka gjöra.

4. Brèf frá Mr. Otway, aðstoðarmanni utanríkisráðherrans, til sendiherra Danakonungs í Lundúnum, dagsett 18. maímán. 1869.

Eg skýrði verzlunar-stjórnarráðinu óðara frá efasemdum þeim, sem þèr höfðuð látið í ljósi í brèfi yðar 8. þ. m. útaf upplýsingum þeim, er þèr höfðuð fengið hèðan út úr tillögum yðar um íslenzku fiskiveiðarnar, og læt eg yður nú vita, að stjórnarráðið vill ekki kannast við vandkvæði þau, er þèr hafið sýnt fram á.

Eptir því sem mèr skilst málið, þá hafið þèr í umkvörtunum yðar og úrræðum þeim, sem þèr hafið stungið uppá, sèr í lagi haft útnorðurstrendurnar og firðina þar og fyrri hluta vertíðarinnar fyrir augum. Skýrsla sú, sem vèr sendum yður, sýnir, að brezkir fiskimenn komi alls ekki þar að Íslandi, nè heldur fyrri hluta vertíðar sinnar neinstaðar að landinu.

Það reyndist einnig, að nokkur fiskiskip frá Bretlandi hinu mikla, en þótt fá í samanburði við hin frakknesku og belgisku, fiskuðu undan og rètt við landsuðurströndina seint á vertíð sinni. En þar sem umkvartanir yðar voru ekki full-nákvæmar, og báru með sèr, að þær lutu að öðrum tíma og öðrum stöðu[illegible], lagði verzlunar-stjórnarráðið það til, sem látið var í ljósi við yður í

brèfi Clarendons lávarðar, að áður en gjörðar yrði frekari ráð- 1869.
stafanir, þá skyldi danska stjórnin láta oss fá nákvæmari skýrslur. 8. júlí.

Það er vitaskuld, að það er á valdi dönsku stjórnarinnar að gjöra þær ráðstafanir, sem henni er unnt, til að sporna við þrætum og öðru innan takmarka landhelgarinnar, og ef að nokkur vandkvæði rísa útaf því, þá að skýra nákvæmlega frá, hverra framkvæmda hún óskar af stjórn hennar hátignar.

---

64. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturamtinu, um niðurjöfnun bæjargjalda á kaupstaðnum Ísafirði. 8. júlí.

Með brèfi dagsettu 19. aprílmán. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað skjal nokkurt, þar sem bæjarstjórnin á kaupstaðnum Ísafirði ber sig upp undan ályktunum þeim, er amtið hefir gjört um niðurjöfnun upphæðar þeirrar, sem eptir áætluninni um tekjur og útgjöld kaupstaðarins fardagaárið 1868-1869 átti að jafna niður á bæjarbúa, og hefir hún beiðzt úrskurðar dómsmálastjórnarinnar um þessi atriði:

1) hvort það sè gagnstæðilegt reglugjörðinni 26. janúarmán. 1866, bæði orðum hennar og tilgangi, að allar þær tekjur, sem til eru án niðurjöfnunar, sè í áætluninni um tekjur og gjöld kaupstaðarins dregnar eingöngu frá þeirri upphæð, sem gjört er ráð fyrir til forlagseyris þurfamönnum bæjarins, og ef svo er,
2) hvort ekki eigi samt að draga þann hluta af tekjunum, sem til eru, er annaðhvort er eða hefir verið ætlaður eingöngu til forlagseyris þurfamönnum, frá þeirri upphæð, sem gjört er ráð fyrir til forlagseyris þeim í áætluninni.

Eptir því sem málið ber með sèr, er ágreiningur sá, sem orðið hefir um þetta efni milli yðar, herra amtmaður, og bæjarstjórnarinnar á Ísafirði, sprottinn af því, að þegar bæjarstjórnin tók til, hversu miklu skyldi jafna niður á bæjarbúa, dró hún í áætlun sinni fè það, sem til var án niðurjöfnunar, frá upphæð þeirri, sem gjört var ráð fyrir í áætluninni, að mundi

1869. 8. júli. ganga til forlagseyris þurfamönnum, en aptur hafið þèr, herra amtmaður, álitið, að það ætti að draga fè þetta frá þeirri upphæð, sem ætluð var í áætluninni til hinna eiginlegu bæjarþarfa.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að með því að stjórnarráðið verður að vera yður samdóma um, að álit yðar sè byggt á skýlausum orðum reglugjörðarinnar 26. janúarmán. 1866, 19. grein, þá skal úrskurður sá, sem amtið hefir lagt á málið, standa óhaggaður.

---

8. júli. **65. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um rekaítak Skefilstaða fyrir Gaukstaða landi.**

Í brèfi dagsettu 13. febrúarmán. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, lagt fram með, að gengið yrði að sáttaboði, er eigendur jarðarinnar Gaukstaða í Skagafjarðarsýslu hafa gjört í máli, sem umboðsmaðurinn yfir Reynistaðaklausturs umboði hafði höfðað á móti þeim fyrir hönd ríkissjóðsins til lúkningar á andvirðinu fyrir hval, 118 rd. að upphæð, er rekið hafði á fjöru umboðsjarðarinnar Skefilstaða; í sáttaboði þessu skuldbinda þeir sig til að greiða helming tèðrar upphæðar með því skilyrði, að ítök þau, sem greindar jarðir um langan aldur hafa átt hvor í annarar landi, skuli falla burtu eptirleiðis.

Með því að sáttaboð þetta fer fram á breytingu á eignarrèttindunum, eins og þau nú eru, bar dómsmálastjórnin málið upp fyrir konungi, og hefir hans hátign þóknazt, 25. f. m., að fallast allramildilegast á samkvæmt tillögum stjórnarráðsins, að ganga megi að sáttaboðinu, þar er eigendur Gaukstaða gefa upp rètt þann til hagbeitar á vetrum, sem tèð jörð á í landi eignarjarðar ríkissjóðsins Skefilstaða, móti því, að ríkissjóðurinn afsali sèr rekarèttindum þeim, sem Skefilstaðir eiga fyrir Gaukstaða landi.

Um leið og yður er kunngjört þetta, herra amtmaður,

yður til leiðbeiningar og til frekari framkvæmda, skal því við bætt, að af hálfu dómsmálastjórnarinnar er ekkert að öðru leyti því til fyrirstöðu, að gengið verði að sáttaboðinu. 1869. 8. júlí.

---

66. Brèf dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa á alþingi, um löggilding almennra lagaboða á Íslandi, sem út komu í Danmörku á árunum 1867 og 1868. 9. júlí.

Með brèfi þessu sendir dómsmálastjórnin yður, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúa á alþingi, eitt exemplar af hverju almennu lagaboði m. m., sem út hefir komið í Danmörku á árunum 1867 og 1868, svo að alþingi geti gefizt tækifæri á að íhuga á næsta fundi, hvort við eigi að löggilda nokkurt af þessum lagaboðum á Íslandi. Jafnframt og þess skal getið um lög 14. febrúarmán. 1868, um aðra skiptingu á lyfjavoginni en hingað til, að þegar er búið að gjöra ráðstafanir þær, sem með þarf, til þess að samsvarandi lagafrumvarp verði lagt fyrir alþingi, skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, að dómsmálastjórninni ekki finnst fyrir sitt leyti vera ástæða til, að minnsta kosti nú sem stendur, að leggja nein önnur af lagaboðum þessum fyrir þingið sem frumvörp, samkvæmt konungsúrskurði 4. janúarmán. 1861, en samt væri óskandi, að athygli alþingis yrði sèrstaklega leidt að lögum 3. aprílmán. 1868 um uppreist á æru.

---

67. Brèf dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa á alþingi, um að leita álits alþingis um skiptingu á sýslum í vesturamtinu. 9. júlí.

Eins og yður mun vera kunnugt, herra stiptamtmaður, hefir Snæfellsnessýsla í vesturamtinu á Íslandi hangið uppslegin sem laus síðan í haust er var, en þar eð enginn hefir enn þá sókt um umbætti þetta, verður ekki við því búizt, að hæfilegur

1869. 9. júlí. maður verði skipaður í það, nema því að eins, að einhverjar ráðstafanir yrði gjörðar til að bæta tekjur embættisins. Þar eð dómsmálastjórninni hefir borizt með seinasta póstskipi frá Íslandi bænarskjal frá sýslumanninum í Barðastrandarsýslu um lausn, verður sú sýsla þannig líka laus, og með því að tekjurnar þar eru enn þá rýrari en í Snæfellsnessýslu, eru eins lítil líkindi til, að þangað fáist sýslumaður, eins og í Snæfellsnessýslu. Útaf þessu, og þar eð ekki getur verið umtalsmál, eins og nú stendur á, að útvega neina launaviðbót úr ríkissjóðnum handa hvorugu þessara embætta, skoraði stjórnarráðið í brèfi dagsettu 15. aprílmán. þ. á. á amtmanninn yfir vesturamtinu að taka til íhugunar, hvort ekki mætti, með því að skipta næstu lögsagnarumdæmunum öðruvísi niður, koma til leiðar svo mikilli launaviðbót handa sýslumannsembættinu í Snæfellsnessýslu og sýslumannsembættinu í Barðastrandarsýslu, ef það verður laust, að hæfir menn mundu sækja um þau.

Um leið og amtmaðurinn í vesturamtinu sendi áður nefnt bænarskjal frá sýslumanninum í Barðastrandarsýslu um lausn, lèt hann í ljósi um þetta efni, að einasta úrræðið til þess, að embættisstörfunum í tèðri sýslu verði veitt sæmileg forstaða framvegis, sè að sinni hyggju það, að taka sýsluna af sem embætti útaf fyrir sig, og að skipta embættisstörfunum niður á milli sýslumannanna í næstu sýslunum, Ísafjarðarsýslu og Dalasýslu. Í því efni hefir hann stungið uppá, að þessir 5 hreppar: Geiradals, Reykhóla, Gufudals, Múla og Flateyjar hreppar verði lagðir til Dalasýslu, og hinir 5 hrepparnir: Barðastrandar, Rauðasands, Tálknafjarðar, Dala og Suðurfjarðar hreppar til Ísafjarðarsýslu, að eptirgjaldi sýslunnar, lögþingisskrifaralaununum og lögrèttumannalaununum verði skipt að jöfnu á báðar þessar sýslur, og að skjalasafn hins aftekna embættis verði geymt við sýslumannsembættið í Dalasýslu, að svo miklu leyti sem því ekki verður skipt. Að vísu hefir dómsmálastjórnin nú þegar veitt amtmanninum í vesturamtinu heimild til að koma þessum skiptum í kring sem ráðstöfun til bráðabirgða, og að setja sýslumennina í Ísafjarðarsýslu og Dalasýslu til að taka að sèr forstöðu hvor síns hluta af Barðastrandarsýslu, en þó hefir

oss virzt rèttast að veita alþingi færi á að segja álit sitt um málefni þetta, áður en ráðið verður af, hvort að eigi að taka embættið af fyrir fullt og allt, og hið sama er og um ráðstafanir þær, sem kynni að mega gjöra til þess að bæta tekjur Snæfellsnessýslu með því að breyta lögsagnarumdæma-skiptunum á milli tèðrar sýslu og Mýra- og Hnappadalssýslu. Stjórnarráðinu hefir að vísu ekki borizt nein uppástunga frá Bergi amtmanni Thorberg um hið síðar nefnda atriðið fyrir þá sök, að hann varð fyrst að fá skýringar þær, sem hann þurfti til þess, en hann hefir verið látinn vita í brèfi dagsettu í dag, að málefni þessi muni verða lögð fyrir næsta alþingi, og beðinn um að vera undir það búinn að fá yður í hendur, herra stiptamtmaður, uppástungur um önnur skipti á milli Snæfellsnessýslu og Mýra- og Hnappadalssýslu. 1869. 9. júlí.

Þèr eruð því beðnir, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúi á alþingi, er nú fer í hönd, að leggja fyrir alþingi til álita bæði uppástungu þá, sem að framan er á vikið, um skiptingu á Barðastrandarsýslu upp á milli Ísafjarðarsýslu og Dalasýslu, og uppástungu þá, sem Bergur amtmaður Thorberg kann að gjöra um önnur skipti á milli Snæfellsnessýslu og Mýra- og Hnappadalssýslu.

---

68. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um mælingu skipa frá bandafylkjunum í Norðurameríku. 16. júlí.

Samkvæmt skýrslu frá aðalskattastjórninni hefir hún heitið stjórn bandafylkjanna í Norðurameríku, að öll skip, sem þar eiga heima og hafa ameríkönsk skrásetningar-skýrteini (certificates of registry), skuli sleppa hjá að verða mæld um aptur í Danmörku og hjálendunum, en að tons-rúmmál það, sem stendur í tèðum skýrteinum, skuli tekið gilt.

Um leið og yður er kunngjört þetta, herra (tit.), eruð þèr beðnir að segja þeim, sem í hlut eiga, fyrir þessu samkvæmt,

1869. 16. júlí. og eru yður send nokkur exemplör af umburðarbrèfa-safni aðalskattastjórnarinnar $^{1}/_{1869}$, þar sem tolltökustöðunum í staflið a er sagt fyrir um þetta efni, og af umburðarbrèfi til tolltökustaðanna nr. 4, dagsettu 28. f. m., um skipamælingar. Því skal við bætt, að þegar á að breyta tonsrúmmálinu, sem stendur í amerískönsku skrásetningar-skýrteinunum, í kaupskipalestir, þá skal farið eptir reglum þeim, sem skýrt er frá í brèfi dómsmálastjórnarinnar 24. nóvembermán. f. á. um skip frá Bretlandi hinu mikla.

---

27. júlí. **69. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu, um skilning opins brèfs 29. ágústmán. 1862 um hegning fyrir illa meðferð á skepnum.**

Í brèfi dagsettu 4. f. m. hafið þèr, herra amtmaður, beiðzt vísbendingar frá dómsmálastjórninni um, hvort beita megi opnu brèfi 29. ágústmán. 1862, er lögleiðir á Íslandi lög 21. janúarmán. 1857 um hegning fyrir illa meðferð á skepnum, gegn þeim, sem verða heylausir sökum ótækrar ásetningar á hey sín, og annaðhvort fella skepnur sínar úr hor eða skera þær að fram komnar af fóðurskorti.

Um þetta skal yður kunngjört yður til leiðbeiningar, að, með því að tèð opið brèf að eins mælir fyrir um hegningu fyrir þá, sem verða sekir um grimmdarfulla misþyrming eða aðra harðýðgisfulla og miskunarlausa meðferð á skepnum, verður því að stjórnarráðsins hyggju ekki beitt gegn þeim, sem verður heylaus einasta vegna þess, að hann hefir óskynsamlega margar skepnur, og fyrir þá sök neyðist til annaðhvort að láta skepnur sínar falla úr hor, eða að skera þær niður að fram komnar af fóðurskorti. Að alþingi hafi einnig litið svona á málið, er auðsèð á frumvarpi til tilskipunar um illa meðferð á skepnum á Íslandi, sem alþingi samdi, því að þar er sett sem skilyrði, að sá, sem í hlut á, ekki að eins drepi skepnur sínar úr hor með

grimmdarfullri hörku, heldur einnig, að hann hafi horfellt þær, þó að hann ætti fóður handa þeim. Að stjórnarráðsins hyggju hlýtur samt einnig að mega refsa þeim, sem ekki hefir fóður handa skepnum sínum, ef að hann með grimmdarfullri hörku lætur þær drepast úr hor, þó að hann geti útvegað fóður handa þeim, en aptur á móti fáum vèr ekki sèð, að þeim manni verði refsað, sem lætur skepnur sínar horfalla á móti vilja sínum, af því að aðalskilyrðið fyrir, að hegningu verði beitt eptir tèðu lagaboði, það er að segja, að sèrlegt miskunarleysi eða grimmd hafi verið höfð í frammi í meðferðinni á skepnunum, á sèr ekki stað í þessu tilfelli. 1869. 27. júlí.

---

70. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um umkvörtun síra Hákonar Espólíns yfir skemmdum á eggvarpinu á Kolfreyjustað. 7. ágúst.

Með brèfi dagsettu 12. nóvembermán. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað umkvörtun frá síra Hákoni Espólín, presti að Kolfreyjustað í Suðurmúlasýslu, yfir ýmsum skemmdum, er frakkneskir fiskimenn hafi framið á eggverinu í Andey, sem heyrir undir brauðið, ásamt prófi, er hlutaðeigandi sýslumaður hafði haldið útaf þessu. Skjöl þessi voru síðan send utanríkisstjórninni til frekari framkvæmda, og er umkvörtunin hafði verið borin upp fyrir stjórn Frakkakeisara, höfum vèr fengið frá utanríkisstjórninni eptirrit það, sem fylgir með brèfi þessu, af svari ráðherra utanríkismálanna á Frakklandi uppá brèf sendiherra Danakonungs um þetta efni. Svar þetta ber með sèr, að umkvörtun síra Hákonar Espólíns hafi verið of óákveðin til þess, að frekari ráðstafanir yrði gjörðar útaf henni.

Þetta skal yður hèr með til vitundar gefið, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það.

1869. 7. ágúst. **71. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu, um umkvartanir yfir skemmdum á eggvarpi í Borgarfirði í Norðurmúlasýslu.**

Utanríkisstjórnin hefir skýrt dómsmálastjórninni frá, að hún útaf umkvörtun, er þèr, herra amtmaður, höfðuð sent henni beina leið, yfir skemmdum, sem nokkrir af skipshöfninni á frakknesku fiskiskipi, l'Immaculée Conception frá Dunkerque, mundi hafa framið á eggverinu í Borgarfirði í Norðurmúlasýslu, er bændurnir í Njarðvík eiga, hafið látið sendiherra konungs í Parísarborg bera málefni þetta upp fyrir stjórn keisarans, og að hún hafi látið halda próf yfir formanninum og stýrimanninum á tèðu fiskiskipi og fleirum útaf þessu.

Um leið og yður, herra amtmaður, nú er sent eptirrit, er utanríkisstjórnin hefir sent hingað, af prófi þessu, til þess að þèr kunngjörið hlutaðeigendum það, skal stjórnarráðið, þar sem þèr hafið leyft yður að ganga fram hjá dómsmálastjórninni og senda mál þetta beina leið til utanríkisstjórnarinnar, vísa yður í það, sem sagt er í brèfi dómsmálastjórnarinnar 9. marzmán. þ. á. útaf líku tilefni.

Fylgiskjöl.

1. Brèf ráðherra utanríkismálanna á Frakklandi, Marquis de La Valette, dagsett 5. maímán. 1869, til Moltke-Hvitfeldt greifa, sendiherra Danakonungs í Parísarborg.

Þèr hafið, herra greifi, sýnt mèr þá virðingu að skýra mèr 20. febrúarmán. þ. á. í nafni stjórnar yðar frá tveim umkvörtunum, sem nokkrir Íslendingar hafa borið upp yfir frakkneskum fiskimönnum, er hafi haft óskunda í frammi á ströndunum á Íslandi, með því að drepa mikinn fjölda æðarfugla og eyðileggja mörg æðarfuglahreiður.

Eg sendi þessar umkvartanir með skjölum þeim, sem þeim voru til sönnunar, óðara til ráðherra sjóliðs- og nýlendumálanna. Hin fyrri umkvörtunin var, eins og þèr hafið sjálfur kannazt við, ekki nógu ákveðin til þess að hún yrði tekin til

greina, en þar sem hin síðari umkvörtunin beindist sèrstaklega að skipshöfninni á frakknesku skipi, l'Immaculée Conception frá Dunkerque, þá hefir forstöðumaður skipaliðs-þjónustunnar þar í borginni látið fara fram rannsókn útaf henni. 1869. 7. ágúst.

Skýrsla sú, sem tèður embættismaður hefir nýlega sent herra Rigault de Genouilly aðmíral, ber með sèr, að skipstjórinn og stýrimaðurinn á skipinu bera fastlega á móti sakargiptum þeim, sem beint er að sumum af skipshöfninni, og ætla að þær sè sprottnar af hefndargirni útaf misklíð, er hafi átt sèr stað úti á skipinu. Eg leyfi mèr að senda yður skýrslu þessa og prófin, og færa þau sönnur á, eins og þèr munuð sjá, að Íslendingar selja mjög opt sjálfir fiskimönnum vorum æðarfugla og æðaregg.

Þó að skýlaus framburður þessara tveggja manna virðist að veikja umkvartanir Íslendinga, þá hefir ráðherra sjóliðs- og nýlendumálanna engu að síður álitið sèr skylt að segja foringjanum fyrir herskipa-deildinni við Ísland fyrir um að leita allra þeirra upplýsinga á næstu ferð sinni, sem honum er unnt að fá um þenna viðburð. Eg skal láta mèr umhugað um að skýra yður, herra greifi, seinna fra þessum frekari upplýsingum.

Að öðru leyti er stjórn keisarans ekki síður en dönsku stjórninni annt um, að frakknesku fiskimennirnir, þegar þeir stunda atvinnu sína við strendurnar á Íslandi, forðist allt það, er gæti skert rèttindi landsmanna. Þetta hefir verið haft fyrir augum, þegar samin hafa verið erindisbrèfin handa foringjunum á herskipunum við Ísland, er þeir hafa fylgt með svo mikilli árvekni, eins og þèr hafið kannazt við. Þar á ofan hefir sjóliðsstjórnin, til þess að verða við tilmælum stjórnar yðar, sent öllum forstöðumönnum skipaliðs-þjónustunnar í keisaraveldinu umburðarbrèf, dagsett 7. marzmán. 1866, og skorað á þá að ítreka á hverju ári við fiskimennina, þegar þeir eru að leggja á stað frá Frakklandi, áminningar þær, er eiga að sporna við öllum misklíðum við Íslendinga. Eg sendi yður hèr með eitt exemplar af umburðarbrèfi þessu og fylgiskjölin með brèfi yðar 20. febrúarmán.

1869. 7. ágúst. 2. Próf, haldin útaf umkvörtun yfir skipshöfninni á l'Immaculée Conception.

a. Próf yfir Désiré Pierre Louis Vanneste skipstjóra.

Sp. Hvað bar við meðan þér láguð fyrir akkerum inni á Borgarfirði?

Sv. Þegar eg kom inn á fjörðinn, reru nokkrir Íslendingar út að skipi mínu og buðust til að hjálpa mèr að leggjast fyrir akkeri. Eg þáði aðstoð þeirra, og þegar búið var að festa skipið og eg hafði borgað þeim fyrir tilhjálpina í salti, stungu þeir uppá við mig að láta mig fá endur og egg, er þeir skyldu óðara koma með, fyrir nokkuð af skonroki. Þegar eg játaði því, fóru þeir og sóktu í land 6 endur og hèr um bil 150 egg, er eg borgaði þeim í skonroki.

Daginn eptir komu aðrir Íslendingar út á skip til mín, meðan að skipshöfnin var að telja sundur skonrokið, sem átti að skamta. Þegar eg kom upp á þilfarið, tók eg eptir því, að margir af þessum aðkomumönnum laumuðu á sig skonrokskökum og fálu þær í ullarskyrtum sínum; eg gekk þá að einum af þeim, þreif í brjóstið á honum og skipaði honum að skila aptur því, sem hann hefði stolið. Hann gjörði það, reyndar með illu geði, og þegar eg sagði honum með bendingum að fara óðara aptur niður í bát sinn, benti hann mèr á endurnar, sem hèngu uppi í reiðanum, og nokkur eggjaskurm, sem lágu á þilfarinu, og hótaði mèr að jafna á mèr fyrir. Eg sagði honum á vondri íslenzku, að eg hefði keypt þessar endur og þessi egg af löndum hans, og það væri þeir, sem það ætti að bitna á, ef þessir munir væri illa fengnir. En, hvort sem Íslendingarnir hèldu, að þeir hefðu rètt fyrir sèr, eður ekki, hèldu þeir engu að síður áfram, meðan þeir voru að fara niður af skipinu, að hóta mèr með yfirvöldunum.

Sp. Það er ekki líklegt, að Íslendingar, sem lifa á æðarfuglinum, drepi hann sjálfir og ræni úr hreiðrunum. Framburður yðar er all-ósennilegur.

Sv. Það er alkunnugt, að Íslendingar selja æðaregg og æðarfugl. Allir skipstjórarnir á fiskiskipunum kaupa af þeim æðarfugla og egg inni á fjörðunum fyrir skonrok, salt eður

þorskhausa. Og eg segi það satt, að fugla þá og egg, sem eg hafði á skipi mínu, hafði eg fengið keypta, eins og eg hefi skýrt frá. 1869. 7. ágúst.

Sp. Hvaðan kom yður dúnn sá, sem þèr höfðuð með yður frá Íslandi?

Sv. Eg kom ekki með neinn dún frá Íslandi. Fiðurkoddinn, sem eg flutti með mèr í land, er hinn sami, sem eg tók með mèr út á skip, þegar eg fór á fiskiveiðarnar, og sem eg hefi átt í langan tíma.

Sp. En hásetarnir höfðu enga fiðurkodda, þegar þeir lögðu á stað?

Sv. Það höfðu þeir heldur ekki, þegar þeir komu aptur.

Sp. Hvað vitið þèr um það?

Sv. Eg hefi horft á, þegar munir hásetanna voru fluttir á skip og af, og eg hefi ekki sèð neina fiðurkodda.

Sp. Hásetar yðar gengu upp á hólma, sem er í fjarðarmynninu. Hvað voru þeir að fara þangað?

Sv. Hvorki eg nè hásetar mínar fóru upp í hólmann. Enginn af oss hefði hvort sem er viljað hætta á fyrir eina æðarkollu eða nokkur egg að fá í sig byssuskot, því að sá, sem ver hólmann, eður eigandinn, hikar sèr ekki við að skjóta á þá, sem stela úr honum.

Sp. Þèr standið þá fast á því, að enginn af æðarfuglunum nè neitt af eggjunum, sem þèr fenguð út á skip á Borgarfirði, hafi verið skotinn eða tekið úr hreiðri af yður eður hásetum yðar?

Sv. Eg vil ekki sannara orð tala.

b. Próf yfir Jean Pierre Blondel, háseta.

Sp. Þèr hafið farið margar ferðir til Íslands sem stýrimaður; hefir það nokkurntíma komið fyrir yður, að kaupa æðarfugla eður æðaregg?

Sv. Já. Eg hefi einu sinni keypt hundrað æðaregg og í önnur skipti færri. Það hefir líka borið við, að eg hafi keypt æðarfugla, en það er sjaldnar. Samt sem áður verð eg að segja, að þeir, sem koma með æðarfuglinn, líta út fyrir að

1869. 7. ágúst. vilja fara á bak við landa sína með það; hann er vafalaust stolinn.

Jean Baptiste Ambroise Bogliolo, skipstjóri, og Dominique Auguste Vanvambecke báru hið sama og Blondel.

c. Próf yfir Jean Marc Huret, fyrrum stýrimanni á l'Immaculée Conception.

Meðan þér, árið sem leið, voruð inni á Borgarfirði með l'Immaculée Conception, þá komu hásetar yðar út á skip með æðarfugla og æðaregg. Munið þér eptir því?

Sv. Það er satt, að vèr köstuðum akkerum inni á Borgarfirði, en hásetar vorir hafa, það eg veit, ekki komið út á skip með nein egg nè æðarfugla. Eg man eptir því, að einn Íslendingur átti í orðakasti við skipstjórann, og sagði, að nokkrir af hásetum hans, og eg sèr í lagi, hefðum tekið egg úr hreiðrum þar í klettunum, en eg segi, að það hafi ekki verið eitt orð satt í því, sem hann bar uppá oss. Að vísu höfðum vèr úti á skipi æðarfugla og egg, en vèr höfðum ekki stolið þeim; vèr áttum ekki annað eptir, en að fara að klifrast upp í nærri þverhnýpta kletta og búast við að hálsbrotna þá og þegar, til þess að drýgja svo heimskulegan þjófnað. Skipstjórinn hafði keypt þá af öðrum Íslendingum, sem komu og buðu oss þá í því að vèr komum, eins og venja er í flestöllum fjörðunum á Íslandi.

Sp. Fóru þá engir af hásetum yðar á land?

Sv. Það var tvisvar farið á land til þess að sækja vatn; en þeir menn, sem áttu því að gegna, komu ekki með nein egg nè fugla, og eg, sem Íslendingurinn, er eg minntist á, þóktist þekkja, kom ekki í eitt einasta skipti á land. Áburður hans náði annars engri átt, hann sagðist hafa sèð oss um miðja nótt í hólmanum og þekkja oss aptur.

Sp. Var ekki farið á land í hólmann?

Sv. Eg get ekki fullyrt, að hásetarnir hafi ekki farið þar um, þegar þeir fóru á land eða komu aptur, en eg held það ekki. Eg verð að geta þess, að skip frá Paimpool, sem eg man ekki nafnið á, var þar um leið og vèr. Það gæti verið, að hásetarnir á því skipi, sem líka fóru á land, hafi rænt ein-

hverju. Eg skal bæta því við um skipstjóra vorn og háseta, að eg hefi enga ástæðu til að bera þeim betri söguna, en þeir verðskulda, því þeir eiga ekkert gott af mèr skilið. 1869. 7. ágúst.

Eg ber það, sem eg veit sannast.

3. Umburðarbrèf ráðherra sjóliðs- og nýlendumálanna á Frakklandi, dagsett 7. marzmán. 1866.

Herrar mínir! Umburðarbrèfin 10. janúarmán. 1862 og 6. desembermán. 1864 hafa inni að halda vísbendingu um áminningar þær, sem þykir við eiga að ítreka á hverju ári, um það leyti að verið er að búa skipin, við skipstjórana og skipshafnirnar á skipum þeim, sem eru gjörð út á fiskiveiðar við Ísland.

Foringinn fyrir herskipunum við Ísland hefir látið þá ósk sína í ljósi, að þessar áminningar verði brýndar ítarlegar fyrir mönnum, til þess að stemma stiga við óreglusemi vegna drykkjuskapar, sem enn ber á, til þess að komast hjá misklíðum við Íslendinga, og til þess að bæta úr því, sem ábótavant er við útbúnað skipanna.

Sökum þessa bið eg yður um að brýna varúðarreglur þær, sem hèr fara á eptir, fyrir skipstjórunum og skipshöfnunum á fiskiskipunum:

1. Áfengir drykkir eiga að vera lokaðir inni í skápum, eða í kjalrúminu, og skipstjórinn einn hafa lykil að þeim;
2. þeir skulu skamtaðir á hverjum morgni, en ekki á sunnudögunum fyrir alla vikuna. Fiskimönnunum er bannað að flytja út á skip með sèr áfenga drykki handa sjálfum sèr;
3. skipstjórarnir hafa ábyrgðina á því, ef það sannast, að hásetar þeirra hafi verið drukknir úti á skipi, ef þeir gátu spornað við því;
4. skipin eða bátarnir mega ekki fiska neinstaðar við Ísland nær meginlandinu, nè nær neinni eyju nè hólma, er heyrir undir Ísland, en þrjár sjávarmílur ($^3/_4$ úr danskri mílu);
5. það er stranglega fyrirboðið að fara á land í eyjarnar, hólmana eða klettana, sem eru umhverfis Ísland, til þess að taka þar egg, fara þar á veiðar, fæla æðarfuglinn eða ná selum;

1869. 7. ágúst.

6. þegar skip leggjast fyrir akkerum inni á fjörðum eða flóum til þess að ferma um, sækja vatn eða gjöra að, þá eiga þau að leita hafnar þar sem flest skip koma. Fiskimennirnir mega ekki fara inn í híbýli Íslendinga nema með leyfi landsmanna, þeir mega ekki óróa hjarðir þeirra, eiga að forðast að fara á land í óbyggðar eyjar og hólma, og mega ekki undir neinu yfirskyni veiða dýr nè fugla, hvorki á landi nè á bátum fram með ströndunum, eyjunum nè hólmunum;
7. það er fyrirboðið að hirða rekatrè, er menn hitta nær landi en þrjár sjávarmílur;
8. skipstjórarnir og eigendur fiskiskipanna eru í ábyrgð um yfirsjónir, sem nokkur af hásetum þeirra kann að drýgja gegn reglum þeim, er hèr eru taldar að framan.

Um leið og foringinn fyrir herskipunum við Ísland hefir látið þá ósk í ljósi, að fiskimönnunum verði sagt fyrir á þá leið, sem að framan er skrifað, hefir hann skýrt frá, að bátarnir væru vanalega illa færir til að þeim yrði skotið fljótt út, og að margir þeirra væri í slæmu standi.

Herforingi þessi hefir bætt því við, að það væri þörf á að áminna suma skipstjórana um að vera útbúnir með áhöld þau, er til siglingarinnar heyra, og sem þeir ekki geta útvegað sèr á Íslandi, t. a. m. kaðla, segldúk o. fl., og að ekki væri heldur vanþörf á að áminna þá um, undir eins og maður verður veikur á skipi þeirra, að leita læknanna á herskipunum.

Það er ósk mín, að útgjörðarmönnunum og skipstjórunum verði sagt fyrir í þessu efni.

---

7. ágúst.

72. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lestagjald af farmi í frakkneskum herskipum.

Í brèfi dagsettu 18. júnímán. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að í sumar hafi verið flutt á land í Reykja-

vík af frakkneska herskipinu „Loiret" ýms tilföng til húsagjörðar, 1869.
einkum tígl og höggvið timbur, sem ætlað er til að byggja hús 7. ágúst.
í tèðum kaupstað á lóð, er frakkneska stjórnin hefir keypt; er áformað að hafa þar geymslubúr handa herskipunum og herbergi handa frakkneskum skipsbrotsmönnum. Um leið og þèr, herra stiptamtmaður, hafið beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins um, hvort að eigi að krefjast lestagjalds af herskipi þessu samkvæmt lögunum 15. aprílmán. 1854 útaf því, að þessi tilföng hafa verið flutt í land af því, hafið þèr enn fremur beiðzt fyrirsagnar um, hvernig eigi að fara að eptirleiðis, ef að fluttur verður á frakknesku herskipunum til landsins forði af matvælum og þess konar handa frakkneskum skipbrotsmönnum, þeim er áformað er að skuli hafa húsnæði í húsi því, er getið var um, þangað til að þeir verða sendir heimleiðis.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að það er vitaskuld, að það verður ekki krafizt lestagjalds af þessu frakkneska herskipi útaf hinu um rædda, og að, ef svo ber undir, á heldur ekki að krefjast neins gjalds af því eða þeim frakknesku herskipum, sem kunna að flytja vistir handa skipbrotsmönnunum, en aptur á móti ber að skýra stjórnarráðinu frá í hverju einstöku tilfelli, svo að það geti lagt úrskurð á málið.

---

73. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um bænargjörð í kirkjunum á Íslandi útaf kvongan Friðriks konungsefnis. 24. ágúst.

Út af kvongan hans konunglegu tignar Friðriks konungsefnis gjörir kirkju- og kennslustjórnin ráð fyrir, að prestana og söfnuðina á Íslandi muni fýsa að bera fram fyrir drottinn í kirkjunni þakklæti sitt fyrir þenna atburð, sem er ekki síður gleðirikur en mikils varðandi fyrir konungsættina og lýðinn, og að ákalla blessan drottins yfir hjónabandi þessu, til hamingju fyrir hin tignu hjón sjálf og fyrir fósturjörðina.

1869. 24. ágúst. Stjórnarráðið leyfir sèr því að gefa yður til vitundar, háæruverðugi herra, til þess að þèr birtið prestunum á Íslandi það, að það þykir bezt henta, að bænagjörð þessi fari fram um allt landið í guðþjónustugjörðinni hinn fyrsta sunnudag, sem verða má, og lætur stjórnarráðið það á sjálfsvaldi þeirra presta, sem þess óska, að hafa við þessa guðsþjónustugjörð texta, er eigi við tilefnið, í stað textans, sem ákveðinn er fyrir þann sunnudag.

---

25. ágúst. **74. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu, um ráðstafanir til að afstýra hallæri í Suðurmúlasýslu.**

Dómsmálastjórnin hefir skrifað sýslumanninum í Suðurmúlasýslu í dag á þessa leið:

„Í brèfi dagsettu 19. f. m. hafið þèr, herra sýslumaður, „skýrt frá, að sökum þess, að undanfarnir vetur hafi verið „svo harðir og sökum þess, að hafísinn hafi legið við landið „allt vorið og sumarið og flutt mönnum og skepnum sjúk„dóma og drepið niður allan jarðargróða, þá sè ástandið „í Suðurmúlasýslu orðið svo aumt, að búast megi við hallæri „að vetri komandi, nema gjörðar verði sèrstaklegar ráð„stafanir til að afstýra því. Í því skyni hafið þèr farið þess „á leit, að stjórnarráðið að einu leytinu sjái um, að nægar „kornbirgðir verði til á verzlunarstöðunum í sýslunni, að hinu „leytinu veiti yður heimild til að taka út hjá kaupmönn„unum að vetri smátt og smátt allt að 400 tunnum af korn„mat á kostnað stjórnarráðsins, til þess að útbýta þeim, sem „láni til sveitastjórnanna í þeim hreppum, þar sem neyðin „er mest.

„Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leið„beiningar, að, með því að stjórnarráðið hefir fengið frá „nefnd þeirri, sem sett hefir verið hèr í borginni til að „afstýra hallæri í suðuramtinu og vesturamtinu, vitneskju um, „að tèð nefnd hafi sent 100 tunnur af rúgi til hvers af þeim

„þremur verzlunarstöðunum, Seyðisfjarðar, Eskifjarðar og „Berufjarðar til útbýtingar gefins meðal hinna bágstöddustu, „og með því að stjórnarráðinu er kunnugt, að kaupmenn- „irnir hèr hafa sent kornmat til þessara verzlunarstaða, þá „þykir ekki vera nægt tilefni til að gjöra neinar sèr- „staklegar ráðstafanir til að stemma stiga við hættu þeirri, „er menn eru hræddir við; en reynist það, að hjálp „sú, sem nefndin hefir látið í tè, sè ónóg, þá verður „stjórnarráðið að vísa yður á að hlutast um, að aukaútsvarið „til fátækra í sveitunum verði fært upp, og, ef þörf gjörist, „að snúa yður að amtmanninum yfir norður- og austuramtinu, „sem skrifað hefir verið hèðan í dag um það efni, til þess „að fá styrk úr jafnaðarsjóðnum til að bæta úr vandræðunum“. 1869. 25. ágúst.

Um leið og yður er tilkynnt þetta, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar, eruð þèr beðnir um að borga sýslumanninum í Suðurmúlasýslu fè það, er hann þarfnast í þessu efni, af upphæð þeirri, sem jafnaðarsjóður amtsins á í peningum, að svo miklu leyti sem hún hrökkur til, og er yður þar á ofan veitt heimild til, ef þörf gjörist, að fá lán hjá kaupmönnunum eður öðrum í þessu skyni á kostnað jafnaðarsjóðsins.

---

75. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um ýmsar ráðstafanir til að bæta úr ástandinu á Vestmannaeyjum. 25. ágúst.

Með brèfi dagsettu 15. f. m. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað tvö bænarskjöl, þar sem sýslumaðurinn og fátækrastjórnin á Vestmannaeyjum sækja um, að sveitinni verði veittar 100 til 200 tunnur af kornmat að gjöf. Þèr hafið skýrt frá, að yður virðist nauðsyn til bera, að sveitarfèlagi þessu verði veittur sèrstaklegur styrkur til þess að afstýra hættu fyrir hallæri að vetri komanda, og að, eptir skýrslum þeim, sem fyrir hendi eru, megi álíta nægilegt, ef að veittir yrði 700 rd. í þessu skyni. Útaf því, að ekki er goldin nein tíund til fátækra af jarðagózinu á Vestmannaeyjum, af því að það er eign ríkis-

1869. 25. ágúst.

sjóðsins, og að ekki er heldur jafnað á hann sem eiganda jarðagózins neinu útsvari til forlagseyris þurfamönnum, hafið þèr, herra stiptamtmaður, þar að auki mælt fram með, að hlutaðeiganda umboðsmanni verði sagt fyrir um að gjalda framvegis hina venjulegu tíund til fátækra af tèðu jarðagózi, og að fátækrasjóði Vestmannaeyja verði veitt sjálfkrafa 50 rd. tillag til fátækra af umboðstekjunum árlega í 3 ár.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þèr auglýsið það, að, með því að stjórnarráðið hefir fengið vitneskju frá nefndinni, sem sett hefir verið hèr í bænum til að afstýra hallæri í suðuramtinu og vesturamtinu, um að tèð nefnd hafi sent 100 tunnur af kornmat upp til Vestmannaeyja, til þess að nefndin í Reykjavík fái þær til umráða til útbýtingar á eyjunum, ef að nauðsyn virðist til þess bera, og með því að stjórnarráðið verður að álíta samkvæmt upplýsingum þeim, er þèr, herra stiptamtmaður, hafið látið í tè, að allri hættu fyrir hallæri sè afstýrt með því, þykir ekki vera þörf á að gjöra neinar sèrstaklegar ráðstafanir í þessu efni. Útaf hinum öðrum tillögum yðar, herra stiptamtmaður, skal þess þar að auki getið, að þareð aukaútsvarið til fátækra er gjald, sem hvílir á mönnum sjálfum *(personlig Skat)*, getur ekki verið umtalsmál, að ríkissjóðnum beri, sem eiganda jarðagózins á Vestmannaeyjum, að greiða neitt aukaútsvar, en um tillögur yðar um, að goldin verði tíund til fátækra af tèðu jarðagózi, megið þèr seinna búast við úrskurði stjórnarráðsins. Þar sem þèr, herra stiptamtmaður, hafið lagt til með í öðru brèfi, dagsettu s. d., að verja megi að vetri komanda allt að 500 rd. af umboðstekjunum á Vestmannaeyjum, til þess að láta girða og rækta tún, er síðan skyldi byggja landsetum, og afgjaldið renna í umboðssjóðinn, skal því að endingu bætt við, að stjórnarráðið hefir áformað að leggja uppástungu um það fyrir ríkisþingið.

76. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturamtinu, um ráðstafanir til að afstýra hallæri. 1869. 25. ágúst.

Um leið og þèr, herra amtmaður, hafið gjört grein fyrir, hvernig þèr hafið varið þeim 1500 rd., sem stjórnarráðið veitti yður umráð yfir í fyrra haust, til þess að þèr gætuð veitt þeim sveitum í vesturamtinu lán til að kaupa kornmat fyrir, þar sem það virtist nauðsynlegt til að afstýra hallæri, hafið þèr skýrt frá í brèfi dagsettu 15. f. m., að illa horfist á víða hvar í vesturamtinu um ástandið að vetri komanda, sèr í lagi í Staðarsveit og Breiðuvíkurhrepp í Snæfellsnessýslu og í ýmsum sveitum í Barðastrandarsýslu; þèr hafið því sókt um, að yður verði veittir til umráða 2500 rd., til þess að lána þá, ef þörf gjörist, þeim sveitum í vesturamtinu til að kaupa fyrir kornmat, þar sem það er óumflýjanlega nauðsynlegt til að afstýra hallæri eða öðrum ófarnaði fyrir sveitirnar.

Útaf þessu skal yður kunngjört, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið treystist ekki til að veita yður fè það til umráða, er þèr hafið beðið um í þessu skyni, en að vèr verðum að vísa yður á að afstýra hallæri því, er þèr óttist fyrir, með því að láta jafna niður hærra aukaútsvari á sveitirnar til fátækra, og ef að það reynist ónóg, þá að fá lán hjá kaupmönnunum eða öðrum á kostnað jafnaðarsjóðsins, og getið þèr búizt við, að stjórnarráðið muni samþykkjast slíka ráðstöfun, ef að ekki koma seinna nýjar upplýsingar um svo mikil vandræði, að vèr álítum nægt tilefni til að fara þess á leit við ríkisþingið, að fèð verið borgað úr ríkissjóðnum.

---

77. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu, um ráðstafanir til að afstýra hallæri. 3. septbr.

Í brèfi dagsettu 28. júlímán. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, að nýju skýrt frá, að í norður- og austuramtinu sè

1869. 3. septbr. mikil og almenn bágindi, og kennið þèr að nokkru leyti því um, að of lítið hafi verið flutt að af kornmat. Um leið og þèr getið þess, að í Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslu hafi nokkrir menn dáið úr hungri, hafið þèr sókt um, að gjöfum þeim, sem safnað hefir verið í Frakklandi og Englandi handa bágstöddum Íslendingum, verði varið til að kaupa kornmat, að minnsta kosti 1000 tunnur, til útbýtingar meðal íbúa amtsins. Með brèfi, dagsettu s. d., hafið þèr þar að auki sent hingað bænarskjal, þar sem hinn setti sýslumaður í Skagafjarðarsýslu sækir um, að tèðri sýslu verði sèð fyrir kornmat, að minnsta kosti 1000 tunnum, og að henni einnig verði veitt hlutdeild í þeim gjöfum, sem safnað hefir verið erlendis, og nýlega var getið um.

Stjórnarráðið hefir útaf þessu spurt sig fyrir hjá þeim íslenzkum kaupmönnum, sem eiga verzlunarbú á norðurlandi, um, hvort þeir ætli sèr að senda nú í haust nokkur skip með kornmat til norðurlandsins, og ef svo er, þá hversu mikinn, og höfum vèr fengið vitneskju frá Örum og Wulff um, að þeir bæði í fyrra haust og núna í vor hafi sent til verzlunar sinnar í Húsavík jafnmikið af kornmat og þeir sè vanir. Thaae hefir skýrt frá, að hann hafi sent í vor til norðurlandsins fjögur skip með kornmat, en eitt þeirra hafi reyndar farizt. Loks hafa þeir Fr. Hillebrandt og Gudmann sent kornmat þann, er meðfylgjandi skýrsla greinir um[1]. Stjórnarráðið hefir gefið nefndinni, sem sett hefir verið til að afstýra hallæri í suðuramtinu og vesturamtinu, vitneskju um inntakið í brèfi yðar, herra amtmaður, en þó að hún hafi sagzt ekki geta látið neina hjálp í tè, af því að hún er þegar búin að ráðstafa því, sem eptir var af gjöfunum, þá getur stjórnarráðið ekki sèð, eptir upplýsingum þeim, sem það hefir fengið frá kaupmönnunum, að tilefni sè fyrir sig til að gjöra neinar sèrstaklegar ráðstafanir, því kornmatur sá, sem sendur hefir verið til norðurlandsins, er miklu meiri, en þèr hafið beðið um, herra amtmaður, svo, þó að of litlar byrgðir kynni að vera í einhverri

[1]) Hillebrandt 2320 tunnur, Gudmann 5746 tunnur.

sýslunni, þá má fá kornmat úr hinum sýslunum. Að öðru leyti verður stjórnarráðið að vísa yður á, að gjöra ráðstafanir þær, sem rædt er um í brèfi dómsmálastjórnarinnar 25. f. m., ef þess gjörist þörf. Að endingu eruð þèr beðnir að hlutast til um, að rannsókn fari fram útaf því, að menn hafa dáið úr hungri, eins og þèr hafið getið um í brèfi yðar, og, ef þörf gjörist, að láta höfða mál á móti hlutaðeigandi fátækrastjórum, og vonast stjórnarráðið eptir að fá skýrslu frá yður um, hvað gjört verður í þessu efni. 1869. 3. septbr.

---

78. Brèf **dómsmálastjórnarinnar** til amtmannsins yfir norður og austuramtinu, um **ávaxtan ómyndugra fjár í sparisjóðum.** 14. septbr.

Í brèfi dagsettu 5. júlímán. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, skýrt frá, að Ole Smith, sýslumaður í Norðurmúlasýslu, hafi spurt um sem forseti forstöðunefndarinnar fyrir sparisjóð þeim, sem hann hefir stofnað fyrir Múlasýslurnar, sumpart með sjálfs síns fjármunum, sumpart með samskotum einstakra manna, hvort amtinu virðist ekki vera tilefni til að mæla fyrir við fjárhaldsmenn ómyndugra um, að, þegar ekki fæst veð fyrir ómyndugra fè, sem er minna að upphæð en 50 rd. og 100 rd., þá skuli ávaxta það í sparisjóðnum, ef þess þarf ekki undir eins með, hlutaðeigendum til framfæris. Hafið þèr borið undir stjórnarráðið, hvort ekki megi láta það vera komið undir fjárhaldsmönnunum sjálfum, hvort þeir kjósi heldur að ávaxta fè, er nemur að eins 50 rd. til 100 rd., í tèðum sparisjóði, og sè þeir í fullri ábyrgð á því eins og lög ákveða, eða lána það gegn veði í lausafè.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, að gagnvart ákvörðununum í tilskipun 18. febrúarmán. 1847 og opnu brèfi 4. júnímán. 1864 verður fjárhaldsmönnunum ekki án nýrrar lagasetningar veitt heimild til þess, sem hèr ræðir um.

1869. 27. septbr. **79. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um skilríki með skýrslum embættismanna til lífsfjár- og framfærslustofnunarinnar.**

Eptir tilmælum fjárstjórnarinnar eruð þèr, herra (tit.), beðnir að skora framvegis á alla embættismenn, sem þèr eruð settir yfir, og ekki óska að komast hjá að sjá ekkjum sínum fyrir framfærslufè á venjulegan hátt, með því að sjá þeim borgið með öðru móti, að láta fylgja með skýrsluforminu um ekkjuforsorgun vitnisburð frá lækni um, að lífi hlutaðeiganda sè engin bráð hætta búin, og, ef þeir ekki þegar eru búnir að sjá konunni fyrir framfærslufè, þá að senda einnig skírnarseðil beggja hjónanna; en þó er það aðgæzluvert, að vitnisburður læknisins má ekki vera gefinn út meir en hèr um bil hálfum mánuði áður en hann var sendur af stað með pósti, nema svo sè háttað, þar sem embættismaðurinn er, að lengra hlýtur að líða um. Þegar þessa hefir verið gætt, og öll skjölin eru í góðri reglu, mun fjárstjórnin tafarlaust hlutast til um, að ekkjunni verði sèð fyrir framfærslufènu fyrir tillag æfilangt, sem í fyrsta skipti mun verða borgað fyrirfram úr ríkissjóðnum.

Við sama tækifærið skal dómsmálastjórnin brýna fyrir yður það, sem mælt er fyrir um í brèfi hennar 19. aprílmán. 1864, að sjá um, að dálkarnir í slíkum skýrsluformum um ekkjuforsorgun sè rètt fylltir út og svo, sem vera ber, og að rita síðan á skýrsluformið vottorð yðar um, að þèr hafið ekkert útá það að setja, hvernig þeir eru fylltir út.

---

29. septbr. **80. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um kornlán handa Austur-Skaptafellssýslu.**

Um leið og þèr, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúi á síðasta alþingi, hafið sent hingað og látið uppi álitsskjal yðar

um þegnlega bænarskrá þingsins, sem beiðist þess, að bætt verði úr kornskortinum á Íslandi, hafið þér, útaf bænarskjali frá alþingismanninum úr Austur-Skaptafellssýslu um, að tèðri sýslu, sem ekki fèkk neina hlutdeild í kornláninu í fyrra, verði veittar 20 tunnur af rúgi að láni til að afstýra hallæri að vetri komanda, lagt til með í brèfi dagsettu 9. þ. m., að 20 tunnur af rúgi verði keyptar og sendar til Berufjarðar til aðstoðar handa sýslu þessari, með því skilyrði, að hlutaðeigandi hreppar skuldbindi sig til að gjalda 4 af 100 á ári í leigur af andvirði kornsins og að borga það aptur á 5 árum, fimmta part á ári. 1869. 29. septbr.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til frekari framkvæmda, að stjórnarráðið hefir látið kaupa rúg þann, er þèr hafið beðið um, og sent hann með gufupóstskipinu, sem nú fer á stað, til Weywadts, kammerassessors, verzlunarfulltrúa á Berufirði; verður hann geymdur þar til yðar ráðstöfunar, til þess að þèr lánið hann bágstöddustu hreppunum í Austur-Skaptafellssýslu uppá þá skilmála, að fè það, sem hefir gengið til að kaupa kornið og senda það, og borgað hefir verið úr íslenzka styrktarsjóðnum — en það er, auk leigu fyrir geymsluhús og fleira, sem seinna kann að falla uppá, 175 rd. 46 sk. — verði ávaxtað með 4 af 100 á ári, og borgað aptur á næstu 5 árum samfleytt, fimmti partur á ári.

Því skal við bætt, að, ef því verður ekki komið við, að flytja korn þetta í land á Berufirði, verður það flutt til Reykjavíkur.

---

81. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir kennslu heyrnarlausra og mállausra á Íslandi. 29. septbr.

Í brèfi dagsettu 8. þ. m. hafið þèr, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að þèr hafið fengið vísbendingu frá konungsfulltrúa á alþingi um það, að til þingsins hafi komið bænarskrá um, að síra

1869. 29. septbr. Páli Pálssyni í Vestur-Skaptafellssýslu, sem samkvæmt brèfi kirkju- og kennslustjórnarinnar 4. septembermán. 1867 hefir verið trúað fyrir að kenna heyrnar- og málleysingjum, verði veittur styrkur til þess, og að þingið hafi rædt málefni þetta og fallizt á með 15 atkvæðum gegn 9 að skora á stiptamtið að sjá um, að meðgjöf sú, sem síra Páli Pálssyni er borguð með hverju barni, sem komið er fyrir hjá honum á opinberan kostnað, verði nú þegar til bráðabirgða greidd úr jarðarbókarsjóði Íslands fyrirfram fyrir hvert missiri. Þó að hin þegnlega bænarskrá, sem alþingi hefir fallizt á um málefni þetta, hefði ekki verið komin til konungsfulltrúa, áður en póstskipið var ferðbúið, og hann því ekki muni geta sent dómsmálastjórninni hana fyr en með næsta póstskipi, hafið þèr, herra stiptamtmaður, álitið yður skylt að bera þetta atriði nú þegar upp fyrir stjórnarráðinu, þar sem alþingi hefir vísað því til stiptamtsins til frekari framkvæmda. Þèr hafið tekið fram í þessu efni, að, með því að lík ívilnan er veitt að því er snertir þá heyrnar- og málleysingja frá Íslandi, sem komið er fyrir á hinum konunglega heyrnar- og málleysingja skóla í Kaupmannahöfn, þá virðist yður sanngjarnt, að sú ívilnan, sem um er sókt, verði veitt heyrnar- og málleysingja kennslu þeirri, sem komið hefir verið á stofn með framan nefndu stjórnarráðs brèfi 4. septembermán. 1867, og sem hefir miklu meiri þörf á slíkri hjálp en skólinn í Kaupmannahöfn, af því að forstöðumaðurinn ekki er efnaður, og ekki má við að leggja til fyrirfram það, sem þarf til viðurværis handa hinum heyrnar- og málausu börnum í hálft eða heilt ár, því jafnaðarlega muni ekki líða skemmri tími áður en hlutaðeigandi amtmenn geta borgað ársmeðgjöfina, þar sem fyrst verður að jafna henni niður á hverja sýslu og hrepp í amtinu. Með því að stiptamtið hefir ekki heimild til að ávísa fè því, sem hèr ræðir um — en það er fyrst um sinn 120 rd. á ári fyrir hvert barn — úr jarðabókarsjóðnum, hafið þèr lagt fram með, að stjórnarráðið leyfi, þangað til málefni þetta verður útkljáð fyrir fullt og allt, að borga megi úr jarðabókarsjóði Íslands fyrirfram, þegar

hlutaðeigandi amtmaður biður um það, hina árlegu meðgjöf með hinum heyrnarlausu og mállausu börnum, sem komið er til kennslu á opinberan kostnað til síra Páls Pálssonar, þannig, að borgunin verði greidd fyrirfram í hvert skipti fyrir hvert missiri eða hálft missiri, móti endurgjaldi sem fyrst eptir ráðstöfun hlutaðeigandi amtmanns. 1869. 29. septbr.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess að þér kunngjörið það og gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, að stjórnarráðið fellst eptir málavöxtum á tillögur yðar fyrst um sinn, þó svo, að meðgjöfin verði að eins greidd fyrir hvert hálft missiri fyrirfram.

---

82. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um fjársýki í nokkrum sýslum í suðuramtinu. 29. septbr.

Um leið og þèr, herra stiptamtmaður, hafið sent hingað skýrslu um, að í vor er var hafi að nýju orðið vart við fjárkláðann í Árnessýslu, og um ráðstafanir þær, er gjörðar hafa verið til að stöðva hann, hafið þèr skýrt frá í brèfi, dagsettu 19. júnímán. þ. á., að í vetur og vor, er leið, hafi að sögn orðið vart við annan hættulegan næman sjúkdóm í fènu í Rangárvallasýslu og eystri hluta Árnessýslu. Sjúkdómi þessum sè lýst svo, að innýflin í hinum dauðu kindum, einkum lifur og lungu og stundum heilinn, sè full af ormum, og að þeir komi líka stundum út um munninn á kindunum. Þèr hafið látið þá ósk í ljósi, að útlærður dýralæknir verði sendur til Íslands með 5. ferð gufupóstskipsins til þess að rannsaka sjúkdóm þenna, og leiðbeina landsmönnum með, hvernig eigi að fara að með hann, og geti dýralæknirinn svo farið heim aptur með seinustu ferðinni í ár. Í brèfi dagsettu 26. júlímán. seinast liðins hafið þèr, herra stiptamtmaður, þarnæst skýrt ítarlegar frá um sjúkdóm þenna, og sent til sýnis nokkra orma m. m., sem fundizt hafa í kindunum, og að endingu ítrekað til-

1869. 29. septbr. lögur yðar um, að útlærður dýralæknir verði sendur til Íslands til þess að rannsaka tèðan sjúkdóm.

Stjórnarráðið hefir veitt dýralækningaráðinu færi á að segja álit sitt um þessa sýki, og sent því orma þá o. fl., sem að framan er á vikið. Dýralækningaráðið hefir síðan skýrt frá, að ormar þeir, sem því hafi verið sendir, hafi verið tvennrar tegundar; önnur tegundin heiti ascaris, sè úr görnunum og eigi ekkert skylt við þessa sýki, en að orsökin til hennar sè aptur hin ormategundin, strongylus filaria; sú ormategund hafist við í lungnapípunum, og það sè sannað með vísindalegum rannsóknum, að ormar þessir eigi egg, að ungarnir skríði þegar úr þeim út í lungun, og að þeir berist með slíminu út um nefið og munninn, svo á þann hátt geti þeir komizt í aðrar kindur; menn viti þar að auki, að ungar þeir, sem þannig berast burtu, geta lifað lengi í votum jarðvegi, og að þeir eru mjög lífseigir, svo að þeir þola að þorna upp, og lifna aptur við, ef þeir vökna. Sökum þessa hefir dýralækningaráðið lagt það til, að lungun úr kindum, sem fá sýki þessa, verði gjörð að engu, og sömuleiðis að kindum þeim, sem hafðar eru í pössun (kvíám), verði haldið á beit á valllendi, sem mest að kostur er, því að ætla megi, að ungarnir þróist betur í votu haglendi. Hins vegar álítur dýralækningaráðið, að það sè ekki til neins verulegs gagns að senda dýralækni stuttan tíma til Íslands, en að Snorri Jónsson, lærisveinn í dýralæknisfræði, sem skrifast út frá háskólanum að vori sem útlærður dýralæknir og fer heim til Íslands aptur, geti fengið þá tilsögn, að hann geti til góðs gagns rannsakað kindur þær, sem fá sýkina, nákvæmar, og lagt ráð á, hvernig sjúkdómurinn verði læknaður, eða honum verði út rýmt, ef þess er kostur.

Þetta höfum vèr ekki viljað láta hjá líða að gefa yður til vitundar, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar, og til þess að þèr kunngjörið það, og hefir stjórnarráðinu samkvæmt því, sem að framan er sagt, ekki virzt vera tilefni til að gjöra nú sem stendur frekari ráðstafanir í þessu efni.

83. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um vatnsveitingar og engjarækt í suðuramtinu.

1869. 29. septbr.

Í brèfi dagsettu 17. júlímán. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, skýrt frá aðgjörðum Niels Jörgensens, jarðyrkjumanns, sem sendur var til Íslands með styrk sumpart frá hinu konunglega danska landbústjórnarfèlagi sumpart frá dómsmálastjórninni, við vatnsveitingar á engjar og framskurð á mýrum í Árnessýslu, og hafið þèr látið í ljósi, að í hinum sýslunum í suðuramtinu mætti líka gjöra mikið með því að rækta engjarnar þar, og að það væri því mjög æskilegt, ef þess væri kostur, að fá opinberan styrk, til þess að suðuramtið gæti notið góðs af vinnu þessa jarðyrkjumanns eitt ár enn. Jafnframt og þèr hafið getið þess, að bústjórnarfèlag suðuramtsins hafi boðizt til að leggja fram 100 rd. til þessa áforms, hafið þèr sókt um, að stjórnarráðið bæði veiti sjálft af þeim 4000 rd., sem ætlaðir eru til óvissra útgjalda handa Íslandi, 100 til 150 rd. styrk í viðbót til áframhalds vatnsveitinga- og framskurðar-störfum þeim, sem byrjað hefir verið á í ár í suðuramtinu, og reyni til að fá hið konunglega danska landbústjórnarfèlag til að veita líkan styrk.

Nú er skrifazt hefir verið á við landbústjórnarfèlagið um þetta, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til frekari framkvæmda, að tèð fèlag er fúst á að veita hèr um bil 150 rd. styrk til þess, að Niels Jörgensen, jarðyrkjumaður, geti dvalið eitt ár enn á Íslandi, svo framarlega sem yður tekst að semja svo að nýju við tèðan jarðyrkjumann um kaup hans, að styrkur sá, sem verður veittur, þar með talið tillag bústjórnarfèlags suðuramtsins, verði nógur til þess, og skal því við bætt, að stjórnarráðið leyfir með sama skilyrði að borga megi af fè því, sem veitt er í fjárhagslögunum 20. gr. VI. C, 150 rd. í þessu skyni.

Þèr eruð beðnir, þegar þar að kemur, að skýra stjórnarráðinu frá ráðstöfunum þeim, er þèr gjörið í þessu efni.

1869. 7. oktbr. **84. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu, um verzlun lausakaupmanna.**

Í skjali nokkru, er hingað hefir borizt beina leið og fylgir í eptirriti með brèfi þessu, hefir C. D. Tulinius, kaupmaður á Eskifirði, beiðzt vísbendingar frá dómsmálastjórninni um, hvort að eigi að reikna fjögurra vikna tíma þann, sem 3. grein í lögum 15. aprílmán. 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi, smbr. 10. grein í opnu brèfi 28. desembermán. 1836 um hina íslenzku verzlun og siglingar, mælir fyrir um, að lausakaupmönnum sè leyfilegt að verzla við landsmenn af skipi — þannig, að lausakaupmenn megi ekki liggja lengur en 4 vikur við sama kauptún, hvort sem þeir reka kaupskap eður ekki, eða þeir megi liggja við sama kauptún án nokkurrar takmörkunar, hvað tímalengdina snertir, ef að þeir að eins verzla ekki lengur en 4 vikur við landsbúa, og, ef svo er, hvort yfirvöldin eigi þá að hafa umsjón með því.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að það er álit dómsmálastjórnarinnar, að ákvörðunin, sem getið er um að framan, í lögunum 15. aprílmán. 1854, hafi gjört þá breytingu á hinum fyrri reglum um þann tíma, er lausakaupmenn mega liggja um kyrt, að lausakaupmönnum nú sè frjálst að liggja við sama kauptúnið eins lengi og þeir vilja sjálfir, en að það sè einungis rèttur þeirra að verzla við landsbúa, sem er bundinn við fjögurra vikna tíma. Annars er það vitaskuld, að það er skylda yfirvaldanna að sjá um, að verzlunarlögunum sè hlýdt eins í þessu efni eins og að öðru leyti.

---

27. oktbr. **85. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um skýrslur um skipreika og skipasölu.**

. . . . . .

. . . . . .

Við sama tækifæri eruð þér, samkvæmt tilmælum aðal- 1869.
skattastjórnarinnar, beðnir að senda hingað skýrslu handa 27. oktbr.
aðal-skipamælinga- og skrásetningarskrifstofunni hér í borginni um það, er dönsk skip brotna eða farast á annan hátt í umdæmi því, sem þér eruð settir yfir, eða þau eru seld þar Íslendingum eða til útlanda.

---

86. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu, um framfærsluhrepp sveitarómaga. 12. nóvbr.

Í brèfi dagsettu 13. ágústmán. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, borið undir dómsmálastjórnina til úrslita ágreining, sem orðið hefir milli sýslumannsins í Norðurmúlasýslu og sýslumannsins í Suðurmúlasýslu um það, í hvaða hrepp drengirnir Guðmundur og Arnbjörn Arnbjarnarsynir, sem eru getnir í lögmætu hjónabandi, sè sveitlægir.

Upplýsingar þær, sem fram eru komnar í málinu, bera með sèr, að faðir barna þessara, Arnbjörn Sigmundarson, átti, þegar hann sálaðist í júnímánuði 1860, framfærslurètt á Breiðdals hrepp í Suðurmúlasýslu, og að móðir þeirra, Guðný Erlendsdóttir, giptist aptur í októbermánuði 1865 Birni Einarssyni, vinnumanni, sem á sveit á Seyðisfjarðar hrepp í Norðurmúlasýslu, og þar var tekið við honum til framfærslu árið 1867, ásamt konu hans og börnum hennar úr fyrra hjónabandi. En nú, er Guðný Erlendsdóttir er sáluð, hefir orðið ágreiningur um, hvort framfærsluhreppur stjúpföðursins, þar sem móðirin þessvegna einnig var sveitlæg, þegar hún dó, eigi framvegis að færa tèð börn fram, þangað til að þau eru orðin fullra 16 ára, eða hvort sveit sú, þar sem faðir þeirra átti framfærslurètt, þegar hann dó, eigi að taka við þeim til framfærslu.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að með því að ekki er nein ákvörðun í íslenzkum lögum um, að stjúpföðurnum

1869. 12 nóvbr. sè skylt eptir lát móðurinnar að standa straum af stjúpbörnum sínum, eiga Guðmundur og Arnbjörn Arnbjarnarsynir samkvæmt ákvörðuninni í síðasta kafla 6. greinar í reglugjörð 8. janúarmán. 1834 að fá framfærslu, þangað til þeir eru orðnir fullra 16 ára, á Breiðdals hrepp í Suðurmúlasýslu, þar sem faðir þeirra, eptir því sem skýrt er frá, átti framfærslurètt, þegar hann dó.

---

4. desbr. **87. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um styrk handa praktíserandi lækni í Árnessýslu.**

Með brèfi dagsettu 8. októbermán. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, sent hingað bænarskjal frá Ólafi Sigvaldasyni, kandídat í læknisfræði, sem ætlar að setjast að á Eyrarbakka kauptúni í Árnessýslu sem praktíserandi læknir, um að honum verði veittur styrkur sá úr íslenzka læknasjóðnum, sem mælt er fyrir um í konungsúrskurði 10. maímán. 1867. Hafið þèr lagt fram með, að beiðandanum verði veittur styrkur þessi sem praktíserandi lækni í Árnessýslu fyrst um sinn, frá 1. degi nóvembermán. þ. á. og þangað til að 5 kandídatar í læknisfræði hafa setzt að samkvæmt tèðum konungsúrskurði 10. maímán. 1867 í þeim hèruðum landsins, þar sem ætla má, að meiri þörf sè á læknishjálp en í Árnessýslu, og móti því, að honum sè gjört að skyldu, á meðan hann heldur þessum styrk, að gegna embættisstörfum þeim, er hvíla á hèraðslækninum, að því er greinda sýslu snertir, svo framarlega sem hèraðslæknirinn veitir samþykki sitt til þess, og fyrir borgun þá fyrir slík störf, sem hèraðslækninum ber.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að það, sem um er sókt, verður ekki veitt, af því að það er gagnstæðilegt því, sem ætlazt var til með framan nefndum konungsúrskurði 10. maímán. 1867.

---

88. Tilskipun handa Íslandi, um eptirmyndan ljósmynda og fl.

1869. 11. desbr.

Vèr Kristján hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar handa Íslandi um eptirmyndan ljósmynda o. fl., bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Hver sá, sem á sjálfs síns kostnað býr til frumlega ljósmynd eptir náttúrunni, eða ljósmyndar eitthvert listaverk, sem enginn hefir einkarètt á að eptirmynda, getur um 5 ára tímabil fyrirmunað öðrum að búa til til sölu ljósmynd eptir ljósmynd hans, með því að auglýsa á þeim stað og með þeim hætti, sem dómsmálaráðherrann tiltekur nákvæmar, að hann áskili sèr einkarètt, og með því þar á ofan að setja nafn sitt og orðin „með einkarètti" á sèrhverja ljósmynd, er hann lætur frá sèr fara.

Sè ljósmyndin gjörð eptir beiðni annars manns, þarf samþykkis hans ekki einasta til þess að fá áður nefndan einkarètt, heldur einnig til þess að mega selja eptirmynd af ljósmyndinni.

2. grein.

Hver sá, sem í nokkru skerðir rèttindi þau, sem heimild er fyrir í 1. grein, skal sektaður um 5 til 200 rd., og þar að auki gjalda þeim, sem fyrir órèttinum hefir orðið, fullar skaðabætur. Plötur og annað, sem eingöngu verður haft til hinnar ólöglegu eptirmyndunar, og eins allar hinar eptirgjörðu ljósmyndir, sem finnast og ætlaðar eru til sölu, skal upptækt gjört og ónýtt, nema að sá, sem fyrir órèttinum hefir orðið, krefist, að sèr sè fengið það í hendur, og skal þá andvirði þess koma uppí skaðabæturnar, sem honum bera. Sama hegning og skaðabætur liggja við að hafa slíkar myndir til sölu og eins við því að flytja til landsins eptirmyndaðar ljósmyndir, sem gjörðar eru annarstaðar, og óleyfilegar eru samkvæmt þessari tilskipun.

3. grein.

Mál, sem rísa útaf afbrigðum gegn tilskipun þessari, getur

1869. 11. desbr. sá einn höfðað, sem fyrir órèttinum hefir orðið, og verður þeim málum því að eins gegnt, að þau sè höfðuð innan árs og dags.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

---

11. desbr. **89. Opið brèf handa Íslandi, er nákvæmar ákveður um innheimtu á kröfum með forgangsrètti hjá þeim mönnum, sem hafa látið aðra fá sjálfsvörzluveð í lausafè sínu.**

Vèr Kristján hinn Níundi o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til opins brèfs handa Íslandi, er nákvæmar ákveður um innheimtu á kröfum með forgangsrètti hjá þeim mönnum, sem hafa látið aðra fá sjálfsvörzluveð í lausafè sínu, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

Forrèttindi þau, sem opið brèf 23. júlímán. 1819 veitir forgangs-kröfum þeim, sem þar er um rædt, fyrir sjálfsvörzluveði því í lausafè, sem fengið er eptir auglýsingu tèðs opins brèfs, skulu einnig koma til greina, þegar gjörð er aðför eða fjárnám til lúkningar slíkrar forgangs-kröfu, án þess nauðsynlegt sè til framkvæmdar greindra forrèttinda að heimta, að öllu búi skuldunautsins sè skipt sem gjaldþrota. Þó leiðir það af N. L. 1.—22.—28. (D. L. 1.—24.—26.), að ekki má með slíkri gjörð taka til veðsetts lausafjár, ef að og að svo miklu leyti sem til eru óveðsettir fjármunir, er taka má lögtaki til lúkningar forgangs-kröfunni. Eigi skal heldur, þá er heimt eru inn opinber gjöld, sem hvíla á fasteignum, byrja lögtakið á lausum aurum, ef engir eru til óveðsettir, en þegar svo er ástatt, skal þegar taka fasteignina lögtaki; en aptur skulu hin önnur gjöld til ríkis og sveitar, sem ekki hvíla á fasteignum, heldur að eins á gjaldendum sjálfum, talin með þeim kröfum, sem, eins og að ofan er sagt, má leita lúkningar á með lögtaki í lausafè, þó veðsett sè. Annars er það vitaskuld, að hvorki framangreind ákvörðun, nè heldur opið brèf 23. júlímán. 1819,

gjörir neina breytingu á hlutfalli því, sem ákveðið er í lögum eða seinni tilskipunum, meðal ýmsra flokka af forgangskröfum, hvers til annars, og skal þess sèr í lagi gætt, að gjöld til ríkissjóðsins ganga fyrir sveitargjöldum. 1869. 11. desbr.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

---

90. Opið brèf handa Íslandi, um aðra skiptingu á lyfjavoginni en hingað til. 11. desbr.

Vèr Kristján hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til opins brèfs handa Íslandi um aðra skiptingu á lyfjavoginni en hingað til, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Í stað lyfjavogar þeirrar, sem höfð hefir verið hingað til á Íslandi, skal viðhafa hið frakkneska gram-kerfi þegar læknar eða dýralæknar segja fyrir um læknislyf, og þau eru af hendi látin frá lyfjabúðunum sem læknisdómar.

2. grein.

Konungur úrskurðar, hvenær þetta opna brèf skuli öðlast gildi, og skipar nákvæmar fyrir um það sem með þarf útaf því.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Embætta veitingar, nafnbætur o. s. frv. árið 1869.

27. jan.: staðfest veitingarbréf stiptsyfirvaldanna, dagsett 30. maímán. 1868, handa síra Benidikt Eggertssyni Guðmundsen fyrir Vatnsfirði í Norður-Ísafjarðar prófastsdæmi.

s. d.: staðfest veitingarbréf stiptsyfirvaldanna, dagsett 7. janúarmán. 1868, handa síra Jóni Kristjánssyni fyrir Breiðabólstað í Vesturhópi.

17. apríl: Skúli Thórarensen, héraðslæknir í hinu eystra læknisumdæmi í suðuramtinu, riddari dannebrogsorðunnar, leystur í náð frá embætti sínu og sæmdur virkilegs kansellíráðs nafnbót.

20. apríl: Jens Sigurðsson, yfirkennari í Reykjavíkur skóla, skipaður rektor í skólanum.

30. apríl: staðfest veitingarbréf stiptsyfirvaldanna, dagsett 12. októbermán. 1868, handa síra Magnúsi Bergssyni, fyrir Heydölum í Suðurmúlasýslu.

s. d.: staðfest veitingarbréf stiptsyfirvaldanna, dagsett 1. júlímán. 1868, handa síra Sveini Skúlasyni fyrir Staðarbakka í Húnavatnssýslu.

s. d.: staðfest veitingarbréf stiptsyfirvaldanna, dagsett 27. júnímán. 1868, handa síra Magnúsi Hákonarsyni fyrir Stað í Steingrímsfirði.

24. maí: Magnús Jónsson hreppstjóri á Vilmundarstöðum í Reykholtsdal sæmdur heiðurspeningnum „ærulaun iðni og hyggginda".

s. d.: N. P. E. Weywadt, verzlunarfulltrúi á Berufirði, sæmdur virkilegs kammerassessors nafnbót.

28. maí: Síra Þorleifur Jónsson, præpos. honor. að Hvammi í Hvammssveit, og
síra Sveinn Níelsson, prestur að Staðastað og prófastur í Snæfellsness og Hnappadals prófastsdæmi, sæmdir riddarakrossi dannebrogsorðunnar.

s. d.: Sören Hilmar Steindór Finsen, stiptamtmaður yfir Íslandi, skipaður konungsfulltrúi á alþingi 1869.

s. d.: Þórður Jónasson, háyfirdómari.
Bergur Thorberg, amtmaður yfir vesturumdæminu,
Jón Hjaltalín jústizráð og landlæknir,
Jón Pétursson, yfirdómari,

Pètur Pètursson, biskup yfir Íslandi, og
síra Ólafur Pálsson, prófastur og dómkirkjuprestur,
skipaðir konungkjörnir alþingismenn:
Árni Thorsteinson, land- og bæjarfógeti og kansellíráð, og
Sigurður Melsteð, forstöðumaður prestaskólans,
skipaðir konungkjörnir varaþingmenn:

21. júlí.: Pètur Pètursson, dr. theol. og biskup yfir Íslandi, riddari dannebrogsorðunnar, sæmdur heiðursmerki dannebrogsmannanna.

s. d.: Ole Worm Smith, sýslumaður í Norðurmúlasýslu, sæmdur virkilegs kansellíráðs nafnbót.

s. d.: Vilhjálmur Hákonarson, fyrrum hreppstjóri, í Kirkjuvogi í Höfnum, og
Þorsteinn Jónsson, hreppstjóri á Brekkugerði í Norðurmúlasýslu,
sæmdir heiðursmerki dannebrogsmannanna:

5. ágúst.: Þorgrímur Johnsen, cand. med. & chir., skipaður héraðslæknir í eystra læknisumdæminu í suðuramtinu.

13. septbr.: Jón Þorkelsson, kennari við Reykjavíkurskóla, skipaður yfirkennari við skólann.

20. nóvbr.: staðfest veitingarbréf stiptsyfirvaldanna, dagsett 24. nóvembermán. 1868, handa síra Jóni Jónssyni Austfjörð fyrir Kirkjubæ í Hróarstungu.

YFIRLIT EFNISINS.

Akureyri.
Alþingi.
Amtmenn sjá Embættismenn.
Arfur, arfskipti.
Atvinnuvegir.
Barnaskólar, sjá Skólar.
Blindir.
Bólusetning.
Brauð, smbr. Prestar, Kirkjur.
Bækur og dagblöð.
Dómar, dómsmál.
Dýralækningar, smbr. Fjársýki.
Einkaleyfi, sjá Leyfisbréf.
Embættismenn, laun embættismanna m. m.
Eptirlaun, smbr. Embættismenn, Styrktarfé.
Eyðijarðir, nýbýli.
Fátækramálefni, sjá Sveitamálefni.
Fiskiveiðar, smbr. Veiði.
Fjárforráð ómyndugra.
Fjárhagsmálefni.
Fjársýki, fjárkláði.
Forngripasafn.
Gjafir, smbr. Stofnanir og sjóðir.
Gufuskipsferðir, smbr. Póstgöngur.
Hallæri, smbr. Lán, Skuldir.
Hegning sjá Sakamál.
Heiðurspeningur, sjá Verðlaun.
Héraðslæknar, sjá Læknaskipun.
Herskip, sjá Skip, Verzlun.
Heræfingar.
Hjúskapur.
Hreppstjórar, sjá Lögreglustjórn.
Hundar.
Húsmstjórn, húsbændur og hjú.
Ísafjörður.
Íslenzk tunga.
Jafnaðarsjóðir.
Jarðamat, jarðabók.
Jarðarafgjöld, smbr. Þjóðjarðir.
Jarðyrkja, sjá Landbúnaður.
Kaupskapur, sjá Verzlun.
Kaupstaðir, sjá Akureyri, Ísafjörður, Reykjavík, Verzlun.
Kennsla, sjá Skólar.
Kirkjur, Kirknaeignir, smbr. Brauð, Prestar.
Konungur, konungsættin m. m.
Lagaskóli, lögfræðingaskóli, sjá Skólar.
Lán, smbr. Skuldir, Hallæri.
Landbúnaður.
Landlæknir, sjá Læknaskipun.
Landsyfirréttur, sjá Dómar.
Leyfisbréf.
Ljósmyndir.
Lyfsölumenn sjá Læknaskipun.
Læknaskipun, læknasjóður, lækningar, smbr. Sóttvarnir.
Löggilding danskra lagaboða.
Lögreglustjórn.
Málaflutningsmenn, sjá Dómar.
Mállausir og heyrnarlausir.
Námar
Ómyndugir, sjá Fjárforráð.
Peningar.
Póstgöngur.
Prentsmiðjur.
Prestar, prestastétt, smbr. Brauð, Kirkjur.
Prestaskóli, sjá Skólar.
Prófastar, sjá Prestar.
Rafsegulþráður.
Reikningar.
Reki.

Reykjavík.
Ríkisskuldabrèf, sjá Skuldir.
Sakamál, hegning.
Samningar.
Sauðfjárrækt, sjá Landbúnaður.
Skattar og álögur, smbr. Tíund, Verzlun.
Skip, skipbrot, skipbrotsmenn, smbr. Verzlun.
Skógar.
Skólar, kennsla, skólavísindi.
Skotmannafèlög, sjá Heræfingar.
Skuldir, skuldabrèf, ríkisskuldabrèf, smbr. Lán.
Sóttir, sóttvarnir, smbr. Læknaskipun, Fjársýki.
Spítalar, spítalasjóðir, sjá Læknaskipun.
Stjórnarskipun, stjórnarbót.
Stofnanir og sjóðir, smbr. Gjafir, Læknaskipun.
Styrktarfè.
Sveitastjórn, sveitamálefni.
Sýslumenn, sjá Embættismenn.
Sýslunarmenn, sjá Embættismenn.
Tíund, smbr. Skattar.
Trúarbrögð.
Umboðsmenn, sjá Embættismenn, Þjóðjarðir.
Uppboð, uppboðssala.
Útlendir menn, smbr. Fiskiveiðar, Trúarbrögð.
Vegabrèf.
Vegir, vegabætur.
Veiði, smbr. Fiskiveiðar.
Verðlagsskrár.
Verðlaun.
Verzlun.
Yfirsetukonur, sjá Læknaskipun.
Þing, Þingahöld.
Þjóðjarðir, Þjóðeignir, smbr. Jarðarafgjöld.
Æðarvarp.

Skammstafanir:

B. = Biskupinn yfir Íslandi.
Br. = Brèf.
D. = Dómsmálastjórnin.
K. = Kirkju- og kennslustjórnin.
N. A. = Amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu.
St. = Stiptamtmaðurinn yfir Íslandi.
Std. = Hin islenzka stjórnardeild.
Stv. = Stiptsyfirvöldin á Íslandi.
V. = Amtmaðurinn yfir vesturumdæminu.

Akureyri.

1864. 21. marz. 22. Br. D. til N. A., um laun handa lögregluþjóni á Akureyri.
23. apríl. 35. Br. D. til N. A., um laun handa bæjarfógetanum á Akureyri.
4. ágúst. 70. Br. D. til N. A., um lyfjasölu á Akureyri.
1865. 8. maí. 31. Leyfisbrèf handa lyfsölumanni Pètri H. J. Hansen til að hafa leyfjabúð á Akureyri í norður- og austur-umdæminu á Íslandi.
1866. 12. maí. 43. Auglýsing um, að Oddeyri sè lögð undir kaupstaðinn Akureyri.
14. maí. 44. Br. D. til N. A., um styrktarsjóð handa fátækum

ekkjum og munaðarlausum börnum á Akureyri og í Eyjafjarðarsýslu.

1868. 14. maí. 45. Br. D. til N. A., um laun handa lögregluþjóni á Akureyri.

6. ágúst. 69. Br. D. til N. A., um launaviðbót eptir kornverði handa bæjarfógetanum á Akureyri.

1868. 15. júní. 25. Br. D. til N. A., um aukaútsvar kaupmanns á Akureyri.

Alþingi.

1864. 12. marz. 20. Br. D. til St., um styrk til að semja nýja jarðabók fyrir Ísland.

13. júní. 44. Br. D. til reikningastjórnardeildar konungsríkisins, um borgun til forseta á alþingi fyrir störf hans eptir þiuglok.

1865. 9. júní. 34. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1863.

10. júní. 36. Br. D. til konungsfulltrúa á alþingi, um löggilding allmennra lagaboða á Íslandi, er út komu í Danmörku á árunum 1863 og 1864.

12. júní. 38. Br. D. til konungsfulltrúa á alþingi, um frumvarp til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi.

1866. 17. febr. 15. Br. D. til St., um alþingistoll af eyðieyjunni Andriðsey og afgjaldi því, er þurrabúðarmenn í Brautarholti gjalda landsdrottni.

10. des. 91. Br. D. til St., um alþingistoll af gjaldi af þurrabúðum og af eyðieyjum.

1867. 31. maí. 21. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1865.

3. júní. 24. Br. D. til konungsfulltrúa á alþingi, um löggilding almennra lagaboða á Íslandi, sem útkomu í Danmörku á árnuum 1865 og 1866.

25. júlí. 34. Br. D. til St., um útsölu alþingistíðindanna.

1868. 11. jan. 1. Br. D. til St., um sölu á ýmsum borðbúnaði, er konungsfulltrúi hafði haft við alþingisveizlur.

1869. 26. febr. 12. Opið brèf um að alþingi, sem nú er, skuli leyst upp.

26. febr. 13. Opið brèf um nýjar kosningar til alþingis, og að því skuli stefnt saman til fundar í ár.

7. júlí. 61. Konungleg auglýsing til alþingís, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1867.

8. júlí. 63. Br. D. til konungsfulltrúa á alþingi, um fiskiveiðar útlendra þjóða kringum Ísland (með 4 fylgiskjölum).

9. júlí. 66. Br. D. til konungsfulltrúa á alþingi, um löggilding almennra lagaboða á Íslandi, sem út komu í Danmörku á árunum 1867 og 1868.

9. júlí. 67. Br. D. til konungsfulltrúa á alþingi, um að leita álits alþingis um skiptingu á sýslum í vesturamtinu.

Amtmenn sjá Embættismenn.

Arfur, arfskioti.

1864. 30. júní. 56. Br. D. til N. A., um borgun á kaupverði fyrir hús.
3. okt. 82. Br. D. til V., um skipti á dánarbúi Melsteðs amtmanns.
1865. 15. júní. 39. Br. D. til V., um skipti á dánarbúi Melsteðs amtmanns.
22. júní. 43. Br. D. til N. A., um arfskipti eptir óskilgetinn son.
1866. 12. jan. 6. Br. D. til V., um skipti á dánarbúi Melsteðs amtmanns.

Atvinnuvegir.

1865. 7. okt. 84. Br. D. til N. A., um skilning orðanna „lausamenn“ og „húsmenn“ í tilskipun 26. maímánaðar 1863.

Barnaskólar sjá Skólar.

Blindir.

1866. 14. marz. 31. Br. K. til B., um skýrslur um blinda.

Bólusetning.

1866. 14. maí. 46. Br. D. til N. A., um útvegun bólusetningarbóka.
1867. 25. júlí. 37. Br. D. til N. A., um borgun fyrir bólusetningar.

Brauð, smbr. Prestar, Kirkjur.

1864. 2. marz. 14. Br. D. til N. A., um endurgjald jarðamatskostnaðar af kirkjujörðum og stöðum.
1865. 18. febr. 13. Br. K. til B., um kollektusjóð Jóns Eiríkssonar handa fátækum brauðum í Hóla stipti.
7. marz. 17. Br. K. til Stv., um skyldu kandídata frá prestaskólanum til að taka á móti fátæku brauði.
9. júní. 34. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1863. (II. 3 og 13).
7. ágúst. 56. Br. D. til N. A., um gjafsókn í máli.
8. ágúst. 58. Br. K. til Stv., um að veita megi Sveini Skúlasyni kand. philos. brauð.
21. sept. 74. Br. D. til reikningastjórnardeildar konungsríkisins um konungstíund af hjáleigunni Sandhúsum í Ísafjarðarsýslu.
23. sept. 78. Br. K. til Stv., um jarðaskipti á Eystriskógum og Efriey.
15. des. 98. Tilskipun, er nákvæmar ákveður um ýmislegt viðvíkjandi prestaköllunum á Íslandi.
Fylgiskjal: Brauðamat á Íslandi, staðfest með konungsúrskurði 15. des. 1865.

1865. 30. des. 102. Br. K. til Stv., um endurskoðun brauðamatsgjörðarinnar frá 1853.
1866. 21. febr. 17. Br. K. til B., um hvernig verja skuli leigunum af kollektusjóði Jóns Eiríkssonar.
1867. 19. febr. 8. Br. K. til Stv., um að leggja megi $^2/_3$ úr Sigurðarstöðum til Presthóla brauðs.
15. júní. 28. Br. K. til B., um afnot Arnheiðarstaða í Norðurmúlasýslu.
19. okt. 52. Br. K. til Stv., um veitingu Miðgarða brauðs í Grímsey.
19. okt. 53. Br. K. til B., um gjald þeirra, sem fá veitingu fyrir skárri brauðum á Íslandi, til fátækra prestsekkna og latínuskólans.
1868. 23. júní. 32. Br. K. til Stv., um sölu á Brimnesi, eign Eyða prestakalls.
1. ágúst. 39. Br. K. til Stv., um lán af opinberu fè gegn veði í lausum aurum.
1869. 2. marz. 14. Br. K. til Stv., um endurskoðun brauðamatsins frá 1853.
31. maí. 53. Br. K. til B., um útbýtingu árgjaldsins af sumum brauðum á Íslandi handa uppgjafaprestum og prestsekkjum.

Bækur og dagblöð.

1864. 7. marz. 17. Br. D. til St., um styrk til að gefa út rit um skattana á Íslandi.
23. apríl. 36. Br. D. til Deildar hins íslenzka bókmenntafèlags í Kaupmannahöfn, um styrk til að gefa út „Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands“.
17. ágúst. 73. Br. D. til amtm. á Íslandi, um rit eptir Krabbe doktor, um sullaveikina á Íslandi.
1865. 16. marz. 22. Br. D. til Deildar hins íslenzka bókmenntafèlags í Kaupmannahöfn, um styrk til að gefa út „Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands“.
15. júlí. 50. Br. D. til St., um styrk handa lestrarfèlagi á Vestmannaeyjum.
30. ágúst. 63. Br. K. til Stv., um útleggingu á „Anabasis“ Xenófons.
11. sept. 71. Br. K. til B., um barnalærdómsbók Balslevs.
14. des. 97. Br. D. til amtm. á Íslandi, um lækningakver O. Bangs, konferenzráðs.
1866. 21. febr. 18. Br. K. til Stv., um byggingu á húsi handa bókasafni Reykjavíkur skóla.
27. febr. 28. Br. D. til Stv., um sölu á bókum prentsmiðjunnar og skil fyrir þeim.
13. apríl. 34. Br. D. til Deildar hins íslenzka bókmenntafèlags í Kaupmannahöfn um styrk til að gefa út „Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands“.
28. apríl. 36. Br. K. til Steingríms Thorsteinssonar, kandídats í mál-

fræði, um styrk til að semja kennslubók á íslenzku í rómverskri og grískri goðafræði.

1866. 1. maí. 37. Br. K. til Gísla Brynjúlfssonar, kand. philos., um styrk til að semja rit um sögu og ástand landstjórnarinnar á Íslandi á miðöldunum.

3. maí. 39. Br. K. til Stv., um borgun fyrir útleggingu á „Anabasis“ Xenófons.

25. maí. 52. Br. K. til Stv., um íslenzkar kennslubækur í neðstu bekkjunum í latínuskólanum.

11. sept. 76. Br. K. til St., um styrk handa lestrarfèlagi í Strandar hrepp.

4. okt. 85. Br. K. til St. og B., um kennslubækur á íslenzku handa Reykjavíkur skóla.

1867. 19. jan. 2. Br. K. til B., um ýmsar breytingar á „Handbók presta“.

11. febr. 5. Br. D. til Stv., um skuld útgefenda „Íslendings“ til prentsmiðjunnar í Reykjavík.

3. júní. 25. Br. D. til Deildar hins íslenzka bokmenntafèlags í Kaupmannahöfn, um styrk til að gefa út Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands.

8. júní. 27. Br. K. til St. og B., um fyrirkomulag latínuskólans í Reykjavík.

25. júní. 29. Br. D. til N. A., um rit Hjaltalíns jústizráðs um barnaveikina og taugaveikina.

Fylgiskjal: Br. N. A. til allra prófastanna um stofnun heilbrigðisnefnda.

25. júlí. 34. Br. D. til St., um útsölu alþingistíðindanna.

14. sept. 48. Br. D. til St., um nýja útgáfu á yfirsetukvennafræði eptir Levy.

9. nóv. 59. Br. K. til Stv., um húsið handa bókasafni latínuskólans í Reykjavík.

1868. 13. febr. 6. Br. K. til St. og B., um íslenzka kennslubók í latínu handa Reykjavíkur skóla.

24. marz. 11. Br. D. til Stv., um þóknun fyrir endurskoðun nýju sálmabókarinnar.

20. apríl. 19. Br. D. til Deildar hins íslenzka bókmenntafèlags í Kaupmannahöfn, um styrk til að gefa út Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands.

3. ágúst. 42. Br. Std. til Stv., um bókasendingu frá hinu konunglega bókasafni til stiptsbókasafnsins.

15. ágúst. 48. Br. D. til Stv., um að prentsmiðjunni á Akureyri skuli heimilt að prenta bækur þær, er Hólaprentsmiðja hin forna hafði prentrètt til.

21. ágúst. 49. Br. K. til Cand. mag. Benidikts Gröndals, um styrk til að semja kennslubók í landaskipunarfræði.

1869. 6. marz. 16. Br. K. til Stv., um bókaskrá yfir bókasafn Reykjavíkur skóla.

10. apríl. 31. Br. D. til Deildar hins íslenzka bókmenntafèlags í

Kaupmannahöfn, um styrk til að gefa út Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands.

1869. 28. apríl. 38. Br. K. til B., um endurskoðun nýju sálmabókarinnar.

Dómar, dómsmál.

1864. 20. febr. 12. Br. D. til St., um viðbót eptir kornverði af borgun fyrir þýðing á dómsgjörningum.

21. júlí. 66. Br. D. til N. A., um borgun til meðdómsmanna.

30. sept. 81. Br. D. til amtm. á Íslandi, um að amtmenn megi gefa ýmisleg leyfisbréf.

8. des. 90. Br. D. til V., um fjárnám fyrir málskostnaði.

1865. 9. jan. 6. Br. D. til St., um borgun fyrir útleggingu á dómsgjörðum.

9. júní. 34. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1863. (II., 4.)

7. ágúst. 56 Br. D. til N. A., um gjafsókn í máli.

1866. 9. febr. 11. Br. D. til St., um laun málafærslumanna við landsyfirrèttinn.

1869. 9. marz. 21. Br. D. til St., um formið á skýrslum um aðgjörðir yfirdómsins á Íslandi.

29. maí. 47. Br. D. til St., um það, hvort málaflutningsmenn megi mæta í umboði málspartanna fyrir sáttanefndunum.

25. júní. 56. Tilskipun handa Íslandi um afplánun fèsekta í öðrum málum en sakamálum.

8. júlí. 62. Br. D. til St., um yfirdóminn á Íslandi.

11. des. 89. Opið brèf handa Íslandi, er nákvæmar ákveður um innheimtu á kröfum með forgangsrètti hjá þeim mönnum, sem hafa látið aðra fá sjálfsvörzluveð í lausafè sínu.

Dýralækningar smbr. Fjársýki.

1865. 9. marz. 18. Br. D. til N. A., um styrk handa Íslendingi til að stunda dýralæknisfræði.

5. ágúst. 55. Br. D. til Snorra Jónssonar, um styrk til að nema dýralæknisfræði.

1866. 26. febr. 24. Br. D. til amtm. á Íslandi, um fjárlækningameðöl og kennslu í dýralækningafræði.

1867. 28. okt. 55. Br. D. til Snorra Jónssonar, lærisveins á dýralæknaskólanum, um styrk til að halda námi sínu áfram.

Einkaleyfi sjá Leyfisbrèf.

Embættismenn, laun embættismanna m. m.

1864. 14. jan. 5. Auglýsing dómsmálastjórnarinnar, um að senda skuli til konunglegrar staðfestingar einkaleyfisbrèf og önnur skjöl, stýluð í nafni konungs, sem útgengið hafa frá dómsmálastjórninni.

1864. 20. febr. 10. Br. D. til amtm. á Íslandi, um að embættismenn skuli vinna konungi eið.
20. febr. 12. Br. D. til St., um viðbót eptir kornverði af borgun fyrir þýðing á dómsgjörningum.
12. marz. 21. Lög, um launaviðbót handa Gísla kansellíráði Hjálmarssyni, fyrrum hèraðslækni í austurhèraðinu í norður- og austurumdæminu á Íslandi.
21. marz. 24. Br. D. til St. um laun hreppstjóra.
31. marz. 26. Lög, um eptirlaunaviðbót handa Elínu Thorstensen, ekkju eptir Jón justizráð Thorstensen, landlækni á Íslandi.
13. apríl. 30. Br. D. til amtm. á Íslandi um ávísanir og víxlbrèf.
13. apríl. 31. Br. K. til Stv. um viðbót við laun Jóns Þorkelssonar, kennara við hinn lærða skóla.
19. apríl. 33. Br. D. til St., um eptirlaunaviðbót Elínar Thorstensen landlæknisekkju.
19. apríl. 34. Br. D. til amtm. á Íslandi, um skýrslur embættismanna til lífsfjár- og framfærslustofnunarinnar.
23. apríl. 35. Br. D. til N. A., um laun handa bæjarfógetanum á Akureyri.
30. júní. 55. Br. D. til N. A., um bústað sýslumannsins í Norðurmúlasýslu.
22. sept. 79. Br. D. til amtm. á Íslandi, um skil sýslumanna fyrir tekjum.
30. sept. 80. Br. D. til St. og V., um reikninga sýslumanna og umboðsmanna.
30. sept. 81. Br. D. til amtm. á Íslandi, um að amtmenn megi gefa ýmisleg leyfisbrèf.
3. okt. 82. Br. D. til V., um skipti á dánarbúi Melsteðs amtmanns.
5. okt. 83. Br. D. til N. A., um ábyrgð fyrir peningum, sem sendir eru með pósti.
1865. 9. júní. 34. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1863. (II. 15, 16, 17 og 18).
15. júní. 39. Br. D. til V., um skipti á dánarbúi Melsteðs amtmanns.
1. ágúst. 54. Br. D. til amtm. á Íslandi, um skil sýslumanna fyrir tekjum.
30. ágúst. 64. Br. D. til St., um fè til að kaupa fyrir flagg handa stiptamtmannshúsinu.
14. sept. 72. Br K. til Stv., um viðurhald á herbergjum skólameistarans og eldivið handa honum.
1866. 10. jan. 3. Br. D. til V., um ábyrgð fyrir ávísunarbrèfum, er tekjur af sýslum eru borgaðar með.
12. jan. 6. Br. D. til V., um skipti á dánarbúi Melsteðs amtmanns.
9. febr. 11. Br. D. til St., um laun málafærslumanna við landsyfirrèttinn.

1866. 16. febr. 13. Lög um, hvernig reikna skuli eptirlaun Helga G. Thordersens, biskups yfir Íslandi.
16. febr. 14. Lög um, að endurskoðuninni á lögunum frá 19. degi janúarmán. 1863, um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi, skuli skotið á frest.
26. febr. 22. Br. D. til amtm. á Íslandi, um að fjölga læknaembættum.
5. maí. 40. Br. D. til N. A., um ávísanir og víxlbréf.
6. ágúst. 68. Br. D. til V., um fæðispeninga handa landlækninum á embættisferð.
6. ágúst. 69. Br. D. til N. A., um launaviðbót eptir kornverði handa bæjarfógetanum á Akureyri.
29. sept. 81. Br. D. til N. A., um þóknun handa Eggerti umboðsmanni Gunnarssyni.
1867. 28. febr. 11. Br. D. til amtm. og Stv. á Íslandi, um borgun tillags til lífsfjár- og framfærslu-stofnunarinnar fyrir fèstyrk þann, er embættismenn á Íslandi eru skyldir að kaupa handa konum sínum.
31. maí. 21. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1865 (I. og II. 3.)
31. maí. 22. Auglýsing dómsmálastjórnarinnar um ýmsar ráðstafanir viðvíkjandi læknaskipuninni á Íslandi.
4. nóv. 57. Br. K. til St. og B., um aðstoðarfèð, er veitt er í fjárhagslögunum til að launa ýmsum sýslunarmönnum við skólann.
1868. 20. marz. 10. Lög um, að endurskoðuninni á lögunum frá 19. degi janúarmán. 1863, um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi, skuli enn fremur skotið á frest.
25. marz. 12. Br. D. til St., um að sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu megi flytja bústað sinn til Reykjavíkur.
1869. 29. jan. 3. Br. D. til V., um endurgjald fyrir útgjöld á embættisferð.
11. febr. 7. Br. D. til St., um foringja fyrir dönskum herskipum, er hafa stöðvar við Ísland.
25. febr. 11. Br. D. til Stv., um praktísèrandi lækni í Borgarfjarðarsýslu og Mýrasýslu.
6. marz. 15. Br. D. til St., um sekt fyrir drátt á að semja reikning fyrir umboðstekjum.
9. marz. 17. Br. K. til Stv., um laun organleikarans í Reykjavíkur dómkirkju.
9. marz. 20. Br. D. til V., um að eptirgjaldið af Snæfellsnessýslu sè fært niður.
9. júlí. 67. Br. D. til konungsfulltrúa á alþingi, um að leita álits alþingis um skiptingu á sýslum í vesturamtinu.
27. sept. 79. Br. D. til amtm. á Íslandi, um skilríki með skýrslum embættismanna til lífsfjár- og framfærslustofnunarinnar.

Eptirlaun smbr. Embættismenn, Styrktarfé.

1864. 12. marz. 21. Lög um eptirlaunaviðbót handa Gísla kansellíráði Hjálmarssyni, fyrrum hèraðslækni í austurhèraðinu í norður- og austurumdæminu á Íslandi.

31. marz. 26. Lög um eptirlaunaviðbót handa Elínu Thorstensen, ekkju eptir Jón jústizráð Thorstensen, landlækni á Íslandi.

19. apríl. 33. Br. D. til St., um eptirlaunaviðbót Elínar Thorstensen, landlæknisekkju.

1866. 16. febr. 13. Lög um, hvernig reikna skuli eptirlaun Helga G. Thordersens, biskups yfir Íslandi.

Eyðijarðir, nýbýli.

1864. 1. júlí. 57. Br. D. til St., um nýbýlingsrèttindi Jóns Bjarnasonar í Vilborgarkoti.

1866. 17. febr. 15. Br. D. til St., um alþingistoll af eyðieyjunni Andríðsey og afgjaldi því, er þurrabúðarmenn í Brautarholti gjalda landsdrottni.

11. maí. 41. Br. D. til V., um að leggja megi hjáleiguna Skaflakot í eyði.

20. ágúst. 73. Br. D. til V., um að leggja hjáleiguna Býlubúð í eyði.

10. des. 91. Br. D. til St., um alþingistoll af gjaldi af þurrabúðum og af eyðieyjum.

Fátækramálefni sjá Sveitamálefni.

Fiskiveiðar smbr. Veiði.

1864. 29. júní. 50. Br. K. til Stv., um rán útlendra fiskimanna í Vigur.

10. ágúst. 72. Br. D. til utanríkisstjórnarinnar um fiskiveiðar útlendra manna við Ísland.

1865. 4. marz. 16. Br. D. til St., um fiskiveiðar útlendra manna við Ísland.

18. marz. 23. Br. D. til St., um styrk handa Vestmannaeyingum til að kaupa þilskip.

7. apríl. 28. Br. D. til sjóliðsstjórnarinnar, um fiskiveiðar útlendra manna við Ísland.

9. júní. 34. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1863. (II. 5).

28. ágúst. 60. Br. D. til St., um styrk handa Sumarliða gullsmið Sumarliðasyni, til þess að taka þátt í fiskisýningunni í Björgvin.

30. ágúst. 67. Br. D. til St., um styrk handa mönnum þeim, er sendir voru til fiskisýningarinnar í Björgvin.

21. okt. 94. Br. D. til fjárstjórnarinnar, um styrk handa Hafliða Eyjólfssyni úr Svefneyjum fyrir ferð hans til Björgvinar.

1867. 25. júlí. 35. Br. D. til St., um fiskiveiðar útlendra þjóða kringum Ísland (með 5 fylgiskjölum).
14. sept. 47. Br. D. til St., um íslenzka hluti á fiskisýningunni í Boulogne.
1868. 26. marz. 13. Br. D. til N. A., um ólöglegar síldarveiðar inni á Eyjafirði.
16. maí. 22. Br. D. til fiskiveiðafèlagsins í Mandal, um ýmsa skilmála fyrir síldarveiðum þess á Íslandi.
4. sept. 52. Br. D. til N. A., um sekt fyrir ólögmætar fiskiveiðar.
1869. 12. jan. 2. Br. D. til utanríkisstjórnarinnar, um fiskiveiðar útlendra þjóða við strendur Íslands.
11. febr. 5. Br. D. til V., um leyfi til að verzla við frakkneska fiskimenn.
11. febr. 7. Br. D. til St., um foringja fyrir dönskum herskipum, er hafa stöðvar við Ísland.
31. marz. 26. Br. D. til utanríkisstjórnarinnar, um skilmála fyrir, að útlendir menn megi stunda fiskiveiðar á Íslandi.
31. marz. 27. Br. D. til V., um brot gegn íslenzkum lögum um verzlun og fiskiveiðar.
29. maí. 48. Br. D. til N. A., um skilmála fyrir því, að útlend skip geti öðlazt danskan þjóðernisrètt.
7. júlí. 61. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1867. (II. 2).
8. júlí. 63. Br. D. til konungsfulltrúa á alþingi, um fiskiveiðar útlendra þjóða kringum Ísland (með 4 fylgiskjölum).
7. ágúst. 71. Br. til N. A., um umkvartanir yfir skemmdum á eggvarpi í Borgarfirði í Norðurmúlasýslu (3 fylgiskjöl).

Fjárforráð ómyndugra.

1864. 4. júní. 43. Opið brèf, um breyting á tilskipun 18. febrúarmánaðar 1847 um fjárforráð ómyndugra á Íslandi.
30. júní. 56. Br. D. til N. A., um borgun á kaupverði fyrir hús.
1865. 9. júní. 34. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1863 (I. 6).
16. júní. 42. Br. D. til N. A., um að kaupa ríkisskuldabrèf fyrir ómyndugra fè.
1869. 14. sept. 78. Br. D. til N. A., um ávaxtan ómyndugra fjár í sparisjóðum.

Fjárhagsmálefni.

1864. 30. marz. 25. Br. D. til St., um fjárhagslögin fyrir fjárhagsárið 1864—65.
1865. 18. jan. 10. Br. D. til fjárstjórnarinnar, um fjárhagsaðskilnað Íslands og Danmerkur.

Neðanmáls. Brèf dómsmálastjórnarinnar 27. aprílmán. 1863 til fjárstjórnarinnar um sama efni.

1865. 18. marz. 24. Br. D. til St., um fjárhagslögin fyrir fjárhagsárið 1865—66.

20. marz. 25. Br. D. til St., um launaviðbót eptir kornverði fjárhagsárið 1865—66.

9. júní. 34. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1863. (II. 1.)

1866. 20. febr. 16. Br. D. til St., um fjárhagslögin fyrir fjárhagsárið 1866—67.

24. marz. 33. Br. D. til St., um launaviðbót eptir kornverði fjárhagsárið 1866—67.

1867. 29. marz. 15. Lög um fjárveiting til bráðabirgða fyrir fjárhagsárið 1867—68.

31. maí. 21. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1865. (I.)

4. nóv. 57. Br. K. til St. og B., um aðstoðarfèð, er veitt er í fjárhagslögunum til að launa ýmsum sýslunarmönnum við skólann.

1868. 28. marz. 15. Lög um fjárveiting til bráðabirgða, fjárhagsárið 1868—69.

Fjársýki, fjárkláði.

1864. 25. maí. 40. Br. D. til St, um fjárverði við Skoradalsvatn til að varna útbreiðslu fjárkláðans.

26. maí. 42. Br. D til V., um kostnaðinn við fjárverði við Skoradalsvatn.

1865. 13. maí. 32. Br. D. til N. A., um ráðstafanir gegn fjárkláðanum.

9. júní. 34. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1863. (I. 3.)

1866. 5. jan. 1. Tilskipan um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.

26. febr. 24. Br. D. til amtm. á Íslandi, um fjárlækningameðöl og kennslu í dýralækningafræði.

16. apríl. 35. Br. D. til St., um ráðstafanir til þess að útrýma fjárkláðanum.

1867. 24. apríl. 20. Br. D. til N. A., um fjárverði til að varna útbreiðslu fjárkláðans.

6. júlí. 33. Br. D. til St., um borgun kostnaðarins til fjárvarðarins á Mosfellsheiði sumarið 1865.

11. sept. 46. Br. D. til St., um að honum verði sendur dýralæknir til aðstoðar í að útrýma fjárkláðanum.

Fylgiskjal. Erindisbrèf handa H. F. O. Nielsen, dýralækni, meðan hann dvelur á Íslandi vegna fjárkláðans þar.

1867. 22. okt. 54. Br. D. til St., um skoðun fjárins í Hafnahrepp í Gullbringusýslu.
1869. 12. jan. 1. Br. D. til St., um borgun til 3 utansveitarmanna, er kvaddir voru til að sjá um lækningu fjárins í Grafnings hrepp árið 1867.
7. júlí. 61. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1867. (II. 8.)
29. sept. 82. Br. D. til St., um fjársýki í nokkrum sýslum í suðuramtinu.

Forngripasafn.

1864. 13. jan. 2. Br. K. til fjárstjórnarinnar, um styrk til forngripasafns á Íslandi.
15. febr. 9. Br. K. til Stv., um styrk til forngripasafns.
1865. 4. jan. 4. Br. K. til fjárstjórnarinnar, um styrk til forngripasafns á Íslandi.
3. febr. 11. Br. K. til Stv., um styrk til forngripasafns.
1. júlí. 45. Br. D. til St., um borgun fyrir skápa handa forngripasafninu í Reykjavík
1867. 31. maí. 21. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1865 (II. 7).
1869. 7. júlí. 61. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1867 (II. 4).

Gjafir smbr. Stofnanir og sjóðir.

1865. 9. júní. 34. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1863 (II. 14).
30. ágúst. 66. Br. D. til St., um þakklætisávarp konungs fyrir samskotin handa þeim, er beðið hafa tjón af stríðinu.
1866. 21. febr. 18. Br. K. til Stv., um byggingu á húsi handa bókasafni Reykjavíkur skóla.
1867. 9. nóv. 59. Br. K. til Stv., um húsið handa bókasafni latínuskólans í Reykjavík.
1869. 25. ágúst. 74. Br. D. til N. A., um ráðstafanir til að afstýra hallæri í Suðurmúlasýslu.
25. ágúst. 75. Br. D. til St., um ýmsar ráðstafanir til að bæta úr ástandinu á Vestmannaeyjum.

Gufuskipsferðir smbr. Póstgöngur.

1864. 12. jan. 1. Br. D. til utanríkisstjórnarinnar, um gufuskipsferðir kringum Ísland.

1864. 16. júní. 45. Br. D. til P. L. Hendersons, um gufuskipsferðir kringum Ísland.
1865. 9. júní. 34. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1863 (II. 6).
1867. 31. maí. 21. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1865 (I og II. 1).
1869. 7. júlí. 61. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1867 (II. 3).

Hallæri smbr. Lán, Skuldir.

1865. 7. ágúst. 57. Br. D. til sýslumannsins á Vestmannaeyjum, um kornkaup sökum hallæris þar á eyjunum.
1868. 16. sept. 56. Br. D. til V., um fjárveitingu til að afstýra hallæri.
1869. 15. apríl. 35. Br. D. til N. A., um ótta fyrir hallæri í norður- og austuramtinu.
29. maí. 52. Br. D. til konungsfulltrúa á alþingi, um ráðstafanir til að afstýra hallæri á Íslandi sökum matarskorts.
25. ágúst. 74. Br. D. til N. A., um ráðstafanir til að afstýra hallæri í Suðurmúlasýslu.
25. ágúst. 75. Br. D. til St., um ýmsar ráðstafanir til að bæta úr ástandinu á Vestmannaeyjum.
25. ágúst. 76. Br. D. til V., um ráðstafanir til að afstýra hallæri.
25. ágúst. 77. Br. D. til N. A., um ráðstafanir til að afstýra hallæri.

Hegning sjá Sakamál.

Heiðurspeningur sjá Verðlaun.

Hèraðslæknar sjá Læknaskipun.

Herskip sjá Skip, Verzlun.

Heræfingar.

1866. 8. nóv. 89. Br. D. til St., um vopnaburð Vestmannaeyinga.
1868. 4. sept. 53. Br. D. til St., um styrk handa borgaraliði Vestmannaeyinga til verðlauna.
1869. 11. febr. 6. Br. D. til St., um styrk handa skotmannafèlaginu í Reykjavík til byssukaupa.
24. apríl. 37. Br. D. til V., um byssur handa skotmannafèlagi í Stykkishólmi.

Hjúskapur.

1864. 30 sept. 81. Br. D. til amtm. á Íslandi, um að amtmenn megi gefa ýmisleg leyfisbréf.
1866. 15. ágúst. 70. Br. D. til N. A., um að manni fyrir innan tvítugt sè neitað um leyfi til að kvongast.
1867. 31. maí. 21. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1865 (II. 4.)

Hreppstjórar sjá Lögreglustjórn.

Hundar.

1865. 10. marz. 19. Br. D. til amtm. á Íslandi, um að fækka hundum á Íslandi.
1869. 25. júní. 59. Tilskipun um hundahald á Íslandi.

Hússtjórn, húsbændur og hjú.

1865. 9. júní. 34. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1863. (I. 1 og 2).
12. júní. 38. Br. D. til konungsfulltrúa á alþingi um frumvarp til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi.
7. okt. 84. Br. D. til N. A., um skilning orðanna „lausamenn“ og „húsmenn“ í tilskipun 26. maímán. 1863.
1866. 26. jan. 8. Tilskipan um vinnuhjú á Íslandi.
4. júlí. 64. Br. D. til St., um það, hver eigi að fá helminginn af sektum og gjöldum, þeim er borguð eru í Reykjavík eptir tilskipun 26. maímán. 1863.
1868. 4. sept. 54. Br. D. til V. A., um það, hver eigi að fá helminginn af sektum og gjöldum, þeim er borguð eru á Ísafirði eptir tilskipun 26. maímán. 1863.

Ísafjörður.

1865. 9. júní. 34. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1863. (II. 2.)
1866. 26. jan. 9. Reglugjörð um að gjöra verzlunarstaðinn Ísafjörð að kaupstað og um stjórn bæjarmálefna þar.
26. jan. 10. Opið brèf um að stofna byggingarnefnd á kaupstaðnum Ísafirði.
26. febr. 23. Br. D. til V., um byggingarnefndina á Ísafirði.
1867. 19. jan. 3. Br. D. til V., um bæjarfulltrúa kosningu á Ísafirði.
1868. 4. sept. 54. Br. D. til V. A., um það, hver eigi að fá helming-

inn af sektum og gjöldum, þeim er borguð eru á Ísafirði eptir tilskipun 26. maímán. 1863.
1869. 8. júlí. 64. Br. D. til V., um niðurjöfnun bæjargjalda á kaupstaðnum Ísafirði.

Íslenzk tunga.

1865. 1. júní. 33. Br. D. til St., um að kunngjöra úrskurði stjórnarráðanna á íslenzku.
9. júní. 34. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1863. (II. 16.)
1869. 7. júlí. 61. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1867. (II. 10.)

Jafnaðarsjóðir.

1864. 21. marz. 22. Br. D. til N. A., um laun handa lögregluþjóni á Akureyri.
21. marz. 24. Br. D. til St., um laun hreppstjóra.
26. maí. 42. Br. D. til V., um kostnaðinn við fjárverði við Skoradalsvatn.
21. júlí. 67. Br. D. til St., um hvernig greiða skuli tillag til amtsjafnaðarsjóðsins af Reykjavíkur bæ.
21. júlí. 68. Br. D. til St., um borgun fyrir kennslu aðstoðarlækna.
4. ágúst. 71. Br. D. til V., um borgunarfrest á skuld jafnaðarsjóðsins.
8. des. 90. Br. D. til V., um fjárnám fyrir málskostnaði.
1865. 4. jan. 2. Br. D. til St., um borgun fyrir gæzlu og aðhjúkrun á betrunarhúsfanga.
12. júní. 37. Br. D. til V., um hegningu Gísla Jónssonar á Saurum.
16. júní. 40. Br. D. til V., um borgunarfrest á skuld jafnaðarsjóðsins.
1866. 12. jan. 5. Br. D. til St., um borgun fyrir kennslu í læknisfræði.
14. maí. 45. Br. D. til N. A., um laun handa lögregluþjóni á Akureyri.
20. júní. 60. Br. D. til St., um gjaldfrest á skuldum jafnaðarsjóðs suðuramtsins.
6. ágúst. 68. Br. D. til V., um fæðispeninga handa landlæknum á embættisferð.
29. sept. 79. Br. D. til N., um borgun fyrir að flytja svenskan sjómann úr Skagafjarðarsýslu til Reykjavíkur og þaðan til Kaupmannahafnar.
1867. 31. maí. 22. Auglýsing dómsmálastjórnarinnar um ýmsar ráðstafanir viðvíkjandi læknaskipuninni á Íslandi.

1867. 25. júní. 29. Br. D. til N. A., um rit Hjaltalíns jústizráðs um barnaveikina og taugaveikina.
Fylgiskjal: Br. N. A. til allra prófastanna um stofnun heilbrigðisnefnda.
6. júlí. 33. Br. D. til St., um borgun kostnaðarins til fjárvarðarins á Mosfellsheiði sumarið 1865.
1868. 18. jan. 5. Br. D. til St., um styrk handa bónda, er hafði misst gripi úr bráðasótt.
19. júní. 27. Br. D. til St., um borgun fyrir lækningu á franzós.
1869. 25. ágúst. 74. Br. D. til N. A., um ráðstafanir til að afstýra hallæri í Suðurmúlasýslu.
25. ágúst. 76. Br. D. til V., um ráðstafanir til að afstýra hallæri.

Jarðamat, jarðabók.

1864. 2. marz. 14. Br. D. til N. A., um endurgjald jarðamatskostnaðar af kirkjujörðum og stöðum.
12. marz. 20. Br. D. til St., um styrk til að semja nýja jarðabók fyrir Ísland.
29. júní. 52. Br. D. til Stv., um álnatal í hundruðum eptir hinni nýju jarðabók.
18. júlí. 62. Br. D. til Stv., um eptir hverri jarðabók reikna skuli offur til prests af fasteignum.
1865. 9. júní. 34. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1863. (II. 8. og 13.)
1866. 25. maí. 54. Br. D. til N. A., um hvort greiða eigi jarðamatskostnað af brennisteinsnámunum í Þingeyjarsýslu.
1869. 12. maí. 41. Br. D. til St., um nýja skoðunargjörð og nýtt mat á klaustrajörðum og Flögujörðum í Vestur-Skaptafellssýslu.

Jarðarafgjöld.

1864. 12. marz. 19. Br. D. til V., um kaupstaðarlóð á Borðeyri og leigu eptir hana.
6. júlí. 58. Br. D. til St., um lækkun á landskuld af Undirhrauni.
9. des. 91. Br. D. til St., um það hvernig reikna skuli til peninga landskuldargjald í friðu af þjóðjörðum í Gullbringu- og Kjósarsýslu.
1865. 5. júlí. 47. Br. D. til St., um uppgjöf á landskuld fyrir jarðabætur.
15. júlí. 51. Br. D. til St., um eptirgjöf á landskuld og leigum af Undirhrauni.
1866. 11. maí. 41. Br. D. til V., um að leggja megi hjáleiguna Skaflakot í eyði.
29. júní. 63. Br. D. til V., um linun í afgjaldi af konungsjörðum á Vesturlandi.

1866. 20. ágúst. 73. Br. D. til V., um að leggja hjáleiguna Býlubúð í eyði.
1867. 3. júní. 23. Auglýsing dómsmálastjórnarinnar um stjórn og afnot eptirleiðis á nokkrum af jörðum þeim á Íslandi, sem lagðar eru til guðsþakka og nefndar eru kristfjárjarðir.
15. júní. 28. Br. K. til B., um afnot Arnheiðarstaða í Norðurmúlasýslu.
1868. 28. okt. 60. Br. D. til reikningastjórnardeildar konungsríkisins, um eptirstöðvar af jarðarafgjöldum á Vestmannaeyjum.
1869. 12. maí. 42. Br. D. til St., um skuldir leiguliðanna á Vestmannaeyjum uppí jarðarafgjöld.

Jarðyrkja sjá **Landbúnaður.**

Kaupskapur sjá **Verzlun.**

Kaupstaðir sjá **Akureyri, Ísafjörður, Reykjavík, Verzlun.**

Kennsla sjá **Skólar.**

Kirkjur, kirknaeignir m. m. smbr. **Brauð, Prestar.**

1864. 15. febr. 8. Br. K. til B., um breyting á kirkjubæninni.
2. marz. 14. Br. D. til N. A., um endurgjald jarðamatskostnaðar af kirkjujörðum og stöðum.
29. júní. 52. Br. D. til Stv., um álnatal í hundruðum eptir hinni nýju jarðabók.
1865. 11. marz. 20. Br. D. til Stv., um konungstíund af kirkjujörðum.
8. júlí. 48. Br. D. til V., um skoðunargjörð á Ingjaldshóls kirkju.
30. ágúst. 61. Br. D. til N. A., um byggingu Möðruvalla klausturs kirkju.
30. ágúst. 68. Br. D. til St., um viðgjörð á Reykjavíkur dómkirkju.
21. sept. 75. Br. D. til reikningastjórnardeildar konungsríkisins, um tíund af jörðinni Mýrum í Ísafjarðarsýslu.
1866. 26. sept. 78. Br. D. til N. A., um endurgjald fyrir flutning á við að Möðruvalla klausturs kirkju.
2. okt. 82. Br. D. til St., um altaristöflur handa nokkrum kirkjum, sem eru konungseign.
8. nóv. 88. Br D til V., um borgun til umboðsmannsins yfir Arnarstapa umboði fyrir að vera við skoðunargjörð á Ingjaldshóls kirkju.
1867. 19. febr. 8. Br. K. til Stv., um að leggja megi ⅔ úr Sigurðarstöðum til Presthóla brauðs.
31. maí. 21. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1865. (II. 8.)
1868. 14. jan. 3. Br. K. til Stv., um kirkjugjöldin í Víðihóls sókn.
14. jan. 4. Br. K. til Stv., um sölu á jörðinni Grímstungu.

1868. 6. júní. 23. Br. K. til Stv., um skuld Höfða kirkju til bús síra Ólafs Þorleifssonar.
23. júní. 31. Br. K. til Stv., um sölu á Hlíðarhólma, eign Sauðanes kirkju.
1869. 9. marz. 17. Br. K. til Stv., um laun organleikarans í Reykjavíkur dómkirkju.
31. marz. 25. Br. D. til B., um skyldu prestsekkna að gjalda tíund til kirkju.
29. maí. 49. Br. K. til Stv., um borgun skuldar, er prestsekkja á hjá kirkju.
31. maí. 54. Br. K. til Stv., um jarðaskipti á kirkjujörð og bændaeign.
24. ágúst. 73. Br. K. til B., um bænargjörð í kirkjunum á Íslandi útaf kvongan Friðriks konungsefnis.

Konungur, konungsættin m. m.

1864. 14. jan. 5. Auglýsing dómsmálastjórnarinnar, um að senda skuli til konunglegrar staðfestingar einkaleyfisbréf og önnur skjöl, stýluð í nafni konungs, sem útgengið hafa frá dómsmálastjórninni.
15. febr. 8. Br. K. til B., um breyting á kirkjubæninni.
20. febr. 10. Br. D. til amtm. á Íslandi, um að embættismenn skuli vinna konungi eið.
20. febr. 11. Br. D. til amtm. á Íslandi, um fangamark konungs.
23. febr. 13. Opið bréf, er kunngjörir á Íslandi, að Kristján hinn Níundi sè kominn til ríkis.
8. júlí. 59. Konungsbréf til St., til svars ávarpi frá embættismönnum og borgurum í Reykjavík útaf konungaskiptunum.
12. nóv. 84. Konungsbréf til St., til svars ávarpi frá fundi Íslendinga á Þingvöllum útaf konungaskiptunum.
16. nóv. 86. Opið bréf til Vorra kæru og trúu þegna í konungsríkinu Danmörk, á Íslandi og Færeyjum og í nýlendum Vorum á Vesturindlandi og Grænlandi.
1865. 30. ágúst. 66. Br. D. til St., um þakklætisávarp konungs fyrir samskotin handa þeim, er beðið hafa tjón af stríðinu.
1867. 14. marz. 12. Lög um ríkisstjórnina í fjærveru konungs.
14. marz. 13. Konungleg Auglýsing um ríkisstjórnina meðan konungur er í burtu á ferð til Englands.
17. apríl. 17. Konungleg Auglýsing um að konungur hafi sjálfur aptur tekið við ríkisstjórninni.
1868. 10. ágúst. 43. Bráðabirgðalög um ríkisstjórnina í fjærveru konungs.
12. ágúst. 45. Konungleg Auglýsing um ríkisstjórnina meðan konungur er í burtu á ferð til Rússlands.
1. sept. 51. Konungleg Auglýsing um, að konungur hafi aptur tekið við ríkisstjórninni.
1869. 24. ágúst. 73. Br. K. til B., um bænargjörð í kirkjunum á Íslandi útaf kvongan Friðriks konungsefnis.

Lagaskóli, lögfræðingaskóli sjá Skólar.

Lán smbr. Skuldir, Hallæri.

1864. 30. júní. 54. Br. D. til St., um gjaldfrest á láni til Álptanes hrepps.
20. júlí. 63. Br. D. til V., um gjaldfrest á láni til Snæfellsnessýslu.
4. ágúst. 71. Br. D. til V., um borgun á skuld jafnaðarsjóðsins.
1865. 16. júní. 40. Br. D. til V., um borgunarfrest á skuld jafnaðarsjóðsins.
3. júlí. 46. Br. D. til V., um kornlán af sveit.
7. okt. 85. Br. D. til V., um gjaldfrest á láni til Snæfellsnessýslu.
12. okt. 88. Br. D. til N. A., um borgun fyrir korn, sem Húnvetningum og Skagfirðingum hafði verið lánað.
12. okt. 89. Br. D. til St., um borgun á láni, er Borgarfjarðarsýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu hafði verið veitt.
1866. 26. maí. 55. Br. D. til N. A., um borgun fyrir korn, er Húnvetningum og Skagfirðingum hafði verið lánað.
22. ágúst. 75. Br. D. til St., um lán, sem Borgarfjarðarsýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu var veitt árið 1861.
18. sept. 77. Br. D. til St., um borgun á láni, er Borgarfjarðarsýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu hafði verið veitt.
1867. 4. okt. 51. Br. D. til N. A., um kornlán handa Skagafjarðarsýslu.
1868. 12. júní. 24. Br. D. til St., um lán handa Reykjavíkur kaupstað til vegagjörðar.
22. júní. 30. Br. D. til V., um borgun láns, er Grunnavíkur hreppur hafði fengið.
1. ágúst. 39. Br. K. til Stv., um lán af opinberu fè gegn veði í lausum aurum.
3. ágúst. 40. Br. D. til St., um kornlán til að afstýra hallæri í suðurumdæminu.
15. ágúst. 46. Br. D. til V., um líðun um borgun á láni, er nokkrar sveitir í Snæfellsnessýslu höfðu fengið úr styrktarsjóðnum íslenzka.
19. okt. 57. Br. D. til St., um lán handa Reykjavík til vegagjörðar.
1869. 29. jan. 4. Br. D. til St., um lán til vegabóta í suðuramtinu.
23. febr. 8. Br. D. til N. A., um kostnað nokkurra hreppa í Eyjafjarðarsýslu til að sækja korn vestur á Hofsós
13. maí. 43. Br. D. til N. A., um frest á borgun uppí kornlán.
22. maí. 46. Br. D. til St., um leigur af kornláni til suðuramtsins.
29. sept. 80. Br. D. til St., um kornlán handa Austur-Skaptafellssýslu.

Landbúnaður.

1864. 30. jan. 6. Br. D. til St. um stofnun búnaðarskóla.

1864. 9. apríl. 28. Br. D. til Gunnlaugs Tryggva Gunnarssonar, um styrk til að kynna sèr landbúnað í Noregi.
1865. 9. júní. 34. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1863. (I. 5.)
10. júní. 35. Br. D. til N. A., um verðlaun fyrir jarðabætur.
5. júlí. 47. Br. D. til St., um uppgjöf á landskuld fyrir jarðabætur.
18. júlí. 53. Br. D. til St., um jarðrækt á Vestmannaeyjum.
14. sept. 73. Br. D. til N. A., um verðlaun fyrir jarðabætur.
1866. 1. maí. 38. Br. D. til N. A., um styrk handa Torfa Bjarnasyni til að stunda landbúnað.
29. sept. 80. Br. D. til N. A., um verðlaun handa Jóni bónda Þorsteinssyni á Fossi fyrir jarðrækt.
1867. 31. maí. 21. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1865. (I.)
29. júní. 30. Br. D. til utanríkisstjórnarinnar, um einkaleyfi til að búa til áburð úr slori og öðrum úrgangi úr fiski.
1868. 28. marz. 16. Br. D. til N. A., um ráðstafanir til að sporna við því, að menn láti fènað sinn horfalla sökum heyleysis (með tveimur brèfum neðanmáls).
16. júní. 26. Br. D. til Jóns Sigurðssonar, skjalavarðar, um styrk handa jarðyrkjumanni.
1869. 15. apríl. 32. Br. D. til St., um að maður, sem kann til vatnsveitinga, verði sendur til suðuramtsins.
27. júlí. 69. Br. D. til N. A., um skilning opins brèfs 29. ágústmán. 1862 um hegning fyrir illa meðferð á skepnum.
25. ágúst. 75. Br. D. til St., um ýmsar ráðstafanir til að bæta úr ástandinu á Vestmannaeyjum.
29. sept. 83. Br. D. til St., um vatnsveitingar og engjarækt í suðuramtinu.

Landlæknir sjá Læknaskipun.

Landsyfirrèttur sjá Dómar.

Leyfisbrèf.

1864. 14. jan. 5. Auglýsing dómsmálastjórnarinnar, um að senda skuli til konunglegrar staðfestingar einkaleyfisbrèf og önnur skjöl, stýluð í nafni konungs, sem útgengið hafa frá dómsmálastjórninni.
30. apríl. 39. Leyfisbrèf handa cand. pharmaciæ P. H. J. Hansen til að hafa lyfjabúð í Stykkishólmi í vesturumdæminu á Íslandi.
30. sept. 81. Br. D. til amtm. á Íslandi, um að amtmenn megi gefa ýmisleg leyfisbrèf.

1865. 13. jan. 9. Br. D. til St., um einkaleyfi til að búa til lýsi úr þorskalifur til lækninga.
8. maí. 31. Leyfisbrèf handa lyfsölumanni Pètri H. J. Hansen, til að hafa lyfjabúð á Akureyri í norður- og austurumdæminu á Íslandi.
30. des. 101. Br. D. til amtm. á Íslandi, um leyfisbrèf fyrir enskt fèlag til að leggja og nota rafsegulþráð frá norðurhluta Vesturálfu til Bretlands hins mikla og þaðan til Danmerkur.
1866. 10. jan. 2. Br. D. til St., um einkaleyfi til að bræða lýsi úr þorskalifur til lækninga.
17. jan. 7. Br. D. til V., um leyfi handa Emíl Möller lyfsala til að verzla með venjulegar kaupmanna vörur.
15. ágúst. 70. Br. D. til N. A., um að manni fyrir innan tvítugt sè neitað um leyfi til að kvongast.
1867. 29. júní. 30. Br. D. til utanríkisstjórnarinnar, um einkaleyfi til að búa til áburð úr slori og öðrum úrgangi úr fiski.

Ljósmyndir.

1869. 11. des. 88. Tilskipun handa Íslandi um eptirmyndan ljósmynda og fl.

Lyf, lyfsölumenn sjá Læknaskipun.

Læknaskipun, læknasjóður, lækningar smbr. Sóttvarnir.

1864. 4. marz. 15. Br. D. til N. A., um borgun fyrir fátækralyf þau, er ætluð eru norður- og austurumdæminu.
30. apríl. 39. Leyfisbrèf handa cand. pharmaciæ P. H. J. Hansen til að hafa lyfjabúð í Stykkishólmi í vesturumdæminu á Íslandi.
25. maí. 41. Br. D. til B., um reikninga fyrir Möðrufells spítala.
28. júní. 48. Br. D. til B., um borgun fyrir læknakennslu af fè spítalasjóðanna.
21. júlí. 68. Br. D. til St., um borgun fyrir kennslu aðstoðarlækna.
27. júlí. 69. Br. D. til St., um launaviðbót handa yfirsetukonu á Vestmannaeyjum.
4. ágúst. 70. Br. D. til N. A., um lyfjasölu á Akureyri.
17. ágúst. 73. Br. D. til amtm. á Íslandi, um rit eptir Krabbe doktor, um sullaveikina á Íslandi.
1865. 13. jan. 9. Br. D. til St., um einkaleyfi til að búa til lýsi úr þorskalifur til lækninga.
23. febr. 15. Br. D. til N. A. og V., um tilhögun á tekjum spítalanna.
10. marz. 19. Br. D. til amtm. á Íslandi, um að fækka hundum á landinu.

1865. 8. maí. 31. Leyfisbrèf handa lyfsölumanni Pètri H. J. Hansen til að hafa lyfjabúð á Akureyri í norður- og austurumdæminu á Íslandi.

9. júni. 34. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1863. (II. 10.)

8. júlí. 49. Br. til St., um þóknun handa yfirsetukonu á Vestmannaeyjum fyrir aðstoð þá, er hún veitir sjúkum.

26. sept. 79. Br. D. til N. A., um borgun fyrir læknakennslu af fè Möðrufells spítala.

14. des. 97. Br. D. til amtm. á Íslandi, um lækningakver O. Bangs, konferenzráðs.

1866. 10. jan. 2. Br. D. til St., um einkaleyfi til að bræða lýsi úr þorskalifur til lækninga.

12. jan. 5. Br. D. til St., um borgun fyrir kennslu í læknisfræði.

26. febr. 22. Br. D. til amtm. á Íslandi, um að fjölga læknaembættum.

27. febr. 27. Br. D. til St., um styrk úr spítalasjóðnum til að koma upp sjúkrahúsi í Reykjavík.

6. ágúst. 68. Br. D. til V., um fæðispeninga handa landlækninum á embættisferð.

3. okt. 84. Br. D. til Stv., um borgun handa prófdómendum við læknapróf í Reykjavík.

1867. 11. febr. 6. Br. D. til amtm. á Íslandi, er löggildir auglýsing dómsmálastjórnarinnar 31. októbermán. 1864 á Íslandi.

3. apríl. 16. Br. D. til amtm. á Íslandi, um það, hvenær eigi að senda bónarbrèf um að fá kennslu í yfirsetukvennafræði á fæðingarstofnuninni í Kaupmannahöfn.

31. maí. 21. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1865. (II. 3. og 11.)

31. maí. 22. Auglýsing dómsmálastjórnarinnar um ýmsar ráðstafanir viðvíkjandi læknaskipuninni á Íslandi.

25. júní. 29. Br. D. til N. A., um rit Hjaltalíns jústizráðs um barnaveikina og taugaveikina.
Fylgiskjal: Br. N. A., til allra prófastanna um stofnun heilbrigðisnefnda.

14. sept. 48. Br. D. til St., um nýja útgáfu á yfirsetukvennafræði eptir Levy.

1868. 19. júní. 27. Br. D. til St., um borgun fyrir lækningu á franzós.

3. ágúst. 41. Br. D. til Stv., um læknakennsluna í Reykjavík.

10. ágúst. 44. Tilskipun um breytingu á ákvörðununum um gjald spítalahlutanna, er svo eru nefndir, á Íslandi.

31. des. 64. Auglýsing dómsmálastjórnarinnar um, að stjórn á fjármunum læknasjóðsins íslenzka skuli eptirleiðis fengin í hendur stiptsyfirvöldunum á Íslandi.

1869. 25. febr. 11. Br. D. til Stv., um praktisèrandi lækni í Borgarfjarðarsýslu og Mýrasýslu.

1869. 31. marz. 30. Br. D. til amtm. á Íslandi, er nemur af forboð gegn því að selja kvikasilfursáburð án fyrirsagnar frá lækni.
15. apríl. 34. Br. D. til N. A., um þóknun fyrir lækningar.
20. maí. 45. Br. D. til St., um fæðingarhúsið á Vestmannaeyjum.
7. júlí. 61. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1867. (II., 5).
4. des. 87. Br. D. til Stv., um styrk handa praktíserandi lækni í Árnessýslu.
11. des. 90. Opið brèf handa Íslandi, um aðra skiptingu á lyfjavoginni en hingað til.

Löggilding danskra lagaboða.

1864. 21. marz. 23. Br. D. til St., um breyting á verzlunarvoginni.
1865. 9. júní. 34. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1863 (I. 7).
10. júní. 36. Br. D. til konungsfulltrua á alþingi um löggilding almennra lagaboða á Íslandi, sem út komu í Danmörku á árunum 1863 og 1864.
6. okt. 82. Br. D. til St., um að löggilda tilskipun 28. desembermán. 1836 á Íslandi.
1. des. 96. Tilskipun um verzlunarvog á Íslandi.
1866. 19. maí. 49. Br. D. til St., um að lögleiða á Íslandi hin nýju dönsku lög um sakamál.
1867. 11. febr. 6. Br. D. til amtm. á Íslandi, er löggildir auglýsing dómsmálastjórnarinnar 31. októbermán. 1864 á Íslandi.
3. júní. 24. Br. D. til konungsfulltrúa á alþingi um löggilding almennra lagaboða á Íslandi, sem út komu í Danmörku á árunum 1865 og 1866.
1869. 25. júní. 55. Almenn hegningarlög handa Íslandi.
25. júní. 56. Tilskipun handa Íslandi um afplánun fèsekta í öðrum málum en sakamálum.
25. júní. 57. Tilskipun handa Íslandi um skipa mælingar.
25. júní. 58. Tilskipun handa Íslandi um skrásetning skipa.
7. júlí. 61. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1867 (II. 1).
9. júlí. 66. Br. D. til konungsfulltrúa á alþingi, um löggilding almennra lagaboða á Íslandi, sem út komu í Danmörku á árunum 1867 og 1868.
11. des. 88. Tilskipun handa Íslandi um eptirmyndan ljósmynda og fl.
11. des. 89. Opið brèf handa Íslandi, er nákvæmar ákveður um innheimtu á kröfum með forgangsrètti hjá þeim mönnum, sem hafa látið aðra fá sjálfsvörzluveð í lausafè sínu.

1869. 11. des. 90. Opið brèf handa Íslandi, um aðra skiptingu á lyfjavoginni en hingað til.

Lögreglustjórn.

1864. 21. marz. 22. Br. D. til N. A., um laun handa lögregluþjóni á Akureyri.
21. marz. 24. Br. D. til St., um laun hreppstjóra.
1865. 9. júní. 34. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1863 (II. 15).
1866. 14. maí. 45. Br. D. til N. A., um laun handa lögregluþjóni á Akureyri.
1867. 31. maí. 21. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1865 (I.)
1868. 23. júní. 33. Br. D. til V., um einkennismerki handa hreppstjórunum í Eyrarsveit.

Málaflutningsmenn sjá Dómar.

Mállausir og heyrnarlausir.

1867. 11. febr. 4. Br. K. til B., um styrk handa sira Páli Pálssyni til að kynna sèr kennsluaðferðina í skólanum handa mállausum og heyrnarlausum.
4. sept. 44. Br. K. til St., um að sira Páli Pálssyni sè veitt leyfi til að kenna mállausum og heyrnarlausum á Íslandi.
1869. 29. sept. 81. Br. D. til St., um borgun fyrir kennslu heyrnarlausra og mállausra á Íslandi.

Námar.

1864. 14. jan. 4. Br. D. til St., um kalknám í Esjufjalli.
1866. 25. maí. 54. Br. D. til N. A., um hvort greiða eigi jarðamatskostnað af brennisteinsnámunum í Þingeyjarsýslu.
1867. 24. apríl. 19. Br. D. til N. A., um silfurbergsnám í Helgastaðafjalli.

Ómyndugir sjá Fjárforráð.

Peningar.

1864. 5. okt. 83. Br. D. til N. A., um ábyrgð fyrir peningum, sem sendir eru með pósti.
1868. 1. águst. 39. Br. K. til Stv., um lán af opinberu fè gegn veði í lausum aurum.

Póstgöngur.

1864. 14. júlí. 61. Br. D. til N. A., um nýja póstferð milli Eskifjarðar og Akureyrar.
5. okt. 83. Br. D. til N. A., um ábyrgð fyrir peningum, sem sendir eru með pósti.
8. des. 88. Br. D. til N. A., um póstferð frá Höfða til Seyðisfjarðar.
1865. 4. jan. 1. Br. D. til St., um borgun fyrir afgreiðslu pósts í Austur-Skaptafellssýslu.
6. apríl. 27. Br. D. til útgjörðarmanna íslenzka gufupóstskipsins, Kochs og Hendersons, um ferðir þess árið 1865.
28. des. 100. Br. D. til N. A., um ábyrgð póstafgreiðslumanna fyrir burðareyri.
1867. 12. febr. 7. Br. D. til verzlunarfélagsins Koch og Henderson um gufuskipsferðirnar milli Kaupmannahafnar, Færeyja og Íslands.
31. maí. 21. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1865. (I.)
25. júlí. 38. Br. D. til N. A., um borgun fyrir afgreiðslu pósts í Axarfirði.
1868. 11. jan. 2. Br. D. til St., um þóknun fyrir afgreiðslu pósts í Suðursveit.
12. marz. 8. Br. D. til V., um fjölgan póstferðanna í hans umdæmi.
1. maí. 20. Samningur milli dómsmálastjórnarinnar og hins sameinaða gufuskipafélags, um gufuskipsferðir milli Kaupmannahafnar, Færeyja og Íslands.
25. júní. 35. Br. D. til sýslumannsins í Suðurmúlasýslu, um borgun fyrir að flytja póstsendingar á Berufirði af skipi og á.
6. júlí. 37. Br. D. til St., um borgun fyrir póstafgreiðslu í Austur-Landeyjum.
7. sept. 55. Br. D. til N. A., um afgreiðslu pósts í Húnavatnssýslu.
20. okt. 58. Br. D. til St., um að húss- og bústjórnarfélagið verði ekki undanþegið að gjalda burðareyri með póstum.
20. nóv. 61. Br. D. til fjárstjórnarinnar, um gufuskipsferðirnar millum Kaupmannahafnar, Færeyja og Íslands.
1869. 25. febr. 10. Br. D. til St., um ráðstöfun fjár þess, sem veitt er úr ríkissjóði til póstferða á Íslandi.

Prentsmiðjur.

1864. 8. des. 89. Br. D. til Stv., um launaviðbót handa forstöðumanni prentsmiðjunnar m. m.
1866. 27. febr. 28. Br. D. til Stv., um sölu á bókum prentsmiðjunnar og skil fyrir þeim.

1867. 11. febr. 5. Br. D. til Stv., um skuld útgefenda „Íslendings“ til prentsmiðjunnar í Reykjavík.
27. febr. 10. Br. D. til Stv., um aukaútsvar af landsprentsmiðjunni í Reykjavík.
1868. 29. febr. 7. Br. D. til Stv., um skuld útgefenda „Íslendings“ til prentsmiðjunnar í Reykjavík.
15. ágúst. 48. Br. D. til Stv., um að prentsmiðjunni á Akureyri skuli heimilt að prenta bækur þær, er Hólaprentsmiðja hin forna hafði prentrètt til.

Prestar, prestastètt smbr. Brauð, Kirkjur.

1864. 15. febr. 8. Br. K. til B., um breyting á kirkjubæninni.
2. marz. 14. Br. D. til N. A., um endurgjald jarðamatskostnaðar af kirkjujörðum og stöðum.
16. apríl. 32. Br. K. til B., um styrk handa uppgjafaprestum og prestsekkjum á Íslandi.
29. júní. 50. Br. K. til Stv., um rán útlendra fiskimanna í Vigur.
29. júní. 52. Br. D. til Stv., um álnatal í hundruðum eptir hinni nýju jarðabók.
9. júlí. 60. Br. K. til B., um styrk handa uppgjafaprestum og prestsekkjum á Íslandi.
18. júlí. 62. Br. D. til Stv., um eptir hverri jarðabók reikna skuli offur til prests af fasteignum.
1865. 8. febr. 12. Br. D. til N. A., um Hallormstaðar skóg.
7. marz. 17. Br. K. til Stv., um skyldu kandídata frá prestaskólanum til að taka á móti fátæku brauði.
9. júní. 34. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1863. (II. 3 og 8.)
15. júli. 52. Br. K. til B., um styrk handa uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi.
8. ágúst. 58. Br. K. til Stv., um að veita megi Sveini Skúlasyni, kand. philos., brauð.
11. nóv. 95. Br. K. til Stv., um hvort íslenzkir kaupmenn, sem ekki eiga heimili á Íslandi, eigi að gjalda offur til prests.
15. des. 98. Tilskipun, er nákvæmar ákveður ýmislegt viðvíkjandi prestaköllunum á Íslandi.
1866. 22. júní. 61. Br. K. til B., um styrk handa uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi.
22. ágúst. 74. Br. K. til B., um styrktarfè handa prestsekkju.
1867. 19. jan. 2. Br. K. til B., um ýmsar breytingar á „Handbók presta“.
26. febr. 9. Br. K. til B., um það, hvernig fara skuli með styrk þann, er uppgjafapresti eða prestsekkju hefir verið veittur af stjórnarráðinu, ef sá, sem í hlut á, deyr áður en styrkurinn hefir verið borgaður.

1867. 8. júní. 26. Br. K. til B., um styrk handa uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi.
15. júní. 28. Br. K. til B., um afnot Arnheiðarstaða í Norðurmúlasýslu.
19. okt. 53. Br. K. til B., um gjald þeirra, sem fá veitingu fyrir skárri brauðum á Íslandi, til fátækra prestsekkna og latínuskólans.
1868. 22. júní. 29. Br. K. til B., um styrk handa uppgjafaprestum og prestsekkjum á Íslandi.
1869. 31. marz. 25. Br. D. til B., um skyldu prestsekkna að gjalda tíund til kirkju.
29. maí. 50. Br. K. til Stv., um skiptingu á þingeyjar prófastsdæmi í tvö.
29. maí. 51. Br. K. til B., um styrk handa uppgjafaprestum og prestsekkjum á Íslandi.
31. maí. 53. Br. K. til B., um útbýtingu árgjaldsins af sumum brauðum á Íslandi handa uppgjafaprestum og prestsekkjum.

Prestaskóli sjá Skólar.

Prófastar sjá Prestar.

Rafsegulþráður.

1865. 30. des. 101. Br. D. til amtm. á Íslandi, um leyfisbréf fyrir enskt félag til að leggja og nota rafsegulþráð frá norðurhluta Vesturálfu til Bretlands hins mikla og þaðan til Danmerkur.

Reikningar.

1864. 25. maí. 41. Br. D. til B., um reikninga fyrir Möðrufells spítalasjóð.
30. sept. 80. Br. D. til St. og V., um reikninga sýslumanna og umboðsmanna.
1866. 27. febr. 28. Br. D. til Stv., um sölu á bókum prentsmiðjunnar og skil fyrir þeim.
1869. 6. marz. 15. Br. D. til St., um sekt fyrir drátt á að semja reikning fyrir umboðstekjum.
9. marz. 18. Br. D. til N. A., um skipstrand.
9. marz. 23. Br. D. til St. og V., um skil og reikninga fyrir sýslugjöldum.
25. júní. 60. Br. D. til amtm. á Íslandi, um auglýsingu reikninganna um þjóðvegagjaldið.

Reki.

1864. 27. júní. 47. Br. D. til V., um eignarrètt til vogreka.

1864. 22. sept. 78. Br. D. til A., um reka á Brekku í Strandasýslu.
1865. 12. jan. 8. Br. D. til N. A., um rekapart á Grjótnesi.
11. okt. 87. Br. D. til N. A., um skipti á laxveiðinni í Ytrilaxá og reka á Húnasandi.
1868. 12. des. 63. Br. D. til St., um eignarrètt til vogreks.
1869. 8. júlí. 65. Br. D. til N. A., um rekaítak Skefilstaða fyrir Gaukstaða landi.

Reykjavík.

1864. 7. marz. 16. Br. D. til St., um nokkur atriði í opnu brèfi 26. september 1860, um skatt af tómthúsum og óbyggðum lóðum í Reykjavík.
8. marz. 18. Br. D. til St., um aukaútsvar af ýmsum opinberum húsum í Reykjavík.
6. apríl. 27. Br. D. til St., um húsabyggingar í Reykjavíkur umdæmi.
25. apríl. 37. Br. D. til St., um manntalsþingagjöld í Gullbringusýslu og í Reykjavíkur kaupstað.
29. apríl. 38. Br. D. til St., um endurgjald styrks, er Guðrúnu Gunnlaugsdóttur hafði veittur verið úr fatækrasjóði Kaupmannahafnar.
28. júní. 49. Br. K. til B., um guðsþjónustugjörðir katólskra í Reykjavík.
29. júní. 51. Br. D. til St., um guðsþjónustugjörðir katólskra í Reykjavík.
8. júlí. 59. Konungsbrèf til St., til svars ávarpi frá embættismönnum og borgurum í Reykjavík útaf konungaskiptunum.
21. júlí. 65. Br. D. til St., um tíundargjald af „Thomsens túni“ við Reykjavík.
21. júlí. 67. Br. D. til St., um hvernig greiða skuli tillag til amtsjafnaðarsjóðsins af Reykjavíkur bæ.
1865. 9. jan. 5. Br. D. til St., um borgun úr bæjarsjóði Reykjavíkur fyrir ýms störf í bæjarins þarfir.
9. júní. 34. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1863. (I. 4.)
16. ágúst. 59. Br. D. til St., um aukaútsvar búandi manns í Reykjavík.
30. ágúst. 68. Br. D. til St., um viðgjörð á Reykjavíkur dómkirkju.
30. ágúst. 69. Br. D. til St., um guðsþjónustugjörðir katólskra í Reykjavík.
23. sept. 77. Br. D. til St., um lóð í Reykjavík, er verzlunarhúsinu Koch og Henderson hefir verið úthlutuð.
29. sept. 80. Br. D. til St., um byggingu á útihúsi nokkru í Reykjavík.
1866. 15. febr. 12. Br. D. til St., um húsastæði í „Grófinni“ í Reykjavík.

1866. 21. febr. 19. Br. D. til St., um umsjón stiptamtmannsins með vegabótum í Reykjavík.
21. febr. 20. Br. K. til Stv., um staðfesting á frumvarpi til áætlunar um fyrirkomulag og störf barnaskólans í Reykjavík.
21. febr. 93. Reglur fyrir barnaskólann í Reykjavík, samdar og lagaðar samkvæmt reglugjörð barnaskólans 27. okt. 1862 og staðfestar með brèfi kirkju- og kennslustjórnarinnar 21. febr. 1866. (Í viðbæti við árið 1866).
27. febr. 27. Br. D. til St., um styrk úr spítalasjóðnum til að koma upp sjúkrahúsi í Reykjavík.
25. maí. 51. Br. D. til St., um að Kjalarnes hreppur eigi að endurgjalda fátækrastyrk, er þorkell Magnússon hafði fengið úr fátækrasjóði Reykjavíkur.
29. júní. 62. Br. D. til St., um að afsala Reykjavíkur kaupstað spildu af Arnarhóls landi til að breiðka veginn upp úr bænum.
4. júlí. 64. Br. D. til St., um það, hver eigi að fá helminginn af sektum og gjöldum þeim, er borguð eru í Reykjavík eptir tilskipun 26. maímán. 1863.
1867. 27. febr. 10. Br. D. til Stv., um aukaútsvar af landsprentsmiðjunni í Reykjavík.
31. maí. 21. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1865. (II. 9.).
1868. 12. júní. 24. Br. D. til St., um lán handa Reykjavíkur kaupstað til vegagjörðar.
15. ágúst. 47. Br. D. til St., um erfðafestusölu á ýmsum túnpörtum kringum Reykjavík.
19. okt. 57. Br. D. til St., um lán handa Reykjavík til vegagjörðar.
1869. 9. marz. 17. Br. K. til Stv., um laun organleikarans í Reykjavíkur dómkirkju.
15. apríl. 33. Br. D. til St., um erfðafestusölu á túnparti við Reykjavík.

Ríkisskuldabrèf sjá Skuldir.

Sakamál, hegning.

1864. 30. júní. 53. Br. til St., um borgun fyrir flutning sakamanns.
8. des. 90. Br. D. til V., um fjárnám fyrir málskostnaði.
1865. 4. jan. 2. Br. D. til St., um borgun fyrir gæzlu og aðhjúkrun á betrunarhúsfanga.
12. júní. 37. Br. D. til V., um hegningu Gísla Jónssonar frá Saurum.
1866. 19. maí. 49. Br. D. til St., um að lögleiða á Íslandi hin nýju dönsku lög um sakamál.

1866. 11. júní. 58. Br. D. til St., um borgun fyrir að flytja betrunarhúsfanga af skipi og út í betrunarhúsið.
11. júní. 59. Br. D. til V., um borgun fyrir lækning og aðhjúkrun á betrunarhúsfanga.
17. ágúst. 71. Br. D. til amtm. á Íslandi, um það, hvar íslenzkir sakamenn, sem dæmdir eru í hegningarvinnu, eigi að úttaka hegninguna.
1868. 4. sept. 52. Br. D. til N. A., um sekt fyrir ólögmætar fiskiveiðar.
1869. 25. júní. 55. Almenn hegningarlög handa Íslandi.
7. júlí. 61. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1867. (I.)
27. júlí. 69. Br. D. til N. A., um skilning opins brèf 29. ágústmán. 1862 um hegning fyrir illa meðferð á skepnum.

Samningar.

1864. 16. nóv. 85. Konungleg auglýsing viðvíkjandi friðarsamningi þeim, er gjörður var í Vínarborg 30. dag októbermánaðar 1864, ásamt með skrá um að rýma Jótland.
1865. 29. apríl. 29. Auglýsing dómsmálastjórnarinnar, um að skip þau, er eiga heima í konungsríkinu Ítalíu, sèu undanþegin aukagjaldi, er þau fara kaupferðir til Íslands og Færeyja.
30. sept. 81. Br. D. til amtm. á Íslandi, um samning, er konungsríkið Danmörk annarsvegar og hertogadæmin Slèsvík og Holtsetaland hinsvegar hafa gjört um framfærslu fátækra.
1868. 25. júní. 34. Br. D. til amtm. á Íslandi, um að skipum frá Belgíu og Norður-Þýzkalandi sè leyft að flytja vörur hafna á milli á Íslandi.

Sauðfjárrækt sjá Landbúnaður.

Skattar og álögur, smbr. Tíund, Verzlun.

1864. 7. marz. 16. Br. D. til St., um nokkur atriði í opnu brèfi 26. september 1860, um skatt af tómthúsum og óbyggðum lóðum í Reykjavík.
7. marz. 17. Br. D. til St., um styrk til að gefa út rit um skattana á Íslandi.
8. marz. 18. Br. D. til St., um aukaútsvar af ýmsum opinberum húsum í Reykjavík.
13. apríl. 30. Br D. til amtm. á Íslandi, um ávísanir og víxlbrèf.
25. apríl. 37. Br. D. til St., um manntalsþingagjöld í Gullbringusýslu og í Reykjavíkur kaupstað.
29. júní. 52. Br. D. til Stv., um álnatal í hundruðum eptir hinni nýju jarðabók.

1864. 18. júlí. 62. Br. D. til Stv., um eptir hverri jarðabók reikna skuli offur til prests af fasteignum.
22. sept. 79. Br. D. til amtm. á Íslandi, um skil sýslumanna fyrir tekjum.
30. sept. 80. Br. D. til St. og V., um reikninga sýslumanna og umboðsmanna.
21. nóv. 87. Br. D. til N. A., um fyrirætlun hvalaveiðamanna frá Vesturheimi að setjast að á Íslandi.
1865. 6. apr. 26. Br. D. til St., um aðkaupsgjald af skipum.
16. ágúst. 59. Br. D. til St., um aukaútsvar búandi manns í Reykjavík.
30. ágúst. 70. Br. D. til St., um aðkaupsgjald af skipum.
11. nóv. 95. Br. K. til Stv., um hvort íslenzkir kaupmenn, sem ekki eiga heimili á Íslandi, eigi að gjalda offur til prests.
1866. 10. jan. 3. Br. D. til V., um ábyrgð fyrir ávísunarbrèfum, er tekjur af sýslum eru borgaðar með.
17. febr. 15. Br. D. til St., um alþingistoll af eyðieyjunni Andríðsey og afgjaldi því, er þurrabúðarmenn í Brautarholti gjalda landsdrottni.
1. marz. 29. Br. D. til utanríkisstjórnarinnar, um aðkaupsgjald af, skipum og skipaskjöl.
5. maí. 40. Br. D. til N. A., um ávísanir og víxlbrèf.
10. des. 91. Br. D. til St., um alþingistoll af gjaldi af þurrabúðum og af eyðieyjum.
1867. 27. febr. 10. Br. D. til Stv., um aukaútsvar af landsprentsmiðjunni í Reykjavík.
3. júlí. 32. Br. D. til N. A., um lestagjald og aðkaupsgjald af hvalaveiðaskipum, er aflinn er fluttur á þeim til útlanda.
19. okt. 53. Br. K. til B., um gjald þeirra, sem fá veitingu fyrir skárri brauðum á Íslandi, til fátækra prestsekkna og latínuskólans.
9. nóv. 58. Br. D. til St., um það, eptir hverri verðlagsskrá eigi að reikna vegabótagjaldið.
1868. 15. júní. 25. Br. D. til N. A., um aukaútsvar kaupmanns á Akureyri.
10. ágúst. 44. Tilskipun um breytingu á ákvörðununum um gjald spítalahlutanna, er svo eru nefndir, á Íslandi.
1869. 9. marz. 20. Br. D. til V., um að eptirgjaldið af Snæfellsnessýslu sè fært niður.
9. marz. 23. Br. D. til St. og V., um skil og reikninga fyrir sýslugjöldum.
31. maí. 53. Br. K. til B., um útbýtingu árgjaldsins af sumum brauðum á Íslandi handa uppgjafaprestum og prestsekkjum.
8. júlí. 64. Br. D. til V., um niðurjöfnun bæjargjalda á kaupstaðnum Ísafirði.
25. ágúst. 75. Br. D. til St., um ýmsar ráðstafanir til að bæta úr ástandinu á Vestmannaeyjum.

Skip, skipbrot, skipbrotsmenn smbr. Verzlun.

1864. 27. júní. 47. Br. D. til V., um eignarrètt til vogreka.
17. ágúst. 74. Br. D. til amtm. á Íslandi, um nokkrar spurningar, er ber að leggja fyrir skipbrotsmenn.
Fylgiskjal: Nokkrar spurningar til að leggja fyrir skipbrotsmenn (á íslenzku, frakknesku og ensku).
1865. 12. jan. 7. Br. D. til St., um verðlaun fyrir að bjarga mönnum af skipbroti.
22. febr. 14. Br. D. til N. A., um hvað til þess þurfi, að útlend skip fái einkunn innlendra skipa.
6. apr. 26. Br. D. til St., um aðkaupsgjald af skipum.
30. ágúst. 70. Br. D. til St., um aðkaupsgjald af skipum.
6. okt. 82. Br. D. til St., um að löggilda tilskipun 28. desembermán. 1836 á Íslandi.
11. okt. 86. Br. til N. A., um skipamælingar m. m.
1866. 1. marz 29. Br. D. til utanríkisstjórnarinnar, um aðkaupsgjald af skipum og skipaskjöl.
6. marz. 30. Br. D. til utanríkisstjórnarinnar, um sölu á frakkneskri fiskiskútu í Suðurmúlasýslu.
18. maí. 48. Br. D. til amtm. á Íslandi, um lestarmál á ýmsum útlendum skipum.
20. júlí. 67. Br. D. til utanríkisstjórnarinnar, um sölu á frakknesku fiskiskipi.
29. sept. 79. Br. D. til N. A., um borgun fyrir að flytja svenskan sjómann úr Skagafjarðarsýslu til Reykjavíkur, og þaðan til Kaupmannahafnar.
1867. 3. júlí. 32. Br. D. til N. A., um lestagjald og aðkaupsgjald af hvalaveiðaskipum, er aflinn er fluttur á þeim til útlanda.
11. sept. 45. Br. D. til N. A., um skipamælingar.
31. des. 63. Br. D. til St., um leiðarmerki fyrir skip við Helgusker fyrir utan Hafnarfjörð.
1868. 17. apríl. 17. Lög, um að útlendum skipum verði gefinn kostur á að flytja vörur hafna á milli á Íslandi og milli Íslands og Danmerkur.
11. maí. 21. Br. D. til amtm. á Íslandi. um umburðarbrèf frá aðalskattastjórninni áhrærandi skipamælingar (með einu fylgiskjali).
16. maí. 22. Br. Std. til fiskiveiðafèlagsins í Mandal, um ýmsa skilmála fyrir síldarveiðum þess á Íslandi.
25. júní. 34. Br. D. til amtm. á Íslandi, um að skipum frá Belgíu og Norður-Þýzkalandi sè leyft að flytja vörur hafna á milli á Íslandi.
24. nóv. 62. Br. D. til amtm. á Íslandi, um mælingu skipa frá Bretlandi hinu mikla.
1869. 11. febr. 7. Br. D. til St., um foringja fyrir dönskum herskipum, er hafa stöðvar við Ísland.
9. marz. 18. Br. D. til N. A., um skipstrand.

1869. 29. maí. 48. Br. D. til N. A., um skilmála fyrir því, að útlend skip geti öðlazt danskan þjóðernisrètt.
25. júní. 57. Tilskipun handa Íslandi um skipa mælingar.
25. júní. 58. Tilskipun handa Íslandi um skrásetning skipa.
16. júlí. 68. Br. D. til amtm. á Íslandi, um mælingu skipa frá bandafylkjunum í Norðurameríku.
7. ágúst. 72. Br. D. til St., um lestagjald af farmi í frakkneskum herskipum.
27. okt. 85. Br. D. til amtm. á Íslandi, um skýrslur um skipreika og skipasölu.

Skógar.

1865. 8. febr. 12. Br. D. til N. A., um Hallormstaðar skóg.
1867. 31. maí. 21. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1865. (II. 10.)

Skólar, kennsla, skólavísindi.

1864. 13. jan. 3. Br. K. til Stv., um einkunnir í latínu og grísku í hinum lærða skóla og um ofdrykkju lærisveina.
13. apríl. 29. Br. K. til Stv., um fjölgun á ölmusum við hinn lærða skóla.
13. apríl. 31. Br. K. til Stv., um viðbót við eptirlaun Jóns Þorkelssonar, kennara við hinn lærða skóla.
28. júní. 48. Br. D. til B., um borgun fyrir læknakennslu af fè spítalasjóðanna.
21. júlí. 68. Br. D. til St., um borgun fyrir kennslu aðstoðarlækna.
13. des. 92. Br. K. til Stv., um borgun til prófdómenda við burtfararpróf í hinum lærða skóla í Reykjavík.
1865. 9. júní. 34. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1863. (I. 5 og II. 10, 12 og 18).
30. ágúst. 63. Br. K. til Stv., um útleggingu á „Anabasis“ Xenofons.
11. sept. 71. Br. K. til B., um barnalærdómsbók Balslevs.
14. sept. 72. Br. K. til Stv., um viðurhald á herbergjum skólameistarans og eldivið handa honum.
26. sept. 79. Br. D. til N. A., um borgun fyrir læknakennslu af fè Möðrufells spítala.
1866. 12. jan. 5. Br. D. til St., um borgun fyrir kennslu í læknisfræði.
21. febr. 18. Br. K. til Stv., um byggingu á húsi handa bókasafni Reykjavíkur skóla.
21. febr. 20. Br. K. til Stv., um staðfesting á frumvarpi til áætlunar um fyrirkomulag og störf barnaskólans í Reykjavík.
21. febr. 93. Reglur fyrir barnaskólann í Reykjavík, samdar og

lagaðar samkvæmt reglugjörð barnaskólans 27. okt. 1862 og staðfestar með brèfi kirkju- og kennslustjórnarinnar 21. febr. 1866. (Í viðbæti við árið 1866).
1866. 28. apríl. 36. Br. K. til Steingríms Thorsteinssonar, kandídats í málfræði, um styrk til að semja kennslubók á íslenzku í grískri og rómverskri goðafræði.
23. maí. 50. Br. K. til St., um þóknun til Jóns málaflutningsmanns Guðmundssonar fyrir störf hans í nefndinni til að ræða um fyrirkomulag latínuskólans í Reykjavík.
25. maí. 52. Br. K. til Stv., um íslenzkar kennslubækur í neðstu bekkjunum í latínuskólanum.
3. okt. 84. Br. D. til Stv., um borgun handa prófdómendum við læknapróf í Reykjavík.
4. okt. 85. Br. K. til St. og B., um kennslubækur á íslenzku handa Reykjavíkur skóla.
4. okt. 86. Br. K. til St. og B., um að setja fastan umsjónarmann við Reykjavíkur skóla.
1867. 8. jan. 1. Br. K. til Stv., um að mælingaáhöld, er Birni kennara Gunnlaugssyni höfðu verið lèð, skuli framvegis fylgja latínuskólanum.
31. maí. 21. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1865. (II., 2 og 3.).
8. júní. 27. Br. K. til St. og B., um fyrirkomulag latínuskólans í Reykjavík.
19. okt. 53. Br. K. til B., um gjald þeirra, sem fá veitingu fyrir skárri brauðum á Íslandi, til fátækra prestsekkna og latínuskólans.
4. nóv. 57. Br. K. til St. og B., um aðstoðarfè, er veitt er í fjárhagslögunum til að launa ýmsum sýslunarmönnum við skólann.
9. nóv. 59. Br. K. til Stv., um húsið handa bókasafni latínuskólans í Reykjavík.
1868. 13. febr. 6. Br. K. til St. og B., um íslenzka kennslubók í latínu handa Reykjavíkur skóla.
3. ágúst. 41. Br. D. til Stv., um læknakennsluna í Reykjavík.
21. ágúst. 49. Br. K. til Cand. mag. Benedikts Gröndals, um styrk til að semja kennslubók í landaskipunarfræði.
1869. 6. marz. 16. Br. K. til Stv., um bókaskrá yfir bókasafn Reykjavíkur skóla.
7. júlí. 61. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1867. (II., 5—7).

Skotmannafèlög sjá **Heræfingar.**

Skuldir, skuldabrèf, ríkisskuldabrèf smbr. **Lán.**

1864. 30. júní. 56. Br. D. til N. A., um borgun á kaupverði fyrir hús.

1865. 16. júní. 42. Br. D. til N. A., um að kaupa ríkisskuldabrèf fyrir ómyndugra fè.
1866. 27. febr. 26. Br. D. til St., um borgun vaxta af ríkisskuldaskýrteinum (Kreditbeviser).
Fylgiskjal: Brèf fjárstjórnarinnar til dómsmálastjórnarinnar, dagsett 20. febrúarmán. 1866, um borgun vaxta af ríkisskulda-skýrteinum með rentuseðlum.
23. marz. 32. Br. D. til amtm. á Íslandi, um áritun á ríkisskuldabrèf um rentuborganir.
20. júní. 60. Br. D. til St., um gjaldfrest á skuldum jafnaðarsjóðs suðuramtsins.
1867. 11. febr. 5. Br. D. til Stv., um skuld útgefenda „Íslendings“ til prentsmiðjunnar í Reykjavík.
1868. 29. febr. 7. Br. D. til Stv., um skuld útgefenda „Íslendings“ til prentsmiðjunnar í Reykjavík.
6. júní. 23. Br. K. til Stv., um skuld Höfða kirkju til bús síra Ólafs Þorleifssonar.
28. okt. 60. Br. D. til reikningastjórnardeildar konungsríkisins, um eptirstöðvar af jarðarafgjöldum á Vestmannaeyjum.
1869. 25. febr. 9. Br. D. til landfógetans á Íslandi, um áritanir á konungleg ríkisskuldabrèf.
12. mai. 42. Br. D. til St., um skuldir leiguliðanna á Vestmannaeyjum uppí jarðarafgjöld.
29. maí. 49. Br. K. til Stv., um borgun skuldar, er prestsekkja á hjá kirkju.
11. des. 89. Opið brèf handa Íslandi, er nákvæmar ákveður um innheimtu á kröfum með forgangsrètti hjá þeim mönnum, sem hafa látið aðra fá sjálfsvörzluveð í lausafè sínu.

Sóttir, sóttvarnir smbr. Læknaskipun, Fjársýki.

1865. 12. okt. 90. Br. D. til amtm. á Íslandi, um bann gegn því, að flytja ýmsar skepnur m. m. frá útlöndum til Íslands.
12. okt. 93. Br. D. til St., um varúðarreglur gegn kóleru.
Neðanmáls: Umburðarbrèf innanríkisstjórnarinnar 5. júlímán. 1851.
1866. 24. febr. 21. Br. D. til utanríkisstjórnarinnar, um ráðstafanir gegn kóleru.
13. júlí. 66. Br. D. til amtm. á Íslandi, um bann gegn flutningi á skepnum frá Írlandi til Íslands.
1867. 24. apríl. 18. Br. D. til amtm. á Íslandi, um hann gegn flutningi á skepnum frá Belgíu og prússnesku Rínarlöndunum til Íslands.

Spítalar, spítalasjóðir sjá Læknaskipun.

Stjórnarskipun, stjórnarbót.

1864. 8. júlí. 59. Konungsbrèf til St., til svars ávarpi frá embættismönnum og borgurum í Reykjavík útaf konungaskiptunum.

1864. 12. nóv. 84. Konungsbrèf til St., til svars ávarpi frá fundi Íslendinga á þingvöllum útaf konungaskiptunum.
1865. 18. jan. 10. Br. D. til fjárstjórnarinnar, um fjárhagsaðskilnað Íslands og Danmerkur.
Neðanmáls: Br. dómsmálastjórnarinnar 27. aprílmán. 1863 til fjárstjórnarinnar um sama efni.
9. júní. 34. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1863 (II. 1).
1867. 31. maí. 21. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1865.
1869. 7. júlí. 61. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1867 (I).

Stofnanir og Sjóðir smbr. Gjafir, Læknaskipun.

1865. 18. febr. 13. Br. K. til B., um kollektusjóð Jóns Eiríkssonar handa fátækum brauðum í Hóla stipti.
1866. 9. febr. 11. Br. D. til St., um laun málafærslumanna við landsyfirrèttinn.
21. febr. 17. Br. K. til B., um hvernig verja skuli leigunum af kollektusjóði Jóns Eiríkssonar.
14. maí. 44. Br. D. til N. A., um styrktarsjóð handa fátækum ekkjum og munaðarlausum börnum á Akureyri og í Eyjafjarðarsýslu.
27. des. 92. Br. K. til Stv., um það, hvernig verja eigi leigunum af Thorkillíi sjóði.

Styrktarfè.

1864. 9. apríl. 28. Br. D. til Gunnlaugs Tryggva Gunnarssonar, um styrk til að kynna sèr landbúnað í Noregi.
13. apríl. 29. Br. K. til Stv., um fjölgun á ölmusum við hinn lærða skóla.
16. apríl. 32. Br. K. til B., um styrk handa uppgjafaprestum og prestsekkjum á Íslandi.
23. apríl. 36. Br. D. til Deildar hins íslenzka bókmenntafèlags í Kaupmannahöfn, um styrk til að gefa út „Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands".
9. júlí. 60. Br. K. til B., um styrk handa uppgjafaprestum og prestsekkjum á Íslandi.
1865. 16. marz. 22. Br. D. til Deildar hins íslenzka bókmenntafèlags í Kaupmannahöfn, um styrk til að gefa út „Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands.
18. marz. 23. Br. D. til St., um styrk handa Vestmannaeyingum til að kaupa þilskip.

1865. 15. júlí. 50. Br. D. til St., um styrk handa lestrarfèlagi á Vestmannaeyjum.
15. júlí. 52. Br. K. til B., um styrk handa uppgjafaprestum og prestsekkjum á Íslandi.
28. ágúst. 60. Br. D. til St., um styrk handa Sumarliða gullsmið Sumarliðasyni, til þess að taka þátt í fiskisýningunni í Björgvin.
30. ágúst. 67. Br. D. til St., um styrk handa mönnum þeim, er sendir voru til fiskisýningarinnar í Björgvin.
21. okt. 94. Br. D. til fjárstjórnarinnar, um styrk handa Hafliða Eyjólfssyni úr Svefneyjum fyrir ferð hans til Björgvinar.
1866. 13. apríl. 34. Br. D. til Deildar hins íslenzka bókmenntafèlags í Kaupmannahöfn, um styrk til að gefa út „Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands".
28. apríl. 36. Br. K. til Steingríms Thorsteinssonar, kandídats í málfræði, um styrk til að semja kennslubók á íslenzku í gríska og rómverska goðafræði.
1. maí. 37. Br. D. til Gísla Brynjúlfssonar, kand. philos., um styrk til að semja rit um sögu og ástand landstjórnarinnar á Íslandi á miðöldunum.
1. maí. 38. Br. D. til N. A., um styrk handa Torfa Bjarnasyni til að stunda landbúnað.
22. júní. 61. Br. K. til B., um styrk handa uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi.
22. ágúst. 74. Br. K. til St., um styrktarfè handa prestsekkju.
11. sept. 76. Br. K. til St., um styrk handa lestrarfèlagi í Strandar hrepp.
8. nóv. 89. Br. D. til St., um vopnaburð Vestmannaeyinga.
1867. 26. febr. 9. Br. K. til B., um það, hvernig fara skuli með styrk þann, er uppgjafapresti eða prestsekkju hefir verið veittur af stjórnarráðinu, ef sá, sem í hlut á, deyr áður en styrkurinn hefir verið borgaður.
3. júní. 25. Br. D. til Deildar hins íslenzka bókmenntafèlags í Kaupmannahöfn, um styrk til að gefa út „Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands".
8. júní. 26. Br. K. til B., um styrk handa uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi.
1868. 18. jan. 5. Br. D. til St., um styrk handa bónda, er hafði misst gripi úr bráðasótt.
20. apríl. 19. Br. D. til Deildar hins íslenzka bókmenntafèlags í Kaupmannahöfn, um styrk til að gefa út „Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands".
16. júní. 26. Br. D. til Jóns Sigurðssonar, um styrk handa jarðyrkjumanni.
22. júní. 29. Br. K. til B., um styrk handa uppgjafaprestum og prestsekkjum á Íslandi.
21. ágúst. 49. Br. K. til Cand. mag. Benidikts Gröndals, um styrk til að semja kennslubók í landaskipunarfræði.

1868. 4. sept. 53. Br. D. til St., um styrk handa borgaraliði Vestmannaeyinga til verðlauna.
1869. 11. febr. 6. Br. D. til St., um styrk handa skotmannafèlaginu í Reykjavík til byssukaupa.
10. apríl. 31. Br. D. til Deildar hins íslenzka bókmenntafèlags í Kaupmannahöfn, um styrk til að gefa út „Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands".
24. apríl. 37. Br. D. til V., um byssur handa skotmannafèlagi í Stykkishólmi.
29. maí. 51. Br. K. til B., um styrk handa uppgjafaprestum og prestsekkjum á Íslandi.

Sveitastjórn, sveitamálefni.

1864. 11. febr. 7. Br. D. til St., um framfærsluhrepp Sæunnar Ívarsdóttur.
4. marz. 15. Br. D. til N. A., um borgun fyrir fátækralyf þau, er ætluð eru norður- og austurumdæminu.
29. apríl. 38. Br. D. til St, um endurgjald styrks, sem Guðrúnu Gunnlaugsdóttur hafði verið veittur úr fátækrasjóði Kaupmannahafnar.
21. júlí. 65. Br. D. til St., um tíundargjald af „Thomsens túni" við Reykjavík.
18. ágúst. 76. Opið brèf um breyting á þeim tíma, þá er halda skal hreppaskilaþing á Íslandi á vorin.
1865. 3. júlí. 46. Br. D. til V., um kornlán af sveit.
7. ágúst. 57. Br. D. til sýslumannsins á Vestmannaeyjum, um kornkaup sökum hallæris þar á eyjunum.
30. ágúst. 65. Br. D. til St., um framfærsluhrepp Vigfúsar Öfjörðs.
21. sept. 76. Br. D. til St., um sveitarstyrk handa Magnúsi gjörtlara Eyjólfssyni.
30. sept. 81. Br. D. til amtm. á Íslandi, um samning, er konungsríkið Danmörk annarsvegar og hertogadæmin Slèsvík og Holtsetaland hinsvegar hafa gjört um framfærslu fátækra.
6. okt. 83. Br. D. til St., um framfærsluhrepp Helgu Jónsdóttur.
1866. 27. febr. 25. Br. D. til N. A. og V., um breyting á 8. grein í fátækrareglugjörðinni 8. janúarmán. 1834 um kostnað við skylduflutning ómaga.
25. maí. 51. Br. D. til St., um að Kjalarnes hreppur eigi að endurgjalda fátækrastyrk, er Þorkell Magnússon hafði fengið úr fátækrasjóði Reykjavíkur.
25. maí. 53. Br. D. til N. A., um framfærsluhrepp sveitarómaga (Guðrúnar Björnsdóttur).
26. maí. 56. Br. D. til N. A, um framfærsluhrepp sveitarómaga (Guðmundar Helgasonar).
11. júní. 57. Br. D. til N. A., um framfærsluhrepp sveitarómaga (Sveins Tómassonar).

1866. 11. júlí. 65. Br. D. til St., um framfærsluhrepp sveitarómaga (Hólmfríðar Sigurðardóttur).
27. des. 92. Br. K. til Stv., um það, hvernig verja eigi leigunum af Thorkillii sjóði.
1867. 31. maí. 21. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1865. (II. 4 og 6).
3. júní. 23. Auglýsing dómsmálastjórnarinnar um stjórn og afnot eptirleiðis á nokkrum af jörðum þeim á Íslandi, sem lagðar eru til guðsþakka og nefndar eru kristfjárjarðir.
29. júní. 31. Br. D. til N. A., um framfærsluhrepp sveitarómaga (Ingibjargar Gottskálksdóttur).
25. júlí. 36. Br. D. til N. A., um tíund til fátækra af Borgarey í Skagafirði.
24. ágúst. 40. Br. D. til St., um framfærsluhrepp sveitarómaga (hyskis Jóns Guðmundssonar).
24. ágúst. 41. Br. D. til N. A., um framfærsluhrepp sveitarómaga (Jóns Sveinssonar).
24. ágúst. 42. Br. D. til N. A., um framfærsluhrepp sveitarómaga (Benjamíns Bergþórssonar).
28. ágúst. 43. Br. D. til N. A., um framfærsluhrepp sveitarómaga (Kristjáns Skels Skúlasonar).
17. sept. 49. Br. D. til N. A., um framfærsluhrepp sveitarómaga (Jónasar Ólafssonar).
1868. 17. apríl. 18. Opið brèf handa Íslandi, um það, hvernig borga eigi kostnað þann, er rís af flutningi á þurfamönnum.
15. júní. 25. Br. D. til N. A., um aukaútsvar kaupmanns á Akureyri.
24. júlí. 38. Br. D. til St., um framfærsluhrepp sveitarómaga (Gunnars og Kristínar Einars barna).
25. ágúst. 50. Br. D. til V., um framfærsluhrepp sveitarómaga (hyskis Jóns Jónssonar).
1869. 12. jan. 1. Br. D. til St., um borgun til þriggja utansveitarmanna, er kvaddir voru til að sjá um lækningu fjárins í Grafnings hrepp árið 1867.
23. febr. 8. Br. D. til N. A., um kostnað nokkurra hreppa í Eyjafjarðarsýslu til að sækja korn vestur á Hofsós.
9. marz. 19. Br. D. til St., um borgun fyrir flutning á sveitarómaga frá Kaupmannahöfn til Íslands.
9. marz. 22. Br. D. til St., um skipting á Eyjafjallahrepp í tvo hreppa.
31. marz. 28. Br. D. til N. A., um framfærsluhrepp sveitarómaga (Jóns Tómassonar snikkara).
31. marz. 29. Br. D. til N. A., um framfærsluhrepp sveitarómaga (Ingibjargar Bjarnadóttur).
25. ágúst. 75. Br. D. til St., um ýmsar ráðstafanir til að bæta úr ástandinu á Vestmannaeyjum.

1869. 12. nóv. 86. Br. D. til N. A., um framfærsluhrepp sveitarómaga (Guðmundar og Arnbjarnar Arnbjarnarsona).

Sýslumenn sjá **Embættismenn.**

Sýslunarmenn sjá **Embættismenn.**

Tíund smbr. Skattar.

1864. 29. júní. 52. Br. D. til Stv., um álnatal í hundruðum eptir hinni nýju jarðabók.
21. júlí. 65. Br. D. til St., um tíundargjald af „Thomsens túni“ við Reykjavík.
1865. 4. jan. 3. Br. D. til N. A., um það, hvert greiða beri konungstíund af jörðinni Vöglum í Þingeyjarsýslu.
11. marz. 20. Br. D. til Stv., um konungstíund af kirkjujörðum.
21. sept. 74. Br. D. til reikningastjórnardeildar konungsríkisins, um konungstíund af hjáleigunni Sandhúsum í Ísafjarðarsýslu.
21. sept. 75. Br. D. til reikningastjórnardeildar konungsríkisins, um tíund af jörðinni Mýrum í Ísafjarðarsýslu.
1866. 11. maí. 42. Br. D. til N. A., um það hvort greiða skuli konungstíund af hálfum Ingveldarstöðum og hálfum Daðastöðum í Skagafjarðarsýslu.
1867. 25. júlí. 36. Br. D. til N. A., um tíund til fátækra af Borgarey í Skagafirði.
1869. 31. marz. 25. Br. D. til B., um skyldu prestsekkna að gjalda tíund til kirkju.

Trúarbrögð.

1864. 28. júní. 49. Br. K. til B., um guðsþjónustugjörðir katólskra í Reykjavík.
29. júní. 51. Br. D. til St., um guðsþjónustugjörðir katólskra í í Reykjavík.
1865. 30. ágúst. 69. Br. D. til St., um guðsþjónustugjörðir katólskra í Reykjavík.

Umboðsmenn sjá **Embættismenn, Þjóðjarðir.**

Uppboð, uppboðssala.

1866. 6. marz. 30. Br. D. til utanríkisstjórnarinnar, um sölu á frakkneskri fiskiskútu í Suðurmúlasýslu.
20. júlí. 67. Br. D. til utanríkisstjórnarinnar, um sölu á frakknesku fiskiskipi.

Útlendir menn smbr. Fiskiveiðar, Trúarbrögð.

1864. 21. nóv. 87. Br. D. til N. A., um fyrirrætlun hvalaveiðamanna frá Vesturheimi að setjast að á Íslandi.
1868. 19. marz. 9. Br. D. til amtm. á Íslandi, um hvalaveiðar útlendra þjóða of nærri landi.

Vegabrèf.

1865. 12. okt. 91. Br. D. til St., um breyting á lögum þeim, sem nú gilda á Íslandi um vegabrèf.

Vegir, vegabætur.

1866. 21. febr. 19. Br. D. til St., um umsjón stiptamtmannsins með vegabótum í Reykjavík.
29. júní. 62. Br. D. til St., um að afsala Reykjavíkur kaupstað spildu af Arnarhóls landi til að breiðka veginn upp úr bænum.
1867. 9. nóv. 58. Br. D. til St., um það, eptir hverri verðlagsskrá eigi að reikna vegabótagjaldið.
12. nóv. 60. Br. D. til St., um skilning á tilskipuninni um vegina á Íslandi 15. marzmán. 1861.
1868. 12. júní. 24. Br. D. til St., um lán handa Reykjavíkur kaupstað til vegagjörðar.
19. okt. 57. Br. D. til St., um lán handa Reykjavík til vegagjörðar.
1869. 29. jan. 4. Br. D. til St., um lán til vegabóta í suðuramtinu.
25. júní. 60. Br. D. til amtm. á Íslandi, um auglýsingu reikninganna um þjóðvegagjaldið.
7. júlí. 61. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1867. (II. 11).

Veiði smbr. Fiskiveiðar.

1864. 21. nóv. 87. Br. D. til N. A.. um fyrirrætlun hvalaveiðamanna frá Vesturheimi að setjast að á Íslandi.
1865. 22. febr. 14. Br. D. til N. A., um hvað til þess þurfi, að útlend skip fái einkunn innlendra skipa.
11. okt. 87. Br. D. til N. A., um skipti á laxveiðinni í Ytrilaxá og reka á Húnasandi.
1867. 3. júlí. 32. Br. D. til N. A., um lestagjald og aðkaupsgjald af hvalaveiðaskipum, er aflinn er fluttur á þeim til útlanda.
1868. 19. marz. 9. Br. D. til amtm. á Íslandi, um hvalaveiðar útlendra þjóða of nærri landi.
27. marz. 14. Br. D. til St., um brúkun eitraðra skeyta við hvalaveiðar (með 4 fylgiskjölum).

1868. 21. okt. 59. Br. D. til St., um bann gegn því að veiða lunda í net á Vestmannaeyjum.
1869. 12. maí. 40. Br. D. til St., um bann gegn því að veiða lunda í net á Vestmannaeyjum.
7. júlí. 61. Konungleg auglýsing til alþingis um arangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1867. (II. 9).

Verðlagsskrár.

1869. 5. maí. 39. Br. D. til V., um borgun fyrir að semja verðlagsskrár fyrir vesturamtið.

Verðlaun.

1865. 12. jan. 7. Br. D. til St., um verðlaun fyrir að bjarga mönnum af skipbroti.
10. júní. 35. Br. D. til N. A., um verðlaun fyrir jarðabætur.
14. sept. 73. Br. D. til N. A., um verðlaun fyrir jarðabætur.
1866. 20. ágúst. 72. Br. D. til St., um verðlaun fyrir að bjarga mönnum úr lífsháska.
29. sept. 80. Br. D. til N. A., um verðlaun handa Jóni bónda Þorsteinssyni á Fossi fyrir jarðrækt.
3. okt. 83. Br. D. til St., um heiðurspening handa Jóni hreppstjóra Erlendssyni á Auðnum.
6. nóv. 87. Br. D. til V., um verðlaun fyrir að bjarga mönnum úr lífsháska.
30. nóv. 90. Br. D. til St., um heiðurspening handa frakkneskum skipstjóra fyrir að hafa bjargað íslenzkum sjómönnum úr lífsháska.
1867. 14. nóv. 61. Br. D. til St., um að tveim bændum hafi verið veittur heiðurspeningur.
14. nóv. 62. Br. D. til V., um að Eiríki Björnssyni á Þursstöðum hafi verið veittur heiðurspeningur.

Verzlun.

1864. 12. marz. 19. Br. D. til V., um kaupstaðarlóð á Borðeyri og leigu eptir hana.
21. marz. 23. Br. D. til St., um breyting á verzlunarvoginni.
16. júní. 46. Opið brèf, um löggilding verzlunarstaðar við Lambhússund á Skipaskaga í Borgarfjarðarsýslu í suðurumdæminu á Íslandi.
27. ágúst. 77. Br. D. til V., um verzlunarskýrslur.
21. nóv. 87. Br. D. til N. A., um fyrirrætlun hvalaveiðamanna frá Vesturheimi að setjast að á Íslandi.

1865. 29. apríl. 29. Auglýsing dómsmálastjórnarinnar um, að skip þau, er eiga heima í konungsríkinu Ítalíu, sè undanþegin aukagjaldi, er þau fara kaupferðir til Íslands og Færeyja.
9. júní. 34. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1863 (I. 7 og II. 11).
24. júní. 44. Br D. til utanríkisstjórnarinnar, um skilning 8. greinar í verzlunarlögunum 15. aprílmán. 1854.
11. okt. 86. Br. D. til N. A., um skipamælingar m. m.
11. nóv. 95. Br. K. til Stv., um hvort íslenzkir kaupmenn, sem ekki eiga heimili á Íslandi, eigi að gjalda offur til prests.
1. des. 96. Tilskipun um verzlunarvog á Íslandi.
18. des. 99 Br. D. til sýslumannsins í Norðurmúlasýslu, um eptirgjöf á lestagjaldi.
1866. 17. jan. 7. Br. D. til V., um leyfi handa Emil Möller lyfsala til að verzla með venjulegar kaupmanna vörur.
18. maí. 47. Br. D. til utanríkisstjórnarinnar, um að krefjast lestagjalds og sekta af skipi, er formaður þess hafði brotið á móti verzlunarlögunum.
1867. 22. marz. 14. Opið brèf, um löggilding verzlunarstaðar á Borgarnesi við Brákarpoll í Mýrasýslu í vesturumdæminu á Íslandi.
31. maí. 21. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1865 (I).
3. júlí. 32 Br. D. til N. A., um lestagjald og aðkaupsgjald af hvalaveiðaskipum, er aflinn er fluttur á þeim til útlanda.
30. sept. 50. Br. D. til utanríkisstjórnarinnar, um íslenzk leiðarbrèf.
1868. 17. apríl. 17. Lög, um að útlendum skipum verði gefinn kostur á að flytja vörur hafna á milli á Íslandi og milli Íslands og Danmerkur.
25. júní. 34. Br. D. til amtm. á Íslandi, um að skipum frá Belgíu og Norður-Þýzkalandi sè leyft að flytja vörur hafna á milli á Íslandi.
1. júlí. 36. Br. D. til sjóliðsstjórnarinnar, um lestagjald af kolafarmi handa dönskum herskipum.
1869. 11. febr. 5. Br. D. til V., um leyfi til að verzla við frakkneska fiskimenn.
31. marz. 27. Br. D. til V., um brot gegn íslenzkum lögum um verzlun og fiskiveiðar.
7. júlí. 61. Konungleg auglysing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1867 (II. 10).
7. ágúst. 72. Br. D. til St., um lestagjald af farmi í frakkneskum herskipum.
7. okt. 84. Br. D. til N. A., um verzlun lausakaupmanna.

Yfirsetukonur sjá Læknaskipun.

Þing, Þingahöld.

1864. 20. júlí. 64. Br. D. til V., um flutning þingstaðar frá Skálanesi að Neðra-Gufudal.
18. ágúst. 75. Opið brèf, um að Bæjar hreppur í Austur-Skaptafellssýslu í suðurumdæminu á Íslandi skuli vera þinghá útaf fyrir sig með þingstað að jörðinni Bæ.
18. ágúst. 76. Opið brèf um breyting á þeim tíma, þá er halda skal hreppaskilaþing á Íslandi á vorin.
1865. 9. júní. 34. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1863 (II. 4 og 7).

Þjóðjarðir, Þjóðeignir, smbr. Jarðarafgjöld.

1864. 12. marz. 19. Br. D. til V., um kaupstaðarlóð á Borðeyri og leigu eptir hana.
22. sept. 78. Br. D. til V., um reka á Brekku í Strandasýslu.
30. sept. 80. Br. D. til St. og V., um reikninga umboðsmanna og sýslumanna.
9. des. 91. Br. D. til St., um það, hvernig reikna skuli til peninga landskuldargjald í fríðu af þjóðjörðum í Gullbringu- og Kjósarsýslu.
1865. 12. jan. 8. Br. D. til N. A., um rekapart á Grjótnesi.
14. marz. 21. Br. D. til V., um borgun fyrir úttekt af umboðsjörðum.
8. maí. 30. Br. D. til V., um jörðina Kirkjuból í Grunnavíkur hrepp.
10. júní. 35. Br. D. til N. A., um verðlaun fyrir jarðabætur.
16. júní. 41. Br. D. til N. A., um jarðaskipti.
8. júlí. 48. Br. D. til V., um skoðunargjörð á Ingjaldshóls kirkju.
18. júlí. 53. Br. D. til St., um jarðrækt á Vestmannaeyjum.
30. ágúst. 61. Br. D. til N. A., um byggingu Möðruvalla klausturs kirkju.
30. ágúst. 64. Br. D. til St., um fè til að kaupa fyrir flagg handa stiptamtmannshúsinu.
30. ágúst. 68. Br. D. til St., um viðgjörð á Reykjavíkur dómkirkju.
23. sept. 78. Br. K. til Stv., um jarðaskipti á Eystriskógum og Efriey.
11. okt. 87. Br. D. til N. A., um skipti á laxveiði í Ytrilaxá og reka á Húnasandi.
12. okt. 92. Br. D. til N. A., um skipti á Víðidalsfjalli og Fremstagili í Engihlíðarhrepp.

1866. 10. jan. 4. Br. D. til V., um jarðaskipti.
11. maí. 41. Br. D. til V., um að leggja megi hjáleiguna Skaflakot í eyði.
25. maí. 54. Br. D. til N. A., um hvort greiða eigi jarðamatskostnað af brennisteinsnámunum í Þingeyjarsýslu.
29. júní. 62. Br. D. til St., um að afsala Reykjavíkur kaupstað spildu af Arnarhóls landi til að breiðka veginn upp úr bænum.
29. júní. 63. Br. D. til V., um linun í afgjaldi af konungsjörðum á Vesturlandi.
20. ágúst. 73. Br. D. til V., um að leggja hjáleiguna Býlubúð í eyði.
26. sept. 78. Br. D. til N. A., um endurgjald fyrir flutning á viði að Möðruvalla klausturs kirkju.
29. sept. 81. Br. D. til N. A., um þóknun handa Eggerti umboðsmanni Gunnarssyni.
2. okt. 82. Br. D. til St., um altaristöflur handa nokkrum kirkjum, sem eru konungseign.
8. nóv. 88. Br. D. til V., um borgun til umboðsmannsins yfir Arnarstapa umboði fyrir að vera við skoðunargjörð á Ingjaldshóls kirkju.
1867. 24. apríl. 19. Br. D. til N. A., um silfurbergsnám í Helgastaðafjalli.
25. júlí. 39. Br. D. til V., um að leggja megi í eyði fjórar þurrabúðir á Ingjaldshóli.
31. okt. 56. Br. D. til St., um veð fyrir andvirði nokkurra seldra þjóðjarða.
1868. 20. júní. 28. Br. D. til N. A., um skipti á Víðidalsfjalli fyrir Fremstagil.
21. okt. 59. Br. D. til St., um bann gegn því að veiða lunda í net á Vestmannaeyjum.
1869. 9. marz. 24. Br. D. til St., um afgjöld af umboðsjörðum Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklausturs.
15. apríl. 36. Br. D. til N. A., um samsteyping á Stórutjörnum og Litlutjörnum í Þingeyjarsýslu.
12. maí. 40. Br. D. til St., um bann gegn því að veiða lunda í net á Vestmannaeyjum.
12. maí. 41. Br. D. til St., um nýja skoðunargjörð og nýtt mat á klaustrajörðum og Flögujörðum í Vestur-Skaptafellssýslu.
13. maí. 44. Br. D. til St., um afgjöld af konungsjörðum og þurrabúðum á Vestmannaeyjum.
8. júlí. 65. Br. D. til N. A., um rekaítak Skefilstaða fyrir Gaukstaða landi.
25. ágúst. 75. Br. D. til St., um ýmsar ráðstafanir til að bæta úr ástandinu á Vestmannaeyjum.

Æðarvarp.

1864. 29. júní. 50. Br. K. til Stv., um rán útlendra fiskimanna í Vigur.
10. ágúst. 72. Br. D. til utanríkistjórnarinnar, um fiskiveiðar útlendra manna við Ísland.
1865. 30. ágúst. 62. Br. D. til N. A., um borgun fyrir skemmdir á eggveri.
1867. 25. júlí. 35. Br. D. til St., um fiskiveiðar útlendra þjóða kringum Ísland (4. og 5. fylgiskjal).
1869. 7. ágúst. 70. Br. D. til St., um umkvörtun sira Hákonar Espólíns yfir skemmdum á eggvarpinu á Kolfreyjustað.
7. ágúst. 71. Br. D til N. A., um umkvartanir yfir skemmdum á eggvarpi í Borgarfirði í Norðurmúlasýslu (með 3 fylgiskjölum).

ORÐA REGISTUR OG NAFNA.

Áburður, 442.
Aðkaupsgjald af skipum, 145. 161. 208. 326. 444. 631.
Aðstoðarfé, 480.
Aðstoðarlæknar, 76. 271. 314.
Afplánun fèsekta, 434. 731.
Akurey, 487.
Álfhóla fjara, 568.
Allenou í Paimpool, 611.
Álptanes hreppur, 61.
Altaristöflur, 376.
Alþingistollur, 304. 384.
Amerikönsk skip, 803.
Anabasis Xenofons, 336.
Andey, 454. 805.
Andríðsey, 304.
Árbakki, 189.
Árgjald af brauðum, 635.
Arnarhóll, 360.
Arnbjörn Arnbjarnarson, sveitarómagi, 827.
Arnheiðarstaðir, 439.
Ásgeir Einarsson, 229. 236. 532.
Auglýsing lagafrumvarpa, 175.
Aukagjald af skipum, 166.
Aukaútsvar, 16. 201. 417. 530. 816.
Ávarp konungs, 110. 205.
Ávarp til konungs, 66. 94.
Ávísanir, 31. 269. 337.

Bakkagerði í Jökulsárhlíð, 433.
Balslevs lærdómsbók, 210.
Bandormar, 155.
Barnaveiki, 440.
Baudoin, klerkur, 207.
Belgisk skip, 537.
Bendingamál, 463.
Benidikt Gröndal, 555.
Benjamín Bergþórsson, sveitarómagi, 460.
Bergur Jónsson, prófastur, 119.
Berufjörður, 538, 567.
Betrunarhúsfangar, sjá Yfirlit: Sakamál.
Birkiskógar, 431.
Bjargarrètt, 434.
Bjarnarhöfn, 7.
Bjarni Oddsson, hafnsögumaður, 369.
Bjarni Thorlacius, 429.
Björn Gunnlaugsson, yfirkennari, 403.
Björn Skaptason, 561.
Bókaskrá, 598
Bókhlöðuhús, 177. 308. 483.
Bólusótt, 438.
Borðbúnaður til alþingisveizlna, 488.
Borðeyri, 17, 270.
Borðfè stiptamtmanns, 332.
Borgaralið, 383. 559.
Borgararèttur, 112. 228. 527. 611. 631.
Borgarey, 454.
Borgarfjörður, 806.
Borgargerði, 434.
Borgarnes, 419. 430.
Bráðasótt, 491.
Brákarpollur, 419. 430.
Brauðamat, 246. 262. 595.
Brautarholt, 304.
Breiðamýri, 7.
Breiðifjörður, 148. 164. 585. 792.
Brekka, 87.
Brennisteinsnámar, 352.
Brennivínsgjald, 142. 427.
Brezk skip, 567.
Brimnes, 535.
Brunabót, 171. 431.
Búlandsnes, 434.
Búnaðarskólar, 6. 172. 427.
Burðareyrir undir brèf, 256. 563.
Bústaður skólameistarans, 211.
Bústaður sýslumanns, 63. 497.
Bústaður yfirdómenda, 790.
Byggingarnefnd, 29. 173. 297. 316.
Býlubúð, 369.
Byssur, 588. 620.
Bæjarfulltrúakosning, 404.
Bæjargjöld, 16, 799.
Bæjar hreppur, 86. 173.
Bænargjörð, 813.

Daðastaðir, 339.
Dómsgjörningar, 10. 123.
Dómsmálasjóður, 10. 120. 300.

Efriey, 215.
Eggert Gunnarsson, umboðsmaður, 376.
Eiðsform embættismanna, 9.

Einar Bjarnason, kaupmaður, 447.
Einar Þórðarson, prentari, 114.
Einkennismerki hreppstjóra, 536.
Eirikur Björnsson á Þursstöðum, 487.
Eitur til iðnaðar, 408, 432.
Eiturskeyti, 499.
Elliðaár, 479.
Elín Thorstensen, ekkjufrú, 27. 34. 178.
Embætta veitingar, 571—82. 832—33.
Emil Möller, lyfsali, 272.
Engjarækt, 616. 825.
Ensk tunga, 437.
Eptirgjald af sýslu, 603.
Erfðafesta, 553. 617.
Esja, 4.
Eskifjörður, 69.
Eyða braud, 535.
Eyjafjalla hreppur, 605.
Eyjar, 270.
Eyjasel í Jökulsárhlíð, 433.
Eyrarsveit, 536.
Eystri-Skógar, 215.

Fangamark konungs, 10.
Fangelsi, 785.
Fátækralyf, 12.
Faxaflói, 81. 148. 164. 585. 792.
Fischer kaupmaður, 468.
Fiskisýning, 202. 206. 240. 468.
Fiskslor, 442.
Fjárhagsnefnd, 127.
Fjárverðir, 39. 41. 169. 424. 445.
Flagg handa stiptamtmanni, 205.
Fleur de Marie, skip, 161 209.
Flóvent Halldórsson, 536.
Flutningur sakamanna, 60. 355.
Forgangskröfur, 830.
Foringjar danskra herskipa, 589.
Fornfræði Norðurlanda, 788.
Fossvellir í Jökulsárhlíð, 434.
Frakknesk tunga, 437.
Franzós, 531.
Fremstagil, 236. 532.
Friðarsamningur í Vínarborg, 94.
Friðriksgáfa, 203.
Friðun á laxi, 789.
Fyrirheit um braud, 153. 173.
Fæðingarhús a Vestmannaeyjum, 629.
Fæðingarstofnun, 422.
Fæðispeningar, 366. 586.

Garðapláts, 270.
Garðskagi, 81. 148. 164.
Gaukstaðir, 800.
Ginklofi, 629.
Gipsy Qveen, skip, 449.
Giptingar fátækra, 430.
Gísli Brynjúlfsson, 335.
Gísli Gíslason í Leirvogstungu, 192.
Gísli Hjálmarsson, kansellíráð, 21.
Gísli Jónsson á Saurum, 115. 180.
Gísli Magnússon, aðjunkt, 492.
Gjafsókn, 199. 590.
Goðafræði, 335.
Grafnings hreppur, 583.
Grenjaðarstaður, 199. 416.
Grímsey, 307 450.
Grímstunga, 489.
Grjótnes, 124
Gröfin í Reykjavík, 301.
Gróttutangi, 148.
Grunnavíkur hreppur, 534.
Guðlögur Þórðarson, betrunarhússfangi, 60. 119.
Guðmundur Arnbjarnarson, sveitarómagi, 827.
Guðmundur Einarsson í Miðdal, 491.
Guðmundur Helgason, sveitarómagi, 354.
Guðríður Jónsdóttir, prestsekkja, 609.
Guðrún Björnsdóttir, sveitarómagi, 350.
Guðrún Jónasdóttir, prestsekkja, 528.
Guðrún Gunnlaugsdóttir, sveitarómagi, 37.
Gufudals hreppur, 72.
Gufuskipafélag, 415. 520.
Gullbringusýsla, 37. 116. 497.
Gunnar Einarsson, sveitarómagi, 540.
Gunnar Kristjánsson, fangi, 355.
Gunnar Ólafsson, prestur, 528.
Gunnsteinsstaðir, 189.

Hafliði Eyjólfsson, 240.
Hafnarfjörður, 487.
Hákon Bjarnason, verzlunarstjóri, 588.
Hákon Espólín, prestur, 453. 805.
Hallbjarnareyrar spítali, 55.
Halldór Friðriksson, skólakennari, 146. 336.
Hallgrímur Jónsson, prófastur, 452.
Hallormstaðar skógur, 144.
Handbók presta, 403.
Hannes Bjarnason, 222.
Hegningarhús á Islandi, 785.
Heilbrigðisnefndir, 441.
Heilbrigðisskýrteini skipa, 190.
Helga Jónsdóttir, sveitarómagi, 222.
Helgastaðafjall, 424.
Helgi Thordersen, biskup, 302.
Helgidagavinna, 427.
Helgusker, 487.
Henderson, P. L., stórkaupmaður, 1. 49. 174.
Heyskortur, 511. 804.

Hinrik Hinriksson, prestur, 327. 365. 632.
Hjalli, 434.
Hjálmar Guðmundsson, prestur, 144.
Hjartarhornsolía, 407.
Hjörleifur Guttormsson, prestur, 456.
Hlaðhamar, 27.
Hliðarhólmi, 535.
Hlunnindi brauða, 595.
Hólabær, 189.
Hólakirkja í Hjaltadal, 431.
Hólaprentsmiðja hin forna, 554.
Hólmfríður Sigurðardóttir, 362.
Holtsetaland, 219.
Hordauði, 511. 804.
Hreppaskilaþing, 66. 174.
Hreppsnefndir, 511.
Húnasandur, 229.
Húsagi, 185.
Húsavík, 63. 450.
Húsmenn, 224.
Húss- og bústjórnarfélag, 563. 616. 825.
Hvalaveiðar, 112. 115. 227. 444. 494. 499
Hvanná, 638.
Hvanneyri í Siglufirði, 307.
Hvassahraun, 479.
Höfðakirkja, 528.
Höfði, 114.
Hörgslands spítali, 55. 216.

Immaculée Conception, skip, 806.
Ingibjörg Bjarnadóttir, sveitarómagi, 614.
Ingibjörg Gottskálksdóttir, sveitarómagi, 443.
Ingjaldshóll, 457.
Ingjaldshóls kirkja, 193. 381.
Ingvar Runólfsson, 124.
Ingveldarstaðir, 339.
Innheimta á kröfum, 840.
Irminger, kammerherra, 164.
Íslendingur, blað, 405. 492.
Ítölsk skip, 166.

Jacobsen, kaupmaður, 1.
Jacob Sigurðsson, þurfamaður, 540.
Jarðabók, 19. 60. 70.
Jarðabætur, sjá Yfirlit: Landbúnaður.
Jarðamatskostnaður, 12. 177. 352.
Jarðaskipti, 189. 215.
Jón Árnason, stúdent, 2. 9. 121. 143. 191.
Jón Bjarnason, 64.
Jón Erlendsson á Auðnum, 377.
Jón Guðmundsson, málaflutningsmaður, 348. 447.
Jón Guðmundsson, sveitarómagi, 457.
Jón Hjaltalín, jústizráð, 125. 146. 440.
Jón Jónsson á Gilsá, 212.
Jón Pétursson, assessor, 10. 15. 117. 123.
Jón Skúlason í Grímstungu, 490.
Jón Sveinsson, sveitarómagi, 458.
Jón Tómasson, sveitarómagi, 642.
Jón Þorkelsson, kennari, 32. 178. 492.
Jón Þorláksson, sveitarómagi, 601.
Jón Þorsteinsson á Fossi, 375.
Jónas Jónasson, læknir, 543.
Jónas Ólafsson, sveitarómagi, 469.
Jónatan Sigurðsson, fangi, 456.

Kaldaðarnes spítali, 55, 216.
Kaldrani, 189.
Kálfárvellir, 339.
Kalk, 4. 407.
Káradalstunga, 490.
Katólskir menn, 56. 58. 207.
Keldunúpur á Síðu, 434.
Kellsalls gjöf, 117. 308. 483.
Ketilstaðir í Jökulsárhlíð, 433.
Kirkjuból í Grunnavíkur hrepp, 10.
Kirkjubæn, 11.
Kirkjutíund, sjá Yfirlit: Tíund.
Kjalarnesþing hið forna, 386.
Klentz, timbursmiður, 308. 485.
Knappstaðir, 307.
Knudsen, umboðsmaður, 189.
Kólera, 236. 313.
Kollektusjóðurinn, 128.
Kollektusjóður Jóns Eiríkssonar, 144. 306.
Kongsjarðir seldar, 128.
Konungstíund, sjá Yfirlit: Tíund.
Kórekstaðir, 434.
Kórekstaðagerði, 434.
Kornkaup, 200.
Kornlán af sveit, 192.
Kornsá, 7.
Kot, 490.
Krabbe, læknir, 82.
Kristfjárjarðir, 433. 439.
Kristín Einarsdóttir, sveitarómagi, 541.
Kristján Kröyer, 638.
Kristján Sigurðsson í Hvítárvallakoti, 486.
Kristján Skel Skúlason, sveitarómagi, 461.
Kúrare, eitur, 502.
Kurfur, 189.
Kvikasilfursáburður, 615.
Kvongunarleyfi, 368.

Lágafell í Mosfellssveit, 6.
Lambhússund, 50. 176. 420.
Landaskipunarfræði, 555.
Landbústjórnarfélag, 616. 825.
Landskuld, sjá Yfirlit: Jarðarafgjöld.

Landstjórn íslenzk, 335.
Laugarnes, 479.
Launaviðbót, 302. 495.
Launaviðbót eptir kornverði, 10. 161. 331. 367.
Lausafjárveð, 42. 541. 830.
Lausakaupmenn, 826.
Lausamenn, 224. 362. 560.
Laxamýri, 199.
Laxveiði, 199. 229. 479. 789.
Leared, læknir, 125.
Leiðarbréf skipa, 471. 527.
Leiðarmerki, 487.
Leiruvogar, 445.
Lestagjald, 141. 227. 255. 343. 538. 567. 611. 812.
Lestarmál skipa, 345, 524, 567. 803.
Lestrarbók latínsk, 491.
Lestrarfélag, 194. 372.
Levys yfirsetukvennafræði, 469.
Lífsfé, 35. 417. 820.
Lilliendahl, hvalaveiðamaður, 112. 145. 255. 444.
Litla Hvalsá, 270.
Litlutjarnir, 619.
Loptstaðafjara, 568.
Lundaveiði, 563. 622.
Lyfjavog, 801. 831.
Lýsi, 125. 269 468.
Lækningakver Bangs, 242.
Læknisdómar til iðnaðar, 410. 432.
Lögregluþjónar, 23. 342.

Magnús Eyjólfsson, sveitarómagi, 214.
Magnús Runólfsson, 124
Málmyndalýsing latínsk, 350. 378.
Málskostnaður, 115.
Mánáreyjar, 450.
Manntalsþingagjöld, 37.
Margrét Magnúsdóttir, prestsekkja, 632.
Matarskortur, sjá Yfirlit: Hallæri.
Mathoré (Louis Joseph), skipstjóri, 384.
Meðalasala lækna, 429.
Meðallandsþing, 215.
Meðdómsmenn, 73.
Melsteð, amtmaður, 92. 187. 271.
Miðgarðar í Grímsey, 475.
Miðhús, 479.
Mosfellsheiði, 445.
Mótunargjald, 31. 337.
Múkaþverá, 7.
Múkaþverárklaustur, 376.
Múli í Aðalreykjadal, 199.
Myndugleiki, 182.
Mýrar í Ísafjarðarsýslu, 213.
Mæling skipa, sjá Yfirlit: Skip.
Mælingaáhöld, 403.
Möðrufells spítali, 40. 55. 216.
Möðruvallaklausturs kirkja, 202. 373.
Möðruvellir í Hörgárdal, 7.

Nafnbætur, 571—82. 832—33.
Neðri-Gufudalur, 72.
Nes í Aðalreykjadal, 199.
Niels Jörgensen, vatnsveitingamaður, 616. 825.
Nielsen, dýralæknir, 465.
Njarðvík, 806.
Norðurmúlasýsla, 63.
Nýbýli, 64.

Oddeyri, 340.
Oddur Gíslason, 269. 468.
Ofdrykkja, 3.
Offur til prests, 70. 241.
Ólafur Björnsson, jarðyrkjumaður, 531.
Ólafur Jónsson á Sveinsstöðum, 179.
Ólafur Pálsson, prófastur, 177. 210. 497. 621.
Ólafur Sigvaldason, læknir, 828.
Ólafur Þorleifsson, prestur, 528.
Orðabók latínsk, 350. 378. 438.
Organleikari, 599.
Ormasýki, 823.
Oskar Karlsson, sjómaður, 374.

Páll Blöndal, læknir, 593.
Páll Pálsson, prestur, 405. 463. 822.
Pétur Eggerz, 17. 270.
Pétur Guðmundsson, prestur, 476.
Pétur Hansen, lyfsölumaður, 38. 67. 167.
Pottaska, 407.
Praktiserandi læknar, 315. 428. 432. 543. 593. 788. 828.
Presthóla brauð, 415.
Prestsmata, 174
Prófdómendur, 117. 377.

Rauðimelur ytri, 7.
Rentuborganir, 320. 331.
Reykhólar, 7.
Ríkisstjórn, 11. 418. 419. 422. 545. 552. 557.
Roys, hvalaveiðamaður, 112. 145. 227. 255. 444.
Runólfur Sverrisson á Maríubakka, 486.

Saga Íslands, 788.
Sálmabókin nýja, 497. 621.
Samskot, 205.
Sandhús í Dýrafirði, 213.
Sáttafundir, 630.

Sáttatilraun í hjúamálum, 171.
Sauðaneskirkja, 535.
Seyðisfjörður, 63. 114. 445.
Sigurðarstaðir, 415.
Sigurður Guðmundsson, málari, 2. 9. 121. 143. 191.
Sigurður Sigurðsson, 381.
Síldarveiðar, 498 527. 558.
Silfurbergsnámur, 424.
Sivertsen, umboðsmaður, 431.
Sjúkrahús, 323.
Skaflakot, 338.
Skálanes, 72.
Skaptafellssýsla, 86.
Skefilstaðir, 800.
Skepnuflutningar. 232. 364. 423.
Skikkunarvald stiptsyfirvaldanna, 150. 173.
Skinnastaðir, 489.
Skipaskagi, 81. 148. 164.
Skipaskjöl, 326.
Skoðunargjörð á kirkju, 193. 381.
Skólanefnd, 348. 437.
Skoradalsvatn, 39. 41. 169. 446.
Skorastaðarkirkja, 632.
Skráseting skipa, sjá Yfirlit: Skip.
Skylduflutningur ómaga, 318. 516.
Slésvík, 219.
Snjómokstur í Reykjavík, 122.
Snorri Jónsson, dýralæknir, 154. 199. 478. 824.
Snæfellsnessýsla, 71. 225. 553. 603.
Solveig Markússen, 194. 629.
Sómastaðir, 440.
Sparisjóðir, 819.
Spítalahlutir, sjá Yfirlit: Læknaskipun.
Steenstrup, háskólakennari, 155.
Stefán Thórarensen, prestur, 497. 621.
Steingrímur Thorsteinson, 335.
Stimplun ávisana, 31. 337.
Stiptsbókasafnið, 544.
Stjórnartíðindi, 36. 158. 332. 435. 519. 615.
Stólsgóz seld, 128.
Stóribakki, 638.
Stórutjarnir, 619.
Straumfjörður, 420.
Strykn n, eitur, 502.
Stykkishólmur, 38. 620.
Styrktarsjóður Eyjafjarðarsýslu, 341.
Sullaveiki, 82. 155.
Sumarliði Sumarliðason, gullsmiður, 202.
Svaramenn hjóna, 430.
Sveinn Nielsson, prófastur, 621.
Sveinn Skúlason. 201.
Sveinn Tómasson, sveitarómagi, 355.
Sveinbjörn Guðmundsson, prestur, 539.
Sveitastjórn, 430.
Sverrir Runólfsson, steinhöggvari, 4.
Sýslugjöld, 88. 198. 269. 607.
Sýsluskipting í vesturamtinu, 801.
Sæunn Ívarsdóttir, sveitarómagi, 7.
Sölulaun, 324.

Taugaveiki, 440.
Tegner, læknir, 618.
Theódor Jónsson á Syðri-Hraunlæk, 381.
Thomsen, kaupmaður, 72.
Thomsen, konferenzráð, 121.
Thorkillii sjóður, 386.
Tollur af óþarfavörum, 136—41.
Tómthús, 14. 304. 384. 457. 626.
Torfi Bjarnason, jarðyrkjumaður, 336.
Torfi Illugason, 335.
Toyon, herskipaforingi, 81. 148.
Tryggvi Gunnarsson, 30.

Umboðsgjöld, 17. 88. 116. 597.
Umboðsjarðir, sjá Yfirlit: Þjóðjarðir.
Umsjónarmaður við skólann, 380.
Undirfells brauð, 541.
Undirhraun, 66. 195.
Uppgjafaprestar, sjá Yfirlit: Prestar.
Uppreist á æru, 801.
Uppsátur skipa, 301.
Úrskurðarvald amtmanna, 600.
Útgjalda-áætlun, 799.
Úttekt á umboðsjörðum, 157.

Vaglir, 120.
Valzisk baðmeðöl, 318.
Valþjófstaðar brauð, 440.
Varðkostnaður, sjá Fjárverðir.
Vatnsveitingar, 616. 825.
Veiðilög, 174.
Veitingarbréf, 5. 9.
Veitingargjald af brauðum, 477.
Verðlagsskrá lyfsölumanna, 408.
Verzlunareinokun, 132.
Verzlunarleyfi, 272, 588.
Verzlunarskýrslur, 87.
Verzlunarviðskiptabækur, 789.
Verzlunarvog, 23. 172. 241.
Vestmannaeyjar, 77. 159. 194. 197. 200. 283. 539. 559. 563. 622. 625. 626. 629. 815.
Víðidalsfjall, 73. 236 532.
Víðihóls sókn, 489.
Vigfús Öfjörð, þurfamaður, 205.
Vigur, 57, 80.
Vilborgarkot, 64.
Vilhjálmur Hakonarson, 478.
Vinnuhjú, sjá Yfirlit: Hússtjórn.

Víxlbréf, 31. 337.
Vogrek, 52. 568.
Vopnaburður, sjá Yfirlit: Heræfingar.
Vopnafjörður, 452.
Vöruflutningar, 434. 514. 537.
Vöruskrár, 190.

Þiljuskip, sjá Yfirlit: Skip.
Þingeyjar prófastsdæmi, 633.
Þingeyraklausturs jarðir, 236.
Þinghúsbygging, 606.
Þingstaðir, 72. 86. 173. 605.
Þingvallavatn, 445.
Þjóðernisrèttur skipa, 145. 161. 208. 227. 527. 611. 631.
Þjóðfundur, 426.
Þjóðvegagjald, 783. 789.
Þjóðversk skip, 537.
Þjóðversk tunga, 437.
Þorkell Magnússon, þurfamaður, 349.
Þorskalifur, 125. 269.
Þorsteinn Einarsson, prestur, 488.
Þorsteinn Jónsson, læknir, 629.
Þorvaldur Jónsson, læknir, 270.
Þurfamenn, sjá Yfirlit: Sveitastjórn.
Þurrabúðir, sjá Tómthús.
Þönglabakki, 307.

Ytrilaxá, 229.

Ölmusur lærða skólans, 30.
— læknaskólans, 543. 788.

Prentvillur.

bls. 551. 12. ágúst l. 10. ágúst.
- 552. 21. ágúst l. 12. ágúst.
- 563. l. 4. amtmannsins l. stiptamtmannsins.
- 12. fèlaginn l. fèlaginu.

1865.